

P.
Scan Int.

52/09

1



SKÍRNIR

TÍMARIT HINS ÍSLENSKA BÓKMENTAFÉLAGS

LXXXIV ÁR.

RITSTJÓRI

BJÖRN BJARNASON

DR. PHIL.



109379
24/4/11

REYKJAVÍK

ÍSAFOLDARPRENTSMÍÐJA

1910



IRÁNYTÁRSÁG

PT
7351
S5
ár 84

1984

1984

1984

Efnisyfirlit.

	Bls.
Um silfurverð og vadmálsverð, sérstaklega á landnámsöld Íslands eftir <i>Björn M. Ólsen</i>	1
Siðspeki Epiktets eftir <i>Ágúst Bjarnason</i>	19
Gláma eftir <i>Stefán Stefánsson</i>	34
Góður fengur, saga eftir <i>Jóhann Sigurjónsson</i>	40
Ágrip af sögu holdsveikinnar á Íslandi eftir <i>Sæmund Bjarn- hjedínsson</i>	48
Lofftarir eftir <i>Andrés Björnsson</i>	66
Hugsjónir Edisons eftir <i>David Östlund</i>	77
Ritfregnir eftir <i>Björn M. Ólsen</i>	86
Frá útlöndum eftir <i>Þorstein Gíslason</i>	90
Björnstjerne Björnson (kvæði) eftir <i>Matth. Jochumsson</i>	97
Björnstjerne Björnson (æfiminning) eftir <i>Jón Jónsson sagnfr.</i>	102
Um Glámu eftir <i>Þorvald Thoroddsen</i>	138
Ágrip af sögu holdsveikinnar á Íslandi eftir <i>Sæmund Bjarn- hjedínsson</i>	141
Dauðinn, saga eftir <i>Jónas Guðlaugsson</i>	152
Úr ferðasögu, eftir <i>Helga Pjeturss.</i>	166
Til minningar Jóni Sigurðssyni eftir <i>Sigurð Guðmundsson</i>	176
Ritfregnir eftir <i>Björn M. Ólsen</i> og <i>Björn Bjarnason</i>	182
Frá útlöndum eftir <i>Þorstein Gíslason</i>	186
Sendibréf til Árdísar Andvaradóttur, kvæði eftir <i>Guðm. Friðjónss.</i>	193
Þegar eg var á fregátunni, saga eftir <i>Jón Trausta</i>	197
Ísland gagnvart öðrum ríkjum, eftir <i>Björn M. Ólsen</i>	216
Ágrip af sögu holdsveikinnar á Íslandi, eftir <i>Sæmund Bjarnhjed- ínsson</i> , (niðurl.)	229
Kolufell, saga eftir <i>Sigurð Nordal</i>	251
Efniskenningin nýja, eftir <i>Ágúst Bjarnason</i>	261
Lofftarir (frh.), eftir <i>Andrés Björnsson</i> og <i>Magnús Björnsson</i>	275
Orkunýting og menning, eftir <i>Guðmund Finnbogason</i>	295

	Bl.
Staða og kjör kvenna, eftir <i>H. Höfðing</i> , þýtt af <i>Björgu P. Blöndal</i>	316
Tveir hellar í Hallmundarhrauni, eftir <i>Mattias Þórðarson</i> . . .	330
Kvæði eftir <i>Jóhann Sigurjónsson</i>	352
Þrjú bréf <i>Jónasar Hallgrímssonar</i>	355
Ritfregnir, eftir <i>Jón Helgason</i> , <i>Björn M. Ólsen</i> , <i>Guðmund Finnbogason</i> , <i>Björn Bjarnason</i> og <i>Þorkel Þorkelsson</i> . .	359
Frá útlöndum, eftir <i>Þorstein Gíslason</i>	576

Um silfurverð og vaðmálsverð,

sjerstaklega á landnámsöld Íslands.

Erindi flutt í Mentamannafjelaginu 13. desember 1909.

Sá maður, sem gengist hefur fyrir stofnun mentamanna-fjelagsins, hefur sínt mjer þann sóma að biðja mig að flitja stutt erindi á þessum fundi, sem annars er ætlað að undirbúa og samþykkja lög fjelagsins. Mjer datt í hug að nota þetta tækifæri til að skíra frá dálitilli uppgötvun, sem jeg þikist hafa gert, að því er snertir silfurverð og vaðmálsverð á landnámsöld Íslands, og skal jeg reina að tefja ekki tímann mjög lengi. Áður enn jeg hverf að aðalefninu, skal jeg leifa mjer að setja fram fáeinar almennar athugasemdir um silfurreikning og vaðmálsreikning til forna, og verð jeg að biðja hina heiðruðu samkomu afsökunar á því, að jeg tala þar um það, sem ikkur öllum eflaust er kunnugt.

Saga peningasláttunnar hjer á Norðurlöndum sínir, að menn fóru ekki að slá hjer peninga fir enn um það leiti, sem kristni kom á Ísland. Elstu peningar mótaðir á Norðurlöndum eru frá þeim tíma. Menn hafa fundið sænska peninga frá dögum Ólafs skautkonungs, danska frá dögum Sveins tjúguskegs, og einn norskan, sem er eignaður Ólafi Triggvasini. Þessir elstu peningar Norðurlanda eru mjög misþungir, og bendir það til, að þeir hafi verið vegnir, enn ekki taldir, í kaupum og solum manna á milli. Hjer á landi hafa peningar aldrei verið slegnir. Menn höfðu hjer ekki aðra mótaða peninga enn þá, sem viltust hingað fra útlöndum, og alt bendir til, að mjög

litið af þeirri vöru hafi verið hjer í umferð meðal manna fir enn á 11. öldinni, þegar peningasláttan birjaði first firir alvöru í Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Og það sjá um vjer bæði á sögunum, og þó sjerstaklega á Baugatali í Grágás, að silfur var á elstu tímum aldrei talið, heldur altaf vegið. Það sjest og á Baugatali, að menn höfðu nokkurs konar peninga-ígildi, þar sem silfurbaugarnir vöru. Menn hafa firir löngu fundið hjer og hvar á Norðurlöndum söfn af slíkum baugum, sem menn höfðu í gjöld. Sumir af þeim eru undnir í skráfu, og má klippa af þeim eftir vild og þörfum í smágjöld. Það eru slíkir baugar, sem Snorri talar um í Háttatali 45. er.

Lætr undin brot brotna
bragningr fyrir sér hringa

o: Bragningr lætr undin hringabrot brotna fyrir sér. Og í vísunni, sem er eignuð Egli Skalla-Grimssini þrjevetrum, eru slíkir hringar kallaðir »ljósundin linns lönd« (Egils s. 31. k.). Hjá baugunum hafa oft fundist silfurstengur, eða mjóir silfurteinar, sem mátti nota á sama hátt. Nú hefur firir skemstu fundist alveg samskonar gangsilfur hjer á landi í gömlum, uppblásnum bæjarrústum norður í Bárðardal ofarlega, hjá felli, sem heitir Sandmúli, og er það til sínis hjer í Forngripasafninu. Þessi fundur er nokkurs konar lifandi skíring á hinu forna Baugatali í Grágás. Þar eru baugar, sumir þeirra undnir, silfurteinar, brot af gömlum silfurgripum, ofurlitlir og mjóir smábútar, sem líklega eru það sem Baugatal kallar *þveiti*, smástikki úr silfri, enn aftur á móti er þar enginn peningur mótaður, og ifir höfuð að tala staðfestir þessi fundur alt það, sem vjer vissum áður um silfurganginn hjer á landi, áður enn kristni var tekin. Fundurinn er að minsta kosti eldri enn 1000, og er að öllum líkindum frá landnámsöldinni (870—930).

Sjerstaklega sínir þessi merkilegi fundur, að silfrið var vegið. Vogareiningin hjá forfeðrum vorum var *mörkin*, sem við allir þekkjum. Nú teljum vjer 2 merkr í dönsku pundi, og svo hefur það verið, síðan íslenskri vog

var breitt með hinum elsta verslunartaxta, tilskipun 16. des 1619. Enn áður var íslensk mörk jöfn norskri mörk; er það fullsannað bæði af lóðum, sem fundist hafa, og af þingd norskra peninga o. fl., að hún var hjer um bil 216 frönsk grömm¹⁾. Nú er mörkin 250 gr., og er hin forna mörk því tæpum sjöunda parti ljettari enn vjer teljum nú. Hver mörk skiftist í 8 aura, og var eiririnn því hjer um bil 27 grömm, eða tæpum sjöunda hluta minni enn 2 lóð. Til samanburðar má geta þess, að gamla spesían (= 4 kr.) stóð rjett 2 lóð. og var því hinn forni *eyrir silfrs* rúmlega $\frac{6}{7}$ úr 4 kr., eða jafngilti að þingd tæpri hálfri fjórðu krónu, enn verðmætið fór auðvitað, auk þingdarinnar, eftir því hve skírt silfrið var, eða hve miklu var í það blandað af messing. Hver eirir skiftist aftur í 3 *örtuga*, og jafngildir hver *örtugr* hjer um bil 9 grömmum eða $1\frac{4}{5}$ kvints.

Jeg sní mjer þá að vaðmálareikningnum. Vöruskiftaverslun hefur tíðkast hjer á landi frá alda öðli, og það leiddi til þess, að í þessum vöruskiftum var verðmæti allra hluta miðað við tvær algengar vörutegundir: vaðmálin og kúna; verðmælarnir eru vaðmálsalin og kúgildi. Svo hefur verið frá upphafi og er að nokkru leiti enn, eins og hin árlega verðlagsskrá sínir. Jeg sleppi kúgilda-reikningi fornanna, enn skal að eins lauslega drepa á það, að á 12. og 13. öld jafngilti kúgildið ekki altaf 1 hundraði (þ. e. 120 álnum) vaðmála, heldur voru kúgildin misdir í ímsum hjeruðum og líka eftir gæðum, og jafngilda frá 72 álnum upp í 120 álnir, oftast 90 álnum, t. d. í fjárlagi úr Árneshöfn, ²⁾ enn um 1300 komst sú venja á að telja kúgildi jafndirt hundraði vaðmála.

¹⁾ Schive og Morgenstjerne telja norsku mörkina 215,8 gr. í riti sínu um peningasláttu í Kristiania Vidensk.-selsk. forhandlingar 1876, nr. 1. Enn Fr. Macody-Lund telur hana 216,527 grömm, eða tæpu grammi þingri, í bók sinni 'Norges økonomiske system', Kria 1909, á 14. bls.

²⁾ Um 12 aura (= 72 álna) kúgildi er getið í máldaga Hvamskirkju í Norðurárdal 1223 (Ísl. Fornbrs. I. 420. bls.). Um 15 aura

Þegar vjer tölum um forna vaðmálsalin, verðum vjer að gæta þess, að hin forna íslenska alin var rúmum 5 dönskum þumlungum stittri enn dönsk alin, eða, eftir því sem næst verður komist, 18,79 d. þl. (= 49,143 sentimetrar). Aftur var vaðmálið forna breiðara enn það er nú. Gjaldgengt vaðmál átti að vera tveínt, 2: 2 fornar álnir á breidd (= 37.58 d. þl.), og verður því forn vaðmálsalin sakir breiddarinnar alt að því fjórðungi drígrí (1,23 d. □ alin) enn einbreið vaðmálsalin nú, þó að hún væri stittri.

Sex álnir af vaðmáli voru kallaðar *eyrir vaðmála* eða *lögeyrir*, og *8 aurar vaðmála* eða *8 lögaurar* eða *48 álnir vaðmála* gerðu *mörk vaðmála*, alveg eins og *8 aurar silfurs* gerðu *mörk silfurs*. Vaðmálið er þá talið í *vogar-einingum*, enn þessar vogareiningar eru þó bersinilega ekki miðaðar við þingd vaðmálsins, því að 6 álnir vaðmála vega miklu meira enn eiri og 48 álnir miklu meira enn mörk. Það leiðir af sjálfu sjer, og er játað af öllum, að þessi verðnöfn, *eyrir* og *mörk*, eru komin inn í vaðmálareikninginn úr silfur-reikningnum. Enn merkilegt er, að engum hefur enn, svo að eg viti, dottið í hug að gera grein fyrir, hvernig á því stendur, að verðnöfn silfur-reikningsins hafa komist inn í vaðmálareikninginn, og liggur þó hin eðlilega skíring beint við.

Að 6 álnir vaðmála eru kallaðar *eyrir (lögeyrir)*, og 48 álnir *mörk*, hlítur að stafa af þeirri einföldu ástæðu, að 6 álnir vaðmála hafa einhvern tíma í firndinni jafngilt *eyri silfrs* að verðmæti og 48 álnir vaðmála *mörk silfrs*.

(= 90 álna) *kúgildi* er talað í fjárlagi í Árness þingsókn (firir 1200) Grág. Kb. II 247. bls. (Belgsdalsbók, sbr. Ísl. Fornbrs. I 316. bls.) og í máld. Saurbæjarkirkju á Hvalfjarðarströnd 1180 (Ísl. Fornbrs. I 265. bls.). Í Vallaneskirkju máld. 1270 segir, að kirkjan eigi 30 *kúgildi* í geldfje, og skuli „hálfir virða *tveggja marka* (= 96 álna) *kúgildi* og hálfir 12 aura“ (Ísl. Fornbrs. II 83. bls.). Á þessu sjest, að *kúgildi* gátu verið misdir eftir gæðum. Síðar í sama máld. er hvalreikntak metið „2 *kúgildi* eða 3 merkur“, eða *kúgildi* á $1\frac{1}{2}$ mörk (= 12 aura). Loks talar máldagi Helgafelsklasturs frá 1186 um „*hundraðs* (= 120) *álna* virð *kúgildi*“ (Ísl. Fornbrs. I 282. bls.).

Undir þetta mál renna nú fleiri stoðir, enn áður enn vjer greinum þær, skulum vjer first skíra frá því, sem menn hingað til hafa vitað um dirleikshlutfall silfurs og vaðmála. Það er vanalega greint með því að segja hve margir 6 álna aurar eða lögaurar fáist fyrir *eyri silfrs*.

Um 1280, þegar Jónsbók var samin, jafngilti 1 eiri af brendu, 3: skíru, silfri 6 lögaurum (36 álnum), og var þá dirleikshlutfall brends silfurs og vaðmála 1:6 (Jónsb. Kaupab. 5. k.).

Enn ef vjer förum lengra aftur í tímann, þá sjáum vjer, að dirleikshlutfallið var enn þá hærra á ofanverðri 11. öld, alla 12. öldina og framan af 13. öldinni, eða sem 1:7½, þ. e. 7½ lögaurar eða 45 álnir vaðmála fengust fyrir 1 eiri af brendu silfri¹). Og ef vjer förum enn lengra aftur í tímann, verður dirleikshlutfallið um 1000 og fram ífir miðja 11. öld enn þá hærra, eða sem 1:8, þ. e. 8 lögaurar eða 48 álnir vaðmála jafngilda 1 eiri af brendu silfri²). Um sama leiti, þ. e. a. s. um árið 1000, var dirleikshlutfall »lögsilfurs hins forna« við vaðmál sem 1:4, þ. e.: fyrir 1 eiri lögsilfurs fengust 4 lögaurar eða 24 álnir vaðmála³). Þessi dirleiksmunur á brendu silfri og lögsilfri stafar auðvitað af því, sem líka sjest á Grágás, að lög-

¹) Grág. Kb. II 193. bls. Sthb. 61. bls. Ísl. Fornbrs. I 97.—98. og 165. bls.

²) Grág. Kb. I. 241. bls. II. 141. bls. Sthb. 88., 91. og 214. bls.

³) Þetta sjest á mjög merkilegri grein í Grág. Kb. II 192. bls. Dr. Valtýr Guðmundsson hefur viljað vefengja þetta. Enn hið elsta fornskjal, sem til er á íslensku, skráin um rjett Íslendinga í Noregi, sem Ólafur helgi gaf þeim, stiður frásögn Konungsbókar, og er sú skrá vottuð og svarin first af Ísleifi biskupi og helstu mönnum honum samtíða, og síðan af Gizuri biskupi, Teiti bróður hans, Markúsi lögsögumanni o. fl. merkum mönnum á ofanverðri 11. öld. Þar stendur, að landaurarnir, sem Íslendingar guldur í Noregi, skildu vera „6 feldir og 6 álnir vaðmáls eða ½ mörk silfurs“. Hver algengur feldur (*vararfeldr*) jafngilti 2 aurum eða 12 álnum vaðmála (Grág. Kb. II. 192). Verða þá landaurarnir = 12 + 1 = 13 aurar vaðmála, og það jafngildir ½ mörk silfurs = 4 aurum silfurs. Verður þá dirleikshlutfallið 4:13 = 1:3¼, og er það lægra enn í Kb.

silfrið var mikið blandað, eftir dirleikshlutfallinu til helminga.

Á því, sem nú var sagt, er svo að sjá, sem dirleikshlutfallið verði því hærra, silfrið því dírara og vaðmálið því ódírara, sem lengra kemur aftur í tímenn.

Enn tókum nú Baugatal og sjáum, hvað þar stendur. Það hefur að eins geimst í Konungsbók Grágásar og stendur þar aftast í Vígslóða, enda er það eftir efni sínu viðauki við Vígslóða og hefur eflaust verið fært í letur með honum á Breiðabólstað í Vesturhópi hjá Hafliða Mássini veturinn 1117—1118¹). Áður hafði það geimst í manna munnum um ómuna tíð, því að það er ekki ofmælt, að Baugatal muni vera til vor komið nokkurnvegin óbreitt alla leið framan úr Úlfjótsslögum. Það sínir hið rammforna mál og eigi síður alt efni Baugatals. Það er eftir efni sínu lögin um sambúð ættanna í landinu, um niðgjöldin, þ. e. það endurgjald, sem hver maður átti löglega heimting á firir frænda sinn, ef hann var veginn, hjá jafnnánum frændum vegandans. Þessi niðgjöld eru mörgum hundruðum ára eldri enn Íslands bigging hjá öllum germönskum þjóðum, því að Tacitus getur um þau á 1. öld eftir Krist. Hvernig þeim var háttað, sjest best með því að lesa upp upphaf Baugatals.

»Fjórir eru lögbaugar. Einn er þrímerkingr, annarr tvítugauri, þriðri tvímerkingr, fjórði tólfeyringr«.

(Baugar þessir hafa nöfn sín af þingdinni, og sínir nafnið *lögbaugr* og firirsögnin *Baugatal* o. fl., sem hjer fer á eftir, að frá upphafi er átt við silfurbauga með ákveðinni þingd: þrímerkingurinn stendur þrjár merkur, tvítugaurinn 20 aura eða 2½ mörk, tvímerkingurinn 2 merkur, tólfeyringurinn 12 aura eða 1½ mörk.)

»Höfuðbaugi fylgja 6 aurar baugþak ok þveiti átta ens fimta tigar. Tvítugaura fylgja hálf mörk baugþak ok þveiti tvö ens fjórða tigar. Tvímerkingi fylgja þrjár aurar baugþak ok þveiti tuttugu ok fjögur. Tólfeyringi fylgja tveir aurar baugþak ok þveiti sextán«.

¹) Íslbók 10. k.

(Baugpak og þveiti er nokkurs konar ofanálág sem flgdi hverjum baugi í niðgjöldum. Höfuðbaugr er sama sem þrímerkingur).

«*At enum mesta baugi (þ. e. þrímerkingi) eru þrír menn bæði baugbætendr ok baugþiggjendr: faðir ok sonr ok bróðir. At tvítugaura eru fjórir menn bæði baugbætendr ok baugþiggjendr: föðurfaðir ok sonarsonr, móðurfaðir ok dóttursonr. At tvímerkingi eru enn fjórir menn bæði baugbætendr ok baugþiggjendr: föðurbróðir ok bróðursonr, móðurbróðir ok systursonr. Tólfeyring skulu taka bræðrungr ok systkinasynir og systrungar, ok svá gjalda. Þar eru baugar farnir.*»

(*Baugbætendr* eru frændur vegandans, sem eiga að gjalda niðgjöld *baugþiggjöldum*, þ. e. jafn nánnum frændum hins vegna mans, sem eiga að taka við niðgjöldunum. Þeir sjáið, að niðgjöldin eru því hærrí, sem frændsemin er nánari; faðir, sonur, og bróðir gjalda og taka »mesta baug«, bræðrungr, sistkinasinir og sistrungar »minsta baug«, hinir þar á milli. Þeir frændur, sem hingað til eru taldir, munda sjerstakan flokk í niðgjöldum. Enn niðgjöldin ná lengra enn til þessara nánustu frænda. Gagnvart þeim standa hinir fjarskildari frændur sem sjerstakur flokkur, sem er nefndur »*eftir bauga*«, af því að niðgjöldin, sem sá flokkur galt eða tók, náðu ekki »*minsta baugi*« eða tólfeiringi. Því endar þessi kafli á orðunum: »*Þar eru baugar farnir,*« þ. e. næst skal greina niðgjöld hinna fjarskildari frænda, »*eftir bauga*«).

«*Þeir menn, er enum vegna [eru manni¹⁾ firnari en bræðrungr eða systkina synir eða systrungar (þ. e. öðrum og þriðja við hinn vegna), skulu taka mörk af jafnmánum frændum vegandans. Næsta bræðrar (þ. e. þremmenningar) vegandans skulu bæta næsta bræðrum ens vegna örtug ens séttu eyris. Þeir menn, er eru manni firnari veganda en næsta bræðra (þ. e. þriðja og fjórða), skulu gjalda hálfan fjórða eyri jafnmánum frændum ens vegna. Annarra*

¹⁾ Frá [misritað í handritinu: »*manni eru.*»

bræðra (þ. e. fjórmenningar) ens vegna skulu taka örtug ens þriðja eyris af annarra bræðrum veganda. Þeir menn, er eru manni firnari veganda en svá (þ. e. fjórða og fimta), skulu bæta hálfum öðrum eyri jafnánnum frændum ens vegna. Þriðja bræðra (þ. e. fimmmenningar) ens vegna skulu taka einn eyri af þriðja bræðrum veganda. Þar fellr saktala.«¹⁾

(Einnig í þessum flokki, »*eftir bauga*«, lækka niðgjöldin fyrir hvern ættlið, eftir því sem fjær dregur hinum vegna manni og vegandanum, frá einni mörk í efsta ættlið floksins (öðrum og þriðja) niður í einn eiri, sem fimmmenningar gjalda og taka.)

Lengra en til fimmmenninga ná niðgjöldin ekki. Það þíða orðin: »*Þar fellr saktala*«.

Hugsið um, hvað í þessu felst. Ef jeg á langafa-afa sameiginlegan við annan mann, og þessi maður vegur mann eða er veginn, þá á jeg að gjalda niðgjöld fyrir þann, sem hann vegur, og taka niðgjöld fyrir hann, ef hann er veginn.

Ef vjer ihugum þetta, þá getum vjer gert oss nokkra hugmind um, hve rík ættin var í þjóðfjelagi Forn-Íslendinga, og hve öflug ætternistilfinningin var. Menn hafa sagt, að ekkert framkvæmdarvald hafi verið til í hinu forna íslenska þjóðríki, og það er satt, að það var veikt hjá stjórnarvöldum landsins, lögrjettunni, lögsögumanninum og goðunum. Enn það var til engu að síður. Það var hjá ættinni. Baugatal reirir ættböndin út á við frá hverjum einstakling alt til fimmmenninga, svo að hver ættbálkur stendur saman sem einn veggur gagnvart öllum öðrum, enn þó með ákveðnum rjettindum og skildum hver í annars garð. Eftir Baugatali skulu trigðir ávalt koma á móti sakbótum, þ. e. ætt sú, sem tók við niðgjöldum, átti að veita trigðir á móti.²⁾ Þetta miðar til að takmarka hefndir og efla frið í landi. Baugatal triggir mannhelgina með

¹⁾ Kb. I 193.—194. bls.

²⁾ Grág. Kb. I 203. bls.

því að setja hana undir vernd ættarinnar. Ættirnar eru frá upphafi máttarstólpar hins íslenska þjóðfjelags. Hver sem ekki skilur það, hann hefur ekkert skilið í þjóðfjelagsskipun feðra vorra. Enn einmitt af þessu er það ljóst, að Baugatal, lögin um sambúð ættanna, hlítur í öllum meginatriðum að vera jafngamalt hinu íslenska þjóðríki, jafngamalt Ulfljótslögum og partur af þeim, geimt sem dirgripur frá einni kinslóð til annarar, frá upphafi alsherjarríkis, alt þangað til það var fært í letur veturinn 1117—1118.

En hvað segir nú Baugatal um silfur og vaðmál?

Menn hefur greint á um, hvort verðnöfn þau, sem þar koma fyrir, eigi við silfur eða vaðmál, hvort t. d. þrímerkingurinn, sem líka er nefndur hinn mesti baugur, höfuðbaugur, og tvítílfarbaugur (= 2×12 a.), sje = 3 merkur silfurs eða = 3 merkur (144 álnir) vaðmála, hvort tvítugaurinn sje = 20 aurar silfurs eða = 20 aurar (120 álnir) vaðmála, o. s. frv.

Flestir hafa haldið því fram, að átt sje við aura silfurs. Og verðnöfnin *lögbaugar*, *höfuðbaugr*, *mesti baugr*, *tvítílfarbaugr*, *baugþak*, o. s. frv. sanna þeirra mál, ennfremur sjálfst heiti þessa lagabálks, *Baugatal*, og orðin *baugbætandi*, *baugþiggjandi* o. fl. Alt þetta sínir ljóslega, að hjer er um silfur að ræða, enn ekki vaðmál.

Hins vegar hefur Arnljótur Ólafsson sint og sannað með öðrum stöðum úr Grágás í ritgjörð sinni um lögaura og silfurgang í Tímar. Bmfjel. XXV. 15.—16. bls.; að tvítílfarbaugurinn eða þrímerkingurinn var goldinn með 3 mörkum lögaura. og þá hlítur sama að eiga sjer stað um alla hina baugana og aurana í Baugatali, því að annars mundi allur jöfnuður í niðgjöldunum raskast. Af þessu áliktar Arnljótur, að Baugatal eigi eingöngu við vaðmálsaura, enn ekki silfuraura.

Enn þar fer hann of langt. Það að baugarnir vóru goldnir í lögaurum sannar ekki annað nje meira en það, að þá mátti gjalda í lögaurum, ef gjaldandi kaus það heldur enn að gjalda í silfuraurum. Með öðrum orðum: Gjaldanda var í sjálfs vald sett, hvort hann galt upphæð-

ina í aurum silfurs eða í jafnmörgum sex álna aurum. Þetta segir líka niðurlag Baugatals, rjett skilið, berum orðum. Þar stendur:

Þat er silfr sakgilt í baugum ok svá í þökum ok þveitum, er eigi sé verra en var lögsilfr it forna, þat er 10 penningar geri eyri ok meiri sé silfrs litr á en messingar ok þoli skor ok sé jafnt utan sem innan. Enda er rétt að gjalda þat í lögaurum öllum.¹⁾

Firri hluti þessarar greinar segir, að niðgjöldin megi greiða í aurum lögsilfrs, síðasta málsgreinin, að rjett sje að greiða þau í lögaurum, t. d. þrímerkinginn með 24 lögaurum, tvítugaurann með tuttugu lögaurum, o. s. frv. Það er, með öðrum orðum, silfureirir og lögeirir jafngilda hvor öðrum í niðgjöldum, standa á jöfnu (*al pari*). Dírleikshlutfallið er 1 : 1. Þetta dírleikshlutfall stendur óhaggað í niðgjöldum allan þjóðveldistímanum, hvernig sem dírleikshlutfall silfurs og vaðmála annars breittist með breittum tímum. Og það eigi að eins í niðgjöldum, heldur og í öðrum gjöldum líks eðlis. »Fjörbaugurinn«, sá baugur, sem sekur fjörbaugsmaður galt til fjörs sjer, virðist frá upphafi hafa verið silfurbaugur, eins og nafnið bendir til, og vegið eina mörk, enn hann mátti gjalda með mörk lögaur a.²⁾ »Rjetturinn« — þær bætur sem hver frjáls maður átti heimting á, ef hinum helgustu rjettindum hans eða mannhelgi var misboðið, eða ef arfleifandi hans var veginn, »vígsbæturnar«, sem þá vóru kallaðar — þessi »rjettur« er í Grágás á einum stað talinn jafn »tveimur baugum hinum mestu«, þ. e. þrímerkingum, og á öðrum stað er helmingur »rjettarins« kallaður »*tvitylftarbaugr*«. Þessi nöfn sína, að frá upphafi er »rjetturinn« goldinn í silfurbaugum. Enn þó mátti gjalda »rjettinn« með 6 mörkum lögaur a, þ. e. jafnmörgum lögaurum sem silfuraurum; dírleikshlutfallið er 1 : 1³⁾.

¹⁾ Grág. Kb. I 204. bls.

²⁾ Grág. Kb. I 88., sbr. 118 bls.

³⁾ Grág. Sthb. 369. og 350. bls. (sbr. 336. bls. og Kb. I 170. bls.) Kb. I 155. bls. Sthb. 202. bls.

Þennan einfalda sannleik hafa menn átt bágt með að skilja, og þó liggja til hans ofureðlileg rök.

Samskonar ákvæði og það, sem nú stendur í niðurlagi Baugatala, hlítur að hafa verið í hinum elstu lögum Íslendinga, Úlfjótslögunum. Um það leiti hefur einn 6 álna eirir verið jafn verðmætur og eirir silfurs, og því hafa Úlfjótslög sett gjaldanda í sjálfs vald, hvort hann vildi gjalda niðgjöldin og önnur lík gjöld í aurum silfurs eða í jafnmörgum vaðmálsaaurum. Síðan, þegar silfrið hækkaði í verði og vaðmál lækkaði, þá notuðu gjaldendur sjer þessa lagaheimild, og guldu í þeim eiri, sem þeim var hagnafeldari, í vaðmálum, og svo varð það að venju, að þessi gjöld voru altaf goldin í vaðmálum, eins og Arnljótur Ólafsson hefur sýnt, 6 álnir fyrir hvern eiri gjaldanna. Þetta var ofureðlilegt, einkum af því, að breitingin á dirleikshlutfalli silfurs og vaðmála hefur eflaust ekki verið mjög stórstíð. Og það er ekki eins dæmi. Holmboe segir í Norges Mønter VIII. bls.: »Mörg dæmi eru til, að menn hafa verið mjög fastheldnir við gamalt lag («gamle taxter»), þegar um bætur er að ræða, og ekki tekið tillit til þeirra verðbreitinga, sem urðu með breittum tímum.«

Mart mælir með því, að silfur hafi verið í mjög lágu verði síðast á landnámsöldinni, um það leiti sem Úlfjótslög urðu til. Á landnámsöldinni stendur víkingaöldin sem hæst, og ber öllum saman um, að þá hljóti ógrinni silfurs að hafa safnast saman á Norðurlöndum, sem víkingarnir tóku hertaki í öðrum löndum og fluttu heim með sjer¹⁾. Við þetta hlaut silfur að lækka þar í verði að stórum mun. Um marga af landnámsmönnum er sagt, að þeir hafi komið hingað beinlínis eða óbeinlínis úr víkingu, t. d. um Hjörleif, fóstbróður Ingólfs, Geirmund heljarskinn, Án rauðfeld, Ævar Ketilsson, Þránd mjöksiglanda, Grim, sem nam

¹⁾ Dasent, The Story of Burnt Nial II 407.—408. bls. Alexander Bugge, Vesterlandenes indflydelse på Nordboerne, 264.—265. bls. (sbr. 300. bls.). P. Høuerg, Møntforhold og udmøntninger i Danmark indtil 1146 (DVSSkr. VI. R. Hist.-filos. V, 1) 12.—17. bls.

Grimsnes, og um Hjörleif er beint sagt, að hann hafi haft herfang sitt út með sjer.

Enn auk þessarar almennu ástæðu, sem leiðir af vikingaferðunum, er margt sjerstaklegt, sem sínir, að landnámsmennirnir hljóta að hafa haft með sjer hingað tiltölulega mjög mikið af silfri, enn lítið af kvikfje. Þetta leiðir beint af eðli landnámana sjálfra. Áður enn landnámsmennirnir lögðu af stað að heiman, urðu þeir að verja eignum sínum í þann gjaldeiri, sem þeir helst gátu flutt með sjer, alveg eins og Vesturfararnir nú, enn það var auðvitað silfur og gull. Kvikfje gátu þeir ekki flutt með sjer nema af mjög skornum skamti, oft að líkindum ekki meira enn tvent af hverri tegund til undaneldis, því að hafið var breitt, leiðin löng og skipin tiltölulega smá. Þetta sanna íms dæmi úr Landnámu og öðrum sögum. Um Ingólf segir Landnáma, að hann »varði fje þeirra (fóstbræðra) til Íslandsferðar«, er þeir ætluðu út alfarnir¹⁾. Vjebjörn Sygnatrausti »seldi eignir sínar og rjedst til Íslands«²⁾. Þorbjörn súrr og sínir hans »selja lönd sín«, áður en þeir fara³⁾. Að menn hafi vanalega flutt út fátt af hverri tegund kvikfjár, virðist mega ráða af sögninni um kvíguna Brynju, sem Hvamm-Þórir hafði út, enn hvarf honum og fanst síðar í Brynjudal með 40 nauta, og vóru öll frá henni komin⁴⁾. Sama sínir sögnin um svin Helga magra, göltinn Sölva og giltuna, sem Helgi skaut á land og fundust 3 vetrum síðar, og vóru þá saman 70 svina.⁵⁾ Egils saga segir beint, að þeir Skallagrimur hafi haft »fátt kvikfjár í fyrstu«,⁶⁾ og fátt hafði Uni hinn danski, því að hann varð að hverfa burt úr Austfjörðum, af því að þeir, sem þar bjuggu firir, vildu ekki selja hon-

¹⁾ Landn. Stb. 6. k. Hb. 6. k., útg. 1843, 32. bls.

²⁾ Landn. Stb. 146. k. Hb. 117. k., útg. 1843, 148. bls.

³⁾ Gisla s. útg. F. J. 3. k. 18. bls.

⁴⁾ Landn. Stb. 18. k. Hb. 18. k., útg. 1843, 46. bls.

⁵⁾ Landn. Stb. 218. k. Hb. 184. k. Útg. 1843, 206. bls.

⁶⁾ Egils s. útg. F. J. 29. k. 92.—93. bls.

um kvikfje¹⁾. Það ber og vott um kvikfjárskort, sem Landnáma segir, að á landnámsöldinni hafi komið út skip hlaðið kvikfje í Kolbeinsárósi²⁾. Hins vegar sinir sagan um Ketilbjörn gamla, að mjög mikið hefur verið af silfri í landinu. Hann bauð sonum sínum, segir Landn., að *slá þvertrje úr silfri í hofið sem þeir ljetu gera*³⁾. Má vera, að þetta sje eitthvað orðum aukið, og að karlinn hafi í raun rjettri að eins boðist til að *slá þvertrjed silfri* (að utan). Enn ef vjer gerum firir þessu, þá er sagan í sjálfu sjer mjög sennileg, og er hún talandi vottur um, að hjer var um þessar mundir mjög mikið til af silfri, og það í lágu verði. Ketilbjörn sá af speki sinni fram á, að silfrið mundi hækka í verði síðar meir, og vildi því leggja það í hof ættarinnar eins og í nokkurs konar sparisjóð handa niðjum sínum, sem ættin gæti tekið til síðar, ef í nauðir ræki, líkt og t. d. Forngríkkir gripu til þess fjár, sem lagt var til hofa, ef þeir komust í kröggur.

Alt ber því að sama brunni um það, að kvikfje hafi verið fátt og allar búskaparafurðir dirar á landnámsöldinni, þar á meðal vaðmál, og hins vegar, að mikið hafi verið af silfri í umferð og silfrið mjög ódirt. Það eru því engar öfgar, að þá hafi eirir silfurs jafngilt sex álnum vaðmála, eins og Baugatal bendir til. Þá kemst á sú venja að kalla 6 álnir vaðmála *eyri vaðmála* eða *lögeyri*, og 48 álnir *mörk vaðmála*.

Meðan innflitjendastraumurinn hjelst óslitinn, meðan það silfur, sem innflitjendur höfðu með sjer, og þörf þeirra á kvikfje vó upp á móti því silfri, sem fór út úr landinu firir nauðsinjar, og móti fjölgun kvikfjárins í landinu firir innlenda framleiðslu, á meðan stóð þetta dirleikshlutfall silfurs og vaðmála óraskað, enn ekki heldur lengur. Þegar tók firir þá silfurlind, sem filgdi innflutningunum, þá var eðlilegt, að að því ræki, að meira flittist út

¹⁾ Landn. Stb. 284. k. Hb. 245. k. Útg. 1843, 246. bls.

²⁾ Landn. Stb. 202. k. Hb. 169. k. Útg. 1843, 194. bls.

³⁾ Landn. Stb. 385. k. Hb. 338. k. Útg. 1843, 313 bls.

enn inn af silfrinu, og að silfurforðinn í landinu færi smá-minkandi. Meðfram mun og silfrið hafa streimt út úr landinu af því, að líkur eru til, að það hafi um þessar mundir staðið í miklu hærra verði utan lands, sjerstaklega í Noregi, heldur enn hjer á landi. Jeg þikist geta leitt rök að því, að silfur hafi verið helmingi dírara í Noregi enn hjer á landnámsöldinni. Hins vegar hlaut framleiðsla kvikfjárafurða, þar á meðal vaðmáls, að vaxa drjúgum, þegar landið var orðið albigt og bændur höfðu komið undir sig stórum búum. Hvorttveggja þetta hlaut að hafa þær afleiðingar, að silfurverðið hækkaði móts við vaðmálsverðið, og um árið 1000 — tveim mansöldrum eftir Úlfljótslög — er svo komið, sem áður var tekið fram, að dirleikshlutfall brends silfurs og vaðmála er orðið 1:8, enn lögsilfurs og vaðmála 1:4. Silfurverðið er þá orðið áttfalt við það, sem áður var, ef Úlfljótslög hafa miðað við skirt silfur, enn fersfalt, ef þau hafa miðað við lögsilfur, blandað til helminga.

Mjer finst það vera ekki ómerkilegt, að vjer nú getum sínt og sannað, að silfurverðið var svo lágt og vaðmálsverðið svo hátt á landnámsöldinni, að 6 álnir vaðmála jafngiltu eiri silfurs. Þetta dirleikshlutfall er talandi vottur um, við hveija erfiðleika forfeður vorir áttu að stríða, meðan þeir voru að biggja landið. Það sínir, að lífsnaudsýnjar allar voru ákaflega dírar, og að það kostaði mjög mikla firirhöfn að afla þeirra.

Landnáma hefur geimt nöfn 417 landnámsmanna. Frásögn Landnámu er vanalega mjög stutt; oft greinir hún að eins, auk nafns og föðurnafns, hvar maðurinn nam land, stundum líka, hvaðan hann kom, og hverjir frá honum sjeu komnir. Tökum eitt dæmi:

Dýri hét maðr ágætr. Hann fór af Sunnmæri til Íslands at ráði Rögnvalds jarls, en fyrir ofríki Haralds konungs hárfagra. Dýri nam Dýrafjörð ok bjó at Hálsum. Hans son var Hrafn á Ketilseyri, faðir Þuridar, er átti Vésteinn Vésteinsson. Þeirra synir Bergr ok Helgi¹⁾.

¹⁾ Landn. Stb. 139. k. Hb. 111. k., útg. 1843. 143. bls.

Vjer megum ekki gleima því, að á bak við hina stuttu og einföldu frásögn Landnámu um hvern einstakan þessara 417 manna liggur löng óskrifuð saga um starf og strit. Alt var ógert í óbigðu landi. Alt þurfti að biggja upp af niju. Hvern kofa þurfti að reisa, hvern blett að riðja og rækta. Hver skepnan var dirmæt, hvort sem það nú var nautgripur eða ásauður, svín eða geit, því að undir slíku var framtíðarvonin um góða afkomu komin. Í firstu munu menn að miklu leiti hafa lifað af fiskiveiðum í sjó, ám og vötnum, til að spara kvikfjenaðinn. Það stoðaði lítið, þó að hver sjóður væri fullur af silfri, því að enginn lifir á silfri, heldur á því sem firir það má kaupa, og það var mjög durt, oft ófáanlegt fyrir nokkurt silfurgjald. Svo þurftu menn og að læra íslenskt búskaparlag, komast að raun um, hvað best borgaði firirhöfnina. Þeir sem komu úr kornhjeruðum í Noregi, hafa auðvitað reint að sá korni ár eftir ár. Sumstaðar tókst það bærilega, og þar hjelst kornirkjan við¹⁾. Enn sumstaðar kendi reinslan mönnum fljótt, að arðurinn af kornirkju var stopull og kvikfjarræktin arðvænlegri. Og jafnframt þurftu menn að verja landnám sín firir árásum nágrannanna og nírra innflitjenda, og jafnvel að vera þess búnir að ganga á hólm við þá, sem skoruðu á menn til landa. Lög og rjettur voru enn á spjótsoddi. Menn sáu, að svo búið mátti ekki standa, og menn tóku á sig nitt starf, að skapa lands lög og rjett, að »biggja landið með lögum«. Þetta starf birjar að sjálfsögðu first á því, að einstakar sveitir hnappa sig saman og minda smáriki gagnvart öðrum undir forustu einstakra höfðingja utan um hof það, sem höfðinginn (hofgoðinn) heldur uppi, því að á þessum lagaleisistimum gátu menn ekki verið án verndar goðanna. Undir verndarvæng þeirra, í hofhelginni, koma menn saman úr sveitinni, auðvitað first og fremst til að tigna og blíðka goðin og biðja um hjálp

¹⁾ Jeg vona, að jeg fái innan skams tækifæri til að sína, að menn hafa gert of lítið úr kornirkju hér á landi í fornöld.

þeirra í hinu daglega striti, enn um leið líka til að ræða vandamál sín og dæma sakir manna á milli innan sveitar. Þar er gríðastaðurinn, og þannig mindast goðorðin. Smátt og smátt taka fleiri sveitir höndum saman um að eiga eitt þing. Þorsteinn Ingólfsson og fleiri höfðingjar reina að safna öllum þessum hjeraðsþingum í eina heild kringum Kjalarnesþing. Sú tilraun mistekst. Enn síðan tekst Úlfjótí að koma þessu sama fram með tilstirk allra hinna helstu höfðingja landsins. Alþingi er sett á Þingvelli, Úlfjótur segir upp alsherjarlög fyrir allt landið, og síðan höfum vjer allir haft ein lög á landi hjer.

Jeg þikist þá hafa sínt, að landnámsmennirnir, forfeður vorir, höfðu meira enn nóg að vinna. Vjer getum ekki neitað þeim um virðingu vora fyrir dugnað þeirra, atorku og viturleik í starfinu. Og vjer megum ekki gæima því, að á þeirra sveita, þeirra starfi og striti, lifum vjer enn í dag. Þeir lögðu grundvöllinn, sem eftirfarandi kinslóðir, hver af annari, hafa hlaðið ofan á með misjöfnu viti, misjafnri firirhiggju og hagsíni, misjöfnu þreki og þoli, misjöfnum dugnaði. Óskum þess allir, að núverandi kinslóð takist að búa eins vel í haginn fyrir komandi kinslóðir með starfi sínu eins og landnámsmönnum, eða helst enn betur! Og munum altaf hin fögru orð skáldsins:

Starfið er mart, enn eitt er bræðrabandið,
boðorðið, hvar sem þjer í filking standið,
hvernig sem stríðið þá og þá er blandið,
það er: *að elska, biggja og treista á landið.*

Ekki sist ættum við, sem köllum okkur mentamenn, að hafa þetta hugfast, við, sem eigum að nema land fyrir þjóðina í heimi vísinda og lista, veita til hennar andlegum straumum og frjófga með því jarðveg þjóðlífsins.

Mjer hefur skilist, að tilgangur þessa fjelags, sem nú er nifætt, eigi að vera að safna sem flestum af hinum andlegu landnámsmönnum þessa bæjar undir sína vængi, til þess að þjer geti frætt hver annan og unnið með sameinuðum kröftum að því að »biggja landið« í andlegum

skilningi, líkt og Úlfjótur kom öllum hinum íslensku landnámsmönnum undir ein lög.

Fæðingarhríðirnar hafa verið nokkuð harðar. Enn hugmindin er góð.

Óskum þess allir, að hvítvoðungurinn megi dafna vel og verða góður landnemi fyrir þjóð vora í ríki sannleikans og fegurðarinnar.

Viðauki.

Síðan erindi þetta var flutt, hefur Ásgeir efnafræðingur Torfason rannsakað silfurfundinn, sem áður var getið, frá Sandmúla í Bárðardal, og hefur hann góðfúslega látið mjer í tje eftirfarandi skírslu um rannsóknina.

»Til rannsóknar voru teknir 3 bútar:

Nr. 1 var sívalur, um 4 cm. á lengd. Þingd 17,25 gr.

Silfur 910 ‰. Ögn af gulli og tini, talsvert af eir.

Nr. 2 var sívalur þráður undinn, um 5 cm. á lengd.

Þingd 2,15 gr. Silfur 898 ‰. Ekki verulegt af öðrum málum, nema eir.

Nr. 3 var ferstrendur, um 5 cm. á lengd. Þingd 9,25

gr. Búturinn var brotinn í annan enda, enn höggvinn í hinn endann; tekið af brotna (digrari) endanum. Silfur 842 ‰. Dálítið af gulli er í þessum bút og ögn af tini, aðallega blandaður með eir eins og hinir.

Rannsóknastofan 27. jan. 1910.

Ásgeir Torfason.

Á þessu sjest, að þetta silfur, sem fundist hefur, er tiltölulega mjög vel skírt. Það hlítur því að vera talsvert eldra enn frá birjun 11. aldar, því að um það leiti var lögsilfur það, sem gekk meðal manna, blandað hjer um bil til helminga, sem áður var sint. Ef silfrið er frá landnámsöldinni, sem mjer virðast allar líkur benda til, og ef vjer megum treista því, að silfur það, sem þá var á gangi, hafi alment verið jafnskírt og þetta, þá hljóta Úlfjótsslög að hafa miðað við þetta skíra silfur, er þau

kváðu svo á, að 1 eirir silfurs skildi jafngilda 6 álnum vaðmála, eða að 6 álnir vaðmáls skildi vera lögeirir. Lísingin á lögsilfrinu í Baugatali hlítur því að vera síðar inn komin, og talsvert ingri enn Úlfjótsslög, eins og líka sjest á því, að hún talar um mótaða peninga¹). Enn að öðru leiti raskar þetta engu því, sem áður er sagt.

Ef nokkuð er að marka þennan eina fund, virðist því gangsilfrið á landnámsöldinni hafa verið tiltölulega vel skirt. Síðar, þegar silfrið fór að sópast burt úr landinu, varð þetta skíra silfur helst fyrir útflutningi, af því að það var útgengilegra erlendis, enn lakara silfrið varð eftir í landinu, og jafnframt fóru menn að blanda silfrið meira og meira, eftir því sem það varð fágætara og dýrara. Við þetta vonda silfur festist svo nafnið »lögsilfur hið forna«, sem var orðið algengt nafn á þessu bleika silfri á 12. öldinni. Eðlilegt var, að þetta silfur irði gjaldgengt í niðgjöldum og samskonar gjöldum, því að ef menn vildu ekki taka það, þá gátu gjaldendur goldið í vaðmálum, enn um 1000 var þó einn eirir af þessu »lögsilfri« fjórum sinnum verðmætari enn einn eirir vaðmála.

[Endað í Reykjavík 3. febr. 1910].

Björn M. Ólsen.

¹) Ef lísingin er feld úr, hljóðar greinin í Baugatali (Grág. Kb. I 204. bls.) þannig: *Þat er silfr sakgilt í baugum ok svá í þökum ok þveitum, er eigi er verra en lögsilfr et forna. Enda er rétt at gjalda þat í lögaurum öllum.* Þannig mun greinin hafa verið orðuð í Úlfjótsslögum, ef mark er takandi á fundinum, og eru þá orðin »lögsilfr et forna«, höfð um tiltölulega skirt silfur, eins og það gekk á þeim tíma.

Síðspeki Epiktets.

(Erindi flutt í „Mentamannafélaginu“ 17. jan. 1910).

Háttvirtu gestir og félagsbræður!

Mig langaði til að bregða upp fyrir yður ofurlitilli mynd af sálarástandi og hugsunarhætti hinna beztu og göfugustu manna í Rómaveldi um það leyti, er heiðnu menningunni fór að hnigna, en kristnin tók að ryðja sér til rúms.

Sumum yðar mun nú ef til vill verða fyrir að hugsa, að þetta umtalsefni sé æðilangt sótt og eigi lítið erindi til vor. Og má það vera. En þó er sumu því, sem eg ætla að lýsa, þannig farið, að það á erindi til allra og ef til vill ekki sízt til vor. Og mynd sú, er eg ætla að reyna að draga upp fyrir yður, ætti auk þess að geta haft nokkurt sögulegt gildi. Hún ætti einkum að geta kent oss þrent: hversu fagur og göfugur hugsunarháttur sumra fornspekinganna var, hversu keimlíkar sumar kenningar þeirra voru kenningum kristninnar, og hvers vegna kristnin samt sem áður hlaut að sigra og setjast í öndvegið, altént um stund. Alt þetta sjáum vér einna bezt á kenningum manns þess, sem eg nú sérstaklega ætla að lýsa.

Vér þekkjum ekki mann þenna undir öðru nafni en nafninu *Epiktetos*, en það þýðir ekki annað en: þræll. Enda kemur það vel heim við lífskjör hans. Að vísu var hann frjáls maður að fæðingu, fæddur Grikki, en hann ól þó mestallan aldur sinn í Rómaborg sem ánauðugur þræll

og síðar sem leysingi. Hafði hann svipað hlutverk með Rómverjum eins og Sókrates með Grikkjum. En það hefir líklegast þótt svo furðulegt, að hann, þrællinn! skyldi geta orðið svo andlega frjáls, að nafnið hefir loðað við hann síðan bæði lífs og líðinn.

Epiktetos fæddist í Hierapólis í Frygiu einhverntíma um eða eftir miðja 1. öld e. Kr. Þaðan fluttist hann til Rómaborgar og varð þræll Epafródítosar nokkurs, sem var leysingi og trúnaðarvinur Nerós. Í Róm kyntist Epiktet hinum einkennilega siðspeking *Musonius Rúfus* og laðaði hann huga hans að heimspekinni, en þó einkum að siðakeningum Stóumanna.

Fátt vita menn um skapferli Epiktets annað en það, að hann hlýtur að hafa verið rólyndur mjög eins og Stóumönnum var títt. Er til saga um það. Húsbóndi hans var einu sinni að gjöra sér að leik að snúa á honum fótinn með einhverju pyndingarverkfæri. Epiktet tók því með stillingu, en fann hvað sér leið og sagði: »Þú fótbrýtur mig!« Hrottamennið herti samt á tókunum, þangað til beinið hrökk í sundur, en ekki varð Epiktet þó annað að orði en: »Eg sagði þér þetta!« Og bar hann þó merki þess síðan, því að hann var haltur maður upp frá því.

Einu gæðin, sem Epiktet þráði, var frelsið. Það var raunar ekkert útlit fyrir, að hann yrði borgaralega frjáls fyrst um sinn, en þá sóttist hann því meir eftir hinu, að verða andlega frjáls. Því varð honum einu sinni að orði: »Segðu ekki, að eg sé að nema speki; það væri ofdirfska; segðu, að eg sé að reyna að verða andlega frjáls«.

Frjáls maður varð Epiktet nú raunar líka fyrir tilstilli rómverska dómstjórans eftir því sem lög stóðu til. Bjó hann þá nokkra stund í Róm í hrörlegu hreysi, sem var opið og öndvert fyrir öllum veðrum, og var ekki annað að sjá þar inni en gamalt borð, brotinn lampa og hálmsekk, er hann hvíldist á. Einbúi var hann alla tíð, þang að til hann tók að sér munaðarlaust barn; tók hann þá líka fátæka konu í þjónustu sína til að hirða barnið. Annars lifði hann heimspekinni eingöngu og gaf sig allan við

henni, til þess eins og hann sjálfur sagði: — »að geta miðlað öðrum eftir á«. Urðu kjarnyrði hans og líkingar brátt landfleygar og enn þann dag í dag hafa ummæli hans ekki látið neitt af hinum andlega þrótti sínum og karlmannshug þeim, er þau lýsa.

Epiktekt virðist vera allur í orðum sínum, og það er sýnilegt á ýmsu, að sjálfur hefir hann lifað eftir kenningum sínum. En — hann vildi líka fá aðra til þess. Líkt og Sókrates gekk um meðal Aþeninga, gekk Epiktet um meðal Rómverja. Og útreiðin, sem þeir báðir fengu, varð lík; nema hvað Rómverjar voru þeim mun klúrari en Aþeningar, að þeir guldu högg og smánaryrði við hinum gullvægu heilræðum Epiktets; og þegar hann einu sinni ætlaði að ávarpa múginn, var honum misþyrmt. Að lokum gjörði Dómitian keisari hann útlægan úr Rómaborg ásamt öðrum spekingum árið 94 e. Kr.

Epiktet bar það með jafnaðargeði eins og alt annað. Hann vissi sem var, — »að alstaðar var sama veröldin að dást að og alstaðar sami guðinn að lofa«. Hann settist þá að í Nikópólís í Eþíros og stofnaði þar skóla. Streymdu ungir og göfugir Rómverjar þangað hópum saman og barst nú frægð hans víða um lönd. Hann blés nýju lífi í siðspekina stóisku og lyfti henni ásamt hinum andlega lærisveini sínum, Markúsi Árelíusi keisara, á sitt hæsta stig. Um það leyti, er hann dó, kringum árið 117 e. Kr., var hann orðinn frægastur allra þeirra spekinga, er þá voru uppi.

Aldrei reit Epiktet staf, að því er vér frekast vitum. En *Arrienus* nokkur, rómverskur hershöfðingi, er hafði fylst aðdáun á manningum hans, reit niður eftir honum á grísku Samtöl hans í 8 bókum, og eru 4 þeirra til enn. Ennfremur reit hann um »Æfi og andlát Epiktets«, en það rit er því miður með öllu glatað. Loks reit hann stutt ágrip af kenningum Epiktets í Handbókinni svonefndu og gefur hún oss gleggstu myndina af hinum kjarnyrta kenningum hans. Skulum vér nú kynna oss þær ofurlítið nánar.

Það er þá upphafið á siðakenningu Epiktets, að maðurinn er fæddur þræll. Hann er þræll líkama síns og líðanar, nauðsynja sinna og girnda, vona sinna og ótta. Þetta er, siðferðislega séð, aðalmeið mannsins. En á hinn bóginn eru það hin æðstu gæði, er honum geta hlotnast, að verða frjáls, frjáls í þeim skilningi orðsins, að hafa fulla stjórn á sjálfum sér og setja sjálfum sér lög, í stuttu máli, vera herra, en ekki þræll girnda sinna. Og þetta er einmitt takmark það, sem hann á að stefna að.

Hvernig getur maðurinn nú nálgast takmark þetta? — »Leitið og þér munuð finna« — sögðu Stóíkar líkt og kristnir menn síðar. En þér eigið ekki að leita frelsis þessa hið ytra, hvorki í líkama yðar né í neinum ytri gæðum, því að alt slíkt gjörir yður ánauduga. Og yfir því hafið þér að lokum engin fullkomin yfirráð. En það gefur að skilja, að maðurinn getur ekki notið fulls frelsis nema þar, sem hann er einráður og öllu öðru óháður. »Áttu þá ekki full ráð á neinu? spyr Epiktet. — Eg veit það ekki. — Geta menn neytt þig til að fallast á það, sem rangt er? — Nei. — Getur nokkur neytt þig til að gjöra það, sem þú vilt ekki? Má vera; með því að ógna mér með dauða eða fangelsi, geta menn neytt mig til þess að vilja það. — En ef þú fyrirlitur dauða og fangelsi, mundu þá slíkar ógnanir skelfa þig? — Nei. — En er það þá á þínu valdi að fyrirrita dauðann? — Já. — Þá er vilji þinn óháður«.

Þannig er þá eitthvað það til í oss sjálfum, er getur verið öllu öðru óháð, sem sé dómgreind vor og vilji. En nú er maðurinn að álitu Epiktets aðalóvinur sjálfs sín, aðalharðstjórinn. Því að sjálfur snýr hann sér alla jafna snörur þær, er hann dettur í; og lengst af er hann háður tjóðurbandi sinna eigin ímyndana, tilfinninga og vona. Ímyndunin er t. d. þangað til að gylla fyrir honum hin ytri gæði, að hann hyggur, að hann geti ekki án þeirra verið; og þá verður hann samstundis þræll þeirra. Og svo miklar grýlur gjörir ímyndunin sér úr óþægindum lífsins, að maðurinn reynir að forðast þau á allar lundir. En

einnig það er ánauð. Og þó er ímyndunin í raun og veru tóm ímyndun og alls ekki það, sem felst í hlutunum sjálfum. Segðu við óskir þínar og áhyggjuefni: »Þú ert ímyndun, en alls ekki hlutur sá, er þú þykist vera« — og þá mun það brátt missa vald sitt yfir þér. Því að — »það eru ekki hlutirnir sem angra manninn, heldur skoðanir hans á hlutunum«. — »Hlutirnir hið ytra eru sá hinn ómyntaði málmur, sem vér stimplum með merkjum þæginda vorra og óþæginda eins og konungarnir setja myndir sínar á myntina; en það er þetta merki, sem skapar verðmæti hlutanna«. Hlutirnir í sjálfu sér eru hvorki illir né góðir.

Uppspretta þessa verðmætis hlutanna er þannig í oss sjálfum, í tilfinningum vorum og ímyndunum. Alt, sem vér sækjumst eftir, nefnum vér gott; alt, sem vér fælumst, nefnum vér ilt, og verðum, óðar en varir, ánauðugir þrælar hvorstveggja. En — ef vér náum tangarhaldi á þessum tilfinningum vorum, og ef vér getum rýnt í gegnum heimskulegar ímyndanir, þá erum vér á leiðinni til þess að verða frjálsir, á leiðinni til þess að verða lögjafar og stjórnendur sjálfra vor.

Aðalatriðið er því þetta, að bæla niður í sér allar ástriður, alla ágirnd og óbeit á hlutunum, láta hvorki ginnast né hræðast, tælast né skelfast, en skoða alt með augum skynseminnar og hins einbeitta, siðferðilega vilja. En er þá ekki hætt við að maðurinn verði með þessu móti að tilfinningarlausri vélbrúðu? Ekki hyggur Epiktet það: — »Því að oss er ekki ætlað að verða tilfinningalausir eins og líkneski, heldur ber oss að uppfylla eðlilegar og sjálfsagðar skyldur vorar, hvort sem það nú er í nafni ræktarseminnar eða sem synir, bræður, feður eða borgarar«. — Það eru þá eftir þessu skyldan og ræktartilfinningin, sem eiga að ráða öllum athöfnum vorum. En gerir hún oss þá ekki líka háða? Því skal síðar svarað.

En með hvaða móti eigum vér nú að losna úr tjóðurbandi tilfinninga vorra og ímyndana, og hver eru öflugustu tækin til þess? Epiktet svarar þeirri spurningu svo, að

það sé skynsemin og viljafestan; skynsemin sé eðlilega hæfust til að sjá, hvað rétt sé og rangt, viljafestan til þess að framfylgja því, sem rétt er. Vilji mannsins á að hegða sér í þessu efni eins og Herakles forðum daga. Hann fór um heiminn til þess að koma fyrir forynjum og bæta úr öllu því sem aflaga fór. Eins á maðurinn að hafa hemil á óhemjum þeim, er búa í brjósti hans, á beygnum, ilönguninni, öfundinni og öllum þessum andlegu skrýmslum og forynjum, er hræða manninn, spilla honum og hneppa hann í ánauð. Og hann á að gefa sig allan við þessu lausnarstarfi sínu, svo að hann geti orðið sannfrjáls: — »Maður, þegar þú verður svo lánsSAMUR, að þér liggi við að örvinglast, þá afsala þér öllu til þess að verða sæll, til þess að verða sannfrjáls, til þess að öðlast sálargöfgi. Ber höfuðið hátt. Þú ert leystur úr ánauðinni«. Þessi orð Epiktets verða naumast skilin á annan veg en þann, að sá einn, sem hafi teygð bikar ógnanna í botn, viti bezt, að ekki þurfi annað en að afsala sér öllum óskum sínum og brýna kjarkinn til þess að verða frjáls maður og óháður. En á þetta frelsi og sjálfstæði mannsins lögðu Stóumenn einmitt mesta áherzluna.

Vér höfum nú séð, hvernig menn eiga að fara að losna af klafa girnda sinna og tilhneiginga eftir kenningu Epiktets. En þá er að vita, hvernig mannum ber að haga sér gagnvart öðrum, og hvaða tilfinningar honum ber að ala í brjósti sínu til þeirra. Þeirri spurningu svarar Epiktet með því að draga upp fyrir oss mynd af hinum spaka manni.

Hinn spaki maður má ekki ala hatur eða öfund í brjósti sínu til nokkurs manns og ekki láta atferli annara gagnvart sér fá neitt á sig. Ekkert á að geta sært hann, hvorki óvirðing annara, árásir né ofbeldi. Hann á að vera eins og hrein og tær uppsprettulindin, er svalar þeim jafnt, sem leitast við að grugga hana, eins og hinum. Og líkt og uppsrettan með hinu sístreymandi vatni sínu þvær hann

von bráðar af sér öll óhreinindin. Engin misklið og engin deila æsir geðsmuni hans; miklu fremur stillir hann til friðar og samlyndis eins og hörpuleikarinn, er hann stillir hljóðfærin til samkliðs og samhljómunar. Hann brosir að þeim, er hugðust að trufla hann og særa og — fyrirgefur þeim, af því að þeir vita ekki hvað þeir gjöra.

Þó á hinn spaki maður ávalt að gæta virðingar sinnar gagnvart öllum þeim, sem vilja kúga hann eða beita hann ofbeldi, og ekki má hann smjæðra fyrir þeim, sem völdin hafa, því að þá er hann ekki sannfrjáls maður. Um þetta fer Epiktet svofeldum orðum: »Segðu mér, hyggur þú, að frjálsræðið sé mikils virði, sé veglegt og verðmætt? — Hví ekki það. — Getur þá maður, sem á svo mikilvæga, verðmæta og göfuga eign, haft kvikindslund? — Siður en svo. — Þegar þú því sér mann niðurlægja sig fyrir öðrum og smjæðra fyrir honum gegn sannfæringu sinni, getur þú óhikað sagt, að hann sé ekki frjáls«. Og ekki á hinn sannfrjálsi maður að beygja sig fyrir harðstjóranum, heldur fara að dæmi *Priscusar*, þegar Vespasianus keisari bannaði honum að koma í öldungaráðið. Því svaraði Priscus þannig: — »Meðan eg á þar sæti, mun eg koma þangað. — Kom þú þá, en þegiðu, sagði keisarinn. — Spyr mig ekki og eg mun þegja. — En eg verð að spyrja þig. — Og eg verð að segja það sem mér virðist rétt vera. — Ef þú segir það, læt eg deyða þig. — Hefi eg þá haldið því fram við þig, að eg væri ódauðlegur . . .«

Þannig átti maðurinn ávalt að gæta virðingar sinnar og frjálsræðis samkvæmt kenningu Epiktets, og kæmist hann ekki hjá ofbeldi og kúgun með öðru móti, gat hann ávalt gripið til síðasta úrræðisins, tekið sjálfan sig af lífi, og sýnt með því, að hann og enginn annar »hefði lykilinn að þrisund sinni«.

En til hvers átti maðurinn þá að verja lífi sínu? — Til þess að berjast gegn óréttlætinu og öllu því sem ilt er, og til þess að sigrast á öllum erfiðleikum lífsins. Og þar kemur gleggst fram karlmannslundin í kenningu Epiktets: — »Eins og glímukappinn og skylmingamaðurinn

bíður hólmgöngudagsins með ópreyju, eins á hinn spaki maður að fagna baráttu þeirri, er hann heyrir á orustuvelli lífsins í viðurvist guðanna«. — Og fyrirmynd spaka mannsins er Herakles, hetjan göfuga: »Eins og hann studdist við kylfu sína, getur hinn spaki maður stuðst við oliuviðarprikið sitt, undið skikkju sinni um öxl sér eins og Herakles ljónshúðinni og beðið mannaunanna rólegur, — ekki fyrir það, að hann sé líkamlega ósigrandi, heldur fyrir hitt, að enginn getur sigrað andlegt þrek hans«. — Og hann á ekki einungis að biða mannaunanna, heldur að leita þær uppi. Því að — hvað hefði orðið úr Herakles án þrauta þeirra, án óvætta þeirra, er hann sigraðist á? Varð ekki óréttlætið og ilskan í heiminum honum til frægðar og sigurs? — Ef hann hefði ekki haft neitt að berjast við, hefði sigurinn orðið æðismár — »þá mundi hann hafa sveipað sig í feld sinn og sofnað«. —

Maðurinn, sem er sonur guðs eins og Herakles, á að verða að guði eins og hann varð með því að berjast fyrir því, sem gott er. Því að — tilgangur þjáninganna er að bæta úr þeim, tilgangurinn með því, sem ilt er, að snúa því til góðs. Eins og guð er uppspretta þess, sem gott er, þannig er hinn góði maður »lifandi sönnun« um forsjón guðs, hann er »vitni« hans og »vinur«, og guð hefir beinlínis sent hann mönnunum til hjálpræðis. En styrkur hans er vizka hans og viljafesta: — »Sjá Hermesar-stafinn! Snertu, segir hann, við því sem þú vilt og það mun verða að gulli. Og þó ekki; — en kom þú með hvað sem þú vilt, segir hinn spaki maður, og eg mun snúa því til góðs. Kom þú með fátæktina, kom þú með þjáningarnar, kom með dauðann. — Þökk sé Hermesarstafnum, þetta verður oss alt til góðs«. Því, eins og Seneca sagði, goðin eru hvorki vond né öfundsjúk, heldur veita þau oss viðtöku og rétta þeim höndina, sem klífa upp til þeirra.

Alt, bæði guðir og menn, er ein félagsheild, þar sem velvild og ást á að ríkja; en hinn spaki er einmitt sendur mönnunum til þess að kenna þeim þetta. Því segir Epiktet: — »Mannkynið er fjölskylda hins spaka, karl-

mennirnir synir hans, konurnar dætur hans; það er eins og hann ætti að kynnast því öllu og vaka yfir því öllu. . . . Hinn spaki maður hefir verið sendur mönnunum til þess að kenna þeim, hvað gott sé og ilt; hann á að gæta þess, hvað sé heillavænlegt fyrir mannkynið og hvað geti orðið því að бага . . . Sleginn elskar hann þá sem slá hann, því að hann er faðir og bróðir allra manna . . . Hann er postuli þeirra og á að vekja þá . . . Hann vakir yfir mannkyninu og þjáist með því . . . því að málstaður þess er málstaður hans«. — Og svo bætir Markús Árelíus keisari við skömmu síðar: — »Elskaðu mennina af öllu þínu hjarta«.

Eins og menn sjá, eru orð þessi alllík sumum ummælum kristindómsins, og þó ber að skilja þau nokkuð á annan veg. Því að álití Stóika mátti hinn spaki maður heldur ekki verða h á ð u r ást sinni. »Hvernig á eg að elska vini mína? segir Epiktet. — Eins og sjálfstæð sál elskar, eins og lánsSAMUR maður elskar. Aldrei býður skynsemin oss að lítillækka oss með því að gráta eða með því að vera upp á aðra komnir. . . . Varastu alt þetta í ást þinni til vina þinna. . . . Og hver skyldi hamla þér frá að elska þá eins og elska ber dauðlega menn, sem hljóta að deyja, hljóta að yfirgefa oss. — Elskaði ekki Sókrates börn sín? Jú; en hann elskaði þau eins og frjáls maður. — En vér notum hvert yfirvarpið á fætur öðru til þess að gera oss auðvirðilega; einn notar barnið sitt, annar móðurina, þriðji bræður sína o. s. frv«. Meiningin með orðum þessum er víst sú, að ekki megi ástin bægja mönnum frá að gæta sjálfsagðrar skyldu sinnar, að ekki megi hún auðvirða manninn né gjöra hann að kveif og ekki megi hún græta hann né hryggja. Því að það var Stóík-anum ósamboðið. Ástin mátti yfir höfuð að tala ekki æsa geðsmuni hans, og því varð hún í rauninni æðiköld, vart meira en velvildin ein og vinapelið.

En vinirnir voru þá líka alstaðar, jafnvel í dauðri náttúrunni. Epiktet nefndi jafnvel efniseindirnar, »feður manna og vini«. Þetta spratt af þeirri skoðun Stóika, að

allur alheimurinn væri ein samfélagsheild, þar sem alt væri af sömu rótum runnið: — »Allur heimurinn er eitt einasta borgriki og alt af sama uppruna; alstaðar eru vinirnir, fyrst goðin og síðan mennirnir, alt er fult af vinum«. Og því get eg sagt við guð eða náttúruna: »Eg elska það sem þú elskar; gef mér það sem þú vilt; tak frá mér það sem þér þóknast. Alt sem þér þóknast, þóknast mér. Ekkert er of snemt eða of seint fyrir mig, sem er tímaþætt fyrir þig. Alt sem hin líðandi stund ber mér í skaut, ó, náttúra, skal vera mér lostætur ávöxtur«. Þannig hljóðaði bæn Stóikanna, sú er Árelius samdi, og sýnir hún bezt auðsveipni þeirra.

En einmitt með þessum orðum komum vér að þeirri hlið Stóukenningarinnar, þar sem henni féllust hendur, þar sem hún lagði árar í bát. Alt sem var af völdum náttúrunnar og virtist óumflýjanlegt, taldi hún gott og blessað. Þess vegna mátti maðurinn ekki harma neitt af því, sem kom fram við hann af völdum hennar, enda gat hann að álitu Stóika ekki við því spornað. Nauðugur viljugur verður maðurinn að fylgja lögum náttúrunnar og má aldrei barma sér yfir þjáningum sínum. Það eru lög náttúrunnar, að maðurinn hlýtur að deyja, og því má hann hvorki harma dauða sinn né annara. Því að náttúran er öllum yfirsterkari, hún er móðir vor og gröf. Gegn henni getur enginn barist og þar á maðurinn að leggja niður vopnin. Henni getur maðurinn ekki sýnt annað en stökustu auðsveipni og undirgefni. Auðsveipni þessi við guð og náttúruna kemur ljósast fram í orðum þeim, sem Epiktet viðhefur um ástvinamissinn og um líf manna á leiksviði lífsins:

»Segið aldrei: eg hefi mist þetta; segið miklu fremur: eg hefi skilað því aftur. Sonur minn er látinn: eg hefi látið hann af hendi. Konan mín er látin: eg hefi látið hana af hendi aftur. Og svo má segja um heimsgæðin og alt annað. En — sá sem rænir mig þessu, er vondur, munuð þið segja. Hví fjargviðrist þið út úr því, þótt sá

sem hefir lánað ykkur eitthvað, taki það aftur? A meðan hann leyfir ykkur afnot þess, skuluð þið fara með það eins og annara eign, fara með það eins og ferðamaðurinn fer með munina á gistihúsinu«. Og ennfremur: »Ekki getið þér vænst, að heimurinn fari að yðar vilja; yður ber að vilja það, sem verður að vera. Munið það, að þér eruð hér sem leikendur, að þér eigið að leika hlutverk það á leiksviði lífsins, sem höfundinum hefir þóknast að úthluta yður. Fáí hann yður stutt hlutverk, þá leikið skamma stund; fáí hann yður langt hlutverk, þá leikið lengi: verið á leiksviðinu meðan honum þóknast; komið þar fyrir hvort heldur rikir eða fátækir, eftir því sem hann hefir boðið. Það er yður ætlað að leika vel hlutverk það, sem þér hafið fengið; en að velja það er öðrum ætlað«.

Orð þessi sýna ljóslega auðsveipni Stóumanna gagnvart örlögunum og öllu því, sem ekki varð umflúið. En fyrst þeir áttu að haga sér þannig á leiksviði lífsins, hverju bjuggust þeir þá við á bak við tjöldin? Hvað varð um manninn eftir andlátíð? Því svaraði Epiktet þannig:

»Hvað ertu að óróast. — Þú munt verða að því, sem náttúran hefir þörf fyrir.... Guð opnar dyrnar og segir við þig: Kom þú. — Og hvert? — Til einskis þess staðar, er þú þarft að óttast. Þú átt að fara þangað, er þú komst frá, til vina þinna, til foreldra þinna: efniseindanna. Alt sem var eldkent í þér, mun verða að eldi; alt sem var jarðkent í þér, mun verða að jörðu, alt sem var vatnskent í þér, að vatni«. — Og sálin? — Um afdrif hennar hefir Epiktet ekki látið neitt ákveðið í ljós, en bætir samt við í orðum þeim, sem tilgreind voru, að ekki séu til neinir kvalastaðir annars heims — »alt sé fult af guðum og góðum öndum«.

Þetta svar nægir þó ekki síðasta Stóuspekingnum, Markúsi Árelíusi. Honum finst, að hver góður maður eigi heimtingu á því að verða ódauðlegur og hann möglar þegar á móti nauðsyn þeirri, sem Stóikarnir þóttust annars þurfa að lúta möglunarlaust. Hann segir svo á einum

stað: »Hvernig getur það verið, að goðin, sem hafa komið öllum hlutum svo dásamlega fyrir og af svo mikilli gæzku mönnunum til handa, skuli hafa vanrækt þetta eina at-riði, að hinir góðu menn, þeir sem eru verulega dygðaríkir og þegar í þessu lífi hafa lifað í nokkurs konar samfélagi við guð, — að þeir skuli ekki fá að vakna til lífsins aftur eftir andlátið, heldur vera sloknaðir út af til fulls?« — Og við þenna kveinstaf bætir hann svo á öðrum stað þessum örvæntingarorðum: — »Séu engir guðir til eða taki þeir engan þátt í kjörum manna, hvað hirði eg þá um að lifa í heimi, þar sem enginn guð og engin forsjón er til«. — Svo líkir hann loks lífinu við þessa blóðugu leika, er fóru fram á rómversku leiksviðunum, þar sem hver drap annan eða varð rándýrum að bráð. Þá er eins og hryllingur fari um hann og hann lýkur máli sínu með þessum orðum: — »Þetta er þá refsíðmur sá, sem kveðinn er upp yfir lífinu. — Og hversu lengi á hann að standa? — Æ, hraða þér, dauði, svo að eg að síðustu þurfi ekki að óttast, að eg fái ekki að gleyma sjálfum mér«.

Þetta eru þá síðustu orð Stóukenningarinnar: að fá að deyja, mega hvílast af þessum hryllingsleik, sem lífið þá var orðið. En — hvað var þá orðið af Heraklesarhetjunum og hvernig stóð á því, að Stóumenn skyldu leggja svo fljótt árar í bát?

Lífsskoðun hveurrar kynslóðar sprettur að miklu leyti af lífsreynslu hennar, en auðvitað líka af því, hversu langt hún er komin á veg þekkingar eða trúar. Lífsreynsla sú, er lá að baki Stóukenningunni, hefir verið fremur bitur og sár og heimsskoðun þeirra gat ekki bætt úr henni. Menn þeir, er voru höfundar Stóukenningarinnar, vissu það eitt um lífið, eins og því þá var lifað, að það var fult af misrétti, mótlæti og spillingu, og því sögðu þeir, að menn yrðu að hervæðast brynju rólyndis, speki og dygða gegn öllum þessum hörmungum. En á hinn bóginn héldu þeir því fram, að heimslífið alt væri

eintóm endurtekning og hringiða lífs og dauða, og sumir litu svo á, sem dauðinn væri endimark alls. Gegn misréttinu í þjóðfélaginu átti maðurinn að berjast í lengstu lög, en gegn mótlæti því, er bar honum að höndum af völdum náttúrunnar, var honum ekki til neins að berjast, — þar varð hann að gefast upp. En þarna rak sig hvað á annað í lífsskoðun þeirra. Á annan bóginn héldu þeir fram frjálsræði viljans og baráttunni gegn hvers konar misrétti og kúgun, en á hinn bóginn takmarkalausri auðsveipni og rólyndi í öllu sem að höndum bar af völdum náttúrunnar og óumflýjanlegt þótti. En nú hefir einmitt náttúran síðasta orðið í mannlífinu. Krankleik og kvölum verður varla sneitt hjá, og dauðinn er loks endir á allra manna sögum. Þetta sáu Stóíkar og viðurkendu það. Og þar sem þeir nú á hinn bóginn héldu því fram, að náttúran væri ekki annað en eilíf endurtekning, eilíf hringferð lífs og dauða, sem ekki yrði umflúin eða breytt á nokkurn hátt af mannavöldum, þá er ofurskiljanlegt, þótt þeir sæju ekki til neins að spyrna við broddunum, heldur reyndu að íklæðast brynju rólyndis og mannglegrar auðsveipni. En einmitt þetta, að þeir skyldu telja náttúruna alveg ósveigjanlega og ógjörning: að víkja rás viðburðanna við á nokkurn hátt, það ber vott um þekkingarskort þeirra og fornaldarinnar yfir höfud. Þeir þektu ekki hinn undraverða mátt mannsandans, sem er í því fólgin, ekki að trúa hinum og þessum bábyljum, heldur að læra að skilja lög náttúrunnar til þess að beita þeim svo eftir á sem beizli á hana sjálfa og læra þannig smámsaman að leiða hana eftir vild sinni. Hefðu þeir séð og skilið þetta, þá hefðu þeir ekki þurft að telja forlögin né náttúruna ósveigjanlega, og þá hefðu þeir hlotið að kannast við, að draga mætti úr mörgu mannlegu böli og jafnvel verjast því til fulls. Þá hefðu þeir líka getað haldið frjálsræði mannsins fram til fulls, ekki þurft að hætta á hálfri leið, eins og þeir gjörðu. Þá hefðu þeir sem sé getað haldið því fram, að maðurinn ætti ekki einungis að berjast gegn eigin girndum sínum.

og öllu misrétti mannfélagsins, heldur og öllu því böli, sem stafar af völdum náttúrunnar. Þá hefðu þeir orðið algjörlega sjálfum sér samkvæmir, og þá hefði orðtak þeirra, að verða sannfrjáls, fengið dýpri og fyllri merkingu. Því að þá hefðu þeir getað sagt, að þeir reyndu að kynnast lögum náttúrunnar, til þess að sigrast á henni. Þá hefðu þeir að líkindum getað rétt náttúruvísindum nútímans höndina og kristnin hefði ef til vill ekki sigrað Stóukenninguna. Því að hvað eru náttúruvísindin að leitast við að gjöra? Þau eru í stuttu máli að leitast við að fegra, léttja og lengja líf manna, um leið og þau svona á öðru leitinu eru að skygnast inn í leyndardóma náttúrunnar. Og hver veit nema mannsandanum takist einhvern tíma, þótt honum nú takist aldrei að sigrast til fulls á dauðanum, að fá órækar sannanir fyrir því, sem liggur að baki honum. Mannsandinn hefir enn sem komið er rofið allar þær skorður, er honum hafa verið settar.

En Stóumenn litu nú ekki þannig á; þeir töldu náttúruna alveg ósigrandi, héldu að hún væri eilíf endurtekning og endalokin jafnvel gröf og dauði. Þess vegna féllust þeim svo fljótt hendur, þess vegna lögðu þeir að lokum alveg árar í bát. Og því var það í raun og veru eina huggunin sem þeir gátu fengið, huggun sú, sem barst þeim í kristindóminum, að menn ættu vísa von á því að lifa annars heims, og þar fengju allir þeir, sem það ættu skilið, fullkomna uppbót á böli sínu og mótlæti herna megin grafar. Kristnin var svo skjót að sigra hugi manna og hjörtu einmitt af þessu, að hún, eftir því sem á stóð, virtist vera helzta og bezta úrlausnin og eini vegurinn til þess að komast ekki einungis klaklaust, heldur vel og hamingjusamlega út úr þessu völundarhúsi jarðneska lífsins. Eilífðarvonir kristindómsins forðuðu öllum þorra manna frá örvinglan og andlegu niðurdrepi og bygðu þeim það hæli, er þeir gátu unað við um nokkrar aldir, á meðan mannsandinn var að vitkast og finna hin réttu tók á náttúrunni og mannlífinu. Mannsandinn á þar enn langt

í land, en vonandi kemur sá tími, að hann þarf ekki að lifa lengur í neinni trú, heldur í fullri vissu.

En þótt Stóumenn buguðust þannig gagnvart náttúr-
unni, þá voru þeir samt sem áður aðdánlegar hetjur,
sem hver staðgóð sál ætti að geta tekið sér til fyrir-
myndar. Því að þrátt fyrir alt vonleysið, og enda þótt
þeir sumir hverjir eygðu ekki annað framundan sér en
gröf og dauða, stóðu þeir eins og standbjörg upp úr haf-
róti harðstjórnar, spillingar og andlegrar vesalmensku og
bentu mönnum upp og fram á veg dygða og mannkær-
leika. Þeir eru bezta sönnun þess, hversu manngildið
getur verið mikið og fagurt, þótt manninn bresti allar
vonir bæði þessa heims og annars til þess að friða með
sálu sína. Því að þeir eru eitt hið ljósasta dæmi þess, að
maðurinn getur haft ást á því, sem gott er, sjálfs þess
vegna og ástundað það fyrir sjálfs þess sakir. En það er há-
mark alls siðgæðis. Að því hámarki stefndu Stóuspek-
ingarnir í siðakenningu sinni og þess vegna verða þeir
ávalt einhver mestu göfugmennin í sögu mannsandans.

Ágúst Bjarnason.

Gláma.

Í hinni miklu Íslandslýsingu sinni, er Bókmenta-félagið gefur út, lýsir dr. Þorvaldur Thoroddsen Glámu á þessa leið¹⁾:

»Gláma liggur á hálendinu milli Arnarfjarðar og Ísa-fjarðar, það er *kringlóttur snjóskjöldur eða fannabreiða* rúmar 4 ferh. mílur á stærð og 2872 fet á hæð. Eigi er mér kunnugt um, að skriðjöklar gangi út úr Glámu, en allbreytilegur er þessi *jökull* eftir árferði og er stundum smærri og stundum minni, stundum sameinast *jökulbungan* fönnunum í nágrenninu og stækkar við það, stundum þiðnar af henni, svo hryggir og kambar koma upp. Hæð snæ-línunnar á þessu svæði mun vera um 2000 fet yfir sjó«. Í hinni þýzku²⁾ Íslands lýsingu sinni segir hann að Gláma »myndi *ávala*³⁾, *kringlóttu hjarn- eða jökulbungu*« (»bildet eine schwachgewölbte, runde Firnkuppe«). Á jarðfræðis-korti því, sem fylgir bókinni, er hún og sýnd sem nokkurn veginn kringlóttur, samfeldur jökulfláki.

Af því eg þykist þess fullviss, að þetta sé ekki rétt, finn eg mig knúðan til að rita þessar línur og skýra frá því opinberlega, sem eg veit sannast og réttast um þetta landfræðislega atriði. Því miður hefi eg ekki gjört það löngu fyr, en til þess liggja þau drög, er nú skal greina.

Sumarið 1893 ferðaðist eg um Vesturland til grasa-fræðisrannsókna. Ritaði eg um för þessa allitarlega og

¹⁾ Annað bindi 1. h. bls. 16.

²⁾ Prof. Dr. Th. Thoroddsen: Island. Grundriss der Geographie und Geologie II, s. 173. Gotha 1906.

³⁾ Allar leturbreytingar gjörðar af mér. St. St.

sendi »Andvara« ferðalýsingu þessa. Fyrsti kafliinn »Frá Möðruvöllum heim að Hólum« kom út í »Andv.« 1895, en áframhaldið kom aldrei og eg fekk ekki handritið aftur fyrir en seint og síðarmeir. Þótti mér þá of seint að láta prenta það, enda ekki í annað hús að venda úr því »Av.« var lokað. Varð þetta til þess að eg hætti við að rita fyrir alþýðu um hinar aðrar ferðir mínar, og hafði eg þó ásett mér það. — Eg taldi líka víst, að dr. Þorvaldi Thoroddsen væri kunnugt um, engu síður en mér, hversu Glámu væri háttað, og Íslandslýsingar hans var von á hverri stundu, svo að eg sá þá ekki ástæðu til að rita um þetta sérstaklega. — En betra er seint en aldrei.

Í þessari för minni um Vesturland fór eg yfir Glámu. Auk fylgdarmanns míns, Páls Gíslasonar, sem nú er verzlunarstjóri á Fáskrúðsfirði, hafði eg mér til leiðsagnar þann dag hinn nafnkunna fræðimann Sighvat Grímsson Borgfirðing. — Þykir mér réttast að tilfæra hér orðréttan kafla úr ferðalýsingu minni þann dag — fella ekkert úr og bæta engu við eftir minni, þar sem svo langt er umliðið.

Þ. 5. ág. héldum við frá Lambadal inn með Dýrafirðinum. Veður var hið inndælasta og náttúran öll svo óvenjulega sviphýr og unaðsleg. Fjöllin, sem lokuðu útsýninu öllu megin, voru með hinum margvíslegustu litbreytingum, og yfir þeim hvelfdist heiðskír himininn, með örsmáum ljósglæstum blikuböndum, en milli þeirra lá insti hluti fjarðarins spegilsléttur, svo að himinn og hliðar spegluðust skýrt í sæfletinum fagurskygðum. Landslagið utan með firðinum er ekki ósvipað og í Önundarfirðinum, fjöllin með bughöllum hliðum neðan til, en brött og klettótt hið efra. Fyrir innan Lambadal er fjallið allbratt niður í sjó. Hefir fjallshliðin til skamms tíma verið skógivaxin, en nú sjást þess ekki aðrar menjar en jarðlægir smárunnar á stangli, innan um víðáttumikla lyng- og rjúpnalaufsfláka, er allir voru gráflikróttir af hármeyjunum, sem þá voru fullþroska. Nær gróður þessi alveg upp að klettum, einkum utan til, en innar er hliðin grýttari og næsta framskriðin. Fjallið vestan fjarðarins var að sjá gróður-

minna. Fjörðurinn er örmjór innan til og mjög aðkreptur, því fjöllin rísa bratt upp frá sjónum, svo undirlendi er ekkert nema örlítið inn af fjarðarbotninum, í hinni bugdregnu fjallverk, sem lykur um fjarðarbotninn. Í efstu hjallabringunum upp af botnhvilftinni eru neðstu Glámu-fannirnar og niður frá þeim steypast nokkrar hvítfysssandi smákvíslar, en yfir botnsveignum nokkru fyrir vestan hann miðjan gnæfir Há-Gláma við himin. Inst í firðinum eru grynningar nokkrar af framburði kvíslanna og útfir talsvert, en svo snardýpkar og gengur fiskur alveg inn að marbakkanum; er þar stundum hlaðfiski, og svo var nú. Á Botni, ofurlitlu koti við fjarðarbotninn, er snoturt, ef bygging væri í lagi. Bærinn stendur á sléttum bala og inn frá honum fram með kvíslunum eru sléttar starungsengjar, en inst í dalhvilftinni eru raklendir birkirunnar og milli þeirra brokdokkir og strjálungur af smáviði. Þegar ofar kemur hverfur þessi gróður brátt.

Það er sannarlega enginn gæðavegur upp úr Dýrafjarðarbotninum. Hver hamrahjallinn tekur við af öðrum og gróður fer æ minkandi. Á neðri hjöllunum eru sumstaðar smá-starungsblettir við læki og umhverfis dýjavætur, en efstu hjallarnir eru nálega gróðurlausir. Þegar hjöllunum sleppir, taka við stórgrýttar urðaröldur með tjarnapollum á milli eða stórum holurðarflákum, sem snjór liggur á fram eftir sumri, en er nú leystur nema á stöku stað. Er svo alla leið upp á Glámu. Eg hafði búist við að geta farið á jökli þegar upp eftir kæmi, en því var ekki að heilsa. Fannirnar voru svo smáar og langt á milli þeirra, að ekki var unt að þræða eftir þeim, svo við urðum að klóngrast yfir einlæggar holurðir. Var það hin mesta glæfracör. Lá við sjálft að við snerum aftur, en mér sýndist alt af svo skamt eftir ófarið, að mér þótti ilt að hverfa frá, enda lítið betra að komast niður aftur. En þau drógu undir sig urðahöllin þar upp eftir, eða þar »neðan«, eins og Vestfirðingar segja. Loks náðum við þó Há-Glámu heilir á húfi með hestana óskemda.

Það kann að þykja ótrúlegt, en þó er það satt, að við komumst upp á *Glámujökul* án þess að stíga á fönn, er teljandi væri. *Há-»jökullinn« er alauður melröðull, og svo eru allar hábungur Glámu; jökull er hvergi, að eins sundurlausar fannir hér og hvar utan í bunguhöllunum. Hæsta bungan heitir Sjónfríð. Er það réttnefni, því útsýni þaðan er bæði mikið og frítt. Á Sjónfríð stendur gömul mælingarvarða — »lautenantavarða« — mikil og traustlega byggð, (líklega reist af lieutenant Frisak, landmælingamanninum nafnkunna, er mældi þrihyrninga milli fjallatinda á Vesturlandi 1806¹); sést frá henni yfir alt Vesturland að heita má. Í norðaustri blöstu við hábungur Drangajökuls, bláhvítar til að sjá, í suðvestri gnæfði Snæfellsjökull hátt yfir Snæfellsnessfjöllin, er lokuðu hinu víðáttumikla sjónarsviði að sunnan, eins og lághnjúka-girðing, en langt austur í landi mændi Eiríksjökull í rauðbláum móðuhjúp hátt yfir fjöll og heiðar²).*

Uppi á Sjónfríð er eins og geta má nærri gróðurlítið. Þó safnaði eg þar nokkrum steinskófa- og mosategundum. *En þó þær séu fáar og smðar jurtirnar, sem þar vaxa, eru þær engu að síður lifandi og órækir vottar þess, að snjór og því síður jökull liggur ekki til langframa, ekki árum og öldum saman á Glámu, — það má því óhætt strika Glámu-jökul út af kortinu.*

Að áliðnum degi klöngrudumst við ofan af Sjónfríð um einlæga urðarhjalla niður í botninn á Borgarfirði, insta hornið á nyrðri aðalarm Arnarfjarðar. Fengum við öllu betri veg niður eftir, en neðan um morguninn, þótt lítt

¹) Innskot. -- Sbr. Landfræðissögu Þorv. Thoroddsens, III. bindi, bls. 264.

²) Þegar eg minnst fjallasýnarinnar frá Glámu, dettur mér jafnan í hug þess glæslega kvæðisbyrjun hjá Matthíasi:

Sindruðu fell í silfurbláum hökli
af sumarblíðu, fagra aftanstundu,
glóeyjarfingur guðve Eiríksjökli
úr gulli rauðu kalið hö^uð bundu.

fær mætti heita með hesta. Um náttmálabil náðum við bæjum«.

Eftir þessu er það auðsætt, að lýsingin á Glámu, sem tilfærð er í byrjun þessa máls, er fjarri lagi. Á Glámu er enginn »kringlóttur snjóskjöldur eða fannbreiða«, enda er fjallið ekki þannig vaxið. Hábungurnar liggja í sveig eða nokkuð krappri skeifu frá Dýrafjarðarbotninum vestur á móts við Geirþjófsfjarðarbotninn, líkt eins og sýnt er á uppdrætti Björns Gunnlaugssonar. Sjónfríð er á nyrðri skeifuhælnum. Skeifutáin veit í austur og voru að sjá allháar fjallabungur austur af henni, en lægð nokkur var innan í skeifunni eða vestan við bungusveiginn.

Inn af Vatnsfirði, sem gengur norður úr Breiðafirði, er dalur er nefnist Vatnsdalur. Gengur hann norður undir suðurskeifuhæl Glámu. Vatn allstórt er í dalnum og liggur það til norðausturs, en ekki norðvesturs, eins og sýnt er á kortinu. Inn af því eru flatar eyrar fram með ánni, er í það fellur. Gengur þaðan afarlangt daldrag (»Beinalág« svokölluð?) austur með allri Glámu að sunnan, nokkru fyrir norðan Þingmannaheiðarvegin, sem sýndur er heldur norðarlega á kortinu. Eg fór sunnan við drag þetta alla leið úr Vatnsdalsbotninum og austur í Skálmardal. Sunnan í Glámu voru sundurlausar fannir eins og að vestan og ekki miklar.

Fannir leysir víst aldrei til fulls af Glámu að sumrinu, svo óhætt má fullyrða, að hún liggja í fanna¹⁾ eða *firninda beltinu*²⁾, en upp fyrir jökulmörk nær hún ekki. Samfeldur jökull er þar enginn og þá að sjálfsgöðu engir

¹⁾ Sjá Þorvaldur Thoroddsen: Lýsing Íslands II b. bls. 2.

²⁾ Svo vil eg kalla beltíð næst neðan við snælinu eða jökulmörk, þar sem fannir leysir aldrei til fulls, en vorfannabelti þar fyrir neðan, þar sem fannaslitur liggja fram eftir sumri, en gjörleysir venjulegast um hásumarið, nema í aftökuharðindasumrum eða sumarleysum. Firnindalínu eða firnmörk mætti þá kalla takmörkin milli þessara belta. Orðið *firnindi* í þessari eða skyldri merkingu er nú týnt úr málinu, nema í orðtækinu: „yfir fjöll og f.“

*breðar*¹⁾ eða skriðjökklar. Í harðindaárum eru fannalög auðvitað mikil á fjallinu og þar af er jökulnafnið komið. Þegar þess er gætt, að snælinu- eða jökulmarkahæðin sunnan á Snæfellsjökli er um 3200 fet og 2000 fet sunnan á Drangajökli, þá er ekki ósennilegt eftir afstöðunni, að hún sé einhversstaðar þar á milli á kjálkanum norðan Breiðafjarðar sunnanverðum, enda er það nú sýnt og sannað með því sem þegar er sagt, að jökulmörkin liggja þar ekki neðar en 2700—2800 fet yfir sjó, þar sem Gláma, 2872 feta há, er jökullaus. En sjálfsagt mætti hún ekki hækka mikið til þess hún hyldist samfeldri jökulbreiðu.

Væri það rétt, sem stendur í lýsingu Íslands, að snjólinan á þessu svæði muni vera um 2000 fet yfir sjó, hlyti Gláma öll að vera jökli hulin, ekki síður en Drangajökulsbungurnar; í krikanum vestan undir hábungunum mundi þá liggja mörg hundruð feta þykk jökuldyngja, og niður frá þessum mikla jökulfláka mundu þá að öllum líkindum teygja sig bungóttir og sprungnir breiðafossar niður í dalabotnana, sem að henni liggja, — en engu slíku er hér til að dreifa. Sögu Glámu-*jökuls* ætti þá að vera lokið í bráð.

¹⁾ Norska orðið „*bræ*“ = skriðjökull er eflaust sama og ísl. orðið *breði*. Er ekki ólíklegt, að skriðjökklar hafi til forna heitið *breðar*. Þessi ákveðna merking orðsins hafi svo haldist í Noregi, en gleymst hér. En nú ætti að taka orðið upp aftur í þessari merkingu.

Stefán Stefánsson.

Góður fengur.

Smásaga eftir Jóhann Sigurjónsson.

Jón í Seli var fátækur leiguliði. Hann var dugnaðarmaður, og Björg kona hans var nýtin og sparsöm; en þau áttu fyrir ómegð að sjá, og Selið var harðbalajörð, slægjurnar rýrar og túnið grýtt og graslítið. Jóni hafði boðist betri og hægari jörð, en hann sat kyr. »Selið er nógu gott handa mér,« var hann vanur að segja, þegar nágrannarnir ráðlögðu honum að flytja; annars voru þeir hættir að ráðleggja Jóni. Og hvað sem kostunum leið, þá var Selið falleg jörð. Hún var sjálfvarin á tvær hliðar; hafði varði að norðan og Svartá að austan; landrýmið var stórt, og þó að mikið af því væru sandar og hraun, var altaf skemtilegt að hafa olnbogarúm. Komið gat það fyrir, þegar vel lá á Jóni, að hann raupaði af því að Selið væri fallegasti bletturinn á jörðinni, en hitt var þó dýrmætara að smáhlunnindi fylgdu Selinu; það voru rjúpur í hrauninu, silungur í ánni og selaslangur út með sandinum.

Þetta var tíunda árið, sem Jón bjó í Selinu. Veturinn var óvenjulega harður; það var komið fram undir páska, en jörðin var alhvít, frost og stillur höfðu gengið undanfarandi daga. Lítið var um björg í kotinu, en munnarnir níu, sem þörfnuðust saðningar.

Jón var að koma úr fjárhúsunum; hann var búinn að gefa seinni gjöfina; hann gekk í hægðum sínum upp túnið, — Skuggi labbaði á eftir; hann var bæði fjárhundur og skothundur, en líktist húsbóndanum í því að hafa mest

gaman af veiðunum. Þegar Jón kom heim á hlaðið, stóð Björg fyrir utan bæjardyrnar.

»Þú ert eitthvað hægfara í dag; eg þurfti að tala við þig svolítið«.

»Kemst þótt seinna fari; það er ekki eftir neinu að flýta sér«. Jón stappaði af sér, en snjórinn sat fastur á sokkunum. »Var það eitthvað sérstakt, sem þú ætlaðir að segja mér?«

»Já, eg þarf að biðja þig bóna« — Björg seildist inn í göngin eftir gömlum fuglsvæng — »þér þykir það líklega óþarfi; eg ætlaði að biðja þig að slátra kind.«

»Það var ekkert smáræði«.

»Eg hefi ekki annað en mjólkursopann úr kúnni og svolitla ögn af hörðum fiski í búrinu«, — Björg sópaði snjónum af fótunum á Jóni, — »og á fimtudaginn kemur er skírdagur; eitthvað verðum við að hafa til hátíðabrigðis, þó að við séum fátæk«.

»Við skulum sjá hvað setur, góða mín; ekki þurfum við að borða ket á föstudaginn langa«. Jón brosti.

»Það er ekki mín vegna, Jón minn, en Rúna litla hefur verið svo undarleg seinustu dagana, hún, sem er sjálfur óróinn, hefur varla litið við gullunum sínum, og hún er fól og tekin í andlitinu; eg er hrædd um að hún sé að verða veik«.

»Það batnar þegar hlýnar í veðrinu«. Jón vildi eyða málinu.

»Þú segir það«. Björg horfði beint framan í hann. »Eg veit að þú átt bágt með að lóga nokkurri af þessum fáu skepnum, og mér þykir heldur ekki gaman að því, en eg vil ekki hafa það á samviskunni, ef Rúna litla verður veik, að það sé því að kenna, að hún fái ekki nægju sína að borða«.

Jón fann að Björgu var alvara; hún bað hann sjaldan og hann var vanur að gjöra það sem hún bað hann um. »Úr því að þér er þetta svona mikið kappsmál, þá verð eg að láta það eftir þér; þú veist sjálf hvað það kostar bæði þig og mig«.

Jón var lystarlítill á fiskinn og mjólkina og honum draup ekki orð af vörum. Þegar hann var búinn að borða, klappaði hann Rúnu litlu á kollinn og fór út. Hann gekk rakleíðis niður að fjárhúsi, ýtti moðruslinu frá hurðinni með fætinum og opnaði dyrnar. Kindurnar voru búnar með heytugguna; þær lágu og jórtruðu. Jón hallaði hurðinni á eftir sér og setti spýtu fyrir, svo að hún skyldi ekki hrökkva opin. — Hann hafði hugsað sér að taka svartan veturgemling, litinn en í góðum holdum; hann svipaðist um og sá að Surtur lá inst inni í kró. Jón gekk hægt meðfram garðanum til þess að hleypa ekki stygð að fénu; svo klappaði hann á bakið á Surt. Surtur stóð ekki upp, hann horfði hissa framan í hann; Jón var ekki vanur að koma í húsin eftir seinni gjöfina. »Blessuð skepnan«, tautaði Jón fyrir munni sér, »þú kæmir ekki nösulbeina úr afréttinni, ef þú ættir að lifa til haustsins?« Hann tók í vinstra hornið og beygði sig yfir snoppuna, — gráu augun loguðu í dimmuni og heitan andardráttinn lagði upp í vitin á Jóni.

»Eg hélt að þú værir kominn með kindina«. Björg leit inn í skemmuna og sá að Jón var að hlaða byssuhólkinn sinn. »Þú ætlar þó ekki niður að ós rétt einu sinni?«

»Mér hefir dottið það í hug«. Jón þjappaði hamphnoðunni niður í hlaupið. »Eg gat ekki fengið af mér í svipinn að taka Surt litla; hann lá og jórtraði, skinnið; eg vildi að minsta kosti lofa honum að hafa matfrið.«

»Það er orðið alt of seint að fara á veiðar í kvöld, blessaður«.

»Helst er að eitthvað kynni að vera á kreiki í ljósa-skiftunum«, — Jón spenti upp gikkin og athugaði, hvort púðrið væri komið fram í pinnann, — »og mig órar fyrir því, að eg komi ekki slyppur heim í þetta skifti«.

»Þig hefur órað fyrir því á hverjum degi núna sein-

asta hálfu mánuðinn; þú slítur skónum þínum, annað gagn hefur þú ekki af ferðinni«.

»Láttu mig sjá fyrir því«. Jón gekk snúðugt út úr skemmumni. »Eg veit ekki betur en að það sé selskinn í skónum, — og hún hefur stundum hjálpað upp á pottinn þinn, byssuskömmin«.

»Eg ætlaði ekki að álasa þér; og það veit hamingjan, að eg vildi óska að þú yrðir fengsæll í kvöld; en eg hef lofað börnunum að þau skuli fá að borða kjöt á morgun«.

»Það skulu þau líka fá«. Jón setti upp vetlingana, kastaði byssunni á öxlinu og hélt af stað niður að ós. — Skuggi hoppaði í kringum hann af kæti.

Það er góð hálf míla frá Selinu og niður að ós. Vegurinn er fallegur og einkennilegur; rétt fyrir utan túnið er mjó hraunbrík — svartar steinsnyddurnar stungust upp úr fönninni — svo taka við sandar, breiðar öldur og melhólar á stangli og í smáþyrpingum. Gnípufjöll loka vestrinu — þau voru mjallhvít nema stöku þverhnípi, þar sem aldrei festi snjó. Jón gekk niður með ánni; hún var lögð; ísarnir voru með bláum sveggjælum; fyrir handan ána lokast útsýnið af lágum hásum. — Á heiðum sumardegi eru Gnípufjöllin heit og blá, áin tær og lifandi, hafið opið og bjart, sandarnir svartir og túnið hvanngrænt; þá er fallett í Selinu. — Nú lágu allir þessir litir undir fönn og hafið var grátt af kulda.

Jóni sóttist vel gangurinn; hann var rétt að kalla kominn niður að ós. Þar var áin auð á að giska hundrað faðma. Jón var fyrir löngu búinn sjá, að það lá enginn selur uppi á skörinni; hann hægði á sér — því nær sem hann kom hafinu, því vondaufari varð hann, og hann kveið fyrir að standa augliti til auglitis við algjörð vonbrigðin. Kouan hans sagði alveg satt, hann hafði órað fyrir einhverju happi á hverjum einasta degi seinasta hálfu mánuðinn og altaf komið tómhentur, hann hafði dreymt fyrir því — og hjátrúarfullur var hann, hann skoðaði það sem bendingu að Surtur vildi ekki standa upp, þegar hann tók í hornið á honum. — Jón gekk út á skörina. Engin skepna

hafði verið þar í dag, og engin skepna var inni í ósnum. Það var útséð um það. Og þó að hann sæi sel út með sandinum, þá var of langt að sækja bátæfilinn inn í ósinn; og hann tímdi varla að eyða skotinu á fugl. Jón tók af sér annan vetlinginn og strauk langa, gula yfirskeggið; það settist hrím í það af andardrættinum. — Í svona veðri voru litlar líkur til þess að nokkuð væri á rekanum, hafði var ládautt, sandarnir alhvítir, nema bláfjöruborðið; þar voru þeir sleiktir svartir af flóðinu.

Það var farið að skyggja þegar Jón kom að landamerkjunum. Hann hafði fylgt flæðarmálinu alla leið og ekkert fénastr; einn hörpudisk hafði hann fundið og nokkrar óvenjulega stórar kúskeljar; þær voru handa krökkunum. Í rauninni leið Jóni aldrei betur heldur en þegar hann var einn á rölti í sjávarmálinu; hann hafði gengið þetta þúsund sinnum fram og aftur, og þó var vegurinn alltaf jafn- nýr, sjórinn skolaði burtu sporunum og hver norðangarður kom með nýjar rekavonir; þau voru ekki fá keflin, sem Jón hafði hirt, stundum stór tré, — hver einasta spýta í nýju baðstofunni var rekin af sjó, — og oft fann hann ýmislegt annað. Annars var það kynlegt, að hvað mest rak á landamerkjunum. Jón mundi smásýndir, sem hann ekki kærði sig um að segja frá.

»Hvað var hann að flækjast?« Það kom skarfur fljúgandi sunnan af sandinum og stefndi beint á Jón. Jón staldraði við og tók til byssunnar. Þetta var sennilega grindhórður ræfill; þeir voru vanir að vera það á þessum tíma árs. Skarfurinn lét eins og hann sæi Jón ekki; hann flaug örfáa faðma fyrir ofan höfuðið á honum með fæturna beint aftur undan sér og hálsinn láréttan í loftinu. Jón heyrði vængjapytinn og sá málmgljáann á fjöðrunum. »Sá hefði fengið fyrir ferðina«. Jón horfði á eftir honum. Þegar skarfurinn var kominn kippkorn út á sjóinn, beygði hann til austurs og flaug alla leið inn að ós; þar hvarf hann inn í rökkrið og fjarlægðina. »Ekki voru allar ferðir til fjár«. Jón sneri bakinu að hafinu; stytta leiðin heim var að ganga skáhalt inn yfir sandinn. »Undarlegt var

það, að skarfurinn skyldi fljúga inn að ós; því þá ekki beint út á haf?« — Jóni fanst hann finna vængjagustinn; hann hvíslaði í eyrun á honum: »Inn að ós«. Það skifti engu þó að hann kæmi þeim hálf tímanum seinna heim; oft hafði honum reynst það vel að fylgja þess háttar smáatvikum og hann var búinn að lofa sjálfum sér að koma ekki niður að sjó í heila viku.

Þegar komið er vestan af sandinum, skyggir lág hæð á ósinn; þaðan er ekki nema kippkorn niður að ánni. Jón hljóp við fót, til þess að ná þangað á undan myrkrinu.

»Dúnhnoðriun hefði þó altaf verið einhvers virði«, hugsaði Jón, »og þó að hann væri horaður, mátti nasla af beinunum; skárra hefði það verið að koma heim með hann heldur en ekki neitt, og vængirnir voru fyrirtaks sóp vængir, þar að auki hefði Stjána litla þótti gaman að hausnum; hann átti heilt safn af fuglsnefjum«.

Jón var altaf vanur, þegar hann kom að hæðinni, að halda á byssunni og gægjast inn yfir ósinn. Í þetta skifti gekk hann keipréttur með byssuna á öxliinni; hann var búinn að missa alla von. Skuggi dróst aftur úr; hann mundi eftir seinustu ráðningunni, sem hann fékk þegar hann hljóp á undan Jóni upp á hæðina.

»Ligðu dauður«, hvíslaði Jón og bandaði með hendinni, laumaði byssunni niður af öxlinni og læddist kengboginn aftur á bak niður af hæðinni. Skuggi seig niður á fönnina og hreyfði hvorki legg né lið.

»Hvaða kvikindi var þetta, sem lá uppi á skörinni?« Jón hafði ekki séð aðra eins skepnu á æfi sinni. »Það hlaut annaðhvort að vera kampur eða blöðruselur«. Jón setti hvellhettu á pinnann og skreið á fjórum fótum upp á hæðina. Þarna lá dýrið grásvart á snjúgri skörinni; bakið var hvelft af spiki og allur kroppurinn gljáandi upp úr vatninu. Það var of langt færi á svona stóra skepnu, fullir tuttugu faðmar; Jón mjakaði sér áfram á knjánum fet fyrir fet — fimtán faðmar — annaðhvort svaf hann eða þetta var sauðgæfur heimskingi, — tólf faðmar —

Jón þorði ekki að fara nær; hann spenti gikkinn. Selurinn leit við; Jón sá gráa kampana strjúkast eftir ísnum — of mikil áhætta að skjóta beint framan í hann, hann varð að bíða eftir vanganum. Selurinn klappaði saman hreifunum og teygði upp hálsinn — nú sneri hann sér við. — Jón fann ekki að byssan ýtti við öxlinni á honum, en hann sá að selurinn hentist til við skotið og höfuðið hné niður. — Hann hljóp fram á skörina, þreif hnifinn sinn upp úr vasanum, greip í kampana og skar þverskurð yfir hálsinn. Lifrautt blóðið fossaði úr sárinu; það bræddi undan sér og rann í smálækjum niður í ána. Jón aðgætti skotið; það voru tvö haglaför á hálsinum og eitt í hnakk-anum; hann stakk hnífsoddinum inn í farið; haglið hafði gengið inn úr kúpunni. »Þetta gat gamla byssan ennþá«. Skuggi var kominn niður á skörina, hann hafði mest gaman af fuglum, en sleikti þó blóðið til málamynda. Jón dró heljarmikið snæri upp úr vasanum, stakk því upp í selinn og út um sáropið; hann velti selnum á bakið, til þess að sáropið skyldi ekki rekast í, tvívafði snærinu utan um vetlingana og brá því yfir öxlina — það teygðist úr dauðum hálsinum. Svo rann selurinn eftir fönninni.

Það var enginn úti, þegar Jón kom í hlaðið; hann hafði farið sem mest eftir lægðunum, til þess að hann skyldi ekki sjást heiman að.

»Er Stjáni litli inni?« kallaði hann inn í göngin, »segðu mömmu þinni að eg sé kominn með kindina«. Jón tók af sér húfuna og þurkaði af sér svitann með vetlingunum. Björg kom fram í göngin.

»Eg var orðin hrædd um að þér hefði hlekt eitthvað á, skelfing hefurðu verið lengi«.

»Hvernig líður Rúnu?« spurði Jón.

»Hún er miklu skárri; eg er búin að hátta hana«. Björg var komin út í dyr. — »Ja, hérna maður, hvaða feikna skepna er þetta! Komið þið út, krakkar!«

»Eg hafði ekki skap í mér til þess að taka Surt litla; eg valdi heldur einn af gömlu sauðunum.« Jón steig á selinn og lét spikið rugga undir fætinum.

Krakkarnir voru komnir út; þeir kjössuðu og klöppuðu selnum og skoðuðu í honum augun.

»Eg er ekki farin að þakka þér fyrir veiðina.« Björg tók utan um Jón og kysti hann.

Gnípufjöllin voru horfin inn í dimmuna, bærinn stóð snjógur og þegjandi á árbakkanum — en langt, langt úti á hafi stakk skarfurinn sér glaðvakandi eftir sild.

Agrip af sögu holdsveikinnar á Íslandi.*)

Eftir *Sæmund Bjarnhjedinsson.*

Sjúkdómur sá, sem hér á landi er nú alment nefndur *holdsveiki*, er afargamall. Menn verða hans varir mörgum öldum fyrir Krists burð.

Hvenær hann kom til Norðurlanda vita menn ekki. Sumir ætla, að Norðmenn hafi sótt hann suður til Ítalíu, til Langbarða. Því þar segir sagan að hafi verið mikið um holdsveiki. Engin fullnægjandi rök eru þó fyrir því, að hann hafi komið þaðan til Noregs. — Norskir holdsveikislæknar (*Armauer Hansen* og *Lie*¹⁾ ætla að sjúkdómurinn hafi verið orðinn allútbreiddur á 10.—11. öld í Noregi og vitna til *Gulaþingslaga*, en eftir þeim voru *líkþráir* menn lausir við hernaðarskyldu. Telja þeir líklegast, að hann hafi komið til Noregs frá Bretlandi og Írlandi. Voru þar holdsveikisspítalar á 10. öld.

Jafnmikil óvissa er um það, hvenær holdsveikin hafi komið hingað út til Íslands.

Þeir félagar *Eggert Ólafsson* og *Bjarni Pálsson*²⁾ ætla, að hún hafi komið til landsins með landnámsmönnum og á söguöldinni frá Noregi. Sömu skoðun fylgir *Jón Hjaltalín*³⁾.

Nú hafa menn eigi annað við að styðjast frá þessu tímabili en sögurnar, sem auðvitað gætu skýrt jafnrétt frá þessu eins og ýmsu öðru. En sögurnar tala afar lítið um sjúkdóma manna, aðra en þá, sem stafa af vopnavið-

*) Endursögn á ritgerð minni *Leprosy in Iceland* í II. Internationale wissenschaftliche Lepra-Konferenz 1909.

skiftum. Að vera kvellisamur þótti lítt sæmandi hraustum drengjum og nóg var til, sem geymdist betur í hugum manna þangað til viðburðirnir voru skráðir.

En skoðun þessara höfunda styðst þó við sögurnar, við sögu Ólafs Tryggvasonar, frásöguna þar um Þórhall Knapp á Knappstöðum í Fljótum, um líkþrá hans og lækningu fyrir mátt konungs, og *Ljósveitningasögu*, frásögnina um Þorvald hinn líkþrá og Má frænda hans, er var einn á skipi þeirra Kálfs kristna og Þorvarðar Höskulds-sonar. Már myrti frænda sinn Þorvald til að losna við hann, en þá komu langvinnar byrleysur, svo til vandræða horfði. Eftir þriggja daga föstu var málið lagt í guðsdóm og hlutkesti varpað um, hver skipverja væri valdur að þessu, og kom upp hlutur Mús.

Er auðsætt, að hvorug þessara sagna hefir neitt sönnunargildi. Sagan um Þórhall Knapp virðist líkjast öðrum dýrlingasögum og alllíklegt, að þeir Oddur og Gunnlaugur munkar hafi bætt henni inn í. Hin sagan, um Þorvald líkþráa og Má, kemur aðalsögunni lítið við, enda virðist sami munkakreddublær á henni. Auk þess þykir Ljósveitningasaga eigi sem áreiðanlegust að ýmsu leyti.

Jóni Thorstenson ⁴⁾ þykir og þessi skoðun ólíkleg. Telur hann líklegast að holdsveikin hafi komið til Norðurlanda á Krossferðatímunum eða með Serkjum til Spánar og breiðst svo þaðan út aftur, og svo loks komið hingað út.

Ehlers ⁵⁾ þykir sennilegast, að holdsveikin hafi fluzt hingað í lok 12. aldar frá Noregi.

En um það er heldur ekki hægt að segja neitt ákveðið hvorki með né móti.

Í hinum fornu lögbókum vorum *Grágás* og *Jónsbók* mun sjúkdómurinn ekki vera nefndur á nafn.

Í *Ísl. fornbrs.* er holdsveikin eða líkþrá eigi nefnd fram yfir árið 1400, nema hvað orðið *líkþrá* kemur fyrir í »hinu minna banni«, sem Árni biskup Þorvaldsson las upp á alþingi 1281 ⁶⁾. Menn mundu ætla, að sjúkdómsins væri að einhverju getið, ef hann hefði verið orðinn nokkuð almennur á þessu tímabili. Eins og áður var

minst á, höfðu Norðmenn búið til lagaákvæði viðvikjandi honum, og sama gjörðu Danir. Hitt er ekkert undarlegt, þótt höfundarnir þektu sjúkdómsheitið og sjúkdóminn. Í útlöndum var veikin orðin mögnuð, og Íslendingar fóru víða á þessum öldum.

Sveinn Pálsson ⁷⁾ getur til, að *Gizur biskup* hafi haft »sárasótt«, en hún hugði hann, að hefði verið sama og holdsveiki og ef til vill kirtlaveiki. *Hungurvaka* segir að biskup hafi verið orðinn lasburða, er hann var átræður: . . . »En sótt elnaði á hendur Gizuri biskup og gjörðist hörð, ströng og óhæg og féllu stór sár á hörund hans alt að beini og fylgdu stór óhægindi af verkjum«. Af þessari lýsingu verður þó að telja lítil líkindi til að þetta hafi verið holdsveikissár. Það eru nóg önnur sár til, sem svona háaldraðir og veikir menn fá fremur.

Jón Sigurðsson ⁸⁾ hefir og í athugasemd við bréf Gregoríusar páfa IX. til Sigurðar erkibiskups í Niðarósi ^{11/5} 1237 um að veita *Magnúsi Skálholtsbiskupi Gizurarsyni* lausn frá embætti samkvæmt beiðni hans og að fá honum sæmilegt uppeldi af stólseignunum, getið til, að biskup hafi verið holdsveikur. En sú tilgáta styðst þó eigi við nægileg rök í páfabréfinu. Þar er að eins talað um »langvinnan og, að áliti manna, ólæknandi krankleika« (infirmitas).

Annarstaðar hefi eg ekki orðið var við neitt í frásögnum um Magnús biskup, er bendi á, að tilgátan sé rétt. Biskupinn dó skömmu seinna, svo að páfabréfið hefir naumast komið út hingað áður en hann dó.

Í fyrsta skifti sem tilgreindur maður hér á landi er nefndur holdsveikur í opinberu bréfi er 1413 ⁹⁾. Bréfið er frá Jóhannesi páfa XXIII. dags. 24. júlí til Jóhannesar biskups í Lübeck. Hafði páfa borist til eyrna, að *Jón biskup í Skálholti* (1406—1413) væri svo þjáður og þjakaður af holdsveiki (lepra) og öðrum þungum og ólæknandi sjúkdómum, að bæði á höndum og fótum grotnaði holdið í sundur og dytti af ásamt beinunum. Hann væri því talinn óhæfur og ófær til að stjórna andlegum og veraldlegum málum Skálholtsbiskupsdæmis. Spyrst páfi

fyrir um það, hvort íslenzkur kanúki, ungur, af Ágústínusarreglu, *Árni Ólafsson*, muni eigi fær um að vera aðstoðarmaður biskups og veita biskupsdæminu forstöðu. Eins og kunnugt er varð *Árni* eftirmaður *Jóns* biskups.

Sjúkdómurinn er nefndur holdsveiki. Lýsingin á honum er að visu ekki nákvæm, sem ekki heldur má búast við, en hún bendir þó á með allmiklum líkum, að þetta sé réttnefni, og þá hefir það verið það, sem kallað er seinna *limafallssýki* (*lepra anæsthetica mutilans*).

Einkennilegt er það, að þessi fyrsti maður hér á landi, sem sennileg rök eru fyrir, að hafi haft holdsveiki, var annar biskupa landsins. Holdsveiki hefir ætíð komið fremur fyrir hjá fátæklingunum, alþýðunni, þótt margir stórhöfðingjar fengju hana einnig á miðöldunum. Menn skyldu því ætla, að hún hafi verið orðin allútbreidd hjá alþýðu hér á landi, þar sem biskupinn slapp ekki einu sinni.

En annars er þess gætandi, að *Jón* biskup var Norðmaður; hann kom að líkindum eigi til Íslands fyr en hann tók við embætti sínu, en hafði verið seinast ábóti í Munklífi við *Björgvin*. Þar hafði holdsveikin og hefir lengstum verið afarmögnuð. Þegar páfabréfið var skrifað hefir sjúkdómurinn verið kominn á hátt stig, eftir lýsingunni að dæma, og hlýtur að hafa verið orðinn nokkurra ára gamall. Það er því sennilegast, að biskup hafi tekið veikina í Noregi, áður en hann fór út til Íslands 1406.

Svarti dauði (1402—1404) drap að sögn $\frac{2}{3}$ landsbúa. Ólíklegt er það mjög, að margir holdsveikir hefðu sloppið lifandi undan honum, þótt holdsveiki hefði verið hér, sem menn geta eigi séð nein óhrekjanleg rök fyrir. Eigi hefi eg orðið var við neitt, sem sýni manni, hvort hún hefir haft mikla útbreiðslu síðari hluta 15. aldarinnar. Undir lok aldarinnar gekk önnur stórsóttin, sem drap fjölda fólks — vafalaust holdsveika með, ef þess konar sjúklingar hafa verið hér. Þessi vesaldómsöld var vel löguð til þess að breiða út langvinna sjúkdóma, eins og holdsveiki. Örbirgð og óþrifnaður hefir efalaust verið

til hér í ríkum mæli. En þau systkinin hafa lengi þótt vænlegust til útbreiðslu og aðstoðar holdsveikisgerlinum.

Hvenær holdsveikin kom til landsins verður ekki séð. Hitt er víst, að um miðja 16. öldina er hún búin að ná svo mikilli útbreiðslu, að mönnum stendur stuggur af og vilja láta gera opinberar ráðstafanir til að hefta útbreiðslu hennar. Á miðöldunum var sú skoðun almenn, að sjúkdómurinn væri nærur, bærist mann frá manni, og þá vildu menn hafa hér sömu aðferðina og erlendis, aðferð, sem hafði gefist mæta vel: Einangrun holdsveiklinganna í hinum svo nefndu holdsveikrahælum eða spítölum.

Árið 1555 skipar *Kristján konungur þriðji* höfuðsmanni sínum hér á landi, *Knud Steensen*, að stefna saman 12 mönnum, til þess að koma meðal annars með tillögur um fækkun ýmsra óþarfra bænahúsa og kirkna, sem dýrt þótti að halda við, og um uppeldi presta og spítala. Komu þeir saman á Bessastöðum í júnimánuði, biskuparnir báðir, *Marteinn Einarsson* og *Ólafur Hjaltason*, og lögmennirnir báðir, *Eggert Hannesson* og *Oddur Gottskálksson*. Ennfremur 4 prestar og 4 leikmenn.

Tillaga þeirra er hin svo kallaða *Bessastadasamþykkt* ¹⁰⁾. Var þar ætlast til, að helmingur af lausafé og kúgildum þeirra bænahúsa og kirkna, sem leggja skyldi niður, gengi til prestanna og uppeldis spítalanna, sem hinir sjúku skulu innleggjast í. Jafnframt voru nefndar 4 jarðir, ein í hverjum landsfjórðungi, sem bezt þættu fallnar til að hafa til spítalanna. Þær voru: *Kaldadarnes*, *Gufudalur*, *Glaumbær* og *Bjarnanes*. Vestmannaeyjingar skyldu greiða fjórðung venjulegrar tíundar (3: hvern tíunda fisk í fjöru) til »þeirra manna spítala«, sem reistur yrði í Sunnlendingafjórðungi.

Konungur synjaði samþykkis síns á þessu í bréfi til Knud Steensens ári seinna (¹⁶/₄ 1556). Segir þar, að ekki þyki þörf á að setja spítala á stofn að svo stöddu, meðan fátækir flakki um landið og leiti sér uppeldis þar sem þeir

geti. Sýslumenn eigi að annast það, að fátæklingarnir verði fluttir innan sýslu, úr einum stað í annan, samkvæmt íslenskum lögum og gamalli venju.

Í þessum bréfum er að vísu ekki beinlínis nefnd holdsveiki. Heldur er þar talað um »hina fátæku« og »sjúku«. En það kemur oft fyrir í bréfum spítalanna, bæði hér á landi og annarsstaðar, að svo óákveðið er komist að orði, þótt auðsætt sé, að átt sé við holdsveika. Valið á spítalajörðum, sem er svipað eins og hundrað árum seinna, ein í hverjum fjórðungi, bendir og í sömu átt.

Þótt ekkert yrði úr því, að einangrunarspítalar yrðu settir á stofn í þetta skifti, reka menn sig við og við á ákvæði og bréf um holdsveikina.

Þannig var samþykkt ordinantia um hjónabönd, »*hjónabandsartikular*«, 1587¹⁰). Samkvæmt þeim var það ekki talin skilnaðarsök, þótt annað hjóna fengi *franzós* eða *holdsveiki* í hjónabandinu. Það áttu þau að bera með þolinmæði eins og hvern annan kross, sem drottinn legði þeim á herðar. Hins vegar var það skilnaðarsök, ef annað þeirra var orðið holdsveikt áður en það giftist, en hefði leynt því og svo sýkt hitt.

Nokkrum árum síðar, 1593, fær *Jón lögmaður Jónsson* frá Svalbarði¹¹) bréf frá ríkisráði Dana, svar upp á bænarskrá sína. Lögmaður hafði meðal annars minnst á Bessastaðasamþykktina og tillögurnar þar um stofnun spítalanna, að Kristján þriðji hefði lofað að samþykkja þær, að þær hefðu tvisvar verið sendar syni hans, *Friðriki öðrum*, í fullu trausti um staðfestingu konungs. En hvernig sem á því stæði, hefði engin úrlausn þeirra mála fengist né svar, og stæði því alt þetta aðgjörðalaust. Mæltist lögmaður til, að hinar umræddu jarðir yrðu samþykktar og staðfestar »að verða og bliffa til hospitala þar í landinu«. Ríkisstjórnin vísaði málinu til herradagsins, en lofaði svo greiðu svari.

Það er auðséð á öllu, að samþykki hefir ekki fengist. Enn þá liðu um 60 ár áður en konungur uppfylti þessa bæn Íslendinga; það var ekki fyr en um miðja 17. öld.

Á þessu tímabili hefir sjúkdómurinn náð mikilli útbreiðslu. Má ráða það af því, að getið er um ýmsa nafnkenda menn, einkum á fyrri hluta 17. aldarinnar, sem voru holdsveikir.

Í bréfi *Friðriks konungs þriðja* (¹⁰/₅ 1650) til höfuðsmannsins, *Hinriks Bjelke* aðmiráls, um holdsveikina o. fl. segir, að af skýrslu höfuðsmanns megi sjá, að holdsveikin á Íslandi hafi aukist mjög vegna hirðuleysis og óþrifnaðar í híbýlum alþýðunnar. Skorar konungur á höfuðsmann og helztu menn landsins að rannsaka þetta og yfirvega, hvernig stemma megi stigu fyrir útbreiðslu veikinnar.¹⁰⁾

Ári síðar (¹⁰/₅ 1651) leyfir konungur að taka megi 4 af konungs og krúnunnar jörðum undir spítala handa örsnauðum holdsveikum og vanfærum mönnum, eina í hverjum landsfjórðungi. En höfuðsmaður, með báðum biskupum og helztu mönnum, geri ráðstöfun um það, hvernig þessir þurfamenn í spítölunum geti fengið uppeldi sitt.¹⁰⁾

Næsta ár (1652) komu enn konungsbréf um spítalana, á hvaða jörðum eigi að byggja þá, fyrir komulag þeirra og tekjur.¹⁰⁾

Því hefir verið haldið fram (*Danielsen og Boeck*)¹², að *holdsveikra*-spítalar hafi verið til hér á landi fyrir þennan tíma. Þessir höfundar vitna að því leyti í það sem *Th. Bartholin* skrifar um það 1672: Fyrrum var holdsveiki óefað almenn á hinum norðlægu eyjum vorum, Færeyjum og Íslandi, eins og spítalar, sem þar hafa verið reistir, bera vott um, en nú eru tómir og að falli komnir.

Það mætti hugsa sér að *Bartholin* ætti við *Gaulverjabæjarspítala*⁶⁾, hinn svokallaða »*lærðra manna spítala*«, sem þeir *Haukur lögmaður Erlendsson* og *Árni biskup Helgason* létu reisa 1308. Átti hver prestur að borga mörk til hans. En spítali þessi var ætlaður efnalausum upp-gjafaprestum. Líklega hefir sóknarpresturinn átt að ala

önn fyrir þeim að einhverju leyti. Í Vilchinsmáldaga (1397) er þess getið, að Hrafn prestur hafi fengið 4 merkur í *Spítalstoll*.¹³⁾

Finnur biskup getur þess, að 1563 hafi uppgjafaprestar í Skálholtsbiskupsdæmi fengið styrk af ýmsum betri brauðum þar í biskupsdæminu og tilgreinir þau. Segir hann, að spítali sá, er Árni biskup Helgason hafi sett forðum og duga mátti prestum meðan þeir voru ókvæntir, hafi orðið þeim ónógur eftir siðabótina með konu og börnum. Biskup færir rök fyrir því, að spítalinn hafi staðið að minsta kosti fram að 1618¹⁴⁾.

Þá er *Viðeyjarspítali*. Hann er nefndur 1638¹⁰⁾. Eigi virðist hann vera ætlaður holdsveikum. *Dr. M. Stephensen*¹⁵⁾ segir, að hann hafi upphaflega verið stofnaður, til að losa lénsherra konungs við sníkjugesti. Seinna fengu þar uppeldi örvasa og snauðir leiguliðar á konungsjörðum í Gullbringu- og Kjósarsýslum. Eftir miðja 18. öldina var spítalinn fluttur yfir að *Gufunesi* og svo loks lagður niður 1793.

Í þeim gögnum, sem eg hefi náð í, verð eg eigi var við aðra spítala — auk holdsveikraspítalanna. Sumir rithöfundar hafa haldið því fram, að á Norðurlöndum hafi allir spítalar (hospitöl) á miðöldunum verið ætlaðir holdsveikum. Að það sé ekki rétt kenning, sýnir meðal annars lærðramannaspítalinn í Gaulverjabæ. Sama sanna og nýjustu rannsóknir um spítalana í Noregi¹⁾.

Holdsvaikraspítalarnir 1652--1848.

Nafnið er auðvitað komið úr latínu, hospitium (gisti-hæli), en verður svo *hospital*, *spítal*, *spítall*, *spítali*. Af þessu er svo búið til *spítalska* eða *spítelska* og *spítalskur*. Ennfremur ætla norskir holdsveikislæknar, að *spiltur* = spedalsk sé af sama uppruna. Um réttmæti þeirrar skoðunar skal eg ekkert segja.

Þær jarðir, sem Friðrik konungur þriðji leyfði að taka mætti handa spítölunum, voru þessar fjórar:

1. Hörgsland á Síðu handa Austfirðingum,
2. Klausturhólar í Grímsnesi handa Sunnlendingum,
3. Hallbjarnareyri í Eyrarsveit handa Vestfirðingum og
4. Möðrufell í Eyjafirði handa Norðlendingum.

Stjórn spítalanna skyldu hafa *umsjónarmennirnir* (inspectores), en það voru biskupar báðir, sinn í hvoru biskupsdæmi, og lögmenn, sinn í hvoru lögmansdæmi. Þannig stjórnaði Skálholtsbiskup þrem spítölum, en Hólabiskup að eins Möðrufellsspítala. Lögmenn aftur á móti skiftu jafnt á milli sín, höfðu hvor sína tvo spítala til umsjónar. Þetta fyrirkomulag hélzt þangað til lögmannsembættin voru lögð niður árið 1800, og tóku amtmenn þá við ásamt biskupum. Umsjónarmenn skyldu sjá spítölunum fyrir forstöðumönnum, heiðursverðum dánumönnum, sem sæju um, að tekjum þeirra væri varið til uppeldis fátækum, þurfandi mönnum. Fyrst framan af voru þessir menn nefndir *forstöðumenn* eða *umboðsmenn*, seinna *hospitalsforstandarar*, *hospítalshaldarar* og loks *hospítalsráðsmenn*, svo sem þeir voru líka stundum kallaðir fyrst framan af.

Tekjur spítalanna ákvað konungur samkvæmt tilögum landsmanna þannig:

1. Innan húsmuni, sem klaustrin þyrftu eigi á að halda, mætti leggja til spítalanna.
2. Vissar Kristsfjárjarðir.
3. Ölmusur og gjafir frá innlendum og útlendum.
4. Gjafir frá ættingjum holdsveikra, er lögum samkvæmt hefðu framfærsluskyldu þeirra á hendi, ef sjúklingarnir væru eigi teknir í spítala.
5. Leyfisgjöld fyrir hjónabönd þremmeninga.
6. Sáttagjörðagjöld og þvilíkt gefur konungur til spítalanna, þó að óskertum réttindum krúnunnar, lögum samkvæmt.
7. Ýmsar sektir og leyfisgjöld, svo sem uppreistargjald presta o. fl., fengu spítalarnir von bráðar.
8. Hospitalshlutir. Með alþingissamþykktum árin 1652-53

ákveða lögmenn með lögréttumönnum, að greiða skuli af hverjum fiskibát, sem gengur til sjávar, á ári hverju ákveðinn dag einn hlut eða, ef ekki gefur, þá fyrsta dag á eftir sem gefur. Þetta voru hinir svo nefndu *hospitalshlutir*; voru þeir illa þokkaðir og komu ranglega niður á gjaldendum landsins, en voru þó greiddir fram yfir miðja 19. öld, oft sviksamlega, sem seinna verður vikið að.

Forlagseyri, $3\frac{1}{2}$ hundrad á landvísu með karlmanni, en $2\frac{1}{2}$ hundr. með kvenmanni, voru hrepparnir skyldir að greiða með þeim fátæklingum, sem fóru í spítalana, en voru svo efnalausir, að þeir gátu ekki lagt neinn forlagseyri með sér, og höfðu ekkert framfæri annað en hreppana, enda má eigi taka þá framár úr spítölunum. Ef hinir vanfæru eiga nokkrar eignir sjálfir, leggist það með þeim til spítalanna. — Ef dæmdir ómagar koma þar inn, þá leggi þeirra frændur, sem að lögum eiga þá fram að færa, fullan forlagseyri eftir samningi við »spítalaforstandarann«.

Biskuparnir leituðu gjafa til spítalanna, einkum hjá sýslumönnum og prestum, og safnaðist nokkuð fé á þann hátt, en eigi allmikið. Mest gáfu biskuparnir, 5 hundruð hvor, og Brynjólfur biskup 1 hundrad í ársgjald. Gjafirnar úr Hólabiskupsdæmi segir *Espólin* að hafi verið 20 hundr. og einn kapall. Nokkru meiri munu þær hafa orðið í Skálholtsbiskupsdæmi.

Þannig var þá svo komið, að holdsveikisspítala skyldi reisa. Jarðirnar voru fengnar og tekjur lögákveðnar, þótt óvissar væru að ýmsu leyti.

Þeir umsjónarmennirnir syðra, *meistari Brynjólfur* og *Árni lögmaður Oddsson*, urðu eigi alls kostar á eitt sáttir um það, *hvenær* taka skyldi sjúklinga inn á spítalajarðirnar. Í bréfabókum Brynjólfs biskups¹⁶⁾ eru nokkur bréf, sem farið hafa á milli þeirra sumarið og haustið 1652.

Biskup vildi útvega ráðsmenn frá fardögum 1653, láta þá innheimta tekjur spítalanna, annast um spítala-

smíðina, kaupa nauðsynlegar vörur, klæðnað og rúmfatnað, í stuttu máli, setja spítalana fullkomlega í lag, en afganginn af tekjunum skyldi leggja inn í reikning hjá kaupmönnum, láta hann á rentu hjá verzlunarfélaginu (sem þá hafði leigt verzlunina) og taka ekki fleiri sjúklinga í spítalana en svo, að renturnar hrykkju til uppeldis þeim. Eftir því sem höfuðstóllinn yxi, mundu renturnar aukast og þá yrði smám saman hægt að fjölga sjúklingunum í spítölunum. Yrði tekjunum eytt jafnóðum, spáði biskup þeim stuttum aldri.

»Að blanda saman *kreinktum* mönnum og heilbrigðum, sem á þeim bæ (þ. e. Klausturhólum) skuli í lítilmótlegum kofum eiga samveru . . . hvar til eg hef ekki samvizku í svo viðurstygglegum og **næmum** krankleik.«

Í öðru bréfi segir biskup út af ráðsmanna ráðningu: »Það mundi fæla sjerhvern þann er á nokkra úrkosti og til er trúandi, skuli inn í hans hús eða herbergi slíkir *kreinkt*ir menn innlagðir verða, svo hann þá annist um, viðgangist í sínum eigin húsum, sem sitt eigið fólk, með því þess háttar manneskjum fylgir stundum framgirn, óþakklæti framar öðrum veikum.«

Lögmaður vildi eigi biða eftir því, að spítalarnir yrðu bygðir, heldur taka sjúklinga þegar í stað inn í bæina á spítalajörðunum, en þar bjuggu ráðsmennirnir. Hann telur ekki meiri hættu af því en að láta holdsveiklingana flakka um sveitirnar meðan á spítalasmíðinni stendur, þar sem þeir sofi, eti og drekki í sömu kofunum og heilbrigðir.

Það eru fullalvarlegar áminningar, sem æðsti maður kirkjunnar hér á landi, biskupinn, fær hjá þessum veraldlega valdsmanni, Árna lögmanni:

. . . »til þess yðar þúnkts um ábyrgð að hafa á heilsu eða vanheilsu þeirra, sem eru meðal annara samblandaðir í Klausturhólakofunum, kann eg ekki að svara utan að undrast slíka þanka, Guð sé oss öllum náðugur og miskunsamur: Hann er sá sem gefur og varðveitir vora heilsu. Það þarf eg ekki yðar h(erra)d(óm) segja; en það segi eg, ef þér afsegið yðar ábyrgð á þeim, sem

verða í Klausturhólum, þá ekki síður afsegi eg mína ábyrgð á þeim, sem fara um hreppana og ekki eru teknir á hospitölin, en þar eiga þó með réttu að vera, ella svo margir, sem búin kunna að forsorga. Mun ekki þar að koma, að einhverjir verði þeim veiku að þjóna: Jafnvel prestarnir, þá þeir gefa þeim heilaga aflausn og rétta þeim sakramentið. *Vér megum ekki vera svo vantrúaðir, að nokkur muni spillast af því þótt hann í sinni réttri köllun þjeni þeim fátæku.* Það verða einhverir að gjöra . . .»

Biskup minti lögmann á, að menn mættu ekki freista guðs, sízt væri það leyfilegt þar sem væri að ræða um að steypa öðrum í hættu.

Lögmaður hafði auðsjáanlega ekki neina trú á, að hægt yrði að framfleyta spítalásjúlkingunum á rentum höfuðstólsins eingöngu. Neitaði hann algjörlega að trúa verzlunarfélaginu fyrir þeim peningum, en vildi þá heldur lána féð áreiðanlegum íslenzkum mönnum. Það varð líka fullerfitt að fá renturnar af þeim peningum, sem *Pingel* átti að ávaxta fyrir spítalana á 18. öldinni.

Báðir þessir menn voru, hvor í sinni röð, fremstu og mentuðustu menn hér á landi á þeim tíma. Voru þeir samfærðir um sóttnæmi holdsveikinnar og var fyllilega ljóst, hver tilgangur spítalanna átti að verða, einangrun hinna sýktu. En að því leyti eru þeir frábrugðnir, að skoðanir biskupsins um sóttnæmishættuna eru í fyllsta samræmi við kenningar kreddulausra nútíðarmanna, þar sem lögmaður er á sömu skoðun og hinir þröngsýnustu ofstækistrúarmenn: að sóttnæmishættunnar gæti eigi, ef menn stofna sér í hana í guðspakarskyni eða við kirkjulegar athafnir.

Möðrufellsspítali segir Espólin, að hafi verið bygður 1652. Líklega er það ekki rétt. Fyrir 1653 hefir það varla verið gjört. Þá um vorið var fyrsti ráðsmaður skipaður, *Grimur Sigurðsson*. Hann fekk í ómakslaun 5 hundruð á landsvísu. Sama ár (um haust-

ið?) var holdsveikur sjúklingur tekinn í »ölmusutölu fátækra og vanfærra manna«. Þrjú kúgildi voru spítalanum afhent þegar í fyrstu frá Möðruvallaklaustri. (Sbr. brb. Þorl. Sks. bls. 217, 216 og 228¹⁷).

Hallbjarnareyrarspítali. Fyrsta fardagaárið (1653—54) var þar ráðsmaður, sem hét Þórður Guðmundsson. Sjúklingar hafa naumast verið teknir þangað fyr en sumarið 1655. Stóð eitthvað á húsabyggingum. Um vorið það ár (¹⁷/₄) segir biskup¹⁶) »að þeir fyrir Jöklinum vilji endilega að hospitalið stiftist nú í vor, fátækum til innsetningar og nota, án alls lengri undandráttar, hvörs eg hvorki vil nje mega þykist þeim synja, svo ei mjer sje um kennt.«

Klausturhólaspítali. Fyrstu sjúklingarnir hafa eigi komið fyr en sumarið 1654. Um haustið er getið um 3 sjúklinga og til er kvittun til fyrsta ráðsmannsins Jóns Árnasonar (⁶/₆ 1654) fyrir kirkjunni og peningum og talað um »nýtt hospitalshús«, sem hann hafi bygt.

Hörgslandsspítali. Þangað hafa varla komið sjúklingar fyr en sumarið 1654, samkvæmt gjörningum biskups¹⁶) við fyrsta forstöðumanninn, Eirík Sigvaldason (¹¹/₁₁ 1652): . . . En hvort nokkrir eða hve margir fátækir menn komast kynnu inn í hospitalið þetta næstkomandi fardagaár stendur þar til menn sjá hvör formeigun og aðdráttur að kemur, skulu þá eptir hentugleikum svo margir innsetjast, að vel sje færilegt«. Þetta ár átti að byggja spítalahúsin. Í gjörningi biskups 1654 stendur: »Nú framvegis vill hann taka 3 spítelska menn úr Skaftafellssýslu«. Eigi voru hús spítalans þá fullgjörð. En 1657 »segir Eiríkur sína ábyrgð af þeim spítalahúsum á Hörgslandi, sem hann hefir gjöra látið eftir fyrirsögn M. Brynjólfs«. (Alpb. 1657).

Það hafa farið ófagrar sögur af húsakynnum holdsveikraspítalanna gömlu og það með réttu, eins og síðar mun drepíð verða á. Rétt þykir því að athuga, hvernig þessi allra fyrstu spítalahús voru.

Menn verða að gæta þess, að húsabyggingar hér á landi stóðu á mjög lágu stigi á 15. og 16. öldinni, og verður því að meta spítalahúsin í samanburði við híbýli almennings hér á landi á þeim tímum.

Það vill svo til, að í bréfabók meistara Brynjólfs Sveinssonar eru gjörningar eða byggingarbréf fyrir hina fyrstu forstöðumenn spítalanna á *Hörgslandi* og *Klausturhólum*, þá Eirík Sigvaldason og Jón Árnason. Er þar ákveðin skipun um það, hvernig húsin skulu vera gjörð og fyrir hve marga sjúklinga. Var ætlast til, að þau yrðu eins á báðum stöðum og nægir því að setja hér kafla úr gjörning biskups við Hörgslandsráðsmanninn um þetta efni, dags. 11. nóv. 1652:

»Fyrst skal hann (Eiríkur) að næstkomandi fardögum alla jörðina Hörgsland mega að sér taka og hana frá þeim fardögum til annara nytka og brúka til allra gagnsnytja þeirra, sem réttur umboðshaldari má að lögum og rétti hafa og hana til undirbúnings hospítalínu hýsa og byggja

Skal Eiríkur fyrst ástunda og kapps um kosta, að uppbyggist þau híbýli, sem þeir fátæku, veiku menn eiga í að hvílast upp á réttan reikningsskap, svo sú bygging verði *sterk og varanleg, bæði að moldum og viðum*.

Skulu þau hús vera utan bæjar, eigi allnærri bænum, sem næst má við vatn rennandi, eptir því sem til hagar. Vil eg að húsin séu fjögur í ferköntuðu plássu, er inn taki hlaðið, svo að sjerhvört húsið svo nær hvört öðru, að ei sje nema portshliðarvidd hvort frá öðru: *Skálahús* í einum karminum, sex rúmstæði hvoru megin. Þar á móts við *borðstofan* jafnlöng við skálann, en sú tópt sé hlaðin sundur í miðjunni, svo tvö hús verði úr gjörð, annað *stofan*, en annað *matargeymsluhús*. Þriðja tóptin jafnlöng, en afhlaðin í miðjunni, svo tvö hús verði, annað *til geymslu þeirra óhreinu fata*, sem veikir menn leggja af sér, en annað *þjónustuhús*, hvar inni þær liggi og hafi þau hreinu fötin hjá sér inni. — Fjórða húsið gagnvart, jafnlöng tópt og hin fyrri, sje *baðstofa* svo stór, að í öðr-

um karminum, sem er *bekkurinn* sitja megi 12 karlmenn svo rúmt, að eigi komi hver við annan, en í öðrum karminum sè *pallur* og *önstofa*, svo aptur væri.

Skulu dyrnar allar í húsunum inn horfa í garðinn og kampur með fordyrum á hvörju húsi. — Fimta húsið skal laust við húsinn utan, sem vera skal *eldhúsið* eptir því sem nægir til matgjörðar.

Þessi hús skal Eiríkur af góðum kostum gjöra það fyrsta honum er mögulegt, svo mikið á þessu ári (1653—54) sem hann getur orkað.

Sjúkrahúsin hafa þá, eins og vænta mátti, verið bygð úr sama efni og sveitabæi hefir verið vant að byggja, úr »moldum og viði«, en sterk og varanleg áttu þau að vera. Ekki er þess getið, hvort þau hafi verið þiljuð að innan, en líklegt er það. Eigi er heldur minnst á hæð, breidd eða lengd þeirra. En sagt er þó að sex rúmstæði hafi verið hvoru megin í svefnskálanum. Hann hefir því verið sex stafgólf. En öll fjögur húsin voru jafnstór og mynduðu ferhyrning.

Væl hefir biskup viljað sjá sjúklingunum fyrir húsrými, þar sem hann ætlaði þeim *sérstakt svefnhús, borðstofu* og *badstofu*. Hefðu menn naumast geta búist við slíku hér á landi, sízt á þeim tímum. Að hann lét húsin vera hvert út af fyrir sig, með bili á milli, sem annars virðist óhentugt að ýmsu leyti, hefir líklega verið til þess að hægra yrði að bæta andrúmsloftið í þeim.

Í úttektarbréfi frá Hallbjarnareyri (11/9, 1658) sést, að þar var þá ekki nema eitt spítalahús, gott, byggt alt af nýjum viðum, enda hefir það í mesta lagi verið þriggja ára gamalt. Það var fjögur stafgólf á lengd með 7 rúmum. Ekki voru þar nema 4 sjúklingar.¹⁸⁾

Möðrufellsspítalahúsið fyrsta er mér ókunnugt um. Naumast hefir spítalinn verið stærri en Hallbjarnareyrarspítali.

Af þessu má sjá, að ætlast hefir verið til, að nálægt 40 holdsveiklingar gætu fengið

húsrúm á þessum fyrstu holdsveikraspítölum hér á landi.

Eg hefi eigi orðið var við neitt, sem benti á, að Brynjólfur biskup hafi breytt fyrirætlunum sínum um stærð sunnlenzku spítalanna, og um Hörgslandsspítala er beinlinis sagt, að ráðsmaður hafi gjört spítalahúsin eftir fyrirætlunum biskups, enda mundi enginn ráðsmaður hafa hafa dirfst að breyta beint á móti boðum hans í því efni.

Brynjólfur biskup, sem réð mestu um þetta mál, hefir auðsjáanlega hugsað sér spítalana alt öðru vísi en reyndin varð á seinna og baráttuna gegn veikinni viðtækari og áhrifameiri en hún varð. Það er engin vafi á því, að hann hefir ætlast til, að vel færi um sjúklingana. En til þess vantaði efnin. Tekjur spítalanna voru að miklu leyti algjörlega óvissar.

Fátæktin tepti þegar frá fyrstu allan þroska og þrif þeirra. Gjafir komu eigi svo teljandi sé, nema fyrsta árið og þó af skornum skamti. Aðrar tekjur, sem spítölunum voru ætlaðar, svo sem sektir, leyfisgjöld og einkum hospítalshlutir, voru greiddir með illu og slælega gengið eftir þeim. Verst gekk það í fjarlægum sveitum, þar sem erfiðast var að koma sjúklingum frá sér í spítalana, eins og samgöngurnar voru þá. Menn kusu þar fremur að halda sínum holdsveiklingum heima í sveitinni og — auðvitað þá að refjast um að borga til spítalanna.

1656 býður konungur, að nefnd verði skipuð til þess að leggja gjald á alþýðu, spítölunum til styrktar. Nefndin kom saman, en ekki varð neitt úr því, að alþýðu yrði lögð nein gjaldskylda á herðar til þeirra.

Ári seinna (1657) leizt Brynjólfi biskup eigi betur en það á efnahorfur spítalanna, að hann taldist á alþingi bréflæga undan að hafa lengur alt ómak og umsjón með hospítalshlutunum í Skálholtsbiskupsdæmi vegna tregðu alþýðunnar um greiðsluna. Kallaði eigi ágóðann svara kostnaðinum, svo að, ef slikt lagaðist eigi, neyddist hann »að

láta hjá liða« og hin fjarlægari tillögin leggja til hinna fátæku heima í sveitunum, er þá mættu meiri not af hafa. Það hann lögmennt sjá til slíkra hluta hin beztu ráð meðan konungur og léns herrann gjörði þar eigi aðra skipun á, en lézt mundu sjálfur á meðan byggja hospítalsjarðirnar, fátækum til gagnsemdar¹⁹).

Biskup gjörði alvöru af því ári seinna, 1658, að bregða spítalabúinu í Klausturhólum og skipaði¹⁶) ráðsmanni að láta flytja þaðan fjóra sjúklinga á sína sveit á kostnað spítalans og séu þeir þá lausir við Klausturhólaspítala. Ástæðan sé »nærverandi örbirgð og vanefni hospítalsins«.

Spítala þessum hefir því líklega verið lokað þetta ár algjörlega. Lengi var það þó ekki, því 1664 var þar »hospítalsforstandari« og tveir sjúklingar þar úr grendinni. Ekki var ástandið sérlega glæsilegt, því spítalaráðsmaðurinn, síra Gísli Þóroddson, neitaði tveim árum síðar að halda spítalann lengur, nema annar þeirra tveggja sjúklinga væri látinn fara, og gekk biskup að því. Segir ráðsmaður að fjölskylda þessa sjúklingsins, kona og börn, setjist þar upp, þegar þeim sýnist svo.

Dálitið skár farnast spítölunum á Hörgslandi og Hallbjarnareyri. Því þetta ár voru 4 sjúklingar í hvorum þeirra. Hve margir sjúklingar voru á Möðrufelli um þessar mundir veit eg ekki, en í bréfi frá 1675 til *Hrólfis Sigurðssonar* sýslumanns, byggir *Gísli biskup Þorláksson* honum jörðina »með fjórum ómögum spítelskum eða vanfærum«. .²⁰) Eitt af kærueitriðunum Jóns Eggertssonar á Gísla biskup (1680) var það, að hann sæi illa fyrir Möðrufellsspítalanum. Gæti maður ímyndað sér á því, að eigi hafi alt þótt ganga þar sem bezt, en annars verður eigi séð, hvort þetta kærueitriði hefir stuðst við betri rök en hin önnur²¹).

Eins og þegar hefir verið getið, komst, svo að segja í upphafi (1658), sú venja á, að gjöld, sem áttu að ganga til spítalanna úr fjarlægum héruðum, voru látin ganga til holdsveikra þar heima. Á þann hátt gengu þau að vísu

til uppeldis holdsveikum, en eigi til einangrunar og útrým-
ingar veikinni. Þeir sem heima voru, lifðu á sama hátt
og áður. Óheillaráð var það. Fólki hlaut að sjálfsögðu að
skoða spítalana fremur sem líknarstofnanir fyrir sveitar-
limi en til einangrunar holdsveikum. Þessi venja hélst
fram um 1720. Úr því kemur það sjaldan fyrir, en þó
einstaka sinnum í biskupstíð Geirs Vídalíns, t. a. m. um gjöld
úr Vopnafirði, en sú sveit átti að borga til Hörgslands-
spítala, þótt Vopnafirðingar hafi líklega aldrei komið þang-
að nokkrum holdsveikum manni.

Framh.

Um loftfarir.

Eftir *Andrés Björnsson*.

„Nil mortalibus arduum est,
cælum ipsum petimus — —“.

Horatius.

Mannkynið vill vita alt, reyna alt og ráða öllu, svo langt og vítt sem til næst. Nú er þegar svo komið, að varla er nokkur sá blettur á yfirborði jarðar, nema einstaka útskæklar, að þar sjái eigi til mannaferða eða mannvirkja. Niður í jörðina hafa menn einnig grafið sig langar leiðir. Þá fara menn ekki síður allra sinna ferða um sjóinn, og kafa í hann, ef á liggur, og — bráðum verður þeim jafn-greiðfarið um alt, loft, land og sjó.

Lengi hafði mannkynið þráð þetta hnoss, að geta flogið. Það vantaði ekki viljann, heldur máttinn. Meðan svo var ástatt varð að láta sér nægja að dreyma um þetta og yrkja um það, enda hefir það verið gjört, svo að um munar. Í trúar- og hjátrúarsögnum allra þjóða úir og grúir af fleygum verum, guða eða fjanda-kyns, alla leið ofan frá englunum og niður til seiðskrattanna, sem riðu gandreiddar á síðkveldum. Til eru og í þjóðsögum sagnir um hagleiksmenn, sem sagt var að hefðu ráðið gátuna af mannviti sínu einu saman (— vér Íslendingar eigum t. d. sagnirnar af Tindala-Íma —) og gjört sér flugtæki. Og víst er um það, að suma menn dreymdi þegar fyrr á öldum nokkuð í áttina til þess, sem nú er fram komið, svo sem síðar mun sýnt verða. En við þetta sat lengi vel. Það eru eigi nema rúmlega 120 ár síðan menn

fóru að geta fleytt sér nokkuð frá jörðu, og jafnvel eftir það voru framfarirnar í þessari grein mjög hægfara, þangað til nú á allra síðustu árum. Þá tóku ýmsir hugvitsmenn menningarþjóðanna að snúa sér að þessu viðfangsefni af svo miklu kappi, að vita mátti, að þeir mundu eigi gefast upp, fyr en takmarkinu væri náð. Og nú er loks svo komið, sökum hinna hraðstígu og stórstígu umbóta nútímans á allri vélasmíð, að mönnum er að mestu orðið sjálfrátt um hreyfingar sínar í loftinu. Má því heita að þrautin sé unnin, enda þótt mörg af loftförunum séu enn á tilraunastigi, og enn megi vænta margs konar breytinga og nýunga.

Loftförin eiga ekki saman nema nafnið; svo margs konar farkost hafa menn reynt að nota til loftferða. Þó má greina tvær aðaltegundir þeirra, eftir því hvort þau eru léttari eða þyngri en loftið. Það sem gjörir fyrri tegundina svona létt er belgur, fyltur einhverri lofttegund, sem léttari sé en venjulegt andrúmsloft. Þess konar efni eru mörg til og mislétt. Því léttara sem efnið er, og því meira sem af því er í belgnum, því meira er lyfti afl hans. Sé nú eigi festur við hann meiri þungi en svo, að hvortveggja til samans, belgurinn og alt sem hann á að lyfta, verði léttara en jafnrými þess af lofti, þá flýtur alt saman upp, samkvæmt eðlislögum þeim, sem kend eru við Arkimedes hinn gríska. En af því að andrúmsloftið þynnist og léttist, eftir því sem fjær dregur jörðunni, staðnæmist loftfarið, samkvæmt lögum þeim, er áður var getið, þegar svo hátt er komið, að það er orðið jafnpungt og sama rúmtak af lofti. Þarna flýtur það sjálfkrafa, líkt og skip á vatni. Margt er fleira líkt með skipunum og þessum loftförum, einkum þeim, er nú tíðkast, og hafa menn því nefnt þau loftskip og aðferðina loftsiglingar.

Á hinni tegundinni eru fletir, eða þynnur, úr einhverju léttu efni, annaðhvort fáar og gríðarstórar ummáls, eða þá fleiri og smærri. Svo eru notaðar hreyfivélar til þess að þetta loftið undir þeim, unz þrýstingur þeirra

loftstrauma neðan á þynnurnar er orðinn meiri en þyngd alls loftfarsins. Þegar svo er komið, losnar það frá jörðu. Þessi loftför hefja sig þannig til flugs, þótt þau séu þyngri en loftið umhverfis, eins og fuglarnir. Þessi aðferð er því kölluð flug, og áhöldin flugvélar.

Hér skal nú reynt að drepa stuttlega á aðalatriðin í framþróunarsögu þessara tegunda, hvórrar fyrir sig, og lýsa helztu loftförunum, eins og þau gjörast nú

I.

Loftsiglingar.

Sagt er að Archytos, grískur stærðfræðingur, læri-sveinn Pythagorasar, sem uppi var á 4. öld f. Kr., hafi gjört sér dúfu eina, sem fyllt var einhverjum »anda«, og gat hún þá liðið í loft upp. Þegar hún datt niður, varð að blása andanum í hana aftur. Eftir þessu ætti þá fyrsti vísirinn til loftsiglinganna að vera kominn frá Forn-Grikkjum, eins og svo margt annað gott.

Frakkneskur trúboði á 17. öld skýrir frá því, að Kínverjar hafi hleypt upp loftbelg til hátíðabrigða, er þar urðu konungaskifti 1306. Sumir hyggja, að þetta hafi reyndar verið flugdreki, líkur þeim, er börn leika sér að og láta vindinn lyfta, og ætti þetta þá heima í sögu flugvéla.

Cyrano de Bergerac hét maður. Hann vissi að heitt loft er léttara en kalt; vildi hann verma loftið í stórum glerflöskum við sólarhita; mundu þær þá svífa í loft upp, og mætti þá binda sig við þær.

Næst kemur til sögunnar kristmunkur einn, er hét Franzisko de Lana (1670). Honum datt margt gott í hug. Hann var þess fullviss, að loftið mundi vega eitthvað, eins og aðrir hlutir. Nú sagði hann að gjöra mætti geysistórar málmkúlur, holar innan og sem léttastar. Loftinu mætti svo ná úr þeim með því að fylla þær fyrst með vatni og láta það svo buna úr þeim aftur, án þess að

nokkurt loft kæmist inn í staðinn. (Hann vissi ekki að þetta er ógjörningur!). Þá væri ekkert eftir í þeim, og mundu þær því fljóta upp, ef þær væru ekki stjóraðar niður. Þyrfti því eigi annað en að festa bát og önnur áhöld neðan í þær, leysa landfestar og setja upp segl. Lækka mætti loftfarið með því að hleyppa lofti í eitthvað af kúlunum, en hækka með því að varpa útbyrðis þungavöru. Hann hætti að visu við að reyna að koma þessari hugsjón sinni í framkvæmd, hélt að guð mundi ekki leyfa slíkar byltingar, sem af því gæti leitt, en þessa er getið hér sökum þess, hve margt hann hefir séð af því, er síðar kom í ljós og notað varð. Nú á síðustu tímum hafa menn jafnvel verið að hugsa um að reyna málmkúlna-hugmyndina hans.

1680 sýndi Alfonso Borelli frá Neapel fram á það, hvílikum örðugleikum þetta hlyti að verða bundið í framkvæmdinni. Ef hylkin ættu ekki að verða alt of þung, þá yrði að gjöra þau svo þunn, að þau mundu leggjast saman af loftþrýstingnum.

Þá er að geta klerks nokkurs vestan úr Brasíliu, Lorenzo de Gusmas að nafni. Hann þóttist hafa fundið áhald til þess að komast leiðar sinnar um loftið, og lét mikið af því. Hann sneri sér til Jóhanns 5. Portúgalskonungs, sýndi honum fram á, að hvíliku dæmalausú gagni þetta mætti koma honum og ríki hans, og fékk af honum einkaleyfi til þess að smíða þetta áhald og fara með það. Svo er sagt, að hann hafi smíðað körfu úr pílviði með pappírþaki kúptu, kynt eld undir þakinu og liðið svo í loft upp, en rekist á hallarþakið og ónýtt farið, en komist sjálfur heill af. Þetta átti að hafa gjörst í Lissabon 1709 í viðurvist konungs og hirðarinnar. Sé þetta satt, þá hefir orðið sorglega lítið framhald af þessari fyrstu loftför. Hún virðist hafa gleymst að mestu leyti.

Þá má minnast rita Galiens munks (1759). Hann sagði, sem satt var, að ef tekið væri þunt loft, hátt ofan úr hæðum, og fyllt með því stórt hylki, þá mundi það geta lyft mikilli byrði, og smíðaði svo í huga sínum loftskip, sem var stærri en allur bærinn Avignon og átti að

bera 4 milj. manna með öllum farangri! Hitt gat hann ekki bent á, hvernig ætti að fara að því að ná í þetta loft.

Árið 1766 fann Englendingurinn Cavendish lofttegund þá, sem menn hafa kallað vetni, og nokkrum árum síðar er mælt að hann hafi þózt sjá, að fleyta mætti holum hlutum í loft upp, ef þeir væru fylltir með þessu létta efni. Hann gjörði þó engar tilraunir í þessa átt, en annar maður, Leo Cavallo, byrjaði á því, að blása út með því sápukulur, og tók svo að fylla með því belgi úr ýmsum efnum árið 1781. Honum tókst að fleyta þeim, en umbúðirnar voru ekki nógu þéttar, og gufaði vetnið út um þær. Bezt gáfust botnlangar úr jórturdýrum, og við þá var hann að fást, þegar þeir menn komust fram úr honum, sem alment eru taldir höfundar þessarar íþróttar, loftsiglinganna.

Það voru bræður tveir, *Joseph* og *Stephan Montgolfier*, synir auðugs pappírsgjörðarmanns í Annonay á Frakklandi. Þeir lögðu margt á gjörva hönd, og meðal annars brutu þeir heilann um loftfarir. Þeir þektu hugmynd Galiens um háloftið, sáu að skýin flutu í loftinu, og reyndu því að fylla belg með vatnsgufu. Hann lyftist þá að vísu, en gufan þéttist brátt og varð að vatni, og féll þá belgurinn til jarðar. Þá reyndu þeir reyk, en hann gufaði út um pappírshylkið. Svo kyntust þeir vetninu og reyndu það, en alt fór á sömu leið.

Þá datt þeim í hug, að það mundi vera rafmagnið, sem héldi skýjunum uppi. Þeir ætluðu nú að reyna að afla þess, kveyktu í hálfblautu heyi og ull, og létu gufa upp í pappírskúpu, sem tók 20 teningsstikur. Heita loftið lyfti nú kúpunni, og komst hún 300 stikur í loft upp. Þarna var þá sú aðferðin að nota heitt loft til loftfara fundin, eða endurfundin, og upp frá þessu týndu menn henni ekki niður aftur.

Þetta sýndu þeir bræður fyrst heima hjá sér 5. júní 1783, og barst fregnin fljótt út. Vísindamenn í Paris buðu þeim þangað, til þess að endurtaka þar tilraunina. Þeir hétu ferðinni, en Parísarbúum leiddist biðin, skutu saman

fé og fengu prófessor *Charles*, lærðan mann og vitran, til þess að reyna. Hann þekti lítið til aðferðar þeirra bræðra og tók flest upp hjá sjálfum sér. Hann bjó til stóran belg úr silki, bræddi hann með »gúmmi« og fylti með vetni. Þetta tókst ágætlega. Belgurinn þaut upp eins og elding og hvarf upp í skýin. Eftir tæpa klukkustund datt hann niður aftur, og héldu bændur, sem fundu hann, að þar væri fjandinn sjálfur á ferðinni og flýttu sér að tæta hann í sundur.

Nú fór tilraununum að fjölga. Hinn 19. sept. 1783 sendi annar af þeim Montgolfier-bræðrum loftfar upp frá París og festi neðan í það körfu með nokkrum lifandi skepnum, og lentu þær heilar á húfi. Þrátt fyrir þetta þótti ekki áhættulaust fyrir menn að ríða á vaðið, því enginn gat sagt hvernig þeir kynnu að þola uppiveruna. Til þess verða þó aðalsmenn tveir franskir, *Pilatre de Rozier* og *d'Arlande*, og áttu þeir fult í fangi með að fá leyfi konungs til þessa, því að hann vildi helst ekki hætta öðrum en óbótamönnum í þessar svaðilfarir. Þetta var 21. okt. sama haustið, og tókst þeim vel ferðin. Þar var Benjámín Franklín viðstaddur, og er þá sagt að einhver, sem fanst fátt um þessar nýungar, hafi spurt hann, hvað gagn væri nú eiginlega að þessu, og hafi þá Franklín svarað því, sem síðan er frægt orðið: »Hvaða gagn er að nýfæddu barni?«

Menn greindi nú á um það, hvora tegundina væri heppilegra að nota, heitt loft eða vetni. Hugvitsmönnum, sem áttu uppgötvanirnar, var sýndur hinn mesti sómi, og þeim bræðrum þó öllu mestur, af því að þeir urðu fyrstir til. En *Charles* var óþreytandi að finna upp nýjar og nýjar umbætur á loftfari sínu, enda varð sú tegundin brátt ofan á. Hann gerði öryggisop ofan á belgnum, til þess að geta hleypt út vetni og lækkað þannig loftfarið, og annað neðan á, til þess að forðast of mikinn þrýsting að innan. Hann hengdi net úr sterkum strengjum yfir belginn til hlífðar og festi neðan í það körfuna, sem ætluð var farþegum og flutningi. Hann tók með sér akkeri

til hjálpar við lendingu, loftþyngdarmæli, til þess að ákveða hve hátt hann kæmist, hitamæli o. s. frv. Þegar hann hafði þannig séð sér fyrir öllum þessum áhöldum og útbúnaði, sem síðan er talið til hins allra-nauðsynlegasta til loftferða, komst hann 3400 stikur í loft upp og gat verið lengi í lofti.

Nú breiddist loftfaraá huginn út um alt, eins og eldur í sinu, og þegar árið eftir höfðu 50 manns, karlar og konur, reynt sig á loftförum. Árið 1785 fór maður, sem *Blanchard* hét, loftför yfir Ermarsund með Dr. Jeffries, lækni frá Vesturheimi. Þeir höfðu stofnað til ferðarinnar með allmiklu yfirlæti, en rötudu í mestu vandræði og komust nauðulega af. Rozier, sá er fyr var getið, vildi nú ekki verða minni. Hann *steypiti saman aðferðum þeirra Montgolfier og Charles's*, ætlaði að bæta sér upp vetnið, sem síaðist út um belginn með því að hafa neðan við hann hólk með heitu lofti. Charles og öðrum, sem vit höfðu á, þótti þetta óráð, og vöruðu hann við því, að vera með eld svo nálægt vetninu. Hann skeytti því engu, og lét í loft upp 16. jan. 1785. En svo fór, að loftfarið sprakk og hann týndist. Hann hafði orðið til þess fyrstur manna, svo að menn viti með vissu, að reyna þessa nýju íþrótt, og hann lét líka fyrstur lífið fyrir hana.

Öðrum sem reyndu þessa aðferð tókst litlu betur, og eftir þetta liðu svo langir tímar, að mönnum fór nauðalítið fram í loftsiglingum. Þeir kunnu að hækka og lækka loftförin, en þau rak ætíð undan vindi, og varð þeim eigi stýrt, nema einhver væri niðri á jörðinni, sem hefði þau í taumi. Margar tilraunir voru gerðar til þess að stýra þeim, en ekkert kom að haldi, nema hvað reyndir og greindir loftfarar gátu hjálpað sér dálítið með því að leita uppi hentuga loftstrauma, því að þeir liggja einatt á misvíxl, hvor uppi yfir öðrum, í loftinu. Þrátt fyrir þetta urðu þó loftfarirnar að talsverðu gagni, þegar á þessu skeiði, bæði til *visindalegra rannsókna* í háloftinu, og svo í *hernáði*.

Af þeim sem fengust við loftfarir í þarfir vísindanna

má einkum nefna Englendingana *Gloisher* og *Coaxwell*, sem fóru um 30 slíkar ferðir. Þeir hættu sér afarhátt, 8—10 þús. stíkur, og þóldu þá svo miklar kvalir, bæði af kulda og skorti á súrefni í loftinu, að furðu sætir að þeir skyldu fá það af borið. Þeir gerðu og rannsóknir sínar með meiri vísindalegri nákvæmni en dæmi voru til á þeim tímum, enda þótt nýrri rannsóknir hafi nú kollvarpað þeim, einkum vegna þess, að þeir kunnu ekki að verja mælingaverkfæri sín fyrir ýmsum áhrifum, sem skektu útkomuna. Til þess að bæta úr súrefnisskortinum, tóku menn að flytja það með sér og leiða það inn í öndunarfærin með sérstökum verkfærum. En það tókst eigi ætíð sem skyldi, og fórust menn stundum af þessum orsökum.

Árið 1881 stofnuðu Þjóðverjar félag til eflingar loftferðum, tóku þeir nú við þar sem *Gloisher* hafði hætt, og höfðu miklu fullkomnari verkfæri. Má þar einkum nefna *Assmann* prófessor og síðan aðstoðarmenn hans, *Berson* og *Süring*. Þeir tveir náðu 10500 st. hæð 31. júlí 1901, og leið þá yfir þá báða.

Gaston Tissandier, franskur maður, stakk upp á því, að farnar skyldu loftferðir til rannsókna, nákvæmlega samtímis, víðsvegar um lönd, til þess að fá betra yfirlit yfir ásigkomulag loftsins. Héldu menn þing um þetta, og tóku flestar Norðurálfu-þjóðir þátt í því, og svo Bandamenn í Vesturheimi. Þar komu menn sér saman um mælingaverkfærin, því að þau áttu alstaðar að vera hin sömu. Nú var það mein mikið, hve skamt menn komust frá jörðunni, því að menn þóttust þurfa að skygnast lengra. Þá fann *Assmann* upp á því, að búa til litla og fislétta belgi, sem slept er upp allslausum, að öðru en því, að við þá eru fest hárfín verkfæri, sem gegna sér sjálf á leiðinni. Hátt uppi, þar sem loftið er þunt, og mótspyrna þess því minni, þenur vetnið belginn út með heljarafli. Þessir belgir eru því gerðir úr teygjanlegu efni. Þó kemur þar, að þeir rifna, og falla þá verkfærin til jarðar, og má þá lesa alls konar fróðleik á verkfærunum. Þessir

belgir geta komist 20—30 þús. st. í loft upp, og hefir veðurfræðinni fleygt afarmikið fram við þetta.

Þegar á fæðingarári loftferðanna, 1783, vakti *Girond de Villette* athygli Parísarbúa á því, hvílikt gagn mætti verða að þessum nýju verkfærum í ófriði, til þess að kynna sér afstöðu óvinahersins, gefa sínum mönnum merki o. s. frv. Frakkar tóku þá og innan skamms upp nýja loft-herdeild. Fyrsta loftherskipið hét *Entreprenant*, og var það flutt um allar jarðir með hernum, ásamt áhöldum til vetnisgjörðar. Það var haft í tjóðri í hér um bil 300 st. hæð, og gekk fjandmönnum illa að skjót. það niður. Gerðu slík skip Frökkum margan greiða í styrjöldum þeirra fyrir og um aldamótin 1800, enda voru þeir komnir svo langt, að þeir höfðu stofnað sérstakan loftfaraskóla. Síðar dofnaði þó yfir þessu, einkum eftir það, er Napoleon mikli kom til sögunnar, því að honum var illa við alt þess háttar og lét loka skólanum. Sumir segja, að þetta hafi komið til af því, að þegar hann var krýndur, var hleypt upp loftbelg, honum til heiðurs, sem síðar fanst á gróf Nerós keisara, og hafi Napoleon þótt það vita á ilt.

Síðan voru einstöku þjóðir að reyna að nota loftskip í hernaði, og er fátt af þeim tilraunum að segja. Helst varð gagn að þeim í þrælastríðinu í Vesturheimi 1861—2. Þar var fyrst tekið upp á því, að leggja ritsíma milli loftskips og jarðar. En nú var þess ekki langt að biða, að það sýndi sig, hvílikt metfé loftskip geta verið í ófriði.

Árið 1869 hafði G. Tissandier eggjað landa sína lög-eggjan að læra að beita loftskipunum í ófriði meðan tími væri til, en þeir drufheyrðust, þangað til þeim hafði lent saman við Þjóðverja 1870. Þá var uppi fótur og fit, en það var of seint, þeir voru varbúnir í því sem öðru. Og þó gjörðu þeir hreinustu furðuverk með loftskipunum, bæði bundnum (útsýnisskipum) og lausum, er þeir sendu frá París, eftir það er Þjóðverjar settust um borgina. Frá því 1. sept. 1870 og til 28. jan. 1871 sendu þeir 65 loftskip út yfir herkvíarnar með boðum og bréfum og bréfdúfum,

sem báru svörin heim, því að engu loftfarinu varð stýrt svo, að það næði til borgarinnar aftur.

Þessi reynsla rak ekki einungis Frakka til þess að halda því við, sem þeir höfðu kunnað, heldur og aðrar þjóðir til þess að læra og keppast við þá. Þar voru Þjóðverjar fremstir í flokki og helztu menn þeirra á því sviði voru þeir *Parseval* og *Bartsch v. Sigsefeld*. Nú leggja allar hernaðarþjóðir heimsins hina mestu stund á lofthernaðinn og búast við að mest verði undir honum komið framvegis.

Auk þessa hafa menn oft og víða lagt stund á loftferðaiþróttina sér til skemtunar og kepst hver við annan í því að komast sem hæst, lengst, eða næst einhverjum vissum áfangastað, eða í því að halda sér sem lengst á lofti, og hafa Frakkar löngum verið einna snjallastir í þessu. Oft hafa verið farnar allmiklar frægðarfarir, og glæfrarfarir um leið, á þessum loftförum, meðan þau voru þó allófullkomin. Þannig fór de la *Vaulx* greifi frá París til Rússlands, 1925 rastir á $35\frac{3}{4}$ klst. Annar maður, sem *Ziegler* hét, fór frá Ágsborg til Rúmeníu, og komst þá stundum 180 rastir á klst. Þá hafa menn og hætt sér langa leið yfir sjó og nokkra hina mestu fjallgarða, svo sem *Alpafjöllin*. Til slíkra ferða má telja för þeirra *André's*, *Strindbergs* og *Fränkels*. Þeir ætluðu, svo sem kunnugt er, að ná norðurheimsskautinu á loftskipi, en týndust allir. Því fór fjarri, að aðrir loftfarar létu þá hrakför á sig fá, enda eru loftför með gamla laginu alltið til slíkra ferða enn í dag.

Svo sem áður var sagt, stóðu loftsiglingarnar að miklu leyti í stað meðan eigi var unt að stýra loftförunum. Þegar mönnum var orðið þetta ljóst, snerust tilraunirnar aðallega í þá átt, að reyna að finna einhver ráð til þessa. Þótt flestar af tilraunum þessum yrðu árangurslausar, stigu menn þó ýms spor í rétta átt meðan þeir voru að glíma við þetta. Fyrst voru belgirnir kúlumyndaðir, eða líkt og gulrófa í laginu, og vissi mjórri endinn niður. Nú var farið að hafa þá aflanga og lárétta, til þess að þeir klyfu betur loftið. Á þessu byrjaði *Guyot* þegar árið 1784.

Guyton de Morveau gekk enn lengra í þessa átt. Hann sýndi og fram á að stýra mætti loftförunum með því, að setja nokkurs konar sporð lóðréttan á eftri enda belgsins.

Þá gjörði og *Meusnier* hershöfðingi afarmikilsverða uppgötvun, sem sé loftholin eða vindbelgina. Þeir eru afarþarfir til þess að viðhalda ytri lögum aðalbelgjanna, og þar með jafnvægi þeirra. Þetta lærðu menn seinna að færa sér betur í nyt, og verður þess þá nánar getið. Mörgu stakk *Meusnier* upp á fleiru, sem til umbóta horfði, svo sem að setja láréttar jafnvægisþynnur út frá hliðum belgsins, umbúnaði til þess að bjarga loftfarinu ef það félli í sjóinn, og loks datt honum fyrstum manna í hug að nota skrófu til þess að knýja loftfarið áfram. En ekki gat hann gjört ráð fyrir öðru hreyfiafli en handaflí margra manna.

Árið 1852 urðu fyrst töluverð tímamót í sögu loftsiglinganna. Þá hafði *Gifford*, frönskum vélfræðingi, tekist að gjöra gufuvél, léttu, en þó nokkuð aflmikla. Hann gjörði nú loftfar með spólumyndudum belg, og reyndi að knýja það áfram með vélinni, en svo fór, að hún reyndist ofviða, og þó á hinn bóginn of afllítill. En vel hafði hann búið um vélina í loftfarinu. Seinna reyndi Paul Haenlein, þýzkur maður, að nota gasvél, og komst þá 5 stikur á sekúndu.

Árið 1883 reyndu bræður tveir í París, *Gaston* og *Albert Tissandier*, að nota rafmagnshreyfivél í loftfar, sem gjört var eftir fyrirmynd *Giffords*. Sú tilraun tókst að vísu eigi vel, en í fótspor þeirra fetuðu þó þeir menn, sem fyrstum tókst að bæta að nokkru leyti úr þeim vandkvæðunum, sem verst höfðu verið, stjórnleysinu. Nú taka að gjörast svo mörg tíðindi í senn í sögu loftsiglinganna, að ördugt er að halda tímaröðinni, og er þá eigi annað vænna, en að taka fyrir verk hvers einstaks af nútíðarsnillingunum sér í lagi.

Framh.

Hugsjónir Edisons.

Eitt hinna helztu tímarita Ameríku-manna, »Munsey's Magazine«, flytur í desemberhefti sínu f. á. afarmerka ritgerð um »konunginn í heimi uppfundninganna«, Thomas A. Edison.

Tímaritið sendi einn starfsmanna sinna, Allan L. Benson, á fund Edisons, til þess að fræðast um síðustu uppfundningu hans, »steinsteypuhúsið«. Að þessu verki hefir Edison unnið í tvö ár. Þessarar hugmyndar hans hefir varla verið getið í íslenskum blöðum og tímaritum, og viljum vér því geta hennar all-rækilega hér, með því að flytja Munsey's-greinina á íslenzku.

Fyrst í greininni er sagt frá viðtali herra Bensons við Edison um uppfundningar alment. Orð Edisons eru svo merkileg, að vér viljum taka þau upp, eins og tímaritið segir frá þeim.


Fátæklingarnir hafa ástæðu til að gleðjast. Thomas Alva Edison, raffræðingurinn, hugvitsmaðurinn, miljónamæringurinn og heimspekingurinn hefir boðskap að flytja þeim.

Edison sér hversu uppfundningarnar umskapa heiminn. Margt stórkostlegt er þegar gert í þessa átt. Framfarirnar hafa gert heiminn auðugan.

Alt þetta sér Edison með því að líta aftur í tímann. En það er einkum þegar hann lítur fram, að hann sér sýnir, sem eru huggunarrikar fyrir fátæklingana. Hann sér, að uppfundningarnar munu ekki einasta auðga heiminn, heldur líka gera hann farsælli; ekki einasta létta hinni hörðu stritvinnu af fátækum mönnum, körlum og konum,

heldur einnig leiða af sér svo mikla auðlegð tímanlegra gæða, að slíka hefir heimurinn enn ekki þekt; og hann sér, að réttlát skynsemi muni úthluta auðnum meðal þeirra, sem skapa hann.

»Staða fátæklinganna«, sagði hann, »á fyrir sér að batna innan skamms. Brátt mun fátæktin vera horfin — í þeirri mynd, er vér nú þekkjum. Áður en öld er liðin, munu vélar vinna alt líkamlegt erfði. Hvað veröldin verður á tveim, þrem öldum þori eg ekki að lýsa. Enginn getur dregið upp mynd af þeim geysilegu framförum, sem eru í aðsigi«.



Th. A. Edison.

Þetta eru orð draumspekings? Já, Edison er drauma- maður í sama skilningi og allir uppfundningamenn, heim- spekingar og skáld eru það. Í huga sínum sá hann raf- ljósið, áður en það var til. Og á sama hátt hefir hann séð hverja uppfundningu, sem hann hefir gert, áður en hann gerði hana.

Og nú sér hann nýjan heim myndast, meðan hinn gamli er enn við lýði.

»Uppfundningar hafa alltaf hjálpað fátæklingunum«, sagði Edison, »en á ókomnum tímum munu þær gera það enn þá meira — gera það svo, að stórum munar. Héðan

af munu uppfundningarnar ekki svo mjög stefna að því að gera fáeina menn auðuga, heldur að því að gera marga farsæla.

Vélfræði framtíðarinnar.

»Skodun mín er sú, að aðal-framfarirnar í nánustu framtíð muni einkum verða í því fölgjar að smíða fullkomnar sjálfyrkisvélar, vélar, er vinna sjálfar og stjórna sér sjálfar. Hingað til höfum vér aðallega starfað að tilbúningi véla, er unnið hafa að framleiðslu helztu hluta þess, sem starfað er að; síðan höfum vér sett hlutana saman. En sá tími er að ganga í garð, er vér getum t. d. látið leður inn í vél og fengið albúna skó út úr henni aftur, jafnvel í snyrtilegum öskju-umbúnaði.«

»Því ekki það? Það er fyllilega framkvæmanlegt. Að hugsa upp slíka vél er ekki ofætlan góðum heila. Það eru menn að koma fram á sjónarsviðið, sem geta gert þetta. Uppfundninga-gáfan þroskast við það að nota hana. Ameríku-menn nota þessa gáfu meir en nokkur önnur þjóð. Þeir eru mestu hugvitsmenn heimsins. Vér höfum lært að skapa vélar, sem búa til sérstaka hluta, og nú erum vér að ganga feti framár: að finna upp vélar, sem bæði framleiða hina ýmsu hluta og setja þá líka saman. Innan fárra ára munu slíkar sjálfyrkisvélar vinna næstum allt, og tveir menn munu afkasta eins miklu þá, og þrjátíu menn nú«.

— »Hvað eiga svo hinir tuttugu og átta að gera?«

— »Þeir munu taka sér fyrir atvinnu í einhverjum öðrum greinum. Því ódýrara sem vér getum búið til föt, skó, húsgögn o. s. frv., því meira munu menn óska sér af öllu þessu. Maðurinn er óseðjandi að öllu öðru en fæðu. Hann getur ekki etið nema ákveðinn skamt, en hann mundi kaupa allan heiminn, ef hann hefði ráð á því. Enda þótt vér kæmumst upp á að smíða jafn-fullkomnar vélar og áður er sagt, mun samt aldrei skorta eftirspurn þeirra hluta, er vér getum framleitt. Það mun ætíð verða vög verkefni eftir handa hinum tuttugu og

átta. En hlutverk þeirra verður hægra. Eftir svo sem eina öld mun enginn vinna meira en 4—5 stundir á dag. Í stað þess að hafa of mikið af öllu, munu menn heimta meiri frítíma, og fá hann.

»Þá mun og lítil eða engin þörf verða á hálærðum verkamönnum. Undanskildir eru auðvitað þeir, sem búa til vélnar. Aðalhlutverk hugvitsmanna mun verða það, að búa til vélar svo fullkomnar, að þær geti unnið sem mest af því verki, sem útheimtir þekkingu, þannig að ætlunarverk vinnulýðsins verði mestmegnis það eitt, að láta efnið í vélnar.«

»Nýskeð sá eg ímynd þess, hvað verksmiðjur fram-tíðarinnar muni verða. Það var tituprjóna-verksmiðja. Formaðurinn sat á stóli og las fréttablað. Á alla vegu umhverfis hann voru vélar. Eini verkamaðurinn, sem eg sá, var drengur. Hann lét virinn í vélnar, en þær afhentu tituprjónana í miljónatali, jafnvel í umbúðum handa seljendunum. Á næstu öld munu næstum því allar verk-smiðjur vinna á svipaðan hátt.«

— Edison talaði með lífi og fjöri, eins og sá maður, sem er viss um það, er hann segir. Hann sat í lestrar-salnum í húsi sínu í West-Orange, New Jersey. Í kring-um hann voru hugvitsverk hans. Um opinn gluggann heyrðist til afvakans (*dynamo*), sem enginn mundi hafa séð annarstaðar en í litlum stíl hjá læknum á rannsóknar-stofum þeirra, ef Edison hefði ekki verið. Rafljósín hans ljómuðu uppi undir loftinu í salnum. Hljóðritinn stóð á borði. Kvikmyndavélin stóð úti í horni. Alt bar vott um Edison.

Íbúðarhús fyrir 1200 dollara (4,500 kr.).

»Meðan vér erum að tala um, hversu nýjar uppgötvanir muni verða fátæklingunum að liði,« sagði Edison, »skuluð þér skoða myndina þá arna af steinsteypu-húsinu.«

Hann benti á lítið hús, sem stóð á borði í miðjum lestrarsalnum.

»Fyrir tveim árum,« sagði hann, »var eg að vinna

að því hlutverki að geta bygt hús í verksmiðju eins og járnsteypu-verkamaður steypir vagnhjól úr járni. Eg er viss um, að nú hefi eg leyst þá þraut. Alt undirbúningsstarf mitt í þessu efni hefir hepnast mætavel, og í byrjun ársins 1910 vonast eg til, að fyrsta hús mitt verði albúið. Ef mér tekst þetta, sem eg er viss um, þá mun steinsteypuhúsið verða merkasta uppfundning mín. Híbýlavandræðum manna mun þá til fullnustu ráðið fram úr. Þá munu allir þeir bjargast úr úthverfum borganna, sem vert er að bjarga. Eg mun gera það unt að byggja hús með góðum kjallara og 7 stórum eða 10 meðalstórum herbergjum og baðherbergi fyrir eina 1200 dollara. Komið út og skoðið verkið.«

Edison setti húfu á höfuðið og fór út með mér í véla-verkstofuna. Á stóru gólfsvæði sá eg það, sem eg þóttist skilja að væri mót að fyrstu veggjarhæð hússins. Mótin líktust tveimur húsum úr járni. Í þau verður steinsteypan látin; þegar hún er þur, verða járnhúsin tekin frá og hin fingerðasta steinbygging stendur þar eftir tilbúin til íbúðar.

»Kjallarann að húsinu mun eg grafa með gufukrafti á 6 klukkustundum. Tvær gufulyftivélar munu lyfta húsinu yfir á grunninn.«

Fegurð og ódýrleiki.

Í þessu húsi verður ekki svo mikill trjáviður, að 100 dollara — eða 375 króna — eldsvoðatjón geti orðið, enda þótt alt tréverk brenni. Jafnvel gólfíð verður úr steinsteypu. Baðker, ofnar og húsaskraut eru úr sama efni. Edison segist geta búið til baðker úr steinsteypu, sem verður jafnslétt og finasta gler. Alls konar skraut er búið til úr steinsteypu. Skrauthillur er hægt að búa til jafn-fagrar sem úr tré væri. Þær geta orðið eins að útliti, og má mála þær eins og tréhillur.

Edison hugsar jafnt um sparnað sem fegurð. Húsin hans geta orðið margbreytt bæði að gerð og lit, enda þótt þau séu steyppt í móti, því að hægt er að gera margs

konar breytingar á mótunum. Og hver maður getur valið um litinn. Efnið er litað, áður en það er látið í mótið, og liturinn verður þannig varanlegri en nokkur málning.

Steinlím frýs á vetrum, en Edison hefir séð við því líka, svo að hann getur steipt hús jafnt vetur og sumar. Hann fer þannig að því, að hann býr út hitaleiðsluna, sem á að ganga gegnum veggj og gólf, áður en farið er að steypa, svo að húsið þorni nær því samstundis, þótt vetur sé, og fljótara en þá er steipt er um sumartíma.

Kostir Edisons-húsanna,

eftir því, sem hann sjálfur skýrir frá, eru þessir:

»Þau geta ekki eyðilagst af eldi. Vátrygging verður óþörf.«

»Í heilbrigðislegu tilliti verða þau fullkomin. Hrein-hald verður einkar-auðvelt. Eigi þarf annað en að flytja húsgögnin úr einu herbergi í annað og láta svo vatnsbunu leika um herbergið, það er alt og sumt.«

»Húsin verða heit á vetrum, en svöl á sumrum. Þau verða betri en nokkur hús, sem verkamenn hafa nú til íbúðar — og í rauninni fullgóð hverjum manni. Og þrátt fyrir þessa yfirburði er verðið á þeim stórum minna en á jafnstórum húsum nú.«

»Þetta mun gjörbreyta lífskjörum fátæklinganna. Hvernig lifa þeir núna? Hugsum okkur mann, sem hefir 9 dollara laun á viku (kr. 33,75). Fjórðungur þessa fjár fer í húsaleigu, og maðurinn lifir aumara lífi en flestar skynlausar skepnur. Ég hefi séð margt af lífi fátækra verk-manna í austurhluta New-York og víðar. Mér er kunn-ugt um að kjör fátæklinganna bæði þar og annarsstaðar eru nær því aumari en menn geta ímyndað sér. Margir þessara manna elska hreinlæti; en eins og ástatt er fyrir þeim geta þeir ekki viðhaft það. Því hvað stoðar hrein-læti í því óþverra-kafi, sem þeir eiga við að búa? Hús-in mín munu ráða bót á þessu. Út frá öllum stórborgum liggja járnbrautir til sveitanna, þar sem land er ódýrt. Fjórðung eða jafnvel helming ekru er hægt að fá fyrir

50—100 dollara. Og eg vil takmarka ágóða byggjenda við 10%. Ágóði þessarar uppfundningar skal verða ávinn-ingur, er fellur fátæklingunum í skaut, en eigi þeim fáu mönnum, er húsin reisa«.

»Ekki hugsa eg mér að byggja hús þessi sjálfur. Alt, sem eg mun gjöra, er að búa til fyrstu húsin og sýna, að þetta er hægt. Því næst mun eg gefa húsagerðarmönnum leyfi til að nota aðferð mína. Á þann hátt mun eg geta takmarkað ágóða þeirra. Vilji þeir ekki gjöra sig ánægða með 10%, þá fá þeir ekki leyfið«.

»Það getur verið, að eg fari yfir til New-York, til þess að vekja áhuga á þessu hjá helztu mönnum í ýms-um iðnaðargreinum og láti þá byggja húsin með 5% ágóða. Það er sjálfsagt, að félög verði stofnuð til þess. Framleiðsla þessi er of mikil fyrir einstakan mann«.

»Ef 38 menn vinna eingöngu að byggingu slíkra húsa, geta þeir bygt 12 hús á mánuði.

Byggingarkostnaðurinn

á slíku húsi færi aldrei fram úr 1500 dollurum, og leigan yrði hér um bil 8 dollarar á mánuði, en það er mun minna, en verkamenn borga nú í stórborgunum í leigu fyrir ill og lítil húsakynni«.

Þegar fréttin um Edisons-húsin varð fyrst hljóðbær, fyrir hér um bil 2 árum, vakti hún afarmikla eftirtekt. Edison bærust bréf hvaðanæfa, fyrirspurnir og tilboð. Hann lét prenta svohljóðandi svar við bréfunum:

»Eg er að vinna að húsinu. Eg vona, að mér muni takast að byggja það. Verði svo, skal eg láta heiminn vita um það«.

Margir merkir menn í New-York voru efablandnir um að Edison mundi takast að gera húsið svo úr garði sem hann hugsaði sér það.

Um þá menn varð honum að orði:

»Þessir karlar gátu ekki skilið, hvernig eg ætlaði að fara að. Enda var ekki við því að búast af mönnum, sem hafa hugann bundinn á klafa. Þeir mintu mig á þá,

sem ekkert traust báru til mín, þegar eg var að vinna að rafmagnsbrautinni. Eg hafði starfað um hríð og varið 42,000 dollara til tilrauna; og nú var eg kominn svo langt, að eg hélt, að hægt væri að hafa fé upp úr hugmyndinni. Eg fór þá til stjórnar raflysingafélags þess, sem kent er við nafn mitt, enda átti eg marga hluti í því. Eg gerði félaginu það tilboð, að það skyldi eignast einkaréttindi mín óskert, gegn því, að greiða mér kostnað minn.«

»Eg man vel þann fund. Hann var haldinn í hornhúsinu við Broadway og Wall Street, þar sem J. P. Morgan & Co. hafa nú skrifstofur sínar. Stjórnendurnir voru sumir af helztu borgurum bæjarins. En þar var að eins einn maður, auk mín, sem vildi sinna rafmagnsbrautinni. Það var Henry Villard. Hann vildi að tilboði mínu yrði tekið. Allir hinir sögðu að rafmagnsbrautin væri draumórur, — og tilboði mínu var hafnað. Spencer Trask var einn þessara manna. Eg held að hann hafi meiri tekjur nú af rafmagnsbrautum en nokkur annar maður í landinu.«

»Þér sjáid, að það gerir mér ekki mikið til, þótt menn segi, að það sé ógjörningur, sem eg hefi fyrir stafni. Eg hefi heyrt þá sögu fyr, en eg hefi aldrei skift mér af henni og ætla heldur ekki að gera það framvegis. Eg mun steypa hús mín, og að ári munu aðrir vera farnir að steypa sams konar hús um víða veröld. Þessi nýja byggingaraðferð mun að lokum útrýma alveg timburhúsum. Timbrið er ekki nógu haldgott. Í Ameríku nema eldsvoðatjón um 300 milj. dollara á ári. Og auk þess fara skógarnir að þverra.«

Framtíðin.

Edison talaði, svo að hann gleymdi miðdegisverði sínum. Fyrir utan húsið hafði staðið móturvagn hér um bil hálfu klukkustund. Ökusveinninn beið með óþreyju. Edison horfði fram í timann.

»Vér erum að nálgast stórbreytingar«, sagði hann.

»Náttúran er full hinna dásamlegustu dulardóma — dular-dóma, sem hægt er að ráða og hagnýta sér. Vér höfum ráðið suma þeirra, en þegar vér berum þá saman við það, sem vér eigum enn eftir óráðið, þá vitum vér ekkert.«

»En vér erum að læra, og einhvern tíma munum vér öðlast þekkinguna. Vér erum komnir inn í land upp-götvananna. Byrjunin er alt af erfðust. Setjum svo, að vér gætum þróað hjá oss tvö skilningarvit í viðbót við þau 5, er nú notum vér. Alt sem vér skynjum nú, skynjum vér með sjón vorri, heyrn, ilman, smekk eða tilfinningu. Alt er oss dulið, sem ratar ekki til vor einhverja þessara fimm alkunnu leiða. Skyldi nokkur sá maður vera til, sem trúi því, að ekki séu til margvisleg fyrirbrigði, sem geta alls eigi til vor komið á þessum vegum. Eg fyrir mitt leyti efa það ekki. Og eg trúi því fastlega, að vér munum eignast ný skilningarvit. Hvert þeirra mun færa oss árstrauma þekkingar.«

— »Haldið þér að vér mundum kannast við þessa veröld, ef vér ættum að hverfa aftur til hennar að svo sem þrem öldum liðnum?«

»Kannast við hana?« svaraði Edison. »Hún mundi koma oss jafnókunnuglega fyrir sjónir, sem hefðum vér aldrei lifað.«

David Östlund
íslenzkaði.

Ritfregnir.

W. H. Vogt: Zur komposition der Egils saga kapp. 1—66. Görlitz (Hoffmann & Reiber) 1909. (Skólaboðsrit frá Gymnasium Augustum í Görlitz).

A. Bley: Eigla-studien. (Université de Gand. Recueil de travaux publiés par la Faculté de philosophie et lettres. Fasc. 39). Gand (Van Goethem & Cie) 1909.

Tvö rit um Egils sögu sama árið eftir útlenda fræðimenn! Gleðilegur vottur um það, hve bókmentir vorar, og sjerstaklega fornsögurnar, riðja sjer til rúms í heimi vísindanna!

Firri ritgjörðin, eftir dr. Vogt, ifirkennara í Görlitz í Slesíu, rekur þráðinn í 66 hinum firstu kapitulum sögunnar, og reinir að greiða úr þeirri spurningu, hvernig höfundur sögunnar hafi farið með það efni, sem firir honum lá, forn kvæði, eldri rit og munnlegar sagnir. Höf. kemst að þeirri niðurstöðu, að söguhöfundurinn hafi víða lagað þetta efni í hendi sjer og bætt ímsu við frá sjálfum sjer til að gera úr því eina samfasta heild. Sagan öll beri vott um óvanalega andlega ifirburði, skarplega hugsun og listfenga snild hja þeim, sem samdi hana. Um þetta munu flestir vera höf. samdóma. Annars ber ritgjörðin það með sjer, að hún er að eins birjun eða undirstaða undir nánari rannsóknir um Egils sögu, og síðan hefur höf. hennar gefið út sjerstaka ritgjörð um þann kafla sögunnar, sem skírir frá viðburðunum í Jórvík, þegar Egill leisti höfuð sitt, og borið hann saman við kvæði Egils. Ritgjörð þessi kom út í Zeitschrift für deutsches altertum LI 379.—415. bls. og nefnist »Egils haupteslösung« (þ. e. höfuðlausn Egils). Hjer er ímislegt að athuga við einstök atriði, einkum við sumar skíringar á vísun Egils. T. d. heldur höf. því fram eins og fleiri, að orðin »vestr f ó r e k o f v e r « í Höfuðlausn geti samrímst við það, sem Egils saga segir, að Egill hafi komið til Jórvíkur beina leið frá

Íslandi. Jeg hef áður bent á ímsa staði, sem sína, að íslenskir sjómenn voru ekki svo áttaviltir, og skal nú bæta einum við. Í 14. kap. Gunnlaugs sögu ormstungu er vísa eftir Gunnlaug, er harmar það, að Helga hin fagra hafi verið gefin Hrafn, »meðan austan Aðalráðr farar dvaldi«, þ. e. meðan Aðalráðr konungur hjelt Gunnlaugi kirrum hjá sjer á Englandi, og leifði honum ekki að fara þaðan »austan« til Íslands. Gagnstætt austan er austr, og með því að austan er hjer haft um ferðina frá Englandi til Íslands, hljóta menn að hafa sagt austr um ferðina frá Íslandi til Englands, eins og líka eðlilegt er, og ekkert skil jeg í þeirri meinloku hjá vini mínum, Boga meistara Melsteð, er hann vill ráða það af þessum stað, að vestr geti táknað stefnuna frá Íslandi til Englands (Íslendinga saga I 151. bls. nm.)!

Síðari ritgjörðin er eftir A. Bley, prófessor við háskólann í Gent í Belgíu. Hún er ljóst skrifuð og skilmerkilega og skemtileg aflestrar, og eru þar margar skarplegar njar athuganir. Höf. heldur, að sagan hafi mjög lítið sannsögulegt gildi, skoðar hana nær því eingöngu sem listaverk, sem fagra skáldsögu, og dæmir hana eftir reglum fagurfræðinnar. Þessi dómur er að minni higgju alt of einrænn. Að vísu játar höf., að sá, sem samdi söguna, hafi þekt kvæði Egils og verið fróður í Noregskonungasögu. Enn hann er blindur á því auganu, sem snír að hinum munnlegu arfsögnum, sem söguhöfundurinn hlftur að hafa haft firir sjer, og er þó bersnilegt, að slíkar sagnir hafa haft mjög mikil áhrif á frásögnina, og sjerstaklega væri mótsagnir þær, sem sagan kemst í við kvæði Egils, alveg óskiljanlegar, ef sá, sem söguna samdi, hefði ekki þar filgt munnlegum sögnum, sem hann tók fram ifir vitnisburð kvæðanna. Meðal annars heldur höf. því fram, að Þórólfr Kveldúlfsson hafi aldrei verið til og að öll frásögnin um deiluna milli Kveldúlfsættarinnar og konungsættarinnar norsku sje tilbúningur söguhöfundarins, með öðrum orðum einber skáldsaga. Enn þar kemst höf. í mótsögn við hinn elsta Landnámutexta, sem Melabók hefur geimt, því að þar segir bæði frá því, að Haraldr hárfagri hafi látið drepa Þórólf, og að (Skalla-)Grímr hafi hefnt bróður síns. Hjer má því beint sanna, að söguhöfundurinn hefur haft firir sjer munnlegar sagnir. Hins vegar verður því ekki neitað, og á það hefur herra Bley fært fullar sönnur, að höfundur Egils sögu hefur skreitt efnið, sem firir honum lá, fært það í hinn fagra búning, sem það hefur nú, lagað það eða vikið því við eftir þörfum, þangað til úr því varð hin fagra söguheild, sem vjer þekkjum.

Höf. heldur því fram eins og jeg, að enginn annar en Snorri Sturluson geti verið höf. Egils sögu, og hefur hann ekki tekið þetta eftir mjer, heldur komist að sömu niðurstöðu og jeg með sjálfstæðri, óháðri rannsókn, og sannar það með ímsum nýjum mikilvægum röksemdum. Á sömu skoðun virðist og dr. Vogt vera, eftir því sem honum farast orð í hinni síðari ritgjörð hans.

Um það get jeg ekki verið prófessor Bley samdóma, að niðurlag Egils sögu frá 63. k. sje eftir annan mann enn meginsagan, og mart er það fleira, sem ástæða væri til að minnast á, ef rúmið leifði. Enn ritfregn þessi er nú þegar orðin helst til löng.

B. M. Ó.

Arne Magnussons i AM. 435 A-B 4to indeholdte håndskriftfortegnelser med to tillæg. Udgivne af Kommissionen for det Arnemagnæanske Legat. Köbenhavn. Gyldend. Bøgh. Nord. Forlag. 1909.

Stjórnarnefnd Árna Magnússonar legatsins hefur með útgáfu þessarar bókar gert tvent í einu, bæði fullnægt ræktarskildu sinni við minning Árna Magnússonar og varpað björtu ljósi ífir sögu hins dírmæta safns, sem ber nafn hans.

Firsti kafli bókarinnar er skrá ifir skinnhandrit Árna, samin af honum sjálfum á árunum 1708—1727, prentuð eftir eiginhandarriti höfundarins, sem nú er nr. 435 A 4to í safni hans. Rit þetta sýnir, hve langt Árni var á undan sínum tíma um alt það, er að handritum laut, hve skarpa dómgreind hann hafði í því að meta handrit, hve gjörhugull og nákvæmur hann var í því að tilgreina alt, sem áriðandi var að vita um handritin.

Annar kafli bókarinnar er skrá ifir handrit Þormóðs Torfasonar, samin af Árna árið 1712, og nú gefin út eftir eiginhandarriti hans, AM. 435 B, 4to. Þetta handritasafn og nokkur fleiri handrit, sem Þormóður átti, eignaðist Árni síðar.

Bókavörður dr. Kr. Kálund hefur sjeð um útgáfu þessara rita með sinni vanalegu nákvæmni og ritað fróðlegan formála við þau, er sýnir meðal annars, hve mörg af þeim handritum, sem á skránum standa, eru nú glötuð, og hve mörg hafa geimst í Árnasafni.

Aftan við bókina eru prentaðir tveir viðaukar, hinu firri skrá ifir bækur þær og handrit, sem Árni Magnússon keipti á uppboði því, er Rostgård leindarskjalavörður ljet halda á hinu stóra bóka

og handrita safni sínu árið 1726, hinn síðari skrá ifir bókasafn Resens prófessors, er hann gaf háskólanum á árunum 1675—1685, enn fórst í brunanum mikla 1728. Báðir þessfr viðaukar skíra í ýmsum greinum sögu Árnasafns.

B. M. Ó.

Lewis Wallace: Firstu jól eða Messíasartíðin. Skáldsaga, sem Jón Bjarnason hefur þítt úr ensku. Winnipeg 1909.

Margir af lesendum Skírnis munu kannast við hina frægu skáldsögu eftir Wallace, sem nefnist Ben Hur og gerist á Krists dögum. Sagan lýsir átakaulega lífi og landsháttum á þeim tímum og er um leið listaverk; hún sameinar það tvent, að fræða og heilla lesandann. Hún hefur áður verið þídd á íslensku, enn að eins í ágripi, og ekki eftir frumritinu, heldur eftir danskri þíðingu. »Firstu jól« er firsta bók þessarar skáldsögu og nokkurs konar inngangur til hennar, enn er í rauninni samt sem áður sjerstakt verk. Í þeirri þíðingu á Ben Hur, sem kom út hjer í Reikjavík firir tveim árum, er nálega ekkert af efni þessa inngangspáttar, og ættu því þeir, sem eiga þessa þíðing, eigi síður enn aðrir, að fá sjer þessa firstu bók hennar í þíðingu sjera Jóns Bjarnasonar, sem er gerð eftir sjálfu frumritinu. Nafn þíðandans er nægileg trigging firir því, að þíðingin er nákvæm og rétt. Málið er kjarngott og hreint, eins og þíðandanum er lagið; sumstaðar er setningaskipun nokkuð flókin, og kemur það af því, að þíðandinn þræðir orð frumritsins, sem næst verður komist.

B. M. Ó.

Frá útlöndum.

Grikkland og Kríteyjarmálið.

Þegar stjórnarbyltingin varð í Tyrklandi nú fyrir skömmu, kom ný hreyfing á allar þjóðir á Balkanskaganum. Austurríki tók Bozníu og Hersegóvínu af Tyrkjum. Búlgarar rifu sig lausa. Grikkir töldu það sjálfsagt, að þeir ættu líka eitthvað að fá, og var reyndar enginn í efa um, hvað það ætti að vera. Það var Krítey. Sú ósk, eða krafa, var almenn, að nú yrði hún sameinuð Grikklandi. Þar var ekki lítið að vinna. Grikkland er um 1300 fermflur að stærð, með rúmlega $2\frac{1}{2}$ miljón íbúa. Krítey er um 150 fermflur og íbúatala þar um 400 þús. Allur fjöldi Kríteyinga er Grikkir, talar grísku og hefur grísk-kaþólska trú. Múhameðstrúarmenn hafa á síðari árum mjög flutt burt úr eyinni, svo að þeir eru nú eigi taldir nema $\frac{1}{10}$ hluti eyjarbúa, eða tæplega það. 1897 áttu Grikkir í ófriði við Tyrki út af Krítey. Grikkir urðu undir, en stórveldin skárust í málið eftir ófriðinn og útveguðu Kríteyngum sjálfstæða stjórn, með þingi út af fyrir sig. Eftir það laut Krítey að eins að nafninu Tyrkjasoldáni.

En nú, er ríki soldáns var að liðast í sundur, risu Kríteyingar upp og sögðu sig lausa frá Tyrklandi, en samþykktu, að Krítey skyldi innlimast Grikklandi. Grikkir voru samningum bundnir við Tyrki um Krítey og treystust ekki að ganga í berhögg við þá og styðja uppreisn Kríteyinga. Stórveldin, er áður höfðu haft hönd í bagga með Kríteyngum, vildu ekki gera það í móti Ungtyrkjastjórninni, að leggja samþykki sitt á þetta, því hún hélt fast fram yfirráðarétti sínum á Krítey. En þau sendu herskip til eyjarinnar og héldu þar öllu í skefjum um langan tíma. Var það til þess gert, að Tyrkir skyldu ekki beita þar hervaldi. Að áliðnu sumri í fyrra kvöddu stórveldin herskipaflota sínu aftur burt frá eyinni. Skyldu Kríteyingar hafa sjálfstjórn, eins og áður, en lúta þó að nafninu

Tyrklandi. En jafnskjótt og floti stórveldanna var burt farinn, hófst uppreisn á ný, því Kríteyingar vilja ekkert annað en innlimun eyjarinnar í Grikkland. Gríska flaggið var dregið upp hvervetna á eyinni, en hálfmánaflaggið sást ekki nema helst á afviknum stöðum. Í herlið Kríteyinga gekk fjöldi grískra manna og kendu Tyrkir Grikkjum um, að þeir reru þar undir. Mest var úr því gert, að gríska flaggið blakti yfir kastalanum Kanea.

Tyrkir kváðust nú mundu bæla þessa uppreisn niður með vopnum og sneru sér til Grikklands, sögðu Grikki vera að ráða landið undan sér og yrði þess hefnt á þeim. Sendi stjórnin í Konstantínópel Grikkjastjórn skörp hótunarbréf, en sagt var að tyrkneskt herlið væri við því búið að ráða á Apenuborg. Grikkjastjórn svaraði hægt og seint, kvaðst engan þátt eiga í Kríteyjaruppreisninni og ekkert geta við hana ráðið, enda ekki ætla að blanda sér neitt í það mál; kvað Tyrki hafa sjálfa falið stórveldunum að gera um það, og yrðu þeir nú að snúa sér til þeirra, ef þeir væru óánægðir með málalokin. Þótt grískir menn gengju í her Kríteyinga, kvaðst Grikkjastjórn ekki geta bannað það, en neitaði, að þeir væru sínir sendimenn.

Tyrkir létu sér ekki nægja þessi svör. Almennigur þar í landi vildi ófrið við Grikki og herinn vildi hann. En stjórn Ungtyrkja er skuldbundið hernum, með því að hún á tilveru sína honum að þakka. Er það ekkert efamál, að Tyrkir hefðu ráðist á Grikkland, ef stórveldin hefðu ekki aftrað því. En það gerðu þau aftur á móti Tyrkjum í vil, að þau sendu enn herskip til Kríteyjar og létu draga gríska flaggið niður af Kaneakastalanum. Kríteyingar horfðu á þetta aðgerðalausir og drógu flaggið ekki upp aftur. Til þessa hefur öllu verið haldið í skefjum, og málið er óútkljáð enn.

En á Grikklandi hafa orðið út úr þessu megnar innanlandsóeirðir, sem vakið hafa mikla athygli, og hefur hvað eftir annað legið þar við algerðri stjórnarbyltingu.

Stjórnarfyrirkomulag Grikklands er á pappírnum í fullkomnasta lagi, eftir því sem þingbundið stjórnarfyrirkomulag gerist. Þar er kosningaréttur almennur. Þingið er ein málstofa, og þingræði hefur verið fylgt þar eftir öllum listarinnar reglum. En stjórn málaþroski almennings kvað samt vera á lágu stigi. Efnahagsmismunur manna á meðal er ekki mikill á Grikklandi. Stórar jarðeignir eru þar ekki í einstakra manna höndum og um verksmiðju-íðnað er ekki mikið. Þjóðin er í heild sinni fátæk. Og alþýðuræntun

er á lágu stigi, þótt betri sé hún talin yfirleitt en í öðrum löndum Balkanskagans. Margt af grísku alþýðufólki kann hvorki að lesa né skrifa. Embættismenn kvað vera óþarflega margir og stjórn-málaflökkabaráttan kvað mjög hafa snúist um embættin; hver stjórn launað fylgi við sig ríkulega með embættaveitingum til sinna manna, en slíkt veldur hvervetna hinni mestu spillingu í öllu stjórnarfarinu. Fjármál ríkisins hafa lengi verið í hinni mestu óreiðu.

Meðan stórveldaberinn hélt hendi yfir Krítey, væntu margir Grikkir þess lengi, að áður en lyki yrði samið svo við Tyrki, fyrir milligöngu stórveldanna, að þeir létu Krítey lausa. En er upp kom, að svo átti ekki að verða, kviknaði megn óánægja í Grikklandi, einkum í hernum, og snerist sú óánægja gegn stjórninni. Herforingjamót mikið var þá haldið í Aþenu, er krafðist þess, að herinn væri aukinn mikið og efldur. Þrír stjórnsmála-flokkar voru þá uppi í landinu. Heita foringjar þeirra Þeótókis, Rhallis og Maurómichalis. Þeótókis var þá ráðaneytisformaður og hafði álitlegan meiri hluta í þinginu. Hann vildi ekki sinna kröfum herforingjanna, en treysti sér ekki heldur til þess að rísa gegn þeim og lagði því niður völd. Rhallis myndaði þá nýtt ráðaneyti. Hann hafði þrisvar áður verið ráðaneytisformaður og aldrei setið fult missiri í senn. En nú varð valdatíminn ekki fullur mánuður, enda jukust vandræðin ytra fyrir rétt eftir að hann tók við völdum. Stórveldaherinn yfirgaf þá Krítey, uppreisnin hófst þar og Tyrkir hótuðu stríði.

Margir telja Rhallis hafa komið hyggilega fram í þeim vandræðum. En gríska hernum þótti hann altöf vægur í svörum við Tyrki. Annað herforingjamót var haldið í Aþenu og varð úr því fullkomið uppþot. Þetta var 27. ágúst í fyrra. Rhallis fór þá litlu síðar frá völdum, en Maurómichalis tók við. Hann stýrði fámennasta flokki þingsins. En nú tók herinn alt vald í sínar hendur og kúgaði þingið til hlýðni við sig. Hermannaráð var myndað, sem alt varð að lúta, og setti það sér það markmið, að umskapa alt stjórnarfar landsins. Það samdi lagafrumvörp, er það síðan lagði fyrir þingið og heimtaði samþykkt þar, án þess að nokkrar umræður um þau væru leyfðar. Helsti maðurinn og mest ráðandi í þessum félagsskap var Zorba hershöfðingi. Gengu um tíma þær sögur, að hermannaráðið ætlaði að hriunda konungi úr völdum og gera Grikkland að lýðveldi. Prinsarnir urðu að fara úr hernum vegna óvildar, sem gegn þeim reis, og fóru þeir allir úr landi. Afskifti hermannaráðsins náðu brátt til alls, sem fram fór í landinu.

Allir urðu að sitja og standa eins og það vildi. Hvorki konungur, stjórn né þing hafði í reyndinni nokkurt vald. Það var alt hjá hermannaáráðinu. En margar og miklar endurbætur eru það, sem hermannaáráðið setti á stefnuskrá sína. Lagafrumvörpin, sem það hefur komið fram, eða ætlar sér að koma fram, eru alls um 200 og snerta margt, en hið helsta er þetta: Það á að endurbæta réttarfarið og gera dómstólana óháða stjórnmalaflokkunum, endurbæta skólafyrirkomulagið og gerbreyta fyrirkomulagi hermála og fjármála. Hermannaáráðið gríska kvað hafa tekið sér til fyrirmyndar stjórnarnefnd Ungtyrkjaflokksins, er öllu réð í Tyrklandi meðan stjórnarbyltingunni þar var komið í kring.

Rétt eftir áramótin í vetur kom helsti foringi Kríteyinga í uppreisnarbaráttunni til Aþenu, hefur setið þar lengstum síðan og eggjar Grikki fast. Hann heitir Venezelos, duglegur maður og harðsnúinn, og hefur hann haft mikil áhrif á málin nú síðustu mánaðina. Hann er óvinur grísku konungsættarinnar, vill koma Georg konungi frá völdum og helst fá lýðveldi í staðinn. Er sagt, að þá hugsi hann til for-etasætisins fyrir sjálfan sig. Því Kríteyingar fara ekki lágt með það, að ef þeir sameinist Grikklandi, þá ætli þeir sér þar öll raðin. Merkur blaðamaður frá Ameríku, sem dvaldi nokkrar vikur í vetur á Krítey, til þess að kynna sér ástandið þar, segir, að flestir mundu vænta, að Kríteyingar töluðu með allri vinsemi um Grikki á meginlandinu, er lagt hafa svo mikið í sölurnar þeirra vegna. En það sé öðru uæ. Kríteyingar tali um þá með mestu fyrirlitningu. Þeir segi, að óblandaðir afkomendur hinna fornu Grikkja séu nú ekki annarstaðar til en á Krítey. Grikkir á meginlandinu séu blendingsþjóð, sem mist hafi öll bestu einkenni hinna frægu forfeðra. »Bíðið þið þangað til við höfum komist í samband við Grikkland, og náð sæti þar í þinginu,« segja Kríteyingar, »þá skuluð þið sjá, hverjir stjórna landinu. Við ráðum þar þá öllu, því við erum dugandi menn, en Grikkir á meginlandinu ónytjungar.« Venezelos segir, að Tyrkir hafi enga ástæðu til þess að halda nú lengur í Krítey að nafninu til; þeir hafi þar engin ráð og fái þaðan enga skatta. Það sé því ástæðulaust fyrir þá, að meina Kríteyngum að innlimast Grikklandi. Tyrkir geti fengið einhver hlunnindi í móti og upp úr því sprottið bandalag og vinfengi milli Tyrklands og Grikklands, er báðum löndunum mætti verða til gagns. En núverandi stórvesír Tyrkja, Hakki pasja, er sérlega sárt um Krítey, því hann er fæddur þar og upp alinn.

Tyrkir þeir, sem á Krítey búa, krefjast þess líka af stjórninni í Konstantínópel, að hún læsti þeim ekki alveg frá sér.

Það hefur nú síðustu mánuðina mikið verið talað um þjóðfundarhald í Grikklandi einhvern tíma á þessu ári. Þar á að ræða um framtíð gríska þjóðflokksins, bæði innan Grikklands sjálfs og utan, og svo um það, hvernig ráðin verði bót á því vandræða-ástandi, sem nú er í ríkinu. Upphaflega var það ætlunin, að þjóðfund þennan sætu ekki að eins fulltrúar úr Grikklandi sjálfu, heldur einnig frá þeim Grikkjum, sem búsettir eru utan Grikklands og þegnar annara þjóðhöfðingja en Grikkjakonungs. En þá töldu aðrir, að sú samkoma gæti eigi til annars orðið eu að hleypa öllu í upp-nám og skapa enn meiri glundroða og vandræði en nú ættu sér stað. Það hefur því orðið ofan á, að á þjóðfundinum skuli að eins eiga sæti fulltrúar úr Grikklandi sjálfu. Kriteyingar fá ekki að koma þar að fulltrúum. Venezelos, sem fyrir hvern mun vill komast þar að, verður að fá grísk borgararéttindi, ef það á að takast.

Hann kvað eiga hugmyndina að þjóðfundarhaldinu. Annars var hún studd af ýmsum merkum stjórnámálamönnum, svo sem Rhallis og Dragoumis, núverandi ráðaneytisformanni. Peótókis var henni í fyrstu andvígur, en snerist síðan með henni. Konungur hefur nú fallist á, að þjóðfundurinn skuli haldinn, en ekki er enn afráðið, hvenær það verði.

Svo fór bráðlega, að kur vaknaði út af ofríki hermanna-ráðsins, einkum harðræði því, sem það beitti þingið. Þingmenn hættu að koma í þingsalinn, svo að engu varð komið þar löglega fram. Yfirráðherrann, Maurómichalis, varð og ósáttur við hermanna-ráðið. Hann þreyttist á, að standa undir stjórn þess og vildi fá útgert um það, að þegar lagafyrirmæli þess væru fram gengin og »endur-reisnarstefnuskránni« fullnægt, því svo er stefnuskrá hermanna-ráðsins nefnd, þá legði það niður ráðsmenskuna og fengi hann þá í reyndinni þau völd, sem embætti hans ættu að fylgja. Maurómichalis er auðugur maður og metorðagjarn og kunnir því illa, að standa undir yfirráðum hermanna-ráðsins, þótt skoðanamunur væri því eigi til hindrunar. En hann stýrði, eins og áður segir, að eins fámennasta flokki þingsins og hefði engu getað komið þar fram af eigin ramleik. Það var hermanna-ráðið, sem skipaði þinginu að greiða umyrðalaust atkvæði með þeim frumvörpum, sem það skipaði stjórninni að leggja fyrir það. En út úr þessari misklíð varð Maurómichalis að leggja niður völdin.

Gamall stjórnámálamaður, sem Dragoumis heitir, sjötugur að

aldri, tók þá að sér að mynda nýtt ráðaneyti. Hann er úr Rhallis-flokknum og hefur oftast en einu sinni áður átt sæti í ráðaneytinu. En Zorba hershöfðingi, sem þá var alvaldur í hermennaráðinu, varð hermálaráðherra. Hann hafði heitið því, er nýja stjórnin myndaðist, að slíta hermennaráðinu, þegar »endurreisnarstefnuskrá« þess væri komin í framkvæmd. Því Dragoumis hafði gert þá kröfu, eins og fyrirrennari hans í embættinu. Dragoumis vill ekki lýðveldi, og er vinveittur konungi og ættmönnum hans. Líka kom nú upp megnasta sundurlyndi innan hermennasambandsins, milli sjóhersins og landhersins. Sögðu fregnirnar um tíma, að úr því mundi verða borgarastríð. En allt virðist það nú hafa jafnast. Síðustu fregnirnar segja horfurnar friðvænlegar. Í viðtali, sem merkur blaðamaður átti við Dragoumis, létur Dragoumis vel yfir útlitinu. »Eruð þér nú viss um, að þér fáið meirihluta þingsins til þess að samþykkja þjóðfundaruppástunguna?« spyr blaðamaðurinn. »Það getur verið að það verði erfitt«, svarar yfirráðherrann. »Til þess þarf $\frac{3}{4}$ hluta allra þeirra, sem rétt hafa til þess að greiða atkvæði, án tillits til þess, hvort þeir eru viðstaddir, er atkvæðagreiðslan fer fram, eða ekki. Í þinginu eiga sæti 177 fulltrúar, svo að við komumst ekki af með minna en 133 atkvæði. En fari svo, að þjóðfundaruppástungan fáið ekki samþykkt, þá fer eg undir eins frá völdum. En nú sem stendur er mest um það að gera, að koma frá þeim fáu lögum, sem eftir eru óafgreidd (þ. e. þaf þeim 200 lagafrumvörpum, sem endurreisnarstefnuskránni fylgja)«. Þessu bjóst hann við að lokið yrði í miðjum marz, og yrði þá þjóðfundaruppástungan tekin fyrir. Þeótókis-flokkurinn hefur í þinginu 97 atkvæði, en Rhallis-flokkurinn 45 atkvæði. Rhallis-flokkurinn fylgir allur þjóðfundaruppástungunni, en í Þeótókis-flokknum kvað vera einhver klofningur um hana. Besta samkomulag sagði Dragoumis að nú væri milli stjórnarinnar og hermennaráðsins.

Síðustu fregnir segja, að uppástungan um þjóðfundinn hafi verið samþykkt í gríska þinginu með 150 atkvæðum gegn 11. Maurómichalis barðist ákaft á móti henni. Þjóðfundurinn á að koma saman 14. sept.

Fjármáladeilan enska.

Þess var getið í síðasta hefti Skírnis f. á., að lávarðamálstofan feldi fjárlagafrumvarp neðri málstofunnar með tillögu, er hljóðaði svo, að deildin samþykkti ekki fjárlögin fyr en búið væri að bera þau undir þjóðina með nýjum kosningum.

Þær kosningar fóru fram í janúar og voru sóttar með mjög

miklu kappi af báðum flokkum. En úrslitin urðu þessi: 274 stjórnarmenn náðu kosningu, 273 íhaldsmenn, 82 Írar og 41 úr verkmanaflokkinum. Þeir Asquith yfirráðherra, Lloyd George fjármálaráðherra og fylgismenn þeirra höfðu án efa búist við stærri sigri, er þeir lögðu út í baráttuna. Nú þurfa þeir fylgi írska flokksins til þess að koma fjárlaganýmælum sínum fram. En Írar eru reyndar yfirleitt móti stjórninni í því máli. Aftur á móti er höfuðmál þeirra heimastjórn Írlands, og gátu þeir nú sett stjórninni stólinn fyrir dyrnar og hótað að snúast gegn henni í fjárlögum, ef þeir fengju ekki vilja sinn í hinu málinu. En heimastjórn Írlands er það mál, sem íhaldsflokknum og lávarðamálstofunni er verst við allra mála, svo að sagt hefur verið, að stjórninni stæði til boða fylgi úr íhaldsflokknum til þess að koma fram fjárlögum sínum, ef hún þá eigi gerði bandalag við Íra. En stjórnin hafði sett það á stefnuskrá sína í kosningadeilunni, auk fjárlaganýmælanna, að hnekkja valdi efri málstofunnar, svifta hana áhrifum á fjármálagöggjöfina og takmarka neitunarvald hennar. Þetta getur stjórnin gert með því, að fá konunginn til þess, að útfelna svo marga nýja lávarða úr flokki stjórnarinnar, að með atkvæðum þeirra nái hún meiri hluta í efri málstofunni. En nú er sagt, að Asquith hafi ekki fengið góð svör hjá konungi, er hann bar þetta upp fyrir honum, heldur dragi konungur taum efri málstofunnar. Í hásetisræðu hans var kveðið svo að orði, þar sem minnst var á fyrirætlanir stjórnarinnar í þessu efni: »ráðherrar mínir álíta« o. s. frv., en slíkt orðalag kvað vera alveg einstakt í hásetisræðu í enska þinginu.

Bæði írski flokkurinn og verkmanna flokkurinn gerðu það að skilyrði fyrir fylgi sínu við fjárlagafrumvarp stjórnarinnar, að stjórnin héldi öll loforð sín um það, að hnekkja valdi lávarðamálstofunnar. Stjórnin var því í miklum vanda stödd fyrst eftir að þingið kom saman, 15. febr., og leit um tíma helst út fyrir, að alt stæði fast, en stjórnin mundi verða að fara frá. En samkomulag náðist þó á endanum á þann hátt, að stjórnin kemur fram fjárlagafrumvarpi sínu með fylgi verkmanaflokksins, en Írar sitja hjá og greiða hvorki atkvæði með né móti, en síðan hefur Asquith lofað að leggja fram uppástungur um sambandið milli efri og neðri málstofunnar, og tók hann það fram um innihaldið, að lávarðamálstofan yrði svift áhrifum á fjármálagöggjöfina og neitunarvald hennar í öllum löggjafarmálum takmarkað svo, að neðri málstofunni væru jafnan trygð yfirtökin. Lýsti stjórnin yfir, að með þessum kröfum ætlaði hún að standa eða falla, og gerðu Írar sig þá ánægða með þau svör.

Íhaldsmenn hafa aftur á móti samið frumvarp um gagngerða breyting á efri málstofunni. Ætlast þeir til, að þingmennskan gangi þar eigi lengur í erfiðir, heldur verði framvegis kosið til efri málstofunnar eftir sérstökum reglum. Fyrir þessu berst nú Roseberry lávarður með miklum ákafa.

P. G.

Björnstjerne Björnson.

*Bulði við brestur,
er bogastrengur
Þamharskelfis
þjóðsorg vakti;
brast enn bogi
bestur í Noregi,
en hremsa hvein
við hjarta þjóðar.*

*»Bróður sá ek Bjarnar
í brynju fara« —
Aðalsteinsfóstra
ungrar tíðar.*

*»Lék við ljóðmögu,
skyldi land verja
ægir Eydana,
stóð und árhjálmi«.*

*»Hrauzk ór herváðum,
hratt á völl brynju
visi verðungar,
áðr til vigs tæki«.
— Svo hataðist
við hlífiskjöldu
arfinn frambyggja
Orms hins langa!*

*»Svá beit þá sverð
ór síklings hendi*

váðir Váfaðar
sem í vatn brygði;
brökuðu broddar,
brotnuðu skildir,
glumdu glymhringar
í gotna hausum«¹⁾.

* * *

— Svo þrumdu ljóð
fyrir þúsund drum
Skáldaspillis
um skörung fallinn;
svo skyldu og sungin
á sömu tungu
Björnsonarmál
að Bragafulli!

»Stóð ófriðr
af afarmenni
innanlands
öllu fólki«.
— Þar ljósti Sturla
styrjar-ævi
sjö öldum síðar
samlands niðja²⁾.

Því stóð ófriður
um afarmenni,
að hann merkið bar,
né matst við aðra,
merki mannfrelsis,
merki stórhuga,
merki þjóðsóma
gegn þjóðarlygi.

¹⁾ Sjá Hákonarmál E. skáldaspillis, frá miðri 10. öld.

²⁾ Sjá Hákonarmál Sturlu Þórðarsonar (um Hákon gamla) frá 1263.

*Hræddust þann hlébarð
heimalningar,
þjóðir þýlyndar
og þursafrendur,
gullu gæsir,
og gettu rakkar,
hálfur Norvegur
hlumdi og glumdi.*

*Blotnuðu bændur
við bragnings röddu,
sem baulur sæi
bjarnarhramma,
horfðu hvast
yfir höfðum manna
eldfrán augu
Egðadrottins.*

*Duldist hitt
í höggvaskiftum,
að heilags manns
hjarta átti,
og hetju hjör
und hjöltum geymdi
hollvætt þá,
er holund græddi.*

*Fréttir þú hvar færi
fylkir Hörða,
bað hann þig beina
braut að stefna.
Falst eigi sá
er fána Norvegs
lengra bar
en Lúfu niðjar. —*

*Vant er nú að sjá,
hvað vinnur meira*


*Björnsons mærd
 eða mikilfengi.
 En fyr munu feig
 á foldu hrynja
 Dofrafjöll,
 en hans deyji nafn.*

*Hnípir nú Dofri,
 og höfði lægri
 sýnist oss nú
 vor sögufóstri;
 klökna Kilir,
 en kalt frá Veigu
 suðar sog
 suður til Agða.*

* * *

*Hvað er þér, ættland?
 Elur þú tóma
 miðlungsmenn,
 þá er mest skal vinna?
 Eitt sinn ólstu þó
 fyrir Orm hinn langa
 hali hlutgenga:
 Hugleiddu Björnson!*

Matth. Jochumsson



Björnstjerne Björnson

Björnstjerne Björnson.

(8. des. 1832—26. apríl 1910).

Setzt auf meinen Leichenstein:
Dieser ist ein Mensch gewesen,
und das heisst ein Kämpfer sein.
Goethe.

Tvisvar hefir Noregs að marki verið við getið í menningarsögu mannkynsins, og er langt í milli: — á seinni hluta 9. aldar og á seinni hluta 19. aldar. Í fyrra skiftið fóru norskir vikingar um höfin með ránum og ófriði, hjuggu strandbögg, brendu og brældu, lögðust í eyjar og annes og þóttu vogestir miklir. En er aldir runnu liðu flest af þessum vikingabælum undir lok og ógnir og athafnir vikinganna fyrntust og gleymdust alþjóð manna. Í síðara skiftið báru ritsnillingar Noregs nafn þjóðar sinnar um víða veröld og unnu sér og henni þegn-rétt í hug og hjarta allra mentaðra manna. En sá er munur þeirra og vikinganna, að skáldin þóttu hvervetna góðir gestir, og eru öll líkindi til að ríki þeirra muni eigi undir lok liða fyrst um sinn, heldur standa óbrotgjarnt öldum saman.

Eigi má það undrum sæta þótt nokkur líking sé dregin af víkingaöldinni, er minst er á Björnstjerne Björnson. Það er eins og herlúður gjalli í heiti hans. Og höfðingjasnið var á honum hvar sem hann fór, höfðingjasnið víkingaaldarinnar. Hann var að fornum síð höfðingi og skáld í senn, eins og Egill Skallagrímsson, herðabreiður og samanrekinn, hávaðasamur og óvæginn, er því var að skifta. »Sterkur eins og rándýrið, sem

tvínefnt er í heiti hans, stígur hann fram í endurminningunni, höfuðmikill, einbeittur á svip og fráneygur«. Svo kveður Georg Brandes að orði. En heiti hans felur annað og meira í sér en þetta. Hann er einnig kendur til »stjörnunnar«, og að maklegleikum, því hann beitir jafnan styrk sínum í þjónustu háleitra hugsjóna. Þetta kynlega nafn, sem ærið mundi athlægisefni, ef óvalinn maður bæri, ber hann með rentu, því að það er eins og sýnilegt tákni af eðli hans. Honum hlær hugur við hættum og afraunum, og þótti eigi smámenum hent að leggja sig undir hramma hans, en hjartað leitar jafnan upp á við, hærra og hærra. Styrkurinn einn sér þykir ærinn kostur, en styrkurinn í þjónustu himinborinna hugsjóna er töfraafl, sem alt verður að lúta. Það var segulafið, sem dró þúsundir manna að fótiskör hans. Hann fullnægði í bókstaflegasta skilningi kröfu Emersons, spekingsins nafntogaða, er hrópaði í sífellu til landa sinna: »Beittu stjörnu fyrir vagninn þinn!«

Björnstjerne Björnson var prestssonur, en átti kyn sitt að rekja til bændalýðsins. Var ættfaðir hans Björn Lomsdalen, er uppi var um aldamótin 1700. Lengra verður eigi rakið með vissu. Faðir hans var prestur í Kvikne, og þar fæddist Björnson, en 6 árum síðar fluttist hann með foreldrum sínum í annað brauð, Nes í Raumsdal. Það er nafntogað fyrir náttúrufegurð og varð honum ógleymanlegt æ síðan, enda hafðist hann mest við úti í skógum og hlíðum og kleif fjöll og kletta. Starði hann oft í æsku frá sér numinn á náttúrufegurðina umhverfis sig og varð svo gagntekinn af henni og af einhverjum sterkum en óljósum tilfinningum, að hann fekk eigi tára bundist. 10 ára gamall var hann sendur í latínuskóla í Molde, en litlum framförum þótti hann taka, enda var hann óvanur kyrsetunni og kunni illa skólaaganum. Námsgreinarnar lét hann sitja á hakanum, en las af kappi skáldsögur og æfintýri, en þó einkum fornsögurnar, og ber ritstill hans þess ljósar menjar. Þótti sýnt, að tregt mundi sækjast námið í skólanum, og var það til

bragðs tekið að senda hann til Kristjáníu og selja í hendur »Heltberg gamla«, er svo var nefndur, en hann þótti manna lagnastur á fræðslu, þeirra er þá voru uppi. Voru þar saman komnir margir letingjar og vandræðamenn, er aðrir fengu ei um tætt, og á meðal þeirra voru um þær mundir þeir Ibsen og Vinje. Þar lauk Björnson stúdents-prófi sínu með litlu lofi árið 1852.

Að afloknu prófi fór hann heim til föður síns og dvaldist hjá honum árlangt. Hélt síðan aftur til Kristjáníu, en eigi lagði hann stund á háskólanám, af hverjum ástæðum er óvíst. Líklegast er, að hann hafi hvorki haft eirð í sér né löngun til að leggja stund á sérstaka námsgrein. Hugur hans var ekki við eina fjölinu feldur, og ný og sterk öfi tóku smám saman að hreyfa sér hjá honum, því hann var óvenju þroskaður eftir aldri. Þótti hann tilkomumestur allra jafnaldra sinna og gerðist brátt foringi þeirra, enda var höfðingjabragur á honum í öllum greinum. Það stafaði af honum líf og fjör og einhver óumræðilegur andans máttur, sem alla töfraði. Það sópar að honum frammar öllum öðrum. Á málfundum stúdenta hrifur hann alla með mælsku sinni og er hrókur alls fagnaðar, í blöðin ritar hann um listir og skáldskap með fjöri og dómgreind, og hann fylkir stúdentum með sér í leikhúsið til að hrópa niður danska leikendur og heimta norska þjóðlega leiklist. Alstaðar er hann fremstur í flokki, foringi og leiðtogi, fullur af brennandi áhuga og fjöri, sívakandi, síkvikandi og sístarfandi. Hann hefir sjálfur einkent sig, eðli sitt og starf, allra manna bezt í vísu þeirri, er hann orti um aprilmánuð, uppáhaldsmánuð sinn, vormánuðinn :

Jeg vælger mig april!
i den det gamle falder,
i den det ny får fæste;
det volder lidt rabalder, —
dog fred er ej det bedste,
men at man noget vil.

Jeg vælger mig april,
 fordi den stormer, fejer,
 fordi den smiler, smelter,
 fordi den kræfter vælter, —
 i den blir somren till!

Það má óhætt segja, að Björnson hafi átt góðan þátt í að steypa hinu gamla, ryðja því úr vegi. En hins má heldur eigi dyljast, að hann vann manna mest að því að reisa hið nýja á rústunum. Hann leggur grundvöllinn að nýrri þjóðlegri list, eða réttara sagt þjóðlegum stíl í skáldskaparlistinni. Hann var þá þegar, á öndverðum stúdentsárum sínum, að þreifa fyrir sér, að leita sér að yrkisefni og yrkissniði, þótt dult færi. Stúdentafundur Norðurlanda hinn mikli í Uppsölum árið 1856 vakti hann loks að fullu til meðvitundar um köllun sína og hleypti honum af stað. Hann einsetti sér að verða skáld — og þá auðvitað þjóðskáld! Hann flýtti sér heim, settist niður, samdi og hreinritaði leikritið »Milli bardaganna« á hálfum mánuði, tók síðan saman dót sitt, sté á skip og hélt til Kaupmannahafnar. Þar samdi hann skáldsöguna »Sigrún á Sunnuhvoli«. Þetta voru fyrstu skrefin á leiðinni.

Það er altítt að skáld og listamenn eigi við ýmsa erfiðleika að stríða framan af æfinni og stundum alla æfi. Lífsleiðin er oft þyrnum stráð og langt að bíða fullrar viðurkenningar. Eigi var því svo háttað um Björnson. Það þótti sýnt af hinum fyrstu ritum hans, að nýtt skáld var risið upp með Norðmönnum, og það meiri háttar. Að vísu átti hann fyrir sér langt þroskaskeið; styrkurinn og gáfan óx með hverju riti. En viðurkenning hlotnaðist honum þegar í stað. Bar margt til þess og það eigi sízt, að ritstíll hans var einkennilegur og ólíkur því, er áður höfðu menn vanist. Hann er bersýnilega í ætt við sögu-stíllinn forna, setningarnar stuttar og kjarnyrtar. Og þótt skáldlegri töfrablæju sé brugðið yfir sveitalífið, er hann lýsir í hinum fyrstu sögum sínum, þá eru persónurnar að eðli og háttum lifandi eftirmynd bænda lýðsins með öllum séreinkennum þjóðarinnar, en þetta hafði áður helzt þótt

á bresta hjá skáldum þeim, er lýstu sveitalífinu í Noregi. Þá voru og kvæði þau og stökur, er dreift var til og frá um sögurnar, hreinir gimsteinar að fegurð, enda þykir sýnt og sannað, að meiri ljóðsnillingur hafi eigi lifað með Norðmönnum en Björnson, hvað sem öðrum ritum hans líður.

Árið 1857 var hann ráðinn leiðbeinandi við leikhúsið í Björgvin og tók til óspiltra málanna að koma því í lag. En eigi lét hann sér það nægja, því hann var áhuga- og starfsmaður hinn mesti. Gerðist hann jafnframt ritstjóri blaðsins »Bergensposten« og þótti heldur uppvöðslu- og umsvifamikill. Gekk hann berserksgang í þjónustu vinstri-manna í kosningahríð þeirri, er þá fór í hönd, og réði að sögn mestu um úrslit kosninga þar um slóðir. Gerðist hann miðlungi vinsæll af þessum afskiptum sínum, enda hlífðist hann eigi við mótstöðumenn sína, og urðu þau úrslit, að hann varð að fara frá leikhúsinu. Í Björgvin kvongaðist hann leikmeyjunni Karólínu Reimers 1858, og varð hjónaband þeirra hið ástúðlegasta, sem ráða má að nokkru af kvæðum hans. Á sama ári gaf hann út skáldsöguna »Árni«. Hélt hann nú til Kristjaníu og tók að sér ritstjórnarstörf, en svo harðleikinn þótti hann og ofsafenginn í deilum sínum, að til vandræða horfði með honum og samverkamönnum hans og eigendum blaðsins, og varð hann að láta af því starfi eftir nokkra mánuði.

Hann var eins og fleiri landar hans um þessar mundir sáróánægður með ástandið heima fyrir, þótti þröngt um sig og dimt í smáþjarkinu og flokkadeilunum, enda hefir það aldrei þótt hentugur jarðvegur fyrir skáldskap og fagrar listir. Undan eigin hjartarótum voru hendingarnar runnar, er hann leggur Árna sínum í munn:

Út vil eg, út vil eg undralengt
upp yfir fjöllin háu.

Hér er svo þreytandi, þröngt og strangt.

Og út fór hann, út úr deilunum og flokkadráttunum, út úr svælnni og sóttkveykjuloftinu heima fyrir, út í sólskinsheim listarinnar. Hann sótti um ferðastyrk, — 1000

spesiur —, en hafði eigi eirð í sér til að biða úrslitanna, heldur lagði af stað til Kaupmannahafnar með léttu pyngju. Eftir talsverða bið og bollaleggingar fekk hann 500 spesiur og hélt nú suður á bóginn til fyrirheitna landsins, Ítalíu. Varð sú dvöl honum næsta happadrjúg, því hann lærði margt og þroskaðist stórum. Fann hann ljóst til þess sjálfur, og förin var honum ómetanlegur ávinningur í andlegum skilningi, enda sótti hann um viðbótarstyrk til vísindafélagsins í Þrándheimi, er fé hans var á þrotum, með þessum ummælum: »Mér finst á stundum eins og jörðin brenni undir fótum mér, eg þarf svo margt að læra, en efnin eru svo lítil og tíminn svo naumur. — — Eg finn það með sjálfum mér, að öll framtíð mín veltur á því, að eigi verði stöðvun á þroskanum«. Fekkk hann 300 spesiur frá félaginu og nokkurn styrk frá kunningjum sínum og hollvinum. Alls dvaldi hann 3 ár erlendis, enda þurfti hann mörgu að kynna og margt að læra. Hann ritaði og af kappi og sendi heim nokkur leikrit, er allmikils þótti um vert, t. d. »Sigurd Slembe«, »Maria Stuart« o. fl. Þótti öllum sýnt, að hann var á bráðu þroskaeiði frá listarinnar sjónarmiði. Sjóndeildarhringur hans víkkar, yrkisefnið verður sífellt dýpra og umfangsmeira, formið fastara. Kom hann aftur heim úr utanför sinni árið 1863 og hlaut nú fyrstur manna skáldastyrk í Noregi, 400 spesiur á ári hverju.

Næstu 10 árin dvaldi hann í Kristjaníu og hafði margt með höndum. Komst hann meðal annars í stjórn leikhússins og þótti skörungur í því sem fleiru, en hvarf frá því aftur af því að hann þóttist eigi fá nógu miklu ráðið. Þá fekk hann og við blaðamensku og stóð þar að jafnaði fremstur í fylkingu í öllum deilumálum. Greiddi hann harðar atlögur að mótstöðumönnum sínum og fekk sjálfur margt svöðusárið, enda gætti hann þess lítt að hlífa sér. 1872—73 fór hann víðsvegar um Noreg til að halda fyrirlestra. Var það tilgangur hans að safna sér fé til nýrrar utanfarar, og tókst honum það allvel, því eigi skorti aðsókn, enda var hann hverjum manni mál-

snjallari. Hélt hann svo af stað á ný suður í lönd. Samdi hann um þessar mundir hið alkunna leikrit sitt »Gjaldprot«, er hvervetna þótti hin mesta gersemi og var leikið víðsvegar um Norðurlönd og Þýzkaland. Græddist honum svo fé á því, að hann keypti stórbýlið »Aulestad« í Gautsdal og settist þar að er hann kom úr suðurförinni. Hafði hann fyrst í hyggju að húsa þar bæ í fornum norrænum stíl, en kunningjar hans fengu hann ofan af því, enda hefði það að líkindum orðið honum ofvaxið í efnalegu tilliti. Á »Aulestad« sat hann upp frá því. Var líf hans á seinni árum eigi tilburðaríkt í ytra skilningi, en þess auðugra og fjölskrúðugra í andlegum skilningi, og aldrei varð hljótt um nafn hans, þótt afskektur væri bústaðurinn nokkuð svo.

Björnson var sistarfandi alla æfi og lét eftir sig mesta sæg af ritum í bundnu og óbundnu máli, í sögusniði, leikritssniði og ljóðum. Skáldritum hans mætti ef til vill skifta niður í 3 flokka eða tímabil. Í fyrsta flokknunum verða þá rit þau, er hann samdi á öndverðum árum sínum og til þess er hann kom aftur úr suðurförinni, — sveitasögurnar og söguleikritin. Hann heldur sér þar mestmegnis við þjóðleg yrkisefni, er heimaalinn, heimabundinn, ef svo mætti að orði kveða. Upp frá því víkkar sjóndeildarhringurinn. Hann snýr sér að nútíðarlífinu og málum þeim, er efst eru á dagskrá bæði heima fyrir og annarstaðar. Af þeim ritum hans má telja En Fallit, Redaktören, Kongen, Magnhild, Kaptejn Mansana, Det ny System og Leonarda. Í síðasta flokknunum eru viðfangsefnin enn stærri, dýpri, alþjóðlegri. Þá ritar hann Det flager, På Guds Veje, Nye Fortællinger, En Hanske, Over Evne I—II, Paul Lange og Tora Parsbjerg o. s. frv. Þetta er auðugasta og tilkomumesta tímabilið, þá ber snildargáfa hans dýrðlegasta ávexti.

Því hefir verið haldið fram, að öll skáld hefðu það á valdi sínu að rita að minsta kosti eina góða sögu á æfinni, — sína eigin sögu. Öll eða allflest skáldrit Björnsons eru góð, og stafar það ef til vill af því, að hann

ritar aftur og aftur sína eigin sögu, þótt lesendur hans verði þess eigi varir í fljótu bragði. Sálarlíf hans er svo auðugt, svo margbreytt og fjölskrúðugt, að hann kemur fram sem nýr maður í hverju nýju riti, og er þó ættar-svipurinn undir niðri jafnan einn og hinn sami. Sjálfur er hann Sverrir, birkibeinahöfðinginn, í leikritinu »Milli bardaganna«, hataður og misskilinn, þótt hann vilji ekkert annað en heill lands og lýðs. Sjálfur er hann áfloga-garpurinn Þorbjörn í Grenihlíð, sem býður öllum byrginn. Og það er barátta hans sjálfs á æskuárunum í Kristjaníu sem speglast í þessum ritum. Sjálfur er hann Árni, skáldið unga, er finst þröngt um sig í dalnum heima og þráir með erninum

upp yfir fjöllin háu.

Og svo mætti halda áfram að rekja sporin í ritum hans. Hann vex og þroskast með hverju riti, nýjar hugsjónir birtast, nýjar útsjónir opnast, víðari, bjartari, fegurri, tignarlegri. Hann stígur fram smám saman sem fulltrúi nýrra hugsjóna á öllum sviðum þjóðlífsins, fulltrúi frjálslyndis og drenglyndis í stjórnámum (Redaktören, Kongen, Paul Lange og Tora Parsbjerg), uppeldismálum (Det flager) og trúmálum (På Guds Veje), fulltrúi jafnréttis og skírlífs í sambúð karla og kvenna (Leonarda, En Hanske). Hann er á nokkurskonar fjallgöngu svipaðri þeirri, er Matthías Jochumsson lýsir í kvæði sínu »Leiðslu«; hann leitar hærra og hærra, unz hann stendur á efsta tindinum og baðar sig í himintæru fjallaloftinu og svelgir »voðalegt þor«, þar til honum vex svo ásmegin, að hann leggur út í að ráða dýpstu og erfiðustu gátur og viðfangsefni sálarlífsins og þjóðfélagslífsins, eins og hann gerir í leikriti sínu »Over Evne I—II«, sem að öllu samanlögðu er hið lang áhrifamesta og stórfenglegasta af öllum ritum hans, og eitt af mestu snildarritum samtíðarinnar. En þótt Björnson að öllum jafnaði gerist fulltrúi og staðgengill nýrra hugsjóna í ritum sínum, þá rekur hann sig samt eigi á það skerið, sem mörgu skáldinu verður hált á, er fjallar um deilumál samtíðar sinnar.

Málefnið ber eigi persónurnar ofurliði. Þær lifa og hræstast í eðlilegu samræmi. Rit hans eru skáldrit í orðsins beztu merkingu, mörkuð með innsigli snildarinnar, klædd í töfraskrúða listarinnar.

Björnstjerne Björnson var að eðli og upplagi vikingur og bardagamaður, en í æðsta og göfugasta skilningi. Hann barðist eigi fyrir sjálfan sig, fyrir upphefð né metorðum, heldur jafnan í þjónustu einhverrar hugsjónar, einhvers málefnis. Og margar voru hugsjónirnar, sem hrifu hann um dagana hver eftir aðra, því lund hans var afarviðkvæm og móttækileg fyrir öllum áhrifum. Og jafnskjótt og hann varð hrifinn af einhverri hugsjón, var hann reiðubúinn að berjast fyrir henni með oddi og eggju. Í það mund er hann semur leikritið »En Hanske« verður hann svo gagntekinn af skirlífiskröfunni, að hann tekur sér ferð á hendur um öll Norðurlönd til að berjast fyrir því máli, og flutti þá víðs vegar hið alkunna erindi sitt »Engifte og mangegifte«. Svo er með hvert málið á fætur öðru. Hann er í sífeldri sannleiksleit og sannleiksbaráttu. Hver ný og göfug hugsjón á þar vísan stuðningsmann er hann er. Hann tekst óðar á loft og gerist riddari hennar og þjónustumaður og kallari á strætum og gatnamótum. Hann er eigi smeikur við að standa öndverðlega í fáliðaðri fylkingu, ef hann þykist sjá sannleikans merki í broddi, enda hefir enginn skáldmæringur kveðið betur um sannleikann, en hann hefir gert í þessum erindum:

Foragt af de store, men elsket af de små, —
sig, er det ikke vejen, som det nye må gå?

Forrådt af dem, som v a g t burde være, just af dem, —
sig, er det ikke sådan, at en sandhed står frem?

Begynder som en susen i kornet sommerdag
og vokser til en brusen gennem skogenes tag, —
ndtil at havet bærer med tordenrøst den hen,
da intet, intet høres uden den, uden den. —

En heldur þótti hann óstöðugur í rásinni og gjarn á nýbreytingar í skoðunum sínum. Svipaði honum í því

sem fleiru til uppáhaldsmánaðar síns, aprilmánaðar. Lagðist hann á stundum allþungt á móti þeim skoðunum, er hann áður hafði haldið fram af kappi, og taldi þær óalandi og óferjandi. Mætti þar telja til nokkur dæmi. Þannig var hann um eitt skeið rammur kirkjutrúarmaður. gerðist síðan Grundtvígssinni, en hallaðist smám saman meir og meir á móti kenningum kirkjunnar, þýddi á norska tungu nokkur af ritum Ingersolls, er einna andvígastur hefir þótt kirkjutrúnni af samtímarithöfundum, og hafnaði sig að lokum, eftir því sem næst verður komist, í skoðun þeirri, er hann heldur fram í niðurlagsorðum skáldsögunnar »På Guds Veje« («vegir vandaðra manna eru vegir guðs»). Framan af æfinni hallast hann á sveif með málstreitumönnunum norsku, þeim Aasen og Vinje, en á síðustu árum æfinnar lagðist hann manna mest á móti því máli og leitaðist við að vinna því alt það ógagn, er hann mátti. Sú var tíðin, að honum þótti ekkert stjórnarfyriřkomulag samboðið frjálssbornum mönnum nema lýðveldið eitt. Hélt hann því fram af miklum móð bæði í leikriti sínu »Kongen« og erindum nokkrum, er hann flutti í almennings áheyrn og birti síðan á prenti. En svo fóru leikar, að hann hallaðist að konungsveldinu, er Norðmenn áttu um að kjósa eftir skilnaðinn við Svía. Þessar sífeldu stefnubreytingar hans stafa eflaust mest af því, að sál hans er á sífeldu ólgu- og þroskaskeiði, svo fastar, ákveðnar grundvallarskoðanir ná eigi að setjast hjá honum til fulls. Hann beinir öllu lífsafli sínu að kröfum hinnar líðandi stundar. Það er engu líkara en að málefnin og skoðanirnar hafi hann á valdi sínu, en hann eigi þær. Hann er ekkert annað en þjónn og verkfæri þeirrar skoðunar, sem í þann og þann svipinn hefir yfirtökin í sálu hans. Sannleikurinn er í hans augum ekki algildur og ákveðinn, hann er það, sem í svipinn er efst í huga hans. Það er þetta, sem veitir honum um leið kjark og þrek til að brjóta hvað eftir annað bág við hinar fyrri skoðanir sínar og láta það uppi óhikað og afdráttarlaust, þótt skjal-

arar og skrumarar sprettu fingrum að honum með ópi og illum látum og nefndu hann liðhlaupa og landráðamann. Honum lét annað betur en að fara dult með skoðanir sínar, enda voru svik eigi fundin í hans hjarta. Hann hafði jafnan hátt um sig og horfði eigi í að »tefla lýðhylli sinni í hættu að minsta kosti einu sinni á ári«, eins og vinur hans Ernst Sars komst að orði. Hann sótti sig aftur jafnharðan í álit almennings, enda hlotnaðist honum einum manna tignarnafnið »hinn ókrýndi konungur Noregs«. En hins má eigi dyljast, að oft varð þunnskipað um hann í svipinn, er hann lagðist á móti þjóðarviljanum, og tók hann sér það allnærri, því hann var undir niðri afar viðkvæmur í lund, er vígamóðurinn var af honum runnin. Er vísa hans ein órækur vottur þess og um leið hins, að eigi þvarr þrek hans né kjarkur, þótt öndvert blési. En vísan er þessi:

Vær glad, når faren vejer
 hver evne, som du ejer:
 Jo større sag,
 des tyngre tag,
 men desto større sejer!
 Går støtterne i stykker,
 og vennerne får nykker,
 så sker det blot,
 fordi du godt
 kan gå foruden krykker. —
 Enhver,
 gud sætter ene,
 han selv er mere nær.

Björnstjerne Björnson var að sjálfsögðu allmjög við riðinn stjórnsmál Noregs. Hallaðist hann þar að öllum jafnaði á sveif með hinum ákvednustu sjálfstæðismönnum og barðist undir merki þeirra bæði í ræðum og riti. Fáir menn utan sjálfra blaðamanna munu hafa ritað fleiri greinar um stjórnsmál en hann, bæði í heimablöðin og endur og sinn í stórböð erlendis. Mælsku sinni hinni miklu og aðdánlegu beitti hann aftur og aftur í þjónustu stjórnsmálaflokks þess, er hann fylgdi, og leiddust menn

þúsundum saman til að hlýða á hann. Og þegar hann var einu sinni kominn í ræðustólinn var eigi að því að spyrja, að hann hafði áheyrendurna á valdi sínu, svo mikill töframáttur og seiðmagn fylgdi orðum hans. Þegar hann hvesti augun og brýndi röddina, sló dauðapögn á mannþyrpinguna, og múgurinn hlýddi heillaður og hugfanginn á ræðu hans, og er hann hafði lokið máli sínu kváðu við fagnaðaropin og ætluðu aldrei enda að taka. Bar margt til þess og þó einkum tvent. Hann var hvorttveggja í senn skáldsnillingur og leiksnillingur með afbrigðum. Ræðan flaut af vörum hans »sætari en hunang«, hugsanirnar klæddust ósjálfrátt föðrum búningi, og látbragð hans alt, hreimurinn, áherzlan og litbrigðin á röddinni hjálpuðust að til að ryðja orðum hans og áhrifum veg inn í hug og hjarta lýðsins. Það munaði því um hann þar sem hann lagðist á sveifna, og var eigi að undra þótt sjálfstæðismönnum í Noregi yxi fylgi við slíkan merkisbera, enda réði hann oftár en einu sinni mestu um úrslit kosninga í Noregi, svo sem áður er á vikið. Og þótt hann í orði kveðnu kæmi hvergi nærri, er stórtíðindin gerðust þar heima fyrir 1905, sambands slitin, — hann var þá á ferð suður í löndum —, má samt óhætt fullyrða, að fáir menn að öllu samanlögðu hafi lagt meira til þeirra úrslita en hann. Hitt er og víst, að mótstöðumenn sjálfstæðisstefnunnar í Noregi töldu hann jafnan einn hinn skæðasta fjandmann sinn og beindu að honum hvössustu skeytunum, og þeim á stundum hertum í eitri persónulegrar óvildar. Við bar það og, að flokksmenn hans snerust í móti honum er hann á stundum brauzt undan flokksaganum og lagði víkingasnekkju sinni um þvera flotafylkingu. Gerðist honum þá allóvært heima fyrir, en aldrei kom honum þó til hugar að hlaupa úr landi og taka sér bólfestu erlendis, eins og Ibsen og fleiri samlandar hans gerðu. Í kring um 1880 átti hann í meira lagi brösótt heima fyrir og gaus þá upp sá kvittur í þýzkum blöðum, að hann væri orðinn þreyttur á rífrildinu og gauraganginum heima og ætlaði að setjast að í

München. Hann mótmælti því óðar í bréfi til kunningja síns með þessum orðum: »Jeg vil bo i Norge; jeg vil prygle og prygles i Norge; jeg vil synge og dø i Norge — vær vis på det!« Og í Noregi ól hann aldur sinn, þar var hann að örlagaskipun eðlisbundinn, þar var hann jafnan óróinn og aflvakinn í þjóðlífinu, enda var hann í hug og hjarta einna norskastur allra norskra rithöfunda.

Björnson lagði sjálfur þá merkingu í »pólitik«, að hún væri ekkert annað en »náunganskærleiki á æðsta stigi«, og enginn vafi getur á því leikið, að hann breytti eftir þeirri skoðun sinni. Hvar sem hann sá réttinum traðkað og lítilmagnanum misboðið, var hann reiðubúinn að hefjast handa og taka svari hans. Hann tók svari Finna gegn Rússum og Pólverja gegn kúgun stórveldanna beggja, Rússlands og Þýzkalands, og hann fekk eigi orða bundist, er Dreyfushneykslið var á döfni. En minnisstæðast allra er þó andvarp hans í ljóðum, er Danir voru harðast leiknir af Þjóðverjum 1864:

Fordum syntes Danebroge
snehvidt, rosenrødt
stråle gennem tidens tåge
som en himmelfødt,
gro som frugt af Danmarks have,
slå som sang på deres grave
og med tankers træfuglskare
over verden fare.

Ak nu synes Danebroge
lígblegt, blodigrødt
dale som en truffen måge,
der har sig forblødt.
Purpurstrømme vunden gyder,
som af tro på retfærd flyder;
segnende må folket bære
korsets tunge ære.

Hér andar samúðin með óförum lítilmagnans og hluttekningin í þjóðarsorg Dana úr hverju visuorði. Það er efst allra tilfinninga hjá honum. Til samanburðar er fróðlegt að sjá, hvernig Henrik Ibsen snýst við því máli. Hann

kveður einnig við þetta tækifæri, en við annan tón. Hann fær eigi orða bundist, er hann hugsar til afstöðu Noregs og Svíþjóðar og allra þeirra fögru loforða, er kváðu við á allsherjar-stúdentafundum Norðurlanda skömmu áður, en gleymdust öll, er á skyldi treysta:

Forladt, forladt på farens dag,
forladt i stridens stund!
Var sådan ment det nævetag,
der loved godt for Nordens sag
i Axelstad og Lund.

Men du min frelste norske bror,
som står på fredlyst grund
i kraft af løftets fagre ord,
forglemt i farens stund, —
stryg du på flugt fra fædrestavn,
jag över havets hvælv,
gå glemselsgang fra havn til havn,
og list dig til et fremmed navn,
og gem dig for dig selv!

Í þessum tveim sýnishornum lýsa sér glögglega eðliseinkenni þeirra skáldmæringanna beggja, Ibsens og Björnsons. Mismunurinn er auðsær. Grundvallareinkenni Ibsens er reiðin og gremjan (indignation). Af þeirri rót er allur skáldskapur hans runninn. Grundvallareinkenni Björnsons er lyfting andans (begeistring), vængjasvífð og hið víðfaðmandi samúðarþel til allra manna og til alls sem lifir og hrærist. Það er afvakinn í skáldskap hans. Ibsen legst að jafnaði dýpra, leitar meira inn á við, eins og málmneminn í kvæði hans:

Bryd mig vejen, tunge hammer,
til det dulgte hjertekammer.

Hann er einrænn, sérvitur, ljósfælinn að eðli, eins og hann sjálfur kemst að orði:

Ja över jeg engang et storværk
så blir det en mørkets dåd.

Björnson er alveg gagnstæður. Hann er ljóssins riddari í orðsins fylstu merkingu. Það er bjart yfir honum og

um hann, enda hefir honum aldrei tekist betur upp í kveðskap sínum en í háskólaóðnum undurfagra og áhrifamikla, er hann nefnir »Ljósið«.

Þau sýna, þessi tvö þjóðskáld, sína hliðina hvort á eðli þjóðar sinnar. —

Enn verður oss að lokum ósjálfrátt að minnast vikinganna fornu, er þjóðskáld Norðmanna eiga í hlut. Þar er meiri líking í milli en margur hyggur. Vikingarnir voru að sönnu ránsmenn og yfirgangsseggir, en þeir voru um leið annað og meira. Þeir voru menningarfrömuðir sinnar aldar, víkingaaldarinnar. Þeir ruddu norrænni þjóðmenningu braut, sýndu það og sönnuðu, að Norðurlandþjóðirnar áttu sérstaka siðmenningu. Slikt hið sama hefir á 19. öldinni verið hlutverk þjóðskáldanna norsku. Þeir Ibsen og Björnson hafa knúð stórþjóðirnar til að rýma sæti fyrir norsku þjóðinni á bekk með sér. Í bréfi til frakkneska skáldsins nafntogaða, Emile Zola, fórust Björnson einu sinni orð á þá leið, að skáldin ættu að standa í sama hlutfalli við rit sín eins og bankarnir við seðla þá, er þeir gæfu út; gullforði lægi til tryggingar í kjallaranum. Þetta er vel hugsað og fagurlega mælt, og mætti vel heimfæra það til skáldanna norsku. Það gat engum dulist, að sú þjóð, er sendi slík verðbréf á alheimsmarkaðinn, átti í sannleika nægan gullforða í kjallaranum. Og þetta mun ef til vill ekki hafa átt minstan þáttinn í að ýta undir viðurkenningu stórþjóðanna, er Norðmenn lýstu yfir sjálfstæði sínu 1905. Þeir gerðu í raun og veru eigi annað en að setjast í sæti það, er skáldmæringarnir Ibsen og Björnson með aðstoð fleiri góðra drengja og göfugra höfðu fyririrbúið þeim á hinum æðra bekk við hlið menningarþjóðanna.

Jón Jónsson.

Daði Nielsson „fróði“.

Aldarminning¹⁾.

Eitt af því, sem einkent hefir íslenzka aðþýðu frá alda öðli, er bókvisin. Á landi voru hafa alloftast verið einhverir þeir menn uppi með alþýðustéttinni, er lagt hafa stund á kveðskap og ritstörf og staðið mörgum mentamönnum frammar í þeim efnum. Hvort þetta fræðagrúsk hefir að öllu samanlögðu verið holt og affarasælt fyrir atvinnurekstur manna, skal ósagt látið. En hitt er víst, að íslensk bókvisi á þessum alþýðlegu fræðimönnum margt og mikið að þakka. Þeir hafa geymt og varðveitt margvíslegan fróðleik, skráð sögur, ættartölur og annála, ort rímur og kvæði, og jafnvel látið eftir sig rit í ýmsum fræðigreinum öðrum, sem eru eigi að jafnaði taldar við alþýðu hæfi. Svo er t. d. um Björn á Skarðsá, Jón lærða, Gísla Konráðsson, Jón Bjarnason í Þórormstungu og marga fleiri, sem hér yrði of langt upp að telja.

Einn í tölu þessara manna var Daði »fróði« eða »grái«, eins og hann sjálfur nefndi sig og skrifaði að jafnaði. Líf hans var í ytra skilningi snautt og fábreytt og tilkomulítið, sífeld barátta við strit og skort og örbirgð, en í andlegum skilningi var það auðugt og fjölskrúðugt, og þeim einkennum prýtt, er um fram alt mega teljast grundvallarskilyrði fyrir áreiðanlegri sagnaritun, en þau eru: brennandi fróðleiksfýsn og sannleiksþrá. —

¹⁾ Svo var til ætlast, að grein þessi kæmi í „Skírni“ í fyrra, en varð að bíða sakir rúmleysis.

Daði var fæddur að Kleifum í Gilsfirði 22. júlí 1809, laugardaginn í 14. viku sumars¹⁾. Foreldrar hans voru Niels Sveinsson bóndi á Kleifum og Sesselja Jónsdóttir Guðmundssonar á Barmi í Dalasýslu. Niels var fæddur 1764 og andaðist snögglega í júnímánuði 1810. Sveinn Sturlaugsson faðir Nielsar var fæddur 1728 og andaðist skömmu eftir aldamótin 1800 fullra 72 ára. Hann var iturmenni hið mesta, friður sýnum og karlmannlegur á velli, mikilleitur, ennimikill, nefstór, bláeygur og manna hárrúðastur á yngri árum; var hárið bleikt og féll í lokkum. Hann var manna hagastur bæði á tré og járn, silfur og kopar, og var svo að orði um hann kveðið, að alt léki í höndum hans, sem hann tæki á. Hann hafði skarpar sálargáfur, næmi, greind og minni, og sá jafnan fljótt hvernig í hverju máli lá. Auk þess var hann vel hagameltur. Get eg Sveins hér svo itarlega af því, að auðsætt er, að sonarsynir hans hafa sótt til hans bæði gáfur sínar og ýms ytri líkamseinkenni. En heldur þótti Sveinn geðstór og óþýður í lund, drykkjugjarn og óeirinn við öl²⁾. Eftir að Daði misti föður sinn fór hann til frændfólks sins, því móðir hans var bláfátæk. Ólst hann þar upp við bágindi og var hart haldinn; fekk því lítinn þroska. Hjá móður sinni og seinna manni hennar dvaldi hann frá 1818 til 1822 við skort og óþýtt atlæti, og átti hann jafnan litlu ástriki að fagna af móður sinni. Vorið 1822 var hann fermdur á hvítasunnudag í Garpsdalskirkju af síra Jóhanni Bergsveinssyni. Hrósaði prestur honum fyrir næmi og skilning og setti hann efstan á kirkjugólfi af börnum þeim, er þá voru fermd. Hafði hann mest lært að lesa af eigin ástundan. Eftir ferminguna fór hann

¹⁾ Svo segir kirkjubók Garpsdalskirkju (í Landsskjalasafninu). Sjálfur telur Daði sig fæddan 24. júlí, en Jón Borgfirðingur í æfiágripi Daða (Ísafold VIII, 1881, nr. 2) segir hann fæddan 27. júlí.

²⁾ Fjallkonan VII, 1890, nr. 16 og Jón Borgfirðingur í Rithöfundatali sínu hinu meira II, 1, hndrs. J. Sig. nr. 104, 4to.

eitt ár í dvöl í »ekki góðan stað«, og var svo hjá móður sinni á ný við stirt atlæti í 2 ár¹).

Þegar á bernskuskeiði vandist Daði þannig við skort og kulda og ræktarleysi og mun hafa búið að því alla æfi síðan. Harðrétti bernskuáranna varpaði myrkum, köldum skugga yfir alt líf hans. Það var svippungur inngangur til ömurlegrar æfi. Beiskjan hefir þá þegar étið sig inn í sál hans og grafið um sig, og þetta átumein varð stöðugt dýpra og dýpra eftir því sem stundir liðu fram og fleira og fleira ömurlegt og strítt mætti honum í lifinu. Þetta kemur berlegast fram í kvæðum hans. Eitt af þeim vikur öðrum framar að bernsku- og æskuárum hans, og lýsir það betur en langorð frásögn kjörum hans og hugarblæ. Kvæðið er þannig:

Víðkvæði : Lífstundirnar leiðast mér,
langar nauðir þjá;
Ljúfi Guð þá líkar þér
leys mig heimi frá.

Snemma tók eg mjög til meina,
marga þvingan fekk að reyna
fyr en vissi frá að greina
og frelsistíma beiðast.
Lífstundirnar leiðast.
Miskunn Drottins míns alleina
mér þó borgið sá.
Ljúfi Guð þá líkar þér
leys mig heimi frá.

Oftast nær á æskutíðum
ama helzt eg mætti stríðum,
mótlætis úr hörkuhríðum
hót ei vildi greiðast.
Lífstundirnar leiðast.
Fátt af dögum fekk eg blíðum
furðu mjög að sjá.
Ljúfi Guð þá líkar þér
leys mig heimi frá.

¹) Þessi lýsing á barnæsku Daða er orðrétt að heita má tekin eftir sögusögn Daða sjálfs í stuttri formálgrein fyrir eiginhandarriti hans af Prestasögnum. Smbr. Ritht. Jóns Borgf. II, 1.

Jafnan var þó létt mín lundin,
 linaði hrygð við næturblundinn,
 mörg þá gleymdist mæðustundin
 mig sem hitti greiðast.
 Lífsstundirnar leiðast.
 Nú er burtu heill sú hrundin,
 harmi ei linna má.
 Ljúfi Guð þá líkar þér
 leys mig heimi frá.

16 ára að aldri fór hann sjálfur að basla fyrir lífi sínu og fór í vist til vandalausra. Var hann fyrst léttadrengur, og sakir þroskaleysis mun honum helzt hafa verið falinn sá starfi að sitja yfir fé á sumrum. Síðar, er hann komst til aldurs, var hann á vist í ýmsum stöðum og gætti fjár. Mun fjárgeymsla hafa látið honum bezt allra starfa, en stritvinnu var hann frábrugðinn og sjóróðra stundaði hann vist aldrei. Er það hvorttveggja, að hann við fjárgeymsluna vetur og sumar hefir þózt fá bezt tækifæri til að rýna í bækur og dunda við skriftir, enda mun honum og að eðlisfari hafa verið sýnt um þann starfa, og látið sveitalífið yfir höfuð. Svo segir hann sjálfur í einni vísu sinni:

Ekki get eg unað mér við sjóinn;
 skemtun mín er ætíð öll
 upp um dali og grösug fjöll
 og sauðahaga sémilega gróinn.

Um tvítugs aldur byrjaði hann að læra að skrifa og lesa dönsku. Nam hann það hvorttveggja af sjálfum sér og lagaði hönd sína eftir prentstíl, því enga leiðbeiningu hafði hann né fyrirmynd. Ber rithönd hans þess ljósan vott, því hún er, eins og Gísli Konráðsson kemst að orði, »nokkuð svo annarleg, en vel sett«. Er hún fremur stirðleg, en afarþétt og stafirnir beinir eins og í prentstíl. Notaði hann hverja tólmstund er gafst til að iðka þetta hvorttveggja, bæði yfir fjárgeymslunni vetur og sumar og þess utan. Var þá eins og hann við þessi störf gleymdi sultinum og vosbúðinni, sem hann alloftast mun hafa átt við

að búa, því svo sagði hann sjálfur síðar við kunningja sína, »að þegar hann hefði haft nýtsama bók í barmi sínum, þá hefði sér fundist að hvorki kuldi nè sultur mætti eins sigra sig«. ¹⁾

Eftir 1830 virðast kjör hans hafa batnað nokkuð, svo hann fekk meira ráðrúm og tóm til að gefa sig við bók-íðnum. Tók nú að vakna hjá honum sjálfum löngun til að semja eitthvað eða taka saman. Mun hann fyrst hafa komið sér niður á að taka saman annála, en það þótti þá einna næst hendi fyrir alþýðumenn, því héraðs- og landsfréttum áttu flestir kost á að einhverju leyti, og þarft verk mátti það telja á fyrri öldum, áður fréttablöðin komu til sögunnar, að skrásetja jafnótt viðburði þá er gerðust, og víst mundi seinni alda saga vor stórum mun fáskrúðugri en hún er, ef eigi hefðu ýmsir menn bæði af alþýðu- og mentastétt orðið til að rita annála. Daði byrjar annál sinn með öldinni (1801), og hélt honum fram til ársins 1835, svo að annállinn fjallar mest um viðburði, er gerðust fyrir dag eða minni Daða. Hefir hann þó eflaust hugsað sér upphaflega að halda honum lengur fram. En ástæðuna til þess að hann hætti við annállinn og lét hér við sitja tilgreinir hann sjálfur í lok annálsins með þessum orðum: »Eg veit mörg dæmi til, er líka sjálfur þar um sannfærður, hversu varúðarvert er að reiða sig á flugufregnir og ýmsra sögusagnir, ef áreiðanlegar frásagnir rita skal, og þar sem mér verður mjög erfitt að fá hjálparmeðul til að halda þessu frásagna-ágripi fram, og get engan veginn vissu fengið um svo margbrotna en þó smáa tilburði, er hér á landi ske frásagnarverðir, þá tek eg það ráð, er eg við fyrstu aðgæzlu sé hentugast vera, sem er að hætta og láta við svo búið standa. Bið eg góða menn vel virða og færa í lagið þar sem þess þarf, sem eg játa að víða vera kunni. Mun eg svo ekki lengur fram halda þessum ófullkomnu,

¹⁾ Jón Borgf. í Ísafold VIII, nr. 2.

en þó mér allerfiðu frásögnum. Hef eg hér svo endir þeirra og þakki nú hver sem vert þykir¹⁾.

Þessi niðurlagsorð sýna það, að Daði var óvenju samvizkusamur söguritari og vandur að heimildum, en það hefir einna helst þótt á bresta hjá ýmsum af alþýðurithöfundum vorum. Og vist ber annállinn sjálfur þess ljósastan vottinn, að Daði hefir safnað til hans af hinni mestu kostgæfni og samvizkusemi, þótt hann ætti erfitt aðstöðu. Sýnir það og dómgreind hans, að hann vildi heldur hætta við ritið, en byggja það á óáreiðanlegum heimildum.

Þar er annállinn þrýtur taka við Tíðavísur Daða, og ná þær yfir árin 1835—41 og brot (90 er.) yfir árið 1842. En tíðavísur eru, svo sem kunnugt er, eins konar annáll eða fréttainntak hvers árs í ljóðum, án þess þó að jafnaði að tilgreina aðrar fréttir en þær, er landsfleygar voru, t. d. tíðarfar, mannalát og slysfarir o. s. frv.

Eftir að Daði var hættur við annál sinn, tók hann að færast meira í fang. Hugkvæmdist honum að taka saman prestasögur Skálholtsstiftis frá siðaskiftunum og fram á hans dag. Lengi var hann þó hikandi í þessu efni, sem von var, því hér var eigi lítið í ráðist af umkomulitlum almúgamanni. Hefir hann sjálfur í formála fyrir prestasögunum skýrt frá atvikum og aðdraganda þess, að hann færðist þetta í fang. En þau voru tildrög-in, er nú skal greina.

Vorið 1830 sá hann aðkomandi vestra prófesta- og sóknarprestatal í Skálholtsstifti frá því um siðaskiftin eftir Hannes biskup Finnsson, og er það prentað í 11. bindi af ritum Lærdómslistafélagsins. Honum vanst þá eigi tóm til að lesa neitt í því að kalla, en þessi munnsmekkur var þó nægur til þess, að vekja hjá honum sterka

¹⁾ Niðurlagsorð þessi eru dags. Viðidalsá í Steingrímsfirði 1. nóv. 1836. Annálshandritið sjálft var í eigu Hallgr. biskups Sveinssonar, bróðursonar Daða, og hefi eg hvergi séð það annarstaðar.

löngun til að fjalla betur um það, en það tókst eigi að sinni. Til að sedja nokkuð þessa löngun sína fekk hann á næsta ári fyrst til láns og því næst til eignar hjá Jóni bróður sínum¹⁾ þýðing af því prestatali Skálholtsstiftis, sem er í 4. bindi kirkjusögu Finns biskups. Var það miklu ófullkomnara en prestatal Hannesar biskups. Lék honum því sífelt hugur á að ná í það og fekk það loks að láni hjá síra Birni Hjálmarssyni í Tröllatungu. »Las eg það hvað eftir annað með mestu græðgi«, segir hann, »og þótti, sem von var, mikill fróðleikur í því«. Nú er prestatal Hannesar biskups eigi annað að kalla en þur upptalningur og ártöl með nokkrum skýringargreinum, svo skemtilegt er það eigi, hvað sem annars má telja því til gildis. Sýnir það eitt með öðru hina brennandi fróðleiksþrá Daða, að hann skyldi lesa það »hvað eftir annað með mestu græðgi«.

Þess var þó eigi langt að biða, að Daða þætti prestatal Hannesar biskups ófullnægjandi og langaði til að fá meiri vitneskju um prestana, en þar var að fá. Komst hann fyrst yfir prestatal að Stað í Steingrímsfirði alla leið frá siðaskiftunum; var það að sögn samið af Steingrími biskupi. Fekk hann það að láni, afritaði og jók við. Þetta var árið 1835. Sama ár fekk hann og að láni hjá síra Birni Hjálmarssyni prestatal í Tröllatungu eftir Hannes biskup og aukið af síra Hjálmarí föður Björns. Gerði hann einnig eftirrit af því og jók við. Tók honum nú að hvarfla í hug, að fýsilegt væri að eiga slíkt prestatal við öll prestaköll í Skálholtsstifti, og að tína saman í eitt það sem hann gæti þess kyns. En þegar hann hugleiddi þetta betur, fanst honum kostur á svo litlu, að eigi væri ómaks vert að tína það saman, og varð því svo afhuga um sinn. Samt sem áður kulnaði þessi löngun eigi út með öllu, heldur gróf um sig og vaknaði að nýju. Hugleiddi hann nú þetta efni nánar og fanst þá, að ef það

¹⁾ Jón var bóndi í Grænanesi í Strandasýslu og gáfaður vel og hagorður sem bræður hans.

litla, sem hann ætti kost á, væri komið saman í eina heild, mundi það vera skárri en ekki. Einsetti hann sér því að taka þetta fyrir, ef líf og heilsa entist, og það gerði hann síðan árið 1837. Hafði hann á því ári vista-skifti og fór að Stað í Hrútafirði, en næsta ár, 1838, var hann með Sveini presti bróður sínum að Blöndudalshólum. Var Sveinn prestur, sem kunnugt er, hinn mesti fróðleiks- og gáfumaður, en eigi áttu þeir bræður skap saman. Fór hann þaðan að Gunnsteinsstöðum í Langadal, en vorið 1840 fluttist hann að Gautsdal í Bólstaðahlíðarhreppi og gerðist þar ráðsmaður eða fyrirvinna hjá ekkju nokkurri, Helgu Jónsdóttur. Dvaldi hann ein 5 eða 6 ár í þeirri vist og mun hvergi hafa betur vegnað um dagana. Á þeim árum öllum hefir hann unnið af kappi að prestasögum sínum, og eirs þann tíma, er hann var á vist með Gísla sagnfræðing Konráðssyni á Húsabökkum, en það var 1 eða 2 ár. Eftir það mun hafa farið að skerðast um tíma og næði fyrir honum. Skifti hann á næstu árum oft um vistar- og verustaði og vegnaði oft illa. Sá hann sér því eigi fært að halda prestasögunum lengur fram fyrst í stað en til ársins 1840. Ritaði hann formála fyrir þeim á Hólum í Hjaltadal 7. jan. 1849, og gerir þar grein fyrir ástæðu þess, að hann lætur hér staðar numið, á þessa leið: »Eg læt nú við svo búið standa sem komið er með þennan prestatalssamtíning, og ætla ekki að halda honum lengur fram. Skortur á tíma og hjálparmeðulum, og ýmsir aðrir erfiðleikar við þetta starf, hafa gert mér það leitt og langsamt. Óstyrkur heilsu, þreyta og þar af fljótandi pennaleti fylgjast þar einnig með ásamt því markverðasta, sem er óvissa lífsstundanna. Skal hér því að fullu staðar nema, og þykist eg hafa vel varið margföldu ómaki og fyrirhöfn, ef fróðleikselskendum þætti nokkur fróðleikur í samtíningi þessum vera fyrir þá og seinni tíð«. — Daði lét þó eigi með öllu hér við staðar numið, þrátt fyrir ásetning sinn, og sýnir það hve bágt hann átti með að slíta sig frá þessu riti, og hve mjög það var orðið honum samgróið og hjartfólgið. 13. des.

1851 bætir hann þessum orðum aftan við formálann í eiginhandarriti sínu: »Síðan formáli þessi var ritaður hefi eg aukið ýmsu hér og hvar í þetta safn eftir því sem efni hafa til gefist, en nú er því lokið með öllu, og skal því einnig minni viðleitni lokið að auka það framar, því eg er löngu síðan orðin þreyttur á því«. Og hér við mun að lokum hafa setið, enda tók nú starfsprek hans að þverra með vaxandi aldri án þess þó að lífskjörin hægðust.

Prestasögurnar eða »Hungurvaka«, sem höf. nefnir svo¹⁾, er bæði að vöxtum og gæðum hið langmesta og merkasta rit Daða. Þykir mér því vel hlýða, að at- huga þetta rit nokkuð nánar.

Eigi í fljótu bragði að nefna eitt skilyrði öðrum fram- ar, er æskilegt sé og ómissandi þegar um sögurit er að tefla, þá er það áreiðanleiki. Margt getur annað verið ákjósanlegt, t. d. skýr og skipuleg niðurröðun, lip- ur frásögn o. s. frv., en þetta er óneitanlega grundvallar- skilyrðið, hið »eina nauðsynlega«, *conditio sine qua non*. Sérstaklega er þetta augljóst þegar um rit eins og presta- sögurnar er að ræða. Gæði þeirra fara um framt alt, eða raunar eingöngu, eftir áreiðanleik þeirra. En áreið- anleikinn er aftur að miklu leyti kominn undir heimi- ldu num. Bæði formáli ritsins og sögurnar sjálfar bera það með sér hverjar heimildir Daði hefir notað, en þær eru þessar:

1. Ættartölubækur margar og ættartölur einstakra manna.
2. Prestastefnugjörðir og ýms bréf og gjörningar.

¹⁾ Fullur titill bókarinnar er svo látandi: *Lítill og víða skamm- tæk Hungurvaka, sem inniheldur uppteiknan yfir það fáa höfund- ur hennar gat samantint um prófasta og sóknarpresta Skálholts- stiftis frá því um síðaskiftatímann til enda ársins 1848*. Frumrit- ið var í eigu Hallgríms bisk. Sveinssonar, en 2 eftirrit eru til í hand- ritasafni Landsbókasafnsins, annað með hendi Einars Bjarnasonar á Mælifelli og að nokkru leyti með hendi Daða sjálfs, og er það 876 bls. í arkarbroti, en hitt með hendi Guðm. sýsluskrifara Einarssonar og Ein- ars Andréssonar í Bólu (913 bls.). Hvorugt þessara eftirrita heldur þó prestatalinu lengur fram en til ársins 1840.

3. Lögbingisbækur.
4. Kirkjubækur, þar sem hann gat til náð.
5. Bréfabækur eða ágríp af bréfabókum biskupa, prófa-
fasta og presta.
Samtíningsbækur Daða (Lbs. nr. 961—67, 8vo) og önnur handrit hans bera þess ljósan vott, að hann hefir gert ítarlegt ágríp af öllum þessum heimildum og yfir höfuð af öllu bréfadóti, sem hann gat yfir komist.
6. Prestatal Hólastiftis eftir Hálfðán Einarsson og Hallgrím djákna.
7. Stúdentatöl.
8. Þar sem prestatal Hannesar biskups þraut, studdist hann við annál sinn næstu árin, Minnisverð Tíðindi, Tíðavísur Jóns Hjaltalíns, Klausturpóstinn, Skírni, Sunnanpóstinn og Reykjavíkarpóstinn og æfiminningar einstakra manna.
9. Annálar, prentaðar bækur og handrit og ýms skilríki önnur, er hann gat til náð, »og hef eg ekkert ónotað látið, sem gat þessum samtíningi til upplýsingar verið og eg gat yfir komist«, segir hann sjálfur.
10. Sagnir fróðra og kunnugra manna víða hvar, »og þó eitthvað kunnir hér og rangt að sýnast«, segir hann, »þá get eg ekki við því gert, og veit þó ekki réttara en það sem eg ritað hefi«.

Af heimildaskrá þessari er það ljóst, að Daði fyrst og fremst hefir gert sér far um að víða að sér öllu því, er eitthvað snerti þetta efni. En langt er frá því, að hann geri öllum þessum heimildum jafnt undir höfði. Hann hafði næga dómgreind til að gera upp á milli heimildanna, að sjá það t. d. að samtíða bréf eða frumbréf eru betri heimildir en annálar eða munnlegar sögusagnir, og fylgir hann víða þeirri reglu að taka kafla úr bréfum upp í sögurnar, er eitthvað mega til upplýsingar verða eða hans máli til stuðnings, þar er hann greinir á við aðra höfunda. Til að sýna hversu mikið far Daði gerði sér um að afla sér sem beztra heimilda og ítarlegra

upplýsinga, skal þess getið, að hann fekk prest einn fyrir norðan, kunningja sinn, til að leita fyrir sína hönd til Steingríms biskups um nokkrar upplýsingar, en hann var, eins og kunnugt er, hinn mesti fróðleiksmaður og hafði þar á ofan biskupsskjalasafnið undir höndum. Brást hann vel við og leysti úr flestum spurningum hans, en þó eigi öllum, »og þá þótti mér fokið í flest skjól«, segir Daði. Tók hann þá það eina ráð, er honum hugkvæmdist, og leitaði aðstoðar um langan veg til síra Hallgríms Jónssonar á Hólmum í Reyðarfirði, og fekk þar loks góða úrlausn eftir tveggja ára bið. Sýnir þetta berlega hve samvizkusamur og ótrauður hann var að leita fyrir sér um heimildir og upplýsingar, og mundi einhver í hans sporum hafa látið staðar numið fyrri.

Eins rits söknum vér í þessari heimildaskrá, en það eru prestasögur Jóns prófasts Haldórssonar hins fróða í Hitardal, sem ná frá siðaskiftunum og fram á hans dag, hið merkasta rit, þótt eigi hafi Jón prófastur gengið frá þeim til fulls. Að vísu segir Jón Borgfirðingur¹⁾, að Daði hafi byggt á prestasögum Jóns prófasts, en vér höfum vitnisburð Daða sjálfs fyrir því, að svo var eigi, því hann segir í ádurnefndum formála, að hann hafi »aldrei getað fengið að sjá þær«. En þetta er sú eina heimild, sem hann hefir ónotaða látið af þeim, er nokkur von var til að hann fengi yfir komist.

Framangreindur formáli ber það með sér, hverja skoðun Daði sjálfur hafði á þessu riti sínu, og ritum sínum yfirleitt, því í lok formálans farast honum þannig orð: »Vildi hér eftir nokkur fræðimaður, sem betri tíma og efni hefði heldur en eg, semja prestatal Skálholtsstiftis, get eg ekki öðru trúað en honum mætti að nokkru liði verða minn samtningur, ef hann í höndum hefði, og sá er tilgangur minn með nokkrar fleiri ritgerðir, er eg hefi fengist við: *að meðdeila einhverjum þeim, sem fróðleik elska, og ekki eiga á miklu völ, því fáa sem eg hefi af þess*

¹⁾ Í Rithöfundatali sínu hinu meira II, 1.

kyns efnum yfir komist, numið og haft skemtan af; en þeir þakka og virða fyr og síðar eins og þeim hæfa þykir.

Þessi orð Daða sýna það, að honum var fyllilega ljóst gildi rita sinna og takmörk þeirra. Þau eru yfirlætislaus, en fela þó í sér meðvitund um samvirkusamlegt og nyt-samlegt æfistarf. Og um leið gefa þau leiðbeiningu um, frá hverju sjónarmiði beri að líta á rit Daða, er menn vilja fella dóm um þau. Þau ber að skoða sem ítarleg drög til rita, en eigi sem fullgerð rit. Þar af leiðir, og af eðli þeirra yfir höfuð, einkum prestasagnanna, að eigi er að vænta neinnar sérlegrar frásagnalistar, þótt sumar af æfisögnum séu býsna ítarlegar. Hann ritar blátt áfram og tilgerðarlaust, eins og bezt hæfir slíku riti, og er laus við allar öfgar, nema ef vera skyldi helzt í dómum sínum um gáfur og manngildi prestanna. Þar er hann að jafnaði býsna berorður og hreinskilinn, en varla að sama skapi réttlátur og óvilhallur, enda mun hann sjálfur hafa verið maður gedríkur, þótt litið á bæri í dagfari. En það er honum til nokkurrar afsökunar, að hann í þessu efni hefir stundum um of orðið að byggja á frásögnum annara, er þekt höfðu mennina sjálfa. Þetta er þó fremur smávægilegt í svo miklu riti, og er öllum innan handar að varast að byggja of mikið á dómum hans án frekari aðgæzlu. Er hitt mest um vert, að hann hefir dregið hér saman með afarmikilli fyrirhöfn margvíslegan fróðleik, og að óhætt má fullyrða, að hann hefir vandað til þessa verks eftir því sem fäng voru frekast til.

Í þessu sambandi skal þess að eins lauslega getið, að Daði hefir einnig fjallað nokkuð um prestasögur Hólastiftis, er Hálfván skólameistari Einarsson tók saman í upphafi, en Hallgrímur djákni jók við. Mun Daði eigi hafa átt annan þátt í þeim en þann, að hann breytti nokkuð sniði þeirra og jók þær og bætti á ýmsa lund¹⁾.

¹⁾ Frumrit Daða var í eigu Hallgr. biskups Sveinssonar, en séð hefi eg annað hreinskrifað eintak með hendi Daða í eigu Jóhanns Kristjánssonar ættfr. í Rvík.

Af öðrum ritum Daða má helzt telja æfisögusafn, er hann nefnir »Andvöku«¹⁾. Eru það samtals 23 æfisögur merkra Íslendinga, og eru 18 þeirra eftir Daða sjálfan, en 5 hefir hann tekið úr sýslumannatali Jóns sýslum. Jakobssonar. Munu flestar eða allar æfisögurnar skrifaðar á árunum 1839—40. Af æfisögum þessum má helztar telja: Snorra Sturlusonar og Sturlu Sighvatssonar (tindar upp úr Sturlungu), Lauritz Gottrups lögmanns, Eggerts Ólafssonar, Skúla fógeta, Bjarna sýslum. Haldórssonar, Magnúsar Stephensens, Jóns bisk. Arnasonar, Páls Vidalíns og Odds lögmanns o. fl., og eru sumar þeirra býsna langar. Um þessar æfisögur er hið sama að segja og um prestasögurnar. Þær eru flestar vel áreiðanlegar að því er ártöl snertir og viðburði. Jón Borgfirðingur fellir þann dóm um ritstörf Daða, að honum hafi »helzt verið ábótavant með niðurröðun efnisins«, en lætur þess þó getið um leið, að ekki sé víst að hann hafi verið búinn að leggja síðustu hönd á rit sín²⁾. Þetta má hvorttveggja til sanns vegar færa um æfisögurnar í »Andvöku«. Eru þó sumar þeirra allskipulega og skemtilega ritaðar, t. d. Magnúsar Stephensens. En hitt sætir furðu, að hann skyldi geta aflað sér svo áreiðanlegra og ítarlegra upplýsinga, sem raun er á, eins og ástatt var fyrir honum.

Þá hefir Daði enn fremur samið Tímatal frá byggingu Íslands til 1837 og Fjörutíu hugvekjur út af Sigurljóðum Kristjáns prófests Jóhannssonar. Auk þess íslenskaði hann talsvert af erlendum ritum, t. d. Kirkjusögu Evsebiusar, Æfisögu Luthers eftir N. M. Petersen, Sögu Struenses og Griffenfelds og Sögur af Danmerkurdrotningum o. m. fl. Hann kvað og rímur af Tordenskjold, Cyrusi o. fl. og orti talsvert af kvæðum og erfiljóðum.

¹⁾ Framrit Daða var í eigu Hallgr. biskups Sveinssonar, en eftirrit er til af einstökum æfisögum úr safni þessu, t. d. í safni Jóns Sigurðssonar nr. 164 fol. og víðar

²⁾ Ísaföld VIII (1881) nr. 2.

Þegar vér lítum á öll þessi ritstörf Daða og höfum það um leið hugfast, að hann átti sér svo að segja hvergi vísan samastað, heldur fór vistferlum bæ frá bæ, eða var jafnvel stundum vistlaus að því er sýnist, á hálfgerðum flækingi til og frá um Skagafjarðar- og Húnavatnssýslur, má það undrum sæta, að hann skyldi fá svo miklu afkastað. Sýnir það bezt, að ummæli Gísla Konráðssonar¹⁾, að hann hafi verið »lítill starfsmaður í hvívetna«, eigi geta átt við ritstörf hans, heldur lúta til algengrar vinnu. Hitt er af ýmsu auðráðið, að hann hefir notað hverja tólmstund til ritstarfa, og eru þær þó eigi ýkjamargar hjá vistráðnum hjúum í sveit á Íslandi, eins og kunnugt er. Það virðist eigi alveg ófyrirsynju, að Daði nefndi æfisögusafn sitt »Andvöku«, því af athugasemdum hans við nokkrar af sögunum lýsir það sér, að hann hefir vakað yfir þeim á nóttunni, og er þá eigi að undra, þótt hann stundum kunni að hafa verið linur til stritvinnu á daginn.

Í vistum sínum átti Daði mjög misjafna æfi eins og gengur og gerist, og leið oft illa, eða fanst sér líða illa, en það kemur í þessu efni í sama stað niður. Í samtíngskverum sínum vikur hann nokkrum sinnum að þessu, t. d. við árið 1845—6: »Kól mig á báða fætur á öndverðri jólaföstu um kvöld. Gekk ekki að verkum í viku; fór svo á skrið aftur vesall og veikburða, og margt var mér andstætt það ár. — — Þung kvefsótt gekk seint um vorið, var eg vesall mjög í henni, leið бага um sumarið og veturinn líka, sem ekki bætist. — — Átti leiðinda stundir erfiðar ætið heima, sult og seyru og sífelda þraut«²⁾. Við þessi kjör vann hann þó ótrauður að ritstörfum sínum. Á greindum tíma tók hann saman langa ættartölu Arnljóts Ólafssonar, snaraði á íslenzku Lúthers-sögu N. M. Petersens, orti Gottrúpskviðu (100 er.), íslenzkaði sögu-ágrip Ulfelds, Eleonoru konu hans, Marianne drotningar, Sigbritar og fleiri smáfrásagnir, byrjaði kvæðasafn handa

¹⁾ Árbók 1783—1863, Lbs. 1121, 4to bls. 337.

²⁾ Lbs. 965 8vo.

sér, dró út og islenskaði nokkrar greinar úr kirkjusögu dr. Péturs lútandi að prestasögunum, útlagði Föstupréðikanir eftir Bastholm og vann þar á ofan jafnt og þétt að prestasögunum. Sá maður, sem afkastar þessu í tómstundum sínum frá stritvinnu, og á um leið við erfið lífskjör að búa, hann er í sannleika ekki þreklaus eða »litill starfsmaður í hvívetna«, hvað sem annars má um hann segja

Á kvæðum Daða og lausavísu lýsir það sér berlegast, að honum hefir jafnaðarlega liðið illa á þessum árum og yfir höfuð oftast æfínnar, og allur er kveðskapur hans þungbúinn og raunalegur. Svo kveður hann t. d. eitt sinn um þessar mundir (að líkindum árið 1848):

Sorglæg reynsla sú mig slær
og sinnu kvelur mína,
umflúið að enginn fær
armæðuna sína.

Löngun hjá mér fulla finn
fjandskan heim að kveðja,
mín er æfi margbrotin
mótlætínga keðja.

Rönd eg ekki reisi við
raunaþjökun minni,
nema Guð mér ljúfur lið
leggi af miskunn sinni.

Og enn kveður hann á þessa leið:

Æfin vesöl áfram dregst
oft með böli hörðu.
Ópreyttur eg ekki legst
andaður í jörðu.

Örsjaldan ber það við, að nokkru spaugi eða gamni bregði fyrir í kveðskap hans. Minnist eg eigi að hafa rekist á nema einar 2 slíkar lausavísur, og er þetta önnur þeirra, um blóðtöku:

Gæfan heim mig sótti sú
og sinnið dável hresti,
að endurskorinn er eg nú
af Stefáni presti.

Úr því að eg þegar hef tekið upp svo mikið af kveðskap Daða, ætla eg til gamans að tilgreina 2 vísur sem vott um kveðskap hans, er hann vildi vanda rim og kveðandi. Er það um leið sérstaklega sýnishorn af rimnakveðskap hans. Önnur vísan er um vetrarharðindi og er þannig:

Mokast snæs á rekka rok,
 rekur frost úr skepnum þrek,
 þokast undir þorralok,
 þekur svæði mjöllin frek.

Hin vísan er um raunir hans, eins og vant er, svo látandi:

Ekki er mátinn þó á því
 þegar státinn seggur
 sínar bátinn árar í
 allar grátinn leggur.

Ef vér athugum gaumgæfilega alt, sem eftir Daða liggur í kveðskap, er eigi laust við að oss renni ósjálfrátt í hug munnmælasagan um manninn, er átti tal við alþýðuskáld eitt um Jónas Hallgrímsson, og sagði eitthvað á þá leið, að hagamæltur væri Jónas, en hinn svaraði aftur: »Hann er meira, — hann er skáld, mannskrattinn!«

Eins og eðlilegt var mun Daði hafa fundið sárt til þess, að hann í sveitavistunum átti lítinn kost á að gefa sig svo við ritstörfum, sem skyldi, auk þess sem honum lét eigi vel stritvinna. Hann átti og örðugt með að ná sér í bækur, rit og heimildir, er hann þurfti á að halda. Það er því ofur skiljanlegt að honum léki hugur á að koma sér að einhverri atvinnu, er betur væri við hæfi hans og veitti honum um leið tóm og tækifæri til að rita og afla sér heimilda. Um þessar mundir rak Ólafur Stephensen, sonur Magnúsar konferenzráðs, prentsmiðju í Viðey. Hugkvæmdist Daða að leita til hans um atvinnu, en með því að hann sjálfur var með öllu ókunnugur Ólafi, og hefir að líkindum búist við að hann mundi eigi sinna slíkri málaleitan frá ópektum og umkomulausum almúgamanni norður í landi, sneri hann sér til síra Jóns Péturssonar á Höskuldsstöðum og bað hann leita hófanna hjá Ólafi. Hann skrifaði aftur síra Bödvari í Stafholti Þorvaldssyni

og það hann leita til við Ólaf og halda spurnum fyrir um þetta. Fekk hann það svar aftur, að á því ári væri það engin tiltök, en á næstkomandi vori væri eigi vonlaust um atvinnu þar syðra¹⁾. En hvort heldur er, að Daði hefir horfið aftur frá þessu ráði, eða Ólafur hefir eigi getað tekið hann þegar til kom, þá er hitt víst, að ekkert varð af suðurferðinni, og dvaldi hann þá og næstu ár á eftir í Gautsdal, sem fyr segir. Aftur hugði Daði á atvinnu við bókagerð er hin nýja prentsmiðja var stofnuð á Akureyri, og flutti hann sig þangað 1850, að sögn af hvötum Björns Jónssonar, síðar ritstjóra »Norðra« og »Norðanfara«, í þeim tilgangi að verða prentsmiðjunnari að liði á einhvern hátt. En sú varð raunin á, að hvorki komst hann þar að sjálfur né neitt af ritum hans, af hverjum ástæðum er óvíst.

Það sem eftir var æfinnar átti Daði heimili á Akureyri og gerðist þar um tíma næturvörður, en hætti þeim starfa aftur, enda voru kjörin eigi glæsileg. Lifði hann oft við lítinn kost, að því er kunnugir herma, því hann var enginn fyrirhyggjumaður, en margir urðu til að rétta honum hjálparhönd. Að þessum bágbornu kjörum sínum víkur hann í nokkrum vísun, er hann orti og að líkindum stafa frá þessum árum. En vísurnar eru svo látandi:

Ef mig færir neyðin ný
nærri hels að svifi,
taumana Drottinn tekur í
til þess að eg lifi.

Gefur það hans gæzka rík,
ef ganga verð eg nakinn,
að einhver kastar á mig flík
auman þá og hrakinn.

Sár ef þvingar sulturinn,
sæld þá Drottinn veitir,
að einhver fyllir maga minn
mat, og brygð umbreytir.

¹⁾ Bréf frá síra Jóni til Daða um þetta efni er dags. Steinnesi 12. des. 1840 (Lbs. 1236, 4to).

Og enn fremur kveður hann:

Eg af margskyns mæðu blaki
mersli langsamt ber.
Það er meir en tárur taki
títt sem þjakar mér.

Á síðustu árum sínum fór hann oft í bókasölusendiferðir um sveitir nyrðra, og mun hann bæði þá og endranær hafa notið gáfna sinna og fróðleiks hjá góðum mönnum, því víst átti hann jafnan athvarf hjá merkustu mönnum nyrðra og var jafnvel í góðum kunnleikum við þá og bréfaviðskiftum. Mætti þar helst til nefna þá síra Björn Hjálmarsson í Tröllatungu, síra Jón Konráðsson á Mælifelli og síra Benedikt Vigfússon á Hólum o. fl. Var hann oft hjá þeim langvistum og léðu þeir honum bækur og leiðbeindu á ýmsa lund. En hann varð þeim oft að fullu liði aftur á móti. Þannig gaf hann Jóni prófasti Konráðssyni margar leiðbeiningar og upplýsingar, er síra Jón starfaði að prestasögum sínum í Hólastifti. Má að fullu marka það af bréfum þeim, er fóru á milli Daða og þessara manna og annara fleiri, að þeir hafa kunnað að meta fróðleik hans og gáfur og leituðu óspart til hans um upplýsingar. Til sannindamerkis skal hér tilgreindur kaffi úr bréfi frá síra Jóni Yngvaldssyni á Húsavík til Daða, dags. 30. apr. 1856, svo látandi: »Undir eins og eg þakka yður alúðlegast skemtilegt og fræðandi samtal á dögnum, sem var mér sú ánægjulegasta stund er hefi lengi lifað, er eg nú enn fremur kominn til að njóta enn meira góðs og gagnlegs gamans af fróðleik yðar, eftir sem þér voruð svo góður að leyfa og bjóða mér seinast, sem sé að leita hjá yður upplýsingar um aldur en einkum um embættisaldur ýmsra presta, or orðið hafa jubilkennendur — —«¹⁾. En þess má geta, að síra Jón Yngvaldsson var sjálfur fróðleiks- og greindarmaður og kunni góð skil slíkra hluta. Það var og haft eftir Benedikt prófasti á Hólum, er hann spurði lát Daða, að meira saknaði hann

¹⁾ Bréf síra Jóns liggur aftan við frumrit Daða af prestasögnum.

Daða, þótt fátækur væri og umkomulaus, en hinna auðugu manna Nielsar kaupmanns Havsteins og Jóns hins auðga í Gröf á Höfðaströnd¹⁾. Sýnir þetta bezt álit hans og vinsældir hjá þessum mönnum.

Á jólaföstu 1856 fór Daði í bókasöluferð vestur um sýslur. Fór hann um Skagafjörð og vestur í Húnaþing og ætlaði að fara alt út í Spákonufellshöfða. Gekk hann út Langadal og gisti um nótt á Breiðavaði hjá Jónasi fyrrum hreppstjóra. Lagði hann upp þaðan að morgni 8. des. í hægviðri, en með því að veður var ótryggilegt, bauð Jónas honum að vera aðra nótt, en hann taldist undan og kvaðst verða að flýta sér. Jónas kallaði veður ísbyggilegt. Þá svaraði Daði: »Varla mun eg úti verða, en komi það upp á, mun ei þurfa að leita mín, því ganga mun eg það sem fætur toga, en ei setjast að í villu til að missa limi mína«. Eftir það spurðist eigi til Daða fyr en á miðju næsta sumri, að lík hans fanst við Laxárós í Refasveit og eigi annað með honum en bréfaveski hans. Eru það tilgátur manna, að hann hafi gengið fram á snjóhengju í hríðinni og hrapað ofan fyrir²⁾.

Þegar lát Daða spurðist var þetta kveðið (af Gísla Konráðssyni?):

Daði fórst inn fróði
frægr at minni gnægu
áttar Íslands þátta
ærin skil at færa.
Fóstrjarðar flestu
fann ártöl at sanna
hugar geymd í haga;
hver mun slíkur vera?

Daði var meðalmaður á hæð, grannlimaður, herða-

¹⁾ Árbók Gísla Konráðssonar, Lbs. 1121, 4to, bls. 336—7.

²⁾ Árbók Gísla Konr. bls. 336 og æfiágr. Daða eftir Jón Borgf. í Ísafold VIII, 2. Ber þeim saman að öðru en því, að Jón Borgf. segir að lík Daða hafi fundist eftir 3 daga, en það hlýtur að vera rangminni, því Ministerialbók Höskuldsstaðakirkju ber það með sér, að Daði var eigi jarðsettur fyr en 4. júlí 1857.

lotinn, gulleitur á hárf og skegg og slétthærður; lét hann það vaxa á mitti niður og hafði hárpisk að eldri síð, eins og mynd sú sýnir, er til er af honum. Hann var bláeygur og fasteygur, toginleitur, munnsjár, nefið hátt og liður á. Mátti hann heldur kalla fríðan sýnum. Hann var léttur á fæti og raulaði oft fyrir munni sér á gangi. Gláður og skemtinn gat hann verið er því var að skifta, en andstreymi lífsins gerði hann oft ömurlegan og annarlegan í skapi. Svo hefir maður sagt mér, er kunnugur var Daða, að hann hafi eitt sinn spurt hann, hvers vegna hann væri svo ömurlegur í orðum sínum, og hafi Daði þá svarað: »Af því mér er illa við veröldina og veröldinni við mig!« Trúmaður var hann, eins og rit hans og kveðskapur bera vitni um, og vandaði ráð sitt og dagfar í öllum greinum.

Aldrei kvæntist Daði né gat afkvæmi. En merki þess má sjá, að hann hefir um eitt skeið verið trygðum bundinn við Ketilríði Ketilsdóttur, systur Natans, þess er myrtur var, þótt það ef til vill hafi verið á fárra manna vitorði¹⁾. Hversu það atvikaðist, að upp úr því slitnaði, er eigi ljóst. En Ketilríðar fekk sá maður, er Árni hét kallaður hvítkollur. Hún var hög kona á hendur og vel viti borin.

Um gáfur Daða lúka allir upp einum munni, er hann þektu. Þær voru ágætar, einkum var minnið frábært, og hefði hann óefað markað mun dýpra spor í bókmentasögu vorri, ef hann hefði verið til menta settur. En þess var enginn kostur sakir fátæktar, eins og áður er á vikið. Sjálfur lét Daði á sér skilja, að Sveinn prófastur bróðir sinn hefði eigi haft annað fram yfir sig en »latinuna«²⁾ og mun það sanni næst; var þó Sveinn prófastur af flestum talinn mikill gáfumaður. En þetta mun hafa verið æfisorg Daða, að hann fekk eigi notið þeirrar mentunar, er samboðin var gáfum hans, og beiskja sú, er rennur eins og undiralda undir kveðskap hans, mun eigi síst

¹⁾ Sjá bréf Ketilríðar til Daða dags. Ytri-Löngumýri 1844 (Lbs. 1236, 4to).

²⁾ Jón Borgfirðingur í Ísafold VIII, 2.

sprottin af þessari meðvitund um hæfileika, er eigi fengu notið sín. Þetta er gömul saga, en því miður býsna algeng hér á landi. Rit hans bera þess fullan vott, að fróðleiksfýsnin var óseðjandi, enda eru og áreiðanlegir menn til frásagnar um það. Fer og eigi tvennum sögum um hitt, að hann starfaði sýknt og heilagt að ritum sínum. Mætti líf hans og störf vera bending og hvatning þeim, er mentun hafa þegið og eitthvað fengist við ritstörf, án þess þó að fá notið sín til fulls, að láta eigi hugfallast, þótt eitthvað kunni á móti að blása. Að verja gáfum sínum og kröftum til ritstarfa háður þröngum og erfiðum lífskjörum, án þess að gera sér von um nokkurn hagnað í aðra hönd, jafnvel án þess að gera sér von um að ritin nokkuru sinni komi fyrir almennings sjónir, svo höfundurinn hljóti að minsta kosti maklegan orðstír, er svo dæmalaust í sjálfu sér, að lítt mundi trúanlegt tekið í öðrum löndum, þótt hér á landi sé það eigi svo mjög fátítt. Það er í sannleika óeigingirni á hæsta stigi. Það er að unna fróðleik fyrir fróðleiks sakir. Verður oss þar ósjálfrátt að minnast sagnaritara vorra hinna fornu, er létu eftir sig ódauðleg listaverk án þess að láta nafns síns getið. Er þessa einkennis fagurlega og maklega minst í kvæði Gríms Thomsens um Daða á þessa leið:

Eigi fyrir hefð né hrósi
hann að sínu starfi vann;
hann að sannleiks leitaði ljósi,
leitaði vel — og margt hann fann.

J. Jónsson.

¹⁾ Þessi æfíatriði Daða eru tínd saman úr ýmsum áttum, eins og tilvitnanirnar bera með sér, og er þó gert af litlum föngum. Langmestan stuðning hefi eg haft af ritum Jóns Borgfirðings, er eg hefi oft vitnað til. Munu þau reynast ómetanlegur stuðningur öllum þeim mönnum, er fjalla um bókfræði vora frá seinni öldum, J. J.

Um Glámu.

Mér þykir vænt um að skólastjóri Stefán Stefánsson hefir aukið og leiðrétt hina stuttu lýsingu mína á Glámu í Lýsingu Íslands. Eins og eg hefi tekið fram í formála bókárinna, getur enginn einn maður skoðað hvern blett á landinu og verður því í mörgu að fara eftir sögusögn annara. En þá er gott að þeir leiðrétti sem kunnugri eru. Eg hefi aldrei komið upp á Glámu, að eins séð hana í fjarska. Það var óheppilegt að Stefán skólastjóri dró það í 17 ár að rita um þetta landfræðislega atriði, því þessi sama lýsing míu á Glámu kom á prent á Íslandi fyrir 23 árum. Brestirnir á frásögninni um Glámu í Lýs. Ísl. eru því að nokkru leyti St. St. sjálfum að kenna, eg hefði eðlilega tekið tillit til lýsingar hans, ef hún hefði áður verið komin fyrir almennings sjónir. Eg hafði þegar fyrir 23 árum farið svipuðum orðum um Glámu í Andvara 1887 bls. 134—135, 6 árum áður en Stefán fór þar um, svo honum hlaut að vera kunnug þessi lýsing fyrir löngu, ef hann hefir lesið ferðasögur minar frá Vestfjörðum. Í dagbók mína ritaði eg uppi á Vattarfelli 25. júlí 1886: »Gláma er að eins litill skjöldur af snjó og grisjar víða í svarta bletti, skafar reyndar margir upp af Þingmannaheiði, en þá leysir af og þar er enginn jökull. Gláma nær ei alveg að Mjóafirði; jökullaus fjöll á Skálmardalsheiði, sem er alment farin, er menn sækja sjó við Ísafjarðardjúp. Vegur var áður við suðurrönd Glámu úr Geirþjófsfirði í Skálmardal. Hálendið alt efra, upp að Glámu, flöt alveg mishæðalaus bunga og Gláma eins og undirskál sé hvolfst á hæstu bunguna. Stefna austurhorns Glámu

hérumbil rétt magnetiskt norður frá Vattarfjalli«. Eg sá þá að fannbreiður Glámu voru miklu minni en sýnt er á Uppdrætti Íslands; þar nær Gláma yfir Skálmardalsheiði, austur undir Kollafjarðarheiði og vestur undir Hornatær, og nær það engri átt. Björn Gunnlaugsson kom þar heldur ekki, en hefir eflaust farið eftir frásögnum einhverra Vestfirðinga. Eg minkaði Glámu nærri um helming og hefi þó eflaust á kortinu gert hana heldur stóra. Stefán Stefánsson vill alveg strika hana út sem hjarnjökul, en það get eg alls ekki fallist á. Verið getur að eg hafi gert heldur mikið úr jökuleðli Glámu; kunnugir menn höfðu sagt mér frá hjarni og jökulsprungum, sem oft væri ferðamönnum til trafala, og sjálfur hafði eg frá Vattarfelli, bæði með berum augum og í góðri sjónpípu, séð þar »fannskjöld á efstu hálandisbungunni og grisjaði sumstaðar í svarta bletti«. (Andvari 1887 bls. 134). Kringlótt er Gláma víst ekki, úr því skeifubugða gengur inn í fjallið að vestan; eg sá hana að eins að sunnan og austan og þaðan sýndist fannabreiðan eins og ávalur og kringlóttur skjöldur, en mér var ókunnugt um hvernig tilhagaði á vesturbrúnunum. Stefán skólástjóri kom þurka- og hitasumarið 1893 vestan að Glámu, þar sem snjórinn er minstur; eg sá hana hið kalda og raka sumar 1886 að suðaustan, þar sem snjórinn er mestur. Af þessu leiðir, að St. St. gerir of lítið úr fönnum, eg líklega of mikið.

Ferðasaga Stefáns Stefánssonar sýnir, að hann hefir ekki farið yfir Glámujökul sjálfan, heldur utan við hann að vestanverðu, milli Dýrafjarðar og Borgarfjarðar, og þar hefir hann líklega ekki getað séð jökulfannirnar austan í fjallabungunum. Á leiðinni úr Vatnsdalsbotni á Skálmardal var hann eðlilega svo lágt niðri, að hann hefir heldur ekki getað haft neitt yfirlit yfir hálendið, sem hvergi fæst nema frá fjallstindum. Af þessu leiðir að hann gerir minna úr Glámu en rétt er; hann hefir að eins séð skaflana á útjöðrunum, og svo var sumarið mjög snjóalítið á öræfum.

Gláma virðist að eins vera fannabreiða úr stórsköflum,

sem aldrei þiðna, en stundum losna í sundur á ýmsan veg, þegar gott er árferði, eins og sumir smájöklarnir á Norðurlandi. Það getur verið álitamál hvort á að kalla Glámu jökul eða ekki, þótt slíkar stórfannir víðast á landinu séu kallaðar jöklar, og lækir sem frá þeim renna stundum Jökulár (t. d. í Dyrfjöllum eystra). Hjarnskaflar af þessu tægi eru altaf í jarðfræðinni taldir með jöklum, hvort sem á þeim eru skriðjökulsmyndanir eða eigi. St. St. segir: »Upp fyrir jökulmörk nær hún ekki« — það er líklega rétt, en svo bætir hann við: »Samfeldur jökull er þar enginn og þá að sjálfsögðu engir breðar eða skriðjöklar«. Þetta er skakt ályktað, því skriðjöklar ganga oft út úr einstökum jökulfönnum, sem liggja í hvilftum langt fyrir neðan eiginleg jökulmörk. Alþekt dæmi slíkrar skriðjökulsmyndunar eru norðan í Skarðsheiði, í Kalda-dal og Hornsdal, í Kerlingarfjöllum og mjög víða annarsstaðar.

Óskandi væri að einhver kunnugur maður vildi lýsa Glámu nákvæmlega, bæði hinu almenna og hinu einstaka, og segja frá þeim breytingum, sem orðið geta eftir árferði. Lýsingar okkar Stefáns eru auðsjáanlega báðar ófullnægjandi, sem von er, þar sem hvorugur hefir rannsakað landslagið og fannabreiðurnar í heild sinni.

Þorvaldur Thoroddsen.

Ágrip af sögu holdsveikinnar á Íslandi.

Eftir *Sæmund Bjarnhjedinsson*.

Framh.

Biskuparnir, *Brynjólfur* og *Jón Vídalín*, tóku ekki aðra sjúklinga í spítalann en þá, sem taldir voru holdsveikir. Hinir seinni biskupar 18. aldarinnar heimtuðu vottorð um þetta sem inntökuskilyrði, enda var það skýrt tekið fram í tilskipun konungs frá 27. maí 1746. Þeir *Þórður Þorláksson*²² (1684—97) og *Jón Árnason*²³ (1722—43) tóku stundum aðra en holdsveika og *Jón Árnason* taldi það heimilt, þar sem nefndir eru í konungstilskipun frá $10/5$ 1651 spítelskir og vanfærir. En konungsbr. ($9/5$ 1655) talar eingöngu um hinn hættulega og næma sjúkdóm *spítelsku* (Spedalskhed).

Eigi batnaði fjárhagur spítalanna meðan þeir *Þórður Þorláksson* og *Jón Vídalín* sátu á biskupsstóli. Það eru sífeldar kvartanir um það, hve illa gjaldist spítalahlutir og önnur gjöld, og urðu biskupar hvað eftir annað að hlaupa undir bagga með þeim og lána þeim fé eða vistir. Seinni hluti 17. aldarinnar og fyrstu tugir 18. aldarinnar voru að ýmsu leyti óhagstæðir og bágindi hjá fólki, og hefir það auðvitað haft ill áhrif á hag spítalanna. Spítalajarðirnar, Klausturhólar og Höragsland, urðu fyrir skemduum af náttúrunnar völdum (skriðum og vatnagangi) og framfleyttu því eigi jafnstóru búi og áður. Ráðsmennirnir kveinuðu sáran yfir erfiðleikunum við spítalahaldið.

Að vísu þótti biskupum það leitt starf að stjórna spítölum þessum, en auðséd er á bréfum þeirra um þetta efni,

að þeim hefir verið ant um að sæmilega færi um sjúklingana.

Út af fyrirspurn ráðsmanns Hörgslandsspítala, *Páls klausturhaldara Ámundasonar*, skrifar *Jón Vidalin* (¹⁴/₁₁ 1701): Ef brestur forsorgun á hospítalsbúinu, þá á fyrst að neita forsorgunar sveitarómögum, sérdeilis þeim ekki eru réttir ölmusmenn, síðan draga af vinnuhjúum venjulega forsorgun, *en allra síðast láta hospítalsómaga á sinni forsorgun skort líða*²⁴).

Verst virðist *Klausturhólaspítali* hafa verið stæður á þessum fyrstu áratugum. Eins og áður er dregið á varð að loka honum 1658 (eftir 4 ár). Í bréfi til *Fyldenlöve* stiftamtmanns¹⁰) frá Friðriki konungi fjórða (¹⁶/₅ 1707) segir að *Klausturhólaspítali* hafi 1689 verið fluttur þáðan að *Haugshúsum* (á *Álftanesi*). Ennfremur segir í bréfinu, að hann hafi eigi komist aftur í sama lag og hann var í á *Klausturhólum*. Skuli því flytja hann tafarlaust þangað aftur, því þar eigi spítalalímirnir að vera, samkvæmt skipun konungs frá 1652. — Eftir þessu skyldi maður ætla, að þessum spítala hafi verið lokað á þessu árabili (1689—1707), En svo segir meistari *Vidalin* í bréfi frá 1702, að hann og lögmaður hafi skift spítölunum þannig á milli sín, að biskup sjái um Hörgsland og *Klausturhóla*, en lögmaður um *Haugshús*²⁴). Það lítur því helzt út fyrir, að upp á síðkastið, að minsta kosti, hafi eitthvað af sjúklingum verið í *Klausturhólum*, svo að tveir spítalar hafi verið í *Sunnlendingafjórðungi*. Hitt gæti og hugsast, að biskup hefði átt við umsjón og eftirlit á jörðinni og húsum hennar, þótt engir holdsveiklingar hefðu verið þar. Hvort hafi verið hef eg eigi getað séð.

Ástæður til þessa flutnings á spítalanum kynnu að vera, að bæði þótti *Klausturhólajörðin* óhentug bújörð, að hún varð oft fyrir skemdum af vatnagangi og að hentara þótti að hafa spítalann við *Faxaflóa*, þar sem mestur var fiskiafli og þá einnig spítalahlutir, en hinsvegar langt að

ná til holdsveiklinga af Suðurnesjum, þótt nóg væri af þeim þar.

Um þennan *Haugshúspítala*, fyrirkomulag og sjúkl-ingafjölda, hef eg eigi séð neitt annarstaðar. Konungsbréfið bendir á, að hann hafi verið enn ófullkonnari en Klausturhólaspítali, og ennfremur er lögmaðurinn, *Sigurður Björns-son*, sakaður fyrst um að hafa eigi gjört reikningsskil og síðar að hann hafi búið til ranga reikninga spítala þessa, og heimtar konungur, að biskup láti lagfæra þetta¹⁰).

Af öllu þessu sést, að spítalarnir hafa frá byrjun átt litlu láni og auðsæld að fagna. Eftirlitið var oft slælegt og illa gengið eftir tekjunum, og það sem verst var: trúin á nytsemi þeirra og þörf dofnaði snemma, og bar á því þess frekar er fram liðu stundir.

Að vísu þótti sveitarstjórnnum oft gott að losna við þunga holdsveikisómaga, ef þeir gátu komið þeim í spítalana án mikils tilkostnaðar og veifuðu þá óspart sóttæmishræðslunni framan í umsjónarmennina. En af bréfabókum biskupanna, sem í raun og veru voru aðalstjórnendur spítalanna, má lesa það, að þeir hafa heldur ekki haft neina verulega trú á þörf þeirra eða gagnsemi.

Þetta kemur greinilega fram hjá *Jóni biskupi Vidalin* í bréfi²⁴) einu til *Gyldenlöve* (²⁵/₉ 1714).

Segist hann hafa dregið svona lengi að láta uppi álit sitt um að spítalarnir væru óþarfir, af því að hann hafi eigi dirfst að gjöra það fyr en reynsla væri fengin fyrir því, hvort tilskipun konungs um þá kæmi að tilætluðum notum. Reyndar hafi það verið hugboð sitt, að endurreisn Klausturhólaspítala væri ekki til sérlegs gagns, en hann hafi ekki þorað að skrifa um það fyrr. Minnst hann á, að áður hafi hann getið þess, að spítalajörð þessi væri skemd og yrði árlega fyrir skemdum af vatnavöxtum, og svo, að fólksskortur væri mikill síðan að bólu-sóttin gekk 1707 og menn fóru úr sveitum til sjávar á vetrum.

Hvað því viðviki, að betra væri, að menn, sem hefðu næma sjúkdóma, væru á einum stað, en á dreif meðal

heilbrigðra, þá væri þetta mjög viturlega sagt. »En þó er þar við að athuga, að þessi sjúkdómur er eftir minni skoðun ekki eins næmur hér á landi eins og annarstaðar.« Segir biskup mörg dæmi vera til um hjón, er hafi búið saman svo árum skifti, og annað verið veikt en hitt hafi sloppið við sjúkdóminn. Eins hafi holdsveikir menn getið börn með hraustum konum og þau ekki orðið holdsveik. Þetta kunni að virðast undarlegt, en sé þó satt, Og þó þessi sjúkdómur væri nú næmur, þá væru svo fáir, sem gætu notið þessarar náðar (þ. e. spítalavistarinnar), varla tíundi hluti þeirra sem sjúkdóminn hafi, svo að nógir væru samt til, sem gætu birgt þetta fátæka land upp með holdsveiki, ef hún væri svo afarnæm.

Annars kveðst hann skulu gjöra alt sem í sínu valdi standi til þess að gott eftirlit verði haft. Reyndar geti hann ekki vænst aðstoðar hjá »fullmektugum generalaðmiralsins« (þ. e. Oddi Sigurðssyni) eða landfógetanum, hafi hann reynt það til fullnustu og skýrt frá því. Þeir skifti sér ekki af þessum málum nema til ógagns, en láti biskup hafa fyrirhöfnina og kostnaðinn af því, eins og þeir viti sjálfir.

Eins og sjá má á þessu, gjörir biskup harla lítið úr spítalaþörfinni, gagnsemi þeirra og sóttnæmi holdsveikinnar. Hann tilfærir gegn sóttnæmiskenningunni sömu ástæðurnar, sem jafnan hefir verið dreift og enn er dreift af fjölda ólæknisfróðra manna hér á landi, þótt þeim sé nú farið blessunarlega að fækka, sem þannig hugsa.

Annað sést af bréfi þessu: Biskup hefir ekki talið holdsveikina nærri því útdauða hér á landi. Ef stórabóla hefði drepið alla holdsveika, sem þá voru uppi, eins og þeir Eggert og Bjarni segja í ferðabók sinni, þá hefði ekki þurft að gjöra mikið úr sjúkdómnum, einum sjö árum síðar. Magnús Stephensen tekur ekki eins djúpt í árinna, segir aðeins, að flestar holdsveikar famíliur hafi dáið þá.

Væri nú staðhæfing meistara Vídalíns rétt, hefðu holdsveikir átt að vera að minnsta kosti 100—120.

Um 18000 manna er sagt að dáið hafi í bólusóttinni, en fólksfjöldinn var 50400 árið 1703. Hve margir íbúar landsins voru orðnir 1714, vita menn ekki, og því er ómögulegt að fá áreiðanlega vissu fyrir því, hvort getgáta biskups sé rétt, því hugsast gæti, að þessi guðsmaður hefði gjört sig sekan í sömu breiskleikasýndinni, sem marga aðra sæmdarmenn hefir hent: að ýkja máli sínu til stuðnings, því það er auðséð, að hann hefði helzt kosið að spítölunum væri lokað.

Jón Arnason (biskup 1722—43) var bæði einbeittur, réttlátur og hagsýnn. Hann lét sér mjög ant um að bæta fjárhag spítalanna, sem hann tók við í mesta óstandi af fyrirrennurunum sínum. Sýndi hann enga vægð í innheimtu löglegra gjalda til þeirra, svo sem spítalahluta, sekta og leyfisbréfa-gjalda. Eins hafði hann nákvæmar gætur á ráðsmensku spítalahaldaranna, gekk ríkt eftir reikningum frá þeim og var harður í horn að taka, ef misbrestur var á eða eitthvað var aðfinsluvert, og rak þá reikningana til baka. Þetta gjörði hann án manngreinarálits, var engu mildari sýslumönnum, eins og *Jóni Ísleifssyni*, eða venzlamönnum, svo sem mági sínum síra *Einari Hálfðánarsyni*, sem báðir voru spítalaráðsmenn á Hörgslandi í hans tíð, heldur en óbrotnum bændum.

Biskup bjó jafnan til yfirlit yfir fjárhag spítalanna sjálfur og tók það með til alþingis til þess, að lögmaður og amtmaður gætu samþykkt þá, og ef það drógst um of, var hann ómjúkur í orðum til þeirra.

Þannig segir hann í bréfi til *Páls Vidalíns* ($\frac{8}{6}$ 1726): Mér er næst skapi að kvarta um undandrätt þeirrar aðstoðar, sem eg hefi vænt eftir hjá yður, hr. lögmann, í því að veita forsjón með ráð og dáð Klausturhóla- og Hörgslandshospítölum. Eg meinti að sú mæða ætti ekki að liggja á mæ einum. Sjálfur hr. lögmaðurinn veit, hvaða assistance hann hefir mér veitt í þeirri umhyggju síðan eg kom til stólsins. — — — Eg sendi hospitalsreikningana í fyrria hr. amtmanninum, hverja hann hafði hjá sér fram undir alþingi, vildi ekki skrifa upp á þá fyr en þér hefðuð

gengið á undan í því; þegar til yðar kom, var það ekki neitt. *Eg mátti uppvarta sinn í hvort sinn forgefins, eins og þið væruð mínir herrar og yfirmenn og eg ætti sp sem undirgefinn reikningsskap að standa — — —*²³⁾

Í bréfi (²³/₄ 1733) segir biskup, að spítelskir skuli ganga fyrir öðrum mönnum veikum og vanfærum um spítalavist. En séu ekki spítelskir til, þegar losnar rúm í spítölunum, þá skulu »vanfærir« inntakast, af því konungsbréf frá 1651 nefni »spítelska og vanfæra«. Það sé á móti tilgangi konungs, að enginn sé í spítala, ef enginn spítelskur sé til. Ekki skuli »vanfær« manneskja í spítölum vikja fyrir spítelskum, sem vildi komast þangað. Ef spítelskir, sem fengið hafa inntökuleyfi hjá umsjónarmönnum, komist ekki þangað vegna veikleika, sé það sennilegt, að þeir fái nokkurn styrk af hópítalinu, annars ekki einn skilding. *Fjarstæða sé að dreifa tekjum spítalanna út um land alt.*

Annars bendir nokkuð á, að Jón Árnason hafi álitíð, að til þess að vera »vanfær« þyrftu menn að vera »visnir«. Hann kemst þannig að raun um að »vanfær kvensnift« í Klausturhólum, sem hann fyrst vildi lofa að vera þar vegna sjúkleika síns, hefði »niðurfalssótt« (Epilepsia) »og mjög máttlítill að kröftum og mikinn part mállaus, en ekki hálfvisin eins og eg meinti«.

*Finnur biskup*¹⁴⁾ hefir sakað Jón Árnason um það, að hann hafi látið sér annara um að auðga spítalana, en að halda holdsveika þar, og hafa aðrir (Dr. M. Stephensen¹⁵⁾, J. Hjaltalin⁸⁾ og Gr. Thomsen²⁷⁾ tekið þá skoðun upp eftir Finni, og að holdsveikin hafi þess vegna aukist í hans tíð. Það er rétt að sjúkdómurinn breiddist út í biskupstíð Jóns, en svo var og í tíð Finns biskups. Hinsvegar sést það á bréfum Jóns Árnasonar, að hann hefir oft skorað á sveitarstjórnir að senda holdsveika menn í spítalana, án þess það væri gjört, líklega sumpart vegna skeytingarleysis hreppstjóranna, sumpart, og einkum, vegna hins, að nauðugum varð sjúklingum þá ekki komið þangað.

Í hinum fyrstu tilskipunum Friðriks konungs þriðja um fyrirkomulagið í spítölunum voru ýms óljós ákvæði,

sem skilin voru á ýmsan veg af umsjónarmönnum þeirra. Af bréfum biskupanna og spítalareikningunum frá fyrri hluta 18. aldarinnar sést, að ráðsmennirnir fengu ei ætíð sama meðlag með sjúklingum. Umsjónarmenn höfðu og mismunandi skilning á því, hvort ráðsmenn eða spítalarnir ættu að borga útfararkostnað sjúklinga, hverir ættu að sjá þeim fyrir klæðum, er þeir komu þangað. Vanalega voru spítalarnir látnir borga hvorttveggja.

Jón Árnason skar úr málinu á sinn hátt í athugasemdum við *Hörgslandsreikning*, sem mágur hans síra *Einar Hálfðánarson* hafði búið til fyrir árið 1737²⁸). Prestur hafði reiknað sér borgun frá spítalanum fyrir útfararkostnað sjúklings, en biskup mótmælti. »— — — Þegar hann (síra Einar) gekst undir það að veita hospitalslimunum uppeldi til fæðis og klæða, þá kalla eg þar undir hafa skilist, að hann skyldi ekki leggja hann nakinn í jörðina, heldur svo sem honum bar að láta honum í té sængurföt meðan hann lá í rúminu, svo átti hann ogsvo að skaffa honum hjúp eða líflblæjur, þegar hann var í gröfina lagður; á lík-kistusmíðinu reið ekki næsta mikið, því fyrir utan hana hafa margir Guðsmenn jarðaðir verið«. Klerkur mun þó ekki hafa þurft að borga spítalanum upphæð þessa, enda ekki víst að lögmaður hafi talið rétt að ganga eftir þessu smáræði.

Konungsskipunina um spítalana frá 27. maí 1746¹⁰), eða »fororðninguna« frá þessu ári, eins og hún hefir jafnan verið nefnd, gaf *Kristján konungur sjötti* út eftir tillögum *Harboes*, líklega að undirlagi umsjónarmannanna.

Aðalatriðin í henni voru:

1. Ráðsmennirnir skulu halda spítalajörðunum með hjáleigum þeirra í góðu standi (við hefð og magt), bæði að húsum, túnnum, girðingum og engjum, en sýslumenn taki jörðina út, er ráðsmannsskifti verða, ásamt 6 dánumönnum, og ákveði ofanálagið.
2. Þeir annist og um, að ekkert gangi undan spítalajörðunum eða hjáleigunum ólöglega. Þær eru lausar við venjulega skatta og skyldur.

3. Húsin handa hinum sjúku skulu vera hentug, lekalaus með trétúðu gegnum mæninn, svo að reykur og sagga-loft frá sjúklingunum komist út, og svo gerð, að þeir þoli við fyrir kulda og frosti, og svo að þjónustufólkið geti því betur gætt þeirra. Hreppstjórar liti eftir þessu og kæri til sýslumanns, ef misbrestur verði á.
4. Spítalajarðirnar má að eins byggja áreiðanlegum,hyggnum, sparsömum, guðhræddum, ráðvöndum, reglusömum, starfsömum og trúverðugum mönnum. Umsjónarmenn hafi skýra samninga við hann. Haldi hann þá, er ábúðin ótakmörkuð.
5. Ráðsmennirnir taki eins marga holdsveika og efni spítalanna leyfa, en með umsjónarmanna samþykki. Fremur skal taka þá í ráðsmenskustöðuna, sem ekki eiga mörg börn, svo þau dragi ekki mjólk frá sjúklingum. Árstíllag fær ráðsmaður frá spítalanum, 5 hundruð fyrir karlmann, en 4 hundruð með kvenmanninum, er greiðist í góðum og gildum landaurum, helmingurinn fyrirfram, til þess að hægt verði að afla sér nægra vista í tíma.
6. Ráðsmenn skulu sjá sjúklingunum fyrir nægu uppeldi (fæði, ljósi og klæðum). Sóknarprestarnir hafa eftirlit með með því og spyrja þá um, hvort nokkur misbrestur sé á. Sé svo og ráðsmenn þverskallist, skal prestur kæra þegar til umsjónarmannanna.
7. Ráðsmenn haldi nægilegt fólk til þjónustu hinum sjúku.
8. Skyldir eru ráðsmenn til að lesa guðsorð fyrir sjúklingunum daglega, annaðhvort sjálfir eða láta aðra gjöra það. Guðsorðabækur tiltekur biskup og séu keyptar á kostnað spítalanna. Á sunnudögum og helgidögum skal lesa guðspjallið og skýra það, ef sjúklingar komast ekki í kirkju, og skal enn fremur senda eftir presti, ef þeir óska.
9. Sýna skal sjúklingunum stillingu í umgengni og vinsemi. Telja um fyrir þeim, ef þeir eru vanstiltir, og hugga þá með guðsorði.

10. Veita skal þeim kristilega greftrun á kostnað spítalans. Hvorki á prestút né kirkja heimting á neinni borgun.
11. Réttan reikningskap standi ráðsmenn umsjónarmönnum, einu sinni á ári. Annars borgi þeir ríkisdal í sekt til spítalanna.
12. Ráðsmenn segi upp ábúðinni fyrir Mikaelsmessu, þegar þeir vilja flytja brott af spítalajörðinni.
13. Engan má taka í spítalann nema holdsveika fátæklinga og munaðarlausa. Verður að sýna vottorð sóknarprests og hreppstjóra um kristilegt líferni og séu vottorðin send með umsóknunum til umsjónarmanna.
14. Hreppar borgi fyrirfram með holdsveikum ómögum til spítalanna **forlagseyri**, $3\frac{1}{2}$ hundrað á landvísu fyrir karlmann, en $2\frac{1}{2}$ hundrað með kvenmanni.
15. Hvetja skal vinnufæra holdsveiklinga til starfa og fá þeir sjálfir það sem þeir vinna sér inn. Flakk, sníkjur og drykkjuskapur er bannaður.
16. Fyrir vanþakklæti, möglunarsemi, drykkjuskaparóreglu, óhóflega tóbaksnauti skal prestur áminna sjúklingana, en hrífi það eigi, á að reka þá brott.
17. Arfur, sem spítalásjúklingar fá, fellur til spítalans.
18. Holdsveika má setja í spítala, ef sá sem hefir framfærsluskylduna, borgar fullt árstillag með þeim, þó eiga *fátækir* holdsveiklingar að ganga fyrir.
19. Af hverjum fiskibát skal borga einu sinni «*hospítals-hlut*» á ári á ákveðnum degi, ef ekki fiskast minna en fimm fiskar í hlut. Annars, eða ef ekki gefur að róa, skal láta hlutinn næsta dag, þegar nægur fiskafjöldi fæst.

Á sama hátt var og um fuglatekju í *Drangey* og *Vestmannaeyjum*. Hver sem reynir að prettást undan þessum ákvæðum fær sína hegningu.

20. Sýslumenn selji fiskinn, þegar hann er orðinn þur.
21. Spítalarnir fái vissar sektir, sem ákveðnar eru.
22. Ennfremur fái þeir gjöld fyrir giftingarleyfi þrimenninga.

23. Sóknarprestur heimsæki sjúklingana á sunnudögum.
 24. Spítalásjóðirnir skulu vera í vörslum þess umsjónar-
 manna, sem talinn er áreiðanlegri.

Í skipun þessari er beinlinis *bannað að taka aðra sjúklinga í spítalana en holdsveika* og var það ekki gjört viljandi úr því.

Klausturhólaspítala hafði einu sinni verið lokað og í annað skifti fluttur. Nú, 1752, var hann fluttur að *Kald- aðarnesi*¹⁰⁾, er var ein af þeim jörðum, sem stungið var upp á í Bessastaðasamþyktni, en á Klausturhólum hefir aldrei síðan verið spítali.

Eftir miðja 18. öldina var nokkru meiri aðsókn að spítölunum í Skálholtsbiskupsdæmi en verið hafði á biskups árum Jóns Vídalíns og Jóns Árnasonar, en álit þeirra óx ekki. Fjárhagurinn, sem var sæmilegur, þegar Jón Árnason dó, versnaði stórum og var hinn bágbornasti á næstu 20 árunum, svo að spítalarnir komust aftur í skuldir, og það sem verst var: *holdsveikin óx jafnt og þétt*.

Ástandið á *Möðrufellsspítala* var ekki betra. Það má sjá á bréfum lögmannsins norðan og vestan, *Sveins Sölva- sonar*.²⁵⁾

Hann skrifar sýslumönnum Norðanlands 1755 og bað um tillögur þeirra um spítalann. Spítalahlutir fáiast eigi, né sektagjöld og séu engir peningar til. — Sýslumennirnir svara allir á sama hátt, vilja láta *ráða konungi til að loka honum algjörlega*.

*Bjarni Halldórsson á Þingeyrum*²⁵⁾ skrifaði rækilegast um þetta (^{28/1} 1756). Segir hann: *að spítalinn sé svo kostnaðarsamur, að sjúklingana megi hafa heima fyrir hálfveirði þess, er fer til þeirra þar; að spítalinn komi eigi að til- ætluðum notum, vegna þess hve fáir geti komist þangað og að sjúkdómurinn, sem hann, eftir skoðun þeirra tíma, ætlaði að væri nokkurskonar skyrbjúgur, væri harla lítið næmur, því að »hin sótnæma holdsveiki heitu landanna »lepra contagiosa« væri afarsjaldgæf hér. Bjarni gjörði lítið úr, að spítalinn mundi fá miklar tekjur (spítalahluti og sektir), enda var hann sjálfur illræmdur fyrir það, hve*

ófús hann var á að senda lögmanni nokkra reikninga eða vottorð um spítalahluti eða önnur gjöld úr sinni sýslu. Varð *Magnús amtmaður Gíslason* að dæma hann í sektir fyrir það (1760), sem sýslumaður líklega borgaði, en hélt annars uppteknum hætti. Segir Sveinn lög. 1769, að frá 1761 hafi hann hvorki fengið reikningsskil þaðan né peninga og eg anse han fyrir soddan man, sem mér þoler engen lög, hvar uppá eg hef tilstrækkeligar beviisingar; en eg sæe giarnan að Deres hoyærværdigheð (þ: *Gísli biskup Magnússon*) vilde nú einu sine ganga til verks við han og forsækja, hvað gott eg hefe átt.«²⁵)

Í bréfi til biskups²⁵) lagði Sveinn Sölvason til, í samræmi við sýslumenn, að *afnema spítalann og skifta tekjum á sýslur »eða ad alios pios usus, so sem til fátækra þarfa eður reisande stúdentu stiptendium«* (2/6 1756).

Frh.

Dauðinn.

Smásaga eftir Jónas Guðlaugsson.

Hálf dán gamli er mér minnisstæðastur eins og hann var á kvöldin, þegar hann sat á leiðinu hennar Bjargar sinnar.

Enn þá er mér sem eg sjái hann sitja þar um sólarlagsbilið, álútan og boginn og hallast fram á birkilurkinn sinn.

Kvöldsólin varpar sterkum bjarma á skallann og hvíta hárkragann fyrir ofan eyrun, en yfir enninu hvílir skuggi, sem virðist eins og koma frá hinum djúpu rákum og hrukkum, sem eru um alt ennið. Hálfskuggi er líka yfir arnarnefinu hvassa, en þess bjartar glampar ljósið á skegginu, sem bylgjast silfurhvítt niður á bringu.

Hann horfir út yfir hafð, þangað, sem sólin hnigur til viðar. Augnatillitið er dapurt og lokað eins og hann sjái að eins það, sem er fyrir handan kvöldroðann. Það er svo langt, langt burtu.

Svona gat hann setið kvöld eftir kvöld alt af á sama leiðinu og í sömu stellingum. Og hann gekk aldrei inn fyr en sólin var hnigin til viðar, og kirkjugafinn varpaði svörtum náttskugga á leiðið sem hann sat á.

Eg var þá drengnokki á tíunda eða ellefta árinu, og eg man að eg var vanur að læðast út undir kirkjugarðinn, þegar Hálf dán sat þar, og horfa á hann.

Það var eitthvað við hann, sem vakti undrun mína og forvitni, eitthvað óþekt í þessu lokaða augnatilliti, sem hændi mig að sér.

Og það jök ekki lítið á undrun mína að hann sat einmitt í kirkjugarðinum, sem mér stóð einhver hátíðlegur beigur af, einkum á kvöldin.

Hinir strákarnir á heimilinu hlógu að þessari kvöldsetu Hálfðans í kirkjugarðinum. Mér var ómögulegt að skilja hversvegna. En þeir þurftu nú líka að hlægja að öllu. Eg kallaði hann heldur aldrei »óðalsbóndann á gröfinni hennar Bjargar« eins og þeir. Mér fanst Hálfðán gamli alls ekki hlægilegur.

Þvert á móti.

Eg gat staðið stundum saman og horft á hann þegar hann sat á leiðinu, og mig dauðlangaði til að vita nánar hvað hann var að hugsa um, þegar hann horfði svona undarlega langt burtu. Eg hugsaði oft um það, meðan eg var að háttu, og sá hann fyrir hugskotssjónum mínum eins og hann sat á leiðinu, þangað til eg sofnaði.

Og eg truflaði hann aldrei, meðan hann sat á leiðinu, eins og hinir strákarnir, því eg vissi að honum sárnaði það. Eg hafði séð tvö þung tár hrjóta niður eftir mögru, hrukkóttu kinnunum hans, einu sinni þegar Valdi smali hrekkjaði hann eitthvað eitt kvöld.

Og mér varð svo mikið um það, að eg réðst á Valda og lúbarði hann, þótt hann væri helmingi stærri og sterkari en eg. Auðvitað fekk eg það riflega borgað í sömu mynt.

Hálfðán gamli veitti því líka eftirtekt að eg var öðru vísi við hann en hinir drengirnir, og veitti mér aftur á móti fulla vináttu sína, þessa hreinu, tryggu vináttu sem oft á sér stað milli gamalmennis og unglings.

Hann sat hjá mér á daginn, þegar hann gat því undir komið, og sagði mér sögur af því, sem á daga hans hafði drifið.

Og Hálfðán kunni manna bezt að segja frá.

Frásögnin var myndrik og lifandi og ímyndunaraflið fjörugt, svo að innan um hversdagsviðburði vöfðust dularfullar draumsjónir, af íslenzku alþýðubergi brotnar, sem læstust inn í huga minn, eins og beztu þjóðsögurnar.

Á daga hans hafði margt drifið. Hann hafði verið bóndi og sjómaður, hjú og ferðalangur, og ratað í margar manna-raunir á sjó og landi.

Hann var þaukunnugur landinu utan frá sjó og upp til afdala og hafði komist í kynni við fjölda manna af ýmsum stéttum á lífsleiðinni.

Íslenzk náttúra, sagnir og hjátrú var því eins og lifandi á vörum hans, og eg hlustaði á það alt eins og draumgjarn unglingur á farmanninn, sem segir frá ókunnu löndunum.

Römmustu draugasögurnar, sem eg hefi heyrt, hrikalegustu tröllasögurnar og útilegumannasögurnar lærði eg allar af Hálfadáni gamla. En einna glöggast man eg þó eftir draumunum sem hann sagði mér, draumum sem menn hafði dreymt fyrir dauða sínum, og draumum þar sem hinir dauðu höfðu sagt til sín.

Sjálfan hafði Hálf dán dreymt margra drauma, og hann hafði örugga trú á þeim og dró ekki dul á berdreymi sitt. En frá sínum eigin draumum vildi hann þó aldrei segja, og kvað það ei vera rétt.

Menn missa draumgáfuna, ef þeir segja drauma sína, var hann vanur að segja.

Hálf dán gamli var niðursetningur hjá föður mínum.

Hann hafði ekki annað að gera en lifa í minningunum og biða dauða síns. Því verkfær var hann ekki lengur. Hann var orðinn úttaugaður og slitinn af langvinnu striti, og gigtin hafði kengbeygt hann og dregið af honum allan mátt. Það eina verk sem hann gat unnið var að flétta reiptaglsspotta á veturna, úr hrosshársspuna, og á sumrin var hann látinn dutla við að tinda hrifurnar fyrir stúlkurnar og þessháttar, sér til dægrastyttingar.

Hann hafði unnið dagsverkið — og langaði til »að komast heim«, eins og hann komst að orði.

»Hún Björg mín bíður eftir mér«, var hann vanur að segja. »Við höfum nú verið svo lengi skilin«.

Björg var konan hans sáluga. Þau höfðu búið saman á efsta og rýrasta kotinu í sveitinni, Dalsbotni, fyrir

mörgum, mörgum árum, þegar Hálfðán var ungur. Eftir þriggja ára hjónaband dó Björg úr mislingunum, og barn þeirra nýfætt.

Þá flosnaði Hálfðán upp af kotinu og hafði aldrei eirð í sér síðan. Hann fór af einu landshorninu á annað meðan æfin vanst, ýmist sem sjómaður, sendimaður, vinnumaður eða ráðsmaður.

Og þegar kraftarnir voru þrotnir, var hann fluttur fátækraflutningi úr einhverju fjarlægju héraði á fæðingarhrepp sinn. Eftir beiðni hans tók faðir minn við honum, því hann langaði til að vera hjá gröfnni hennar Bjargar sinnar, það sem eftir var æfinnar, og fá svo að hvilast við hlið hennar.

Hann vissi upp á hár, hvar leiðið var, þegar hann kom eftir margra ára fjarveru, og faðir minn gerði það að bón hans, að láta hlaða leiðið upp fyrir hann.

Nú hafði hann ekki annars að gæta, en að enginn yrði grafinn of nærri Björgu hans, færi ekki »inn á hans landareign«, eins og hann komst að orði.

Það gerði hann líka samviskusamlega í hvert skifti sem jarðað var, og af þeim ástæðum kölluðu gárungarnir hann »óðalsbóndann á leiðinu hennar Bjargar« eða bara »óðalsbóndann«.

Og á sumrin sat hann þar á leiðinu á hverju kvöldi þegar veður leyfði. Sat þar álútur og hljóður og hlustandi, eins og hann væri að bíða eftir boðum frá löndunum hinumegin við kvöldroðann, hinumegin við hafid mikla.

Það var föstudagskvöld að áliðnu sumri.

Við vorum að enda við að slá túnskæklana. Það hafði verið bezta rekja um daginn, svo tækifærið var notað til að skafa upp óræktarmóana í túnjaðrinum.

Eg hafði lært að slá það sumar og fekk lítið orf við mitt hæfi, svo eg þóttist heldur en ekki maður.

Það var svo sem eitthvað mannalegra að slá eins og hinir piltarnir, heldur en að hima einn uppi í dal og sitja

yfir rollunum. Maður fann aldurinn færast yfir sig við þá upphefð.

Þennan dag átti eg að slá grasið á milli leiðanna í kirkjugarðinum. Eg hamaðist eins og berserkur, bæði til þess að reyna að vera eins duglegur og »fullorðna fólkið«, og svo var satt að segja ekki trútt um að eg væri hálf-smeikur eftir að farið var að skyggja.

Eg var líka svo fjandi óheppinn að Hálf dán gamli gat ekki verið hjá mér. Hann hafði verið lasinn í nokkra daga af hósta og mæði fyrir brjóstinu, svo hann gat ekki einu sinni staulast út að leiðinu hennar Bjargar.

Mér hefði verið borgið, ef hann hefði verið hjá mér.

Að vísu var kirkjugarðurinn skamt frá bænum, en mér fanst eg samt ekki vera allsendis öruggur. Draugasögurnar sem Hálf dán gamli hafði sagt mér rifjuðust upp í huga mínum, svo að eg svitnaði af ótta. Eg reyndi af alefli að hugsa um eitthvað annað, en tókst það ekki.

Eftir því sem dimma tók varð eg smeikari og smeikari.

Hver vissi nema þeir dauðu kynnu að heimsækja mig í nótt. Ef til vill vaknaði eg við að sjá herbergið fult af vofum, sem skóku reiðulega kjúkurnar framan í mig, eins og þær segðu: Eg vil fá grasið mitt! Skilaðu mér grasiu mínu!

Eg reyndi að bægja þessum hugsunum frá mér, með því að hamast sem mest eg mátti. En í hvert skifti sem eg heyrði eitthvert hljóð, ef eg til dæmis rak ljáinn í stein, hrökk eg við og horfði aftur fyrir mig, eins og eg ætti von á að einhver draugskrumlan fálmaði til mín upp úr leiðunum.

Það varð skuggsýnna og skuggsýnna og tjargaði kirkjuveggurinn fyrir framan mig varð eins og ægilegri og ægilegri.

Loks gat eg ekki haldist þar lengur við og fleygði frá mér orfinu.

En í því bili varð mér litið út að kirkjugöflinum.

Sé eg þá ekki einhverja hrúku sitja á einu leiðinu,

skáhalt undan kirkjugaffinum. Eg sá hana óglögt og mér sýndist hún sitja hreyfingarlaus og grúfa sig niður yfir leiðið.

Það var eins og mér rynni kalt vatn milli skinns og hörunds, og það var að mér komið að reka upp óp, af hræðslu. Fyrsta hugsun mín var sú að hlaupa burt. En það var enginn hægðarleikur. Kirkjugarðurinn var svo hár, að eg átti erfitt með að komast yfir hann, og hliðið var framundan gaffinum, gegnt því sem draugurinn sat.

Nú voru góð ráð dýr.

Eg staðnæmdist augnablik, og gat þá ekki að því gert að renna augunum til draugsa, þótt mig hrylti við því. Það varð til þess að eg veitti honum nánari eftirtekt.

En hvað var þetta!

Var þetta ekki leiðið hennar Bjargar, og gat þá ekki skeð að Hálfván gamli hefði staulast þangað út og sæti þarna? Mér óx svo hugur við þá hugsun, að eg þorði að ganga nær. Og þegar eg kom spölkorn nær, sá eg að það var Hálfván gamli sem sat á leiðinu.

Það var eins og bylt væri af mér þungri byrði, og af fögnuðinum hljóp eg til hans. Hann virtist ekki veita mér eftirtekt.

Hann sat þarna steinþegjandi og studdist við stafinn sinn og horfði til jarðar. Það var orðið svo dimt, að eg gat ekki vel greint andlit hans.

»Ert það þú Hálfván?« kallaði eg til hans, því það var eins og óttinn væri ekki alveg horfinn.

Hann hrökk við og leit upp. Mér sýndist eins og glampa á tár eða eitthvað vott í hrukkunum fyrir neðan augun.

»Já, Brinki minn, svo á það að heita að það sé eg«, sagði hann lágt og eins og með hálfbrostnum málrómi.

»Veistu hvað, eg var farinn að halda að þú værir draugur«, sagði eg og herti upp hugann. »Manni dettur svo margt í hug þegar maður er einn úti í kirkjugarði«, bætti eg við, eins og til að afsaka mig.

»Draugur . . . hm . . . ekki er eg nú orðinn það enn og verð það vonandi aldrei . . . en skamt á eg þó eftir ólifað, drengur minn . . .«, sagði hann og horfði fast á mig undan loðnu augnabrúnunum.

Hann sagði þetta með svo raunalegri alvöru, að eg varð hvumsa við og hafði eg þó oft heyrt hann segja eitthvað líkt þessu áður. Mér datt í hug að eitthvað amaði að honum og fanst eg þurfa að hugga hann.

»O, sei, sei, sei, Hálf dán minn! Þú átt sjálfsagt eftir að lifa í áttatíu ár enn og verða allra karla elztur!« sagði eg allborginmannlega, bæði af því að eg hélt að það myndi hugga hann, og eins af því að mér fanst þetta svo fullorðinslega sagt. Eg hafði nefnilega heyrt móður mína segja sömu orðin við Hálf dán gamla áður.

En hann virtist ekki hafa heyrt huggunarorð mín, því hann hélt áfram í sama tón og sagði:

»O, jæja! Þetta er nú leiðin okkar allra, og eg má verða þeirri stundinni feginn, er eg fæ að leysast héðan. Eg er hvort sem er orðinn farlama skar og geri ekkert gagn í lífinu lengur. Er bara öðrum til byrði . . . Og svo er hana Björgu mína farið að lengja eftir mér hinumegin. Það verða nú fjörutíu ár í haust frá því við skildum«.

Málrómur hans varð eins og rólegri og fastari, þegar hann sagði síðustu orðin. Hann rétti ofurlítið úr hryggnum og greip fastar um lurkinn.

Hann horfði svo innilega vingjarnlega á mig, og eg sá nú glögt að það voru tár í augum hans.

»Þakka þér fyrir, Brinki minn, hvað þú hefir altaf verið góður við mig. Það er gæfuvottur að vera góður við gamalmenni. Eg vona að guð umbuni þér það þessa lífs og annars. Guð launar fyrir þá voluðu . . . En það skal eg segja þér, að bezt gæti eg trúað að eg verði dauður á morgun!«

Hann sagði þetta með svo mikilli sannfæringarvissu, að mér fanst þetta hljóta að vera satt. Eg trúði honum, og tárin komu fram í augun á mér, þegar eg hugsaði til þess, hve Hálf dán gamli hafði alt af verið góður við mig,

og að nú ætti hann að deyja. Eg fann til sárs saknaðar og það var ekki laust við að gráthljóð væri í kverkunum á mér þegar eg svaraði honum:

»Dauður á morgun! Hvernig getur þú vitað það Hálf dán minn?« Hann þagði um stund og varð álútari og álútari. Eg heyrði að hann átti erfitt með að draga andann, hryglan sauð niðri í honum. Það var eins og hann vissi ekki hverju hann ætti að svara. Loks horfði hann beint framan í mig og sagði:

»Jú, það skal eg segja þér. Þú veist að eg er oft berdreyminn. Það er guðs gáfa, sem eg, lof sé Guði, aldrei hef misbrúkað. Og í nótt dreymdi mig draum, sem eg er viss um að verður fyrir dauða mínum. Vittu til, drengur minn, hvort hann kemur ekki fram!«

Hann þagnaði aftur og það var eins og hann hugsaði sig um. Síðan rétti hann mér mögru, krækloftu höndina sína, og eg fann að hún var köld og stöm.

»Tyltu þér hérna hjá mér, drengur minn«, sagði hann. »Það er kanske réttast að eg segi þér draum minn. Það verður hvort sem er í síðasta skifti sem eg segi þér drauma, og þú sér þá kanske eftir á að fleira er til en við mennirnir vitum um. En þú verður að lofa mér að segja ekki hinu fólkinu frá draum mínum, fyr en eg er dauður.«

Eg tylti mér á leiðið hjá honum og lofaði honum að segja engum frá draum hans.

Það var orðið svo dimt kringum okkur, að eg sá ekki vel í andlit honum. Kirkjugafinn virtist mér vera orðinn svo hár og ógnandi, og leiðin voru áþekkt svörtum dýrum, sem liggja fram á lappir sér. Eg fann hræðsluna grípa mig aftur og færði mig eins nálægt Hálf dani gamla og eg gat. Við það sefaðist eg og allur hugur minn varð eins og að einum hlustum.

Hann byrjaði að segja draum sinn:

»Eg þóttist standa hérna úti á hlaðinu. Það var töluvert farið að skyggja, en þó nokkru bjartara en nú. Eg var si sona að gæta að, hvort eg sæi engan koma

niður með Lóninu, því mér fanst eg eiga von á einhverjum, annaðhvort blessuðum prestinum eða einhverjum aðkomumanni. En eg gat ekki komið auga á neinn, því það var orðið skuggsýnt frá að sjá, og svo eru augun í mér ekki góð, eins og þú þekkir. Svona stóð eg stundarkorn og varð einskis var. Þangað til mér sýndist alt í einu birta, rétt eins og þegar tungl skýst undan skýi á haustkvöldi. Og þá sé eg hvar tvent kemur riðandi niður Kviavellina, karlmaður og kvenmaður. Þau riðu bæði dökkum, en karlmaðurinn hafði bleikan, söðlaðan hest í taumi.

Eg sá þau miklu glegggra en eg sé þig núna, þó þau væru nokkru fyrir neðan túngarðinn.

Þau bar hratt yfir landið, og það var eins og hestarnir kæmu ekki við jörðina. Eg heyrði frisið og hófaglamrið í klárunum færast nær og nær og sá þau þeysa á harða spretti heim traðirnar.

Þegar þau komu á hlaðið, spratt kvenmaðurinn af baki, en karlmaðurinn sat kyr á hestbaki. Hann var svartklæddur og hafði svarta grímu fyrir andlitinu.

Hestarnir frisuðu og hristu sig.

Kvenmaðurinn tekur þann bleika, sem grímumaður hafði í taumi, og gengur til mín og teymir hestinn á eftir sér.

Eg bar ekki kensl á hana fyrst, en þegar hún kemur nær, sá eg að það var engin önnur en Björg mín heitin. Eg varð si sona eins og hálf-hissa, því eg mundi eftir að hún var dain, en brást þó glaður við.

Hún gengur rակleitt til mín og rekur að mér rembings koss.

Eg gat ekki vel séð framan í hana, því hún grúfði sig yfir mig, en mér fanst eins og kuldahrollur fara um mig allan við kossinn. Mig langaði til að segja eitthvað, en gat ekki komið upp orði. Hún kysti mig fast og lengi, rétt eins og kvöldið áður en hún dó, og þegar hún slepti vörum, heyrðist mér hún hvísla að mér: »Þú kemur fram eftir til mín á laugardaginn. Eg skil þann bleika eftir«.

Eg ætlaði að svara einhverju, en varð þess þá var að hún var farin, og þegar eg leit upp, sá eg hvar hún þeysti niður traðirnar við hliðina á grímumanninum. Eg sá hvernig svört töglin á klárnum slógust í loftinu, og heyrði glymja í hófum þeirra eins og þegar hleypt er skafaljárnuðu yfir ís. Svo hurfu þau bak við Stekkjahamar.

Þegar eg misti sjónar á þeim, varð eg þess var að bleiki klárinn stóð enn þá hjá mér. Hann var afarstór vexti, en svo magur, að eg gat talið í honum hvert rif. Húðin var eins og gulbleik slepja utan um beinin. Hann hengdi niður höfuðið og skrælpur tungan hékk út úr kjaftinum, en hann gaut á mig svo undarlegum augum, að það fór hrollur um mig allan. Augun voru hvít og það glóði í þau eins og maurildi eða urðarmána. Eg hef einu sinni séð þá bölvada ófreskju áður. Mér varð ekki um sel og ætlaði að taka út úr honum beizlið og hleypa honum burt. En þá teygði hann fram makkann, og eg sá augun færast nær og nær. Það glóði svo djöfullega í þau, að mér fanst draga af mér allan mátt eftir því sem þau færðust nær.

Svo fann eg að hann rak framan í mig vota snoppuna, og þá var eins og helt væri isköldu vatni niður eftir brjóstinu á mér. Við það vaknaði eg.

Hann hafði sagt mér draum sinn næstum því hvíldarlaust, eins og honum væri um að gera að segja hann sem fyrst. Líklega hefir það reynt of mikið á hann enda fekk hann ákafa hóstahviðu á eftir. Það var líka orðið hrollkalt, og kvöldgolan hvein ömurlega í kirkjuturninum.

Þegar hann mátti mæla fyrir mæðinni og hóstanum, sagði hann við mig:

»Parna sérðu, drengur minn! Sá bleiki táknar dauðann. Og Björg mín beiddi mig að koma fram eftir á laugardaginn, en það er á morgun. Vittu nú til hvort þetta kemur ekki fram . . . En viltu nú ekki leiða mig inn, mér finst eg vera orðinn svo máttlaus«.

Hann reis upp með erfiðismunum og studdi sig við öxl mína.

Það tók langan tíma fyrir okkur að komast heim, því hann varð altaf að stöðva við og við vegna hóstans. Hósthviðurnar urðu harðari og harðari, og það var með naumindum að við komumst inn í bæjardyrnar. Eg kom honum ekki lengra en á kláf, sem stóð fyrir innan dyrnar.

»Þarna sérðu«, stundi hann upp, »sá bleiki hefir sleikt brjóstið á mér«.

Eg varð að hlaupa inn eftir vinnumönnunum, Munda og Sigga, til þess að hjálpa honum inn göngin og upp stigann. Þeir hálfbáru hann upp í baðstofuna, en sjálfur gat hann klætt sig úr fötunum og skreiðst í bólið.

Hósthviðurnar héldu áfram eftir að hann var kominn í rúmið, og hann hafði enga matarlyst um kvöldið.

Eg sat við rúm hans mikið af kvöldinu, en við þögð um báðir. Rétt fyrir háttatímamann bauð eg honum góða nótt, og bað hann mér þá allrar blessunar.

Mér heyrðist hann vera að tauta einhverja bæn fyrir munnni sér, þegar eg gekk ofan stigann. — —

Mér var órótt innanbrjósts þegar eg háttaði. Draumur Hálfdáns hafði haft djúp áhrif á mig. Eg trúði honum án nokkurs efa. Myrkrið og kirkjugarðurinn, og ekki síst hóstakjöltið, höfðu læst hann djúpt inn í huga mér, svo mér fanst eg horfa niðri gagnsætt hyldýpi hins dularfulla, og grilla í ófreskjurnar þar niðri. Mér fanst eg jafnvel sjá sjálfan dauðann, eins og einhvern þjóðsögunykur, sem við allir verðum að riða einhvern tíma, nauðugir viljugir, út í eilíft svartnættið. Það fór hrollur um mig allan við þá hugsun. Mér datt í hug vísa Jóns frá Víðimýri:

„Svarta nátt að sjónum ber
segir fátt af einum“.

Og eg sá dauðann teyma hest hans í náttmyrkrinu niður í einhverja vökina á Héraðsvötnunum. Ein sagan rak aðra um þá menn, sem dreymt hafði fyrir dauða sínum. Þær voru margar svipaðar sögu Hálfdáns gamla. Þar var til dæm-

is sagan af manningum, sem dreymdi, að komið væri á gluggann hjá sér og kveðið með hásum róm:

„Nú er fjaran orðin auð
öll með þara gróin,
best mun að fara að reyna hann Rauð
og ríða 'onum bara í sjóinn“.

En daginn eftir druknaði hann og Rauður hans í Vogalæknum.

Allar þessar sögur gagntóku huga minn og styrktu trú mína á draum Hálfðans gamla. Hann var feigur; hann var áreiðanlega feigur. Tárin streymdu niður eftir kinnunum á mér, þegar eg hugsaði til þess, hve góður hann hafði verið við mig, og hve margar skemtilegar sögur hann hafði sagt mér. Mér fanst eg hlyti að sakna hans óumræðilega mikið. En eg fann að ekki var hægt að taka beizlið út úr þeim bleika. Dómur dauðans var óraskanlegur.

Eg breiddi sængina upp yfir höfuð og hágrét þangað til eg varð þreyttur og sofnaði.

En alla nóttina var mig að dreyma að eg sæi Hálfðán gamla liggja deyjandi frammi í skemmu, en fyrir utan skemmudyrnar heyrði eg bleika klárinn hneggja og nugga höfðinu upp við dyrnar.

Það fyrsta sem mér var sagt um morguninn, þegar eg vaknaði, var að Hálfðán „gamli væri .dáinn. Hann hafði dáið klukkan sjö um morguninn.

Fólkið í baðstofunni hafði vaknað klukkan fjögur við það að hann var búinn að fá dauðahrygluna. Vinnukonurnar urðu fyrst myrkfælnar, en þutu samt niður til föður míns, sem klæddi sig í snatri og gekk upp til hans.

Hann sá strax að helstriðið var að byrja og flýtti sér að gefa honum sakramentið, því Hálfðán gamli hafði beð-

ið þess að sér væri gefið það, ef dauða hans bæri fljótt að höndum.

Faðir minn sá að hann vissi alt hvað fram fór, og sýndust varir hans bærast ofurlítið, eins og hann ætlaði að þakka, eftir að hafa meðtekið »líkama og blóð Krists«. En hann mátti ekki mæla, og rétt á eftir fór andlitið að blána og froða að renna út um munnvikin.

Hann fékk fremur hægt andlát.

Vinnukonan, sem kom með morgunkaffið til mín, sagði mér þetta alt með mestu nákvæmni. Mér kom það ekki á óvart, en samt gat eg ekki að því gert, að eg fór að hágráta, er hún sagði mér frá dauða hans. Mér þótti svo vænt um Hálf dán gamla.

Vinnukonan sagði mér loks að nýlega hefði verið lokið við að leggja Hálf dán gamla til frammi í skemmu.

Það var mitt fyrsta verk að ganga þangað út, eftir að eg var kominn á fætur.

Líkið lá á tveim borðum, sem lögð voru yfir tvo tóma tjúkagga í skemmuni. Það var sveipt línlokum. Handleggirnir voru krosslagðir á brjóstinu og yfir þá lögð sálmabók svört með gyltum kross á spjaldinu.

Eg skoðaði líkið í krók og kring með lotningarfullri alvöru. Mest var eg hissa á hve langt það var. Nú var Hálf dán gamli ekki lengur lotinn.

Eg gerði krossmark yfir líkinu með miklum fjálgleik, eins og mér hafði verið sagt að gera. Síðan lyfti eg varlega klútnum frá andlitinu, sem lagður hafði verið yfir það.

Eg horfði gagntekinn á þessa þektu, en köldu og stírðuðu andlitsdrætti.

Hrukkurnar á andlitinu voru næstum því horfnar, og yfir því hvíldi einhver friður, einhver köld ró, sem eg aldrei hafði þekt áður.

Augunum hafði verið lokað, svo það var hálfvegis eins og hann svæfi, en munnurinn stóð hálfopinn.

Eg lagði klútinn aftur hægt yfir andlitið, og nokkur tár hrotu um leið niður á hann.

Eg mintist þess er við sátum saman í kirkjugarðinum fyrir að eins einni nóttu. Nú var þá draumurinn kominn fram.

Og það var eins og eg heyrði fótatak þess bleika, einhversstaðar langt burtu, eins og þegar hleypt er skafaljárnuðu yfir ís.

Ur ferðasögu.

Paris.

1.

Framh.

Dagarnir sem eg dvaldi í Parísarborg voru heitustu dagarnir sem eg hef lifað. Hitinn komst um mánaðamótin maí—júni upp í 30° C. í skugganum, og var þá hvergi í Evrópu jafnheitt, þegar Rómaborg er undantekin. Það var á við sumar fjallgöngur að ganga í slíkum hita upp næstum því 250 feta háan stiga í dimmum turni hinnar frægu Frúarkirkju; en fyrirhöfnin borgar sig, þegar upp er komið og gefur að lita yfir hundrað þúsundir bygginga báðu megin Signu, sem að ofan er að sjá eins og bugð-ótt, gljáandi band. Innan um húsa-hraunið liggja götugeilarnar, að öllu samantöldu langt yfir 100 mílur á lengd, morandi af umferð.

Augað leitar uppi ýmsar merkar byggingar, svo sem Louvre með sín frægu söfn, en byggingin sjálf safn af höllum, söngleikhúsið mesta í Evrópu, sigurbogann mikla, þar sem mætast í stjörnu margar stórar götuæðar, Pantheon, hið víðfræga musteri mannorðsins, og svo kauphöllina, þetta afarmikla og glæsilega musteri Mammons. Og er þetta enginn orðaleikur, því að kauphöllin er reist í líkingu við fornt musteri þeirra guða, sem nú eru dauðir fyrir löngu. En engin elli- eða dauðamörk er að sjá á Mammoni, og aldrei hefir hann magnaðri verið en nú, eða ríki hans staðið víðar fótum undir.

Eg hef nú ekki minst nema á litinn hluta af þeim fjölda hvelsþpaka og turntinda, sem hreykja sér yfir húsa-

almenninginn, og skal þó litlu viðbætt. En þó er ein bygging, sem fyrst dregur að sér athyglina, þó að eg nefni hana síðast. Langt vestur í borginni gnæfir turn, sem virðist gerður af jötnum en ekki mönnum; fjallhátt lyftir hann stönginni með þrilita fánanum, sem á að tákna frelsi, jöfnuð og bræðralag; eins og það væru barnaleikföng en ekki mannabústaðir eru húsin við rætur þessa fjallturns. Hann ber hátt yfir borgina, eins og frægð Napoleons yfir frægð annara manna. Annarstaðar eru það kirkjuturnarnir, sem gnæfa hæst yfir borgirnar, minningarmerki þess valds, sem sterkast var á miðöldunum, myrkratímunum. En þetta stálfjall, 900 feta hátt, hafa vísindi og verksvit reist sér til heiðurs, það er eins og upphrópun úr stáli, hvort tveggja í senn siguróp og upphvatning. Nú er það ekki lengur náttúran ein, sem byggir fjallhátt.

Mér varð fyrst dálítið líkt við að líta á Eiffelturninn eins og Herðubreið; hvortveggja sjónin virðist í fyrstu nærri ótrúleg. Herðubreið ris svo geist til himins, er svo turni lík, að eg bjóst nærri því við að sjá stöng upp úr og fána Íslands blakta yfir þessu turnfjalli, líkt og þrilitinn þarna í París yfir fjallturninum, sem menskir menn hafa reist.

2.

Vér horfum nær oss, á turninn sjálfan, þunglamalegan og snubbóttan hjá stáltorni Eiffels. Ekki má láta ógetið djöflanna frægu á Frúarkirkju, sem hýma þar á palli neðan við efsta turntind og horfa yfir borgina ferlegir á svip; svona hugsuðu menn sér djöflana, sem þeir hræddust meira en dauðann, áður en þeir komust á snoðir um, að enga djöfla mundi vera að óttast nema manndjöfla, enda ekki á það bætandi, hvað þeir geta verið ægilegir.

Sum þessara ferlíkja virðast hlakka af djöfulegri gleði, er þau horfa niður af turni sínum; og víst hefðu þau þaðan getað séð ýmislegt athæfi, sem djöflum hefði

verið unun að lita, því að saga Parísarborgar er blóði drifin mjög og auðug að hryðjuverkum. Nôtre Dame kirkjan stendur á eyju í Signu, þar sem endur fyrir löngu var fyrsti vísir Parísarborgar; þar var auðveldast að komast yfir ána, en þó var þar betra vígi en á árbökkunum. Þarna stóð kirkja, er norrænir víkingar héldu langskipum sínum uppeftir Signu og herjuðu á París, og löngu áður mun á þessum sama stað hafa verið heiðið hof.

Victor Hugo hefir viðfrægt Frúarkirkju í alkunnri skáldsögu, og með undarlegum minningarþunga horfir steinandlit hennar yfir borgina framundan. En svo svipmikil sem Frúarkirkja þessi er hið ytra, þá virtist hún að innansýn tilkomulitil hjá dómkirkjunni í Milano.

3.

Ekki virtist mér umferðin í París jafn fossandi í öllum götum eins og í Berlín. En þó var með köflum, á þeirri leið, sem auðfólkið fer til Boulogneskógarins, meiri fjöldi af bifreiðum en eg sá nokkurs staðar í Berlín eða jafnvel í Lundúnum. Í Avenue des Champs Elysées sá eg einu sinni hérumbil 130 bifreiðar þjóta framhá á 5 mínútum, auk fjölda annara vagna. En vitanlega er hætt við að eitthvað misteljist þar sem bifreiðarnar koma brunandi með flughraða, og stundum margar í senn.

Eg geng í hægðum mínum eftir sumum fjölförnustu götunum og horfi á andlitin og umferðina. Andlit manns, það er æfisaga hans, ef menn kynnu að lesa, og eigi einungis hans sjálfs, heldur einnig forfeðra hans. Einstöku sinnum bregður fyrir einhverju afgerfi að fegurð, karlkyns eða kvenkyns, eða þá að ófrýnileik, mönnum og konum, sviplikum því, sem mætti hugsa sér verstu illvirkja. En raunar er nú varlega dæmandi þar; það er ekki altaf sem litur deilir kosti, og það sem menn kalla illmannlegan svip er oft á þeim sem finna eitthvað til, en góðmannlegur svipur á hinum sem líður vel, þó að illmenni geti verið.

Kvenfólk í París er annálað fyrir smekkvísi í lát-

bragði og fataburði, og litfríð andlit eru þar mjög algeng; en vel litkuð verður þar oftast að þýða sama sem vel máluð; þessar vel hvelfdu brýr, fögru kinnar og blómlegu varir, er eigi sjaldan fremur að skoða sem listaverk heldur en lifandi andlit.

4.

Eitt er mjög tafsamnt fyrir bókavin, sem að eins á fárra daga kost á að kynna sér þessa miklu borg, nefnilega sýningar bókverzlananna. Mér eru í minni bókabúðirnar í Avenue de l'Opera, (hinum afar fjölfarna götugal, þar sem fyrir botni er skrautsýn söngleikhússins mikla), raðirnar af frábærlega snotrum bindum, þar sem standa á nöfn þau sem lýsa bjartast yfir frakkneskum bókmentum, frá Rabelais til Anatole France; og eigi að eins frakkneskum, því að eg sá þar m. a., á frummáli og í ágætum þýðingum, mína uppáhaldshöfundu frá Hóratius og Petronius Arbiter til H. G. Wells. En þó ekki alla, Íslendingana vantaði því miður alveg, að fornu og nýju; jafnvel ekki Njála og Egilssaga hafa enn þá öðlast þá heimsfrægð sem þær eiga skilið.

Hvergi virðist eins smekklega gengið frá bókum og jafnvel dagblöðum eins og í París; það er mikill munur og á ensku dagblöðunum, sem alltaf eru smánarlega prentuð og víst yfirleitt talsvert ver rituð. En raunar er í frönsku blöðunum gert meira en góðu hófi gegnir að því að kitla tilfinningarnar og ritsnildin virðist oft og einatt nokkuð tildursleg. En annars skal fúslega játað, að eg er of illa að mér í frönsku máli og bókmentum til að fella eins vel rökstudda dóma um þessi efni og vera bæri.

Mér virðist frakkneskan fremur ljótt mál með öll sín nefhljóð og áherslu á síðustu samstöfu; hún kemst ekki að hljómfegurð í neinn samjöfnuð við ítölsku, og er enn þá skældari og bjagaðri, enn þá »færeyskari« þegar við latínuna er miðað, heldur en ítalskan. Manni getur ekki annað en komið til hugar orðatiltæki Bjarna Thórarensens um að gylla skít, þegar þess er gætt hvilíkt kapp afbragðs rithöfundar,

— ýmsir þeir menn sem pennafærastir hafa verið og ljósast hugsað, — hafa lagt á að rita þetta mál af snild, og arfleiða það að andriki sínu, fyndni og sálarinnsýn.

Frakkneskir rithöfundar hafa löngum verið berorðari og margmáli um samfarir karla og kvenna en gjörist hjá öðrum þjóðum, og stingur það mjög í stúf við siðsemina sem er á pappírnum hjá nágrönnunum hinumegin við sunnið. Kveður svo ramt að pappírssiðseminni ensku, að komið hefir til máls — eða svo sagði mér H. G. Wells — að banna þýðingu á ritum eftir Anatole France, og er þó France víst einn af hinum »siðsamari« skáldsagnahöfundum sinnar þjóðar og orðvarari um ástamál.

Það er dálítið ættarmót með riddarasögunum íslenzku, sem að vísu voru runnar frá Frakklandi eins og kunnugt er, og svo frakkneskum skáldsögum eins og þær eru ritaðar enn þann dag í dag; en enskar skáldsögur minna aftur meira á hinar eiginlegu Íslendingasögur, enda eru runnar af skyldri rót, eins og betur verður minst á seinna.

5.

Paris er talinn mestur glaumbær og glæsibær Evrópu og mesta skemtanaborg heimsins. Venja þangað mjög komur sínar auðugir Englendingar og Amerikumenn, og annars fólk um víða veröld sem á vel fullar buddur. Kunna Parísarbúar betur en aðrir til þeirrar listar að eigna fyrir hverja mannlega fýsn. Frakknesk matreiðsla er viðfræg um löndin, og fleira frakkneskt

Einkennilega frakkneskt er það, að staðir sem í öðrum borgum eru lausir við auglýsingar, eru í Paris. allir útmálaðir með fyrirheitum fullkomins bata öllum þeim sem þjást af ýmsum þeim sjúkdómum, sem ætla mætti að hefðu komið kirkjuföðurnum Tertullian til að nefna konuna verkfæri djöfulsins. Það er ekkert annað en snúa sér til N. N. eða kaupa það og það kynjalyf.

Öðrum þræði er svo verið að auglýsa óbrigðul meðöl gegn ólyst á kvenfólki og magnleysi.

Í höfuðborginni hinumegin sunds (Lundúnum) þegja auglýsingarnar alveg um þessi efni, eins og við er að búast í landi þar sem siðsemin er svo megn, að jafnvel kenslubækur í lífseðlisfræði sem ætlaðar eru læknaefnum, kunna sama sem ekkert af því að segja, sem fyrst og fremst sérkennir karlkyn og kvenkyn.

Þær auglýsingar sem virðast jafn einkennilega enskar og hinar eru frakkneskar, sem að ofan er getið, snúa sér einkum að maganum og meltingunni. Meðöl gegn afleiðingum af ofáti eru þar auglýst mjög kröftuglega (og lygilega; en það gerir ekkert; um kynjalyf og Vesturheim er aldrei svo ólíklega logið, að ekki gangi það í þá sem það á að ganga í). Lifrarmedöl nefna Englendingar mjög oft öll slík lyf, því að þeim hefir einhvern veginn tekist að blanda lifrinni inn í þessi efni á þann hátt, sem ekki þekkist í neinu öðru landi.

Hæst virðist Þýzkaland standa, því að þar hafa auglýsingarnar ekki eins hátt um kynjamedöl hvort sem það er gegn afleiðingum af ofáti eða öðru. Eða kynjamedalið er að minsta kosti eitthvert sérstaklega skynsamlegt líf-erni sem auðvitað, hjá Þjóðverjum, (sem nefna mætti bókanna þjóð, en Engleðinga aftur þjóð bókarinnar, þ. e. bibliunnar) verður að læra af sérstakri bók. Bók J. P. Müllers, hins nafnfræga íþróttamanns og heilbrigðisrithöfundar, hefir t. a. m. á Þýzkalandi selst svo hundruð-um þúsunda skiftir, og hvergi náð annari eins útbreiðslu og þar.

6.

Glæsilegar eru hinar breiðu laufskygðu götur nálægt söngleikhúsinu mikla að kvöldi dags. Ljómandi sölubúðir og dýrlegir veitingastaðir skiftast á, og auglýsendur leika logstöfum á húsahliðunum og yfir húsunum uppi, svo að jafnvel ennþá meiri brögð eru að en í Berlín — sem er þó miklu jafnar uppljómuð — og sumstaðar bregður á loft uppi yfir húsunum heilum myndasýningum. eru þær eitt af því, sem einnig auminginn eyrislausu get-

ur skemt sér við að horfa á, ef hann er þá ekki of selt inn til að geta notið nokkurs augnagamans.

Eg geng inn á einn af dýrlegastu veitingastöðunum og fæ mér eitthvert litliræði til að geta virt fyrir mér gestina. Veitingastaðir þessir eru því miður eigi aðeins dýrlegir heldur einnig mjög dýrir. En þeir sem hafa nóg í buddunni geta gengið þar inn og etið og drukkið eins og kongar eða ríki maðurinn í guðspjallinu. Dýr vín glóa þar á glæstum skálum og gullskrud á prúðbúnum gestum, og á fögrum hálsum og bringum blika við gimsteinar eins og heill himinn af litabrám.

Eg þykist sjá, að þarna er sumt samskonar fólk og það sem eg hef orðið var við á ferðinni við og við, eins og fyrir ofan mig, eins og nokkurskonar ásareið, þessi auðmannalýður, sem leikur lausum hala yfir löndin og leitar uppi hvern sólskinsblett, þar sem sólin skín að eins á ríka en ekki fátæka, þessi auðmannastétt, sem vex ávalt að auði án nokkurs síns tilgjörnings, eins og eigi hún fjölda af baugum sem eru Draupnisígildi. Væri Edda í eins miklum metum eins og Biblían þá mundi sjálfsgat sagan um hringinn Draupni vera talin spádómur um gróða»hringi« þessara síðustu tíma.

Stórborgirnar og ekki síst París brýna fyrir mönnum betur en aðrir staðir þetta sem Horatius sagði fyrir 2000 árum að væri viðkvæðið í kauphöllinni í Rómaborg:

*O cives, cives, quærenda pecunia primum est,
virtus post nummos.*

(Fyrst eru peningarnir, borgarar góðir, og svo kemur ráðvendnin).

Þetta virtist mér Parísarbúar hafa lært betur en nokkur annar stórborgarlýður sem eg hefi haft kynni af; hvergi virtist gæta eins mikið þeirrar aðalreglu í viðskiftum að láta sem minst verðmæti fyrir sem mest verð. Af þessari sömu grundvallarreglu var auðsjáanlega risinn óprifnaður á gesthúsum sem mig furðaði mjög á, þar eð eg hafði ekki rekið mig á slíkt fyr í stórbæjum; hvílikur

munur á fyrsta gístistaðnum sem eg reyndi í París og svo gesthúsinu í München þar sem gistingin var jafndýr. Yfirleitt hallast eg á þá skoðun að Frakkar muni ekki vera sérlega þrífir þjóð; en annars verður víst ekki, enn sem komið er, sagt um nokkra þjóð að hún sé þrífir, það er efnafólkið sem er þrifið, almúginn er alstaðar óþrífinn og veldur því mest fátækt. Á miðöldunum var heldur ekki fyrirfólk í Evrópu mikið að hugsa um þrífnað hjá því sem nú er, eða hafði verið á dögum Rómaveldis; átti lífsskoðun kristindómsins sennilega nokkurn þátt í því; það gerði minst þó að syndugt hold væri líka saurugt. Þegar kristnir menn unnu Spán aftur af Serkjum var baðhúsum, sem í öllum borgum höfðu verið fjölda mörg til almennings nota, allsstaðar lokað.

Að götuþrífnaði stendur París mjög langt að baki jafnvel Lundúnum, að eg ekki nefni Berlín, sem í þessu efni ber langt af öllum öðrum borgum. Á auðmannagesthúsunum má geta nærri að engum óþrífnaði sé að mæta, og götusorpið fælir ekki auðmennina frá að telja Parísarborg mestan gláðsheim svo víða sem lönd eru byggð.

7.

Eitt kvöld var eg í söngleikhúsinu mikla, auðvitað á sundlandi hæð einhversstaðar uppi undir lofti; því að betri sæti eru rándýr og helzt við Gyðinga hæfi. Álíka mikið hafði kostað að reisa þetta musteri listarinnar eins og Parlamentshöllina ensku og Pálskirkju samanlagt.

Leikið var þetta kvöld Samson og Dalila eftir Saint-Saëns, og danssöngleikurinn Coppelia á eftir. Skoplegt var að sjá hinn hebreska Gretti með mjög ókraftalega handleggi, en hann söng vel, og musterisstoðirnar hrundu jafnvel áður en hann kom við þær.

Það var svipað um þenna söngleik og Coppeliu, að stundum þykist maður greinilega skynja hvernig andagiftin yfirgefur tónskáldið, svo að hann yrkir tóman hávaða. Og mér kom í hug hversu bæði þessi verk

standa á baki söngleiknum Carmen eftir Bizet. Carmen var í fyrsta skifti leikin í þessu húsi, og þó ekki til enda, því að áheyrendur gjörðu svo mikið hark og hávaða að leikendur urðu að hætta.

En Bizet varð svo mikið um þessar ófarir, að hann dó skömmu síðar, á líkum aldri eins og Mozart, Byron og Jónas Hallgrímsson. Hann hafði komið lasinn í leikhúsið til að hlusta á verk sitt, auðvitað fullur eftirvæntingar. Hann vissi að hann hafði gefið heiminum einn af hinum fegurst skinandi gimsteinum listarinnar, að honum hafði tekist þetta afar sjaldgæfa, að skapa ódauðlegt listaverk, sem gæti orðið öldum og óbornum til nýrrar gleði. Og hann bjóst eðlilega við heiðri og þakklæti, og þeim launum öðrum, sem mundu gefa listgáfu hans byr undir vængi. En í staðinn dýnja yfir hann háðsköll og ískrandi hljóðpípur, og það er ekki erfitt að skilja að þetta hrópanði ranglæti gat dregið hann til dauða, einkum þar sem hann var ekki heill undir.

Fáum mönnum hefir ómaklegar goltið verið en Bizet og það gefur efni í óskemtilegar hugleiðingar um mannlega dómgreind, að það almenni (publikum) sem kvað upp áfellsdóminn yfir snildarverki Bizets, var einmitt hið greindasta sem völ mun vera á um víða veröld, og það sem bezt hefði verið trúandi til að skynja hvað þarna var á ferðinni.

En Carmen lifði þó að meistarinn dæi; söngdómari einn kom því til leiðar nokkru síðar að hún var leikin aftur og þá vanst sigurinn, og hefir þessi söngleikur síðan hljómað á öllum helztu leiksviðum heimsins, ótöldum þúsundum til ununar, en leikhúseigendum og syngjendum til mikils ágóða.

Því oftast sem kostur er að heyra Carmen, því betur lætur hún í eyrum; aldrei hefir vist sönglistin fengið fegurri rödd mannlegum tilfinningum; þar er ekki hávaði í stað hljómlistar eins og bregður fyrir í mörgum öðrum söngleikum.

En Carmen var of frumleg, of ólík því sem áður hafði látið bezt í eyrum manna, og mennirnir svo lengi að læra að meta það sem bezt er í hvaða list sem er. Mér er grunur á að söngleikurinn Fást, eftir Gounod, hafi átt drjúgan þátt í hinum ómaklega ósigri Bizets; Fást var þá (og er) í afarmiklu gengi, en Carmen er næsta ólík og að vísu er þar sólbjartari snild á. Hefði Bizet verið nógu ófrumlegur til að setja saman einhverja fagurhljóma, sem mintu á Fást, án þess að vera þó hneykslanlega líkir, þá hefði sennilega almenningseyrað unnist þegar í stað, og tónskáldinu orðið lengra lífs auðið.

Það mætti nærri því ætla að Renan hefði haft forlög Bizets í huga þegar hann skrifaði þessi orð: Loin de faire réussir, le vrai talent, la vraie vertu, la vraie science nuisent dans la vie et constituent celui qui en est doué dans un état d'infériorité au point de vue de succès; parfois ils causent son malheur. (Hin sanna snild, hinir sönnu mannkostir og vizka skaða þann sem þeim er gæddur og gera hann að minna manni, þegar við það 'er miðað að komast áfram; verða mannum stundum jafnvel alveg til falls«. Dialogues et Fragments philosophiques, Paris 1876 s. 34).

En orðin munu vera rituð áður en Carmen kom til sögunnar. Enda eru dæmin nóg til að sýna, hvað hin sanna vizka hefir átt erfitt uppdráttar jafnvel hjá mentuðustu og gáfuðustu þjóð heimsins. Frakkar hafa átt Lavoisier, hinn mikla brautryðjanda efnafræðinnar og Lamarck dýrafræðinginn mikla og ef til vill mesta náttúruspekinginn, sem lifað hefir. Lavoisier var hálshöggvinn, meir en saklaus, og Lamarck dó litilsvirtur og í fátækt. Ekki er von þó að varla sjáist meira en skíma af degi enn þá.

(Meira).

Helgi Pjeturss.

Til minningar Jóni Sigurðssyni.

Það hefir flogið fyrir, að engin von sé á neinni æfisögu af Jóni Sigurðssyni á 100 ára afmæli hans 1911. Hvað veldur? Fýsir engan Íslending að vinna það til virðingar sér og ágætis að rita sögu þessa þjóðhöfðingja vors? Þykjast íslenzkir mentamenn ekki færir til slíks? Finst þeim svo til um þekkingarskort sinn á sagnamentun og sagnaritun, að áræði bresti til slíks stórvirkis? Eða brestur elju? Eða leikur íslenzkum bóka- og blaðalesendum engin forvitni á að kynnast þeim mannum, er talinn er eitt hið mesta mikilmenni og langmerkasti stjórnmálamaður, er þjóð þeirra hefir átt um þúsund ára bil? Það væri ekki ólíklegt, að margir yrði æfisögu hans feignir. Það er í rauninni furðulítið, sem vér vitum um hann, sá hluti vor að minsta kosti, er hefir ekki lifað honum samtímis, enda er ekki annars að vænta. Það hefir ekki mikið verið gert til að fræða menn um hann. Og þess eru víst engin dæmi meðal síðaðra þjóða, að það hafi ekki birzt svo mikið sem bæklingur á móðurmáli þeirra um stórmenni, er voru þeim slíkir foringjar sem Jón Sigurðsson var Íslendingum. Það hefir enn kvisast, að stjórn Bókmentafélagsins þyki samt óviðfeldið, að ekkert rit sé gefið út í minningu forsetans mikla, og hafi því í huga að gefa út safn af bréfum hans. Þau ættu að vera sem flestum Íslendingum tilhlökkunarefni. Af bréfum má oft græða geysimikinn fróðleik um höfunda þeirra. Auðvitað er mismunandi, hve mikill hann er og hvers virði, eftir því hvort bréfritarinn er þar dulur eða opinskár, hvort hann lætur alt fjúka, sem í hugann flýgur um atburði, menn og málefni, fer ekki í felur með tilfinningar sínar og vonir, hugsjónir og dagdrauma, áhyggjur og raunir, eða ritar ekki einu orði meira en brýnasta nauðsyn krefur. Það er ástæða til að ætla, að mesti fengur verði í bréfum Jóns. Að minsta kosti kallar dr. Jón Þorkelsson bréf hans til Halldórs Friðrikssonar »kongsersemi«.

Og slíkt virðist líka mega ráða af sýnishorni, sem doktorinn birtir af þeim í þætti sínum af Halldóri í Andvara.

Bréfaútgáfan er því hið mesta þarfaverk. En svo dýrmæt heimild sem bréfin að líkindum eru að æfisögu Jóns, ríður þó enn meira á að safna sumum öðrum fögnum til hennar. Eg á við það, sem lifandi menn muna af viðkynningu sinni við hann og samvistum. Bréfin eru að vísu frumlegra efni. Þar lítum vér höfðingjann, hug hans og anda, algerlega með eigin augum. Þegar vér lesum frásagur annara manna af honum, horfum vér á hann og skoðum með gleraugum þeirra. En bréfin má geyma, forða þeim við eldi og glötun. En enginn forðar þeim við dauðanum, er enn muna Jón Sigurðsson. Alt af má fara upp á Landsbókasafn og biðja bókaverði um bréf hans. lesa þau þar og kanna, gera um þau athuganir og draga af þeim ályktanir. En engir fara ofan í grafirnir að leita fróðleiks af framliðnum né grafa þá upp í því skyni. Nú eru 30 ár liðin síðan Jón lézt. Þeir eru því allir hnignir á efra aldur, er haft hafa kynni af honum. Og þó að eg hvorki spái né óski neinum þeirra feigðar, verð eg að geta þess að hyggilegra er að hafa hraðann á, ef endurminningar þeirra um Jón eiga ekki að týnast sögunni að meira eða minna leyti. Og bezt er, að þeir segi sjálfir frá þeim, færi þær sjálfir í letur. Það er hætt við, að munulegar frásagnir skælist og aflagist, er þær fara manna í milli, blandist og óhreinkist æ meir, því lengri sem leiðin er frá upptökum þeirra á pappírinn.

Enn eru margir Íslendingar lífs, er frá mörgu kunna að segja um þingskörung vörn, er þeir heyrðu, sáu og tóku sjálfir eftir. Steingrímur rektor Thorsteinsson var honum, að eg ætla, samtíða hér í Höfn um 20 ár og honum handgenginn. Fyrir mörgum árum heyrði eg Björn Ólsen segja, að ljúfustu endurminningar sínar frá háskóladvöl sinni væri um þær stundir, er hann hefði verið gestkomandi á heimili hans. Eiríkur Magnússon, meistari í Kambrýggju, átti mikil bréfaviðskifti við hann¹⁾ og hafði verið mikill vinur hans. Þeir frændur hans, Jón Jensson og Þorlákur Johnsen, voru honum gagnkunnugir. Nú er það tillaga mín að stjórn bókmentafélagsins eða landsjórnin með væntanlegu samþykki alþingis eða einhver bóksali með væntanlegum alþingisstyrk sjái um og standi straum af útgáfu minningarrits um Jón,

¹⁾ Hvar ætli bréf Jóns til Guðbrands Vigfússonar séu niðurkomin?

þar sem allir þeir verða fengnir til að segja frá minningum sínum um hann, er kunnugt er um að kyntust honum og áttu mök við hann, eftir það að þeir komust til vits og ára, æðri og óæðri, lærðir og ólærðir, konur og karlar, sem treysta má til að skýra skilmerkilega frá því einu, er þeir eða þær muna með vissu. Getur verið, að sumir óttist, að ritið verði alt of langt með því móti. Á því er naumast hætt, enda má mönnum ekki vaxa í augum, þótt það yrði mörg hundruð blaðsíður eða jafnvel þúsund blaðsíður. En því þarf varla að gera ráð fyrir. Ritgerðirnar ætti að prenta eftir stafofsröð höfundanna, en ekki eftir danskri metorðaskrá (þ: »Hof- og Statskalendernum«).

Auðvitað yrði að fá færán mann til að takast ritstjórn þessa minningarrits á hendur, er græfist eftir hverir ætti minningar um Jón í fórum sínum og kveddi þá til frásagna. Svo gæti og farið, að sumir segði eins frá sömu viðburðum og atvikum. Er þá einsett að velja úr þá söguna, er best er sögð. Ritstjórinn annaðist prófarkalestur og allan vanda, er af útgáfunni stæði, nema kostnaðinn.

Eg ætla að vísu ekki að semja reglugerð um, hvernig skrifa eigi þessar endurminningar. Þó get eg ekki stilt mig um að geta þess, að vel væri, að höfundarnir vinsuðu ekki mjög úr, segðu t. d. ekki frá því einu, er söguhetjunni er, að þeirra dómi, sómi að, en þegðu um hitt, er skyggja kynni, að þeirra hyggju, ofurlítið á ljóma þann, er leikur um minning þjóðhetjunnar. Sögumönnum er mest í hug að vita, hvað var. Hitt er þeim ekki eins áriðandi, hvað átti að vera, þótt það sé líka merkilegt. Menn skilja ekki yfirburði stórmennanna nema þeir viti bresti þeirra — og er slíkt viðurkent. Það má og minna á, að margt getur þótt fallegt á síðari tímum, er nú er talið andstætt allsherjar síðlögum. Það þarf heldur ekki að bera kvíðboga fyrir, að þjóðfrægd Jóns og aðdáun að honum missi mikils í, þótt sagt sé frá einhverju í háttum hans og lífern, er mátt hefði betur fara. Höfundar minninganna eiga að lýsa, mála, sem þeim er unt, leggja kapp á það eitt að myndirnar verði sem líkastar mönnum og atvikum er þær eru af, en »filósofera« ekki, þótt fróðleikur sé í að sjá og heyra skoðanir þeirra og skilning á þeim atburðum, er þeir herma frá. En slíkt má ekki bera frásögnina ofurlíði. Væri gaman, ef svo vel tækist til um þessar lýsingar, að vér sæjum hann glógt og greinilega, bæði þegar hann var í Höfn og heima, í forsetastólnum og á

götum úti, í veizlum og samkundum, við skrifborð sitt og drykkjur, í stuttu máli svo víða sem kostur er á.

Ef til vill þykir sumum ekki taka því að skrifa sumt, er þeir muna, finst það svo smásmuglegt, að ekkert verði á því grætt. En vel getur verið að sitthvað megi af því nema, þótt þeir sjái það ekki. Margfróðar konur þóttust — og þykjast ef til vill sumstaðar enn — geta lesið örlög manna í lófum þeirra. Slíkt þykir nú kerlingavilla. En samt er það næsta ótrúlegt, hversu sum smáfyfirbrigði geta frætt oss um miklu stærri og umfangsmeiri fyfirbrigði, er þau eru í sambandi við, ef vel er hugsað og vel er athugað. Það er dásamlegasta furða, hversu eitt smátvik getur stundum frætt oss um menn, gáfur þeirra, skaplyndi, jilfinningar og eigindir. Það er sem allur innri maður þeirra opinberist í líki sumra smáathafna og andsvara, þar er sízt varir, sem hugur þeirra sé þar allur. Og þó að vér getum ekki þýtt sumar mannlegar athafnir nú, hvort sem þær eru mikilvægar eða smávægar, finnum ekki innri orsakir þeirra, er sízt fyrir að synja, hvað heppnast kann andans mönnum ókominna alda, þeim er leiknari eru í slíkum lófalestri en vér erum.

Mér hugkvæmast satt að segja ekki margar mótbáru gegu þessari tillögu. Sumir ætla, ef til vill, að lítið sé að marka, hvað menn minni nú, er svo langur tími er liðinn. En svo ótrútt er ekki mannlegt minni. Að vísu eru jafngamlar minnismyndir teknar að mást, ryk fallið á þær og hætt við, að menn villist á þeim. En hér á hlut að máli einn hinn óhversdagslegasti Íslendingur, sem verið hefir uppi, er menn, bæði sjálfrátt og ósjálfrátt, hafa tekið betur eftir en öðrum. Því hefir meira loðað í minnum manna um hann en títt er um flesta samferðamenn vora á lífsleiðinni. Hér verða og margir til frásagnar — og gefst þá færi á samanburði. — Sumum kann og að þykja þetta hið mesta hégómamál. En slíkir menn hafa naumast mikinn áhuga á andlegum efnum af neinu tægi og er óþarfi að eiga orðastað við þá.

Það er auðvitað, að í þessu riti verður hinn mesti fróðleikur um líf Íslendinga í Höfn á dögum Jóns og margra samtímismenn hans, er koma við sögu landsins. Hjá því verður alls ekki komist, þótt slíkt sé ekki markmið þess. Það verður því hin mesta gullnáma að sögu samtíðar Jóns á ótal vegu. Og ef því meiri missemi verða ekki á, er óvíst, að margar jafnaldra bækur þess íslenzkar verði lengur lesnar. Þegar Íslendingar eru orðnir jafnmikil menningarþjóð og þær þjóðir, er nú eru bezt síðaðar, verða mikl-

ir og langir sögubálkar samdir um hann, svo að það verður ærinn starfi einum manni að lesa þá alla. En hvenær sem einhver rithöfundur eða fræðimaður vildi kynnast honum að ráði, myndi þetta minningarrit verða meðal hinna fyrstu bóka, er hann leitaði af fróðleiks og fréttu um hann.

Uppi á háalofti þinghússins eru nú geymdir ýmsir munir, er hann átti, skrifborð, rúm, skápur, pípuhattur o. fl. Slíkt er fagurt og skemtilegt — og er merki ræktarsemi þjóðarinnar við góðgerðamann sinn. En svo mikil skemtun og fróðleikur sem er í að vér varðveitum húsbúnað hans og klæði sem helga dóma, er hitt þó ólíku meira virði, að þjóð og saga festi í minnum sér atvik og athafnir, orð og ummæli, er skýra oss eðlisfar hans og skaplyndi, sýna oss hug hans og hjarta.

*

*

*

Þótt það þyki og sé ef til vill óþarfa íburður, ætla eg að bæta við örfáum athugasemdum.

Svo hefir sagt enskur rithöfundur, ágætur og frægur, að sá þáttur (scene) væri mestur í sögu Norðurláfunnar á síðustu öldum, er Lúther stóð á þinginu í Worms. Hafa margir Íslendingar hugleitt svipað um sögu vor, smáþjóðarinnar, og Bretinn um sögu Norðurláfunnar: Hver er sá einstakur atburður í smásögu vorri, sem er einna glæsilegastur, er einna helzt slær bjarma af á æfi og endurminningar Íslendinga? Flestir verða víst á eitt sáttir um, að það sé ekki hjartara yfir mörgum en einurð, hugdirfð og snaræði Jóns Sigurðssonar á þjóðfundinum, er hann mótmælti lögleysum Danastjórnar. Ef slíks foringja hefði notið við á fundinum í Kópavogi, er óvíst, hver leikslok hefðu orðið. Þótt forusta hans á þjóðfundinum væri einu afskifti hans af stjórnámálum Íslands, væri hún honum nóg til ódauðlegs orðstírs í sögu landsins.

En saga hans er miklu lengri, sem allir Íslendingar vita. Hann er einn hinna fáu hugsjónamanna, er þjóðin hefir eignast.

Þetta mun þykja hversdaglega talað — og er það líka. En orðið merkir »meira en menn viti«, meira en menn gera sér alment grein fyrir. Hugsjónir eru óvorkunnlátar og harla heimtufrekar. Reiði heiðinna goða var víst, ef þau voru ekki blótuð. Forfeður vorir urðu jafnvel að blíðka þau með blótum sona sinna. Hugsjónirnar krefjast þess, að dyrkendur sínir blóti sjálfum sér og þægindum mannlífsins, er fjöldinn sækist eftir. Og þær eru næsta vanþakklátar. Þær flytja þeim ekki þakkarávarp í blöðunum né

sæma þá nafnbótum og tignarmerkjum. Og það flýtur enginn á legubekk ofan eftir lognmóðu lífsins, er vinnur þeim. Hugsjónin segir ekki: »mitt ok er indælt og mín byrði létt«, heldur hitt: »hver sem vill fylgja mér, afneiti sjálfum sér, taki sinn kross á sig og fylgi mér eftir«. Þótt Jón léti ekki lífið fyrir hugsjón sína og væri ekki varpað í fangelsi sakir hennar, lét hann hvorki upphefð, fé né önnur veraldargæði lokka sig til ótrúnaðar við hana, þótt hann ætti þess kost. »Eg er vanur fátækt«, skrifar hann Halldóri Friðrikssyni, þegar hann var á sjötugsaldri og hætti við að sækja um rektorsembættið. Þeir skilja, hvað hér er sagt, er fátæktina hafa reynt. Það er enn ómetið og verður víst aldrei fullmetið hvílíkt gagn hann vann Íslendingum með baráttu sinni. Þó er hitt líklega meira virði, að slíkur maður er vitni þess, að kraftar búa í þjóð vorri, svo að ekki er ástæða til að örvænta. Og það má ekki henda oss, að vér spörum fé eða fyrirhöfn, svo að meira eða minna færi forgörðum af þeim efnivið, er enn er til í sögu hans.

Svo kvað Gísli Brynjólfsson eitt sinn :

„Og við Íslands allar síðan
aldir bundið nafn þitt skal,
meðan Háva haukur svartur
hlakkar yfir blóðgum val
eða fálkinn flýgur bjartur
fannhvítan um jökuldal“.

Sigurður Guðmundsson.

Ritfregnir.

Herrmann, Paul: Island in vergangenheit und gegenwart. Reiseerinnerungen. III. Leipzig. Engelmann. 1910.

Það er óþarfi að fjölirða mjög um þennan þriðja part af bók Herrmanns um Ísland, því að Skírniir hefur áður getið um firri tvo partana (81. ár, 1907, á 273.—275. bls.), og er þessi þriðdur öllum hinum sömu kostum og hinir firri. Einkum og sjer í lagi ber hann vott um, hvert ástfóstur höf. hefur lagt við laud vort og þjóð. Þetta lísir sjer í hverri línu bókarinnar, en eigi síst í hinu snotra kvæði, sem stendur fremst í bókinni. Þar segir höf. meðal annars:

*Das land ist weder reich noch gross,
doch wer es kennt, es liebt.*

Þ. e. »landið er hvorki auðugt nje stórt, enn hver sem þekkir það, ann því«. Á 36. bls. er annað dæmi. Þegar höfundurinn nálgast Reikjavík frá sjónum, en þar hafði hann first stigið fæti á land árið 1904, þá finst honum, segir hann, sem hann sjái aftur ást-kærar og sjer hjartgrónar stöðvar eftir langa fjarveru, »hjer þreitti jeg mitt firsta skeið fyrir fjórum árum, hjer varð jeg first ósjálf-rátt gagntekinn af hinu undursamlega, hulda töframagni sögu-landsins«.

Þessi partur lísir ferð höf. um Ísland árið 1908, first í kring um landið sjóveg með ströndum fram, frá Djúpavogi til Reikjavíkur, síðan landveg um allan vesturhelming landsins: frá Reikjavík um Þingvöll upp í Surtshelli, þá um Mírasíslu og Hnappadalssíslu, kring um alt Snæfelsnes, um Dali vestur í Þorskafjörð og þaðan norður í Steingrímsfjörð, þá inn með Húnaflóa að vestan um Strandasíslu, þá um Húnavatnssíslu og Skagafjarðarsíslu, þaðan suður Kjalveg að Skálholti og um Árnæssíslu og Gullbringusíslu ist út á Reikjanes, og loks aftur til Reikjavíkur. Bókin er mjög skemtileg aflestrar, því að höf. hefur opin augu og næman skiln-

ing firir öllu, sem firir ber, og kann vel að lísa því. En jafnframt er hún mjög fróðleg, og það eigi að eins fyrir útlendinga, heldur getum vjer Íslendingar einnig lært mjög mart af henni bæði um sögu landsins, t. d. biskupssetranna fornu, og jarðfræði þess, og gegnir furðu, hve fróður höf. er í þeim efnum og kann að nota hinar bestu heimildir. Í jarðfræðinni stíðst hann mest við rit Þorvalds Thoroddsens. Viða bregður firir fögrum náttúruleisum, og ágætar mindir af ímsum stöðum eru í bókinni. Útdrættir úr mörgum Íslendingasögum þrída bókina hjer og hvar, og um Egils sögu ritar höf. á 67.—70. bls. mjög fróðlega grein, og kemst þar að sömu niðurstöðu og jeg, að Snorri eigi söguna. Prentvillur í staðanöfnum eru mjög fáar í þessum parti, og flestar leiðrjettar í nafnaskránni aftan við bókina (þó ekki »Staðrá« firir Staðará á 172. bls.). Í nafnaskránni er Straumnesi í Ísafjarðarsíslu og Straumnesi í Barðastrandasíslu steipt saman í eitt. Á 186. bls. er »Ráðsherra« misprentað firir Ráðherra og á bls. 215¹³ »11. März« firir 16. März. En þetta og annað eins eru smámunir. Ifirleitt má segja, að bókin sé furðu nákvæm bæði í smáu og stóru. Og ef litið er á alt verkið í heild sinni, má vafalaust telja það hina langmerkustu og veigamestu ferðalísingu, sem út hefur komið um Ísland nú um langan aldur.

B. M. Ó.

Finnur Jónsson: Íslenzk rjettritun. Kmh. 1909. Kæstn-
aðarm. Sig. Kristjánsson. Svo, 44 bls.

Í upphafi ritisins vfkur höfundur að grundvelli stafsetningarinnar. Hann sýnir með dæmum úr fornum handritum, hversu óstöðug stafsetning fornmanna hefir verið, síbreytileg eftir framburði kynslóð eftir kynslóð og þó ætíð fjarri öllu samræmi. Það stoði því lítið að skírskota til hennar sem fastrar fyrirmyndar. Hitt megi aftur á móti læra af fornmönnum, að þoka stafsetningunni smátt og smátt nær framburði, enda sé það eina leiðin, ef vér viljum ekki rita að öllu leyti eftir framburði; en að leggja það til þykir höf. tilgangslaust að sinni. — Samkvæmt þessu gjörir höf. það að meginreglu sinni, að fara sem næst þeim stafsetningargrundvelli, er þegar hefir verið lagður, en taka hins vegar hæfilegt tillit til framburðar vors nú, og forðast alla óþarfa erfiðleika.

Stafsetningarreglur höf. eru skýrar og skilmerkilega orðaðar. Hann rekur öll helztu atriði þessa máls hleypidómalaust, með glögg-

sýni og þekkingu, og veltir þeim á ýmsar hliðar, svo að hverjum er innan handar að dæma sjálfur. Kverið er því hin bezta leiðbeining fyrir kennara og aðra, er fræðast vilja um þetta efni, hverri stafsetningu sem þeir svo vilja fylgja, og á höf. hlýjar þakkir skilið fyrir verkið.

B. B.

Jónas Guðlaugsson: Dagsbrún. Söngvar og kvæði. Rvík. 1909. Kostnaðarm. Sig. Kristjánsson.

Jónas Guðlaugsson er eitthvert yngsta skáldið okkar, liðlega tvítugur. Dagsbrún hans ber þess vott, að hann hefur þegar náð traustum tókum á gígjunni og að mikils má af honum vænta þegar stundir líða. Hljómarnir eru hreinir, mjúkir og sannir — runnir inst úr hans eigin sál — djúptækir eru þeir að vísu ekki né magni þrungnir og megintíri, en þó þannig vaxnir, að þeir boða sól í sali er skáldinu eykst eðlilegur þroski með árum. Þau kvæði eru eigi allfá í bókinni, er vekja með réttu þessar vonir. Veigaminstur er I. kaflinn. Jónasi virðist eigi láta vel að yrkja hvataljóð og heimsádeilur; honum hættir þar til glamurs og stóryrða, en skortir eldmód og umfram alt hnittni. Aftur á móti er hann litglöggur og léttur á penslinum, er hann bregður uppblæmyndum af náttúrunni eða skapbrigðum sjálfs sín. Dæmi þess eru ýms kvæði í II., IV. og V. kaflanum, t. d. Nótt á hafinu, Erfiðar götur, Eg veit, Bergnuminn o. fl. — Jónasi er mikið í hug um framtíð lands og þjóðar. Norðrið er honum aflbrunnur andans, þaðan er endurnýngin á að koma. Sú hugsun kemur skýrast fram í kvæðinu »Einbúinn«, sem mér virðist fegursta og veigamesta kvæðið í bókinni:

Á Íslands nyrzta ögri,
úti við norðurpól,
hrímfjallahöfðinginn situr
á hamranna veldisstóli.

Einmana eins og landið,
alvarlegur og grár,
með aðalssvipinn á enni
og ískórónu um háar.

Hann hirðir eigi um leik ægisdætra við fætur sér né hljúg ástaratlot hinnar suðrænu sólar, er vakir af ástarþrá um vorlangar nætur. Hann horfir mót norðri og hlustar hljóður:

Völvurnar vitrar því spáðu,
hann veit eftir þúsund ár:
Kongsdóttir kemur að norðan
og kyssir hans silfurhár.

B. B.

Sig. Júl. Jóhannesson: Kvistir, Kostnaðarmaður Jóh, Jóhannesson, Rvík, 1910,

Höf. þessa ljóðasafn er ungur læknir í Ameríku. Áður hefir birst eftir hann lítill ljóðabæklingur, en öll eru þau kvæði — eða vel flest — tekin upp í þetta safn. — Óneitanlega kennir margra kurla í þessum »Kvistum« Sigurðar, enda eru yrkisefnin margs konar. Honum hættir stundum til þess að leiða menn í hægðum sínum hversdagslegar brautir, án þess að bregða nokkurri nýstárlegri eða heillandi birtu yfir sviðið. Þau kvæðin eru of mörg, sem skortir eld og skerpu, og er það illa farið, því að þau draga skugga á eftir sér yfir önnur, sem eiga betra föruneysi skilið, — og þau eru ekki allfá. Yfirleitt má segja um þetta ljóðasafn að það sé ekki svipmikið, en yfirbragðsþýtt og ekki ólíklegt til vinsælda. Það ber vott um mannúðarþel höfundarins, drengilegan hugsunarhátt og þjóðrækni. En máli og kveðandi er allvíða ábótavant. — Aftan við safnið eru tvö æfintýri í draumgervi, annað um himnaríki, en hitt um spillingu íslenzkrar tungu og þjóðernis í Reykjavík. — Frágangur frá útg. hendi er hinn vandaðasti. Framan við bókina er mynd höf.

B. B.

Tímarit kaupfélaga og samvinnufélaga, III, árg. 3. h., IV. árg. 1. h. Ritstjóri: Sigurður Jónsson,

Tímarit þetta er mesta nytsemdar- og fróðleiksrit. Það flytur fjölda velsaminnna hagfræðisritgerða og verzlunartíðinda, sem varða alla þá, er nokkuð hirða um verzlunar og atvinnu þrifnað landsins, jafnt bændur sem kaupmenn. Í þessum heftum er t. d. ágæt hugvekja um vöruvöndun eftir ritstjórann, Sigurð bónda á Yztafelli, og »Pistlar« um kaupfélagsskap og samvinnu eftir Jón Jónsson Gauta, ritaðir af fjöri og þekkingu. Ritið á það skilið, að því sé meiri gaumur gefinn en raun hefir á orðið til þessa.

B. B.

Frá útlöndum.

Þingrof og stjórnarskipti í Danmörku.

Í 4. hefti Skírnis síðastl. ár var sagt frá því, er Zahle myndaði nýtt ráðaneyti úr radíkala floknum. Sá flokkur var þá fámennastur af 5 flokkum þingsins, en naut stuðnings jafnaðarmanna-flokksins. Báðir þeir flokkar til samans réðu þó eigi yfir nema 44 atkv. í Fólksþinginu af 114, en þeir steyptu fyrverandi stjórn með fylgi hægri manna.

Nú var þingi slitið í Danmörku um miðjan apríl. Síðan var það rofið og nýjar kosningar fyrirskipaðar 20. maí. Stjórnarmenn og jafnaðarmenn gerðu með sér algert kosningabandalag, buðu hvergi fram þingmannaefni hvorir gegn öðrum, en skiftu innbyrðis milli sín kjördæmunum. Milli hinna þriggja þingflokka, endurbótaflokksins, miðlunarmanna og hægrimanna, var einnig kosningabandalag. Það, sem skildi við kosningarnar, var fyrst og fremst víggirðingamálið, eins og við kosningarnar, sem fóru fram 25. maí síðastl. ár. Andófsflokkar stjórnarinnar sögðu baráttuna snúast um það, hvort jafnaðarmenn ættu að stjórna landinu eða ekki. Ef stjórnarflokkarnir sigruðu við kosningarnar, þá yrðu það jafnaðarmenn, sem völdin hreptu.

Frá því að kosningarnar fóru fram 25. maí í fyrra, hafa þrisvar orðið stjórnarskipti í Danmörku. Neergaard tók við stjórninni eftir kosningarnar, síðan Holstein Hleiðruborgargreifi og loks Zahle. Flokkarnir voru 5 í þinginu. Endurbótaflokkurinn var fjölmennastur og hafði þó ekki nema 27 atkv.; þar næstir voru jafnaðarmenn með 24 atkv., miðlunarmenn (Neergaardslíðar) með 22, hægrimenn með 21 og stjórnarmenn, radikali flokkurinn, með 20. Þrjá flokka þurfti til þess að mynda meiri hluta í þinginu.

Kosningarnar voru sóttar með miklu kappi frá beggja hálfu. Hafa þingkosningar, að því er dönsk blöð segja, aldrei verið jafnvel sóttar í Danmörku. En úrslitin urðu þau, að stjórnarflokkarnar

ir lutu í lægra haldi. Þeir voru í minni hluta fyrir, eins og áður segir, og unnu ekkert við kosningarnar. Eftir þær er flokkaskiftingin þessi: Endurbótaflokkurinn hefir 36 þingsæti, miðlunarmenn 21, hægrimenn 13, jafnaðarmenn 24 og radikali flokkurinn (stjórnarflokkurinn) 20. Stjórnarflokkarnir standa alveg í stað. En innan hinna flokkanna þriggja, sem móti stjórninni börðust, verður sú breyting, að endurbótaflokkurinn (I. C. Christensens flokkurinn) eflist mjög á kostnað hægrimanna. Endurbótaflokkurinn og miðlunarflokkurinn mega nú heita einn flokkur, og hefir sá flokkur þá réttan helming þingsætanna og er því sjálfsagður til að taka nú við stjórninni, einkum þar sem hægri menn fylgja honum að málum, fremur en hinum, og hafa veitt honum stuðning við kosningarnar.

Zahle beiddist þegar eftir kosningaósigurinn lausnar fyrir ráðaneyti sitt, en konungur fékk það til að gegna stjórnarstörfum þar til þing yrði kvatt saman, en það á að verða í byrjun júlímánaðar. Svo stóð á, er kosningar fóru fram, að þá var ríkisréttarmálið, er höfðað hafði verið móti þeim I. C. Christensen og Sig. Berg, fyrverandi ráðherrum, út af Albertímalínu, ekki útkljáð, en dómur átti að falla í því í júní. Var öllu frestað þess vegna, bæði því, að þingið kæmi saman, og svo stjórnarskiftunum. En nú er sá dómur upp kveðinn og var I. C. Christensen algerlega sýknaður, en S. Berg dæmdur í 1000 kr. sekt fyrir slægt eftirlit, því hann var innanríkisráðherra, er Albertísvikin urðu uppvís. Var það af öllum fyrirfram talið víst, að I. C. Christensen yrði sýknaður, og hitt einnig líklegast, að þeir yrðu það báðir. En hvernig ástæður dómsins hljóða, hefir enn eigi frétt. Berg náði eigi endurkosningu til þingsins nú í maí. Af öðrum kunnum þingmönnum, er féllu við kosningarnar, má nefna Ove Rode, stjórnámaritstjóra aðalmál-gagns Zahlestjórnarinnar í Khöfn, »Politiken«, og Schack kaptein, sem manna mest hefir talað um íslensk mál í Fólksþinginu danska. Weimann verzlunarmálaráðherra náði og eigi kosningu.

Nú er það talið líklegt, að það verði I. C. Christensen, sem myndi hið nýja ráðaneyti, er þingið kemur saman. Að minsta kosti er það víst, að hann er sá maður, sem mestu ræður um dönsk stjórnsmál nú á næstu árum.

Konungaskifti á Englandi.

Játvarður VII. Englandskonungur andaðist kvöldið 6. maí, eftir stutta legu. Hann hafði verið á ferð suður á meginlandinu,

litlu áður, en kendi veikinda, hélt heim og andaðist eftir nokkra daga. Við konungdóminum tók þá elsti sonur hans og nefnisti hann Georg V. Hann er hálfimtugur, fæddur 3. júní 1865.

Játvarður konungur var fæddur 9. nóv. 1841. Hann var á 60. ári, er hann kom til ríkis, og sat að völdum að eins rúm 9 ár. Hann kom til ríkis eftir móður sína, Victoríu drotningu, er dó 22. jan. 1901, en krýning hans dróst vegna veikinda til sumarsins 1902. Faðir Játvarðar konungs og maður Victoríu drotningar var Albert prinzi af Sachsen-Koburg-Gotha. Hann andaðist 1861. Játvarður kvæntist 10. marz 1863 Alexöndru prinsessu frá Danmörku elstu dóttur Kristjáns konungs IX. og systur núrfkjandi konungs okkar, Friðriks VIII. Hún var rúmun þrem árum yngri en Játvarður konungur, og lifir hann, fædd 1. des. 1844. Elsti sonur þeirra, Albert Victor, sá er konungdóminn átti að erfa að föður sínum látnum, andaðist 28 ára gamall 14. jan. 1892. Næstur að aldri var George Frederick Ernest Albert, sá er nú er orðinn konungur undir nafninu Georg V. Þrjár dætur þeirra Játvarðar konungs og Alexöndru drotningar eru á lífi. Sú elsta, Louise, er gift hertoganum af Fife; önnur, Victoria, er ógift. En sú yngsta, Maud, er gift Hákonni VII. Noregskonungi. Sjötta barnið var sonur, er dó á öðru dægri eftir fæðinguna.

Játvarður konungur hefir getið sér gott eftirmæli. Hann var vinsæll þjóðhöfðingi og vel metinn þau fáu ár, sem hann var konungur Bretaveldis. Enda var hann orðinn vel reyndur, þegar hann kom til ríkis. Á efri árum Victoríu drotningar, móður sinnar, kom hann oft fram í hennar stað við ýms tækifæri; var því alþektur og oft umtalaður áður en hann tók sjálfur við fyrir fult og alt.

Á yngri árum hafði hann verið íþróttamaður og gleðimaður, og hið síðara jafnvel meira en góðu hófi þótti gegna. En hann var gáfaður og hafði fengið hið bezta uppeldi; var við nám í frægustu háskólum Englands, í Edinborg, Cambridge og Oxford. Það er sagt, að faðir hans hafi einkum gert sér mjög mikið far um að vanda uppeldi hans. Síðan ferðaðist Játvarður víða um heim, um Bandaríkin og Canada 1860, síðan um Grikkland, Egyptaland og Palestínu, og til Indlands 1875. Eftir að hann kvæntist, dvöldu þau hjónin oft í Danmörku tíma og tíma.

Á Englandi hefir heill kafli í sögu ensku þjóðarinnar hlotið nafnið »Victoríu-tímabilið«, og er kent við Victoríu drotningu. Hún fór með konungsvaldið í Englandi í nær 64 ár. Fyrimynd-

arsamkomulag var jafnan milli hennar og stjórnmalaflokkanna, sem skiftust á um völdin, hvor þeirra sem við stýrið sat, og sama hefir verið að segja um Játvarð konung, enda sagði hann svo í ræðu sinni, er hann tók við konungdóminum, að þá leið mundi hann gera sér alt far um að feta í hennar fótspor, og væri það fastur ásetningur sinn, að vera þingbundinn stjórnari í orðsins ströngustu merkingu. Það er sagt, að hann hafi haft sérlegar mætur á Gladstone gamla og oft verið gestur hans.

Eftir að Játvarður konungur kom til ríkis, var hann oft á ferðalagi og heimsótti konunga og þjóðhöfðingja annara ríkja. Var svo sagt, að á þeim ferðum væri hann ríki sínu þarfur maður og hefði mikil áhrif á stjórnmalaviðskifti Englands út á við. Hann var friðarvinur, og stjórnarár hans eru friðartími fyrir England út á við. Búastríðinu var lokið um það leyti sem hann tók við völdum, og svo vel hefir stjórn Englands farið að þar syðra eftir stríðið, að öll sundurþykkja þar er nú svæfð, og að engu orðin. Helztu menn Búa frá ófriðarárunum voru settir til vegs og valda, þegar friður var kominn á, og urðu þeir Englendingum vinveittir og héldu vel allar sættir, en England lagði fram stórfé til þess að bæta úr böli því, sem stríðið hafði valdið. Nú hafa öll nýlenduríki Englendinga í Suður-Afríku myndað bandaríki innbyrðis. Það samband hefir verið í undirbúningi síðustu tvö árin og var fullmyndað og sett á laggir nú í vor. Herbert Gladstone, sonur gamla Gladstones yfirráðherra, er nú nýorðinn þar landstjóri Englendinga, en Louís Botha, yfirhershöfðingi Búa frá síðari ófriðarárunum, myndaði fyrsta sambandsráðaneytið og er þar nú yfirráðherra. Löndin hafa tekið miklum framförum síðan ófriðnum sleit, og þar er nú hið bezta samkomulag milli þjóðflokka.

Á stjórnarárum Játvarðar konungs hefir vináttusamband myndast milli Frakka og Englendinga, en þar var áður kalt á milli, og Japanir og Englendingar hafa gert með sér bandalagssamninga. En milli Þjóðverja og Englendinga hafa á síðustu árum verið svo miklar viðsjár, að haldið hefir verið þá og þegar að úr yrði stríð. En sagt er, að Játvarður konungur hafi gert sitt til að halda friðnum uppi, og eru menn hræddari um það eftir dauða hans en áður, að ófriður verði ekki heftur milli þeirra ríkja.

Um hinn nýja konung Englendinga er fátt að segja; hann hefir lítið komið fram opinberlega og er líkt þektur. Drotning hans heitir Mary, prinsessa frá Teck. Elsti sonur þeirra, sem nú

er orðinn prinzi af Wales, heitir Edvard (Játvarður) Albert og er fæddur 1894.

Fjármálaþrætan mikla á Englandi, sem frá er skýrt í síðasta hefti Skírnis, er enn óútkljáð. En talað er nú um samkomulag og sættir milli þingflokka um það mál, hvað sem úr því verður. Líkindin reyndar ekki mikil til þess, að úr því verði jafnað á þann hátt.

Jarðarför Játvarðar konungs fór fram 20. maí með mjög mikilli viðhöfn, og voru þar við staddir flestir konungar og þjóðhöfðingjar Norðurlálfunnar, auk ýmsra annara lengra að. Þar var Vilhjálmur Þýskalandskeisari, Friðrik Danakonungur, Hákon Noregskonungur, Georg Grikkjakonungur, Alfons Spánarkonungur, Ferdinand Búlgaríukonungur, Manúel Portúgalskonungur, Albert Belgíukonungur, Krónprins Tyrkja, Fashimi prinzi frá Japan, Franz Ferdínand erkihertogi af Austurríki, Michael Alexandrowisch stórfursti frá Rússlandi, hertoginn af Aosta o. s. frv. Fyrir hönd Bandaríkjaþjórnar var þar Roosevelt fyrv. forseti.

Ferðalag Roosevelts.

Theodor Roosevelt, fyrv. forseti Bandamanna, hefir dvalið síðan í fyrra sumar inni í Mið-Afríku, í Kongólandinu, og átt þar í höggi við allskonar villidýr. Hafa miklar sögur gengið af veiðiferðum hans þar, og bráðlega er von á ferðasögu frá honum. Í apríl í vor kom hann úr þeirri för norður til Evrópu, sté fyrst á land í Neapel og var tekið þar með miklum fögnuði. Voru þar komnir blaðamenn úr flestum löndum Evrópu til þess að skýra frá ferðum hans, því það var kunnugt, að hann ætlaði að ferðast víða um Norðurlálfuna. Sérstaklega var þó förinni heitið til Kristjáníu, því þar hafði hann boðað, að hann ætlaði að flytja ræðu til þakklætis fyrir veitingu friðarverðlauna Nobelssjóðsins, er norska stórþingið dæmdi honum fyrir nokkrum árum vegna hluttöku hans í því, að koma sáttum á milli Rússa og Japana.

Roosevelt hélt svo norður á bóginn og fyrst til Rómaborgar. Meðan hann dvaldi þar flugu um öll blöð sögur um sundurlyndi, sem varð milli hans og páfavs. Roosevelt ætlaði að heimsækja páfa í Vatíkaninu, en páfi setti þau skilyrði fyrir móttökunni, að Roosevelt heimsækti þá ekki með bódistasöfnuð Bandamanna í Róm, en það er trúbræðraflokkur Roosevelts og hafði átt í erjum við páfa. Roosevelt gerði þau boð á móti, að hann byndi sig ekki neinum skilyrðum og varð svo ekkert af heimsókninni í páfagarði. En

meðódistar ætlaðu síðan að nota þetta í baráttu sinni gegn páfa og gerðu mikla háreysti úr. En það féll Roosevelt afarilla og mótmælti hann því opinberlega, að nafn sitt yrði notað til þess að vekja eða æsa upp trúarbragðastríð og vítti þá, sem fyrir því höfðu gengist.

Frá Róm hélt Roosevelt til Parísar og þaðan um Kaupmannahöfn til Kristjáníu; svo til Stokkhólms, þaðan til Berlínar og þá til Englands. Þar var hann fyrir hönd Bandaríkjastjórnar við jarðarför Játvarðar konungs.

Mikið hefir verið um Roosevelt skrifað á þessu ferðalagi, því alstaðar hefir honum verið tekið með opinberum veizlum og fögnuði. Hann þykir vera maður mjög blátt áfram og hinn viðkunnanlegasti. Af ræðum þeim, sem hann hefir opinberlega haldið á þessu ferðalagi er mest talað um friðarræðuna í Kristjáníu, er hann flutti þar í Þjóðleikhúsinu; ræðu, sem hann flutti í veizlu, er Parísarbúar héldu honum, og aðra, sem hann flutti í höllinni Guildhall í Lundúnum 31. maí, en þá gerðu Lundúnabúar hann að heiðursborgara. Roosevelt talaði þá um stjórn Breta á Egiptalandi, sagði hana alt öðruvísi en vera ætí og minti Breta alvarlega á, að svo búið mætti ekki standa. Í því sambandi mintist hann á, hvernig hann hefði farið með Filipseýjar meðan hann var Bandaríkjaforseti, og fanst honum þar eigi ólíku saman að jafna. Mörgum Englending gramdist ræðan og þótti það óþörf afskiftasemi af Roosevelt, að láta slíkt til sín taka, en þó játa mörg af blöðum Breta, að aðfinningar hans séu á rökum byggðar.

Umvöndunarræða var það einnig, sem Roosevelt flutti í París, eða ströng síðaprédikun. Hann talaði þar um það, hvernig borgari í Þjóðfélagi ætti að vera nýtur maður og sagði meðal annars:

»Látum þá, sem hafa háa andans mentun og djúpsetta þekkingu, halda því hnossi, og þá, sem ekki hafa það, kappkosta að ná því. En munum það vel, að eitt er til, sem meira á ríður. Líkaminn verður að vera heilbrigður og sálin þó öllu framar. En æðri samt heldur en bæði líkaminn og sálin er »karakterinn«, það er að segja samstæður þeirra eiginleika, sem vér eigum við, þegar vér tölum um einhvers manns þrek og þor, heiðarleik hans og mann-kosti. Vér verðum allajafna að muna eftir því, að engin skarpvíska, engin listgáfa, alls ekki neitt getur bætt upp skortinn á mikilhæfum, staðgóðum eiginleikum. Vald yfir sjálfum sér, heilbrigð skynsemi, ábyrgðartilfinning, hugrekki og einbeitni, það eru eiginleikar, sem þjóð á sér til ágætis að hafa, og enginn á þess-

ari ágætu og lærðu samkomu mun vilja bera á móti því, að þessir eiginleikar og dygðir eru öllu mannviti æðri. Slíkir vanalegir og hversdagslegir eiginleikar fela í sér viljann og máttinn til að vinna, og, ef þörf krefur, til að berjast. Þeir eru líka skilyrði fyrir heilbrigðu afkvæmi. Maðurinn verður yfirleitt að geta unnið fyrir sér. Til þess ætti að uppala hann, og honum ætti að læra að skilja það, að staða hans í lífinu er fyrirhlitleg, ef hann ekki getur unnið fyrir sér, og að hann annars kostar er ekki öfundsverður í hverri félagslegri stöðu sem hann er, heldur fyrirlitningar og smánar verður«.

Í friðarræðu sinni í Kristjaníu sagði Roosevelt meðal annars þetta: »Friðurinn er í sjálfu sér oftast nær hnoss, en hann er ekki hið æðsta hnoss nema hann sé í þjónustu réttlætisins; og hann er til ills eins, ef hann að eins er gríma fyrir hugleysi og leti, eða verkfæri í höndum á harðstjórn og kúgun«. — Herbúnaðinn vildi hann láta takmarka með alþjóðasamningum, en sagði, að ekkert einstakt ríki gæti byrjað á því, að gera sig varnarlaust fyrir keppinaut, sem hvorki trúir á friðinn né vill nokkuð fyrir hann vinna. Æskilegt væri, að stórveldin mynduðu friðarsamband, sagði hann, og ætlaðist þá til, að þau væru við því búin, að halda þeim friði uppi með vopnum, ef á þyrfti að halda. Aðalagnúinn við friðarfundina í Haag væri, að þar vantaði framkvæmdarvald eða lögregluvald til þess að gæta þess, að ákvæðum þeirra væri hlýtt. »Í öllum þjóðfélögum hvílir dómvaldið á lögregluvaldi«, sagði hann, »eða vissunni um það, að allir vopnfærir menn í landinu séu reiðubúnir að gæta þess, að ákvæðum dómstólanna og löggjafarvaldsins sé hlýtt«. Ályktun Roosevelts var þessi: »Hver einstök þjóð verður að vera reiðubúin að verja sig sjálfa, þangað til lögregluvald er komið á í einhverju formi, sem hefir vilja og mátt til þess, að hindra yfirgang meðal þjóðanna«. Og ræðuna endaði hann með þessum orðum: »Eins og nú stendur á, mundi helzt vera hægt að mynda slíkt lögregluvald til verndar heimsfriðnum á þann hátt, að stórþjóðirnar tækju sig saman um að vernda friðinn og rjúfa hann á engan hátt í eiginhagsmunaskyni. Fyrst ættu þessi samtök einungis að tryggja friðinn innan vissra takmarka og með vissum skilyrðum. Og sá þjóðhöfðingi eða stjórnmalamaður, sem gæti komið slíkum samtökum á, mundi geymast á spjöldum sögunnar um ókomnar aldir og hljóta þækklæti alls heimsins«.

P. G.

Sendibréf

til Ardisar Andvaradóttur.

Fjúk og stormur, finst þér,
fara mér af vörum,
sandrok sé í stefjum,
sefja í hugmynd hverri,
öldusog í orðum, —
upp úr hugans landi,
gróðurlausum grjótum,
gnípur vera og jöklar.

Eg á kot á kili,
kall á veðramóti,
beitiland í bitru,
bjarg í Norðurhorni.
Heljardals á heiði
hef eg grasatekju,
ver í veiðileysu
— vind og snjó á borði.

Mér er gengt á grjóti.
En gott er að fara um engi,
þar sem lækir liðast
liljubakka milli
fram að meginmóðu
margra fjallalinda,
þar sem hárra hliða
hnjúkar mæna á dagsbrún.

Kannað hef eg klaka.
 Kýs eg veig í ranni,
 sæluveig í sölum
 sumarkomu dísa;
 gullveig grænna skóga,
 gælusöngva blævar;
 sólveig sumar-huldu,
 sólskrikjur á öxlum.

Óskalöndin eru
 of langt burtu frá mér;
 óveður og ófærð
 öllum vegum loka.
 Eg hef, þreki þrotinn,
 þrammað mjöll til knjáa;
 ís ein-nættan skriðið,
 ár á broti vaðið.

Sandrok hef eg sigrað;
 sótt á móti skara,
 þegar vestanvindur
 vatt úr skýjum bleytu, —
 sauð í Svörtuloftum
 sápu Snæfellsási,
 lék í Látrabjargi
 langa kuldahlátra.

Þegar Gýmir gamlí
 greip í Horn og Sléttu,
 steytti hnefa að Ströndum:
 stórhrið gekk eg móti;
 náði bæ í nauðum,
 næsta feginn varð eg, —
 fegnari þó er finn eg
 frændsál skilningsnæma;

Sál, er sér og skilur
 sólarmörk og dægra,

manna og málaefna
 mið og niðurstöðu.
 Henni er ljóst að hnjúkar
 hæstu fjalla og jökla
 eru eldiviðir
 okkar morgungyðju.

Henni er ljóst að hnjúkur
 hlýtur fyrstu snjóa,
 hörðust frost, er hrjósa
 hugir manna börnum.
 Honum er á hvirfli
 hjarn á sólmánuði;
 eldur þó í iljum
 alla langaföstu.

Jökla jörmunkraftur
 jafnar hnjúk við grundu
 meðan ár og aldir
 ótal vonum hlaða. —
 Þú í laugalendu
 lifir þína vöku.
 Eg á kot á kili,
 kall á veðramóti.

Elfarstraumur ymur
 undir skógarjaðri,
 þar sem prestir leika
 þúsund greina milli.
 Þar eru upplönd okkar,
 ef við héldum saman,
 móti morgunsári —
 móti aftanbjarma.

Eg á gull í gili
 gagnvart morgunlýsu;

móti aftans-eldi
 á eg sjóð í gljúfri;
 þar á milli þúsund,
 þúsund sólskinsbletti;
 þetta er ærinn auður
 einum litlum bónda.

Austur í óttuveldi
 á eg dvergasmíði,
 — gerða í hulins höllu
 Háva konungs skuggsjá.
 Okkar unadalur
 er í þvísa landi.
 Viltu vaka hjá mér?
 Viltu ganga með mér?

Guðmundur Friðjónsson.

„Þegar eg var á fregátunni —!“

Eftir *Jón Trausta*.

Eg sat veðurteptur í kaupstaðnum. Þangað hafði eg komið á gufuskipi. Nú var það farið leiðar sinnar, en eg sat eftir, ókunnugur og ráðalaus.

Eg ætlaði að ferðast landveg og leið mín lá aðallega um fjalllendið hinumegin fjarðarins. Hestarnir voru ófengnir og sömuleiðis fylgdarmaður; enda ilt að athafna sig fyrir illviðri og vatnavöxtum. Þetta var að vorlagi, um krossmessuleytið.

Eg sat inni hjá læknum, sem skotið hafði yfir mig skjólshúsi og var að reyna að greiða fyrir mér á ýmsan hátt. Hann var þar inni hjá mér sjálfur og við sátum hvor með sinn vindil í munninum og spjölluðum saman. Eg var orðinn úrkula vonar um að geta haldið ferð minni áfram þennan daginn og gerði mér því hægt í legubeknum læknisins.

En þegar við áttum sist von á, var þjarkað á sjóbullum inn í fordyrið og barið á dyrnar hjá okkur.

»Kom inn!« kallaði læknirinn. Hurðin var opnuð hægt og unglingsmaður í sjómanna fötum stóð í gættinni.

»Eg átti að segja yður, að maðurinn þarna gæti fengið far út og yfir um fjörðinn hjá Hrólfi gamla í Stíflu, ef hann vildi,« sagði maðurinn og beindi máli sínu að læknum.

Við stóðum báðir á fætur, eg og læknirinn, og komum fram að dyrunum. Þetta hafði hvorugum okkar dottið í hug.

»Er Hrólfur gamli að fara í legu núna?« spurði læk'nirinn.

»Já, hann ætlar út í eyjar og liggja þar við svo sem viku tíma. Hann munar ekkert um að skjóta mannum á land í Múladölunum, ef honum skyldi koma það að haldi.«

»Þetta er ágætt,« mælti læk'nirinn. »Þessu skuluð þér sinna, ef þér þurfið ekki beinlínis inn fyrir fjarðarbotninn. Þetta styt'tir yður leiðina um heilan dag að minsta kosti, og í Múladölunum verður auðveldara að fá hesta og fylgdarmann en hér.«

Þetta kom mér alt saman svo á óvart, að eg var ekki undir eins við svarinu búinn. Eg horfði á læk'ninn og komumanninn til skiftis og fyrsta hugsun mín var sú, að læk'nirinn mundi vilja losna við mig. En svo fór eg að hugsa um það, hve gott það væri fyrir mig að geta farið þannig fyrir ósa á öllum ánum, sem runnu ofan í fjarðarbotninn. Og loks komst eg að þeirri niðurstöðu, að ráð læk'nisins væri ekki sprottið af öðru en ein-skærri göðvild.

»Er Hrólfur gamli almennilegur núna?« spurði læk'nirinn manninn í dyrunum.

»Já, seisei, já,« sagði maðurinn.

»Almennilegur,« sagði eg og leit á þá spyrjandi augum. Mér þótti spurningin undarleg.

Læk'nirinn brosti.

»Hann er í litilsháttar ólagi — hérna,« mælti hann og benti á höfuðið á sér.

Það fór hrollur um mig við þá hugsun, að eiga að leggja í langa sjóferð með vitskertum manni. Eg er viss um, að læk'nirinn hefir séð það á mér hvað eg hugsaði, því að hann kímði góðlátlega.

»Er þá óhætt að fara með honum?« spurði eg.

»Já, meira en svo. Hann er ekki vitlaus, síður en það. Hann er að eins dálítið undarlegur — hefir »flugur í höfðinu« eins og menn segja. Það stríðir stundum á hann sinnisveiki, þegar hann er heima í skammdeginu

og hefir ekkert fyrir stafni, en á sumrin ber lítið á honum. Og afbragðs sjómaður er hann.«

»Já, sjómaður, sem aldrei skeikar,« sagði maðurinn í dyrunum. »Og núna er óhætt að fara á skip með honum. Það skal eg ábyrgjast.«

»Ætlið þér með honum?« spurði læknirinn.

»Já, við erum þrír hásetar hjá honum. Fjórir verðum við alls á bátnum.«

Eg virti manninn í dyrunum betur fyrir mér. Það var unglingsmaður um tvítugt, mannvænlegur og stillilegur. Mér leist ágætlega á hann.

Jeg fór að skammast mín í kyrþey fyrir það, að þora ekki yfir fjörðinn með þrem mönnum eins og honum, þó aldrei nema formaðurinn væri »undarlegur í höfðinu«.

»Ætlið þið að fara í dag?« spurði læknirinn. »Þykir ykkur ekki hvast?«

»Ekki held eg Hrólfur gamli ætli að setja það fyrir sig,« sagði maðurinn og brosti við.

»Er siglandi?«

»Já, það held eg, og ágætis-leiði.«

— Það varð nú að ráði, að eg færi með þeim. Eg fór að búa mig í snatri og farangur minn og reiðtygi var borið ofan í bátinn.

Loks gekk læknirinn með mér fram á bryggjuna.

Þar, í skjóli við bryggjuna, flaut bátur Hrólfs gamla með reistu siglutré og seglinu vöfðu utan um það. Það var fjöggra manna far í stærra lagi, altjargað, nema efsta borðið; það var málað ljósblátt. Í bátnum voru ýms áhöld til hákarlaveiða, meðal annars stórt lagvaðstré með fjórum kneifum úr slegnu járni, kvartél með hákarlabeitu, sem megnasta óþef lagði af, og tunnur undir hákarlalifur. Hákarlasöxin lágu undir þóftunum og stórum ífærum var krækt undir böndin. Fremst í barkanum voru nestis-skrínur bátverja.

Aftur í bátnum sá á bakið á manni, sem beygði sig niður og raðaði steinum í botninn á bátnum. Hann var klæddur í skinnbrók, sem náði honum upp undir hendur,

og lágu snærisbönd úr henni í kross upp um axlirnar. Framar í bátnum stóð annar maður, en hinn þriðji var uppi á bryggjunni.

»Góðan daginn, Hrólfur minn!« sagði læk'nirinn.

»Góðan daginn,« sagði Hrólfur stuttur í spuna um leið og hann rétti sig upp og »spýtti mórauðu«. »Réttu mér steininn þarna.«

Seinni parturinn af ávarpinu var ætlaður manningum á bryggjunni, en hvorki læk'ninum eða mér. Hrólfur skotraði snöggvast til mín óblíðum augum, en annars var eins og hann gæfi mér engan gaum.

Það var sem eitthvað styngi mig, þegar þessum augum var litið á mig; hvassara og stygglegra tilliti hefi eg aldrei orðið fyrir.

Hrólfur var lítill maður, hnellinn, og nú tekinn fast að eldast. Andlitið var magurt og nokkuð hrukkótt, blakt og veðurbitið, með ljósan, óræktarlegan skegghýung í kringum munninn. Eg tók undir eins eftir undarlegum kippum í andlitinu, eins og þeir væru leifar af gömlum drykkjuflogum. Annars var svipurinn harður og þunglyndislegur. Hændurnar voru þrútnar og lúalegar, og eins og börkur á þeim eftir margra ára róður.

»Þykir yður hann ekki hvass, Hrólfur minn?« mælti læk'nirinn eftir nokkuð langa þögn.

»Það læt eg alt vera,« mælti Hrólfur án þess að líta upp.

Samtalið slitnaði aftur sundur. Það var eins og Hrólfur væri ekkert hneigður fyrir það, að halda áfram skrafi, ekki einu sinni þó að héraðslæk'nirinn ætti í hlut.

Læk'nirinn leit til mín og glotti við. Eg skildi það svo, að nú væri Hrólfur gamli eins og hann hefði átt von á honum.

»Þér ætlið að hjálpa upp á þennan ferðamann, Hrólfur minn,« mælti hann enn eftir nokkra þögn.

»O-jæja. Ekki munar bátinn um að bera hann.«

Eg átti, með öðrum orðum, að vera viðbót við seglfestuna!

»Haldið þér ekki, að ilt sé að lenda úti í Múlavogi?«
Hrólfur rétti sig upp og studdi hendinni á bakið.

»O-ho, fari það bölvað,« mælti hann. »Hann er land-
stæður og sjólítill. Og við komum þangað líklega á miðju
flóðinu.«

»Er það ekki krókur út af leið yðar?« spurði eg.

»Ekki skulum við fást um það. Við komumst okkar
leið fyrir þeim krók. Við erum vanir að hvíla okkur á
vog-skömminni, þegar við þurfum að róa.«

— Rétt á eftir kvaddi eg lækinn og rendi mér
ofan í bátinn. Maðurinn, sem á bryggjunni stóð, losaði
stefnislínuna, kastaði henni ofan í bátinn og stökk sjálfur
á eftir.

Einn af hásetunum stakk árarhlumm í bryggjuna og
ýtti bátnum frá. Síðan var róið »undir vindinn«, dálítinn
kipp, en Hrólfur gamli setti fyrir stýrið á meðan.

— Seglið þandist út, báturinn hallaði sér mjúklega á
hlíðina og rann í langan sveig. Það var eins og hólm-
arnir í hafnarmynninu tækju á rás fram hjá okkur.

Við stefndum beint út í opinn flóann. Úti við sjón-
deildarhringinn risu múlarnir, dökkbláir og sæbrattir, með
þykkann þokukúf á höfðunum. Þangað út var langur sjór.

Hrólfur sat við stýrið. Hann sat á bita aftur í skut-
num, sem jafnhár var borðstokkunum, hafði sinn fótinn á
hvoru bandi og hélt stýristaumunum utan við lærin á
sér, sínum hvorumegin.

Eg var frammi við siglu hjá hásetunum. Við þekt-
um það allir af gamalli reynslu, að íslensku bátarnir sigla
betur, þegar þeir eru nokkuð framhlaðnir. Við lágum
allir fjórir út í vindberðinu, en samt »sauð á keipum« í hlé.

»Ef ykkur þykir ekki ganga, piltar, þá verðið þið að
leggja út árar — borgunarlaust,« sagði Hrólfur gamli og
glotti.

Við tókum gamanyrðinu vel, og mér fanst eins og
það færa mig nær karlinum, því að áður hafði mér staðið
hálfgerður stuggur af honum; gamanyrði eru jafnan eins
og framrétt hönd.

Langa stund var fátt talað. Við kúrðum þegjandi frammi við sigluna og Hrólfur var aftur á; endilangur báturinn var á milli okkar.

Hásetarnir gerðu sér alt far um, að sem best færi um mig. Eg lá á mjúkum pokum rétt framan við þóftuna og hafði höfuðið í skjóli við borðstokkinn. Ýrurnar úr sjónum þeyttust yfir mig og komu ofan í bátinn hléborðsmegin.

Pilturinn, sem hafði sótt mig heim til læknisins, hafði hreiðrað sig í barkanum fyrir framan mig. Hann hét Eiríkur og var Eiríksson. Mér geðjaðist alt af betur og betur að honum.

Annar hásetinn sat þversum yfir þóftuna og studdi bakinu á siglutréd. Það var líka unglingsmaður, sem nýfarin var að vaxa grön, rauður í framan, hægur og daufgerður. Hann brá sér ekki vitund, þó að hver skúrin af sjódrifi eftir aðra þeyttist beint framan í hann.

Þriðji hásetinn lagðist um þveran bátinn fyrir aftan þóftuna, lagði samanbrotna olútreyju undir höfuðið á sér og sofnaði.

Langan tíma, fram undir heila klukkustund, lá eg þegjandi og hugsaði um það eitt, sem eg heyrði og sá umhverfis mig. Það var meira en nóg til að halda mér vakandi.

Eg sá hvernig seglið hvelfdist, fult af vindi og togaði fast í klóna, sem bundin var í borðstokkinn við hliðina á Hrólfi. Þríhyrnan var eins og fallega beygð járnþynna, stíf og látlaus. Bæði voru seglin drifhvít, eins og filabeinsseglin á útskornu skipunum í söfnunum erlendis. Siglutréd svignaði og bendurnar á vindborða voru stríðar eins og hörpustrengir. Báturinn titraði eins og laufblað. Eg fann gegnum næfurþunna súðina til löðrunganna, sem öldurnar gáfu honum. Þeir komu á vangann á mér líka, þó að eg fyndi ekki til vætunnar. Á milli löðrunganna klöppuðu þær undur blíðlega. Stöku sinnum sá eg hvít-fyssandi öldukambana upp yfir borðstokkinn á hléborða. Stundum sá eg hafsbrúnina undir seglin, en oftar sá eg

ekki annað en bakið á breiðri öldu, sem báturinn hafði riðlað á um tíma og seig þá ofan af. Ruggið var varla teljandi, því að báturinn hallaðist alt af jafnt undan vindinum. Það var ekki annað en þægilegt kvik, sem gerði manni rótt í skapi, — ólíkt dýfunum miklu, sem stóru skipin taka.

Smátt og smátt fór að lifna yfir samtalinu hjá okkur. Eiríkur reyndist skrafhreifnastur og hásetinn á þóftunni skaut inn í orði við og við.

Samtalið hneigðist að Hrólfi gamla.

Við töluðum í hálfum hljóðum, svo að hann skyldi ekki heyra til okkar. Raunar þurftum við ekki að vera hræddir um það, því að svo var langt á milli okkar, og stormurinn hlaut að bera orðin afsíðis. En menn tala alt af lágt, þegar menn tala um þá, sem þeir sjá á meðan, þó að þeir séu að tala vel um þá.

Eg hafði varla augun af Hrólfi; og við það, sem þeir sögðu mér af honum, smá-skýrðist hann fyrir mér.

Hann sat þegjandi, hélt um stýristaumana og einblíndi fram undan sér, án þess að horfa á neitt. Það var eins og hann fyndi það á sér, hvað stefnunni leið.

Það sem hásetarnir sögðu mér frá Hrólfi, var í stuttu máli þetta.

Hann var alinn upp þar í kaupstaðnum og hafði aldrei þaðan farið. Kotið, sem hann bjó í, stóð rétt við stífluna í kaupstaðaránni og dró nafn af henni.

Hann stundaði sjóinn alt af þegar fært var; veiddi hákarlinn á vorin, en þorskinn aðra tíma ársins. Hvergi kunnir hann við sig nema á sjónum. Ef hann komst ekki á sjóinn, sat hann einn heima í koti sínu og gerði að veiðarfærum sínum. Aldrei fór hann í eyrarvinnu, eins og aðrir sjómenn, og aldrei fór hann í kaupavinnu. Sönglandi fyrir munninn sér og talandi við sjálfan sig dundaði hann í hjalli sínum, umhverfis naustið sitt eða kotið sitt, tjörugur eða brilugur um hendurnar, stuttur í spuna, ef einhver yrti á hann, og styggur í svörum, stundum meinyrtur. Enginn þorði almennilega að koma nálægt

honum. Þó var öllum vel við hann. Allir, sem kyntust honum nokkuð, sögðu, að það rættist furðanlega úr honum. Þessi einræningsháttur hafði ágerst með aldrinum, en þó einkum eftir að hann misti son sinn.

Sonur hans var uppkominn maður og hið mesta manns-efni. Hann þótti vaskastur allra formanna í kaupstaðnum og reri jafnan lengst; enda var hann aflasælastur. Eitt sinn hvesti hastarlega á hann langt úti á sjó fram undan fjarðarmynninu. Þeir tóku barning til lands og náðu upp undir múlana, en voru þá að þrotum komnir. Þeir ætluðu þá að leita lands í Múlavognum. En þá tókst svo óheppi-lega til að bátnum hvolfdi í vogsmynninu. Sonur Hrólfs druknaði og annar maður til. Hinum varð bjargað.

Eftir þetta slys var Hrólfur ekki mönnum sinnandi um langan tíma. Ekki svo að skilja, að hann gréti og æðraðist. Það kann hann að hafa gert fyrstu d.gana, en síðan ekki. En hann fór einförum. Hann afrækti kerlinguna og hina krakkana, eins og þau kæmu honum ekkert við framar. Það var eins og hann teldi sig hafa mist alt, sem hann átti. Einsamall bjó hann að sorg sinni og talaði ekki um hana við neinn. Enginn spurði hann neins, enginn treysti sér til að reyna að hugga hann. Enginn sá eiginlega neina sorg á honum. Þangað til einn vetur, að hann fór að tala við sjálfan sig.

Hann talaði við sjálfan sig dag og nótt um langan tíma, talaði eins og tveir menn eða fleiri væru að tala saman, skifti um málróm, hló og bar sig að öllu leyti til, eins og hann tæki þátt í fjörugu samtali með lífi og sál. Það var engin vitleysa í neinu, sem hann sagði, þó að oft væri erfitt að komast þar að efninu. Og væri á hann yrt, svaraði hann dræmt að vísu, en þó æfinlega af fullu viti og góðu geði. Oft var þá eins og hann þyrfti að vakna, áður en hann gæti svarað. Þó gerði hann öll verk sín, á meðan hann talaði við sjálfan sig, eins og hver annar full-vakandi maður.

Hann talaði aldrei um son sinn. Þetta sjálfsskraf var mest um ýms æfintýri, sem hann þóttist hafa ratað í

um æfina, sum ýkt en sum spunnin upp frá rótum. Eða þá um ýmislegt, sem hann ætlaði að gera einhvern tíma, eða mundi hafa gert eða hefði átt að gera. Aldrei um það nálæga.

Það var ekki lengi að berast út, að Hrólfur gamli væri sinnisveikur og langan tíma þorði varla nokkur maður á sjó með honum.

»Nú er sú hræðsla dauð fyrir löngu,« sagði Eiríkur og brosti við. »Nú fá færri að vera með honum en vilja.«

»Og er hann aflamaður?«

»Já, aflinn bregðst honum sjaldan.«

»Er hann þá ekki orðinn efnaður?«

»Eg veit það ekki. Hann er að minsta kosti upp á engan kominn, og útgerðina á hann sjálfur.«

»Hann liggur á peningum, bannsettur karlinn, eins og ormur«, sagði maðurinn upp við siglutréð og strauk sjódrifið framan úr sér með hendinni.

Svo fóru þeir að segja mér frá Múla-ey og æfinni, sem þeir ættu í vændum næstu vikuna.

Eyjan var gróðurlaust eyðisker utan við múlana, og braut nærri því yfir hana í haustbrimum. Það fyrsta, sem þeir þyrftu að gera, þegar þeir kæmu þangað, væri að hlaða upp grjótbodyrgið sitt frá síðasta ári, refta yfir það með rekabútum og þekja það með þara. Þar ættu þeir að láta fyrirberast á nóttunni, hvernig sem viðraði. Lendingin var tilbúin af náttúrunnar hendi, svo að ekkert þurfti fyrir henni að hafa. En svo var hún ótrygg, að altaf þurfti einn maðurinn að vaka yfir bátnum. Frá eyjunni var róið út með lagvaðinn á hverju kvöldi og hann lagður á tiltekin mið. Eftir lagnættið var hákarlinn gráðugastur. Þá fann hann ilminn af stæku hrossakjöti og grútúldnu selspiki leggja fyrir vitin á sér, rann á þefinn og gleypti alt, sem honum var boðið. Þegar hann komst að þeim sorglega sannleika, að eflings öngull með sterku agnhaldi var fólgin í þessum fyrirtaks rétti, og ekki var auðgert að æla bitanum upp aftur, tók hann að reyna að

jaþla sundur öngulskaftlð með skaffinum. Það kom fyrir, að þetta tókst; en oftast tókst það ekki. Ofan við öngulinn tók við taumur úr sterkri járnkeðju. Það gekk stundum betur að klippa hana sundur en öngullegginn. Og í gleði sinni yfir því að vera laus, rann þessi lystargóða skepna á næsta öngul og var þar, þegar um var vitjað. Ef hákarlinn gat ekki klipt sig lausan, reyndi hann að snúa annaðhvort öngulinn eða tauminn í sundur. Mennirnir höfðu séð við þessu, og létu öngulinn snúast með honum. »Gráni« hélt áfram að snúast með stakri þolinmæði, þangað til hann kom upp að borðstoknum og búið var að festa í honum annan gogginn til. Þá gaut hann sjógrænum glyrnunum upp á þá, sem höfðu gert honum allan þennan óskunda, beit og lamdi alt hvað hann gat, og reyndi að selja þetta vesæla hákarlslíf meira en nægilega dýrt.

Þetta hafði verið veiðiaðferð forfeðranna um ómuu-aldur. Nú var farið að veiða hákarlinn á þilskipum. Þessa aðferð stundaði nú enginn þar um slóðir lengur, nema Hrólfur gamli.

Og hann hafði margan »gráan« innbyrt Eiríkur tók eina hneifina undan bandinu og sýndi mér hana. Hún var úr slegnu járn, um hálfan þumlung á þykt, og soðið stál á oddinn. En um snúningsnaglann var hún nærri því núin í sundur; — einhvern tíma hafði sá »grái« fengist við hana.

Þeir voru búnir að segja mér svo margt um veiðina, hásetarnir, að mig sárlangaði út í eyjuna með þeim. —

Alt í einu hnípti Eiríkur í mig.

Við þögnuðum allir og litum aftur um bátinn til Hrólfs gamla.

»Nú er hann farinn að tala við sjálfan sig«.

Við héldum niðri í okkur andanum og hlustuðum.

Hrólfur sat grafkyr og hélt um stýristaumana. Hann horfði ekki á neitt, en undarleg ánægjubros léku um andlitid á honum.

Eftir ofboðlitla þögn sagði hann meðal-hátt:

»Þegar eg var á fregátunni —!«

Meira kom ekki í bili. Brosin urðu drýgindaleg, eins og gamalt, hálf-skoplegt æfintýri væri að rifjast upp fyrir honum.

»Já, þegar eg var á fregátunni, lagsmaður!«

Það var eins og einhver sæti þar hjá honum aftur við stýrið, sem hann væri að segja söguna.

»Hefir hann verið á herskipi?« spurði eg ofurlágt.

»Aldrei á æfi sinni«, svaraði Eiríkur.

Við höfðum ekki augun af Hrólfí. Mér eru enn fyrir minni kippirnir, sem eg sá kringum augun í honum. Eg sá ekki í augun; það var eins og maðurinn svæfi. En ennið og gagnaugun voru á látlausri hreyfingu, eins og þar væri alt að leita fyrir sér að svipbrigðum.

Eg þagði; það lá við að mér sortnaði fyrir augum. Nú var mér það fyllilega ljóst, að maðurinn, sem hélt um stýristaumana, — maðurinn, sem hafði líf okkar allra í höndum sér, — var ekki með öllum mjalla.

Hásetarnir hnipu hver í annan og kýmdu. Þeir voru þessu vanir.

»Hún hefði strandað — borist beint upp á flúðirnar — »redningslöst fortabt!« sagði Hrólfur. »Redningslöst fortabt«, lagsmaður. Það var falleg skúta! Gljáandi svört með hvítum teningum á hliðunum, — tíu »kjaptar« á borð, stefnið með útskornum myndum. Eg held að kóngi hefði þótt fyrir að missa hana! Hún var of falleg til að malast þar sundur, lagsmaður. — — Þeir urðu fegnir, þegar eg kom«.

Hásetarnir kreistu niðri í sér hláturinn.

»Topsejlene op!« sagði eg. — — »Topsejlene op, lagsmaður. — Hann náfólnaði, sá gullborðalagði. Topsejlene op, for Satan! Blástakkarnir á þilfarinu rákust hvor á annan af ósköpunum. Já, lagsmaður! Þó að eg hefði ekki sverð dinglandi við lendina, þá sagði eg: Topsejlene op, for Satan! Og þeir hlýddu mér. — Þeir hlýddu mér. Þeir þorðu ekki annað. Topsejlene op, for Satan!«

Hrólfur lyftist upp á bitanum og krepti hnefana utan um stýristaumana.

Eiríkur ætlaði að springa af hlátri, en vildi þó ekki láta heyra til sín. Maðurinn uppi við mastrið tók sér hláturinn léttar.

»Den stryger forbi« —! sagði Hrólfur ánægjulegur á svipinn og kinkaði kolti. »Til hafs! Beint til hafs. — Látum hana bara leggja sig! Hún hefir gott af því, að dálítið gutli um hana. Látum »sjóða á keipum«, segjum við Íslendingarnir! — Þó að braki dálítið í henni! Það eru bara traustabrestir. Hún er þá ekki fúin á meðan. — Nú jæja, við siglum þá úr henni botninn — — en áfram skal hún — áfram skal hún — — áfram — áfram skal hún«!

Hrólfur lækkaði róminn og dró síðustu orðin.

— Við vorum komnir langt út í fjörðinn, sjóarnir voru farnir að stækka og verða krappari vegna straums. Það var orðinn mikill vandi að stýra svo að vel færi. Hrólfur fann það á sér, hvernig hann átti að stýra. Hann leit ekki upp, en þó var eins og hann sæi alt í kringum sig. Það var eins og hann fyndi það á sér, þegar stórar öldur nálgudust, sem stýra þurfti undan eða sneiða hjá. Höfuðstefnunni skeikaði aldrei til muna, en báturinn rendi sér undur liðlega innan um öldurnar — yfir þær, undan þeim og gegnum þær, eins og hann hefði mannsvit. Aldrei gaf á hann; öldurnar gnæfðu uppi yfir honum, óðu að honum grenjandi, hvítfreyðandi; en hann vék sér einhvern veginn undan þeim. Hann var viðkvæmur eins og stygg hind, fljótur að láta að stýrinu, mjúkur í öllum hreyfingum eins og vakur, framsækinn gæðingur. Andi Hrólfs gamla var yfir honum.

En sjálfur var Hrólfur þar ekki. Hann var »á fregátunni«. Það var ekki báturinn hans, sem hann stýrði þessa stundina, heldur gríðarmikill, þrisigldur skrokkur, með háan skýjakljúf af seglum og 10 fallbyssur á borð. Það var eitt af furðuverkum mannlegra handa. Höfuðbendurnar voru úr margþættum stálvír, dragreipin

undust hvort um annað, slógust í möstrin og stögin, sýndust vera ramflækt, en voru þó í besta lagi, greið og gegn eins og taugarnar í líkamanum. Þessum heljarbyrðing þurfti ekki að stýra undan sjónum eða á snið við þá, — nei, hann var látinn leggjast á þá, með öllum þunga sínum, mala þá í sundur og ýta þeim út undan sér eins og hvítum skafi. Brakandi og stynjandi öslaði hann áfram á hvað sem fyrir varð, lagði sig á borðstokka undan veðrinu og skildi eftir langt plógfar í sjónum fyrir aftan sig. Uppi yfir borðstoknum á þessum knerri hékk bátur Hrólfis í tveimur bognum járnstólpum eins og ofurlítil bláskel. —

Einu sinni hafði þessi draumur verið langt, langt fram undan. Nú, þegar vonlaust var um að hann rættist, var hann kominn langt að baki. Hrólfur hafði verið á »fregátunni«.

Langa stund ruglaði hann við sjálfan sig, sagði frá því, hvernig hann hefði leitt »fregátuna« heila til hafnar og fengið konunglega »gullmedalíu« að launum. Við heyrðum ekki nema slitring af allri romsunni, en fundum þó söguþráðinn. Hrólfur talaði ýmist dönsku eða íslensku, talaði með margra manna málrómi, og jafnan mátti heyrja það á tali hans, hvar hann var staddur á »fregátunni«, hvort hann talaði við hásetana á þilfarinu, eða yfirmennina á stjórnþallinum, eða hann hringdi við þá glösum í lyftingunni að þrekvirkinu unnu.

Stormurinn var orðinn heldur vægari, en vegna þess, hve utarlega við vorum komnir í flóann, voru öldurnar orðnar miklu stærri. Þær voru leifar af stórum hafsjóum, sem geystust útfyrir, leifar, sem náðu langt inn í flóann, þrátt fyrir andbyrinn.

Hrólfur var hættur að tala upphátt við sjálfan sig og raulaði nú hægt fyrir munn sinn. Það færðist eitthvert værdarmók á hásetana í kringum mig, og eg held að mér hafi legið við að sofna um stund. Enda var eg satt að segja, ekki nærri því laus við sjósótt.

Eftir dálitla stund reis maðurinn á fætur, sem sofið

hafði í rúminu fyrir aftan siglutréd. Hann geispaði nokkrum sinnum, ók úr sér hrollinn og litaðist um.

»Nú, við erum bráðum komnir út í Múlavog«, mælti hann.

Eg glaðvaknaði við þessa frétt, og reis upp við olnboga. Fjallið, sem eg hafði séð innan úr kaupstaðnum og þá var sveipað dökkum bláma, gnæfði nú beint uppi yfir okkur, klettótt og hrikalegt, með svörtum sjávarhömrum neðst. Björgin voru rennvot af úðanum úr briminu og drunurnar úr stuðlabergsskútunum, sem sjórinn féll inn í, líktust miklum fallbyssuskotum.

»Það er ekki lendandi í voginum núna, Hrólfur«, sagði hásetinn og geispaði aftur. »Það er foráttu-brim«.

Hrólfur lét sem hann heyrði ekki.

Nú voru allir á bátnum vel vakandi og horfðu til landsins. Eg held að fleirum en þessum eina manni hafi hrosið hugur við landingunni.

Í fjallinu fyrir ofan okkur var eins og brík væri dregin hægt til hliðar. Þar opnuðust Múladalirnir. Innan skamms sá blika á bæjarþilin. Bæirnir stóðu hátt og ströndin var klettótt.

Báturinn beygði inn í vikina. Þar var kyrrara en úti fyrir og sjórinn lítið eitt sléttari.

»Hafið fukkuna lausa«! skipaði Hrólfur. Eiríkur varð til að losa hana og hélt um skautið. Sjálfur losaði Hrólfur stórseglið og hélt um skautið á því. Eg skildi þetta svo, að Hrólfi þætti varlegra að hafa seglin laus, vegna þess, að það var svipvindagjarnt í vikinni.

»Ætlaðu að sigla inn í voginn«? sagði hásetinn, sem sofið hafði. Hljóðið kom fram um nefið, fult af tóbaki.

»Haltu kjafti«! sagði Hrólfur og var ekki blíðróma.

Maðurinn lét sér þetta að kenningu verða og spurði ekki um fleira.

Enginn sagði neitt. En nú var hver stundin rík eftirvæntingar.

Allir horfðu hljóðir upp til klettanna, þar sem alt löðraði í hvítu brimi.

Hver aldan eftir aðra leið undir bátinn. Þær lyftu honum hátt upp, eins og til að sýna okkur upp í brimgardinn. Svo seig báturinn hægt ofan í öldudalinn og brimgarðurinn hvarf ásamt allmiklu af sjálfri ströndinni. Aldan »tók það úr«.

Mér þótti það kynlegt, hve báturinn gekk litið, en fekk brátt skýringu á þeim leyndardómi. Enn þá var báturinn og alt sem hann bar — háður vilja Hrólfs gamla.

Hann slepti vindinum úr stórseglinu og hélt bátnum undarlega skriðlausum með því að snúa stýrinu sitt á hvað. Hann stóð fyrir framan bitann og horfði hvast fram eftir bátnum. Nú talaði hann ekki við sjálfan sig, nú var hann ekki á »fregátunni«, heldur bátnum sínum. Nú fann hann vel til þess, hvað á honum hvíldi.

Eftir að hafa »beðið lags« dálitla stund, hleypti Hrólfur aftur fullu skriði á bátinn.

Nú var stundin komin — stundin, sem eg gleymi aldrei, og líklega enginn okkar, sem þá vorum með Hrólfi. — Það var ekki ótti, sem greip okkur, heldur eitthvað, sem líktist áköfum glímuskjálfta. En hefði eg átt að ráða, þá hefði verið lagt frá voginum í það skifti.

Hrólfur stóð óbifanlegur við stýrið, leit ýmist undir seglið eða til hliðar við það, tugði tóbakið sitt fast og skyrpti í ákafa. Nú bar miklu minna á kippunum kringum augun í honum, en áður hafði verið um daginn.

Rósemi hans hafði sefandi áhrif á okkur hina.

Þegar við nálguðumst voginn, reis allmikil alda fyrir aftan okkur. Hrólfur gaf henni hornauga, spýtti við tönn og glotti. Aldan hækkaði og hækkaði og náði okkur rétt við vogsmynnið. Þá var hún orðin svo hvöss, að hún var nærri því gagnsæ efst. Það var sem hún ætlaði að hvolfa sér ofan í bátinn.

Á meðan eg horfði á hana, fanst mér báturinn súnka niður, eins og sjónum væri kipt undan honum. Það var útsogið. Aldan sogaði sjóinn undir sig. Rétt við borð-

stokkinn sást blágrænt sjólöðrið falla í fossum út af skerjunum í vogsmynninu.

Báturinn stóð nærri því upp á endann, og það var eins og sjórinn syði alt í kringum hann, syði og væri búinn að sjóða þangið af skerjunum í smátt mauk.

Alt í einu var eins og iskaldri svipuól væri slegið um vangann á mér. Eg hraut áfram við höggið og greip um höfuðbenduna.

»Sleppið fokkunni«! kallaði Hrólfur.

Þegar eg leit upp, blöktu seglin vindlaus út af borðinu, báturinn leið hægt og rólega inn voginn, þóftufullur af sjó

Okkur leið öllum prýðilega vel.

Eg fann að vísu kaldan sjóinn seitla niður bert bakið á mér undir skyrtunni. Það gerði mér ekki mikið til. Þetta, sem eg hafði orðið fyrir, var ekkert annað en koss, sem yngsta dóttir Ránar sendi mér að skilnaði.

Andlitið á Hrólfi ljómaði af ánægju. Þetta hatði honum bezt tekist um dagana. Þetta var ekki allra meðfæri. —

Báturinn seig inn lygnan voginn og nam staðar í vörinni.

Þar stóðu tveir menn, sem komnir voru heiman frá bænum. »Það lá að, að þetta væri Hrólfur gamli«, kallaði annar þeirra til okkar í því við lentum. »Það er engra meðalmanna leikur að fara inn í voginn, eins og hann er núna«.

Hrólfur lyfti brúnum og glotti; hann svaraði engu, en kipti stýrinu frá, svo að það næmi ekki niðri í lendingunni, og lagði það yfir þveran skutinn. Það var auðséð á honum, að honum þóttu ummælin góð. »Meðalmaður« vildi hann síst af öllu vera talinn.

Okkur var tekið tveim höndum af Múlabændunum, og það sem eg bað um til fyrirgreiðslu ferð minni, var talið sjálfsagt og velkomið. Hvergi lifir gestrisnin íslenska slíku blómalífi, sem á útkjálkum eða í afdölum, þar sem umferðin er minst.

Við fórum allir upp úr bátnum og brýndum honum. Okkur var öllum mál að rétta úr okkur, eftir að hafa setið eða legið kreptir á hörðum fjölunum í rétt að kalla fjórar klukkustundir.

Eg gekk til Hrólfs gamla eitt sinn er hann stóð þar afsíðis á klöppunum og spurði hann, hvað farið kostaði.

»Kostar«, sagði Hrólfur og virti mig varla viðlits. »Hvað farið kostar. Biddu nú hægur, lagsmaður, — biddu nú hægur«.

Hrólfur þúaði mig eins og gamlan kunningja, þótt við hefðum aldrei sést fyr en þennan dag. Hann var úfinn á svipinn og ófrýnn, stuttur í svörum og nærri því hryssingslegur. Samt var eitthvað laðandi við hann, eitthvað, sem vakti traust og virðingu og gerði það að verkum að mér féll vel kunningjalátbragð hans.

»Hvað farið kostar. Biddu nú við«.

Hrólfur var eins og utan við sig. Hann leysti frá sér skinnbuxurnar og seildist ofan í vasann á bættu görmunum, sem hann var í innan undir, dró þar upp væna tóbakshönk og beit í hana. Sleit síðan af henni dálitinn bút og fleygði honum innan í kollinn á sjóhattinum sínum. Síðan reirði hann aftur að sér sjóbuxurnar og fór ekki óðslega að neinu.

»Þú hefir auðvitað orðið blautur þarna í vogsmynninu«.

»Það tel eg varla«.

»Það skvettist stundum ónotalega yfir þar«.

Hrólfur stóð kyr, jóðlaði tóbakstöluna og starði út í vogsmynnið. Eg þóttist sjá, að hann væri búinn að gleyma að svara spurningu minni.

»Það skvettist stundum ónotalega yfir þar«, mælti hann aftur og lagði mikinn þunga á orðin. Eg leit fram- an í hann og sá, að augun flutu í tárur. Kippirnir í andlitinu voru líkir og áður.

»Þar hefir fyllt hjá mörgum«, bætti hann við, »og sumir hafa ekki farið lengra. En eg hefi flotið þar út og inn til þessa. Ojæja. »Silfurkerin sökkva í sjó, en

soðbollarnir fljóta«, segir máltækið. Eg hefi orðið að slæða þann upp úr voginum hérna, sem var mér fremri um alt. — Þá lærði eg að þekka vogsreyið«.

Hann starði enn um stund út á voginn og þagði. Loks þurkaði hann af sér tárin með vetlingslaskanum sínum og það var eins og hann kæmi til sjálfs sín.

»Þú varst að spyrja hvað farið kostaði, lagsmaður. — Það kostar ekkert«.

»Ekkert? — Hvaða vitleysa«.

»Ekki fyrst þú blotnaðir«, mælti Hrólfur og brosti, þó að tárin stæðu enn í augunum á honum. Það eru gömul lög hjá okkur, að ef ferjumaðurinn lætur farþegana blotna, þó ekki sé nema í stórutána, þá hefir hann fyrirgert ferjutollinum.

Eg marg-lagði að Hrólfi að taka við peningum af mér, en það kom fyrir ekki. Loks varð hann alvarlegur á svipinn.

»Farið kostar ekkert, eins og eg hefi sagt. Eg hefi skotið mörgum ferðamanni hérna upp í voginn og aldrei tekið við eyrisvirði fyrir það. — En ef þú kemur í kaupstaðinn okkar aftur og ef Hrólfur gamli verður þá í landi, þá komdu við í Stíflunni og þigðu kaffi hjá karlinum — svart kaffi með kandís, og brennivínslögg út í, ef þú getur verið svo litillátur«.

Þessu lofði eg. Og Hrólfur gamli kreisti fast og íbyggilega hönd mína að skilnaði.

— Við stóðum allir þrír á klöppunum, Múlabændurnir og eg, og biðum þess að sjá, hvernig þeim Hrólfi farnaðist út úr voginum.

Hásetarnir höfðu vafið saman seglið og sest undir árar, en Hrólfur stóð framan við bitann og hélt um stýris- taumana.

Þeir reru þó ekki, heldur héldu uppi árunum og biðu lags. Á meðan reið hver aldan annari meiri inn í vogsmynnið og velti hvítri brimhrönninni inn yfir skerin.

Hrólfur horfði fast á móti þeim, en beið rólegur eins og veiðidýr, sem vakir yfir bráð sinni.

»So-so, piltar!« mælti hann alt í einu. Árarnar skullu í sjóinn og báturinn tók viðbragð.

Þannig munu þeir hafa »greitt atróðurinn« í gamla daga, víkingarnir, hugsaði eg með mér.

Það heyrðist ekki fyrir orginu í briminu hvað Hrólfur sagði, en okkur skildist það, að hann herti á hásetunum að róa alt hvað aftæki. Við sáum þá hamast undir spreng og báturinn þaut áfram.

Í vogsmynninu sjálfu reis brimaldan á móti þeim. Hún varð hvöss eins og hnífsegg, sogaði undir sig löðrið úr síðustu öldu og varð íhvolft, áður en hún steyptist ofan á skerin.

Við stóðum á öndinni. Hér bar hrikalegan leik fyrir augun.

Hrólfur kallaði eitthvað hátt og samstundis lögðust árarnar að borðunum á bátnum eins og uggar að laxi, sem hendir sèr á fossinn. Báturinn stakk sér beint í ölduna. Ofarlitla stund hvarf hann í brimrótið, svo að aðeins sá á siglutréd. Þegar við sáum hann aftur var hann kominn út fyrir alla brotsjóa.

Það hafði verið gott skrið á honum og laglega stýrt.

Þá settist Hrólfur á bitann eins og ekkert hefði í skorist. Þannig hafði hann setið áður um daginn, á meðan »hann var á fregátunni«.

Tveir af hásetunum greiddu úr seglinu, en einn fór að ausa. Eftir örlitla stund var komið skrið á bátinn að nýju.

Það greip mig viðkvæmni þegar eg horfði á eftir Hrólfi gamla, og eg hugsaði eitthvað á þessa leið:

»Vertu sæll, gamli sjógarpur! Þú hefðir sannarlega átt það skilið, að kljúfa kólguna umhverfis strendur Íslands á fallettri »fregátu«.

Báturinn hallaði sér fagurlega og þaut áfram, eins og máfur, sem rennir sér með annan vænginn fast niður við öldurnar. Við stóðum kyrrir og horfðum á eftir honum, þangað til hann hvarf fyrir Múlann.

„Ísland gagnvart öðrum ríkjum.“

Eftir *Björn Magnússon Ólsen.*

Hinn enski sagnaritari Macaulay minnst þess í Englands sögu sinni (6. b. 18. k.), hve mikil rimma reis á Englandi á dögum Georgs 3. og Georgs 4. út af því, hvort páfatrúarmenn mætti eiga sæti á þingi Breta. »Það er vafasamt,« segir hann, »hvort nokkur deila hefur ranghverft sögulegum sannleika jafnstórkostlega sem þessi. Öll saga umliðinna tíma var fölsuð sakir nútímans. Allir hinir merkustu viðburðir þriggja alda sindust afskræmdir og upplitaðir, er vjer griltum í þá gegnum þokuna, sem kreddur vorar og ástriður höfðu þirlað upp«.

Oft fljúga mjer í hug þessi orð Macaulay's, þegar jeg blaða í »Ríkisrjettindum Íslands« eftir þá dr. Jón Þorkelsson og Einar Arnórsson, eða í bók drs. Berlins um rjettarstöðu Íslands. Víða finst mjer þar hilla undir viðburðina, afskræmda og upplitaða, gegnum moldviðri, sem ástriður nútímans hafa þirlað upp. Víða virðist sögulegum sannleika vera ranghverft og saga umliðinna tíma fölsuð sakir nútíðarinnar, þó að höfundarnir líklega sje sjer þess ekki meðvitandi. Og enn hafa orð Macaulay's rifjast upp fyrir mjer núna, er jeg las Andvaragrein þeirra Jóns Þorkelssonar og Einars Arnórssonar, er nefnist »Ísland gagnvart öðrum ríkjum fram að siðaskiftum«.

Um það ættu þó allir að geta verið samdóma, að spurningin um það, hvernig landið í firstu komst undir konung og hverja rjettarstöðu það hlaut við þau umskifti, hún er eingöngu visindalegs, sagnfræðilegs, eðlis, og að ekki dugir að líta á hana gegnum sjónargler, lítað í þeim reik, er leggur af deilum nútímans.

Ekki þarf lengra að fara enn í ifrskrift nefndrar ritgjörðar »Ísland gagnvart öðrum ríkjum fram að siðaskiftum«. Þetta heiti er undir eins töluvert lítað. Í »öðrum« felst, að Ísland hafi verið sjálfstætt ríki alt fram að siðaskiftum, og er það engum vafa bundið, að svo var alt þangað til, er landið gekk undir konung. Enn um hitt ber mönnum ekki saman, hvort Ísland var sjálfstætt ríki eftir þann tíma til siðaskifta. Hjer kemur þá að nokkru leiti fram í heiti ritgjörðarinnar sá hugsunar-annmarki, sem kölluð er *petitio principii*, þ. e. höfundarnir taka það firirfram sem gefið, er þurfti að sanna, að Ísland hafi verið sjálfstætt ríki allan þann tíma, sem um er að ræða.

Tveir firstu kaflar ritgjörðarinnar eru eftir dr. Jón Þorkelsson, og verð jeg að segja, að ómerkilegra »skrif« hef jeg sjaldan lesið. Firstu 12 blaðsíðurnar (Andvari 21.—32. bls.) eru um Vestureijar, Færeijar og Grænland, og koma ekkert við efni ritgjörðarinnar, nema að því leiti sem höf. staðhæfir á 26. bls., að íslensk lög hafi gengið á Grænlandi, eða að Grænendingar hinir fornu hafi verið í lögum með Íslendingum. Að visu dettur engum í hug að neita því, að lög Grænendinga hafi í ímsu verið lík íslenskum lögum, þar sem landið var bigt frá Íslandi. Enn hitt er beint á móti heimildarritunum, að Grænland hafi lotið löggjafarvaldi Íslendinga. Í Grænendingaþætti (Flat. III. 450) telur Ketill Kálfsson sjer það til gildis, að »sjer sje kunnug grænlensk lög« og víðar segir sami þáttur, að það eða það hafi gerst »að grænlenskum lögum«. Höf. tekur það og sjálfur fram, að Grænendingar höfðu sitt Alþingi út af firir sig, og getur um lög þau, er það samþikti um stofnun biskupsstóls, enn fremur að Grænendingar höfðu sinn eiginn lögsögu-

mann. Það var og langt firir þá að sækja lög sín hingað og laga sig eftir öllum þeim laganímælum, sem íslenska Lögrjettan tók í lög, með þeim samgöngum, sem þá voru. Það sannar ekkert í þessu efni, þó að svo standi í Grágás (Staðarhólsb. 389. bls.), að hver maður, sem er sekur á Grænlandi, skuli og vera sekur hjer. Þetta ákvæði er alveg sjerstaklegs eðlis, og má helst jafna því til samninga milli ríkja nú á dögum um framsal glæpamanna, og ef það sannar nokkuð, þá sannar það helst það, að grænlenk lög hafi í þessu efni náð til Íslands! Eini flugufóturinn, sem höf. ber firir þessari fjarstæðu, er það ákvæði í Grágás, að það varði fjörbaugsgarð, »ef maður á konur tvær hjer á landi eða í vorum lögum«. Hann heldur fram skoðun V. Finsens, að hjer sje orðin »í vorum lögum« sama sem á Grænlandi, og eiðir mörgum óþarfa orðum að því að reina að hrekja það sem jeg hef sagt, að þessum orðum sje hjer við bætt til að taka af allan efa um það, að þetta lagaákvæði nái líka til bigðra eija við Ísland, svo sem Grims-eijar eða Vestmanna-eija. Höf. virðist ekki hafa lesið Grágás með mikilli athigli, úr því að hann hefur ekki tekið eftir því, hve nákvæmir hinir fornu íslensku lög-gjafar eru í orðavali, og hve þeir hafa látið sjer ant um að taka út ifir allar æsar og orða lögin svo, að ekkert undanskot gæti átt sjer stað. Það vill nú svo vel til, að jeg get bent honum á annan alveg samskonar stað í Grágás, sem tekur af allan efa í þessu efni. Þar sem talað er um, hvernig fara skuli með dánarfje eftir mann, sem andast á skipi, standa þessi orð í Grág. Konungsbók I 243. bls. og alveg samhljóða í Staðarhólsbók 93. bls.: »Enda skulu þeir svá fara með því fé, ef maðr andask at skipi, þá er þeir skulu héðan fara, sem áðr ertínt, eða svá ef þeir búu í landfestum við Ísland eða þær eyjar hér, er bygðar eru.« Hjer þótti forfeðrum okkar ekki nóg að segja »í landfestum við Ísland«, því að þá gæti maður, sem fór ólöglega með dánarfje, skotið sjer undan

lögnum, ef hann lá í landfestum t. d. við Vestmannaeyjar. Á sama hátt þótti þeim varlegra á firri staðnum að bæta við »í vorum lögum«, til þess að maður, sem átti tvær konur, aðra »hjer á landi«, enn hina t. d. í Grimsei, gæti ekki skotið sjer undan firirmælum laganna.

Á 32. bls. kemst höf. loks að efninu, afstöðu Íslendinga við önnur lönd fram undir lok 12. aldar. Þessi kafli er lítið annað enn orðrjett uppprentun alkunnra sögustaða, langar romsur úr Landnámu, Heimskringlu, Jómsvíkingasögu, alt saman ómelt og gjörsneitt öllum sjálfstæðum eða frumlegum sögulegum röksemdum eða hugsunum. Það er eins og höf. liggi lífið á að teigja sem mest úr efninu, er hann dirfist að misbjóða lesendum sínum með slikum langlokum. Og þó er langt frá því, að hann tæmi efnið. Ekki minnst hann t. d. einu orði á það, sem Landnáma segir (útg. 1843, 276. bls.), að Haraldur hárfagri hafi haft afskifti af reglum þeim, er landnámsmenn settu um viðáttu landnáma, ekki heldur á það, að sáttmálinn við Ólaf helga um rjett Íslendinga í Noregi hafi verið endurnijaður og svarinn á ní first á dögum Ísleifs biskups og síðar á dögum Gizurar biskups (Grágás Konungsb. II. 197. bls.), ekki á hjálp þá, er Haraldur konungur harðráði veitti Íslendingum, þegar hallæri var á Íslandi (Hkr. Har. harðr. 36. k.), nje heldur á íms ákvæði í Grágás, sem snerta samband Íslendinga við önnur lönd (t. d. um dánarfje þeirra manna íslenskra, sem andast erlendis, Grág. Kb. 125.—126. k., Sthb. 68.—70. k., og um erfðir útlendra manna, Grág. Kb. 120. k., Sthb. 61. k. o. fl.), og ekki á viðskifti Íslendinga við England um 1200 (Ísl. Fornbrs. I 481. bls.).

Í 2. kafla ritar dr. J. Þ. um lögskil á Íslandi frá 1220 til 1262. Dr. Berlin hafði haldið því fram, að fullkomið stjórnleisi hefði verið á Íslandi á næstu árunum áður enn Íslendingar gengu á hönd konungi. Gagnvart þessu tók jeg það fram í riti mínu »Enn um upphaf konungvalds«, að Alþingi virtist hafa verið haldið reglulega á hverju ári alt fram að 1262, að jeg hefði rannsakað þetta atriði sjer-

staklega um 25 síðustu ár þjóðveldisins, 1238—1262, og fundið þess getið um hvert einasta af þessum árum, að Alþingi hafi verið haldið, nema um árin 1245, 1247, 1256, 1258 og 1261, enn engin ástæða sje til að efast um, að Alþingi hafi verið haldið þessi 5 árin líka, þó að sögurnar geti þess ekki, og varla muni nokkurt annað 25 ára tímabil í sögu landsins vera fjölskrúðugra í þessu efni enn árin 1238—1262. Dr. J. Þ. tekur til rannsóknar nokkuð lengra tímabil enn jeg (árin 1221—1262), enn að öðru leiti notar hann röksemdaleiðslu mína, alveg óbreyttu að efninu til, enn geturekki um, að hann hafi hana frá mjer. Hver sem ekki trúir, að þetta sje rjett, hann lesi Andvaragrein þeirra drs. J. Þ. 68.—69. bls. og beri hana saman við nefnt rit mitt 20.—21. bls. T. d. ber okkur alveg saman um, hver þau fimm ár eru, er ekki er getið um Alþingi. Munurinn er að eins sá, að jeg segi það á hálfri blaðsíðu, sem dr. J. Þ. eiðir til — 20 blaðsíðum! Það er hreinasta furða, hvað hann getur látið sjer verða mikið úr litlu efni. Hann ténir upp úr heimildarritunum alla vitnisburði um alþingishald á þessum tíma, prentar þá upp orðrjett og raðar þeim eftir árum, alveg eins og hann væri að gefa út Fornbrjefasafnið! Við þessar málalengingar hækka auðvitað ritlaunin, enn ekki tekst höf. með þeim að breiða ifir það, að hann hjer skreitir sig með annara fjöðrum, að því er snertir röksemdaleiðsluna í heild sinni.

Allur hinn síðari hluti ritgjörðarinnar (3.—7. kafli) er eftir Einar Arnórsson, og ber hann af »skrifu« dr. J. Þ. eins og gull af eiri, þó að mart megi að finna. Herra E. A. fillir ekki rit sitt með ómeltum útdráttum úr heimildarritunum, heldur reinir hann að gera sjer ljóst, hvað í þeim stendur, og leiðir af því áliktanir sínar, og leitast við að rökstiðja þær. Stundum tekst honum þetta sæmilega, enn stundum detta í hann óskiljanlegar meinlokur, einkum þegar hann er að bera sig að verja vanhugsáðar staðhæfingar, er hann hafði haldið fram í »Ríkisrjettindum«. Í 3. kafla skirir hann frá skoðunum manna á sambandi Noregs

og Íslands eftir Gamla sáttmála. Þar hefði hann ekki átt að taka með samtíða vitnisburði um það, sem gerðist 1262, því að slíkt verður að telja meðal sögulegra heimilda um viðburðinn, og má ekki setja það á bekk með skoðunum »Pjeturs eða Páls« nú á síðari tímum. Að því er snertir þessa samtíða vitnisburði hefur hann (á 79. til 80. bls.) að miklu leiti stuðst við rit mitt »Enn um upphaf konungsvalds« 42.—44. bls., enn getur þess þó ekki, líklega af ógáti. Enn frá eigin brjósti bætir hann við tilvitnunum í Árna biskups sögu, þar sem talað er um »stjórn ríkisins á Íslandi« og »ríkisstjórn á Íslandi« í brjefum, sem fóru á milli Magnúsar konungs og Árna biskups, og Þorvarður Þórarinsson segir í brjefi til konungs, að »eigi verði allhægt að stjórna ríkinu«. Leiðir hann af þessu þá áliktun, að þeir konungur, biskup og Þorvarður hafi skoðað Ísland sem ríki sjer. Enn sú áliktun finst mjer mjög vafasöm, því að orðið ríkisstjórn (stjórna ríkinu) getur á öllum þessum stöðum táknað stjórn als Noregs konungs ríkis í heild sinni að meðtöldum skattlöndum, enn með sjerstöku tilliti til Íslands. Allstaðar, þar sem orðið ríkisstjórn kemur fyrir í norskum lögum, er það haft í þessari víðtæku þýðingu (sbr. sjerstaklega rjettarbót Hákonar hálegs »um ríkisstjórn« NgL. III. 51—52 og orðasafn Hertzbergs), og sínir það, að þessi þýðing orðsins tíðkaðist við hirðina norsku. Mjer finst því þessi skýring herra E. A. ekki vera alveg litlaus. Í 4. kafla rekur hann aðdraganda viðburðanna 1262—1264, og hef jeg fátt við það að athuga, enda kemur það flest vel heim við það, sem jeg hef áður sagt um það efni. Einkennilegt er það, að höf. segir hjer á einni bls. flest hið sama, sem dr. J. Þ. hefur áður sagt á 32 blaðsíðum, um samband Íslands við önnur lönd, þeim mun gagnorðari er hann. Í 5. kafla skýrir höf. frá aðferð þeirri, sem höfð var við lagasetning á þjóðveldistímanum, og þá auðvitað líka 1262, og kemst í aðalatriðinu að sömu niðurstöðu og jeg, að með laganímæli skildi fara eftir sömu

reglum og með lögmálsprætur. Í neðanmálgrein á 104.—105. bls. minnst hann á stjórnarfarssögu vora á 10. öld og verður honum þar sú meinloka að segja, að »heimildarritin gefi enga áttillu til« að ætla, að norðlensku þing-in hafi verið orðin fjögur um 965, þegar landinu var skift í fjórðunga. Ari segir um þetta í Íslendingabók 5. k.: »Þá vas landinu skipt í fjórðunga, svá at þrjú urðu þing í hverjum fjórðungi, ok skyldu þingunautar eiga hvar saksóknir saman, nema í Norðlendingafjórðungi váru fjögur, af því at þeir urðu eigi á annat sáttir; þeir es fyrir norðan váru Eyjafjörð vildu eigi þangat sækja þingit, ok eigi í Skagafjörð þeir es þar váru fyrir vestan«. — Annaðhvort kann jeg ekki að lesa mælt mál, eða hjer er gefið í skin, að menn hafi viljað fækka norðlensku þingunum, til þess að þar irði 3 þing eins og í hinum fjórðungunum, annaðhvort að norðan með því að fá Þingeiinga til að sækja þing í Eyjafjörð, eða að vestan með því að fá Húnvetninga til að sækja í Skagafjörð, enn þetta hafi orðið að engu firir mótstöðu Þingeiinga og Húnvetninga, sem ekki vildu leggja niður þing þau, sem þar vóru firir. —

Í 6. kafla talar höf. um hinn eina rjetta »Gamla Sáttmála«, sáttmálann frá 1262, og um skjal það, sem kallað hefur verið ranglega »Gamli sáttmáli« og Jón Sigurðsson hefur heimfært til 1263 og 1264, enn er í raun rjettri Alþingissamþikt, líklega frá árinu 1300. Firirsögnin firir kaflanum »Sáttmálarnir« (í flt.) er í meira lagi lituð, því að engar heimildir eru firir því, að hið síðarnefnda skjal sje sáttmáli, samþiktur af konungsveldinu, og herra E. A. gerir enga tilraun til að sanna það. Þvert á móti ber upphaf skjalsins það með sjer, að það er einhliða Alþingissamþikt. Höf. er auðsjáanlega í mestu vandræðum með þennan »sáttmála« sinn, neitar hvergi beinlínis, að hann kunni að vera frá 1300 eða 1302, enn kemst þó loks að þeirri niðurstöðu, að hann muni vera frá árinu 1281, sama árinu og Jónsbók var lögtekin, samþiktur á alþingi rjett á undan henni, einkum af því að í honum standi það

ákvæði, að erfðir skuli uppgefast fyrir Íslendingum í Noregi, hversu lengi sem staðið hafa, og geti það ekki vel verið ingra enn Jónsbók, því að eftir Jónsbók Kvg. 18 falli erfðir Íslendinga í Noregi undir konung, ef þær eru ekki hirtar innan 10 ára. Eftir þessu hafa þá Íslendingar samþikt tvo »sáttmála« sama árið, lögbókina og þennan »sáttmála«, hvorn öðrum ósamhljóða að efni til! Höf. gætir þess ekki, að skjalið skírir sjálfst, hvernig á því stendur, að það tekur hjer upp lagaákvæði, sem var eldra en Jónsbók, þar sem það first talar um »þau heit, sem í móti skattinum var játað« og síðan tekur upp með nokkrum viðaukum alt aðalefni hins rjetta Gamla Sáttmála (1262), þar á meðal ákvæðið um erfðirnar. Það er rjett, að þetta ákvæði er eldra enn Jónsbók, enn að segja, að skjal, sem vitnar í þetta gamla ákvæði, hljóti fyrir það að vera eldra enn Jónsbók, það er jafnfjarstætt, eins og ef einhver vildi álikta sem svo: Bókin »Ríkisrjettindi Íslands« vitnar í Gamla Sáttmála, því hlítur hún að vera skrifuð, áður enn Jónsbók var lögtekin. Höf. verður og að slá svörtu striki ifir þau orð í þessum svo kallaða »sáttmála«, þar sem landsmenn »bjóða virðulegum herra Hákonni konungi hinum kórónaða« þjónustu sína, því að árið 1281 var Eiríkur konungur ifir Noregs veldi. Ef þessi orð skjalsins eru ómerk og að engu hafandi, þá má eins strika út eða breita hverju öðru sem í því stendur, og hvaða mark er þá á því takandi? Annars heldur höf. því fram, að ákvæðið um, að erfðir skuli uppgefast, hversu lengi sem staðið hafa, sje eldra enn hinn rjetti Gamli Sáttmáli (1262), og ber fyrir því Staðarhólsbók 88. bls. (»enda er nú heimting til fjárins hvégi lengi sem þat liggir«) og 96. bls. (»en féit liggir sér nú aldri«). Hann gætir þess ekki, að Staðarhólsbók er skrifuð hjer um bil 10 árum eftir Gamla Sáttmála, og að allar líkur eru til, að hún hafi einmitt tekið þetta ákvæði eftir honum. Orðið nú á báðum stöðunum bendir bersinilega til þess tíma, þegar skinnbókin er rituð. Annars greinir höf. nokkurn veginn rjett

efnið í Gamla Sáttmála, nema hvað hann sleppir úr honum loforði konungs »að halda friði ífir landsmönnum«.

7. kafli er um »samband Íslands og Noregs«. Sumt er þar rjett athugað, enn sumt er ritað af meira kappi, enn góðu hófi gegnir, og líkist fremur málaflutningsskjali enn vísindariti. Kemur þetta stundum fram ósjálfrátt í rithættinum (sbr. »halda því fast fram« á 148. bls.). Hjer eru margar staðhæfingar mjög vafasamar og sumar beinlinis rangar, og irði það of langt mál að eltast við það alt saman. Hjer skal að eins drepið á fáein merki-leg atriði.

Í riti mínu ‚Enn um upphaf konungsvalds‘ 69. bls. standa þessi orð: »Alstaðar, þar sem Jónsbók talar um bestu (skinsömustu, góða, vitra) menn við hlið konungs, sem hann skuli leita ráða hjá, hefur hún ber-sínilega þessi orð í norskri merkingu, um konungs-ráðið«. Höf. heldur því fram, að hjer sje ekki í lög-bókinni átt við hið vanalega ráðaneiti konungs, heldur við bestu (skinsömustu, góða, vitra) menn íslenska. Þetta gæti verið rjett, ef sannað irði, að konungur hafi altaf haft sjer við hönd íslenska menn til ráðaneitis um íslensk mál. Enn firir því eru engar heimildir, og höf. reinir ekki einu sinni til að sanna það. Það er og í beinni mót-sögn við það, sem höf. játar sjálfur á 149. bls., að konungur »hafði frjálsar hendur að lögum í því, til hverra hann vildi leita ráða um stjórnarathafnir sínar.« Hann gat leitað ráða til Íslendinga, ef þeirra var kostur við hirðina, enn að sjálfsögðu hefur hann oftast leitað ráða til þeirra manna, sem hann var vanur að ráðfæra sig við, til konungsráðsins, enn í því sátu að öllum jafnaði tómir Norðmenn, þó að það gæti komið firir, að í þeim hóp væri einn eða tveir Íslendingar. Árna biskups saga bendir og til, að í framkvæmdinni hafi vanalega einn maður í konungsráðinu verið skipaður ífir Íslandsmálin konungi til ráðaneitis, t. d. Álfur jarl árið 1286 (Bisk. I 756) og Auðun hestakorn árið 1289 (Bisk. I 777), báðir Norðmenn (sbr. ‚Um upphaf kv.‘ 67. bls. nm.). Hjer kennir því öfga

hjá höf. Einstöku sinnum má þó sjá, að konungur leit-
aði ráða bæði hjá konungsráðinu og bestu mönnum ís-
lenskum. Í rjettarb. 14. júní 1314 segist Hákon konung-
ur hafa hugsað efni rjettarbótarinnar »með beztu manna
ráði ok bænarstað þeirra vitrustu manna héðan af land-
inu.« Jeg hef altaf verið og er enn á þeirri skoðun, að
hjer tákni orðið »beztu menn« í munní konungs ríkisráðið,
eins og vant er, enn »vitrustu menn héðan af landinu« sje
Íslendingar. Það er ekki í neinni mótsögn við þetta, þó
að jeg segi í ‚Upph. kv.‘ á 64. bls., að konungur »segist
hafa ráðfært sig við bestu menn á Íslandi um efni rjettar-
bótarinnar«, því að orð hennar »(með) bænarstað þeirra
vitrustu manna hér a landi« tákna að efninu til svo
að kalla hið sama og »ráðfært sig við bestu menn af Ís-
landi« hjá mjer, og til þeirra orða einna vísa jeg á
nefundum stað. Annars er mart fróðlegt í því, sem höf.
ritar um afskifti ríkisráðsins af Íslandsmálum á síðari
tímum. Enn af því verður sú ein álíktun leidd, að ráðið
hafi mjög oft látið íslensk mál til sín taka og að Íslend-
ingar hafi sjálfir bæði beinlínis og óbeinlínis viðurkent rjett
þess í því efni. Merkillegt er, að höf. gengur í þessu efni
þegjandi fram hjá Alþingissamþíktinni frá 1306, þar sem
Alþingi biður »virðulegan herra Hákon konung og alla
aðra dugandis menn« — það er auðvitað í þessu sam-
bandi ríkisráðið — »að þeir þröngvi oss eigi fram-
ar en lög votta til meiri áлага«, og óskar að Alþingissam-
þíktin verði »konunginum í Noregi og öllu hans rjettu
ráðuneiti til vegs og virðingar, enn oss til friðar og
frelsis«. Hjer er konungurinn og ráðið sett í mótsetning
við Íslendinga (»oss«), og það af Alþingi sjálfu.

Furðu djarft finst mjer það vera af höf. að neita því
þvert ofan í handritin, að Konungserfðir hafi frá upphafi
staðið í Járnsíðu, Kristínrjetti Árna biskups og Jónsbók,
einkum þar sem sögulegar líkur stiðja vitnisburð handrit-
anna. Vjer vitum af Hákonar sögu, hve ant þeim feðg-
um Hákoní gamla og Magnúsi var um, að enginn skuggi

fjelli á erfðarjett þeirra til konungsdómsins, og má þá geta nærri, hvort Magnús konungur hafi ekki látið taka Konungserfðalögin í lögbækur þær, sem hann ljét semja handa Íslandi. Þó að sumt í Konungserfðum Járnsíðu eigi að eins við norska, enn ekki íslenska, staðháttu, þá sinir það að eins það, sem vjer vissum áður, að lögin eru upphaflega (1260) sett með Noreg fyrir augum, enn síðan tekin óbreitt inn í Járnsíðu. Að því er Jónsbók snertir, þá vitnar nefndarmannasambíktin frá 1302 í »eiðstaf, sem stendur í bók vorri«, og á þar við Bóndaeið, sem stendur í Konungserfðum Jónsbókar, og verður að skoða þetta sem vitnisburð um, að nefndarmennirnir hafi talið Konungserfðirnar einn þátt Jónsbókar. Alt sem höf. ritar um þetta á 160.—161. bls. eru eintómar hártoganir. Hann fer svo langt að segja, að þessi vitnisburður nefndarmannanna sanni ekki meira enn það, »að þeir hafi 1302 verið búnir að skrifa eiðstaf þann, sem þeir hiltu konung eftir, inn í Jónsbókarbandrit sín«! Og þennan eið, sem þeir skrifa inn í lögbækur sínar, segir hann að umboðsmenn konungs hafi »auðvitað« stafað þeim. Heldur hann þá að allir nefndarmenn, 84 talsins, hafi haft með sjer hver sitt Jónsbókarhandrit til Alþingis árið 1302? Hinu gengur höf. þegjandi fram hjá, sem jeg hef sínt (»Enn um upphaf kv.« 39. bls. nm.), að Alþingissambíktin frá 1300 vitnar einnig í »grein laganna«, sem stendur í Konungserfðum. Satt er það, að Skálholtsbók hefur ekki Konungserfðakaflann í rjettri röð, enn hún hefur hann þó, og meira að segja vísar til hans í ifirskrift, sem stendur í handritinu, þar sem Kristindómsbálkur hefst (»Hér hefr kristins dóms bálk með konunga erfðatali«. Jónsbók Ó. H. bls. 17), og vitnar handritið sjálft þar á móti sinni eigin röð, að því er þennan kafla snertir. Í ritinu »Enn um upph. kv.« á 55.—56. bls. hef jeg sínt, hvernig á því stendur, að Árni biskup árið 1275 tók í Kristinrjett sinn Konungserfðir Járnsíðu, eða, sem er sama, Konungserfðalögin frá 1260, enn ekki hinar níju konungserfðir frá 1273, sem biskup þó hlaut að

þekkja. Það hlítur að stafa af því, að gömlu konungserfðirnar höfðu lagagildi áfram, þangað til Alþingi hafði lagt samþykki sitt á hin niju Konungserfðalög, enn það var ekki gert fir enn 1281, er þau voru samþikt með Jónsbók, og sjest á þessu að Alþingi hafði samþiktatkvæði um Konungserfðir. Herra E. A. gengur þegjandi fram hjá þessu, enn segir, að það að Árni biskup þekti Konungserfðirnar 1273 og vinátta hans við Magnús konung sje »full sönnun« (!) firir því, að Konungserfðirnar frá 1260 hafi ekki staðið í Kristinrjetti Árna frá upphafi; þetta fullirðir hann þvert ofan í vitnisburð bestu handrita (156. bls.).

Gagnvart því, sem höf. segir um hermál og utanríkis-mál, leifi jeg mjer að vísa til þess, sem jeg hef sagt um sama efni í ritinu »Enn um upphaf kv.« 49.—52. bls. Höf. játar, að konungur hafi gert samninga við önnur ríki um mál, sem Ísland skifta, enn leggur hins vegar helst til mikið upp úr Alþingissamþiktinni frá 1527 »um kaupskap útlenskra«, og það er í meira lagi litað, er hann álíktar af henni á 184. bls., að «Íslendingar hafi talið sig hafa heimild til að gera samninga við önnur ríki um utanríkis-mál«, og hefur þó á næstu bls. á undan kveðið niður þá fjarstæðu drs. J. P., að Alþingissamþikt þessi sje samningur milli Alþingis og »Hamborgarrikis« (!). Sannleikurinn er sá, að samþiktin er gerð firir »auðmjúkan« bæna-stað einstakra útlendra kaupmanna frá Hamborg og Brimum og frá Englandi, og að Þjóðverjarnir lofa að útvega brjef frá Hamborgarráði, að gjörningurinn skuli haldast. Hamborg kemur als ekki fram í skjalinu sem annar samningsaðili, og engin sönnun er til firir því, að Hamborgarráðið hafi nokkurn tíma komið þar nærri, eins og höf. játar sjálfur. Hinu gengur höf. þegjandi fram hjá, að einn af þeim mönnum, sem setja og samþykkja þennan gjörning með Alþingi er sjálfur hirðstjórinn, Jóhann Pjetursson (Ísl. Fornbrjefas. IX 415. og 416. bls.), enn hirðstjórinn var, eins og höf. segir sjálfur á 182. bls. »aðalumboðsmaður konungs« og »gat því til bráðabirgða haft vald til að veita

útlendum kaupmönnum«, í nafni konungs, »leifi til verslunar«, enn um slíkt er einmitt hjer að ræða. Alþingis-samþikt þessi ber það því sjálf með sjer, að hún er sett með samþykki konungsvaldsins.

Jeg læt þá hjer staðar numið að sinni, og er það mín einlæg ósk, að það, sem höfundarnir kunna hjer eftir að rita meira um þetta mál, megi verða svo úr garði gert, að þeim sjálfum og landi voru og þjóð sje til sóma enn engrar minkunar.

A grip af sögu holdsveikinnar á Íslandi.

Eftir *Sæmund Bjarnhjedinsson.*

Niðurl.

Um þessar mundir var skipaður *fyrsti læknir hér á landi og landlæknisembættið stofnað 1760.* Sá maður, sem þannig varð nokkurs konar faðir hinnar íslensku lækna-stéttar, var *Bjarni Pálsson.*

Bjarni landlæknir hafði haft gott tækifæri á ferðalögum sínum með Eggert (1751—57) til að kynnast holdsveikinni hér á landi og útbreiðslu hennar. Samkvæmt erindisbréfi sínu átti hann að skoða einn spítala á ári — »á *eigin kostnað*«. Hann hafði fullan hug á því að bæta spítalana og vinna að útrýmingu holdsveikinnar. Árangurinn af þessum tilraunum hans urðu að vísu ekki miklar, án þess hann þó verði sakaður um það.

Það eru til tvær skoðunargjörðir eftir Bjarna, sendar Magnúsi amtmanni Gíslasyni, önnur frá Kaldaðarnesspítala í des. 1760 (dags. $10\frac{1}{2}$ 1761), hin um Hallbjarnareyrrar-spítala 1763.²⁶⁾

Þá voru fimm menn á hvorum spítala, og er þar fyrst stutt skýrsla um sjúklingana og heilbrigðisástand þeirra, en ófullkomin, enda var skýrslan ætluð algjörlega ólæknisfróðum mönnum.

Hann bendir á þá sjúklinga, sem vert sé að gjöra *lækningatilraunir* við, í von um bata, og vill láta flytja þá heim til sín gegn venjulegu spítalameðlagi. Fyrir lækningatilraunirnar og meðöl var honum ætlaður í erindisbréfinu *hálfur forlagseyrir, ef sjúklingnum batnaði*, annars ekkert. Líklega hefir hann eigi grætt mikið á því. Bæði

Finnur biskup og hann geta þess seinna, að árangurinn sé ekki mikill.

Um *fæðið* skrifar hann allmikið. Vill hann að sjúklingar fái garðmeti að minsta kosti tvisvar í viku, og því vildi hann fyrirskipa að komið yrði upp kálgarði og kartöflurækt á spítalajörðunum. Sjúklingar væru margir matmenn og vildu líklega fá staðbetra fæði en kálmeti er. Því væri gott að hafa kartöflur handa þeim með. Þær væru bæði saðsamar og eins mætti búa til marga rétti úr þeim.

Íslenskar jurtir vildi hann og brúka til fæðu, svo sem *fjallagrös*, *skarvakál*, *hrafnaklukkur*, *heimulublöð* (*þ. e. njólablöð*), *Ólafssúrur* o. s. frv. Þá ræður hann frá að gefa súran mat, maltan eða úldinn, en kornmat í brauði og grautum með mjólk. Sjúklingum var vigtað út, en það vildi ekki Bjarni að yrði gjört eftirleiðis. Ef matarhæfinu yrði breytt þannig, hafði hann von um að ýmsum mundi batna, sumum albatna, og mundu holdsveikir í sveitunum þá einnig taka upp svipað matarhæfi.

Að Bjarni Pálsson lagði svorika áherslu á jurtafæðu, sérstaklega grænmeti, er auðskilið, af því hann, eins og aðrir, taldi holdsveikina nokkurs konar skyrbjúg, þriðju tegund hans.

Að endingu biður hann um skýrslu frá umsjónarmönnum um það, hverir séu hospitalshaldarar og með hvaða kjörum, um tölu sjúklinga á spítölunum, aldur og kringstæður þeirra; ennfremur um eignir spítalanna og tekjur. Loks segir hann að það sé almenningsstrú, »að þessi skæði sjúkdómur meir taki hér nú yfirhönd en fyrrum og sjálfur veit eg ekki, hvað margir þvilikir koma á minn fund sér hjálpar að leita«.

Þeim þótti hann sumum margspurull, höfðingjunum, einkum þar norðanlands og Finni biskupi, en amtmaður snerist vel við tillögum Bjarna um breytingar á matarhæfinu. Lætur hann sýslumann flýttja þá sjúklinga frá Kaldaðarnesi, sem landlæknir taldi læknandi, til hans, og skipar að láta spítalaráðsmenn búa til kálgarða. Kaldaðarnesráðs-

maður þekki garðrækt frá Klausturhólum, því þar vaxi grænkál og jarðepli. Fjallagrös sé auðvelt að ná í, en skarfaáli verði að sá. Sjúklingar séu fíknir í súrt skyr, súrt smjör, maltan fisk og úldinn, en nú verði þeir eftir uppástungu landlæknis að fá fjallagrös og mjölgraut fyrir fisk, verst sé með drykkinn 3: súran drukk (¹⁶/₃ 1761). Í bréfi til Bjarna nokkru seinna²⁷) segir hann: »Eg bifell í öllu míns Herra Land-Physici Observationer í hans Visitatiu Hospitalanna, en defendera Drickens Indretning. Vatnið óblandað álitst Sclavanna«. Spyr svo hvort eigi megi búa til drykk handa sjúklingunum úr fjallagrös-um eða jurtum. Ennfremur stingur hann upp á »að setja baðker«, en segir það varla hægt vegna eldiviðarleysis. Mór sé þar í jörðu, en jarðnafar vanti til að finna hann.

Skömmu eftir heimkomu sína leggur Bjarni landlæknir til í bréfi til læknadeildar háskólans, að öllum spítölunum, fjórum, verði steipt saman í einn holdsveikisspítala, Generalhospital (¹⁶/₁₀ 1761). Að leggja norðlensku spítalana niður, eins og þeir Norðlendinga höfðingjarnir vildu, var hann gjörsamlega mótfallinn vegna áframhaldandi útbreiðslu holdsveikinnar. Út af því segir hann í bréfi til amtmanns. « . . . annullatio þeirra (spítalanna) er mér viðbjóðsleg; status præsens óþolandi; Combinatio þeirra til Generalhospitals örðug að stifta, en kynni hafa stærsta Nytte« (²/₁₀ 1763).

Svo er að skilja sem amtmaður hafi verið hugmyndinni hlyntur, en þótt málið illa undirbúið, og eins var t. a. m. um *Skúla landfógeta*. Skrifar hann Bjarna, að »hugmyndin hafi höfuð og hala en vanti innýflin«: nægar skýrslur um tekju spítalanna o. fl.²⁷)

Af umsjónarmönnum sunnanlands var *Finnur biskup þessu mjög mótfallinn*, en lögmaður *Björn Markússon* heldur hlyntur í sjálfu sér, en segir það þó ómögulegt vegna fjárpestarinnar og efnahnekkis þess, sem hún baki. En heimta mundi hann, að *spítalinn ætti sjálfur alt sitt bú og launadi sjálfur ráðsmann og þjónustufólk* (¹⁶/₃ 1766)²⁷).

Aðalmótmælin gegn þessari tillögu Bjarna Pálssonar

var fátækt spítalanna og samgönguskortur milli ýmsra landshluta. Sögðu menn — líklega með réttu — að sjúklingar gætu ekki komist í þenna tilætlaða spítala nema úr nærsýslunum.

Eftir tillögu landlæknis skipaði konungur *sex manna nefnd* í málið 1766, þrjá veraldlegrar stéttar menn og þrjá andlegrar. Um starf þessarar nefndar er mér ekki annað kunnugt en það, sem *Jón landlæknir Sveinsson* segir í tillögum sínum í spítalamálinu ($\frac{1}{8}$ 1791), að *hún hafi komið saman á Eyrarbakka, en nefndarmenn ekki orðið ásáttir og hafi enginn árangur orðið af starfi þeirra.*²⁸⁾

Þannig fórst þessi tilraun fyrir, að stofna *einn* spítala fyrir holdsveika í stað gömlu spítalanna.

Tillaga Jóns Sveinssonar (landlæknis 1780—1803) var sú, að *spítalarnir í Kaldaðarnesi og á Hörgslandi og svo Gufunesspítali*, sem ekki var ætlaður holdsveikum, væri lagðir niður, en að *einn spítali yrði byggður í þeirra stað á landlæknissetrinu Nesi handa 16 »limum«, og séu fimm þeirra holdsveikir, ungir menn, sem von sé til að læknist.*

Ekki tókst betur með þessa tillögu en hina fyrri um einn holdsveikraspítala í landinu. Það þótti með öllu óleyfilegt að nema spítalana úr gildi, af því að þeir væru stofnaðir með gjöfum til uppeldis og einangrunar holdsveikum, en annars ekki.

Þetta var í fyrsta skifti að tillaga kom fram um að hafa holdsveika sjúklinga og aðra í einum spítala.

Jón Thorstensen (landl. 1820—1855) var þessari hugmynd mjög hlyntur, vildi láta stofna einn spítala fyrir hvoratveggja, holdsveika og aðra sjúklinga, en vildi láta nema *alla* gömlu spítalana úr gildi⁴⁾. Þó var hann seinna því móthverfur, þegar alvara varð úr.

Á síðustu áratugum 18. aldarinnar og á 19. öldinni batnaði fjárhagur spítalanna talsvert vegna betri stjórnar og eftirlits með innheimtu á gjöldum þeirra.

Samkvæmt erindisbréfi Bjarna Pálssonar var landlæknum falið að skoða einn spítala á ári. Þeir ræktu

þá skyldu slælega, enda höfðu þeir í mörg horn að líta. Loks 1824 voru þeir leystir af þeim starfa. Þótt afskifti þeirra af spítölunum væru fremur lítil — að Bjarna undanteknum —, varð þessi breyting síst til bóta. Því þótt þeir hefðu að visu eigi umsjón spítalanna á hendi, var þó við og við tekið tillit til tillagna þeirra.

Á síðari helming 18. og fyrstu árum 19. aldar voru að visu fleiri sjúklingar í spítölunum en fyrripart 18. aldar, en svo fór þeim heldur að fækka, enda oft nokkuð synjað móttöku, þótt nóg væri húsrými og fjárhagur þeirra farinn að verða sæmilegur.

Brynjólfur biskup ætlaðist auðsjáanlega til upphaflega að vel færi um sjúklingana og að húsakynnin yrðu góð, en af úttektarskýrslum frá fyrri hluta 18. aldar sést það greinilega, að það hefir verið öðru máli að gegna. Lítil voru þau þá og loftlítil, lekasöm og oft köld. Að visu var skipað fyrir í tilskipun konungs 1746, að svo mætti ekki vera, en lítið lagaðist það, og má sjá það á lýsingum landlæknanna.

Þannig segir *Bjarni Pálsson* eftir skoðunargjörð sína á Eyrarspítala í bréfi til Magnúsar Gíslasonar amtmanns (⁸⁰/7 1763):

»Ach Jammer! Vi flatteres af Navn af Hospitaler, men Renten høster vi ikke . . . Huset de lever i Er det et ærligt Lambhus, Siobud eller endelig Bæiarskåle. Kort sagt for mig som medicus loci er det en Ælendigheds Ælendighed at se paa saa Husene, saa Mennesker der er indrømmet i dem som membra hospitalitatis og re vera burde saaledes handles, men disse lægges ind som Slaverne i evig Fængsel . . .«

Jón Sveinsson segir um 30 árum síðar, að það séu skítugir, saggafullir moldarkofar, sem holdsveikum sé troðið inn í án hæfilegra meðala, matarhæfis eða hirðingar, svo að hinir veiku líkamir rotni upp lifandi.

Í sambandi við þetta nefnir hann ýms klækibrögð til þess að svíkja spítalana á fiskhlutunum: 1) Ef lítið aflist, sjái menn um, að hlutur komist ekki upp í fimm

fiska og rói heldur tvisvar á dag. 2) Þegar góður affi sé, fari þeir heim, þegar fimm fiskar séu komnir í hlut og rói svo ef til vill aftur sama dag. 3) Velji menn úr minstu og mögrustu fiskana handa spítölunum. 4) Hospítalshlutirnir (merktir H) séu látnir vera í vanhirðu og verði því enn verri verzlunarvara, sem seljist seint og illa, og þá verði loks að draga frá háa »pakkhús«leigu²⁸).

Jón Hjaltalín ber þeim ekki glæsilegri sögu vegna sóðaskapar og annars. Bjarni var sá eini af landlæknunum, sem heldur vildi halda þeim, þótt vondir væru, vegna þess, að hann óttaðist útbreiðslu veikinnar, en þótti auðvitað, eins og getið hefir verið um, brýnasta nauðsyn að bæta þá, eða helst að byggja eitt gott »hospítal« handa holdsveikum. Hinir höfðu enga trú á *nytsemi* þeirra, eins og þeir voru, og töldu *enga þörf* á svona löguðum einangrunarstofnunum. Gamla kenningin um sótt næmi veikinnar var að hverfa, en arfgengiskenningin að ryðja sér til rúms.

Þegar svo Hjaltalín, þessari kenningu til staðfestingar, segir, að *þeir 128 holdsveiklingar, sem hafi verið taldir 1838, hafi allir verið komnir af holdsveikum foreldrum*, má geta nærri, að alþýða manna hefir ekki þótt þurfa fram- ar vitnanna við. En nú vill svo vel til að skýrsla þessi, sem Hjaltalín vitnar til, er til enn þá hér í Landsskjalasafninu. Í henni eru að visu ekki nema 83 sjúklingar, en *einir níu af þeim áttu holdsveika foreldra*, foreldrar fimtíu og fjöggra voru ekki holdsveikir og um tuttugu er ekki talað. Hjaltalín, sem annars var gáfumaður og viðlesinn, hætti stundum við að vera nokkuð óprúttinn og fljótfær í röksemdum sínum og ályktunum.

Þegar svo ofan á alt þetta bættist, að spítalarnir áttu allmiklar eignir, þá orðið, en peninga var þörf til þess að bæta úr læknaæðinni í landinu, þá var varla von, að stjórnámálamenn landsins stiltu sig lengur. 1847 var því samþykkt af alþingi áskorun til konungs um að afnema þá, og var það gjört með auglýsingu dómsmálastjórnar-

innar 23. ágúst 1848. Spítalajarðirnar skyldi selja eða leigja og setja andvirðið í spítalásjóð.

Ákvæðin um spítalahlutina héldu áfram um hrið.

Þannig hurfu þessar gömlu stofnanir, sem staðið höfðu yfir 200 ár, og var þeirra saknað af fáum.

Tala spítalásjúklinganna var talsvert mismunandi. Sunnlensku spítalarnir voru upphaflega ætlaðir 12 sjúklingum, hvor um sig. Aldrei komu svo margir í þá.

Það er helst í spítalareikningunum gömlu, að hægt er að fá hugmynd um, hve margir holdsveiklingar voru »einangraðir« eða nutu »ölmusu konungs« á ýmsum tímum. Frá 17. öldinni vantar reikninga hér á Landsskjallasafninu, en af bréfum biskupa fá menn dálitla hugmynd um það.

1658 voru 4 sjúklingar á *Hallbjarnareyrarspítala*. Sama ár var síra Magnúsi Péturssyni byggður *Hörgslands-spítali* »með 4 vanfærum ómögum«.

Það gekk mjög skrykkjótt með *Klausturhólaspítala* framan af, eins og áður var getið, og varð að loka honum um hrið. En 1678 segir Þórður biskup Þorláksson í bréfi til Sigurðar Björnssonar lögmanns, að þar séu þá »fimm spítelskar skiepnur með eirne, sem ber sig sier og hinum að þjóna«, og fjórum árum síðar segir biskup, að í nokkur undanfarin ár hafi sjaldan færri sjúklingar verið þar en 5. Árið 1683 voru þar 7 spiltir. 1675 fekk Hrólfur sýslumaður Sigurðsson *Mödrufellsspítala* með »4 spítelskum ómögum«.

Eins og áður var getið, voru færri sjúklingar í spítölunum á biskupsárum þeirra *Jónanna*, *Vidalins* og *Árnasonar*, en fyr og síðar, 8—10 venjulega á ári, en stundum færri. Í biskupstíð þeira *Jedga Finns* og *Hannesar* voru vanalega 10—15 holdsveikir í spítölum.

Eftir 1800 var sjúklingafjöldinn oftast 8—10 á ári, stundum 12.

Aðgönguskilyrðin. Spítalarnir voru uppeldis- og einangrunarstofnanir fyrir holdsveika menn, *einkum fátæklinga*, sem annars flökuðu um sveitirnar og lifðu á ölm-

usum aðallega. Þeir hlutu því fremur öðrum að breiða sjúkdóminn út meðal almennings. Þó voru *engin ákvæði hvorki fyr né síðar, er neyddu slíka sjúklinga að fara í spítalana*, eins og alsíða var erlendis, og þess vegna gekk baráttan gegn sjúkdómnum miklu ver en þar. Samt eru líkindi til að sveitirnar hafi stundum sent holdsveika ómaga þangað, hvort sem þeim var það leitt eða ljúft.

Umsóknir um spítalavistina varð að senda umsjónarmönnum, biskupum eða lögmönnum, og var ráðsmönnum harðlega bannað að taka nokkurn sjúkling án þeirra leyfis. Sóknarprestarnir og einhverir aðrir dánumenn, venjulega hreppstjórar, urðu að senda vottorð um kristilegt framferði sjúklinganna og að þeir verðskulduðu að komast í spítalana sem »kongsins sannir ölmusumenn«, þ. e. fátækir, frænda- og vinalausir holdsveiklingar. Stundum komust þangað sjúklingar holdsveikir, sem áttu efnaða að, er lögum samkvæmt áttu að veita þeim uppeldi sitt, en þá varð að leggja spítölunum með þeim árlega *fullt* meðlag, sem frá 1746, að minsta kosti, var 5 hndr. á landsvísu fyrir karlmann, en 4 hndr. með kvenmanni. En með fátæklingum áttu sveitirnar að borga fyrirfram *forlagseyri* 3 1/2 eða 2 1/2 hndr. eftir því, hvort sjúklingurinn var karl eða kona, auðvitað í góðum og gjaldgengum landaorum. En það vildi stundum verða misbrestur á því, eins og þegar Hornfirðingar sendu síra Einari Hálfðánsyni í forlagseyri: »2 hesta, kistukorn, járnþott, ein hárreipi núin, eitt ólarreipi, eitt hárreipi, birkiklyfbera, litilfjörlegt og fánýtt reiðingskorn«. Á 17. öldinni var og oft heimtað af sveitunum *þjónustukaup* með sjúklingunum að réttu hlutfalli.

Þegar leyfið var fengið, voru sjúklingarnir fluttir í spítalana án allrar þeirrar viðhafnar sem tíðkaðist í erlendum holdsveikraspítölum á miðöldunum.

Í stórum erlendum holdsveikraspítölum var sumstaðar allfjörugt félagslif meðal sjúklinganna og þeim veitt hlutdeild í stjórn spítalanna að ýmsu leyti. Um slíkt var ekki hér að ræða. Spítalarnir voru of litlir til þess.

Sjúklingunum var ætlað að *vinna*, þegar heilsan

leyfði, og samkvæmt tilskipuninni frá 1746 fengu þeir sjálfir arðinn af vinnu sinni.

Fæði hefir verið líkt og á fátækum bændaheimilum, en mismunandi nokkuð eftir samviskusemi ráðsmanna og efnahag. Stundum varð svo þröngt í bú, að biskupar urðu að selja spítölunum vistir.

Á sumum spítölunum voru stór kúabú, t. a. m. á Hörgslandi. Í úttekt þaðan frá 1733 eru nefnd *tvö fjós fyrir 24 nautgripi alls*. Það var ætlast til að sjúklingarnir fengju næga mjólk, þótt stundum yrði misbrestur á því. Tilskipunin frá 1746 vill koma í veg fyrir hann með því ákvæði, að siður skuli taka ráðsmann með mörgum börnum, sem drekki upp mjólkina frá hinum holdsveiku.

Ekki þótti Bjarna landlækni spítalafæðið holt. Vildi hann láta banna að gefa sjúklingum súrmeti, úldinn og maltan fisk, eins og tíðkist, heldur láta þá fá kálmeti, kartöflur og *islenskar ætjurtir*. Sjúklingar mótmæltu harðlega þeirri breytingu, en hafa þó líklega smám saman sætt sig við þetta. Að minsta kosti verða menn þess varir þegar kemur fram yfir 1800, að sumstaðar fengu þeir *njóla* og *hvannir*. *Sveinn Pálsson*, sem skoðaði Hörgslandsspítala 1810, segir að ráðsmaður hafi ræktað »hvanngarð í þeim víðlenda húsagarði«. Njólar voru þar þriggja álna og hvannir tæpra tveggja álna á hæð. Notaði hann hvorttveggja handa fólki sínu og nágrönnum.

Bjarni Pálsson vildi láta skipa fyrir um ákveðnar *matarákrár*. Var að vísu tekið vel í það, en fórst þó fyrir. Ekki var heldur hætt við »útvigtina« gömlu handa sjúklingunum.

Kvartanir frá sjúklingum komu tiltölulega sjaldan fram *opinberlega*, en það bar þó við. Aftur á móti kvarta ráðsmenn ósjaldan yfir vanþakklæti þeirra og þrjúsku.

Heimilt var að reka sjúklinga í burtu, ef þeir höguðu sér illa og voru óhlýðnir. Þó var sjaldan gjörð alvara af því. Eg hef eitthvað þrisvar sinnum í sögu gömlu spítalanna orðið var við slíkt. Í eitt skiftið voru það tveir holdsveiklingar í Kaldaðarnesi, karl og kona, sem

rekin voru burtu fyrir frillulífisbrot. Ekki er getið að þess konar brot hafi komið oftar fyrir, og var þó engin aðgreining milli karla og kvenna.

Mjög var það oft erfitt, að fá þjónustur handa sjúklingunum, einkum fyrst framan af, meðan menn voru hræddir um sóttnæmi sjúkdómsins.

— Þannig varð Brynjólfur Sveinsson¹⁶⁾ að skora á *Tómdás Nikulásson*, umboðsmann Hinriks Bjelke, »að skikka einhverja kerlingu, sem fær er til og fær sitt uppeldi af hreppnum til að þjóna þeim kreinktu fátæku í (Klausturhóla-) hospitalinu og hafa þar fyrir sitt uppeldi, því þess er stórlega þörf, en bæði hreppstjórnarnir, bændurnir og svo þessar kerlingar finnst svo mótviljugt, að utan því komi alvarleg yfirvaldsins Bifalning til, þá verður ekki út af nema skraf og buldur, mas og mótmæli, sem almúgans gömul vanart er til« (⁴/₁₁ 1654).

Af sömu ástæðum var það »talfært« í lögréttu 1657 — og væntanlega samþykkt, að »það hjóna sem sína maka eiga í hospitalinu skyldist það hið heilbrigða til því sjúka að þjóna, ef hospitalstilsjónarmaður svo vill heldur en það þjóni hjá vandalausum og enginn dyrfist því í forboði að halda«. Hið sama ákvæði var gjört um heilbrigð börn holdsveikra foreldra. Áttu þessi skyldmennir að veita þjónustu »fyrir ærlegt hald og tilbærilegt kaupgíald« jafnt vandalausum sem venlamönnum og koma sér vel við ráðsmanninn (³¹/₃ 1666)¹⁶⁾.

Við og við kom það fyrir, að holdsveikar konur voru spítalajónustur, launaðar, meðan þær gátu stundað sitt þjónustustarf, en urðu svo reglulegir »hospitalslimir« eins og hinir þegar veikin versnaði.

Eftir stórubólu varð Jón Vídalín biskup sjálfur að fara á stað til þess að útvega vinnufólk handa spítalanum í Klausturhólum, en árangurslaust, eftir hans sögu-sögn²⁴⁾. Seinni hluta 18. aldar heyrast sjaldan kvartanir um þess konar erfiðleika, enda var þá trúin á sóttnæmi holdsveikinnar farin að dofna.

Læknar komu sjaldan til spítalásjúklinganna síðara

hluta 18. aldar, en nokkru oftar fyrri hluta 19. aldar, er þeim fjölgaði í landinu. Frá þessum tíma finnast einstaka sinnum, en afarsjaldan þó, reikningar fyrir læknisfyrirhöfn eða meðöl.

Ekki eru neinar frásagnir til um það, í þeim gögnum, sem eg hef náð í, að sjúklingar frá *spítölunum* hafi beðið um ölmusu, eins og leyfilegt var og alment gjört í slíkum stofnunum erlendis. Þó er ekki ólíklegt, að það hafi komið fyrir, því tilskipunin frá 1746 *bannar* þeim ölmusubæninir.

Ekki er þess getið, að sjúklingar hafi fengið brottfararleyfi frá spítölunum til þess að heimsækja vini og vandamenn. Hitt kom oftast fyrir, að venslafólk þeirra heimsótti þá.

Ráðsmennirnir voru flestir bændur, líklega úr heldri bænda röð, ef kostur var á, stundum lögréttumenn, einn klausturhaldari, einn umboðsmaður. Það kom fyrir í öllum spítölunum, nema í Sunnlendingaspítalanum, að sýslumenn höfðu ráðsmenskuna á hendi: Hrólfur Sigurðsson á Möðrufelli, Vigfús Árnason á Hallbjarnareyri og Jón Ísleifsson á Hörgslandi, og átti Jón biskup Árnason í mesta stappi við hann út úr spítalanum. Nokkrir prestar urðu spítalaráðsmenn (Gísli Þóroddsson á Klausturhólum, Einar Hálfánarson á Hörgslandi, Gunnlaugur Sigurðsson og Jón »lærði« í Möðrufelli).

Eini *læknirinn*, sem vildi verða spítalaráðsmaður, var *Sveinn Pálsson*²⁷). Hann sótti um *Kaldaðarnesspítala* 1802 og sótti það fast, en fekk hann eigi, hvort sem það hefir nú verið vegna þess, að háyfirvöldunum hafi þótt hann yrði illa settur sem fjórðungslæknir eða af persónulegum ástæðum.

Meðferð ráðsmannanna á fé spítalanna var ekki ætíð sem best. Stundum komust þeir í skuldir við þá. Enda kom það fyrir, að þeim var vikið úr stöðu sinni af þeim ástæðum eða vegna ýmislegrar vanrækslu í starfi sínu. En misbrestur vildi og stundum verða á fjárgæslu umsjónarmannanna og annara ædstu valdsmanna, t. a. m. Sigurð-

ar lög. Björnssonar á Haugshúsaspítala, og ekki var Magnús lögmaður Ólafsson á Meðalfelli ánægður með spítalahlutaráðsmensku Skúla Magnússonar.²⁷⁾

Afarerfitt er að svara því, *hvort holdsveikraspítalarnir hafi náð tilgangi sínum*, að stemma stigu fyrir útbreiðslu veikinnar, eins ófullkomnir og þeir voru, og jafnfáa sjúklunga sem þeir gátu tekið. Líklegast er að *óbeinlínis* hafi þeir haft einna mesta þýðingu. Umtalið um þá, hin óvinsælu gjöld til þeirra, umsóknirnar um spítalavist sjúklunganna og flutningur þeirra þangað hefir haldið málinu vakandi og haldið við óbeit manna á holdsveikinni, hvort sem það hefir nú verið vegna sótt næmishættunnar eða vegna þess, hve sá sjúkdómur afskræmir fólk.

Menn tóku snemma eftir því hér á landi, að holdsveikin kom oft fyrir í vissum ættum, en þá var trúin á sótt næmi hennar enn þá nógu sterk. Þegar hún fór að dofna og erfðakenningin náði meiri rótfestu, þá var farið að gjöra ráðstafanir til þess, að teppa útbreiðslu sjúkdómsins í ættunum, með því að *banna prestum að gefa nokkurn þann saman í hjónaband, karl eða konu, sem þeir álitu að væru holdsveikir, nema það sannadist með vottorði frá lækni að svo væri eigi*. Seinna voru þessi ákvæði hert með því að *banna þeim að giftast, sem áttu holdsveik foreldri eða holdsveika ættingja*. (Reskr. ²⁸/₃ 1776, ⁷/₁₂ 1827 og ⁵/₅ 1748).

Útbreiðsla holdsveikinnar.

Þess hefir þegar verið getið, að sjúkdómurinn var mjög útbreiddur á 16. og 17. öldinni. Á það benda margítrekaðar tilraunir landsmanna til að fá spítala stofnaða og svo loks stofnun þeirra um miðja 17. öldina. Ennfremur er í annálum getið um ýmsa nafngreinda menn í heldri manna röð, sem voru holdsveikir, og því full líkindi til að sjúkdómurinn hafi verið mjög útbreiddur meðal alþýðu.

Jón Gíslason frá Mógilsá, sem var læknir í Noregi, skrifar um holdsveikina þar í landi, seint á 18. öldinni. Talar hann um hræðslu Norðurlandabúa við holdsveikina,

og að þeir hafi eigi þorað annað en að ákalla drottinn, þegar þeir nefndu hana, eins og hið alkunna orðtæki Íslendinga sýni: »Hann er spitelstur. Guð sé oss næstur«. Því miður eru engar skýrslur til um tölu holdsveiklinga hér fyr en á síðari hluta 18. aldar.²⁹⁾

Stórabóla (1707) hefir vafalaust fækkað þeim mikið, *en alls ekki eytt veikinni*, eins og bréf Jóns Vídalíns til Gyldenlöves 7 árum síðar bendir á. Hefir verið minst á það áður. Auk þess má og sjá það á öðrum bréfum biskups og spítalareikningum.

Svo hefir sjúkdómurinn farið vaxandi, líklega fram um 1780.

Jón Pétursson³⁰⁾ læknir segir (1769) að frá 1746 til 1763 hafi 23 verið holdsveikir í Borgarfjarðarsýslu, og 1761—69 meðal annarra þrír, prestar í Hólabiskupsdæmi og loks að 1768 hafi 280 alls í landinu haft holdsveiki. Þetta hefir hann eftir »einum vini sínum«. Maður giskar helst á Bjarna Pálsson landlækni, því þeir skrifuðust á um holdsveikina, einmitt þegar Jón var að semja ritgjörð sína, og Bjarni fekk handritið til yfirlesturs.

Mannfjöldinn á landinu var þá 45—46 þúsund alls. *Hefðu 6 menn af hverju þúsundi því átt að vera holdsveikir* og er það afarhá tala, en líklega ekki of há.

Á árunum 1779—85 voru mestu harðindi hér á landi af eldgosum og ýmsum hremmingum, sem dundu yfir. Fólkið dó úr hungri unnvörpum og af ýmsum hungursjúkdómum, t. a. m. 2035 í Hólastifti árið 1784 af 2477, sem var dauðratalan samtals. *Það ár er sagt, að 13 holdsveikir hafi dáíð þar.*³¹⁾

Hannes Finnsson³²⁾ segir mjög fáa holdsveika á lífi 1785, en samkvæmt hans eigin skýrslu voru þeir þó 99, eingöngu í Skálholtsbiskupsdæmi eða $\frac{30}{100}$, hlutfallslega helmingi færri en 1768.

Biskup kallar þessa tölu holdsveikra mjög lága og það bendir greinilega í þá átt, að tala Jóns Péturssonar hafi síst verið of há.

Árið 1786 gekk bólan enn einu sinni og drap fjölda

fólks, holdsveika eigi síður en aðra. *Auðvitað hlýtur holdsveikin því að hafa stórum rénað á þessum árum.*

Ekki verður séð, hve margir holdsveikir hafi *alls* verið hér á landi 1785, en ef gjört væri ráð fyrir, að tiltölulega við fólksfjölda hafi jafnmargir verið veikir í Hólabiskupsdæmi, mundi tala þessara sjúklinga naumast hafa farið fram úr 130, að svo miklu leyti sem menn vissu um þá. Vafalaust hefir marga vantað í skýrsluna, en ef til vill eitthvað verið tekið með af öðrum svipuðum sjúkdómum.

Líklega hefir farið eins eftir þessa pláguna eins og hinar fyrri: *holdsveikin hefir aukist aftur, þegar fólkinu fjölgaði.*

Jón Hjaltalín segir, að í lok 18. aldar hafi 200 holdsveikir verið hér á landi (²⁹/₉ 1870)³¹). Árin 1800—1837, að árinu 1824 undanteknu, *dóu samtals 707 holdsveikir*, samkvæmt dánarskýrslum presta, en ef skyrbjúgur er talinn með, voru það 945. Meðaltalan á ári yrði þá í þessi 36 ár 19.₆ eða 26.₁.³⁾

Þessar tölur sýna það ljóslega, að sjúkdómurinn var nokkuð almennur á fyrsta þriðjungi 19. aldar, þótt engar skýrslur séu til um tölu holdsveiklinganna. Hjaltalín fann sjúklingatöluna að meðaltali með því að setja varanleika sjúkdómsins að uppjafnaði 8 ár og margfalda svo þá tölu með meðal-dánartölunni. Eftir hans reikningi hefðu holdsveikir átt að uppjafnaði að vera á þessu tímabili 157 á ári, en 209 ef skyrbjúgssjúklingar hefðu verið taldir með, en Hjaltalín gerir auðsjáanlega ráð fyrir, að mikill hluti þeirra hafi í raun og veru verið holdsveikir. Auk þess er það athugandi við þenna reikning, að sjúkdómsvaranleiki holdsveikra er hafður of stuttur, einkum ef báðar sjúkdómstegundir veikinnar væru taldar, og það mundi hækka sjúklingatöluna.

Mér þykir all-líklegt, að holdsveiklingatala Hjaltalíns í lok 18. aldarinnar sé miðuð við þenna útreikning hans á tímabilinu 1800—1837. Eg veit ekki til, að til séu neinar holdsveikraskýrslur frá 1785—1800, enda minnst *Magn-*

ús *Stephensen*, sem ritaði eftirmæli aldarinnar og þar meðal annars ágríp af sögu holdsveikinnar, ekkert á það. Hann hefði hlotið að þekkja þær skýrslur, ef þær hefðu verið til.

Steingrímur biskup Jónsson lét presta telja holdsveika árið 1837. Í skýrslum þeim, sem eru hér í Landsbókasafninu, vantar úr nokkrum sýslum, en Hjaltalín segir, að holdsveikir hafi talist að vera 128³⁾. *Gjörir hann ráð fyrir að prestar hafi slept flestum limafallssjúkum*, því almenningur hafi eigi á þeim tímum talið þá holdsveika.

Einkennilegt er það, að landlæknarnir í skýrslum sínum til heilbrigðisráðsins gjöra mjög lítið úr holdsveikinni, láta sem hún sé stöðugt að minka.

Jón Thorstensen segir þannig 1836: »Holdsveiki er sjaldgæf, en hittist þó við og við í einstaka manni.«³⁶⁾ Þetta var rétt áður en biskup lét telja. Thorstensen ætlar og að skýrsla þeirra prestanna sé of há. Eftir skýrslum lækna segir hann að holdsveikir hafi 1847 verið 39, en sama ár finnur *Schleisner* eða fær fregnir af 66 holdsveikum. Ætlar hann að sú tala sé nærri sanni, en getur þess, að árinu áður hafi fjöldi holdsveikra dáið úr mislingunum og gefur þannig í skyn að veikin hafi verið miklu almennari fyrir þann tíma.³²⁾

Eins og menn sjá, voru þeir sinn á hvorri skoðun Thorstensen og Hjaltalín um holdsveikina í landinu, annar áleit, að hún væri sí og æ í rénun, og hinn að hún væri fremur að aukast. Annar áleit prestaskýrsluna telja of marga og hinn of fáa. Sennilegast er að Hjaltalín hafi haft réttara fyrir sér. Thorstensen varð og að játa að sjúkdómurinn hefði vaxið t. a. m. á Reykjanesskaganum. Fann hann í Rosmhvalanesshrepp 19 sjúklinga 1846, en 1820 hefðu þar eigi verið nema 4.

1855 voru 78 holdsveikir í *Suðuramtinu* (Hjaltalín)³¹⁾, en þó vantaði skýrslur úr Borgarfirði, Rangárvallasýslu og Skaftafellssýslum og gerir landlæknir ráð fyrir að þar séu allmargir.

1858 stendur í skýrslu Hjaltalíns til heilbrigðisráðs-

ins, að sjúkdómurinn sé að aukast, *en úr því segir hann í hverri skýrslu, að það dragi úr honum.* Þannig voru árið 1872 43 holdsveikir nefndir úr 151 hrepp af 184. Árið 1879 telur hann 50 holdsveika.

1887 eru til skýrslur úr 12 af 19 sýslum og þar eru taldir 48 holdsveikir og sama tala fékst 1889.

Skoðun Hjaltalins var, að holdsveikin hefði aukist hér á landi fyrri hluta 19. aldar og fram undir 1860, en síðan rénað. Vöxturinn var mestur suður með sjó, en þar var hann og kunnugastur vegna árlegra lækningatilrauna með holdsveika.

Gallinn við holdsveikisskýrslur síðari hluta aldarinnar var einkum, að það voru stórgloppur í þær, vantaði athuganir úr heilum sýslum og einstaka prestaköllum úr þeim sýslum, sem skýrslur komu úr. Auk þess voru það prestarar, sem sömdu þær hver í sínu prestakalli. Það var því ekki að búast við að öll kurl kæmu til grafar, allir holdsveikir væru taldir.

Annars voru menn þó farnir að trúá því að holdsveikin væri orðin mjög litil hér á landi og engin sérleg hætta á ferðum. En um 1890 eða skömmu á eftir fóru að heyrast sögur um það í blöðunum, að veikin væri all-útbreidd í sumum sýslum, t. a. m. Rangárvallasýslu (*síra Ólafur Ólafsson*) og hún mundi vera að aukast þar drjúgum.

Menn rak þó í rogastanz, þegar það varð heyrum kunnugt eftir rannsóknir Ehlers (1894—95), að hann hefði séð eða fengið áreiðanlegar fregnir af 158 holdsveiklingum, og gerði hann þó ráð fyrir, að þeir væru talsvert fleiri. Tillaga hans var, að byggður yrði hér spítali til einangrunar þessum sjúklingum, svipað eins og í Noregi.

Frá því gömlu spítalarnir voru afnumdir, hafði ekki verið mikið talað um holdsveikraspítala hér á landi. Sumir (Hjaltalín) töldu enga þörf á að gerðar yrðu nokkrar opinberar ráðstafanir til þess að útrýma sjúkdómnum. Hann væri á förum og mundi hverfa alveg með vaxandi menningu, þrifnaði og velmegun þjóðarinnar (¹³/₁₂, 71).

*Edvald Johnsen*⁸⁷⁾ lagði aftur á móti til 1873, að bygð yrðu holdsveikrahæli einsog og í Noregi, þar sem gerðar væru lækningatilraunir við þá, sem lítið væru orðnir veikir. Eigi var þó neitt gert í þá átt.

Svo kemur *Schierbeck landlæknir* og leggur fyrir þingið 1893 frumvarp um stofnun spítala, en það var felt.

Hold sveikismálið fór nú að verða áhugamál ýmsra góðra manna. Kapólskir menn fóru að efna til samskota til spítalastofnunar, líklega einkum fyrir tilstilli Íslendinginsins, *Jóns prests Sveinssonar* í Ordrúp, en um sama leyti stofnuðu Oddfellowar í Danmörku til samskota og þeir voru það, sem bygðu spítalann 1897—98 og afhentu hann svo landinu til einangrunar holdsveikum. Einangrunarlögin voru samþykkt á Alþingi 1897, en staðfest af konungi 4. febr. 1898.

Nú var þá loks komið það »*Generalhospital*« eða landsspítali handa holdsveikum, sem Bjarni Pálsson landlæknir vildi láta stofna í stað gömlu spítalanna, en eigi var framkvæmanlegt þá.

Um uppruna íslensku holdsveikinnar og útbreiðslu hennar í einstökum landshlutum eru frásagnirnar mjög óljósar. Það verður í raun og veru alls ekkert sagt um það með neinni vissu, hvaðan oss hefir borist þessi sjúkdómur. Flestar tilgátur fara í þá átt, að hann hafi komið hingað frá Noregi og þá líklega vestanfjalls. Eins og kunnugt er voru miklar verzlunarsamgöngur milli Íslands og Noregs lengi fram eftir öldum og þá einkum við vesturströnd Noregs. Getgátur þessar eru því ekki ólíklegar. En annars var holdsveikin orðin svo afarútbreidd alstaðar á Norðurlöndum og í raun og veru allri Norðurálfu á miðöldunum, að hún gat komið hingað úr mörgum áttum.

Eins vita menn ekki með neinni vissu, hvar sjúkdómurinn hefir fyrst fest rætur hér, sem heldur er ekki eðli-

legt, þar sem ókunnugt er, hvenær hann hefir komist til landsins.

Þess hefir verið getið til, að holdsveikin hafi breiðst fyrst út í suðvesturhluta landsins, en samgöngur voru einnig milli útlanda og Norður- og Austurlands, svo þangað hefði hún auðvitað getað komið eins snemma.

Það sanna er, að þegar menn loks fara að hafa sögur af holdsveikinni hér á landi, er hún orðin breidd út um alla landsfjórðungana.

Það benda t. a. m. tillögur manna á Bessastaðafundinum 1555 greinilega á. *Annars hefði fundur þessi ekki lagt til, að spítali væri byggður í hverjum landsfjórðungi.*

Þegar spítalarnir voru komnir á laggirnar á miðri 17. öldinni, má ganga úr skugga um það, að þangað komu sjúklingar úr öllum sýslum landsins, eða fengu styrk heima í sinni sveit, þegar þeir voru í fjarlægum héruðum. Bréfin í bréfabókum biskupanna, spítalareikingarnir og ýms önnur skjöl frá 17. og 18. öldinni bera ótvíráðan vott um þetta. Það sama sést og t. a. m. á ferðabók þeirra *Eggerts og Bjarna*, sem skýrir frá holdsveikisástandinu í ýmsum sýslum rétt eftir miðja 18. öldina. Að þeirra álitu var sjúkdómurinn tíðastur í *Rangárvalla*, *Árnes*-, *Gullbringu*- og *Snæfellsnessýslum*.

Það er þó ekki fyr en 1785 að menn fá fræðslu um tölu holdsveiklinga í einstökum sýslum. Í manntalsskýrslunum úr Skálholtsbiskupsdæmi er getið um það. *Þá voru flestir holdsveikir í Árnessýslu og Snæfellsnessýslu, 16 í hvorri, þá í Dalasýslu 13 og í Gullbringusýslu 11.*

Í prestaskýrslunni frá 1837 var talan hæst í Gullbringusýslu, 21, og kom svo þar næst Árnessýsla með 10 holdsveika. Þó skal þess getið, að í skýrslum þeim, sem til eru í Landsskjalasafninu, vantar Rangárvallasýslu, Vestmanneyjar, Vestur-Skaftafellssýslu og Norður-Múlasýslu, svo það er ekki ómögulegt, að í einhverjum þeirra hafi verið fleiri holdsveikir en í hinum sýslunum. Ef aðaltalan hjá Hjaltalín, 128, er rétt, *hefðu átt að vera 45 í þeim alls.*

Hversu margir hafi verið veikir í hverri sýslu *norðanlands* á 17. og 18. öldinni er ekki hægt að sjá. Um miðbik 18. aldar kvarta sumir sýslumenn yfir því, að á Möðrufellsspítala séu einkum teknir sjúklingar úr Eyjafjarðarsýslu. Gjörir þó t. a. m. Bjarni Halldórsson lítið úr holdsveiki vestur í Húnavatnssýslu. Að talsvert hafi veikin gjört vart við sig á ofanverðri öldinni má marka af því, að Árni biskup Þórarinsson segir, að 13 hafi dáíð 1784 í Hólabiskupshæmi.

1837 segir að 11 holdsveiklingar hafi verið í Hólastifti hinu forna: 5 í Þingeyjarsýslu, 5 í Eyjafjarðarsýslu og 1 í Skagafirði, en enginn í Húnavatnssýslu.

1846 segir Thorstensen³²⁾ sjúkdóminn nálega útdauðan norðanlands og *Schleisner* talar ári síðar að eins um 4 sjúklinga, og af þeim voru 2 í Eyjafjarðarsýslum.³⁵⁾

*Finsen*³⁶⁾ sá allmarga holdsveika, 22, í 9 ár í sínu hjeraði (Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum), en segir jafnframt, að margir þeirra hafi verið annarstaðar að.

1872 voru 11 holdsveiklingar í Norðursýslunum, fjórum, flestir þeirra kringum Eyjafjörðinn, en 1889 er að eins talinn *einn* í Eyjafjarðarsýslu og 3 í Þingeyjarsýslu.

Árið 1895, einum sex árum síðar, voru 30—40 *holdsveikir kringum Eyjafjörðinn* (Ehlers). Það er því óhugsandi annað en að fleiri hafi þeir verið þar 1889 en skýrslan getur um.

Alt bendir á að holdsveikin hafi vaxið fyrri part 19. aldarinnar smám saman í Gullbringusýslu, en farið svo heldur að minka þar aftur. Aftur hafi hún aukist seinni part aldarinnar kringum Eyjafjörðinn og víðar, t. a. m. í Rangárvallasýslu.

Nöfn veikinnar. Sjúkdómurinn hefir verið nefndur ýmsum nöfnum.

1. Elsta nafn hans á Norðurlöndum er *likþrá*. Orðið er til í engilsaxnesku, *licþrôwere*, vanheill á líkama, holdsveikling-

ur. Þetta nafn var aðallega og er nú orðið *eingöngu* haft um hnútóttu tegundina, *lepra tuberosa* og *mixta*.

2. *Spittelska* og *Spítalska* er auðvitað af útlendum toga spunníð (Spedalskhed, Spetälskan). Það nafn á sjúkdómnum var alment þau 200 árin, sem spítalarnir gömlu stóðu, en hvarf með þeim og mátti missa sig.

3. *Limafallssýki* hefi eg ekki tekið eftir fyrir en seinni hluta 18. aldar. Var það haft bæði um þá holdsveikis-tegund, er menn nú kalla svo, og um aðra máttleysissjúkdóma (paralysis). Menn munu fyrir á tímum alls ekki ætíð hafa gjört sér það ljóst, að limafallssýki og líkþrá væru tvær tegundir af sama sjúkdómi. En tímanlega á 19. öldinni er t. a. m. Sveini Pálssyni lækni þetta fullkunnugt.

4. *Holdsveiki* er nú orðið haft *alment* um sjúkdóm-inn, hvort sem um líkþrá eða limafallssýki er að ræða. Eg hefi fyrst tekið eftir því orði hjá *Steini biskupi Jónssyni*³⁸⁾ 1739. Sjálfsgagt er það eldra.

Annars hefir þýðing þessara orða, einkum holdsveiki og líkþrá verið talsvert breytileg. Stundum hefir holdsveiki verið tegundarheiti, en líkþrá sjúkdómsheiti, öfugt við það sem nú er.

Orðið *kreinktur* er á 16. og 17. öldinni mjög alment haft um líkþráa, og maður getur varla varist þeirri skoðun, að það sé á þeim tímum haft *einvörðungu* um þá sjúklinga, en ekki aðra. Auðvitað kemur líka fyrir *kreinktur af líkþrá*, sem vitanlega hefir upphaflega verið sagt, en það er eins og nafnið líkþrá hafi haft einhvern svo voðalegan hreim, að menn hafi helst viljað losna við að nefna það. Kreinktur væri þá nokkurs konar hálfkveðin vísa, sem allir áttu að skilja.

Annað orð, sem alloft er haft út af fyrir sig um holdsveika á þessum tímum — og að vísu einnig síðar — er *spiltur*. Eg sé að norsku holdsveikislæknarnir, *Armareu Hansen* og *Lie* ætla, að það sé komið af spítal, spedalsk. Mundi það ekki heldur vera komið af að *spilla*?

Hörundfall (í Gulapingslögum), sem auðsjáanlega er sama sem líkþrá, og *máláttusótt*, sem þýðir sama, og kemur fyrir í norsku bréfi frá 14. öld, hefi eg ekki orðið var við, að væri haft *hér á landi* um holdsveiki.

Eins og áður hefir verið dregið á hugðu læknisfróðir menn *hér á landi*, fyrir og eftir miðja 18. öld, að holdsveikin væri illkynja skyrbjúgur (*scorbutus tertü generis, s. malignus*). Nafnkunnur hollenskur læknir, *Boerhave*, setti fram þessa kenningu í lok 17. aldar. Bjarni Pálsson tók upp þessa skoðun, en var þó ekki sannfærður um að skyrbjúgur væri sérlega almennur. Að minsta kosti varar hann Jón Pétursson lækni við að gjöra mikið úr því. Jón skoðar auðsjáanlega holdsveiki og skyrbjúg sem tvo sérstaka sjúkdóma, segir holdsveiki sé oft *ranglega* nefnd skyrbjúgur. Þessi svokallaði skyrbjúgursé meðal annars frábrugðinn, reglulegum skyrbjúg, að sjúklingarnir þoli vel kvikasilfursmeðöl, en það gjöri ekki reglulegir skyrbjúgssjúklingar. Við holdsveiki hafði kvikasilfur verið brúkað hér að minsta kosti síðan á 17. öld. (Þeir feðgar *Þorkell prestur* og *Þórður Vidalin*, fluttu »Böjkabeltið« eða »Venusbeltið« hingað inn í landið og »læknuðu« með holdsveiki). Mér er ekki kunnugt, hvaða meðöl Skáneyjar-Lassi brúkaði við *Sárasóttinni* miklu á öndverðri 16. öld. En sú sótt hefir vafalaust verið fransós, en ekki holdsveiki, eins og sumir hafa ætlað.

Vegna þessa ruglings sem var á hugmyndum manna á 18. öldinni um holdsveiki og skyrbjúg og fram yfir aldamótin, kunna skýrslurnar að hafa verið enn ónákvæmari en ella. — Víst er það, að skyrbjúgur var fyr á öldum allalmennur hér. Jafnvel biskupar, t. a. m. *Þórður Þorláksson*, og ædstu valdsmenn konungs, eins og *Heidemann*, segjast hafa þann sjúkdóm.

Það er óparfi að fara hér út í sögu holdsveikinnar á Íslandi síðustu 12—15 árin. Ætla má að, hún sé almenninginokkurn veginn kunn. Þess skal að eins getið, að árangurinn af baráttunni gegn þessum óvin hefir verið ágætur. Á tólf ára bilinu 1896—1908 hefir talan lækkað um fullan helming: 88 í staðinn fyrir 181. Full ástæða að vona, að ekki líði langur tími áður landið er orðið laust við þessa plágu, sem margur ágætur Íslendingur hefir orðið að bráð, þó eg ekki nefni aðra en *Hallgrím Pétursson*, sálmaskáldið alkunna, og *Magnús lækni Guðmundsson*, fyrsta Íslendinginn er nam læknisfræði hér á landi hjá fyrsta landlækninum, Bjarna Pálssyni.

Heimildir: ¹ Mittheil. u. Verhandl. II Intern. Leprakonferenz, München 1909. ² Rejse igjennem Island. ³ Leproserne, Kbh. 1843. ⁴ Bibl. f. Læger, Kbh. 1830. ⁵ Hosp. Tid. 1893 nr. 40—41. ⁶ Isl. Frbs. II. ⁷ Rit Lærdómsl. fél. X. ⁸ Isl. Frbs. I. ⁹ Ísl. Frbs. VIII. ¹⁰ Lovs. f. Isl. ¹¹ M. Ketilsson: Kgl. Forordn. ¹² Spedalskhed, Kria 1847. ¹³ Ísl. Frbs. IV. ¹⁴ Hist. eccl. ¹⁵ Island i det 18. Arh. ¹⁶ Bréfabækur Br. Sveinssonar (afskr.) Lsks. ¹⁷ Brb. Þorl. Skúlas. Lsks. ¹⁸ Reikn. og skjöl Hallbjarnareyrarspítala, Lsks. ¹⁹ Alþingisbók 1657, nr. 29, Lbs. ²⁰ Brb. Gísla Þorlákss., Lsks. ²¹ Espólín, Árbækur. ²² Brb. Þórðar Þorlákss., Lsks. ²³ Brb. Jóns Árnasonar. ²⁴ Brb. Jóns Vídalíns. ²⁵ Reikn. og skjöl Möðrufellsspítala, Lsks. ²⁶ Brb. B. Pálss., Lsks. ²⁷ Reikn. og skjöl Kaldaðar-nesspít., Lsks. ²⁸ Brb. J. Sv. landl. ²⁹ De elephantiasi Norvegica. ³⁰ Den saakaldede isl. Skiörbug, Sorøe 1869. ³¹ Brb. Hjaltalíns landl., Lsks. ³² Brb. J. Thorst. landl., Lsks. ³³ Brb. Árna b. Þórarinss., Lsks. ³⁴ Lærd. I. fél.rit XIV. ³⁵ Isl. fra et lægevidenskabel. Standp. Kbh. 1849. ³⁶ Sygdomsforh. i Isl., Kbh. 1874. ³⁷ Ný Fél.rit 1873. ³⁸ Brb. Steins b. Jónss., Lsks.

Prentvilla í þessari ritg. bls. 49₆: Þorvaldsson f. Þorláksson.

Kolufell.

Smásaga úr íslensku nýlendunni í Kaupmannahöfn.

Það er komið fram í maí.

Skógurinn er sprunginn út — loksins!

Þarna höfðu trén staðið allan þennan langa vetur, dökk og harðneskjuleg, ólík því að nokkurt líf gæti leynst með þeim. Nærri því jafnólíkleg til alls gróðrar og járngrindurnar í kringum garðana eða steinleggingin á götunni.

En í apríl, þegar sólin fór að fá meiri og meiri yfirhönd, tóku hvítleitir angar að gægjast út hingað og þangað um greinarnar. Þeir uxu og breyttu lit, svo að eftir nokkurn tíma sló mógrænum litblæ á trjáráðirnar. Og í maí sprungu hnapparnir út. Blöðin eru fyrst í stað veikluleg og samankúlduð eftir reifarnar. En þau verða brátt djarfari og tápmeiri, vaxa og breiða úr sér þangað til þau hylja allar greinarnar.

Og göngumaðurinn, sem reikar eftir trjágöngunum til þess að drekka í sig lífsanda vorsins, horfir hissa upp í ljósgrænt laufþakið, sem myndast hefir á fáum dögum. Þegar hann ber saman hrjúfa og sviparða stofnana og laufblöðin viðkvæm og hálfagnsæ, þá finst honum eins og hann mundi ekki furða sig meira á, þótt hann sæi dúfu koma úr hrafnseggi. En líti hann betur í kringum sig, sér hann samræmið í öllu. Alt, sem vorið snertir með töfrasprota sínum, fyllist ást og yl. Alt lífsmagn leysir það úr álögum vetrarins. Anemónurnar teygja sig upp úr kaldri skógarmoldinni, þótt þær sjái þar varla nokkurn sólargeisla, vesalingar. Fuglarnir komast úr vetrar-

mútunum og syngja mansöngva sína fullum hálsi, svo að kveður við í öllum skóginum. Og bárunnar á sundinu, sem í vetrarstormunum höfðu verið að ybba sig og gefa hver annari olnbogaskot, dansa nú í ástúðlegum faðmlögum.

En það besta er þó enn þá ótalið. Ungu stúlkurnar springa líka út á vorin.

Aldrei eru þær fallelgrí en í vorbyrjuninni, meðan æskufjórið í hjarta þeirra er að rakna úr vetrarmókinu og finna samræmi sitt við vorið og alla náttúruna. Þá breytast þær svo á skömmum tíma, að þær verða því nær óþekktanlegar. Það er eins og himinn, haf og jörð hafi sameinað sig um að gefa þeim alt það besta, sem þau eiga til. Blóðið leitar aftur örar út í hörundið, sem enn þá er hvítt og viðkvæmt eftir veturinn og breiðir hálf-gagnsæja slæðu yfir roðann eins og nýútsprungnu blóðin yfir grænan blaðsafann. Og svo hafa þær lagt niður vetrarkápurarnar og svífa um göturnar í léttum sumarfötum, kvikar eins og bylgjurnar og sporléttar eins og vorblærinn.

Eða þá augun! Stundum djúp og heið og full af sólargeislum eins og vorhíminn sjálfur. Og þess á milli dularfull og dreymandi eins og skógarvötnin um sólarlag.

Það er engin furða þótt þær séu hættulegir keppinautar skógarins og strandarinnar. Og svo er það líka. Því að úti í skógi og niður við sund er tómlegt og kylrátt, jafnvel á sólrikustu maídagunum. En á Strykinu — guð minn góður, sá mannfjöldi!

Ekki skemtilegra en Strykið er nú á molluheitum maídegi, þegar hitinn smitar út úr húsveggjunum og gufar upp úr götunni. Það bugðast áfram milli kolgrárra, samfeldra húsaradanna eins og djúpt og þröngt gil. Og fólksfjöldinn sígur áfram eins og hæglátur straumur. Flestir ganga á gangstéttunum með sama hraða, svo að ofanfrá getur það litið út eins og allir þessir marglitu hattar væru festir saman í stærri og smærri fleka, sem flytu á straumnunum. En á stöku stöðum vottar þó fyrir straumkasti, þar sem fólkið neyðist til þess að hröklast út á akbrautina og losnar við það sundur. Og mitt í þessum straumköst-

um standa æfinlega tvær eða fleiri tvíbreiðar hefðarfrúr, sem þurfa að hressa sig á ofurlitilli samræðu og þvergirða fyrir gangstéttina.

En þarna á þessu leiðinlega Stryki getur að líta meiri hóp glæsilegra kvenna en á nokkurri annari götu borgarinnar. Sumar koma þangað til þess að líta eftir tízkunýngum, sumar af gömlum vana, allar til þess að sýna sig og sjá aðra. Sumar ungu stúlkurnar leiða stallsystur sínar hlæjandi og þiskrandi, sumar eru með mæðrum sínum með ólundarsvip. Þær nema við og við staðar við gluggana á finustu tízkubúðunum og skotra augunum ýmist til varningsins í glugganum eða út á götuna til þess að huga að því, hvort nokkur veiti þeim eftirtekt. Og áhorfendurnir láta ekki standa á sér. Ungu piltarnir rækja engu síður Strykið en stúlkurnar. Og þó þeir stundum þykist vera að gæta í einhvern búðarglugga, þá eru það tóm látalæti. Þeir horfa að eins á stúlkurnar. Það eru þær, sem hafa seitt þá til þess að ganga heldur sér til skemtunar þarna inni í húsakreppunni, en innan um tjarnir og grasbala úti í guðs grænni náttúrunni.

En fæstir af þeim eru svo hreinskilnir að viðurkenna þetta blátt áfram. Þeir reyna að finna upp alls konar ástæður fyrir því, að þeir gangi á Strykinu einmitt á þeim tíma þegar fólksflest er þar. En flestallar eru ástæður þessar léttvægar, sumar beinlínis fjarstæðar.

Til dæmis eins og sú, sem hæglætismaðurinn og sérvitringurinn hann Ari Bjarnason var vanur að koma með.

Ari gekk á Strykinu á hverjum degi milli tvö og fjögur. Líka vorið, sem hann var að þræla í lögfræðisprófi. Hann gekk alt af einn og leit hvorki til hægri né vinstri. Enginn gat skilið, hvað Ari væri að gera þar og margur spreytti sig á að geta upp á, hvað hann mundi vera að hugsa um.

En Ari hafði líka sína ástæðu.

»Eg fer niður á Stryk til þess að vera einn,« sagði hann. »Það er langt frá því, að eg hafi nokkurt gaman af að vaða þennan fólkselg, því að eg er mannhatari að

eðlisfari. Gangi eg hérna út með vötnunum eða inni í einhverjum garðinum, er fólkið alt af að ónáða mig. Þar mæti eg svo sem 2—3 mönnum á mínútnni, þeir líta á mig og eg starblíni á þá, þangað til eg verð feiminn og kemst í ilt skap. Því eg er eins og kálfarnir, að eg horfi mest á það, sem mér stendur stuggur af. En á Strykinu, þar sem eg mæti mörghundruð mönnum á mínútu, er mér ofætlun að stara á alla og horfi því bara út í bláinn eða á tærnar á mér. Og eg finn að í þessum manngrúa hverf eg og enginn tekur eftir mér. Og svo nýt eg rósemdar eyðimerkurinnar mitt í mannþrönginni.»

Þetta sagði nú Ari. En það var líka honum líkast að reyna að villa mönnum sjónir á því, hvað hann væri að hugsa og gera. Og réttasta ráðningu á því, hvers Ari var að leita, er líklega að finna í sögunni, sem eg ætla nú að segja. Hún sýnir að minsta kosti, hvað hann fann.

Það var einn góðan veðurdag í miðjum maí, vorið sem Ari var að taka próf.

Hann hangsaðist niður Strykið enn þá hæggar en hann var vanur. Hann sletti fótunum hvorum fram fyrir annan og heyktist ofurlítið við í hverju spori, svo að gangurinn varð dálítið vaggandi. Vinstri höndina lét hann dingla slyttulega niður, en í hægri hendinni hélt hann á stafnum, sem hann vingsaði ofurletilega við og við og lét þess á milli detta máttlaust niður á steinlegginguna svo glamraði í. Hann bar lágt höfuðið og lygndi augunum, en óskýrt bros, sem gat borið vott um meðaumkun eða fyrir-litningu, gægðist í gegnum leiðindamolluna, sem hann hafði breitt á andlitið.

Niðri á Austurgötu hrökk hann alt í einu upp úr mókinu við það, að eitthvað datt ofan á tána á honum. Það var eins og allur sá fjörforði, sem hann hafði sparað á göngunni, vaknaði við þetta litla atvik. Hann beygði sig óðara niður, hraðara en honum var lagið, og sá á leiðinni tvær smáar hendur með ljósbrúna skinnhanska, sem fálmuðu niður eftir bögglinum, ljósgráa kápu og dökkblátt pils. Ari var fljótari en hendurnar, hann greip upp

böggulinn, ofurlitlar öskjur, snyrtilega vafðar í pappír og bundið seglgarni utan um, með trétappa festum í, til þess að bera böggulinn á. Hann rétti úr sér og sá nú fyrir framan sig unga og fríða stúlku, kafrjóða út undir eyru.

Ari hneigði sig kurteislega og rétti stúlkunni böggulinn. Hún hneigði höfuðið, brosti feimnislega og stundi upp: »Tak skal De have!«

Það var auðséð að hún var ekki Strykvön, stúlkana sú arna, sem lét sér verða svona mikið um að missa böggulniður á götuna og fá hann tekinn upp af karlmanni. Og Ari var búinn að vera nógu lengi í Höfn til þess að heyra, að þetta var ekki dönsk stúlka. Og ekki var norskur eða sænskur hreimur í röddinni.

Alt þetta flaug Ara í hug á svipstundu, og áður en hann vissi af var hann búinn að svara á íslensku:

»Ekkert að þakka, jungfrú!«

Hún hefði víst roðnað meira, ef henni hefði verið það mögulegt. Hún leit á hann bæði hissa og vandræðalega. Svo sagði hún: »Eruð þér virkilega landi?«

»Já, svo er það«. Ari nefndi nafn sitt, og hún nefndi sitt nafn: Signý Jónsdóttir.

Ari gat ekki fengið af sér að skilja strax við þessa stúlku, sem hann hafði kynst á svona skrítilegan hátt. Svo hann bað um leyfi til þess að verða henni samferða upp Strikið. Hún sagði að sér væri það mesta ánægja.

Ari var óvanur að tala við konur. En nú lagði hann sig til. Hann rifjaði upp fyrir sér alt það, sem hann hafði talað við íslenskar stúlkur, sem hann hafði hitt í Höfn. Hann talaði um mismuninn á Höfn og Reykjavík, um veðráttuna í Danmörku og heima, spurði hana hve lengi hún hefði verið í borginni, hvernig henni geðjædist að borgarlífinu o. s. frv.

En í raun og veru var hann ekki með hugann við samtalið. Hann var að hugsa um, hve gaman væri að fá að vita eitthvað meira um þessa glæsilegu konu, sem gekk við hlið hans. Hann var að hugsa um, hvað samtalið mundi þá verða eðlilegra og skemtilegra. En ekki

gat hann farið að spyrja hana spjörunum úr svona bráð-ókunnuga.

Hann reyndi að sveigja samtalið að henni sjálfri, en hann var klaufalegur og hún feimin og orðfá. Og samt fann hann, að henni féll ekkert illa að ganga með honum. Svo þegar þau komu út á Vesturbrú, kom það eins og af sjálfu sér, að hann bauð henni inn á Vífil.

Hún afþakkaði fyrst og bar við tímaleysi. Honum datt í hug að láta hana fara. En svo mundi hann eftir því, að hann hefði einhvers staðar lesið, að kvenfólk vildi altaf láta dekstra sig. Og svo var hann hræddur um að hún kynni þá að halda, að hann hefði boðið henni inn bara til málamyndar. Hann sótti því fastara á og hún lét auðvitað tilleiðast.

Þau settust undir sóltjaldið fyrir utan, hvort á móti öðru við lítið borð, og á auðan stól við borðsendann lagði Signý böggulinn sinn og töskuna.

Ari fór að tala um Vífil og Tívólí, sem átti að opna daginn eftir. En ókunnugleikinn var eins og múrveggur á milli þeirra og lýsingin á öllum lystisemdunum í Tívólí varð köld og litalaus. Og áður en langt um leið var það efni á þrotum. Þau höfðu drukkið kaffi og etið kökur, og hann tók eftir því, að hún var farin að lita hornauga til stólsins, þar sem taskan og böggullinn lágu.

Hann leitaði dauðaleit að einhverju skemtilegu samtalefni. Loks dattu honum blöðin í hug og hann fór að tala um kosningarnar til ríkisþingsins.

Hún jankaði hálfutan við sig. Svo seildist hún eftir töskunni og fór að fitla við hana órólega.

Ari varð bálvondur út í sjálfan sig. Hún var að stökkva frá honum fyrir helberan klaufaskap. Því hann var viss um, að hún hefði gjarnan viljað sitja lengur, ef hann hefði hagað sér eins og manneskja. En sú bölvuð vitleysa líka að fara að tala um danska pólitík við unga og fallega stúlku!

Honum sýndist ekki betur en að hún væri í þann veginn að ætla að fara að búa sig til að standa upp.

Hann greip það fyrsta, sem honum datt í hug: »Hafið þér komið hér nokkuð út á land?«

Já, hún hafði verið í Hróarskeldu og svo úti í skógi.

»Og fanst yður eins fallett þar og í sveitinni heima?«

»Ja, nei, eg held varla. Skógurinn er reyndar indæll, en svo vantar hérna fjöllin.«

»Er mikil fjallasýn, þar sem þér eigið heima?«

»Já, það sjást fjöll í öllum áttum. Í austri sést hvert fjallið yfir annað, fyrst Hraunshálsinn, svo Grenjahlíðarnar og austast tindurinn á Kolufelli. Það er svo óttalega fallett fjall.«

»Kolufell!« Hann nærri því hrópaði nafnið upp yfir sig. Hann leit á hana. Allur múrveggurinn var hruninn. Hún, sem þekti Kolufell! Hún hlaut að vera úr sömu sýslunni og hann. Um stund sagði hann ekkert. Endurminningarnar, sem orðið hafði vakið, streymdu gegnum hug hans svo ört, að hann fann engin orð.

»Kolufell! Vitið þér að eg er fæddur og upp alinn þarna undir Kolufelli, rétt við fjallsræturnar, á Kolugili?«

»Nei, er það mögulegt!« sagði hún. Henni fanst strax annar blær koma á Ara og feimnin var að hverfa.

»Já, Kolufell er fallett fjall«, hélt Ari áfram, »langfallegasta fjall, sem eg hefi séð. Munið þér eftir hamrabeltinu fyrir ofan mitt fellið með svarta opinu. Það er hellismunni; þar í hellinum bjó Kola.«

»Nei, það sést víst ekki heiman að frá mér. En hver var Kola?«

»Kola var tröllskessan, sem bjó í hellinum og fellið og gilið er kent við. Kundið þér ekki söguna um hana?«

»Nei, í öllum bænum segið þér mér hana!«

»Kola var nátttröll, sem bjó í Koluhelli norðaustan í fellinu. Hún var mesta meinvættur og drap bæði menn og fé fyrir bóndanum á Kolugili. En svo var hún vör um sig, að hún kom aldrei út meðan sól var á lofti. Eitt sumar drap hún smalann á Kolugili um kvöld meðan hann var að bæla ærnar fyrir ofan túnið. Næsta dag hugsaði Kolugilsbóndinn henni þegjandi þörfina. Hann gekk upp

á hellinn síðla dags, meðan sólin var gengin á bak við fellið, og byrgði strompinn á eldhúsi kerlingar. Hún var einmitt að sjóða smalann og hélt að stormur mundi vera skollinn á úti og slægi reyknur niður í hellinn. Hún fór því út að skýla fyrir, enda sá hún að forsæla var komin. En um leið og hún seildist upp af bellisbrúninni gekk sólin fram undan fellinu að norðan og skein beint framan í kerlingu. Hún þreif þá til bóndans, sem húkti uppi á hellinum, þeytti honum á móti sólinni og sagði: »Ertu nú farin að koma upp líka á kvöldin, bölvuð!« Lét bóndi þar líf sitt, en Kola varð að steini upp við hellinn og stendur þar enn í dag.«

Signý var búin að leggja töskuna aftur á stólinn og hlustaði á með athygli. Allur deyfðarsvipur var horfinn af Ara og hann sagði frá bæði fjörlega og skemtilega.

Hann hélt áfram að tala um Kolufell, hvernig hann hefði farið til berja neðan í fellið meðan hann var strákur og komist lengra og lengra upp eftir þegar hann eltist. Og sumarið sem hann varð stúdent, hafði hann komist alveg upp á tindinn. Það hafði verið stórkostlegt útsýni.

Þá vildi Signý fá að vita, hvort hann myndi eftir að hafa séð bæinn hennar. Og við það tækifæri nefndi hún bæinn og auðkendi svo, að Ari var nú ekki lengur í vafum, að það var dóttir hans Jóns umboðsmanns á Hóli, sem sat þarna á móti honum. Hann lét þess svo getið við hana, að þau mundu hafa sést við kirkju fyrir mörgum árum, meðan hann var í skóla og hún svolítið stelpukorn. Hún mundi að vísu óglögt eftir því, en samt fanst þeim þau nú vera gamalkunnug. Og svo hlógu þau að því, hve kynduglega atvikin hefðu teft þeim saman niðri í Kaupmannahöfn og hve hátíðleg þau hefðu verið í fyrstunni.

Signý hafði að eins verið einn vetur í Höfn, en samt sagði hún að sér hefði leiðst mikið síðan fór að vora. Hún lýsti fyrir honum ýmsum blettum í kringum bæinn heima hjá sér, sem hún saknaði mest. Það leyndi sér ekki að henni var yndi að tala um þetta við mann, sem

tók þátt í þrá hennar og auk þess þekti sumt af því sama og hún. Augun urðu dýpri og bjartari, röddin fyllri, og léttur roði færðist um vangana.

Þau töluðu um, þegar þau hefðu farið að heiman í fyrsta sinn. Og upp úr því fóru þau að tala um, hvað þau hefðu lifað annars staðar og hvernig þau altal hefði dreymt heim. Hvað þau hefði dreymt um og hvað þau hefðu hugsað um yfirleitt, hvað þau hefðu elskað og hvers þau hefðu saknað.

Ari var gjörbreyttur á þessari stuttu stundu. Návist Signýjar andaði um hann eins og sólvermdur blærinn um trjáhnappana og fullþroskaði og leiddi fram í meðvitund hans hugsun, sem hafði blundað í sál hans alt vorið: Að alt líf hans í mörg ár hefði verið ylsnautt og gleðilaust. Að skemtaniir hans hefðu verið daprar og fánýtar, iðjuleysi hans auðvirðilegt og leiðindi hans hryllileg. Að skarpskygni hans hefði verið heimska og fyndni hans húðfletting á honum sjálfum. Einhver óþekt löngun til þess að elska og skilja alla menn greip hann og hann fór að hugsa um foreldra sína, sem hann hafði ekki séð og sjaldan hugsað um í fjögur ár. Hann færði það í tal við Signýju, hvað hann sæi nú eftir því að hafa ekki komið heim svona lengi. Og jafnframt fór hann að lýsa lífi sínu meðal félaga sinna í Höfn. Sá hefði þótt mestur maðurinn, sem fundvísastur hefði verið á snöggu blettina á öðrum og hvössust hefði átt skeytin að særa með. Sá hefði þótt sjálfstæðastur, sem alt hefði fyrirlitið og virt að vettugi — nema sjálfan sig. Og sá hefði þótt hraustastur, sem hefði getað leikið með vonir og tilfinningar sjálfs sín eins og sopp. En hann talaði um þetta alt eins og það væri gamall og ljótur draumur. Og þó var ekki lengra síðan en í morgun, að hann mundi hafa drekt hverjum af félögum sínum í háði og hlátri, sem ymprað hefði á líkum skoðunum á lífi hans og hann lét nú sjálfur í ljósi. En samt hræsnaði hann ekki. Þessar skoðanir voru í einu veffangi orðnar hold af hans holdi. Hann var búinn að rífa af sér vetrarhýðið, og þegar hann leit

inn í augu Signýjar, fann hann, að sólin var runnin upp, sem mundi hlúa vel að ungum og veikum blöðunum, svo að þau þyrftu aldrei að loka hýðinu um sig framar.

Lífið þaut áfram á götunni fyrir framan þau. Það hljóp við fót á gangstéttinni, hverfðist áfram á hjólreiðabrautinni og rann og þaut á akbrautinni á sporvögnum, hestvögnum og bifreiðum. En inni í horninu hjá Ara og Signýju virtist það hafa gleymt ópreyjunni um stund. Þar tóku fortíð og framtíð höndum saman og töfruðu fram í huga þeirra hverja hillinguna af annari og létu óra fyrir enn þá meiru en séð varð — og nútíðin staldraði við og stóð þar eins og í draumi.

Hann fylgdi henni heim og þau töluðu um að verða samferða í Tivólí næsta kvöld.

Hálfum mánuði síðar voru þau trúlofuð.

En þetta var líka í maí!

Næsta ár giftu þau sig og fóru svo skemtiferð heim í sveitina að heimsækja foreldra sína.

Ari linti ekki látum við Signýju fyr en hún lét til leiðast að ganga með honum upp á Kolufell. Í miðjum hlíðunum fór hún að kvarta um þreytu. En upp urðu þau að komast. Og þá var Signý líka orðin hálförmagna af lúu.

»Skárri er það ólukku hæðin á þessu felli!« sagði hún.

»Og samt má það ekki lægra vera,« sagði Ari, »því þá sæist það ekki heiman að frá þér. Og hefðirðu ekki þekt Kolufell, þegar við hittumst fyrst, þá — — — ja, þá væri það að minsta kosti einhver önnur en þú, sem stæði hérna hjá mér á tindinum núna«.

Sigurður Nordal.

Efniskenningin nýja.

Eftir

Ágúst Bjarnason.

Frá alda öðli hefir mannsandinn verið að brjóta heilann um þær tvær meginstöðir tilverunnar, er nefnast afl og efni. En það er ekki fyr en nú rétt á síðustu öldum, að nokkurt skrið hefir komist á rannsóknir manna í þeim efnun.¹⁾

Þegar Newton fann þyngdarlögmál það, er allir hnettir og öll sólkerfi alheimsviðáttunnar virðast lúta, var hann einu sinni spurður að, hvers eðlis hann hygði aðdráttaraflíð vera. En hann svaraði þá því mikilláta svari: — *Hypotheses non fingo*, — eg bý ekki til neinar getgátur! Og þó bjó hann þær til; það sést best á kenningum hans um ljósið.

Allir vita, að Newton klauf fyrstur manna sólarljósið í regnbogaliti þess. Notaði hann til þess eins og nú er títt glerstrendinga (*prisma*) og kastaði síðan litbandinu (*spektrinu*) á vegg. Mældi hann síðan ljósbrot hinna ýmsu litgeisla og grundvallaði með því ljósfræðina. Gat hann þá ekki leitt hjá sér þá spurningu, hvers eðlis ljósið mundi vera, og gat hann þess til, að það bærisk um himingeiminn með agnarsmáum efnispörtum, er hann nefndi *corpuscula* (smálíkami) og hugði streyma út frá ljósgjafanum á alla bóga. Var tilgáta þessi því nefnd útstreymis-tilgátan (*emanationstheoria*) og hélst hún nokkuð lengi.

¹⁾ Þeir sem kynnast vilja þessu efni nánar, geta lesið um það tvær bækur, sem til eru á Landsbókasafninu: *Duncan: The new knowledge* og *Snyder: Das Weltbild der modernen Naturwissenschaft*. Eg hefi einkum stuðst við hina síðari.

En þó varð hún um síðir að lúta í lægra haldi fyrir þeirri tilgátu, að ljósið væri að eins bylgjuhreyfing í hinum svonefnda ljósvaka (*æther*), þessu vandræðaefni vísindanna, sem hingað til hefir hvorki orðið vegið né mælt, en menn hafa þó ekki getað án verið. Tilgáta þessi var nefnd *bylgjukenningin* (*undulationstheoria*).

Þegar Franklín dró rafmagnið niður úr skýjunum og hafði sýnt fram á, að það mundi vera líks eðlis og gneistar þeir, er sjá má fljúga af hárum kattarins í myrkri, sé hann strokinn öflugur, þá leiddi hann jafnframt getur að því, að rafmagnið mundi vera tengt einhverju sérstöku, fingervu efni. Franklín hélt því fram líkri skoðun á rafmagninu og Newton á ljósinu.

Sumir aðrir mestu eðlisfræðingar eins og t. d. Faraday, er var uppi um og eftir 1800, hafa einnig látið svipaða skoðun í ljós. Faraday hélt því meira að segja fram, að til væri að eins eitt allsherjar frumefni, og bærust ljós, segulmagn, rafmagn og önnur öfl með frumefni þessu um heim allan. En vísindin eru íhaldssöm og þau láta ekki, sem betur fer, sannfærast fremur en Tómas, fyr en þau geta séð og svo að segja þreifað á sönnunum. Þó er eins og sumir afburða-andar þurfi ekki slíkra sannana við, heldur spái í eyðurnar af eigin hyggjuviti sínu með því að draga rökréttar ályktanir af því, sem menn þegar vita.

Þannig kom hinn mikli enski stærðfræðingur og eðlisfræðingur Clerk Maxwell 1855 fram með þá tilgátu, er hann bygði á tilraunum og getgátum Faraday's, að ljós, rafmagn og segull væru í raun og veru sama eðlis, og að ljósið væri að eins nokkurs konar raf-segulhreyfing. Þriðjungi aldar áður en menn fundu rafmagnssveiflurnar, sagði hann fyrir um lengd þeirra og bjó meir að segja til hin stærðfræðilegu lögmál fyrir hreyfingu ljóss, rafmagns og seguls.

Svo tókst loks hinum þýzka eðlisfræðingi Heinrich Hertz árið 1888 að finna og mæla lengd og hraða rafmagnsbylgna þeirra, sem nú eru notaðar um heim all-

an undir nafni *Marconi's*. Kom það í ljós við tilraunir Hertz og mælingar, eins og Maxwell hafði raunar sagt fyrir, að rafmagnsbylgjurnar hafa nákvæmlega sama hraða og ljósið. Og enn hefir *Blondlot* nokkur í París fyrir skemstu fundið, að Röntgensgeislarnir svonefndu hafa sama hraða, fara 300,000 km. á sekúndunni.

Af þessum ástæðum hafa margir og þó einkum tveir vísindamenn, þeir *Young* og *Fresnel*, látið þá tilgátu í ljós, að allur alheimur sé fyltur hinu fingervasta efni og berist öldur allra náttúruafla með efni þessu ekki einasta gegnum sameindir (*molekúl*), heldur meira að segja gegnum hinar svonefndu frumeindir (*atóm*) efnanna. En til þess að færa sönnur á þetta þurftu að fara fram ítarlegar rannsóknir á sjálfu efninu.

Eg sagði efninu. En fyrir svo sem 40 árum hefði það þótt hreinasta goðgá í heimi vísindanna að tala þannig. Því að þá var það einn af trúarlærdómunum í grundvallaratriðum náttúruvísindanna, að ekkert eitt allsherjarfrumefni væri til, en aftur á móti væru til 70—80 óuppleysanleg frumefni, sem öll önnur efni væru samsett úr. Og svo sannfærðir voru menn um frumleik þessara frumefna, að menn nú um langan aldur eða jafnvel alt frá dögum Grikkja hafa nefnt þessar smæstu efnisagnir «frumefnanna» gríska orðinu *atomos*, er þýðir ódeili. Þó voru eindir þessar misjafnlega þungar, alt frá vatns-efniseindinni (*brintatómi*), er var léttust og þessvegna táknuð með efnisþynginni 1, og upp að efniseind *úransins*, er var talið alt að 239 sinnum þyngra.

Brátt fór menn þó að renna grun í, að eitthvað mundi vera bogið við þessi mörgu »frumefni«; því væri þeim raðað niður eftir eindaþyngdinni, eins og Rússinn *Mendelejeff* gerði í hinni aðdánlegu eindatöflu sinni, kom það í ljós, að raða mátti frumefnunum eftir flokkum og ættum, og sýndu þá hin þyngri frumefni á sér alt eðli og eiginleika hinna léttari frumefna, á mismunandi stigi þó, svo að alt virtist benda á, að hinar þyngri frumeindir væru að eins margfeldisstærðir (*multipla*), sam-

settar af hinum léttari. Var þetta svo lögbundið, að jafnvel Mendelejeff sjálfur gat sagt fyrir um eðli og einkenni þriggja »frumefna«, er þá voru óþekt, en fundust síðar og voru nefnd *skandium*, *gallium* og *germanium*. En þó áttu nokkrir áratugir að líða enn, áður en menn fyndu nokkrar visindalegar sannanir gegn frumleik »frumefnanna« eða með öðrum orðum fyrir því, að frumefnin væru samsett og sjálf til orðin.

Það er einn af hleypidómum þeim, sem menn eiga svo erfitt með að losna við, að þeir hugsa sér alla jafna efnið í náttúrunni eins og það væri aldauða og í sjálfu sér óhreyfanlegt, eða með öðrum orðum, að efnispartar þess geti ekki hreyfst af sjálfsdáðum. En í raun og veru er ekkert kvikara en efnið. Ef vér gætum greint efnisagnir loftsins, myndu þær jafnvel í blæjalogni líta út eins og hvirfilbylur óteljandi smáagna, er þytu fram og aftur hver um aðra með mörg hundruð metra hraða á sekúndunni. Og ef vér t. d. gætum greint í sundur sameindir vatnsins, mundi hver vatnsdropinn líkjast eirna mest mýflugnahnappi, þar sem mýflugurnar hringsóla hver í kringum aðra, en þó með einhverju ákveðnu millibili. Og jafnvel í steinhörðum gimsteininum mundum vær sjá einhverja svipaða hreyfingu, ef vér að eins gætum greint sameindir hans í sundur. Það hefir nýlega verið búið til verkfæri, nokkurs konar auka-smásjá (*ultramikroskóp*), er virðist sanna þetta. Sýnir hún í stækkaðri mynd efnisparta jafnvel hinna þéttustu málma, eins og gulls og platínu, á sífeldri hreyfingu. Það er þess vegna svo fjarri því, að efnið sé aldauða og hreyfingarlaust, þótt ekki hreyfist það úr stað eða færast um set af sjálfsdáðum, að það er það sem kvikast er í náttúrunni, og svo að segja hver efnisögn hreyfist með einhverjum þeim sveifluhraða, sem henni er eiginlegur.

Nú vitum vér það úr efnafræðinni, að í hverri sameind (*molekúli*) samsettra efna eru fleiri eða færri efnis-

eindir (*atóm*). Það eru til efni með að eins einni svo nefndri efniseind í sameindinni, eins og t. d. kvikasilfursgufa, og efni, sem hafa yfir 100 eindir í sameindinni, eins og mörg hinna lífrænu (*organisku*) efna. Skyldu nú líka efniseindir sameindanna vera á hreyfingu og hafa sinn sérstaka sveifluhraða? Og skyldu þær vera samsettar úr smærri frumeindum? Saga náttúruvísindanna hefir einnig leyst úr þeim spurningum.

Fyrir nú nærfelt 100 árum fann þýskur sjónglera-smiður (*opticus*) Josep Fraunhofer að nafni, einusinni er hann var að athuga regnbogalitina með hinum hárfínu ljósbrjótum (*linsum*) sínum, ýmsar dökkar rákir í litbandinu. Mönnum þóttu rákir þessar næsta undarlegar, og það því fremur sem þær voru alveg reglubundnar, þ. e. rákir fyrir hvert ákveðið efni á ákveðnum stöðum í litbandinu. En það var þó ekki fyr en hálfri öld síðar, að þeir Bunsen og Kirchhoff, þýskir eðlisfræðingar, gátu ráðið merkingu þessara ráka og sýnt fram á, að vér hefðum þar fyrir oss stafrof alheimsviðáttunnar, er vér getum lesið með, hvaða efni eru í hverjum þeim hnetti í geimnum, sem vér annars getum eygt og ber nokkra ljósglætu. Þeir grundvölluðu með rannsóknum sínum nýja fræðigrein, er nefndist ljósbrottskönnun (*spektralanalyse*). Og hvað er nú það, sem hún kennir oss?

Hún sýnir það og sannar, að sérhver lofttegund og sérhvert efni í gufulíki sýgur í sig ákveðnar rákir úr ljósbandinu (*spektrinu*), en fyrir það koma einmitt þessar dökku rákir í bandið. Nú er því enn fremur svo varið, að sérhvert efni sýgur að eins í sig ákveðnar rákir; en rákirnar samsvara ákveðnum sveifluhraða ljóssins á þeim stað í litbandinu, er þær koma fram, og þar af drógu menn þá ályktun, að eindirnar í efni því, sem ljósið stafar frá, væru á viðlíka hreyfingu með alveg samsvarandi sveifluhraða.

Litband þetta hefir verið nefnt *innsogsbandið* (*absorptionsspektrið*), af því að það er eins og efnin sjúgi í sig ljósrákir þær, er samsvara þeim í litbandinu. En

svo er til² annað litband, með björtum rákum í stað dökkra; en þær koma fyrst í ljós, þegar efnin verða sjálf hvítglóandi og stafa ljósi frá sér. Þá senda nefnilega sömu efnin frá sér sömu ljósrákirnar og þau höfðu áður sögið í sig, og því hefir litband þetta verið nefnt útgeislunarbandið (*emissionsspektrið*). Nú hafa menn samfærst um það, að hver þessara ráka í litbandinu, hvort heldur hún er dökk eða björt, samsvarar ákveðnum sveifluhraða. En flest efni hafa hvert um sig margar fastákveðnar rákir í litbandinu. Þetta bendir á, að efnin muni vera samsett úr ýmsum smáögnum með mismunandi sveifluhraða, fleiri en þeim, er frumeindatalan í hverju efninu nemur, eða með öðrum orðum, að hinar svonefndu »frumeindir« muni sjálfar vera samsettar úr enn þá smærri efniseindum.

Þetta var það, sem meðal annars kom hinum mikla enska eðlisfræðingi Lord Kelvin (Will. Thomson) til þess að halda því fram, að frumeindirnar, sem til þessa höfðu verið nefndar ódeili eða atóm, væru í raun og veru hringið ur ótal smærri agna, æther-agna eða ljósvaka, er væri svo finger, að agnir hans yrði hvorki vegnar né mældar.

Annað var það líka, sem ljósbrotskönnunin sýndi, er menn fóru að kanna ljós hinna ýmsu fastastjarna eða sólna, er sjást til og frá um himingeiminn, og það var það, að litband hinna heitustu sólna sýnir að eins léttasta og fyrsta frumefnið, vatnsefnið; en hin þyngri frumefnin koma svo smámsaman í ljós, stig af stigi, eftir því sem hnettirnir kólna, rétt eins og þau væru að verða til smátt og smátt eða krystaliserast út úr eldhafi þessara kólnandi sólna. Og þessu heldur áfram, þangað til flest þau frumefni eru til orðin, sem finnast á köldum hnöttum eins og jörð vorri. Þetta hefir einkum stjörnufræðingurinn Lockyer getað lesið út úr ljósbrotskönnuninni. En það virðist einmitt benda í áttina til þess, að frumefnin séu ekki alls kostar frumleg, ef þau þannig

koma í ljós stig af stigi, rétt eins og steypikúlur úr glóandi deiglu.

Samt sem áður er nú ekki alls kostar hyggilegt að reiða sig algerlega á það, sem lesið er í svo miklum fjarska eins og fastastjörnurnar lýsa, og er tryggilegra að finna einhverjar sannanir hér á jarðri, ef vér eigum að trúa því, að frumefnin geti orðið til.

En er nú nokkuð það fram komið, er geti stutt þá tilgátu? Er það ekki fjarri öllum sanni, að menn geti hugsað sér, hvað þá heldur sýnt fram á tilveru efniseinda, er sèu margfalt smærri en þær, sem nú þekkjum vér léttastar og smæstar? Lord Kelvin, sem líka var mikill stærðfræðingur, gjörði sér leik að því að reikna út stærð hinna venjulegu frumeinda efnafræðinnar. Komst hann að þeirri niðurstöðu, að þær væru þetta frá 1 $\mu\mu$ —0,1 $\mu\mu$; en 1 $\mu\mu$ er 1000×1000 . partur úr millimetra, sem er aftur 1000. partur úr metra¹). Próf. O. E. Meyer fann síðar meðaltalið 0,2 $\mu\mu$ fyrir efniseindir flestra frumefnanna. Geta menn nú hugsað sér öllu minni stærð en $\frac{1}{5}$ úr 1000×1000 . parti millimetra? En það á að vera stærð venjulegra efniseinda. Hvað segja menn þá um það, ef það er talið sannað, að til séu efniseindir, er séu alt að þúsund sinnum minni en þær frumagnir, er taldar hafa verið minstar hingað til? Ætli suma fari þá ekki að sundla úr því?

En hugsum þá ekkert frekar um smæð þessara smáagna, heldur tökum eftir því, hvernig mannleg snilli hefir farið að því að festa hönd á þeim og gjöra þær svo að segja teljanlegar og mælanlegar.

¹) Kynlegt er það, að snillingar þeir, sem bjuggu til íslensku heitin yfir metramálið, skuli hafa gleymt því lengdarmáli, sem er jafntítt í vísindamáli eins og *mikron* (μ) og *millimikron* ($\mu\mu$). En hvað skyldu þeir nú kalla það?

Nú fyrir liðugum 30 árum (1879) gaf Englendingurinn Sir William Crookes út alþýðlegt rit, er hann nefndi *Radiant matter* (geislandi efni), og skýrði hann þar frá hinum aðdánlegu rannsóknum sínum á rafmagnsstraumnum í hinum svonefndu crooksku hylkjum. Sýnishorn af sliku hylki er hinn svonefndi geislamælir (*radio-meter*), er Crookes bjó til 1874 og nú er orðinn að hálfgerðu leikfangi, sem sjá má í búðargluggum úrsmíða og annara. Það er því sem næst lofttómt glerhylki með ofurlitilli myllu innan í. Sé hylki þetta borið að ljósi eða hita, fer myllan að snúast og það því hraðar, sem hitinn eða ljósið er meira, geislarnir örari, og af því dregur það einmitt nafnið geislamælir. Eitt sinn fýsti Crookes að vita, hver áhrif rafmagnsstraumurinn hefði á slíkan geislamæli, og sjá, — árangurinn varð sá sami, myllan tók að snúast. Nokkrum árum áður hafði þýzkur maður, að nafni Hittorf, tekið eftir áhrifum þeim, er rafmagn hefir á ýmsa málma, sölt ofl. í lofttómum hylkjum. Þegar rafstraumurinn berst að efnum þessum, fara þau að blika og skína með ýmiskonar litum, helst norðljósalitum, og þeyta frá sér efniskendum geislum með rafmagnsstraumnum. Fór nú Crookes að rannsaka og fást við þessi fyrirbrigði í hinum lokuðu, lofttæmdu glerhylkjum sínum.

Hann tæmði fyrst hylkin að lofti með loftdælu og ýmsum loftbindandi efnum (fosfor, natríum ofl.), svo að þau urðu því sem næst alveg loftlaus ($1/20,000,000$ venjulegrar loftþrýstingsþyngdar), og fór svo að rannsaka, hvaða áhrif þetta hefði á geislana. Eftir því sem loftið eyddist, varð rafstraumurinn, sem leiddur var í gegnum þau, að geislum, sem urðu æ bjartari og bærðust áfram í beinum línunum, lárétt á málmpynnu þá, er höfð var til að leiða rafmagnið inn í hylkin. Var það látið streyma út frá negatíva, fráhverfa skautinu, er nefnist kaþóða, og því voru nú geislar þessir nefndir kaþódugeislar.

Ef rafmagnið var látið streyma út frá málmpynnu, sem var íhvolft eins og holspegill, söfnuðust geislar þessir

saman í einn brennidepil. En í honum var hitinn svo ákafur, að gler bráðnaði, og allir hinir seigustu málmar, eins og t. d. gull og platína, urðu glóandi, gufuðu upp og spýttust sitt á hvað eins og sjóðandi vatn. Málmunum sló svo niður aftur á málmþynnur fjærst í glasinu. Með þessu móti er nú orðið hægt að leysa öll hin seigustu efni upp í örsmáar agnir, er virðast vera álika smáar, ef ekki smærri en efniseindirnar; að minsta kosti hverfa efnin alveg sjónum um stund, þangað til þau þéttast á ný og þau ber niður aftur sem föst efni.

Þessu næst tók Crookes segul og bar hann að geislunum. Það kom þá í ljós, að það mátti beygja geislana og beina þeim í ýmsar áttir með segulnum. Og þegar hann viðhafði tvö samkynja segulskaut, urðu geislastafiririr tveir og fjarlægðust hvor annan eins og samkynja segulskaut gjöra. Með þessu var sannað, að geislarnir voru tengdir einhverju fingervu efni, er lét segulmagnast. Því að þegar Crookes á hinn bóginn tæmdi hylkinn að lofti, gátu geislarnir traudla borist um þau, en það sýnir, að rafmagnið þarf eitthvert efni til að berast með, eða með öðrum orðum, að það er í raun og veru geislandi efni.

Hertz sá er fyrstur manna fann Marconi-bylgjurnar svonefndu og sannaði, að ljósið væri eins konar rafsegulhreyfing, sýndi nú þessu næst fram á, að kapódugeislarnir geta farið í gegnum fast efni eins og ekkert sé. Þessa uppgötvun notaði annar yngri þjóðverji Philip Leard til þess að leiða kapódugeislana út úr hylkinu með því að búa til skjá úr alúminíi á fjarlægari enda þess. Og loks sannaði ungur Frakki Jean Perrin, með því að menn nú voru farnir að efast um, að geislar þessir væru rafmagnaðir, að þeir voru hlaðnir rafmagni.

Þar tók hinn mikli enski eðlisfræðingur J. J. Thomson við. Með rafmagnsjánni (*elektróskópinu*) tókst honum að sanna, hve miklu rafhleðsla geislanna næmi, og mældi hann það svo nákvæmlega, að hann gat sýnt og sannað, að ákveðið rúmmál kapódugeislanna hefir ávalt

sömu hleðslu rafmagns meðferðis. Því næst ákvað hann hraða geislanna og sýndi, að hann er með vaxandi loftþynku þetta frá 2000 og upp í 100,000 km. á sek. Becquerel hinn frakkneski og frú Curie, sú er mest hefir fengist við rannsókn á *radii*¹⁾, helsta geislandi efninu, er vér enn þekkjum, fundu að hraði kaþódugeislanna er alt að 150,000 km. eða alt að helmingi af hraða ljóssins.

Þegar búið var að finna rafmagnshleðsluna og hraða geislanna, fóru menn að reyna að finna út efnisgnægð (*masse*) smáagna þeirra, er geislarnir bærast með, og komum vér þar að dásamlegustu tilraunum. Var það maður að nafni R. T. Wilson, lærisveinn Thomsons, er einkum fékst við þetta. Hann bjó til mjög svo mismunandi efnisþokur inni í hylkjunum og athugaði, hversu þeim slægi niður. Hafði hann komist að raun um, að í hverjum þokudropa var ein rafeind, sem dropinn myndaðist utan um, og gefur það manni hugmynd um. Hvernig þrumuskýin verða til á himninum. Síðan taldi hann blátt áfram dropana eftir því sem þeim sló niður, og þegar því var lokið, vissi hann hve margar rafeindirnar voru. Því að þær voru jafnmargar og droparnir. En þá mátti reikna út efnisgnægð rafeindanna. Þetta tókst próf. Thomson á hendur og sannaði hann því næst útreikning sinn með nýjum tilraunum, er nú hafa verið prófaðar á öllum höfuðbólum vísindanna og reynst réttar.

En árangurinn af þessum tilraunum er sá, að það er nú talið fullsannað að til séu efniseindir, teljanlegar og mælanlegar, en þó þúsund sinnum efnisminni en efniseind sú, brint-eindin, sem hingað til hefir verið talin léttust og smæst allra efniseinda. Og þessar eindir, sem þannig eru fundnar, virðast vera minstu og frumlegustu eindir náttúrunnar. Því að eins mismunandi og eindir »frumefnanna« eru að þyngd og öðrum eiginleikum, eins líkar

¹⁾ Sbr. hina einkarfróðlegu ritgjörð próf. Þorv. Thoroddsens í 1. h. Eimreiðarinnar þ. á: „Vísindalegar nýjungar og stefnubreytingar nútímans“ I, bls. 5.

eru eindir þessar hver annari, úr hvaða efnum sem þær streyma. Próf. Thomson gaf smáeindum þessum nafnið *corpuscula* til minningar um ljósfræði Newtons. En með því að nafn þetta er nokkuð óákveðið og eindir þessar eru ávalt hlaðnar rafmagni, hafa þær nú verið skírðar *elektrón* þ. e. rafeindir, og af því er svo aftur dregið nafn kenningarinnar: *elektrónteoría*, sem þá að sjálf-sögðu ber að kalla rafeinda-kenningu á íslensku.

Til þess nú að gefa mönnum einhverja hugmynd, ef hugmynd skyldi kalla, um smæð þessara rafeinda, skal þess getið, að eftir útreikningi fróðra manna fara 1770 kvadriljónir negatívrar rafeinda í eitt gramm, $\frac{1}{5}$ úr kvinti, og efnisgnægð rafeindar er alt að $\frac{1}{2000}$ hluta af efnisgnægð vatnsefniseindarinnar.

Nú hafa rannsóknirnar á radii og öðrum geislandi efnum, er senda frá sér þessa lýsandi rafmagnsgeisla, sýnt, að þau eyðast smámsaman, þótt hægt fari, fyrir útgeislan þessa, rétt eins og frumeindir efnanna leysist upp í þessar rareindir. En það hefir komið mönnum á þá skoðun, að leysa megi öll frumefni upp í slíkar rafeindir; en þá verða rafeindirnar í raun og veru að frumeindum allra annara efniseinda. Er nú nokkur fótur fundinn fyrir þessari skoðun? Hafa menn getað breytt einu frumefninu í annað og leyst þau að síðustu upp í rafeindir?

Próf. Þorv. Thóroddsen hefir í ritgjörð þeirri, er eg vitnaði til um radiið, lýst árangri hinna visindalegu rannsókna á þessa leið (bls. 6): — »Radium sendir stöðugt frá sér gufu, sem er lýsandi og gerir loftið leiðandi fyrir rafmagn; þegar þessi gufa var rannsökuð, fanst í henni helium (þ. e. annað frumefni en radiið) og með nákvæmustu athugunum urðu menn fullsannfærðir um, að radium smátt og smátt breytist í helium. Þetta var afarþýðingarmikil uppgötvun, því nú var sönnun fengin fyrir því, að eitt frumefni getur breyst í annað frumefni. Af því sést líka, að frumagnirnar (*atómin*) eru ekki ódeilanlegar, þær geta liðast í sundur í enn smærri eindir. Síðan hafa efnifræðingar gert sitt ýtrasta til að breyta öðrum frum-

efnum; rannsóknir þessar eru rétt að byrja, og þó hefir nokkuð áunnist. Menn ætla nú að frumefni með hárrí atómþyngd eins og radíum, úran, thórium, pólóníum og aktíníum séu óstöðug efni, sem, þegar nógu sterkur rafmagnsstraumur verkar á þau, breytist í önnur efnisform, sem líka eru óstöðug; en þau breytist svo aftur í frumefni, sem vantar radíumseðlið og eru stöðugri (þ. e. frumefni með minni atómþyngd). Menn þykjast hafa líkur fyrir að radíum myndist úr úran, en efnafræðingurinn Boltwood hefir fundið milliefni milli þessara tveggja frumefna, sem hann kallar *ióníum*. Ramsay hefir líka nýlega fundið aðferð til að breyta lithíum og öðrum efnum í kopar. Þess má ennfremur geta, að ljósrannsóknir benda til þess, að mikið radíum sé til í ýmsum fjarlægum stjörnum. — Það bendir í áttina til skilnings á skyldleika frumefnanna og til þess, að einhver eining liggi til grundvallar fyrir þeim öllum...«

Þeirrar skoðunar var Crookes líka á efnafræðingamóttinu í Berlín sumarið 1903, þar sem hann sem heiðursforseti fundarins hélt ræðu um frumefni frumefnanna. Hélt hann því fram, að hvert efni gæti ekki einungis verið fast, fjótandi eða loftkent, heldur hlyti að mega leysa það upp í fjórða ástandið, er það var í upprunalega ásamt öðrum efnum, eða með öðrum orðum breyta öllum efnum í hið fyrsta frumefni, er þau séu öll orðin til úr, og leggur hann til, að það verði nefnt gríska orðinu *prothyle* (ϑ: fyrsta efni, frumefni).

J. J. Thomson virðist vera líkrar skoðunar og er hann þó gætinn maður og varkár í tilgátum sínum. Virðist honum rétt að ætla, að efniseindir frumefnanna svo nefndu séu orðnar til úr miklu smærri eindum einhvers konar æther-eindum eins og Lord Kelvin hafði getið til, eindum sem mynda mismunandi hringiður eða öllu heldur smásólkerfi með fastastjörnum og ákveðnum fjölda reikistjarna, er fer eftir eindaþyngd hvers frumefnis. Sumir hafa jafnvel getið þess til, að þessi agnarsmáu sólkerfi efniseindanna séu á einhvern hátt orðin til úr tómun raf-

eindum. Hefir Perrin, sá er getið var um, þegar fundið, að svifhraði rafeindanna um hin ýmsu efni samsvari nákvæmlega bylgjulengdinni í ljósgeislum efnanna sjálfra, er þau verða hvitglóandi. Og rafeindir virðast streyma úr öllum slíkum hvitglóandi efnum, eins og líka gefur að skilja, þar sem ljósið sjálft er ekki annað en ákveðin rafsegulhreyfing.

Sól vor er, eins og vér vitum, glóandi hnöttur. Má þá ekki einnig líta á hana sem risavaxið rafmagnsskaut, er þeyti óteljandi miljónum rafeinda á hverju augnabliki út um geiminn? Það eru allar líkur til þess, eða svo lítur hinn mikli sænski efna- og stjörnufræðingur Arrhenius á. Nokkur hluti rafmagnsels þessa strýkst með yfirborði gufuhvolfs vors; en segulmagn jarðarinnar dregur það að sér niður að segulskautum sínum og þá myndast fyrirbrigði þau, er vér Íslendingar könnumst svo vel við, norðurljósin; en þau eru ávalt mest og fegurst, þegar eldsumbrot og byltingar verða á sólunni. Þessi norðurljós eru því í raun og veru sömu tegundar og ljósblíkin í glerhýlkjunum litlu, nema hvað þau eru margfalt dýrlegri og áhrifameiri. En það gefur manni aftur hugboð um, að sami krafturinn og sama efnið muni ráða í hinni smæstu efniseind og í sólkerfum himnanna.

Ósjálfrátt verður hvert óspilt mannsauga gagntekið af hinni blikandi dýrð norðurljósanna. En hversu miklu hrifnari munu menn þó ekki verða, er þá fer að gruna, að þeir líti þar upphaf alls afls og efnis, hinn rafkenda ljósvaka, sem vér nú loks erum að komast á snóðir um, að muni vera frumefni frumefnanna.

Enginn veit, hvar þessi nýja efniskenning lendir á endanum. En það er auðséð, hvert hún stefnir. Hún stefnir að sama markí og framþróunarkenningin í hinum lifanda heimi. Hún ætlar að reyna að rekja framþróun allra jarðneskra efna upp að hinum lýsandi »stjörnuþokum«, er sólkerfin verða til úr. Hún ætlar með öðrum orðum að reyna að sanna hinn »himneska« uppruna allra

hluta og sýna, að alt sé orðið til úr hinu lýsandi, magnbrungna frumefni frumefnanna.

En hvar hún lendir, hvort hún þá finnur upptök efnisins eða ekki, hvort hún telur efni þetta eilíft og upprunalegt eða sjálft orðið til úr afkendum hringiðum einhvers himinborins »afkvaka«, um það skal engu spáð.

En það er sýnilegt, að vísindin stefna nú, hvað sem hver segir, hraðfara að uppsprettum allra hluta og eru þegar komin vel á veg til þess að grafa fyrir rætur alls.

Loftfarir.

(Frh.)

Franskur höfuðsmaður, *Renard* að nafni, hafði fengist við loftskipasmið, með aðstoðarmanni sínum La Haye, frá því árið 1878. Eftir allmikla vafninga útvegaði Gambetta honum loks 200,000 fr. af ríkisfé, og smíðaði hann þá, ásamt *Krebs* höfuðsmanni, loftskipið *La France*. Belgurinn á loftskipi þessu var spólumyndaður, heldur þykkari framan en aftan, liðlega 50 stikur á lengd og tók 1864 ten.st. Langsetis undir belgnum var karfa úr bambusleggjum, 33 st. á lengd. Aftan á henni var stýrið, en sknúfa framan á, og sneri henni rafmagnshreyfivél með 9 hestöflum. Þeir félagar höfðu á skipinu dragseil, langan kaðal, sem er mjög þægilegt áhald til þess að geta lent hnykkjalaust. Ef burðarmagn belgsins er minkað til muna skyndilega, með því að hleypa úr honum, þá er hætt við að loftfarið komi alt of hart niður. Til þess að koma í veg fyrir það, verður að varpa útbyrðis sandi eða öðrum þunga, sem til þess er ætlaður. En þá er vandratað meðalhófið, að eigi sé létt um of, því að þá flýgur loftfarið upp aftur. Þessa dynti má jafna með því, að rekja úr dragseilinni, svo að endinn liggi á jörðu. Þegar loftfarið sigur, léttist það jafnframt um það af kaðlinum, sem á jörðina legst; þegar það stígur, þyngist það, er það verður að lyfta meira og meira af seilinni, og má þannig hnitmiða hreyfingarnar, unz farið hnökrar niðri. Til þess jafnvægi loftskipsins raskaðist ekki, þótt mennirnir færðu sig til í körfunni, höfðu þeir á skipinu jafnvægis-eða færþunga, lóð, sem færa mátti til svo, að þau vógu salt við mennina.

Renard hafði veitt því eftirtekt, fyrstur manna, að aflangir hlutir missa jafnvægið og taka að sveiflast, þegar þeir hafa náð ákveðnum hraða á leið sinni gegnum loftið. Til þess að gjöra við þessu gjörði hann á skipið jafnvægisþynnur, eða ugga, sem lágu láréttir meðfram hliðum belgsins. Framan af vissu engir hvað þetta átti að þýða, því að R. hafði leynt uppgötvun sinni. Þeir félagar reyndu nú loftskipið 1884. Hraðinn varð meiri en nokkur hafði náð áður, $6\frac{1}{2}$ st. á sek., og í 5 skifti af 6 tókst þeim að stýra skipinu svo vel í stóran sveig, að þeir lentu aftur á sama blettinum, sem þeir fóru frá.

Þarna var þá komið loftskip, sem mátti stýra; því varð ekki mótmælt. En það var ekki einhlitt. Það þarf ekki að vera hvast til þess, að vindhraðinn sé $6\frac{1}{2}$ st. á sek. Móti þeim vindi komst loftskip þetta ekkert, og væri hvassara, hlaut það að hrekja. Þetta hreyfiafl (rafmagnið) datt því úr sögunni, en önnur áhöld, sem óefnilegri þóttu í fyrstunni, urðu ofan á; það voru steinolíu- og benzín-hreyfivélarnar.

Þjóðverjar tveir, *Baumgarten* og *Wölfert*, höfðu fyrstir manna smíðað loftskip með benzínvél árið 1883. *Wölfert* fekst við tilraunir á slíkum skipum, unz hann beið bana af því 1897. Vélin hafði verið of nálægt belgnum, og kviknaði því í gasinu, sem úr honum streymdi; alt loftfarið fuðraði upp og steypist til jarðar.

Mesti garpurinn af öllum loftförum, fyr og síðar, er líklega *Santos Dumont*, Brasilíumaður, búsettur í París. Hann var auðugur maður, og tók upp á því, að smíða loftskip, þótt hann þekti litt eða ekki til loftferða. Fyrstu loftförum hans var og mjög ábótavant, og ónýtti hann þau hvert af öðru, en smíðaði jafnharðan önnur ný með nýju lagi og nýjum umbótum. Alls hefir hann gjört ekki minna en 15 loftför, sem reynd hafa verið, auk allra þeirra, er ekki komust svo langt. Fífdirfska hans, snaræði og þolgæði við tilraunirnar voru alveg dæmalaus. Enginn hefir farið aðrar eins glærafarir og hrakfarir. Hann lenti á trjám og húsum, svo að alt gekk af göflun-

um, og hékk þar, unz til hans náðist. Eða þá í sjó, og var þá dreginn til lands. Eitt sinni kviknaði í vélinni hjá honum, en hann kæfði eldinn með hattinum sínum. Það var eins og hann væri ódrepanði, og aldrei lét hann hugfallast. Sökum þessa, og svo hins, að hann var altaf á ferð og flugi, svo að allir könnuðust við hann, vann hann sér afarmikla lýðhylli, og hefir enginn gjört meira en hann til þess, að auka mönnum ást og áhuga á loftferðunum.

Santos Dumont smíðaði fyrsta loftfarið sitt árið 1898. 1901 komst hann að verðlaunum, sem heitið hafði verið þeim, er gæti svifið í hálf tíma kringum Eiffelturninn í París og horfið svo aftur til sama staðar, sem hann kom frá. Það var 6. skipið í röðinni, sem hann hafði til þessarar ferðar. Verðlaunin voru 100,000 fr. og gaf hann mest af því fátækum. Þá gáfu Brasilíumenn honum 125,000 fr., og greip hann nú til þeirra til skipasmíðanna, er hann hafði eytt öllum sínum eignum.

Það yrði oflangt mál að lýsa hverju einu af loftförum hans, svo mörg sem þau voru og ólík. Fyrstu skipin voru lítil og að öllu veik, og aðalbreytingarnar hafa gengið í þá átt að styrkja þau og stækka, til þess að gjöra þau hæf fyrir stærri og aflmeiri hreyfivélar. Þrátt fyrir það náði hann aldrei svo miklum hraða, að hann væri ánægður; hann breytti því til og tók að fást við flugvélar. En þótt loftför hans hafi eigi uppfyllt þau skilyrði, er æskilegt þótti, hefir afarmargt og mikið græðst á tillögum hans.

Gerð nútíðarloftskipanna er aðallega þrenns konar: lin, hálf lin eða stinn.

Loftskipin af fyrsta floknum eiga rót sína að rekja til umbóta þeirra, er Þjóðverjarnir *v. Sigsfeld* og *v. Parseval* gjörðu á tjóðurbelgjunum, sem notaðir höfðu verið í hernaði, og verður því að gjöra nokkra grein fyrir þeim hér.

Áður, 1885, hafði A. Douglas, enskur maður, reynt að festa einskonar flugdreka við venjulegan belg, til þess

að gjöra hann stöðugri í loftinu, en það tókst lítt Stöðvuninni náðu þeir félagar á þann hátt, er nú skal greina:

Stjóraskip þeirra er aflangur sívalningur, sem liggur skáhallur í loftinu, þannig að fremri endinn veit upp og á móti vindinum. Belgurinn skiftist í tvent, og er aftari hlutinn miklu minni, og ekki innangengt á milli. Fremri hlutinn er lokaður og fylltur vetni, eða öðru gasi. Hinn er opinn í annan endann, og veit opið við vindi og fyllist hann því sjálfkrafa af lofti. Slíkra lofthólfa hefir áður verið getið (Meusnier), en hér er tilgangur þeirra sá, að þrýsta svo á vetnisbelginn, að hann geti eigi böglast af áhrifum vindsins. Stýrið heldur skipinu í horfinu. Það er poki mikill, aftan og neðan við sívalninginn, opinn í báða enda, og nær hann fram undir miðju skipsins að neðanverðu. Neðra opið, sem við vindinum veit, er stærra en hið aftara, og er því pokinn ávalt troðfullur af samþjöppuðu lofti. Til þess að verjast ruggi eru höfð segl, sem ganga út frá hliðum belgsins. Með því nú að vindurinn stendur ætíð framan og neðan á þau og belginn sjálfan, lyftir hann farinu því hærra, sem veður er hvassara, og gjöra þau þá líkt gagn og fletir flugvélanna. Þannig verður alt lofthárið að nokkurs konar flugdreka, og liggur landfestin niður úr því framan til við miðju, en karfan nokkru aftar. Stundum er haft stél á þeim, alveg eins og á venjulegum flugdrekum, til þess að afturendinn höggvi síður upp og niður.


Nú tók Parseval að fást við að smíða regluleg langferðaloftskip. eftir sömu grundvallarreglum, sem þeir höfðu notað við tjóðurbelgina. Lofthólfin hafði hann nú tvö, framan og aftan til í belgnum, og voru þau fyllt handdælum. Væri aftara hólið haft fyllra, þrýstist gasið fram eftir belgnum, og hækkaði þá framhlutinn. Þá var og hafður færþungi, til þess að halda jafnvæginu, og seinna var búið svo um körfuna, að henni var ekið fram og aftur eftir þörfum. Stýrin voru aftan til á belgnum, eitt neðan á, til þess að stýra skipinu til hliðanna (hliðarstýri) og tvö gengu út frá hliðunum, til þess að beina farinu

upp eða niður (hæðarstýri, sbr. seglin á tjóðurbelgjunum). Öll þessi stýri voru vindpokar úr sama efni og belgurinn sjálfur. Jafnvel skrúfan sjálf var úr sama efni, en endarnir á skrúfublöðunum voru þyngdir með blýi; þegar svo skrúfan tók að snúast, réttist úr blöðunum, sökum miðflóttaaflsins, svo að þau urðu jafnstinn sem væru þau úr málm. Yfirleitt var enginn hlutur loftfarsins gjörður úr neinu hörðu efni, nema hreyfivélin sjálf og karfan, sem hún var í. Af þessu leiðir að það er þægara í vöfunum og léttara að flytja á landi en nokkurt annað loftskip. Það liggur við að það megi brjóta það saman og stinga því í vasa sinn.

Parseval byrjaði á þessu smíði sínu árið 1901, og 26. maí 1906 var fyrsta skipið reynt. Tilraunirnar tókust allvel, og keypti síðan loftsiglingafélag eitt, sem þá var nýstofnað, fyrir milligöngu keisarans, skipið að honum. Gekk P. í þjónustu félagsins, enda hafa síðan verið gjörð mörg skip með þessu lagi og náð allmiklu álitu, einkum á Þýzkalandi.

Helzti gallinn á þessari tegund loftskipa er sá, að karfan verður að draga belginn á eftir sér, með því að hreyfiaflið verkar á hana eina, en hún er eigi fest við belginn með öðru en strengjum. Hentugast væri að hreyfiaflið verkaði einmitt á þungamiðju alls loftfarsins, sem er einhvers staðar neðan til í miðjum belgnum, en þarna hangir karfan með vélinni langt fyrir neðan hann, og verður þá drátturinn miklu örðugri. Svo er líka hætt við því, að belgurinn sporðreisist, ef svona er um búið, og verða þá slys að, ef ekki er nógu fljótt að gjört. Á loftskipum annars flokksins er vanalega gjört við þessu með því, að festa belginn ofan á nokkurs konar kjöl úr einhverju hörðu efni, t. d. aluminium, og eru þá loftskrúfurnar stundum festar á hann, til þess að flytja þær nær þungamiðjunni. Santos Dumont t. d. varð það fyrir að nota bambusstöng fyrir kjöl, er fyrstu loftbelgir hans sligudust í miðjunni og lögðust saman, eins og sjálfскеiðingar.

Þetta lag (2. flokkurinn) er að visu allgamalt, en sá sem fyrstur hóf það til verulegra metorða var *Julliot*, franskur verkfræðingur. Hann komst í þjónustu bræðra tveggja auðugra, er hétu Lebaudy, og voru sykurgjörðarmenn. Fekk hann hjá þeim fé til loftskipasmíða, og var fyrsta skipið reynt 13. nóv. 1902. Þessi skip voru líkust í laginu vefjarskyttu á hvolfi. Skrúfan og stýrin voru fest á kjölinn, og aftan til á belgnum voru jafnvægisuggar. Til þessara skipa var mjög vandað efni og útbúnaður, enda varð hraðinn miklu meiri, en áður höfðu þekst dæmi til, og það má segja að *Julliot* yrði fyrstur til þess, að gjöra loftskip, er að verulegu gagni mætti koma til ferða og flutninga. Síðan hafa bæði Frakkar og aðrar




þjóðir smíðað fjölda loftskipa með þessari gerð, franska laginu (1. mynd), en gjört á því ýmsar breytingar, svo sem þær, að gjöra belginn reglulegri (symmetriskari). Þá var og tekið að nota poka fyrir ugga, með sívalnings- eða keilulagi.

Merkustu loftförin af þessari gerð voru *La Patrie* og *La République*, sem voru í þjónustu franska hersins og fórust bæði, *Ville de Paris*, sem auðmaðurinn *Deutsch de la Meurthe* gaf franska ríkinu eftir þau óhöpp, *Clement Bayard* og *Ville de Bordeaux*. *La Patrie* var 60 stíkur á lengd, 10,3 st. í þvermál, tók 3600 ten.st. og hafði eina hreyfivél með 70 hestöflum. *La République* var lítið eitt stærri, *Ville de Paris* heldur minni. Tvö hin síðastöldu eru viðlíka stór, en miklu aflmeiri (120 hestöfl).

Þá er önnur tegund hálfínu loftskipanna, þýzka lagið, sem kent er við *Basenach* (2. mynd.) Belgir þessara skipa eru styttri og gildari, skrúfurnar tvær, sín hvorumegin, og liggja all-ofarlega, af ástæðum þeim, er fyr voru greindar. Hæðarstjórninni er þann veg fyrir komið, að karfan er færð nær öðrum hvorum enda belgsins, með því að stytta

taugarnar, sem halda henni, og sigur þá sá endinn. Karfan er með öðrum orðum höfð fyrir nokkurs konar færþunga. Á hinum nýrri og stærri loftskipum af þessari tegund hafa menn þó gjört stýrisþynnur, líkt og gjörist á öðrum loftskipum. Árið 1909 var smíðað skip með þessu lagi, og tók belgurinn 5000 ten.st. Flest af þessum skipum eru í þjónustu þýzka hersins, og þykja reynast vel.


Fyrsti og annar flokkur loftskipanna líkjast hvor öðrum í því, að báðir nota vindbelgina til þess, að belgurinn geti ávalt verið nógu vel þaninn og haldið laginu. Þetta er afarnauðsynlegt, því að bæði geta loftþyngdarbreytingar, og þó einkum hitabreytingar, gjört það að verkum, að gasið annaðhvort þenjst út, svo að belgurinn rifni (einkum ef vel mikið hefir verið látið í hann upphaflega), eða það dragist saman og fylli eigi belginn. Bæði er það skaðræði fyrir jafnvægi loftfarsins, að gasið gutli þannig til í belgnum, og svo skemmir það dúkinn að brenglast og blaðra fyrir vindinum. En á hinn bóginn eru þessir vindbelgir ætíð til mikils trafala og erfiðisauka, og því gott að geta verið án þeirra.



Þriðja tegundin, stinnu loftskipin, eru gagnólik hinum að þessu sem öðru. Þetta lag er kent við *Zeppelin greifa*, hinn þýzka. Austurríkismaður einn, er *Schwarz* hét, varð að vísu nokkru á undan honum til þess að reyna loftskip af líku tægi, þar sem allir hlutar skipsins voru festir á eina samhangandi málmgrind, en hann braut skip sitt, nálægt Berlín, árið 1897, og hafði eigi efni á því, að leggja út í nýjar tilraunir.

Zeppelin greifi er fæddur 1838. Hann braut lengi heilann um loftsiglingar. Árið 1898 tók hann að smíða loftskip, og árið 1900 hafði hann lokið því. (Á 3.

mynd sést utan á hliðina á einu af loftskipum Zeppelins, og inn í það að nokkru leyti). Belgurinn á þessu fyrsta skipi hans var 128 st. á lengd og 11,66 í þvermál og var þaninn utan á 16 langbönd úr aluminium. Þessum langböndum var haldið sundur að innan með mörgum grönnum stálspernum. Þessar sperrur ganga um þveran belginn og eru hólfín milli þeirra 17 að tölu og svo er um búíð, að hvert hólf er sérstakur gasbelgur út af fyrir sig. Með þessu er það unnið, að aðalbelgurinn er ósveigjanlegur og heldur altaf laginu, og svo hitt, að þótt gasið minki nokkuð, raskast eigi jafnvægið, og þótt einn belgurinn bili, þá hafa hinir nóg burðarafi eftir. Belgurinn, eða belgirnir, tóku alls 11,000 ten.st. Að neðanverðu var grindin gjörð í líkingu við kjöl hinna eldri loftskipa, og voru þar í tvær körfur, önnur aftan til, en hin framan til. Í hverri þeirra var hreyfivél með 16 hestöflum, og sneri tveim skrúfum hvor. Skrúfurnar voru uppi undir miðjum hliðum belgsins. Hæðarstýri tvö lárétt út frá hliðunum að aftan. Auk þess var hjálpað til með jafnvægisþunga á kjölnum. Skipið bar 5 manns og 7 vætta þunga að auki, og fór eitthvað 8 eða 9 st. á sek. Mikillar nákvæmni þurfti við, er skipinu var lent, ef grindin átti eigi að skekkjast eða brotna. Bezt var að koma niður á vatn, og því fór Z. tilraunaferðir sínar yfir Bodenvatninu. Þær urðu alls þrjár, og var þá skipið ónýtt.



Zeppelin II. Það var öllu stærra en hitt, og knúði

Z. hafði nú eytt fé sínu í fyrirtækið, og tókst honum loksins eftir langa mæðu að fá fé til láns, til þess að smíða næsta skipið,

fram með 170 hestöflum, enda varð hraðinn gríðarmikill, sumir segja 15 st. á sek., og hefir enginn náð því, fyr né síðar. Skrúfurnar mátti nú hreyfa bæði áfram og aftur á bak, og breytt var til um stýrin. Aðal-hliðarstýrið var nú gjört líkt og stýri á venjulegum hafskipum, en til hjálpar höfð smærri stýri lóðrétt milli jafnvægisugganna, sem ganga út frá hliðunum bæði að aftan og framán. Hæðarstýrin voru 4, neðan til á báðum hliðunum, framan og aftan. Hvert af þeim er gjört af fjórum flötum, sem liggja lárétt hver upp yfir öðrum. Má svo halla þeim alla vega til, og gjöra þeir þá sama gagn og þynnurnar á flugvélunum, og geta aukið lyftiafl belgsins um margar vættir. Svo vel var um belginn búið, að ekki tapaðist meira af burðarafi við útgufun úr honum en svo, að hitt nam meiru, hvað farið léttist, eftir því sem olía eyddist til vélanna.

Zeppelin II. var fullgjör árið 1906, og þegar árið eftir var *Zeppelin III.* smíðaður. Hann tók 15.000 ten.st., vó 230 vættir og lyfti 96 vættum auk þess þunga, og hafði hreyfivélar með 220 hestöflum. Árið 1908 hlektist þessu skipi á hjá Echterdingen, en nú var reynslan fengin fyrir ágæti þessara skipa, og stóð nú ekki á því, að smíðaður yrði *Zeppelin IV.* Nú hefir þýzka ríkið tekið við seinustu skipunum, og er unnið af kappi að því, að bæta þau á ýmsan hátt og smíða önnur ný og stærri.

Framan af treystu Þjóðverjar lítt á loftskipasmíð Zeppelins, en nú er skift svo um, að þeir tigna hann eins og dýrling, og skutu þeir saman fé handa honum, svo að miljónum skifti, til þess að hann gæti haldið áfram smíðunum.

Þjóðverjar eru lengst komnir allra þjóða í loftskipagjörðinni, en auk þeirra og Frakka fást allflestar af menningarþjóðum heimsins meira og minna við hana, og nota flestir háflina lagið með margvíslegum smábreytingum.

Áður en skilið er við loftskipin, verður að minnast á eina tegund þeirra til, þótt ekki sé hún komin í gagn ennþá.

Meðan loftskipunum varð ekki stýrt, varð oft að grípa til þess neyðarúrræðis, ef menn þurftu að flytja þau skamman veg, án þess að hleypa úr þeim gasinu, að binda þau ofan á vagna, og aka svo öllu saman þangað, sem fara átti. Var þetta einkum gjört í hernaði við tjóðurbelgina, sem áður er lýst. Þetta virtist í fljótu bragði ekki vera til frambúðar, en þó varð það til þess, að menn fóru að athuga hvort eigi mundi gjörlegt að nota loftbelgi til vagnflutninga. Þótt þetta þætti í fyrstu hin mesta flónska, komust þó skrift- og verklærðir að þeirri niðurstöðu, eftir mikil heilabrot, að slíkt mundi eigi óframkvæmanlegt, og skal nú skýrt frá rökum þeirra til þessa.

Sé hæfilega stór loftbelgur festur ofan á vagn, svo að lyftiafl belgsins sé jafnt þunga vagnsins, þá er þyngd vagnsins á brautinni engin, og þarf eigi meira afl til þess að knýja hann áfram, úr því að hann er einu sinni kominn á stað, en svo sem svarar mótspyrnu loftsins á hvort-tveggja, belginn og vagninn. En til þess þarf minna afl, en til þess að draga vagnana eina áfram. Þjóðverjar gjöra sér miklar vonir um þetta, og hafa þegar myndað svifbrautafélag, sem ætlar von bráðar að leggja brautir fyrir þessi flutningatæki víðs vegar um Þýzkaland. Fyrstu tilraunabrautina á að leggja milli Marburg og Frankfurt am Main. Helztu einkenni flutningatækja þessara eru þannig: Loftbelgurinn er langur og mjór til endanna, af Zeppelin-gerðinni. Svífur hann í nokkurra stikna hæð frá jörðu milli tveggja teina, sem festir eru á stólpa meðfram brautinni. Neðan á belginn verður fest farþegjarymi o. fl. Þessi verkfæri verða knúð áfram með rafmagnshreyfivélum, er fá aflið frá aflstöðvum meðfram brautinni. Tilraunir þessar verða gjörðar fyrst um sinn með létthlöðnum vögnum, en þó verður flutningsvél þessi ætíð að hafa svo mikla lest af vatni, eða öðru, að alt renni þungalaust eftir teinunum. Hraðinn á vél þessari ætla menn að geti orðið geysimikill, en þó ætla menn að fyrirtækið mundi borga sig bezt til þess að flytja þunga-vöru, ef minna væri hugsað um hraðann.

Farbraut þessi er ætluð að muni verða mun ódýrari en venjuleg járnbrautarlagning, og er fróðlegt að vita hvernig hún reynist í framtíðinni.

Annars er nú svo komið, bæði á Þýzkalandi og víðar, að síðan menn fóru að geta stýrt loftskipunum, hafa myndast félög til þess að koma á reglulegum loftskipaferðum milli ýmissa staða. En loftförin eru dýr; tveggja manna far af einföldustu gerð, sem ekki verður stýrt kosta þetta 3—5000 þýzk mörk, svo að farið verður selt, en ekki gefið, svona fyrst um sinn.

Andrés Björnsson.

II. Flugvélar.

Vísinda- og listamaðurinn mikli *Leonardo da Vinci* (um 1500) reit margt um fluglistina. Hann var einkarvel að sér í edlisfræði þeirra tíma, og bera rit hans þess ljósan vott, hve fjölhæfur hann hefir verið. Hann var sannfærður um að takast mætti að gjöra flugvélar; hugðist hann að ná takmarkinu á þann hátt, að spenna gjörð um mittið með vængjum og öðrum útbúnaði; vöðvaafli manna taldi hann nægja til að fljúga með slíkri vél. Da Vinci sýndi og fyrstur manna fram á, hvernig gera mætti fallhlífar.

Borelli, sá er áður er getið, gat þess í riti sínu »*De motu animalium*« (um 1680) að vöðvaafli manna nægði eigi til flugs; hann bar saman líkamsskapnað þeirra og fuglanna, og gjörði ýmsar tilraunir, er síðar hafa komið loftfarendum í góðar þarfir. Að sömu niðurstöðu komst *Helmholtz* 1872 og færði ótvíræð rök að því að menn mundu eigi af eigin ramleik geta hafið sig á loft né haldið sér uppi, hversu hugvitlega sem vélarnar væri gerðar.

Fyrstu flugtilraun, sem óyggjandi sögur fara af, gerði Feneyingurinn *Fauste Veranzio* 1617. Hann fór í fallhlíf niður af háum turni og kom að sögn óskaddur niður. Fallhlíf hans var með þeim hætti, að þaninn var sterkur

dúkur um ferhirnda grind, en sjálfur hékk hann í taugum niður úr grindarhornunum. Síðan hafa menn lagt mikið kapp á fallhlifasmíðar af ýmsri gerð. Vél Veranzios fekk lítinn byr eða engan, enda hefir hún eigi verið tekin til fyrirmyndar síðar. Árið 1783 gerði eðlisfræðingurinn *Sebastian Leormand* í Montpellier gorkúlumyndaða fallhlíf, og vissi opið niður á fluginu. Síðan höfðu margir fallhlíf- ar sínar með því lagi. 1797 fór *J. Garnerin* í fallhlíf af þessari gerð niður úr loftfari í 1000 m. hæð; það gekk slysalaut að öðru leyti en því, að fallhlífin flutti herfilega kerlingar á leiðinni vegna þess að loftið leitaði allavega útrásar undan hvolfleti hennar. Síðar urðu þær umbæt- ur á, að op var haft efst á fallhlífinni, og gekk þá förin skaplega. Um 1870 lét Englendingurinn *Cayley* í ljós þá skoðun á fallhlífum Garnerins og annara, að þeir hefðu valið þeim vitlausasta lagið sem verða mátti. Eftir nána rannsókn á jafnvægislögmálinu og margar tilraunir, komst hann að þeirri niðurstöðu, að keilulag væri bezt til þess fallið að halda hlutum í jafnvægi í loftinu og skyldi topp- urinn vita niður. Þessa kenningu aðhylltist *Cocking* fyrst- ur manna, en honum tókst eigi betur en svo, að hann beið bana við fyrstu tilraunina. Sakir þessara ófara voru menn lengi tregir til að trúá kenning Cayley's, en síðar hefir reynslan sýnt, að hann hafði rétt fyrir sér; slys Cockings var því að kenna að vélin var of veik. Af öll- um þeim fallhlífasæg, er síðan hefir verið gerður, má einkum geta *Sattemanns*-fallhlífarrinnar, er *Kr. Paulus*, þjóðversk kona, hefir hlotið stórfrægð af; meira en 100 sinnum hefir hún farið í henni niður úr loftförum og aldrei hlekt verulega á. Í rauninni eru það tvær fallhlíf- ar, hvor upp af annari.

Af fallhlífatilraununum jókst mönnum svo mjög reynsla og þekking á jafnvægislögmálinu, að svo má heita sem flugvélar eigi þeim tilveru sína að þakka.

Flugvélar greinast eftir því, hvernig þær hefjast á loft. Til þessa hafa gefist bezt flugvélar með drekalagi. Til þess að gjöra mönnum skiljanlegt, með hvaða hætti

vélar þessar geta haldið jafnvægi í loftinu, má taka algengt og auðvelt dæmi: sé bréfspjald látið detta, fellur það ekki lóðrétt niður, eins og t. d. steinvala, síst ef því er haldið lítið eitt skáhalt áður því er slept; það hvarflar meira eða minna út undan sér niður á gólfíð og kútveltist margsinnis um sjálft sig á leiðinni. En sé einhver lítillfjörlegur þungi festur við það, þannig að þungamiðjan færast nær röndinni, svífur það rólega til jarðar. Þetta er kallað sviffflug. Eftir þessu tók *Meerwein*, er hann bjó til flugvél sína 1782. Hann þandi striga yfir léttar trégrindur, hér um bil 12—15 □ m. að flatarmáli. Lóðrétt niður undan þessum sviffleti var léttur tágsvæigur, og hékk hann þar í sjálfur. Síðan lét hann sveifla öllu á stað og gat þá svifið spölkorn áleiðis.

Þjóðverjinn *Lillienthal* († 1896) festi vængmyndaðar flugþynnur við handleggi sér og bringspeli. Með þessum útbúnaði hljóp hann niður af háum hól á móti vindinum, kipti svo að sér fótunum, er skriður var kominn á, og hófst þá á loft. Á þessari vél tókst honum oft að svífa 200—300 m., og hófu vindhviðurnar hann stundum hærra upp en á móts við hólinn. Enda þótt það væri röng hugmynd hjá L., að nota vindinn einan til flugsins, hreyfivélarlaust, þá vann hann þó fluglistinni ómetanlegt gagn með tilraunum sínum, og oft hefir hann verið kallaður faðir hinna nýrri flugvéla, er ganga fyrir hreyfivélum, þrátt fyrir það að hann hafði megnustu ótrú á öllu slíku.

Flestum er það kunnugt um flugdreka, sem börn hafa að leikfangi, að þeir geta lyft nokkrum þunga. Til þess að halda drekanum uppi þarf annaðhvort talsverðan vind eða það verður að draga hann hæfilega hart áfram, ef logn er. Losni drekinn við taugina, svífur hann skáhalt niður aftur, líkt og svífvélarnar. Í stað taugarinnar mætti hafa hæfilega aflmikla hreyfivél, og mundi þá drekinn fljúga beint áfram, ef afl vélarinnar samsvaraði átaki taugarinnar. Þá er drekinn orðinn að flugvél, eins og þær gerast nú, og verður vikið nánar að þessu síðar.

Eftir dauða Lillienthals kemur til sögunnar amerískur verkfræðingur, *Chanute* að nafni. Hann hafði tekið sér til fyrirmyndar sýnishorn af flugvél eftir Lillienthal, er hann hafði eigi fullgert. Það var einskonar dreki með tveim flugþynnum hvorri upp af annari og opin hólf á milli. Slikar vélar mætti kalla *tvíþynnungu* (*Biplan*). Aftur úr miðri vélinni gekk stýrið og var fjaðurmynduð stöng. Chanute reyndi margsinnis vélina og tókst vel. Síðar smíðaði *Voisin* flugvél með þessari gerð, en breytti stýrinu þannig, að þannu festi annan miklu minni tvíþynnungsdreka aftan og neðan á aðalvélina og hafði hann fyrir stýri. Með svipaðri vél byrjuðu þeir bræður *Wilbur* og *Orville Wright* — synir Miltons Wrights biskups í Dayton í Bandaríkjunum — flugtilraunir sínar undir handleiðslu Chanute's. Þeir eru hinir mestu þjóðhagar í hvi- vetna; fyrst framan af stunduðu þeir hjólhestasmíði auk ýmissa annarra starfa, þar til 1904, er þeir tóku eingöngu að gefa sig við fluglistinni. Þeir breyttu áðurnefndum tvíþynnung á þann veg, að flugmanninum var ekki ætlað að hengja fæturna niður úr vélinni, heldur skyldi hann liggja á grúfu á neðri flugþynnunni. Þetta var mikil bót; þungamiðjan færðist á haganlegri stað og loftmótspyrnan minkaði. En hjálparlaust gátu þeir nú ekki komið vélinni á stað, heldur urðu þeir að láta 2 menn eða fleiri sveifla henni á loft. Auk þess var sá hængur á, eins og á öðrum svifvélum, að þeir gátu ekki haldist uppi nema skamma stund; en úr því varð eigi bætt meðan hreyfiaflið vantaði.

Englendingurinn *Henson* varð fyrstur til að smíða mótflugvél (1843). Hún var þannig gerð: Yfir 30 m. langa og 10 m. breiða trègrind, er beygðist lítið eitt upp að framan, var þanninn sterkur silkidúkur. Stýrið var stélmyndað, um 15 m. á lengd. Undir aðalflugfletinum var karfa og í henni gufuvél, farþegarúm o. fl. Tvær hjólskrúfur sín hvorum megin á körfunni áttu að knýja vélina áfram; hugðist Henson geta stýrt henni til beggja hliða með því að hægja eða herða á sinu hjólinu í hvort

skiftið. Flugvélin var fremur létt og hafði 20 hestöfl. Að vísu tókst Henson ekki að fljúga neitt að ráði með vél sinni, en tilraunir hans urðu þó til þess að sýna að knýja mætti flugvélar með gufuafl. Í ágústm. 1871 sýndi franskur stúdent, *Penaud* að nafni, smágervi af nýrri flugvél, er hann hafði fundið upp; varð hann stórfrægur fyrir, enda þótt hann kæmi aldrei vélinni á framfæri fyrir fátæktar sakir. Vélkorn þetta var 50 m. löng stöng; framantil um þvera stöngina var aðalflugþynnann fest, 45 cm. á lengd, en 11 á breidd, þar sem hún var breiðust. Aftast á stönginni, rétt fyrir framan skrúfunu, var önnur flugþynna miklu minni (stýrið), lítið eitt skáhöll við stærri þynnuna. Neðan á stönginni lágu 2 kátsjúk-taugar og sneru þær skrúfunni, ef undið var upp á þær. Vélin hélt ágætlega jafnvægi á fluginu og þykir hún bezta úrlausnin á þeim vanda, er lengi hafði vafist fyrir mönnum, að halda flugvélunum í jafnvægi. Hún hefir því — einkum stýrslagið — orðið fyrirmynd flestra flugvéla franska og þýzka alt fram á þennan dag. Sjálfur hafði *Penaud* ekkert upp úr uppgötvun sinni; hann varð að hætta námi sínu á hermanskólanum í París sakir heilsubreysts og dó í mestu örbirgð tæplega þrítugur 1880. Úr þessu rekur hver flugvélin aðra; menn keptust um að smíða þær, með ærnum kostnaði; en árangurinn varð litill; alt strandaði á því, að hreyfivélarnar voru of þungar. Fallbyssukóngurinn *Hiram Maxim* smíðaði á árunum 1888—93 vél, er kostaði yfir 400 þús. mörk og vó ásamt steinölfumótornum 26 þús. kg. Afreksverk framdi hún engin. Og svo fór um fleiri. En alt um það komu þessar tilraunir fluglistinni að góðu gagni; menn voru nú komnir að nokkurn veginn óbyggjandi niðurstöðu um mörg vandaspursmál, er að þeirri íþrótt lutu, voru farnir að þekkja jafnvægisgildi og burðarmagn flugvéla af margvíslegri gerð o. s. frv., og nú vantaði að eins hentugar hreyfivélar.

Um aldamótin 1900 var eigi unt að fá benzin-hreyfivél, er vægi minna en 15 kg. á hvert hestafl; en á árunum 1902—6 hafði bifreiðaverksmiðjum nokkrum tekist


að smíða hreyfivélar, er vógu aðeins 2—4 kg. á hvert hestafl; voru þær fyrst reyndar í ýmsum loftförum og gáfust vel, enda eru þau ekki jafn vandfýsin og flugvélar. Nú var loks björninn unninn. Von bráðar komst skrið á flugmennina eigi síður en aðra loftfarendur, er þeir *Santos Dumont* og *Farman* komu til sögunnar hér í álfu, en bræðurnir *Wright* í Vesturheimi.

Áður hafði Santos Dumont byggt hvert loftskipið að öðru. En nú lagði hann þá smíð á hilluna og gekk nú með engu minni hamagangi að flugvéluum. Alt varð undan að láta. Kappið og kjarkurinn var óbilandi. Hann harðnaði við hverja þraut. Flugvélagerðinni gjörbreytti hann frá því er áður hafði tíðkast og kærði sig kollóttan um reynslu fyrirrennara sinna; alt vildi hann sjálfur reynt hafa. Margar vélar ónýttust fyrir honum; en að síðustu smíðaði hann tvíþýnnung með 50 hestafla hreyfivél, er gat honum eigi minni né óverðskuldaðri orðstír en loftskipin áður fyr. Vél þessi var að mörgu leyti frábrugðin eldri flugvéluum. Stýrið setti hann framan á, öfugt við það, sem áður hafði tíðkast; það var ferhyrnt drekastýri á 7 m. löngum hálsi, hreyfanlegt til allra hliða. Hjól voru undir vélinni og rann hún áfram góðan spöl, er vélskrúfan tók að snúast, uns loftþrýstingurinn neðan á flugfletina hóf alt á loft. Með vél þessari tókst S. D. að fljúga um 220 metra í senn, og var þá nafn hans enn á ný á hvers manns vörum; hann var fyrsti maður hér í álfu er flaug loftbelgjalaust.¹⁾ Fyrirkomulag S. D. á stýrinu hefir enginn tekið upp; Bleriot, flugmaðurinn frægi, er fór yfir Ermarsund, notaði þó svipaða vél; telja flestir flugmenn það óhyggilegt, en S. D. hamingjumann að drepa sig ekki á því uppátæki. Eftir nokkrar misheppnaðar tilraunir með nýjan tvíþýnnung sneri S. D. bakinu við þeirri

¹⁾ Um líkt leyti flaug danskur maður, *Ellehammer* að nafni, með vél, er hann hafði sjálfur smíðað; má vera að hann hafi orðið fyrri til en S. D. Hafa Danir nú upp á síðkastið sýnt allmikinn áhuga á fluglistinni og margir þeirra getið sér góðan orðstír fyrir tilraunir í þá átt.

gerð og bjó til einþynnung (monoplan), er í fáu öðru var frábrugðinn slíkum vélum en því, að S. D. lét stýri-
mannssætið vera undir flugfletinum, en hreyfivélina ofan
á. Vél þessa reyndi hann í nóv. 1907 og tókst vel. En
þá er hann ætlaði að vinna 50 þús. franka verðlaun, er
heitin voru fyrir að fljúga alt að 1 km. í lokuðum hring,
varð *Farman* honum hlutskarpari á vél, sem *Voisin* hafði
smíðað. *Farman* flaug yfir 1200 m., og þar með var feng-
in fullvissa um, að fljúga mætti loftbelgjalaust.

Frægust allra flugvéla, sem *Frakkar* hafa smíðað á seinni
tímum er tvíþynnungsvél *Farman's* (4. mynd), og þykir hún



einna fullkornust. Enda hefir F. um langt skeið skarað
fram úr keppinautum sínum. Af sömu gerð er og vél,
sem *Delagrangé* flugmaður á; einnig hann hefir hlotið mak-
legt lof fyrir fluglist sína. Báðar eru vélarnar smíðaðar
í verksmiðjum bræðranna *Voisin*. *Farmans*-vélin er í
mörgu frábrugðin eldri flugvélum; í meginatriðum má þó
segja að hún sé sniðin eftir fyrirmynd *Penaud's* og *Cha-
nute's*, en allmargar breytingar gerðar, er til bóta þóttu
horfa. Grindin á vélinni er úr tré, og aluminium til
styrktar. Aftur af miðjum flugþynnunum gengur langur
bolur og aftast á honum er hliðarstýrið, en fremst um-
búnaður til að stýra vélinni upp á við. Neðan á vélinni
er hjól af sömu gerð og bifreiðarhjól, og rennur vélin

kippkorn áfram, er skrúfan fer að snúast, en afturhlutinn lyftist brátt frá jörðu vegna súgsins neðan á vélina og rennur hún því á framhjólunum einum. Þegar kominn er á hæfilegur skriður (15—18 m. á sek.), kippir stýrimaður hæðarstýrinu upp á við, vélin hefst á loft og flýgur úr því beint áfram. Af þessu leiðir, að hún verður að hafa gott svigrúm, er hún lyftir sér til flugs, 50—100 m. langan skeiðvöll. Hreyfivélin hefir 50 hestöfl og allur vegur »flugdreki« þessi 360 kg.



Allar þessar miklu framfarir í fluglistinni eiga Frakkar að miklu leyti að þakka einum manni, en það er *Ferber* höfuðsmaður. Af mestu elju fékst hann við flugtilraunir eftir að Lillienthal var fallinn frá og Þjóðverjar höfðu mist kjarkinn við hin sorglegu afdrif hans. *Ferber* stappaði stálinu í marga, sem þá voru byrjendur, en nú eru orðnir alkunnir flugsníllingar, og styrkti þá með ráði og dáð. Með tilstyrk hans komu bræðurnir *Voisin* á fót hinni nafnkunnu flugvélaferksmiðju sinni. Bæði *Faran* og margir aðrir franskir flugmenn eiga framgang sinn að miklu leyti þessum ágæta frömuði fluglistarinnar að þakka.

Flugvél Wright-bræðranna (5. mynd) er án efa bezta flugfærið af mannahöndum gert, sem í lofti hefir sést. Fyrst framan af vissu menn næsta lítið um athafnir þeirra; þeir duldu þær vandlega; fátt fréttist af þeim; og fæstu var trúað, er sagt var. Norðurlálfumenn töldu þa gortara; þeir færu svona dult með vélar sínar af því að þær væru einskært húmbúg. En þá er Wilbur Wright kom með vél sína fram á sjónarsviðið á flugstefnunni í Le Mans á Frakklandi, hvarf samstundis allur efi. Síðan hafa þeir bræður óátalið skipað öndvegið meðal flugmanna heimsins. Í Le Mans reyndist það satt, er þeir höfðu sagt um ágæti vélarinnar; hún lét betur að stjórn en nokkur vél hafði áður gert; það mátti snúa henni í hring aftur á bak og áfram, og jafnvæginu hélt hún ágætlega, jafnvel þótt stinningskaldi væri. Þetta stafar af því, að stýrimaður getur beygt og skælt flugþynnurnar eftir vild. Trégrindin er þannig gjör, að hana má sveigja til og færa saman með taugum, er ganga frá flugþynnuendunum niður að stýrimannssætinu og eru tengdar stýrissveifunum; aðalflugfletirnir stuðla alt eins mikið að stjórninni og stýrin sjálf; en þeim er þannig fyrirkomið, að framan á vélinni eru tvær litlar samfastar svifþynnur, lárétt hvor upp af annari, eins og aðalflugfletirnir; það er hæðarstýrið, til þess ætlað að beina vélinni upp eða niður. En hliðarstýrið er tvær lóðréttar, samhliða svifþynnur, rétt aftan við aðalþynnurnar, og er það notað er víkja skal til hliðar. Vilji stýrimaður halla vélinni á vinstri hlið, sveigir hann vinstri afturrendurnar á aðalflugþynnunum upp á við en hinar hægri niður á við. Eigi að beygja til hægri eða taka af halla til vinstri, er aðferðin auðvitað gagnstæð. En jafnframt verður stýrimaður að hafa gát á hliðarstýrinu til þess að halda vélinni í réttu horfi. — Um stærð vélarinnar er það að segja, að flugþynnurnar eru 12×2 m.; eru því flugfletirnir báðir samt um $50 \square$ m. Flugflötur hæðarstýrisins er $3,5$, en hliðarstýrisins $3 \square$ m. 25 hestafla hreyfivél snýr 2 tvíspöðudum tréskrúfum, er fara 450 snúninga á mín. Flugfærið alt, ásamt hreyfivél-

inni hefir Wright smíðað sjálfur. — Umbúnaður sá, er Wright notar til þess að hefja vélar sínar á loft, er frábrugðinn að því leyti, að hann er eigi áfastur vélinni sjálfri og verður því eftir, er hún flýgur upp. Þetta hefir þann kost, að vélin er laus við óþarfa þunga á fluginu, en gallinn er sá, að hún getur ekki hafið sig á flug hvar sem vera skal. Enda telja Þjóðverjar þetta ramvitlausa aðferð; en ennþá hafa þeir þó ekki getað leyst þann vanda svo viðunandi sé. Þetta er því eitt af hinum mörgu vandaatriðum fluglistarinnar, sem enn biða úrlausnar.

Hér hefir nú verið dregið stuttlega á helztu atriðin í sögu fluglistarinnar og framfarir hennar á síðari tímum. Þrátt fyrir hinar mörgu og miklu umbætur, er henni hafa áskotnast á síðustu árum, má þó segja að hún sé enn á bernskuskeiði. Hún er eins og efnilegur unglíngur, er vænta má að verða muni atkvæðamaður, er aldur og þroski færast yfir hann. En forðast skulum vér að spá nokkru um framtíðina; það er mjög svo erfitt að gera sér nokkra hugmynd, sem vit sé í, um það, hvernig heimururinn muni líta út svo sem einni öld eftir að fluglist er orðin einn af aðaleiginleikum mannkynsins. Enda munu skáld og aðrir fimbulfambarar taka það að sér. — Lúkum vér svo máli voru og biðjum góða menn velvirðingar.

Magnús Björnsson.

Orkunýting og menning.

Eftir *Guðm. Finnbogason.*

Ekki er unt að hugsa sér prettlausari viðskiftavin en náttúruna. Hún hefir fasta verðlagsskrá og vikur hvergi frá. Um aldir alda selur hún sömu gæði sama verði. Gæði hennar eru viðskiftileg, eitt má fá fyrir annað, en fyrir sama skamt af einhverjum tilteknum gæðum lætur hún ætíð úti ákveðinn skamt, veginn og mældan, af öðrum gæðum. Og svo er hún reikningsglögg, að hvergi skeikar. Hún svikur engan, og enginn fær svikið hana.

Sama verður því miður ekki ætíð sagt um mennina.

Gerum ráð fyrir, að eg þyrfti að láta flytja 4 kassa, er hver vegur 50 kg., neðan af götunni og upp á loft, 10 metra yfir jörð. Eg sem um það við verkamann að bera upp kassana, og greiði honum það kaup sem hann setur upp. Síðan fæ eg að vita að hann hefir tekið af mér hálfu hærra kaup en aðrir mundu hafa gjört og hann var vanur að taka af öðrum fyrir sömu vinnu. Hann hefir þá pretað mig. Það gat hann. En náttúruna getur hann ekki pretað. Það sjáum vér, er vér athugum hvað til þess þarf að koma kössunum upp á loftið.

Kassarnir fara ekki þversfótar af sjálfum sér. Það kostar erfiði að koma þeim upp á loftið, og erfiði var það, sem eg borgaði manninum. En hvað er þá erfiði?

Ef til vill þykir þetta ófróðlega spurt og letimannlega, því allir, sem einhvern tíma hafa tekið handartak, munu þykjast vita, að erfiði er íólgið í því, að vinna bug á viðnámi, og að til þess þarf afl, jafnmikið og viðnámið

er. Kassarnir veita viðnám þegar reynt er að lyfta þeim frá jörðu, og þetta viðnám er jafnt þunga þeirra. Þyngd mælum vér í kílógrömmum. En erfiðið sem í því er fólgið að lyfta 1 kg. í 1 metra hæð, köllum vér kílógrammetra erfiði. Ef eg í stað þess að lyfta 1 kg. í 1 metra hæð lyfti 10 kg. í sömu hæð, þá tífaldast erfiðið, hvort sem eg lyfti hverju kílógrammi út af fyrir sig eða öllum í senn. En erfiðið tífaldast líka, ef eg lyfti 1 kg. í 10 m. hæð í stað þess að lyfta því 1 m. Það verður í báðum tilfellum 10 kgm. En eg drýgi líka 10 kgm. erfiði ef eg lyfti 2 kg. í 5 m. hæð, eða 5 kg. í 2 m. hæð. Af þessu er ljóst, að erfiði má mæla með því að margfalda saman viðnámið, sem sigrast er á, og vegalengdina, sem það nær yfir, eða aflið sem til þess þarf og vegalengdina, sem það flytur átakspúkt sinn. Verkamaðurinn, sem flutti kassana mína upp á loftið, hefir því drýgt $4 \times 50 \times 10 = 2000$ kgm erfiði.

Hvernig sem hann nú færi að því að koma kössunum upp á loftið, þá kostar það sama erfiði. Ef til vill kemur einhverjum í hug, að með hagsýni mætti komast af með minna erfiði en ella, t. d. með því að nota einfalda vél. En svo er ekki. Gerum ráð fyrir að verkamaðurinn gæti dregið upp einn kassa (50 kg.) í reipi, ef hann stæði á loftskörinni. Festi hann nú annan reipisendann í krók á loftskörinni og bregði reipinu undir skoruhjól í blökk, sem kassinn væri festur neðan í, þá gæti hann að vísu dregið upp tvo kassa (100 kg.) eins auðveldlega og hann áður dró einn, því að krókurinn ber nú hálfan þungann, en hann yrði að draga að sér helmingi lengra reipi, og erfiðið yrði því hið sama, hvort sem hann drægi hvern kassa fyrir sig, eða notaði skoruhjólið og drægi tvo í einu.

Til þess að drýgja erfiðið, sem í því var fólgið að koma kössunum upp á loftið, hefir verkamaðurinn orðið að neyta orku sinnar. Hann hefir breytt vöðvaorku sinni í erfiði. Og allir vita að orka manns dvinar því meir sem hann erfiðar lengur. Hann verður þreyttur og

svangur. Nýja orku fær hann aftur með fæðunni, því »maturinn er mannsins megin«, en að því komum vér síðar. Hér skal að eins bent á þetta, að erfiði fæst fyrir orku, eða að orka getur breyzt í erfiði. En hvað verður um erfiðið? Verður það að engu, eða kemur jafnan eitt-hvað í staðinn? Reynslan virðist sanna, að erfiði verður aldrei að engu, það breytist í annað. Svo er t. d. um erfiðið, sem gekk til þess að koma kössunum upp á loftið. Það er að vísu horfið, en þegar betur er að gáð, kemur það fram, að erfiðið hefir breyzt í orku, sem kassarnir hafa öðlast við það að lyftast 10 m. yfir jörð. Það má kalla stað-orku þeirra, og henni má breyta í erfiði, sem þá reynist jafnt því, sem gekk til þess að lyfta þeim 10 m. hátt. Ef vér t. d. tækjum einn kassann, festum hann í reipi, legðum reipið yfir skoruhjól í loftskörinni, en hengdum jafnþungan kassa í hinn reipisendann og létum svo kassann falla, þá mundi hann, ef engin væri núnings-fyrirstaðan, lyfta hinum í sömu hæð og hann fellur úr, þ. e. drýgja sama erfiði og þurfti til þess að lyfta honum sjálfum í þessa hæð.

En vér gætum eins vel látið kassann falla þannig, að hann lyftist aftur sjálfur. Gerum lykkju á reipisenda og bregðum henni á krók í loftskörinni, bindum kassann í reipið og færum hann til hliðar svo langt sem reipið nær og látum hann svo falla. Hann fellur þá í boga með vaxandi hraða, unz reipið hangir beint niður, en hann nemur ekki staðar, heldur lyftist í boga til hinnar handar með þverrandi hraða, og væri ekki viðnám loftsins og núnings-fyrirstaða á króknum, mundi hann ekki stöðvast fyr en hann væri kominn í sömu hæð og hann féll úr, falla svo aftur sömu leið með vaxandi hraða, unz reipið hangir beint niður, lyftast á ný jafnhátt og fyr, og þannig koll af kolli. Í reyndinni lyftist kassinn í hverri nýrri umferð lægra en áður, sem kemur af því, að nokkuð af erfiðinu, sem hann getur drýgt, gengur til þess að vinna bug á viðnámi loftsins og núningsfyrirstöðunni, þar sem krókur og reipi koma saman. Meðan kassinn var að falla

svo langt niður sem hann komst jókst honum ný orka, sem fólgin var í hraðanum, og þessi orka, hreyfi-orka, breyttist aftur í erfiði, sem gekk til þess að lyfta honum aftur og sigrast þannig á viðnámi þyngdarinnar. Hreyfi-orkan dvínar því meir sem erfiðið vex, þ. e. kassinn lyftist, og þegar hann nemur staðar, hefir hann fengið stað-orku, sem aftur breytist á fallinu í hreyfi-orku, — koll af kalli.

Ef til vill þykir þetta undarlega að orði komist, en þó vita allir, að hlutir á hreyfingu geta drýgt erfiði, unnið bug á viðnámi, að streymandi vatn getur hreyft vinnuvélar og stundum flutt stór björg úr stað, að streymandi loft, stormurinn, hrærir skip yfir höfin og rifur stundum hús af grunni og eikur upp með rótum. Jafnkunnugt er hitt, að því hraðara sem hlutur fer, því meira erfiði getur hann drýgt, ef hann mætir viðnámi. Nagli gengur ekki inn í tré, þótt hamarsskallinn sé lagður hægt á hann, en sé hamrinum slegið, rekst hann inn og því dýpra sem hamrinum var hraðara sveiflað.

Vér höfum nú séð að orka getur breyzt í erfiði og erfiði í orku, og að ein orkan getur breyzt í aðra. En orkan er margskonar.

Það kostar erfiði að draga upp fjöðrina í klukkunni, því eins og allir fastir hlutir veitir hún viðnám þegar reynt er að breyta formi hennar. En erfiðið hefir breyst í orku, sem sést af því að fjöðrin getur nú hreyft klukkuhjólin. Þegar fjöðrin hefir aftur náð sínu upphaflega formi, er orka hennar — form-orkan eða fjaðurmagnið — þorrin, og klukkan stöðvast. Á sama hátt kostar það erfiði að draga upp boga, og form-orkan, sem hann fær við það, breytist í hreyfi-orku örvarinnar þegar strengnum er slept.

Eins og fastir hlutir veita viðnám þegar reynt er að breyta formi þeirra, veita allir hlutir, hvort heldur eru fastir, fljótandi eða loftkendir viðnám, ef reynt er að færa saman rúmtak þeirra eða rými. Lofttegundum má þrýsta nokkuð saman í lokuðu íláti. Þeim eykst þá rýmið.

orka, og þær geta því drýgt erfði, er þær þenja úr sér aftur. Það er rýmis-orka vatnsgufunnar sem hreyfir bulluna í gufuvélinni.

Þegar vér nefnum gufuvélina, minnumst vér h i t a n s. Það er hitinn, sem breytir vatninu í gufu og eykur rýmisorku hennar. En af hverju kemur hitinn í gufukatlinum? Hann kemur þegar kolin í eldstónni brenna, en þau brenna er kolaefnið sameinast súrefni loftsins og myndar með því kolsýru. Þegar efnin sameinast, kemur fram hiti. En um leið missa þau orkuna sem í þeim býr meðan þau eru aðskilin, líkt og steinninn sem fellur til jarðar missir staðorkuna, sem hann hafði áður en hann féll, og hann hafði fengið er honum var lyft. Og til þess að skilja efnin að aftur, verður ný orka að koma til, alveg eins og nýrrar orku þarf til þess að lyfta steininum á ný.

Vér minntumst á kolsýruna. Hún kemur ekki einungis úr öllum reykháfum veraldar, heldur og úr hverjum barka sem lífsanda dregur. Vér öndum stöðugt frá oss kolsýru, sem myndast þegar kolefni líkamans »brenna«, þ. e. sameinast súrefninu, sem vér höfum andað að oss og borist hefir með blóðinu frá lungunum út um allan líkamann. Frá þessum efnum er sameinast í líkamanum fær hann alla þá orku sem hann neytir til að drýgja hverskonar erfði, en efnin fær hann með fæðunni. Mennirnir fá fæðu sína úr líkómum jurta og dýra, en dýrin nærast á öðrum dýrum, eða á jurtum, svo í rauninni eru jurtirnar orku-brunnur manna og dýra. Grænu jurtirnar geta hagnýtt sér kolsýruna, en þess er dýrunum varnað. Blágræna jurtanna er einskonar smiðja til þess að gera úr kolsýrunni lífræn efni, og þau geta sameinast súrefni loftsins, er þau mæta því í lifandi líkama. Það er því hagkvæm verslun, er menn og dýr eiga við jurtirnar. Þær fá, ef svo má að orði kveða, ílát orkunnar tóm og skila þeim svo aftur fullum af orku. Auðsætt er að jurtirnar yrðu brátt gjaldþrota á þeim viðskiftum, ef þær ættu sér ekki þann vininn, sem er eins örlátur og hann er hlýr og bjartur yfirlitum, en það er sólin. Í sólargeislunum, er

jurtirnar sjúga í sig, býr orkan sem þær neyta, er þær vinna lífræn efni úr kolsýrunni.

En jurtirnar eru ekki aðeins orkubrunnur manna og dýra á þann hátt er nú var greint. Kolalögin, sem flestar vinnuvélar heims hafa hitann úr, eru ekki annað en jurtaleifar frá fyrri jarðöldum, og orka þeirra er því ættuð sem bezt, því hana má rekja til sólarinnar.

Vér sögðum áður, að orku þyrfti til þess að skilja að efni sem sameinast hafa, og vér höfum séð hvernig gengur með kolsýruna. Annað dæmi skulum vér nefna: Vatnið er samsett af tveim lofttegundum, vatnsefni og súrefni. Þegar þær sameinast, myndast vatn og hiti. En með fulltingi rafmagnsstraums má skilja þessi frumefni vatnsins að aftur, og veita þeim þannig á ný orkuna sem þau mistu við sameininguna. Rafmagnsstraumur kemur fram við efnasameiningar er verða í rafmagnsvirkinu, svo að um leið og frumefni vatnsins fá aftur orku sína, gengur orka annara efna til þurðar í rafmagnsvirkinu. Nú má að vísu framleiða rafmagnsstraum með öðrum tilfæringum, t. d. með rafsegulvél (dynamo). En orku þarf til að snúa þeirri vél sem öðrum, og hvort sem hún gengur fyrir handaflí, vatnsaflí eða gufuaflí, verður niðurstaðan hin sama: Vér breytum einni orku í aðra, kaupum eina fyrir aðra, en fáum hana aldrei ókeypís.

Eins og hitinn getur breytzt í erfiði, eins getur erfiði breytzt í hita. Það kostar erfiði að núa tréspýtum saman, og svo má nú þeim fast, að í þeim kvikni. Sagarblaðið hitnar þegar ákaft er sagað; nokkuð af erfiðinu breytist í hita. Ef hlutur á hraðri ferð rekst á, svo hann stöðvast, kemur fram hiti; þegar járn er kaldhamrað, hitnar bæði það og hamarinn. Og rafmagnsstraumur hitar þráðinn sem hann fer um. —

Öll þau dæmi sem nú hafa verið nefnd, áttu að sýna það, að ein orkan breytist í aðra, og að erfiði breytist í orku og orka í erfiði, að hvenær sem ein orkan hverfur, kemur önnur í staðinn. En nákvæmar rannsóknir hafa sýnt, að þessar bréytingar, þessi orkuskipti, fylgja föstum

lögum. Náttúran hefir, eins og vér áður sögðum, fasta verðlagsskrá. Fyrir ákveðinn mæli einnar orku fæst ákveðinn mælir annarar. En orkan er mælanleg, því hverri orku má breyta í erfiði, og erfiðið má mæla, eins og vér höfum séð.

Orkan er sem gullið, hver tegund hennar er sem mótuð mynt. Fyrir tiltekna tölu króna fást svo og svo mörg mörk, eða frankar, eða skillingar, og sama krónutalan fæst fyrir ákveðna tölu marka, hvort sem þeim er víxlað beint í krónur, eða fyrst í franka eða skillinga, og þá í krónur. En eins og víxla má tilteknum krónufjölda svo, að fyrir nokkrar krónur komi mörk, en fyrir hinar frankar eða skillingar, eins má breyta einni tegund orku samtímis í fleiri en eina aðra orkutegund, en hve margar sem tegundirnar verða, þá jafngilda þær samlagðar orkunni sem þær komu fyrir. Orkan vex hvorki nè þverrar í heild sinni, hún breytir aðeins mynd.

Án orku skifta engin breyting! Það er að verða orðtak vísindanna. Án orku-skifta stæði alt í stað, stirt og kalt og andvana. Orkuforða náttúrunnar verður að vísu ekki breytt, en myndbreyting orkunnar er margvísleg, og þar með hagnýting hennar. En hagnýting einhverrar orku er í því fólgin, að breyta henni í þá orkuna, sem neyta þarf til þess að öðlast það sem hugurinn þráir. Fyrir orkuna sem býr í vöðvum mínum, get eg fengið hvaða orku sem eg vil, ef eg hef nægilegar tilfæringar til að breyta henni í aðra orku. Eg get t. d. dregið sleða upp á fjallsbrún. Hann fær þá stað-orku, og henni get eg snúið í erfiði og hreyfi-orku með því að láta sleðann falla — renna niður brekkuna. Erfiðið gengur til þess að vinna bug á núningsfyrirstöðunni milli hjarnsins og meiddanna, og breytist í hita, en hreyfi-orkan skilar sleðanum áfram eftir að hann er kominn niður á jafnsléttu og gengur til þess að vinna bug á núningsfyrirstöðunni þar. Eg hefði líka getað þetta tilfæringalaust, með því að ganga upp á brúnina og setjast á hjarnið og renna mér. Að eg kaus sleðann, kom af því að eg vildi heldur láta hann taka við nún-

ingnum og höggum á nibbum og hrjónum, og svo rennur hann betur en buxnasetan. Og að eg ver orku minni til þess arna, kemur af því, að eg hef gaman af að renna mér.

Eg get ekki með vöðva-orku minni skilið í sundur frumefni vatnsins, því fjarri fer því að eg geti gripið súrefnis-eindirnar annari hendi og vatnsefnis-eindirnar hinni, og skilið þær að eins og reiða hunda. En eg get beitt orku minni til þess að snúa rafsegulvél, og með fulltingi rafmagnsstraums skilið efnin að, eins og áður var sýnt. — Eg get ekki hoppað upp í loftið og tekið fuglinn fljúgandi, sem mig langar í, en eg get dregið upp boga, lagt ör á streng og skotið fuglinn. Fyrir vöðva-orkuna fékk eg form-orku bogans, fyrir form orku bogans fékk eg hreyfi-orku örvarinnar, og hún var það, sem skilaði örvaroddið inn að hjarta fuglsins.

Svona má fyrir hverja tegund orku sem er, fá hverja aðra er vill, ef tilfæringar eru nægar til að breyta einni orku í aðra, alveg eins og fyrir hvaða mynt sem er, má fá jafngildi hennar í hverri annari mynt er vill, ef menn snúa sér til víxlara, sem hefir nægilega góð viðskiftasambönd. Allar vélar, hverju nafni sem nefnast, eru tilfæringar til að breyta einni orku í aðra. En á hvaða orku maður þarf að halda, og í hvaða mæli, fer eftir því, hvað maður vill framkvæma, eða hvers maður vill njóta.

Auðsætt er, að til þess að eiga hagkvæm viðskifti við náttúruna, þarf að þekkja lög hennar og vita nákvæmlega verðlag hverrar orku, en það er, eins og áður er sagt, fast. Náttúran býður fram allan sinn orkuforða og maldar ekki í móinn, þótt mennirnir fari með hann eins og sína eign. En hún heldur fast við verðlagsskrána.

Fleira er einkennilegt í fari náttúrunnar, sem hér verður að minnast á. Eitt er það, að hún er afartreg til að skifta einni orkutegund fyrir jafngildi hennar í einhverri annarri tegund einni saman. Fyrir eina tegund orku fæst venjulega fleiri en ein önnur tegund. Náttúran er eins og víxlari, sem fyrir tiltekna tölu króna vill ekki borga jafngildi þeirra t. d. í mörkum einum saman,

heldur sumt af fjárhæðinni í mörkum og sumt í annari mynt, og stundum vill ekki einu sinni víxla allri fjárhæðinni, svo eigandinn situr eftir með nokkrar krónur, sem hann fær ekki víxlað. En auðsætt er, að geti eg ekki fengið það sem eg vil, fyrir það sem eg hef, nema skifta því fyrir annað, þá er það sem eg get ekki skift, eða fæ í þeirri mynt sem eg get ekki notað, mér einskis virði. Sé eg t. d. staddur með 100 kr. í landi, sem hefur aðra mynt, og enginn víxlari vill víxla við mig nema 9 kr. af því sem eg hef, og þó svo að eg fái jafngildi 50 króna í þeirri mynt sem gjaldgeng er þar í landi, en 40 króna í annari mynt, þá eru þessar 100 kr. mér að eins 50 króna virði í því landi. Kalli eg notagildi hlutfallið milli þeirra peninga, sem eg fæ í nýtilegri mynt og þeirra, sem eg hef, þá er það í þessu dæmi $\frac{50}{100}$ eða $\frac{1}{2}$. Væri notagildið $\frac{1}{3}$, þá fengi eg fyrir 100 kr. að eins kr. 33.33, o. s. frv.

Þessu er nú alveg eins farið þegar um orku er að ræða. Ef vér köllum frum-orku þá orku sem breyta á í aðra, en nýti-orku þá tegund orku, er vér þurfum á að halda, þá er notagildið = $\frac{\text{nýti-orka}}{\text{frum-orka}}$. Þegar vér vitum hve mikil frum-orkan er, og þekkjum notagildið, getum vér því reiknað út hve mikil nýti-orkan er, með því að margfalda saman frum-orku og notagildi.

Notagildið fer annars vegar eftir því, um hverjar orkutegundir er að tefla, og hins vegar eftir því, hvernig tilfæringarnar eru, sem notaðar eru til þess, að breyta einni orkunni í aðra. Þessar tilfæringar, vélar eða verkfæri, má telja því betri, sem notagildi orkunnar, sem beitt er, verður meira, og veit hver maður, að miklu meira má með sömu orku vinna, ef verkfærið er gott, en ef það er slæmt. Á tiltekinni tímalengd getur t. d. hjólamaður farið lengri veg á góðum hjólum en slæmum, þótt áreynslan sé söm.

Steinoliulampinn er vél til að snúa efnisorku steinoliunnar í ljós. Efnis-orkan er þá frum-orkan, ljósið nýti-

orkan. En hvoratveggja orkuna má mæla. Reynslan sýnir, að í venjulegum steinoliulampa breytast að eins 2—3% af efnisorku steinoliunnar í ljós. Á því sést, að hann er mjög ófullkomin vél. Nýjustu lampar, sem breyta steinoliunni í gas og hafa glóðarnet, snúa um 10% af efnisorkunni í ljós. Þeir eru því miklu betri vélar.

Nú má spyrja: Hver eru skilyrði þess, að ein orkan breytist í aðra? Það mun sjáast, ef vér athugum nokkur dæmi.

Jörðin brunar um himingeiminn með hraða, sem nemur nálega 30 km. á sekúndunni, og hreyfi-orka hennar er því feiknamikil. T. d. mundi hnefastór steinn með þeim hraða eiga orku til að sprengja hús í loft upp, ef hann rækist á það. En hreyfi-orka jarðarinnar kemur oss að engu haldi, því allir hlutir á jörðunni hafa sama hraða og hún. Og meðan svo er, getur hreyfi-orkan ekki breytt í aðra orku. Til þess þyrfti hraðamunur að koma fram. Hann gæti t. d. komið við það að jörðin rækist á annan hnött.

Þetta má sjá í smærri stíl í járnbrautarvagni. Meðan hann heldur áfram með jafnri ferð, er alt laust, sem í vagninum er, kyrt á sínum stað, bæði farþegar og annað. Sé nú hömlunni beitt og vagninn stöðvaður skyndilega, breytist hreyfi-orka hans í hita. En farþegarnir kastast áfram, því þeir eru lausir við vagninn, og hömlunni er ekki beitt á þá, þeir halda því hreyfi-orku sinni unz þeir reka sig á og hún breytist í annað.

En svona er með hverja orku sem er. Hún breytist ekki í aðra, nema stigmunur eigi sér stað. Séu tveir misheitir hlutir settir í samband hvor við annan, streymir hiti frá hinum heitari til hins kaldari, unz báðir hafa náð sama hitastigi, og hita sem streymir þannig má breyta í aðra orku. En hafi báðir hlutirnir sama hitastig, streymir enginn hiti milli þeirra, og notagildi hans er því 0. Öll hans orka er bundin, að sínu leyti eins og vatnsins, þegar það er komið í lygnan sæinn. Vatn sem fellur frá hærri stað til lægri staðar er gætt orku, sem breyta má í aðra

orku, eins og vér höfum séð, en þegar vatnsflöturinn er orðinn jafnhár alstaðar, getur vatnið ekki drýgt erfiði lengur, því af sjálfu sér kemst það ekki úr jafnvæginu, þegar það er einu sinni komið í það. — Rafmagn streymir ekki frá einum líkama til annars, nema rafmagn þeirra hafi mismunandi þenslu. Rýmis-orka drýgir ekki erfiði meðan þrýstingur er alstaðar jafn. Verði einhverstaðar bilbugur á, getur hún breyzt í erfiði. — Tveir menn sem togast á þokast hvergi úr sporum, meðan ekki kennir afslunar, en þverri orka annars, kemur brátt hreyfing á.

Stigmunur er því nauðsynlegur til þess að unt sé að breyta einni orku í aðra, og þar sem hann er horfinn, er orkan bundin, og losnar ekki aftur af sjálfri sér. Nú er það svo, að sérhver orka breytist fyr eða síðar í hita, en hitinn dreifist, streymir frá heitari hlut til kaldari, unz alt hefir fengið sama hitastig, en þegar svo er komið, er notagildið 0. Það er t. d. engin smávegis orka sem neytt er til þess að knýja hin miklu hafskip yfir höfin. Hún breytist í hita, sem dreifist um sjóinn og engin tók eru á að breyta aftur í aðra orku.

Af þessu leiðir, að þótt orkufordinn haldist óbreyttur, þá minkar þó sá hluti orkunnar, sem nýtilegur er, þ. e. óbundinn. Hita-dreifingin er sá feigðarós, sem allar lindir orkunnar streyma að. Alt jafnar sig þar, en jöfnuðurinn er dauðinn.

Á jörðunni mundi sakir hita-dreifingarinnar fyrir æva-löngu helfjötur kominn á alla orku, ef hún fengi ekki stöðugt nýjar birgðir óbundinnar orku með sólargeislunum. Vér höfum séð hvernig jurtir og dýr fá orku sína þaðan, en nálega öll önnur orka, er mennirnir færa sér í nyt, er og frá sólinni runnin. Á steinkolin höfum vér minnst, en vindafli og vatnsafl er og sólarættar, og þar með hver sú orka, er þeim verður breytt í. Sólin hitar loftið misjafnt, loftið þynnist er það hitnar, og léttist því og stígur, en kaldara loftið fellur að þar sem hið heitara vikur; af því verða vindar. Sólarhitinn breytir vatninu í gufu, hún stígur í loft upp, kólnar þar, þéttist og verður

að úrkomu. Það sem fellur á hæðum og fjöllum safnast í lindir, læki og ár. Og alt streymir það að einum ósi, — í hafið.

Hér skal ekki saga þessi rakin lengur, heldur skal eg nú reyna að skýra í stuttu máli frá því, hvernig reynt hefir verið á síðustu árum að beita því sem menn vita um orkuna og lögin sem hún hlýðir til þess að bregða ljósi yfir menningarsöguna, skilja betur en fyr viðskifti mannsins við náttúruna, og finna eins konar mælikvarða fyrir hvers konar framför í menningu.

Agætur þýzkur vísindamaður, Wilhelm Ostwald, sem síðast fekk Nobels-verðlaun fyrir uppgötvanir sínar í efnafræði, hefir í ýmsum ritum sínum unnið að þessu, sérstaklega í bók sem kom út í fyrra og á íslenzku mætti nefna »Orkunýting og menning« (*Energetische Grundlagen der Kulturwissenschaft. Leipzig 1909*). Auðvitað er hér ekki ráðrúm til að skýra nákvæmlega frá skoðunum hans, en aðalskoðunarháttinn skal eg reyna að gefa lesendum Skírnis hugmynd um og skýra hann með nokkrum dæmum.

Mannkynið er eins og ungur og auðugur erfingi, sem lifir á vöxtum af geysimiklu stofnfé, en stofnféð er orka sólarinnar. Að eins örlítill hluti þessara vaxta kemur til jarðarinnar, sem sé að eins sá hluti, er svarar til þess bletts er jörðin séð frá sólu sýnist þekja af himinhvolfinu. Og af þessum litla hluta færa mennirnir sér að eins hverfandi brot í nyt. Afgangurinn safnast ekki í sjóð, heldur verður að hita, sem dreifist meir og meir, geislar út í geiminn og verður aldrei framar að notum, svo menn viti.

En hvað er þá menning?

Ostwald svarar því svo, að menning sé alt það sem miðar að fullkomnun mannlífsins. Og þar sem nú mannlífið eins og alt líf er fólgið í hagnýtingu óbundinnar orku, þá verður það mælikvarði menningarinnar, hve miklu af þeirri orku, sem náttúran býður fram, er varið mannlífinu til gagns og góða. Það er einkenni allra framfara í menningu, að notagildi orkunnar vex.

Ef vér berum manninn saman við dýrin, þá kemur munurinn greinilegast fram í því, að hann, sem í upphafi réð, ekki fremur en dýrin yfir annari orku en þeirri sem fólgin var í líkama sjálfs hans, hefir smám saman tekið hvers konar aðra orku í þjónustu sína, og hagnýtt sér hana betur og betur. Það er aðalsmark hans. Það hefir gert hann að drotni jarðarinnar.

Dýrin neyta ekki að neinu ráði annarar orku en líkamsorku sinnar. Á aldanna rás hafa líkamir dýranna samið sig að æfíkjörunum, myndað þau líffæri er hæfðu umhverfinu, sem þau lifðu í. Ef umhverfið breyttist, urðu lífnaðarhættir og líffæri að breytast í samræmi við það. Að öðrum kosti var ekki lífvænt.

Maðurinn hefir farið öðru vísi að. Hann hefir ekki lagað líkama sinn eftir því sem umhverfið breyttist, hann hefir sniðið það eftir þörfum sínum.

Dýrin eiga sér ekki önnur verkfæri en þau sem líkami þeirra er útbúinn, svo sem tennur og klær. Þau verkfæri eru að vísu hæf til þess að vinna það sem þeim er ætlað, en til annara starfa duga þau ekki. Maðurinn einn hefir fundið upp á því að gera sér laus verkfæri. Höndin er honum áhald allra áhaldra, og hann getur því valið og sniðið verkfærin eftir því sem við á í hvert skiftið. Og af því verkfærin eru laus við líkamann, þá eru þau ekki úrsöggunni þó hann deyi. Erfiðið, sem gekk til að smíða þau, fer ekki forgörðum.

Það var menningar visir, þegar einn af forfeðrum mannkynsins uppgötvaði það að hann gat fært út verkanasvið orku sinnar, með því að taka sér trjágrein í hönd, og menningarauki var það, er annar fann að hann gat látið orku sína verka marga faðma frá sér, með því að kasta steini, og enn var það framför í menningu, er menn lærðu að mynda odd og egg, og beita þeim. Og svo er um hvert verkfæri og hverja vél. Menningarsagan er frá þessu sjónarmiði annars vegar sagan um framþróun verkfæra og véla, og hins vegar um það, hvernig ný og ný orka var tekin í þjónustu mannanna, og nýjar vélar og

verkfæri gerð til að hagnýta sér hana. En öll framför í verkfæragerð og vélasmið er í því fólgin, að auka notagildi orkunnar sem beitt er. Hver hnifur er því betri, því minni orku sem þarf til þess að skera með honum það sem skera á. Hver hjólhestur því betri, því meira sem notast til að skila honum áfram af orku þeirri sem neytt er til að stíga hann, og því minna sem þarf til að vinna bug á núningsfyrirstöðu. —

Litum á félagslífið. Það er að visu ein af stöðum allrar menningar, þó það sé ekki eina stöðin; enda á það sér líka stað hjá dýrum. En einkenni félagslífs er samvinna að sameiginlegu markmiði. Notagildi orkunnar vex með félagslífinu, fyrst og fremst fyrir þá sök, að þar má koma reglubundnu skipulagi á notkun orkunnar. Og allir vita, að orkan kemur að betri notum þar sem röð og regla drotnar, heldur en þar sem hver þvælist fyrir öðrum og alt fer í handaskolum. Á hinn bóginn verður að líta svo á, sem félagslífið sé að sama skapi gott sem notagildi orkunnar vex með því.

Félagslífinu fylgir verkaskifting. Hún á sér raunar víðar stað en þar, því hana má sjá í líkómum allra lífvera, nema þeirra er lægst standa. Lífverurnar eru bygðar af mörgum líffærum, er hvert hefir sitt verk að vinna, en öll vinna þau saman í þarfir lífverunnar, að vexti hennar og viðgangi. En hvort heldur er verkaskifting meðal líffæra lífandi líkama, eða meðal sjálfstæðra einstaklinga, er saman lífa í félagsskap, þá er tilgangur hennar og ávinningur: betri hagnýting orkunnar í þarfir heildarinnar.

Að notagildið vex með verkaskiftingu kemur af því, að »það verður hverjum að list sem hann leikur«. Litum t. d. á mann, sem er að læra á skautum. Hann neytir allrar orku til að komast áfram, baðar út höndunum til að halda jafnvæginu, og gerir ótal aðrar óþarfahreyfingar. Þess vegna lýst hann brátt. Við æfinguna hverfa þessar óþörfu hreyfingar, og með þeim erfiðið, sem þær kostuðu. Orkan gengur til þeirra hreyfinga einna, er að haldi koma, og því leiknari sem skautamaðurinn verður,

því minni orku þarf hann að neyta, og því betur nær hann tilganginum. Svona er með allar íþróttir og allar iðnir. Fremjandinn verður því fljótverkari og hagverkari sem hann leggur meiri stund á það sem hann fæst við. Notagildi orku hans vex.

En mennirnir eru misjöfnum hæfileikum búnir. Einn er hneigðari til þessa starfa, annar til hins. Fáir hver að helga orku sína því sem bezt hæfir lund hans og lægni, og öðlist þannig æfinguna einmitt í því, þá er auðsætt, að notagildi orkunnar verður mest. Og varla yrði því með rökum neitað, að mannfélag stæði þá hæst, er hver meðlimur þess væri á réttri hillu.

Verkaskifting getur nú hins vegar því að eins átt sér stað, að samvinna sé og viðskifti meðal einstaklinganna, því verkaskiftingu fylgir einhæfni. Því meiri tíma og orku sem varið er til að verða leikinn í einhverju einu, því minna vinst til annars, og hver vera er því ver sett sem hún er einhæfari, ef hún fær ekki að neyta þeirrar leikni sem hún á. Þess vegna verða með vaxandi verkaskiftingu að koma æ auðveldari sambönd meðal einstaklinganna, svo að hver geti komið því sem hann hefir til brunns að bera þangað sem hann fær það bezt endurgoldið.

Mennirnir hafa því skapað sér mörg verkfæri og vélar, til þess að greiða fyrir sambandi og viðskiftum sín á milli. Hið helzta þeirra er málið, því án þess, í einhverri mynd, er öll samvinna og öll viðskifti ófær. Saga bibliunnar um Babelsturnsmíðina sýnir ógleymanlega hvernig málið er máttarstoð allrar samvinnu manna, og hversu kraftarnir tvístrast, er tungumálið villist. Málið er verkfæri til að láta hugsanir sínar, tilfinningar og vilja í ljósi, og er því fullkomnara sem minni orku þarf að beita til að ná þessum tilgangi. Mælikvarðinn er hér enn notagildi orkunnar. Fyrsta krafan er því sú, að málið sé ótvírátt, því allur misskilningur veldur vafningum og erfíði, þar næst að orðin séu auðsögð og auðskilin. Stutt orð eru því að öðru jöfnu betri en löng. Og sama gildir um

málsgreinar. Þyki einhverjum sem enn ætti að gera kröfu um fegurð málsins, þá gæti hann að hvort hún kemur ekki eins og náðargjöf, ef fyrstu boðorðunum er hlýtt.

Nú er málið ekki að eins talað, heldur og ritað. En letur alt er því betra, sem það er skýrara fyrir augað, og hægra fyrir höndina. Og fullkomnust stafsetning væri sú er samræmust væri réttum framburði, og veit hver kennari hvílikri orkueyðslu það veldur, að framburður og stafsetning fara svo oft sína leið hvort.

Málið er ekki að eins flutningsfæri hugsananna, heldur og geymslufæri þeirra. Það skilar þeim yfir aldabilin, jafnt og yfir höf og lönd. Aldrei hafa orð verið viðfleygari en nú, er heimspóstsambandið, símar og loftskýta-stöðvar greiða þeim götu hvert um heim er vill.

En hér er nú sá annmarki á, að tungan er ekki ein, heldur margar. Greining tungnanna er þröskuldur á viðskiftavegi þjóðanna, og ódæma orku er varið til að komast yfir hann.

Ostwald telur því mikla nauðsyn á að mynda alþjóðamál, til að greiða viðskiftin meðal þjóðanna, og hann var einn af þeim vísindamönnum ýmissa þjóða, er fyrir skömmu sátu í nefnd til að ihuga þær breytingar er gera þyrfti á Esperanto, svo að það næði sem bezt tilgangi sínum. Hann hefir mikla trú á framgangi þessa málefnis, og telur alþjóðamál ekki að eins fyrir þá sök nauðsynlegt, að á þann hátt gæti hver sem það kynni átt aðgang að öllu því er markvert væri ritað í vísindum, heldur og vegna þess að öll mál eru meir og minna ófullkomin, sem von er til, þar sem þau eru orðin til á þeim tímum er andlegur þroski og þekking var minni en nú. Með því að skapa sér nýtt mál, laust við gallana sem loða við þau mál sem nú eru notuð, fengi mannsandinn betra verkfæri að vinna með. Jafnframt mundi vinnan að þessari smíð leiða til þess, að rannsókuð yrði betur en fyr öll hugtök og sambönd þeirra sín á milli, og þannig kæmist betri regla og skipulag á hugsanaforða mannkynsins, en það mundi valda miklum framförum í vísindum. —

Athugum nú snöggvast framfarir í verzlun, því allir munu telja þær menningarframför.

Fæst af því sem mennirnir þurfa sér til lífsviðurhalds og nautnar, réttir náttúran þeim í þeirri mynd er þeir óska og þarfnast. Þeir verða því að ummynda það sem náttúran býður fram, unz það hæfir þörfum þeirra. Þess vegna fer framleiðsluverð hvers hlutar, annars vegar eftir efninu í honum, og hins vegar eftir því, hverju varð til að kosta til þess að gera hlutinn úr efninu og koma honum þangað sem hans þarf, en það verður æ minna með vaxandi menningu.

Þó framleiðsluverð tveggja hluta sé hið sama, þá hafa menn oft mismunandi mætur á þeim. Af því kemur verzlun. Eigi tveir menn sinn hlutinn hvor, og þyki hvorum hins hlutur mætari en sinn, þá geta þeir skift, og orðið ánægðari eftir en áður. Og séu báðir jafnánægðir með skiftin, verður ekki á betra kosið.

Til þess að skifta hlutum á þennan hátt, verður að hittast og hafa til hlutina samtímis. En oft eru erfiðleikar á hvorutveggja. Til þess að draga úr þeim, spara sér orkuna sem mest, hafa fundist góð ráð. Meðal annara **markaður og peningar**.

Markaður er staður, þar sem koma saman á tilteknum tíma þeir er viðskifti vilja eiga. Því fleiri sem koma til slíkrar kaupstefnu, því meiri eru líkurnar að þeir hittist, sem bezt eiga kaup saman.

Orkusparnaðinn, sem markaðurinn veldur, má mæla í vegalengdum. Vilji t. d. 10 menn eiga kaup saman, þá yrði hver þeirra að fara til 9 annara og fá heimsókn af þeim, til þess að ekkert færi væri ónotað, það eru samtals 90 leiðir. Fari þeir allir til markaðs, verða leiðirnar 10.

Þegar tveir menn skiftast vörum á, þá er í rauðinni hvor um sig bæði kaupandi og seljandi gagnvart hinum, því hvor þeirra afhendir hinum hlut og tekur af honum annan hlut jafngildan fyrir. Nú ber það við, að þótt einn vilji selja og annar kaupa, þá hefir ekki kaupandi einmitt þann hlut, er seljandi vill kaupa, heldur annan, sem

aðrir mundu vilja kaupa. Kaupandi yrði því að skifta sínum hlut gegn öðrum svo oft sem þyrfti þangað til hann fengi í hendur einmitt þann hlutinn, sem hinn vill kaupa.

Úr slíkum vafningum greiða peningarnir. Peningar eru hlutir sem seljendur annara hluta vilja kaupa, ef ekki sjálfra þeirra vegna, þá vegna þess að fyrir þá má fá hvern þann hlut er á markað er settur. En sá sem fyrir það sem hann selur fær hlut, sem hann getur keypt sér fyrir þann hlutinn er hann vill, kemst auðvitað að jafn góðum kaupum og þó hann skifti hlutunum beint.

Nú eru peningar svo gerðir, að þeir eru auðgeymdir og auðfluttir, og svo deilanlegir, að finna má í þeim jafngildi hvers hlutar sem selja á eða kaupa. Þeir eru því verðmælir alls sem gengur kaupum og sölum, og er að því sami hægðarauki og að kvarðanum, er bera þarf saman stærð hluta, eða voginni, er vita þarf þyngd þeirra.

Seint yrði að telja allan orkusparnað er peningar valda. Sá sem á peninga, getur keypt hvern hlut á þeim stað sem hann fæst beztur og ódýrastur, og á þeim tíma sem bezt hentar. Hann þarf ekki að flytja þungavöru langan veg, til að borga með henni það sem hann kaupir. Hann greiðir andvirðið í peningum, og þeir eru auðfluttir. Þá hluti sem hann þarfnast ekki í bráð, getur hann frestað að kaupa þangað til þörfin kallar, en það er sparnaður, því flestir hlutir rýrna allmjög og skemmast við geymslu, nema því meir sé til geymslunnar kostað. En peningar geymast vel.

Peningar eru því hið ágætasta verkfæri til að greiða viðskifti og þar með samvinnu manna um heim allan, og stuðla að því, að hver hlutur komist þangað sem hann kemur að beztu haldi.

Eins og flest það er nöfnum tjáir að nefna má fá fyrir peninga, eins má fá peninga fyrir það aftur. Og af því sá sem peninga hefir og með þá kann að fara getur sparað sér orku, eins og áður er sýnt, þá stendur hann því betur að vígi gagnvart öðrum sem þeir hafa minni peningar. Af því leiðir aftur, að peningar safnast helst á

þær hendur sem mest hafa fyrir af þeim, og þar með valdið sem þeim fylgir. Saga síðustu tíma sýnir hversu einstakir miljónamæringar geta orðið ofjarlar ríkisvaldsins, og þannig hættulegir þjóðfélaginu, er þeir eru misindismenn. Ostwald telur því nauðsyn á, að ríkisvaldið setji með einhverjum hætti skorður við því að svo mikill auður safnist í hendur einstakra manna, að þeir geti orðið ríkisvaldinu hættulegir, alveg eins og ekkert ríki þolir einstökum mönnum að halda her og nota í þjónustu sjálfrásín. Ríkisvaldið verður sjálfst að tryggja sér yfirráð þeirrar orku er í slíku auðsafni býr, og til þess hefir það rétt, því hún hefir fengið þroska sinn í skjóli þess. —

Allir munu telja það framför í menningu er lögskipulag og dómstólar komu í stað hnefaréttar einstakra manna. En að hverju miðar lögskipulag og dómstólar? Að því að jafna ágreining meðal einstaklinga og koma á samræmi milli hagsmuna einstaklinganna og þjóðfélagsheildarinnar, stuðla að því að hver og einn fái óáreittur að neyta orku sinnar á þann hátt sem öðrum er meinalaus. Þar sem slíkt skipulag er ekki komið á, verður jafnvægi einstaklinganna löngum óstöðugt. Sá sem verður fyrir ágangi af öðrum, gerir þá meira á hluta hans aftur en nemur þeim skaða er hann varð fyrir. Þar með er hinum óréttur gjör. Hann hefnir sín enn greypilegar, og svona gengur koll af kolli, unz annarhvor og þeir sem honum fylgja eru yfirbugaðir. En því meiri orku sem neyta þarf til sóknar og varnar, því minna verður afgangs til annars. Allur fjandskapur er orku-spillir.

Með því að hlíta lögum og láta óvilhallan dómstól dæma um málið, má spara sér orkuna sem gengi til baráttunnar. Sá sem tjón hefir beðið af annars völdum fær sér þá dæmdar skaðabætur, og þar með er hin fyrsta undirrót fjandskaparins úr sögunni. En auðvitað verða dómstólarnir að hafa vald að bakhjarli, sem sterkara er en hver sem gegn því reyndi að rísa.

Til skamms tíma hefir það þótt svo sem sjálfsagt, að ágreiningur milli ríkja yrði ekki útkljáður á annan hátt

en með ofbeldi. En á síðustu árum hefir margt það gerst er sýnir, að þjóðaréttur er að myndast og koma í stað hnefaréttarins í ágreiningsmálum þjóða á milli. Það sýnir meðal annars skilnaður Noregs og Svíþjóðar, sem og hitt hversu Bulgaria varð konungsríki og ágreiningur við Tyrkja jafnaður með fjárgjöldum. —

Loks skulum vér athuga almennasta og merkilegasta verkfærið sem mannkynið hefir skapað sér, en það eru vísindin. Þau eru til þess að vér getum þekt sem nákvæmlegast og séð fyrir þá hluti er oss varða, og með sem minstu erfiði. Framfarir í vísindum eru því annars vegar fólgnar í því að auka þekkingarforðann, og hins vegar í því að gera meðferð hans auðveldari. En hvers vegna viljum vér þekja hlutina, hvers vegna viljum vér geta séð fyrir hvað verða muni í hvert skiftið? Það viljum vér vegna þess, að með þeim hætti getum vér hagað athöfnum vorum svo, að fullnæging óska vorra fáist með sem ministri áreynslu. Öll menning hvílir því fyrst og síðast á vísindum og þau má telja hvorttveggja í senn, æðsta blóm og dýpstu rót menningarinnar.

Vísindin eru mannkyninu líkt og heilinn hverjum manni. Þau safna hverri þeirri reynslu er að haldi má koma. Og bækurnar eru minni mannkynsins, óháðar lífi einstaklingsins sem notar þær í hvert skiftið. Þetta minni er auðugra en svo, að nokkur einstaklings sál geti rúmað alt það sem þar er geymt. Bókaforðinn er orðinn svo stór og fjölbreyttur, að sérstaka vísindagrein þyrfti til að átta sig á honum.

Vísindin vaxa þó jafnt og stöðugt. Hver fræðimaður verður að styðjast við það sem aðrir hafa unnið í þeirri grein er hann fæst við og leggur aftur sinn skerf til hins sameiginlega fjársjóðs. Vísindamenn kynnast og meir og meir, halda vísindafundi þar sem koma saman synir margvislegra þjóða, og þannig eykst samvinna þeirra um heim allan og bræðraböndin styrkjast.

Því meir sem vísindunum fer fram, því jafnari verð-

ur framför í öllum greinum þeirra. Það er líkt og þegar flóð stígur að ströndu. Vatnsröndin er í fyrstu harla hlykkjótt, því hún lagar sig eftir ströndinni sem fyrir verður, en því hærra sem flóðið stígur, því meir hverfa nes og grandar, unz alt er undir vatni.

Það mætti styðja að framgangi vísindanna á margan hátt. Eitt væri það, að koma á fót stofnunum er hefðu það hlutverk að búa í hendurnar á þeim er vilja rannsaka eitthvert sérstakt efni. Því meir sem vísindin vaxa, því erfiðara verður að finna í fljótu bragði það sem ritað hefir verið um hvert viðfangsefni, og oft eyðist geysimikill tími í árangurslausa leit. Væru til stofnanir, er með stuttum fyrirvara gætu svarað spurningum um slík efni, þá gætu frumlegir vísindamenn varið þeim kröftum, er spöruðust á þennan hátt, til þess að nema ný lönd í útgærði vísindanna. Hitt starfið, fræðslustarfið, gætu miðlungsmenn unnið.

Fremur öllu öðru væri það mikilsvert fyrir menninguna, að fá ljósan skilning á eðli þeirra manna er nýjar brautir ryðja í vísindum, og vita hvernig með þá ætti að fara, svo að gáfur þeirra nyti sín sem bezt. Því öllum kemur saman um, að fleiri fæðist efni í mikilmenni, heldur en þau sem fullum þroska ná.

Það hefir löngum verið deiluefni sagnfræðinga, hvort framfarir í menningu væru einstökum mikilmönnum að þakka, eða hvort forustumennirnir væru aðeins afrakstur »umhverfisins«. En saga vísindanna sýnir oss hverjir gerðu þá og þá uppgötvun og á hvaða stund og stað, svo enginn getur efast um að framfarir í vísindum, æðsta blóma allrar menningar, séu einstökum mikilmönnum að þakka. Þeir studdust auðvitað við það sem fyrir var, það var grundvöllurinn; hefði hann verið annar, mundu þeir hafa afrekað annað. Afreksverkið sjálft verður að rekja til skapandi anda afburðarmannsins.

Staða og kjör kvenna.

Eftir *Harald Höfðing*.¹⁾

I. Nokkur söguleg atriði.

Um eðlisfar kvenna halda menn fram tveim gagnstæðum skoðunum. Sú er önnur, að munurinn á eðli og hæfileikum karla og kvenna sé að eins stigmunur, ef um nokkurn mun sé að ræða. Í fornöld hélt Plató þessu fram, en á síðari tímum Stúart Mill. Hin skoðunin er sú, að munurinn sé svo gagngjör frá náttúrunnar hendi, að af honum hljóti að leiða eðlismun á stöðu og starfi karla og kvenna.

Best er að fara sér hægt að tala um mismun og sérkenni í náttúrunni, eins og þau séu eilíf og óumbreytanleg.²⁾ Náttúran er sí og æ að þroskast, einkum þó allar lifandi verur. Sú náttúra, sem við oss blasir nú, hefir sjálf orðið til og ný náttúra mun aftur þróast af henni. En hins vegar er þessi þróun svo hægfara, að vér verðum að gæta þess vandlega, hversu langt henni er komið á hverjum tíma.

Auk þess hefir eðli kvenna og kjör þeirra sífeld áhrif hvað á annað. Kjör þeirra laga sig eftir eðlisfarinu, og það sætir aftur áhrifum af þeim. Þess vegna fer eðli kvenna að miklu leyti eftir því, hvað af þeim er heimtað

¹⁾ Kafli úr *Etik*, Kbh. 1905.

²⁾ Nýjustu rannsóknir á eðli karla og kvenna eru notaðar af A. Clod-Hansen í ritinu *Mand og Kvinde*, Kbh. 1895, sem er einkar góðbók. Höf. tekur það fram, hversu örðugt sé að greina, hvað af eðlismun stafi og hvað af uppeldi og vana.

og hverra réttinda þær verða aðnjótandi. Það sem mestu varðar, í þessu efni sem öðru, er að hnitmiða skyldur og réttindi hvað við annað, þannig að manneðlið fái að njóta sín og þroskist á sem hagkvæmastan hátt.

Þegar vér athugum eðli og kjör kvenna á ýmsum öldum og ýmsum stöðum, verður fyrir oss næsta frábrugðin vinnuskifting milli karla og kvenna. Á lægstu þroskastigum, sem kunn eru, á engin vinnuskifting sér stað. Hver einstaklingur bjargar sér af eigin ramleik eins og best gengur, og æxlunin ein laðar karl og konu hvort að öðru um skemri eða lengri tíma.¹⁾ Þegar þarfirnar aukast og vinnan fer vaxandi, sem inna þarf af hendi til að viðhalda lifnu, þá leggur auðvitað hinn sterkari óþægilegustu störfun á herðar þeim, sem minni máttar er; konan verður þannig fyrsti þrællinn. Hún er þá því nær eingöngu metin eftir vinnuþreki sínu.²⁾ Frá blautu barnsbeini er hún sett skör lægra en bræður hennar. Enda þótt hún sé veigaminna kynið er henni þó í engu hlíft. En þá er hún líka þróttmeiri en á síðari menningartímum. Þannig ala Indíánakonur einatt börn sín öldungis hjálparlaust og ganga jafnharðan að stritvinnu. Enda ætla sumir fornfræðingar, að stærðar- og orkumunur karla og kvenna hafi upprunalega verið minni, en aukist er tímar liðu og vinnuskiftingin breyttist.

Ný vinnuskifting kemst á, þegar þess er kostur að leggja verstu stritverkin á herðar herteknum féndum, er þegið hafa grið. Úr því eru innanhússtörf aðallega ætluð konum; þær fá þá sérstakt starfsvið, og því hafa þær haldið alt til þessa, með ýmsum afbrigðum eftir því hvort fjölkvæni eða einkvæni átti sér stað.

¹⁾ Westermarck: Geschichte d. menschlichen ehe, bls. 218 ofr.

²⁾ Th. Waitz: Die Indianer Nordamerika's, bls. 99. — Fr. Müller: Allgemeine Ethnographie, bls. 161, 288 ofr. — Herbert Spencer (Principles of Ethics § 428) heldur því fram að meðferð kvenna sé sorglegasti þátturinn í allri veraldarsögunni, og þó sé það hryggilegasta hvergi skráð. Mannát og misþyrming hertekinna manna tíðkist ekki nema á stöku stað, en misþyrming kvenna alstaðar og ávalt.

Loks er og nú á tímum konum leyft í ýmsum löndum að takast á hendur margs konar störf, sem áður þótti ótækt að aðrir leystu af hendi en karlmenn. Þær eru nú læknar, málaflutningsmenn, prestar, vísindamenn, verkfræðingar, skrifstofumenn, járnbrautarstjórar o. s. frv. Víða hafa þær öðlast kosningarrétt til sveitanefnda og þinga. Nú er konum því rudd braut til andlegs þroska og starfsemi, sem er gjörólik því, er áður var talið einhæft eðlisfari kvenna. En þó heyrast enn raddir, sem efa nauðsyn og nytsemi þessarar síðustu vinnuskiftingar.

Það er mjög svo mikilsvert að kanna til hlítar, hvað rétt sé í þessu efni, og það því fremur sem svo má að orði kveða, að kjör kvenna séu mælikvarði siðferðislegra framfara mannkynsins. Grikkir mikluðust gagnvart öðrum þjóðum af meðferð sinni á konum, Rómverjar þóttust af sama við Grikki og kristnir menn við Rómverja.

Þó sýnir veraldarsagan, að kjör kvenna á ýmsum tímum eru ekki einungis háð vinnuskiftingu þeirri, er leiðir af efnahag og þjóðfélagsháttum, heldur einnig almennri mentun og andlegu þroskafari hvernar þjóðar yfir höfuð.

Með Grikkjum voru það einkum stóisku spekingarnir, er héldu fram jafnrétti kvenna og karla. Þeir litu svo á, að enda þótt sum störf hæfðu betur körlum og önnur konum, þá sé þó engin sú réttmæt viðleitni til, er meina megí öðruhvora kyninu. Hinir síðari Stóungar vildu láta kenna stúlkum heimspeki eigi síður en piltum. En þessir heimspekingar voru það einmitt, er gerðu sér göfugastar hugmyndir um hjónabandið, töldu það innilega andlega sambúð; aukinn andlegan þroska töldu þeir óhjákvæmt skilyrði þess, að konur gætu á réttan hátt látið til sín taka í heimilislífinu. Þetta var mikilsverð framför, þegar þess er gætt, að konur í Aþenuborg voru útilokaðar frá allri andlegri mentun, svo að þeir karlmenn, er kynast vildu mentuðum konum, urðu að snúa sér til vændis-kvenna («Hetæranna»).

Kristna trúin átti og góðan þátt í að bæta kjör kvenna, með því að ætla þeim andlegt jafnrétti við karlmenn. Trú

og von voru sameign allra, og líf kvenna var eigi síður en karla fult eftirvæntingar eftir þeim stórtíðindum, er verða áttu, og það innan skamms. Eftirvæntingin um nálæg endalok »þessa heims« gaf lífi einstaklingsins hátt markmið, allsendis óviðkomandi lífskjörum hans. Konan gat því náð sínu persónulega takmarki, enda þótt hún væri hvorki eiginkona né móðir. Vegna þess, hve miklar mætur fornkirkjan hafði á sjálfsafneitun, tók hún að jafnaði ógift fólk fram yfir gift, einkum var algjört skírlífi í miklum metum. En hvað sem nú kirkjunni gekk til, þá var afarmíkils um það vert að líf kvenna fékk göfugt markmið, er á engan hátt var háð stöðu þeirra sem eiginkvenna eða mæðra. Gagnvart þessari grundvallarskoðun var það í sjálfu sér þýðingarminna að undirgefni kvenna var haldið stranglega fram á Austurlanda vísu, að konur áttu að þegja í kirkjunni og láta menn sína fræða sig í heimahúsum. Aðalatriðið var hin mikilsverða grundvallarregla, er jafnan mun verða hinni fyrstu kristni til sóma, að hið æðsta stóð öllum til boða, án tillits til kynferðis, stétta eða þjóðflokka.

Hin mikla menningaralda, er nefnd hefir verið endurfæðingin (renaissance), náði jafnt til kvenna sem karla, og hin mikla þroskun einstaklingseðlisins, er sú hreyfing hafði í för með sér, hlotnaðist báðum kynjum jafnt. Burckhardt ¹⁾ kemst svo að orði: »Hér var eigi um neina sérstaka kvennfrelsis-hreyfingu að ræða, því að þetta leiddi af sjálfu sér. Hver tigin kona varð á þeim tímum, engu síður en karlmenn, að leitast við að ná fullum þroska og sem mestu manngildi. Sá þroski andans og hjartans, er göfgaði karlmennina, átti líka að göfga konurnar.«

Eitt af táknum þeirra tíma var það, að þessarar einstaklingsþroskunar gátu að eins giftar konur orðið aðnjótandi. Ungu stúlkurnar voru að miklu leyti aldar upp í klaustrum og fóru í rauninni ekki að mentast fyr en þær voru giftar. Að þessu leyti var — og er enn í rómönsku löndunum — einkennilegt ósamræmi í kjörum kvenna.

¹⁾ Kultur der Renaissance in Italien, 4. Aufl. I bls. 124.

Af þessum sögulegu atriðum er það auðsætt, að þegar stórfeldar hugmyndir eru uppi, sem gjörbreyta mannlífínu, þá er þeim samfara tilhneiging til að telja karla og konur jafnrétt há. Þegar andlegi sjóndeildarhringurinn vikkar að mun, hverfur hinn mikli munur, sem ella er gerður á réttarstöðu karla og kvenna.

II. Staða kvenna frá siðfræðislegu sjónarmiði

1. Náttúran hefir trúað konunum fyrir því hlutverki að bera undir brjósti og fóstura frjóanga komandi kynslóða þangað til hann er orðinn fær um að lifa sjálfstæðu lífi. Naumast er vafi á því að þetta hlutverk hafi gagngjör áhrif á alt eðlisfar konunnar. Meðan konan gegnir þessu hlutverki getur hún ekki haft jafnmikinn þrótt aflögum til annara starfa sem þann, er karlmenn hafa á að skipa. Þar af leiðir að konan verður veikara kynið, og einnig hitt, að eðli hennar verður hreinna og betra en karla. Enda þótt siðleysi og ómannúð ráði annarsstaðar lögum og lofum, þá er þó fyrsta frjóanga mannúðarinnar að finna í samlífínu milli móður og barns. Í tilbeiðslu móðurinnar með barnið (Kurotrofos, María mey) geymdist endurminningin um þenna frjóanga alls góðs í mannanna heimi.

Viðurkenningin á réttindum konunnar hlaut að byrja á því, að mönnum yrði augljóst hve mikils virði móðurstarf hennar er fyrir mannkynið. Það var mikil framför þegar viðurkent var (— um þær mundir er önnur vinnuskiftingin fór fram —) að hún væri veikara kynið og þyngstu byrðunum létt af herðum hennar. Sú vinnuskifting er þó engan veginn fullkomnuð enn. Hjá fátækari stéttum verða konur enn venjulega að leggja á sig svo mikla líkamlega vinnu, að þær hljóta að vanrækja móðurskyldur sínar, og það er eitt af mikilvægustu verkefnum þjóðfélaganna að koma því til leiðar, að konur geti helgað börnum sínum og heimilum krafta sína.

Viðurkenning þess, hve mikils virði konan sé fyrir heimilið var og stórt framfaraspor, er aldrei verður aftur tekið. Gildi heimilislífsins fyrir þjóðfélagið og fyrir þrosk-

un og framför komandi kynslóða er fyrst og fremst komið undir stöðu konunnar á heimilinu, bæði sem eiginkonu, móður og systur, og áhrifum hennar á það. — Konan er sá aflþáttur heimilislífsins, sem alls eigi má án vera.¹⁾

Í fyrstu var það líka einmitt í því skyni, að konan gæti betur en áður staðið í stöðu sinni sem eiginkona og móðir, að raddir hófust í þá átt, að æskilegt væri að hún fengi færi á að þroska hæfileika sína. Enda þótt hún taki eigi þátt í beinlínis arðberandi vinnu, þarf hún þó að þroska margskonar hæfileika til að geta fullnægt sem best stöðu sinni sem stjórnandi allra beinna útgjalda í heimilisins þarfir. Og til þess að geta fylgst með störfum manns síns, og einkum þó til þess að geta uppalið börn sín sem best, verður hún að vera eins vel að sér í bóklegum og verklegum fræðum og unt er. — Hin mikilvægu áhrif er konan hefir á heimilislífið og þar með á alla þroskun mannfélagsins, í siðgæðum, þjóðmegun, trúarefnum og pólitik, heimta svo alhliða þroskun á öllum hæfileikum hennar sem framast má verða.

2. Oviðráðanleg atvik valda því, að eigi geta allar konur náð því eina takmarki, er mótstöðumenn kvennfrelsisins ákveða þeim. Misdauði karla og kvenna og einnig fólksflutningar eru orsakir þess að í Evrópu og austurrikkjum Ameríku eru fleiri konur en karlar. Á Þjóðverjalandi voru fyrir nokkrum árum 800,000 fleiri konur en karlar. — Í Massachusetts var munurinn árið 1880 yfir 66,000. Í borgum eru konur að jafnaði miklu fleiri en karlar; þær koma þangað fleiri utan af landsbygðinni. — Yfir höfuð eru konur í meirihluta, einkum á eðlilegasta giftingaraldrinum, milli tvítugs og fertugs. Í Danmörku voru árið 1901 meira en 60,000 fleiri konur en karlar; á 20—40 ára aldri var munurinn 30,000. Það leiðir því af sjálfu sér, að tala ógiftra kvenna hlýtur að vera há. Einhverir vilja ef til vill taka undir með þýskum þjóðmegunarfræðing, er segir að allur þessi kvennagrúi sé

¹⁾ feldur úr stuttur kafli.

þjóðarmein! En það mein er eigi bættara að heldur, og enginn hefir rétt til að telja þessum manneskjum ofaukið. Það er því um að gera að breyta þessu »þjóðarmeini« í þjóðarheill, með því móti að hagnýta alt þetta starfsafl, er virðist vera ofaukið. — Ofaukið er þeim í raun og veru að eins þá, er menn ríghalda sér við aðra vinnuskiftinguna og vilja eigi viðurkenna hina þriðju. Malthus krafðist þess fyrstur manna — samkvæmt rannsóknum sínum á fólksfjölguninni — að ógiftum konum væri meiri virðing sýnd. Og þó er skamt síðan, að þýskur heimspekingur hélt því fram — í fullri alvöru — að það sé eigingjarnt og jafnvel ósæmilegt, að ungar stúlkur — í því skyni að verða óháðar og eigi knúðar til að giftast öðrum en þeim einum er þær unna — læri eitthvað það, er gjört geti líf þeirra nytsamlegt, enda þótt þær ekki giftist! ¹⁾

3. Margir bafa haldið því fram, að á andlegt og líkamlegt eðli kvenna skorti skilyrði þannig lagaðrar menningar og þroska, að þær geti orðið jafningjar karla. Að konur eru venjulega þróttminni líkamlega en karlar er áður tekið fram. En fortið kvenna sýnir, að líkamskraftar þeirra geta orkað meiru en flestir halda nú á dögum. Menningarlífið hefir verið einhliða og þroski kvenna farið þar eftir. Heilnæmara og eðlilegra uppeldi og kensla munu á sínum tíma láta annað verða uppi á baugi í því efni. Hér viljum vér einkum benda á, að allar skynsamlegar endurbótatilraunir á uppeldi og fræðslu karla horfa þannig við, að mun auðveldara verður eftir en áður að láta bæði kynin verða sama uppeldis og sömu fræðslu aðnjótandi. Konur þurfa að sínu leyti engu síður en karlar að leggja stund á að þroska dómgreind sína, læra að hugsa eins og sjálfstæðar manneskjur og stæla vöðvakerfi sitt. Munurinn á líkamsþrótti karla og kvenna, sem að líkindum aldrei hverfur, þarf ekki að verða meiri en munurinn á líkamsþrótti karlmanna innbyrðis.

Margir líta svo á sem tilfinningin sé aðal-sálareigind

¹⁾ A. Dorner: Das menschliche Handeln, Berlin 1895 bls. 422 ofr.

kyenna; þær séu því ekki móttækilegar fyrir mikinn og sjálfstæðan skynsemisþroska. En sú skoðun byggist á andstæðu tilfinningar og greindar, er hvergi á sér stað. Þroski tilfinninganna er eigi að sjálfsögðu greindarþroskanum til fyrirstöðu. Að eins þá, er tilfinningin er áköf geðshræring, eða æsing, er hún andstæð greindinni. En sú tilfinning, sem er í eðli sínu fremur innileiki en æsing, þarf eigi að hefta athyggjuþroskann; hún getur þvert á móti verið honum til stuðnings. Veruleg samhygð hlýtur samkvæmt eðli sínu að leiða til þess, að menn sökkva sér niður í það, er samhygðina vekur, og leitast við að kynna sér alt það, sem einkennilegt er við það, en slík samhygð er náskyld tilfinningum vísindamannsins. Tilfinningin hefir þörf til þess að skilja sjálfa sig, og er því í rauninni hvöt til að leita að þeim orsökum, er hafa vakið hana; á þann hátt kemur hún greindinni til að starfa. Enda þótt því væri svo háttáð, að allar konur án undantekningar væru tilfinninga-manneskjur, þá leiddi þó ekki af því, að óhjákvæmilegt væri að neita þeim um réttindin til að reyna að þroska skynsemisgáfur sínar sem mest.

Margar þær einkunnir, sem með meira eða minna rétti eru eignaðar kvenneðlinu, stafa áreiðanlega af þeim kjörum, er konur hafa átt við að búa um langan aldur, og munu því breytast með kjörum þeirra. Þetta á einnig við um tilfinninguna, því að uppeldi það, er konur hafa að jafnaði hlotið, hefir eigi beinst að því að þroska skynsemi þeirra og vilja, heldur aukið og eft draumkent tilfinningalíf á kostnað annara sálareiginleika. Af því leiðir meðal annars, að konur eru að jafnaði trúræknari en karlar. »Vér lesum, að með Grikkjum var meira um trúarfjálgleik hjá konum en körlum. Sir Rutherford Alcock segir frá því um Japana, að í musturum þeirra sé fágætt að sjá aðra en konur og börn, karlar séu þar að jafnaði fáir og ávalt af lægri stéttunum. Um pílagrímana er sækja til Juggernauts-musterisins er sagt, að $\frac{5}{6}$ eða jafnvel $\frac{9}{10}$ þeirra séu konur. Og um Sikhana er

mælt, að konur trúi þar á fleiri guði en karlar.«¹⁾ Alkunnugt er það, að jafnt í Evrópu sem Asíu eru konur aðal-máttarstoð kirknanna og sækja þær mun betur en karlar. Jafnvel »skynsemistrú« Frakka á stjórnarbylt-ingartímum átti meiri hylli að fagna meðal kvenna en karla; þær héldu áfram að rækja hana eftir að karlmennirnir voru farnir að gerast fráhverfir. Samtíðarmaður kemst svo að orði: Áður sáuust fleiri konur en karlar í kirkjunum; nú er því eins háttað í musterum skynseminnar.²⁾ Nú á tímum hefir Taine³⁾ þóst geta sýnt fram á með tölum, að í París inni að eins 1 karlmaður af hverjum 50 þá skyldu af hendi að skrifta og vera til altaris á páskunum, og í sveitunum 1 af 12, en af konum geri það tólfta hver í París og fjórða hver í sveitum. Í Kaupmannahöfn voru árið 1897 (eftir því sem sagt var í dagblaði einu) 20,018 karlar til altaris en 49,305 konur. Í Lundúnum fóru samkvæmt nákvæmum rannsóknum í hálf ári 16% af öllum bæjarbúum yfirleitt í kirkjur og af þeim voru fleiri konur en karlar. Amerískur heimspekingur hefir þóst geta sýnt fram á, að eðlismunur sé á trúartilfinning ungra karla og kvenna af sama trúflokki; hjá karlmönnum beri meira á vilja og hugsun, hjá konunum meira á ótta og tilfinningu um eiginn ófullkomleika.⁴⁾ En enda þótt þetta stafi af einkunum kvennlegs eðlis, er engin ástæða til að ætla að slíkt geti eigi breyst; af þessu má eigi draga þá ályktun, að konur hljóti ávalt að trúa á það, er venjan hefir gefið gildi. Edvard von Hartmann⁵⁾ álitur að konur hljóti annaðhvort að fylgja þeim trúarskoðunum, er séu tíska, eða vera giftar trúleysingja. Kona á eftir því að eins um tvent að velja, trú

¹⁾ Spencer: The study of Sociology, Chap. 15.

²⁾ A. Schmidt Pariser Zustände während der Revolutionszeit. III. Jena 1876 bls. 239.

³⁾ La Règime Moderne II Paris 1894 bls. 148.

⁴⁾ Starbuck: Psychology of Religion bls. 225.

⁵⁾ Edv. v. Hartmann: Die Phänomenologie des sittlichen Bewusstseins bls. 521 ofr., og Rousseau og hans Filosofi bls. 141.

manns síns eða prestanna. En velji hún trú manns síns eða giftist yfir höfuð manni, sem hefir aðra trú en hún er uppalin í, hlýtur skynsemi hennar að hafa haft hönd í bagga í valinu; hún hlýtur þá að hafa hæfileika til að vaxa upp úr því, sem í fyrstu reisti þroska hennar skorður; og því skyldi hún þá ekki geta orðið sjálfstæð í trúarskoðunum sínum í hvaða átt sem þær hneigjast? Sami höfundur lítur svo á, að sakir þess hversu skarpsýnar konur séu á hið einstaka og sérkennilega bæði um menn og málefni, þá séu þær óhæfar til að athuga og meta mál frá sjónarmiði algildra og almennra reglna. Hann telur þær því að vísu hæfar til málflutningsstarfa en ekki til dómara starfa. — Enda þótt nú svo væri, þá er það talsverð framför, ef konur verða taldar til þess færar að vera málaflutningsmenn. Margir eru þeir karlmenn, sem ekki eru færir um að vera dómara, og þeir hafa tímarnir verið, að konur þóttu því ekki vaxnar að bera vitni, eða þá að vitnisburður þeirra hafði að eins hálf gildi á við vitnisburð karlmanns! ¹⁾ Verkahringur kvenna hefir um langan aldur verið bundinn við heimilið og líf fjölskyldunnar, þar sem persónulegu hliðarnar á öllum vandamálum sitja eðlilega í fyrirrúmi fyrir hinum, sem ópersónulegar eru og fjarlægari, og hefir það vitanlega haft áhrif á hugsunarhátt kvenna. Hjá karlmönnum, sem aldir eru upp á líkan hátt og við lík kjör, mun sama einkenni koma fram. Og þessi skarpsýni á séreðli manna og atburða, sem notuð hefir verið til niðrunar konum, er að hinu leytinu stór kostur, sem getur komið að miklum notum í daglegu lífi. Stuart Mill segir um konu sína: Mest áhrif hafði hún á andlegan þroska minn vegna þess, hve réttan skilning hún hafði á hlutfallslegu verðmæti mismunandi skoðana. ²⁾ Í hverju sem að höndum ber í lífinu, er ávalt þörf á þess háttar réttum skilningi, og hann er ekki tíður.

4. Raun hefir þegar borið vitni í þessu efni, því konur starfa nú á mörgum sviðum, er þær áður fyr voru

¹⁾ Post: Die Grundlagen des Rechts bls. 451.

²⁾ Levned. Dönsk þýðing, bls. 256.

útilokaðar frá. Enginn neitar því, að þær standi vel í stöðu sinni. En tíminn einn getur sýnt, hvort svo muni fara sem ýmsir ákafir forvígismenn kvennfrelsisins ætla, að ný öld renni upp, er leiði í ljós óþekt og ófyrirsjáanleg dásendarverk. Það er líka óþarft að keyra eftirvæntinguna svo fram úr öllu hófi. Það hefir oft verið sagt, að til þessa tíma hafi konur ekki á neinu sviði afrekað neitt það, sem ómótmælanlega sé afbragð, og þetta hefir verið notað sem mótbára gegn því, að konum væri leyft að fá aðgang að sjálfstæðum verkahring; en svarið liggur beint við: slíkur mælikvarði er ekki lagður á karla, þegar um það er að ræða, hvort þeir hafi rétt til að þroska þá hæfileika, er þeir finna hjá sér. Og flestir karlmenn mundu illa staddir, ef ætti að mæla þá með slíkum algervis-mælikvarða. Og þeir karlmenn eru víst teljandi, sem mættu ekki þakka fyrir, ef andlegur þroski þeirra, bæði að því er til skynsemi og mannkosta kemur, gæti jafnast á við þroska annarra eins kvenna og Sofíu Germain, George Sand eða George Eliot.

Ekki er heldur nein ástæða til að taka undir með þýska heimspekingnum¹⁾, er heldur því fram, að konur megi ekki gjöra neitt það, er unt sé að framkvæma án þeirra hjálpar. Enda er ekki starfsvið karlmanna takmarkað á þann hátt. Það mundi verða æði seinleg leit hverjum einstakling, ef enginn mætti taka að sér nokkurt annað starf en það, sem enginn annar væri fær um. Heilbrigð skynsemi bendir til, að eðlilegast sé, að sérhver einstaklingur, konur eigi síður en karlar, leitist við að gjöra sér ljóst, hvaða hæfileika hann hafi og hvað hann sé hneigður fyrir, og velji sér lífsstöðu samkvæmt því. Síðan verður reynslan að sýna, hvort valið hafi verið rétt. Þess háttar val er ætíð áhætta. En sá vinnur ekkert, sem engu vill hætta.

Eðlismunur, sem háður er varanlegum og óumbreytanlegum lífsskilyrðum, getur aldrei horfið. En litil lík-

¹⁾ Lotze: Grundzüge der praktischen Philosophie § 49.

indi eru til, að öllum þeim frábrigðum, er menn þykjast finna á eðli og gáfnafori karla og kvenna, sé þannig farið. Hver þessara frábrigða eiga sér dýpstar rætur, getur þá fyrst komið í ljós, er báðum kynjum er gefinn kostur á að neyta krafta sinna. Ef til vill verður þá sú raunin á, að líkingin er meiri og frábrigðin önnur og áferðarminni, en vér hyggjum nú.

Framfarirnar eru miklar í samanburði við síðastliðnar aldir. Þá þótti það viðsjárvert, ef konur af meðalstéttum kunnu að lesa og skrifa.¹⁾ Jafnvel Goethe vildi láta ungar stúlkur alast upp í eldhúsi, búi og saumastofu, helst án þess að líta í nokkra bók, nema matreiðslubókina:

„Wünscht sie dann endlich zu lesen, so wählt sie gewisslich ein Kochbuch“.

Framfarirnar hafa þokast áfram, fet fyrir fet, og aðgangur kvenna að sérstökum starfsgreinum hefir eigi mætt jafnmikilli mótspyrnu og kvennfrelshugtakið alment. Það, sem verður hægt og smámsaman, dylst fremur athygli manna og vekur því ekki jafnmikinn mótþróa og skyndilegar nýngar. Til eru þó þau lönd, þar sem jafnvel fyrstu spörin eru óstigin enn, sakir herveldis og skrifinsku.

5. Til þessa höfum vér eingöngu rætt um möguleika og réttmæti sjálfstæðrar þroskunar og starfsemi kvenna. En í því efni má engu síður tala um skyldu en rétt. Það er ætlunarverk hvers einstaklings að láta gáfor sínar koma að sem bestum notum, svo að hann megi sem liður í ættinni skipa sess sinn með sóma. Það, sem konurnar heimta, er þær vilja »losna úr ánauð« (emanciperast), er í rauninni ekki annað en rétturinn til að mega gegna að fullu skyldum sínum í þarfor mannfélagsins, réttur til að vinna að almennum velferðarmálum. Í frelsis-

¹ Gamall skólakennari skrifaði árið 1772: Bei den virginibus ist das Schreiben nur ein vehiculum zur Lüderlichkeit. Jafnvel Justus Möser vildi ekki giftast stúlku, er kynni að lesa og skrifa. (G. Schmoller: Ueber einige Fragen des Rechts und der Volkswirtschaft. Berlin 1877 bls. 120).

baráttu kvenna í Norður-Ameríku kemur þessi hlið málsins fram á fagran og einkennilegan hátt. Þar kröfðust konur eigi réttar síns fyr en hann var þeim nauðsynlegur til þess að þær gætu gegnt skyldum sínum. Baráttan fyrir auknu frelsi kvenna hefir sem sé, sögulega skoðað, vaxið upp af baráttunni fyrir þrælafrelsinu. Amerískar konur tóku þegar frá upphafi mikinn þátt í þeirri baráttu. En réttur þeirra til að koma fram á opinberum mannfundum sætti megnri og beiskri mótspyrnu, enda þótt um svo mikilsvert og göfugt málefni væri að ræða. Sú mótspyrna keyrði þó mest úr hófi fram á þrælafrelsisfundinum í Lundúnum (1840), þar sem konum þeim, er sendar voru rակleidis á fundinn frá Ameríku, var synjað hluttöku, af því slíkt kæmi í bága við landssiðu og guðdómleg lög.¹⁾ Þetta varð tilefni til þess, að margar ágætiskonur hófu baráttu fyrir auknu frelsi kvenna. — Annað dæmi þessu til sönnunar er frísnesk kona, frú Jeannette Schwerin († 1899), er barðist mjög fyrir réttarfarslegum umbótum á hag kvenna. Hún starfaði mikið meðal fátæklinga, en varð löngum að leggja árar í bát, þá er hún vildi hjálpa giftum konum, sem misþyrmt var af mönnum þeirra, af því að lögin voru þeim öruggur bakhjarl. Þess vegna hóf hún baráttuna fyrir auknu sjálfstæði kvenna.²⁾

6. Þar sem því konur hafa bæði hæfileika, rétt og skyldu til að starfa ásamt körlum að almennum velferðarmálum, og til að þroska manngildi sitt á sjálfstæðan hátt, þá er eigi unt að útiloka þær frá kjörrétti í neinni mynd. Öll þau skilyrði, er þarf til að nota kosningarrétt, geta konur haft til að bera, engu síður en flestir karlar, og eigi ætti þeim síður en körlum að vera það hið mesta áhugamál, að opinberum málum sé vel stjórnað. Það liggur í hlutarins eðli, að æfing þá og reynslu, er konur nú skortir, geta þær eigi öðlast á annan hátt en þann, að þær taki sjálfar þátt í opinberum málefnum. Nú á tímum er þegar svo komið, að konur hafa talsverð

¹⁾ History of Woman Suffrage I, bls. 55.

²⁾ Jeannette Schwerin zum Gedächtniss. Berlin 1899, bls. 25.

áhrif á stjórnmal, en sökum þess að þeim er meinuð öll verkleg reynsla í þeim efnun, verða áhrif þeirra einhliða og þeim hættir til þröngsýni. Og þær hafa ekki enn þá ábyrgðartilfinningu, er leiðir af kjörrétti og kjörskyldu. Þegar konur fá þessi réttindi, munu karlar verða nauðbeygðir til að gera betur en nú grein fyrir hvers vegna þeir kjósi á þenna hátt eða hinn, og þeim verður því óhægra fyrir að breyta á móti sannfæringu sinni. Enda þótt hjón kysu sitt á hvorn veg, þyrfti eigi slíkt að vera háskalegra en það nú er, þegar hjón hafa ólíkar skoðanir á stjórnmalum. Pólitísk réttindi mundu verða konum öflug hvöt til að hugsa sjálfstætt og alvarlega, og þau mundu stuðla að því að losa þær úr klónum á prestum og skriftafeðrum, svo að engin hætta er á, þegar frá liður, að klerkaveldið mundi magnast af þeim sökum. Þar sem konur hafa þegar fengið kosningarrétt, virðist það hafa haft góð áhrif á hið opinbera líf og alls eigi haft galla þá. í för með sér, er margir óttuðust. —

Björg P. Blöndal
þýddi.

Tveir hellar í Hallmundarhrauni.

Eftir *Matthias Þórðarson.*

Hér á Íslandi eru svo mörg og mikil hraun, að landið hefði líklega verið nefnt *Hraunland*, ef þeim, er landinu gáfu fyrst nöfn, hefði verið þau tiltölulega eins kunn eins og snærin og ísinn hér, því að miklu eru hraunin einkennilegri fyrir Ísland en snærin og ísinn.¹⁾ — Í þessum hraunum eru, sem kunnugt er, fjöldamargir hellar og sumir svo furðustórir, að þá má telja meðal merkustu náttúrumenja heimsins. Margir þessara hella eru órannsakaðir með öllu; menn hafa ekki einu sinni grenslast eftir hve stórir þeir séu, og hafa myndast ýmsar kynjasögur um suma þeirra, er þá hafa fælt margan mann frá að ganga í þá. Alþýðumenn hefir og skort hentugt ljós til þess að ganga með í langa hella og stóra, því að lítt nýtur birtu af einum eða tveimur kertum. Merkastur allra hella hér á landi er *Surts-hellir*, bæði af fornum sögum og þjóðsögum, ferðamanna- og jarðfræðinga-lýsingum, og stærð sinni, allri lögun og fornmenjum. Á átjándu öldinni var hann að mestu orðinn mönnum ókunnur nema af þjóðsögum og afspurn, en þá gengu þeir Bjarni Pálsson og Eggert Ólafsson í hann, rannsökuðu hann allvel og rituðu lýsingar á honum; síðan tóku erlendir ferðamenn að ganga í hann og loks Íslendingar sjálfir sér til fróðleiks og skemtunar. Á síðustu árum hafa menn farið að athuga aðra hella, og

¹⁾ Um $\frac{1}{10}$ landsins er nú þakinn „nýjum“ hraunum „og líklega hafa ný hraun hvergi annað eins flatarmál á jafnlitlu svæði.“ Þ. Th., Lýsing Íslands II. bls. 84.

stærsta og merkasta þeirra má nefna Hallshelli hjá Skógarkoti í Þingvallasveit og Raufarhólshelli í Vindheimalandi í Ölfusi, sem mun vera einn með stærstu hellum á landi hér svo kunnugt sé.¹⁾

I. Surtshellir.

Á skrásetningarferð minni um Borgarfjarðar- og Mýrasýslu í fyrrasumar rannsakaði eg 18. júlí Surtshelli allan. Áður var eg raunar búinn að skoða hann, í ágústmánuði 1903, allan nema lengsta kaflann, milli miðgjárlinnar og instu gjárlinnar, en vildi nú reyna að rannsaka hann betur allan og mæla hann.

Nú í sumar gekk eg í hann enn til frekari rannsóknna og mældi lengd hans og allra afhellanna.

Lýsingar: Það er óþarft, og yrði enda of langt mál í þessu riti, að segja sögu Surtshellis og lýsa honum að öllu leyti nákvæmlega. Má hér nægja að vísa til nokkurra ritgjörða um hann, nefnilega Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar í bók þeirra *Reise igiennem Island*, bls. 350—376; Hendersons í bók hans *Iceland*, II. 189—198; F. Zirkels í *Reise nach Island 1860*, bls. 95—107; Kr. Kålund's í bók hans *Isl. Beskr. I.* bls. 338—343; E. Zugmayers í *Eine Reise durch Island*, bls. 178—184 og nú loks Þorv. Thoroddsen í *Lýsingu Íslands II.* 89—91, sbr. áður *Andvara XVII* (1891) bls. 43—45.²⁾

Í bók Eggerts og Bjarna er og »Grund-Tegning« af hellinum (Tab. XV.), en hún er að mörgu leyti mjög röng; gjáin, sem þar er með tölunni 11, er alls ekki til. Afhellarnir eru einnig mjög skakt settir og Vigishellir, fremri afhellirinn vinstra megin, beygist á myndinni aftur með aðalhellinum, en í raun réttir beygist hann fram

¹⁾ Ísafold XXXVI. 46. Hellirinn sagður þar 508 faðma langur, en í rauninni mældist hann 538 faðmar.

²⁾ Sbr. ennfr. „Ýmir“ 1890 s. 153—4 og Geól. iagttagelser, Sth. 1891 bls. 43—4. Auk þess eru lýsingar á Surtshelli í mörgum öðrum ferðabókum.

með honum. Í bók Zugmayers er og mynd af hellinum, miklu betri, en þó ekki nákvæm.

Nafnið. Áður en eg ræði frekar um ásigkomulag Surtshellis vil eg fara nokkrum orðum um heiti hans. Hellisins er getið í þremur fornum, íslenskum ritum, nfl. Landnámabók, Harðarsögu og Sturlungasögu. Svo segir frá í Landn.b.¹⁾ að Þorvaldur holbarki sonur Höfða-Þórðar »kom um haust eitt á Þorvarðsstaði í Síðu til Smiðkels (Þorvarðssonar) ok dvaldist þar um hrið. Þá fór hann til hellisins Surts og færði þar drápu þá, er hann hafði ort um jötuninn í hellinum. Síðan fekk hann dóttur Smiðkels — — —.« Jafnframt er og sagt frá því að synir Smiðkels tveir, Þórarinn og Auðunn, hafi ráðið fyrir Hellismönnum²⁾ og ennfremur segir Landn.b. Sturlu³⁾, að Torfi Valbrandsson hafi verið »á Hellisfitjum, ok Illugi enn svartí ok Sturla goði, þá er þar voru drepnir XVIII Hellismenn; en Auðun Smiðkelsson brendu þeir inni á Þorvarðsstöðum«. Þá er og sagt frá því í Harðarsögu⁴⁾, að Þorgeir gyrðilskeggi, einn af Hólmverjum, hafi flúið undan fyrirsát við Bláskeggsár; hann »nam staðar á Arnarvatnsheiði, ok lagðist í helli á Fitjum, ok safnaði sér liði ok var þar þartil er Borgfirðingar gjörðust til þeirra«. Þetta lýtur alt að því sama vafalaust,⁵⁾ og hellirinn, sem, átt er við hér, er Surtshellir. Í Sturlungasögu segir frá alt öðrum viðburði, einu af hryðjuverkum Sturlungaaldarinnar. Þar stendur svo:⁶⁾ »Sturla reið nú á brott (frá Reykholti) með Úrækju upp til jökla — — — —. Þeir riðu upp á Arnarvatnsheiði þar til er þeir komu á Hellisfitjar, þá fara þeir í hellinn Surts og upp á vígit. — —«

— Fimm handrit hafa hér »hellinn Surt« og hafa þeir, er þau rituðu, að líkindum álitið að hellirinn

1) Eins í Hauksb., Sturlub. og Melab., sjá útg. F. J. bls. 69 og 190.

2) Landn.b. F. J. útg. bls. 18, 30—31.

3) F. J. útg. bls. 140, 33—35.

4) Íslendinga sögur, 2. b., bls. 46.

5) Sbr. ennfr. Vatnsdæla sögu, kap. 41.

6) Sturl.s. II, bls. 181; Bmf. útg.

hėti eiginlega Surtur. Eggert Ólafsson og Kr. Kálund skilja báðir orð Landnb. svo, að »til hellisins Surts« sé = til Surtshellis og að Surtur sé nafn jötuns þess, er Þorvaldur færði drápuna, og álitur Kr. Kálund, að menn hafi þá jafnvel hugsað sér að Surtur eldjötun, er »ferr sunnan með sviga lævi« (e: eldi) í ragnarökum, byggi í þessum helli. Frásögn Landnb. ber ljóslega með sér að sú hefir verið trú manna einhverju sinni, að jötun væri í hellinum¹⁾ og að Þorvaldur hafi fært honum drápu, jafnvel þótt hitt sé eins líklegt, að sagan um drápu Þorvaldar sé eins konar þjóðsaga, byggð á missögn og hugarburði Hann átti erindi fram í Surtshelli, hafi mágar hans verið þar þá þegar og ráðið fyrir skóggangsmannaflokki; og ekki er líklegt, að þeir mágarnir hafi verið trúaðir á, að jötun byggi í hellinum, til þess munu þeir hafa verið honum of kunnugir. Að nokkur heiðinn maður hafi hugsað sér að Múspells-Surtur ætti heima í þessum helli er alsendis óeðlilegt, og er nafnið þó eflaust frá því, er Hellismenn lögðust í hann. Hafi hellirinn þá þegar heitið Surtshellir getur það naumast hafa verið af öðru en því, að mönnum hafi þótt hann svartur, sbr. surtarbrandur og surtarepli. En orð Lnb. þarf alls ekki að skilja svo, að hellirinn sé nefndur þar hellirinn Surts (= Surtshellir), heldur hellirinn Surtur; að taka orðin svo finst mér eðlilegra mál, einkum í Lnb., og það kæmi heim við lesmátann »hellinn Surt«, í sumum af Sturl.s. handritunum. Þeir sem hafa »hellinn Surts« hafa þekt nafnið Surtshellir og álituð að því bæri að skrifa þannig. — Enda þótt Þorvaldur holbarki hafi fært jötni í hellinum Surt drápu, er ekki sjálfsgagt að sá jötun hafi verið kallaður Surtur.

Eðlileg virðist skoðun Eggerts Ólafssonar um nafn hellisins (sbr. bók hans § 351), að hellirinn hafi upprunalega verið nefndur að eins Surtur af því, hve mönnum leizt hann svartur. Til samanburðar má geta þess, að

¹⁾ Sbr. og söguna um Surt jötun á Grænlandi og helli hans („hellirinn Surts“) í þætti af Jökli Búasyni, Ísl. sögur, 2. b. bls. 466; höfundurinn apar eftir orð Landnb., misskilin þó.

annar hellir í Hallmundarhrauni, sem enn skal sagt frá nánar, ber nafnið Víðgelmir, sem er vafalaust hans upprunalega nafn og fornt,¹⁾ og að hellir einn í Ölfusi heitir Gapi; samsvarandi eru fjölda mörg forn nöfn á ám, hverum o. fl. o. fl. Nú nægði ekki ætíð að kalla hellirinn Surt; ókunnugir menn vissu ekki hvað átt var við með því nafni, nema sagt væri um leið hellirinn (í viðeigandi falli), en þá fanst mönnum auðveldara að gera úr því eitt orð: Surtshellir. — Að kalla hellinn Surt Surtshellir er svipað og að kalla t. d. flóann Skjálfaflóa (sbr. Lnb.) Skjálfaflóa²⁾ og eyna Skrúð (Lnb. Hauks) Skrúðey (Lnb. Sturlu).

Lengd. Surtshellir er álitinn stærstur hellir á Íslandi. Eggert Ólafsson og þeir Bjarni Pálsson mældu hann, og talar Eggert um mælinguna í § 375 í bók sinni. Hellirinn mældist þeim 839 faðmar að lengd. Ekki er það kunnugt, að nokkur maður hafi mælt hann síðan þangað til árið 1902, að þeir Zugmayer gerðu það, og mældist þeim hann um 1400 m. eða um 743 faðma³⁾ langur. Eg mældi hellinn með 100 feta mælibandi, insta hlutann í fyrra sumar, auðvitað meðanjarðar, en alla hina ofanjarðar, bæði í fyrra sumar, og nú aftur í sumar með samanburði við mælingu Zugmayers. Skal nú skýrt frá mælingu minni og jafnframt mælingu Zugmayers⁴⁾

¹⁾ Nafnið Víðgelmir kemur fyrir í fornu kaupbréfi um Kalmannstungu, prentuðu í Fornbréfasafninu III. nr. 520; þess er hvergi getið þar hvað Víðgelmir sé, og flestum mun vera það ókunnugt, að það sé stór hellir.

²⁾ Sbr. þó Isl. Beskr. II. 135—36.

³⁾ Eine Reise durch Island, bls. 179.

⁴⁾ Sbr. mynd hellisins aftan við bók hans.

Frá barmi aðalinngangsins að 1. opi	356 fet,	—	Zugm. 105 m. = ca. 335 fet.
Lengd 1. ops	151 —,	—	42 - = - 134 —
Frá 1. opi til 2. ops	560 —,	—	220 - = - 701 —
Lengd 2. ops	110 —,	—	28 - = - 89 —
Frá 2. opi til 3. ops	ca. 1017 —,	—	320 - = - 1019 —
Lengd 3. ops	60 —,	—	28 - = - 89 —
Frá 3. opi inn að botni	1700 —,	—	657 - = - 2093 —

Samtals . . . 3954 fet, — Zugm. 1400 m. = ca. 4460 fet

eða eftir minni mælingu 659 faðmar (1241 m.), en Zugmeyers 743¹/₂ faðmur hér um bil. Mestur munur er á lengd insta hlutans eftir minni mælingu og hans, en þann hluta mældi eg nákvæmlega með mælibandi; hann mun aftur hafa mælt þar mest með skrefum.

Eins og menn sjá, er allmikill munur á þessum mælingum og Eggerts Ólafssonar. Eg hygg að mín mæling sé nokkurn veginn rétt, að minsta kosti er eg viss um að hellirinn er ekki mikið lengri en 659 faðmar.¹⁾ Hvernig stendur þá á þessum 839 föðmum hjá Eggerti? Eg get ekki fundið aðra skýringu líklegri, en að faðmar hjá honum sé 3 islenzkar álnir, með öðrum orðum ⁶/₁₁ eða um ¹/₂ feti styttri, en faðmur er talinn nú. Ef svo er reiknað verða 839 faðmar 4614¹/₂ fet eða 769 faðmar nú. Þá munar samt 100 föðmum hér um bil og má geta til að sá mismunur sé kominn af mistalningi á faðmahundruðum Eggerts: 839 fyrir 739, en 739 faðmar 5¹/₂ fets verða = 4064¹/₂ fet eða um 677¹/₂ faðmur og lætur það nærri mínu máli.

A f h e l l a r. Út frá aðalhellinum ganga 3—4 afhellar. Eggert Ólafsson segir, að þeir hafi (um miðja 18. öld) verið kallaðir b á s a r. Hann lýsir þeim öllum, en álitur þó einn þeirra í rauninni ekki afhelli eða »bás«, heldur eins og annan helming aðalhellisins, sem skiftist þar í tvent að honum finst; en lýsingin á þessu er (í § 367) eitthvað undarleg og kemur ekki heim. Lýsingin talar

¹⁾ Frá vörðunni og inn að botni er allangur spölur. Hellirinn verður mjög þröngur inst, en eg gekk mig öldungis úr skugga um, að hann endar hér í raun og veru, og er alls ekki lengri en þetta.

um tvö op (sbr. Grundtegning 11. og 13.) þar sem að eins er um eitt að ræða (miðopið)¹⁾. Hér er ekki heldur veruleg ástæða til að líta svo á, að hellirinn klofni í tvent; hér er svo sem eins konar stoð í miðjum hellinum og hér gengur blátt áfram langur afhellir út úr, eins og síðar skal skýrt frá nánar.

Allir þessir 3—4 afhellar ganga út úr aðalhellinum fremst, nefnilega út frá 1. opi og miðopi, en þau eru bæði á fremsta fjórðungi aðalhellisins að heita má. Í hvorugum lengstu hlutum hellisins gat eg fundið nokkurn afhelli og leitaði eg þó að þeim með góðu ljósi. — Mér hafði verið sagt af mjög stórum afhelli, sem gengi út úr langa hlutanum á milli 2. og 3. ops, en sú saga mun hafa verið sprottin af misminni; sögumaður mun hafa átt við insta afhellinn. — Fremsti afhellirinn nefnist Beinahellir,²⁾ því að í honum hefir fundist mjög mikið af beinum; mér virtust þau miklu færri nú í sumar en 1903; var mér sagt, að ferðamenn sumir hefðu tekið með sér bein til minja. Þessi hellir er 200 fet að lengd, 13—23 fet að breidd og um 9 fet að hæð; þykir mér ekki þörf á að lýsa honum frekar; nægir að vísa til áðurnefndra ritgjörða.

Sem sérstakan afhelli, er nefna mætti Hringhelli, má skoða smugu þá, er verður út frá inngangi Beinahellis vinstramegin og beygist í hring til vinstri út í aðalhellinn aftur; lengd hans er 72 fet, breidd 7 fet og hæð að eins 2 fet.

Næsti afhellirinn, sem er aðal-sögustaðurinn, nefnist Vígishellir. Hér er bersýnileg bygging á gólfinu á einum stað, 100 fet frá innganginum, og er engin ástæða til að efast um, að hún sé bygd af mönnum, sem lagst hafi út í þennan helli. Þeir Eggert og Kálund lýsa þessari byggingu og þessum afhelli.

¹⁾ Þetta mál á lengd Surtshellis eftir mælingu E. Ó. (839 faðmar) getur líka ef til vill legið að nokkru leyti í þessu, að bilið milli 1. ops og miðops er eins og tvítekið.

²⁾ Zugmayer kallar hann Vikhelli, sem mun eiga að vera Vígishellir, en Vígishelli kallar hann Beinahelli; þetta hefir ruglast fyrir honum.

Bygging þessi er sporbaugsmynduð grjóthleðsla, ekki vel hlaðin, um 1 al. að hæð; lengdin er að innanverðu 23 fet, en breiddin er 11 fet.¹⁾ Við suðurenda tóftarinnar er lítill skápur inn í vegginn, gerður um leið og veggurinn hefir verið hlaðinn. Breidd Vigishellis við tóftina er um 29 fet og hæðin um 12 fet.

Eggert og Kálund geta um stóra beinahrúgu hér, en mjög er hún þorrin. — Þessi afhellir, Vigishellir, hefir hingað til, að svo miklu leyti sem mér er kunnugt, verið álitinn af öllum, sem honum hafa lýst, lokaður í innri endann eins og botnlangi. Þegar eg rannsakaði afhellana 1903 varð eg þess vísari að svo er ekki. Eg þóttist raunar hafa fullvissað mig um að hann væri luktur að innanverðu, er eg skoðaði hann að framanverðu, en þegar eg svo kannaði afhellana við næsta op (miðopið), sem eru sömu megin við aðalhellinn og Vigishelli, varð eg þess var, að eg hafði komist inn í innanverðan Vigishelli aftur, gegnum mjög þröngan gang eða smugu, sem var á vinstri hönd úr afhellis- eða afhellamunnanum við miðopið. Hér var mjög ilt að komast áfram — ekki unt, nema með því að skriða.²⁾ Það er þó miklu framar en við smugu þessa að Vigishellir virðist lokast, ef ekki er vel aðgætt; nokkru innar en í honum miðjum sýnist loftið falla alveg að gólfi, þar er þó rifa á milli, og er hellirinn um þessi þrengsli að eins 16 fet að breidd og 2 fet að hæð í miðju. — Innar verður hann allviður og hár aftur og svell á gólfi unz komið er að niðurhruni miklu og er smugan í gegnum það.

Það er ekki efamál, að hellismönnum hefir verið um

¹⁾ Eg tek það fram af því að eg mældi það og mál mitt kemur ekki heim við mál Eggerts, 36 og 14 fet.

²⁾ Maður nokkur frá Kalmanstungu var þá með mér og varð hann hissa á þessu, kvaðst hann ekki vita til, að nokkur maður hefði vitað um þetta áður, að afhellir þessi væri þannig opinn í báða enda. Ólafur Stefánsson bóndi í Kalmanstungu hafði fylgt þeim Zugmayer í Surts-helli sumarið áður (1902) og segir einnig Zugm. þá, að hellirinn lokist þar, sem aðrir hafa álitid líka að svo væri.

Þetta kunnugt, og gat það komið sér einkarvel fyrir þá, að geta forðað sér undan og falist inni í innri hluta Vigishellis eða smugu þessari, — eða leitað undan inn í insta afhellinn t. d., sem heita má innangengt í úr Vigishelli.

Smugan inn úr Vigishelli er að visu ekki auðfundin þeim, sem ekki vita af henni. — Eg skoðaði þetta aftur í fyrra, og í sumar alt með betra ljósi. Eftir rannsókn mína á Viðgelmi í fyrra hafði mér komið til hugar að búast mætti við að fyrirhleðslur væru í smugu þessari, og aðgætti eg það nánar nú í sumar. Fann eg glöggar leifar af tveim fyrirhleðslum hér; var önnur 125 fet frá innri munna afhellisins (við miðop Surtshellis), en hin 200 fet. Fyrirhleðslur þessar hafa að sjálfsögðu verið gerðar af útilegumönnunum og til varnar, annaðhvort til að loka þessum innganginum í Vigishelli eða þó öllu heldur til þess að gera hann enn þrengri og auðveldari að verja.

Öll lengd Vigishellis er 600 fet, að meðtöldum insta hlutanum (frá innri hleðslunni og inn að opinu), sem er 125 fet, svo sem áður var sagt. Þessi kafli er allviður og í rauninni sameiginlegur útgangur úr Vigishelli og insta afhellinum, er þegar skal skýrt nánar frá. Eggert Ólafsson á bersýnilega við þennan kafla með þessum öðrum helmingi Surtshellis, sem hann talar um í § 367 (sbr. og teikningu hans), og segir að mælst hafi 28 skref að lengd. Insta afhellinn skoðaði eg nú og í fyrra betur en eg hafði gert 1903; komst eg að raun um, að hann var miklu lengri, en mér hafði sýnst þá. — Kálund mun ekki hafa gengið í þennan afhelli, hann getur ekki um hann, og Zugmayer hefir ekki heldur orðið hans var. Þessi afhelli er til hægri handar þá er gengið er inn í hinn sameiginlega afhellamunna við miðopið, rétt við hleðsluna innri í Vigishelli. Verður þar smuga inn í hann í niðurruninu og er hún að eins 7 fet að breidd og um $1\frac{1}{2}$ fet að hæð. Gólf hans er miklu hærra en Surtshellis sjálfs og svo er og í Beinahelli og Vigishelli. Þessi afhelli er, eins og eg tók fram, all-langur; eg mældi hann í sumar og mældist hann 300 fet frá botni og fram að hleðsl-

unni, en þaðan er sem sagt var 125 fet fram að miðopi. Hann er einkennilegur mjög að innan, víða rauður, og nefndi eg hann því Rauð. Gólfíð er fremur slétt og greitt yfirferðar, lítið hrúnið úr loftinu; ekki er hann víður né hár, en þó vel manngengur. Hann er þur og þokkalegur víðast hvar og hinn viðkunnanlegasti að vera í. Í sumar var hann allur sem gleraður innan af ís. Ekki varð eg þar var neinna mannaverka. —

Eins og kunnugt er, verður ekki komist upp á hraunið né ofan í Surtshelli um miðopið.

Í s i n n. Það sem mörgum hefir þótt einkennilegast og fallegast í Surtshelli eru ísmyndanirnar, sem einkum er að finna í insta hluta hans. Við opin er allmikill snjór, skafar, sem ekki bráðna alveg á sumrin, og fyrir innan opin er sumstaðar ís, einkum í næstinsta hlutanum. Sömuléiðis er ís á gólfinu sumstaðar í afhellunum. Vetrarfrostin ná all-langt inn og hitinn verður ekki svo mikill á sumrin, að allur ísinn, sem myndast hefir að vetrinum, nái að bráðna. Bergið í loftinu uppi yfir er ekki vatns-helt og því myndast tjarnir á gólfinu ofan á ísnum. Innanvert við miðopið í næstinsta hluta hellisins hefir um langan aldur verið mikill ís á gólfinu og djúp tjörn ofan á honum á sumrin, sbr. rit þeirra Eggerts og Kálunds. Svo var og sumarið 1903 er eg gekk í hellinn. Í insta hlutanum hafa myndast allháar ísstrýtur upp frá gólfinu og sumstaðar háar súlur, er úti við veggina náðu alla leið til lofts. Þetta er þó auðvitað að eins framan til í insta hlutanum, svo langt inn sem vetrarkuldi nær. Innar er nokkurn veginn jafn hiti allan ársins hring og þótt loftið leki þar allmikið verður ekki vart við ís; — heldur ekki tjarnir, því að vatnið hleypur niður í gólfíð. Eg skoðaði þessar ísmyndanir 1903 og voru þær mjög svipaðar því sem Kálund lýsir þeim.

Þegar eg skoðaði Surtshelli í fyrrasumar, varð eg var við mjög miklar breytingar á ísnum í honum. Hann var yfirleitt minni en áður og einkum var það eftirtektarvert, að

hin djúpa tjörn innanvert við miðopið í næstinsta hlutanum var með öllu horfin, allur ís bráðnaður og vatnið hlaupið niður; sömuleiðis var snjórinn við hitt opið á þessum hlutanum (í insta opinu) mjög lítill, og segir Kálund að hann hafi stundum verið svo mikill, að lokast hafi fyrir hér. — Yfirleitt var þessi afarlangi hluti hellisins allgreiður yfirferðar, þótt hann væri að visu með mikilli urð — niðurhrundu grjóti — á botninum. Hann var svo fljótgenginn, að birtuna sá miklu fyr en varði úr insta opi. — Ís-strýturnar og -stólparnir í insta helli voru færri og smærri en áður. Hér var áður gengið upp á jökulbungu allmikla; nú var fremsti hluti hennar hruninn að gólfi, en innri hlutinn var enn uppi og var gengt undir og ofan á; hellirinn var hér því tvílyftur. Vatnið, sem runnið hafði út af að framan og innan, hafði myndað mjóar stoðir og stóðu þær eins og súlnaraðir beggja vegna. Menn munu geta ímyndað sér hve töfrandi fagurt sé inni hér, þegar skær ljós eru tendruð og alt ljómar, ishvelfingin skinandi björt uppi yfir, þegar verið er á neðra lofti (gólfi), eða þá hversu einkennilegt sé að standa á þessu glitrandi hálf-gagnsæja gólfi. Alt glóir og tindrar hér, — en svartasta myrkur er umhverfis. Og einkum hefir alt þetta undarleg áhrif á mann, þegar brennandi sólarhitinn er úti fyrir, — því að hér er svalt eins og geta má nærri.

Ólafur Stefánsson í Kalmanstungu skýrði mér svo frá, að breytingin á ísum hefði orðið árið 1907; áleit hann, að hún kynni að hafa stafað af jarðyl, en meiri líkur eru þó til að árferði hafi valdið.

Myntir. Á vörðunni innantil í insta hlutanum¹⁾ lágu fyrrum nokkrar myntir. Þegar þeir Eggert og Bjarni rannsókuðu Surtshelli skildu þeir eftir á þessari vörðu eina hálf-krónu og einn tískilding; höfðu þeir sett lakk á þessa peninga og innsigli sitt á lakkid. Þegar Hender-

¹⁾ Í mörgum lýsingum á Surtshelli stendur, að í insta hlutanum sé „viðast mikill halli niður á við“; þetta er blátt áfram rangt, hér verður ekki vart við neinn halla nema rétt fremst.

son kom þangað 62 árum síðar (1815), fann hann hálf-krónuna, en tiskildingurinn var horfinn. Henderson skildi þar eftir 4 danskar myntir¹⁾ og síðan lögðu margir peninga á vörðuna, en lítt þótti þeim þó fjölga þar.

Þegar þeir dr. K. Grossmann og dr. O. Cahnheim skoðuðu hellirinn 24. júlí 1892 fundu þeir hálf-krónu Eggerts og eina af myntum Hendersons. Höfðu þeir þær með sér og sýndu í landfræðisfélögunum í Lundúnaborg og Berlinaborg, en skiluðu þeim síðan aftur hingað til lands og eru þær nú nr. 4130 á Forngripasafninu.

Þegar eg kom í Surtshelli 1903 var nýlega (það sumar) búið að taka allar myntirnar úr hellinum heim að Kalmanstungu og voru þær geymdar þar þá. Síðan mun hafa lagst niður að mestu að leggja peninga í vörðuna; þó sá eg þar nokkrar nýlegar danskar myntir í fyrrasumar.

II. Viðgelmir.

Í Hallmundarhrauni eru auk Surtshellis margir aðrir hellar að sögn. Þegar eg hafði rannsakað Surtshelli í fyrrasumar var mér sagt af öðrum helli, er menn nefndu »Viðgeymi«; var hann talinn mjög langur, en sagt, að enginn hefði fundið botn í honum og það væri því allsendis ókunnugt hversu langur hann væri. Daginn áður en eg gekk í Surtshelli höfðu nokkrir menn gengið í »Viðgeymi« og gengið langt inn, en snúið aftur án þess að finna botn. Hellirinn er skamt frá veginum, sem liggur yfir Hallmundarhraun, þá er farið er frá Kalmannstungu og yfir í Hvítársíðuna. Það eg ætlaði að fara þá leið og það var krókalaust að kalla fyrir mig að koma í helli þennan um leið, ásetti eg mér að ganga í hann og reyna að taka fyrir allar getgátur um lengd hans. Ólafur bóndi Stefánsson í Kalmanstungu og sonur hans fylgdu mér; hafði Ólafur komið að hellinum er hann var lítill drengur, og hepnadist honum nú, eftir litla leit, að finna

¹⁾ Henderson, Iceland, II. 197.

hellismunnann í hrauninu, en hann er skamt frá vesturjaðri hraunsins, í beina stefnu frá gilskriðu nokkurri uppi í hliðinni, vestanvert við hraunið, og á Kaldadal.¹⁾

Nafnið. Áður en eg fer að lýsa hellinum skal eg fara nokkrum orðum um nafn hans o. fl. Brynjólfur Jónsson getur (í Árb. '04, bls. 16) hellisins, er hann segir að sé í þessu hrauni »á móts við Fljótstungu« og heiti »Viðgemplir«. Hann er ærið langur og all-djúpur, en ekki svo víður sem af nafninu mætti ráða. Hann hefir engar dyr, en göt hafa brotnað á hann. Er þar urð undir og má þar sumstaðar komast ofan.

Af nafninu má ætla að hér sé um sama hellinn að ræða og þann, er mér var bent á, og þótt sá hellir sé um það bil bæjarleið fyrir ofan (landnorðan) Fljótstungu, er samt ýmislegt í hinni stuttu lýsingu B. J., sem bendir á að hann eigi við sama hellinn. Br. J. kallar hellinn Viðgemplir, en mér er ókunnugt hvers vegna. Ef til vill hefir hann vitað að hann var kallaður Viðgelmir, en álitíð það afbökun fyrir Viðgemplir.

Í Lex. poet. skýrir Sv. Egilsson orðið gelmir svo, að það sé afbökun úr gemlir, sem sé dregið af gamall. Hvað sem nú um það kann að vera þá er víst, að hið upprunalega nafn á hellinum og að því leyti hið rétta er Viðgelmir. Nafn hellisins kemur fyrir í fornu kaupbréfi, dags. fimtud. næsta fyrir Jóns messu Hólabiskups (= 28. febr.) 1398, prentuðu í D. I. III. nr. 520. Kemur nafnið þar tvisvar fyrir í þágufalli og er skrifað viðgelmi. Er hellirinn (þ. e. op hans) talinn landamerki Kalmanstungu í því bréfi. Til samanburðar við þetta örnefni má benda á tvö goðafræðisleg örnefni, nfl.

¹⁾ Nú í sumar athugaði eg hann aftur og mældi með aðstoð samferðamanna minna, en frásögn sú og lýsing er hér fer á eftir er aðallega um fyrstu ferð mína í hellinn og á henni byggð. — Í blaðinu „Reykjavík“ XI. 18 (23. IV. 1910) er og grein eftir J. P. og mun gr. höfundur sá hafa farið í hellinn nokkru síðar eða um veturinn eftir.

Vaðgelmir (Reginism. 4. v.) og Hvergelmir (Grimnismál 26. v. [B.].¹)

Opið. Hellirinn hefir vafalaust verið kunnur þegar á fyrstu öldum, á það bendir strax nafnið, sem er svo einkarfornelegt, en þó einkum það, að hann er landamerki milli landareigna jarða tveggja. Enda er op hans ekki neitt smásmíði, er lengi geti dulist þeim, er oft ganga þarna um hraunið, t. d. við smalamensku eða þess háttar. Opið hefir myndast þannig, að loft hellisins hefir fallið

¹) Það er ekki öldungis fráleitt að *-gelmir kunnir að hafa breyzt í -gelmir og sé samstofna við gamall (sbr. gemlingur og gelmingur), en mér þykir næsta ólíklegt, að sú merking, sem orðið gamall hefir nú og hefir haft svo kunnugt sé, felist í þessu orði, -gelmir, eða þessum þremur nöfnum. Séu orðin samstofna, þykir mér líklegra að einhver merking skyldari þeirri sem er í vetur felist í orðinu *-gelmir (<-gelmir?), — því að svo virðist sem orðið gamall sé samstofna við hið indogerm. orð *ghiem* (sbr. *hiems* á lat. og *gam* á írsku) og merki upprunalega líkt og aldraður af aldur, sbr. *annosus*, gamall, á lat. af *annus*, ár), *veturgamall* eða nokkurra vetra; sbr. íslenzku orðin *gemlingur* (*gemi*) og *gemla*, um *veturgamlar kindur*. Hugtakið *kuldi* gæti betur átt við í öllum þessum þremur nöfnum (á uppsprettunni, ánni og hellinum), en hugtakið *kuldi* má ætla að jafnan hafi fylgt orði sem merkti *vetur*. Samstofna við hið indogerm. orð **ghiem* (**ghim*), — stofninn er **ghiom* — eru grísku orðin *χιων*, *snjór*, og *χαιμων*, *vetur*, og *himá* — í sanskr., *kuldi*; *snjór*.

Í norsku kemur fyrir nafnorðið *gjelmíng* (væri á ísl. **gelmingr*; einnig *gjölmíng*) og merkir afþiljað herbergi; einnig sagnorðið *gjölma*, sem merkir að afþilja, þilja í sundur. Í norsku kemur og fyrir orðið *gímlíng*, sem merkir þil, milliveggur, mun það vera sama orðið og *gjelmíng*, en hefir ef til vill fengið þessa mynd, af því að því hefir verið ruglað saman við orðið *gjömlíng* sem merkir rökkur, af *gjömla*, *dimma*, *rökkva*. Orðið -gelmir kann að standa í einhverju sambandi við *gjelmíng*, því að orðmyndirnar eru svipaðar, og svipaða merking og þá, sem það orð hefir, má vel ætla að orðið -gelmir hafi haft, ekki sízt í hellisnafninu, því að hellirinn er sem þiljaður sundur framan til af þverpallinum og víðar. Uppruni þessa orðs er mér ókunnur, en forn mun stofninn vera. — Eins vel má ætla að -gelmir sé samstofna við norsku orðin *gjömlíng* og *gjömla*, er nú voru nefnd og með svipaðri merkingu, eins og það sé samstofna við *gamall*; væri þá merking þess ekki heldur óeðlileg í hellisnafninu og jafnvel ekki í hinum nöfnunum.

niður á löngum kafla nálægt öðrum enda hellisins. Verður hér því stór gjá í hraunið, eða öllu heldur dæld, því að svo er hún breið, og hellir til beggja enda, en þverhníptir hamrar til beggja hliða. Er þó einstigi niður hamrana á einum stað að vestanverðu, og hafa verið myndaðar sem tröppur í bergið einhvern tíma í fyrndinni, svo að hér verður komist upp og ofan, enda er það nauðsynlegt, ef t. d. þarf að bjarga fé upp. Hellismunnarnir að land-norðanverðu og útsunnanverðu í gjánni eru afar-viðir og háir og stórhrikalegir.

Útsuðurhlutinn (aðal-hellirinn). Fremst í suður-hellinum er geysihá hvelfing og gluggi á; er þetta sem eins konar fordyri. Ís og snjór er á gólfi og klettaklungur, er hrunið hefir úr loftinu uppi yfir. Brátt verður fyrir hár þverpallur, er gengt upp á hann og eftir honum að framan á dálitlu þrepi. Bil er ekkert milli hans og lofts, og var nú sem lokaðist hér hellirinn. Hægra megin við þverpallinn urðu þó dyr, þröngar og heldur lágar, og tók nú við mjór og myrkur gangur. Eg hafði í bæði skiftin ágætt ljósáhalð — acetylen-ljós, sem er áreiðanlega hið bezta í alla staði til þess háttar rannsókna. Gangur þessi var fremur þröngur, en þó vel manngengur, um 200 fet að lengd.

Þvergarður. Á botninum var allmikið grjót, og við nánari athugun sást brátt, að það hafði verið saman-borið í garð um þveran ganginn framan til. Allur var garður þessi hrunninn eða rifinn niður aftur. Þegar innar kemur úr ganginum vikkar hellirinn brátt mjög mikið, milli veggja er víðast um 30 fet; um 100 faðma frá inn-gangi er viddin 23 fet á kafla; víða meira innar. Hæðin er geysimikil, þar sem ekki var niðurhrun á gólfi, viðlika og t. d. í háhvelfdum kirkjum erlendis.

Ísmyndir. Brátt komum við að óbráðnum ís, og var á þessu svæði, sem var all-langt, mjög einkennilegt umhorfs. Ísstrýturnar á hellisgólfinu komu í ljós hver af

annari, flestar með svipaðri lögun eða líkar í vexti, en mjög misháar. Þær sem þær stóðu þarna í myrkrinu, keikbeinar, grafkyrrar og eins og hálf-gagnsæjar, þegar ljósið glampaði á þær, líktust þær mjög sumum andamyndum andatrúarmannanna; þær voru öldungis eins og hjúpaðar manneskjur, mótaði vel fyrir hálsi og herðum á þeim flestum. Ein var allra þeirra stærst, stóð úti við vegginn vinstra megin og var þó bil á milli; nún náði þar til lofts. Menn geta gert sér í hugarlund þá einkennilegu sjón, er fyrir augun þar, er við vorum þarna inni í miðjum hópnum; hér var sem eins konar líf, — en þó var alt svo dautt, svo dautt, ekkert heyrðist nema dropa-fallið. — Við gengum áfram; ísinn hætti, því að lengra náðu ekki vetrarfrostin; hér fyrir innan mun ætíð jafn hiti, hversu kalt eða heitt sem úti fyrir er.

Gólfíð. Sumstaðar var gólfíð slétt að kalla, en þó mjög hrjúft, eins og smábert hörzl eða grjótfroða á því; sumstaðar smá steinblöðrur, er óðar brotnuðu þegar stigið var á þær.

Steinstrýtur og steinstengur. — Sumstaðar stóðu steinstrýtur upp úr gólfinu úr samskonar steini, grágrýti (dolerit), en blágráar og mjög þéttar að utan, og báru mjög af öðru grjóti; þær höfðu myndast af allmörgum dropum af bráðnum hraunsteini, sem dropið hafði niður af brúnum út úr veggjunum eða alla leið ofan úr lofti, og munu hafa myndast eftir að hellirinn sjálfur var storknaður. Ef til vill hefir bráðið grjót úr nýju hraunflóði lekið í gegnum. Þessar strýtur voru misstórar; eg sá eina, sem mun hafa verið um 50 sm. á hæð og um 5 sm. að þvermáli. — Úti í dálitlu skoti sem var í vinstra veggnum á einum stað, stóð sem »gamalt goð á stalli« ein slík strýta eða steinhraukur, um 60—70 sm. að hæð á að gizka og um 30—50 sm. að þvermáli. — Á brúnum og syllum hengu langir drönglar og fram með veggjunum lágu þeir í röðum á hellisgólfinu, þeir sem dottið höfðu niður, sívalir teinar um 30—40 sm. þeir lengstu, er eg sá, og um

6—8 mm. að þvermáli flestir. — Alt var hér mjög hreint og þurt og öldungis ryklaust. Loftið viðkunnanlegt, dálítið svalt. Við höfðum nú gengið lengi og haldið allvel áfram. Við komum hvað eftir annað að niðurhruni; þau voru sem dálitlir hólar af stórbjörgum á gólfinu; við klöngrudumst upp og væntum oft, að nú myndum við ekki komast lengra, því sum af niðurhruninum náðu því nær til loftis. En jafnan er við vorum komnir yfir eitt niðurhrunið tók við slétt gólfíð og ávalt var hellirinn hinn sami, virtist því nær beinn og krókalaus, hár og víður. Óhætt var að halda áfram, hér voru fáir og smáir afkimar og engir afhellar, — nema þeir séu þá út úr veggjunum hærra uppi. — Á einum stað við vinstra vegginn¹⁾ var dálitill afkimi eða bogi út úr, en opinn inn í aðalhellinn í báða enda, um 100 fet að lengd. Við höfðum nú gengið $\frac{3}{4}$ stundar og tókum að furða okkur á lengd hellisins. Framar í hellinum höfðum við orðið varir þess, að menn hefðu verið þar áður, en nú vorum við fyrir löngu hættir að sjá nokkur þess konar vegsummerki. Áfram, áfram, botninn vildi eg finna í þessum ómælandi undrageim. Brátt komum við þar, er hellirinn fór að ganga saman, þó var hann vel manngengur, og niðurhrun engin. Á einum stað stóð hér undir lofti stoð harla mikil, og voru gangar beggja vegna. Var stoð þessi ekki há, en allmargir faðmar að ummáli. Við héldum enn rakkleitt áfram, því að gólfíð var greitt yfirferðar og bar ekkert sérlega nýstárlegt fyrir augun. —

B o t n. Loksins, um 113 föðmum fyrir innan stoðina, tók loftið að hallast og hallaði því nú alveg ofan að gólfi. Hér var botninn. Heila klukkustund og 5 mín. betur höfðum við gengið. Ekki sá eg hér þess nein vegsummerki að menn hefðu hingað komið áður, nema ef vera skyldi nokkra steina, er virtust hafa verið lagðir af manna höndum svo sem þeir lágu, en ekki hafa lagst svo af

¹⁾ Um 480—500 faðma frá inngangi.

náttúrunnar hendi.¹ Við dvöldum hér lítið eitt; skildi eg eftir nafnspjald mitt með nöfnum okkar Ólafs beggja og dagsetning.

Við gengum síðan fram aftur og skoðuðum ýmislegt betur af því sem við höfðum orðið varir við á inneftirleiðinni, og eftir hér um bil í klukkustund vorum við komnir framundir opið aftur.

Smuga. — Hleðslur. Á inneftirleiðinni hafði eg veitt því eftirtekt, að smuga ein lág og mjó var út úr veggnum vinstra megin hér framan til og hugði eg að eg skyldi aðgæta hana betur. Eg gerði það nú og er eg kom að henni aftur á úteftir-leiðinni og varð þess brátt var, að hlaðið var stórum steinum fyrir op hennar eða upp í hana. Eg tók að bíta við að koma steinum út, og veittist það erfitt, því að hér var svo þröngt, að ekki varð náð til öðruvisi en að bogra á hnjúnum. Það mikið gat eg þó fært til steinana, að eg gat skriðið inn; en er eg lýsti fyrir mér inn í smuguna sá eg aðra hleðsluna litlu innar, — eða utar réttara sagt, því að nú tók mig að gruna að smuga þessi væri jafnhliða ganginum, er við höfðum gengið um inn í hellirinn, og þvergarðurinn var í. Eg smaug því öflugur fram í aðalhellirinn aftur og lagði steinana líkt og áður voru þeir.

Við gengum nú út í gegnum ganginn og upp á þverpallinn, sem eg gat um, og eftir honum út að veggnum. Meðfram veggnum var hér gjá eða glufa niður, um 5—6 álna djúp og mjög þröng. Lét eg mig síga hér niður í og smaug inn eftir skorunni; hún lokaðist brátt yfir höfði mér. -- Varð eg hér lítið eitt var við bein; virtust þau vera forn og fúin sauðabein; eitthvað lítills háttar varð eg var við bein á ganginum. — Eg smaug nú inn smuguna og kom brátt að þverhleðslu, mjög rammgjörðri; væri það torvelt að flytja mjög til þá steina, er hér voru lagðir. Lýsti eg inn eftir smugunni og sá að hún mjókkaði nokk-

¹) Er eg kom hér í sumar hafði verið hlaðin hér lítil varða.

uð, — en þó var hún ekki eins mjó hér og hún var innan til, því nú vissi eg að þetta var alt sama smugan. Sá eg hér inni eina hleðsluna enn og þar svo stóran stein, að mig furðaði mjög á, að unt hefði orðið að koma honum þangað inn; — og það var þó bersýnilegt, að hingað var hann kominn af mannavöldum, — og það þá auðvitað þeirra manna, er áttu líf sitt að verja. Hér var ekki um að villast, maður eða menn fleiri en einn hafa lagst út í hellirinn, hlaðið vígisgarða fyrir ganginn, svo að hægra yrði þar til varnar, ef að yrði sótt að utan, en marghlaðið upp í smuguna svo að ekki þyrfti að verja hana á annan hátt. Hún var of mjó til þess að hafa þar útgang og inngang, enda torvelt að komast upp úr henni á pallinn, — en á hinn bóginn gátu óvinirnir skriðið þar inn, ef hellisbúi átti öðrum að mæta á ganginum.

Eg skal taka það fram, að það mun allsendis ókunnugt hver hér hafi lagst út,¹⁾ og engin munnmæli munu til um það lengur.

Landnorðurhlutinn (skúti). Við fórum síðan í landnorðurhellinn. Hann var afarhár og víður. — Svell var yfir alt gólfid og allmikið vatn ofan á því, — það sem bráðnað hafði um sumarið. Örskamt var inn að botni, að eins fáeinir faðmar. — Það kom þannig í ljós að hellisopið, þessi stóra gjá eða dæld, hafði myndast á þann hátt, að hvelvingin yfir hellinum, sem hér hefir verið afarvíður, hefir brotnað niður að mestu leyti; hefir það orðið í jarðskjálfta eða af því að nýtt hraun ruddist ofan á og braut niður hvelvinguna, — þó ekki þegar er það kom, heldur eftir að það var storknað. Hér er því ekki nema um einn helli að ræða í raun og veru, þegar svona er litið á.

Hellirinn friðhelgur. Vegna þeirra fornu mannvirkja, sem frá var sagt í Víðgelmi, verður hann settur á fornleifaskrá og friðaður allur lögum samkvæmt;

¹⁾ Sbr. þó Vatnsdælu kap. 41 (Fornsögur, Leipzig 1860, bls. 66, l. 4—5).

má hér því ekki haggja neitt við neinum mannaverkum, en vonandi er að þeir, sem ganga kunna í hellinn, geri sér far um að haggja heldur ekki við hinum einkennilegu verkum náttúrunnar hér, t. d. ísstrýtunum, steinstrýtunum og steinteinunum. — Vilji menn taka eitthvað með sér til minja af þessum steinum, ættu menn ekki að brjóta þá af sem fastir eru, heldur taka þá lausu, sem nóg er líka af Verði nokkur brögð að því, að hér verði gerðar skemdir á, má auðveldlega loka hellinum með kostnaðarlitlum útbúnaði í ganginum. Líklegt er að ferðamenn ýmsir erlendir, er hingað koma til lands, þykist eiga erindi hingað, og mætti ætla að margir Íslendingar kunni að finna löngun hjá sér til að skoða helli þennan ekki síður en Surtshelli, þó ekki sé hann enn svo frægur orðinn. Eg tel það nær vafalaust, að Viðgelmir muni vera eins langur og Surtshellir. Í fyrra sumar hafði eg því miður engin hentug mælingaráhöld með mér til að mæla lengd Viðgelmis. Eg mældi hann í sumar með línu, sem var 50 fet að lengd og var útsuðurhellirinn 81 umferð með henni, en hún styttist er kom í vatnið framan til; með ágizkun komst eg þó að þeirri niðurstöðu að hann muni vera um 660—70 faðmar. Miklu er Viðgelmir fallegr og viðkunnanlegri allur að vera í en Surtshellir, og meira að sjá hér af einkennilegum náttúrumyndunum.

Notkun hellisins. Væri hellir þessi, þessi sjálfgjörða, mikilfenglega og í alla staði trausta bygging náttúrunnar, nær höfuðstað landsins t. d., eða að minsta kosti nær sjó, mætti hún koma að góðum notum með tiltölulega litlum umbótum og útbúnaði, t. d. sem »katakomba« fyrir legstað helztu manna hér á landi o. fl. — Rúmið er óþrjótandi að kalla. En búast má við að akvegur komi fram alla Hvitársíðu áður en mjög langt liður og verður þá hægt að gera akveg að hellinum alla leið. Inni í hellinum er nóg efni og gott til þess að gera úr steinkistur og önnur minningarmörk. — Hversu mikilsvert hefði það ekki orðið fyrir oss nú og jafnan, ef sá síður

hefði verið tekinn upp, t. d. þegar á söguöldinni, að búa veglega um lík manna í þessum eða þvilikum stórhellum á landi hér. Hvað vissi heimurinn um hiná stórmerku menningu Forn-Egípta, ef þeir hefðu sökt líkummerkismaþna sinna niður í moldina og falið þá fúanum og gleymskunni?

Þessir tveir hellar, hið undurfagra landslag í Kalmanstungu (niðri tungunni og á Tungufelli) og niður með Hvítá beggja vegna, ætti að vera nóg til að leiða ferðamannastraum upp um Borgarfjörðinn. Þar eru og margir hverrar, margir merkisstaðir, t. d. Reykholt o. fl. o. fl. En brúa verður Hvítá hjá Völlum og það sem fyrst, enda er það ekki ýkja torvelt, því að þar er á klöppunum hið ágætasta brúarstæði.

Myndun Víðgelmis. Enda þótt eg sé ekki jarðfræðingur vil eg leyfa mér að fara nokkrum orðum að lokum um myndun Víðgelmis. Eins og eg hefi tekið fram hefir hann breyzt nokkuð frá því er hann varð til í fyrstu: Stórt op hefir myndast á loftið, nálægt efri endanum, við það að loftið hefir fallið þar niður og liggur nú brotið á hellisgólfinu; á mörgum öðrum stöðum hefir fallið meira og minna niður úr hellisloftinu og liggur það grjót nú í hrúgum á hellisgólfinu; mjög víða hefir bráðinn hraunsteinn sigið niður í gegnum hellisloftið og myndað smá flód eða læki á gólfinu, sumstaðar lekið niður í hálfstirðnuðum dropum, sem hlaðist hafa upp á gólfinu og myndað strýtur; þykkur og hálfstirðnaður seig steinninn niður sumstaðar að lokum og stirðnaði í löngum stöngum; sumstaðar seig vatn niður gegnum loftið, og á vissu svæði framan til náði það að frjósa á vetrum og vatnsdroparnir mynduðu ísstrýturnar líkt og steindroparnir steinstrýturnar. Loks komu menn í hellinn og gerðu þau mannaverk, sem á var minst hér að framan. Áður en þessar breytingar urðu á, var hellirinn allur eins og hann er enn á þeim köflum þar sem einskis þessa er vart, allvel sléttur innan en þó mjög hrjúfur og gljúpur. Það er bersýnilegt að hellirinn er engin rifa eða sprunga, sem orðið hafi

neðanjarðar eða hraunflóð lukt yfir. Það er og bersýnilegt, að hér hefir ekki verið fljótandi steinn er svo hafi fengið útrenslu og svo orðið tóm eftir; nei, hér mun ekki hafa runnið neitt fljótandi hraun um eins og Þorv. Thoroddsen álitur að hafi átt sér stað í Surtshelli eftir að hann var myndaður. Víðgelmir er eins og steypur utan um eitthvað, sem síðan hefir horfið á braut, en hvað hefir það verið? Það getur ekki verið annað en vatn eða réttara sagt vatnsgufa. Hvernig stóð þá á henni?

Áður en hraunið rann niður þennan dal, sem er hér á milli tungunnar (Tungufells) og hæðadraganna fram af síðunni hins vegar, rann hér stór á, — og rennur enn: Norðlingafljót, en áður en hraunið rann, hefir það verið búið að grafa niður gljúfur hér. Þegar hraunflóðið streymdi niður dalinn, brauzt það fram með fljótinu og yfir það í gljúfrunum, en vatnið komst ekki undan, steinleðjan króaði það inni á stuttum eða löngum köflum, hljóp yfir það, rann niður með hömrnunum og niður á botninn og breytti vatninu þegar í gufu, en öll gufan komst ekki út strax og nokkuð sat eins og harður kjarni innan í hraunleðjunni, sem svo storknaði utanum; gufan lætur ekki undan. Alt hefir þetta gerst í einni svipan. Hafi hraunið runnið um vetur, er fljótið var frosið í gljúfrunum verður þessi myndun enn skiljanlegri. Síðan storknaði steinleðjan og gufan kólnaði líka og varð að vatni, sem seig niður í gegnum steininn. Steypukjarninn var horfinn og tóm, — hellirinn —, eftir í storknuðu hrauninu. Á þennan hátt munu margir hellar hafa myndast í hrauninu og eg ætla að Surtshellir hafi og myndast á þennan hátt upprunalega. Ásigkomulag Víðgelmis að innan virðist mér aðallega styrkja þessa skoðun mína á hellismynduninni. — Síðan hefir að líkindum runnið nýtt hraun yfir og þá hafa steinstrýturnar og stengurnar myndast og þá hafa niðurhrunin orðið og opið myndast, sem einnig hefir getað myndast í landskjálfta. Eftir að opið var komið á, fór kuldinn, sem komst inn framan til, að mynda þar ísinn úr vatninu, er stöðugt sigur niður í gegnum hellisloftið.

Kvæði

eftir Jóhann Sigurjónsson.

Heimþrá.

Reikult er rótlaust þangið,
rekst það um víðan sjá,
straumar og votir vindar
velkja því til og frá.

Fuglar flugu' yfir hafið
með fögnuði' og vængjagný
— hurfu' út í himinblámann,
hratt eins og vindlétt ský.

Þangið, sem horfði á hópinn,
var hnipið allan þann dag. —
Bylgjan, sem bar það uppi,
var blóðug um sólarlag.

Odysseifur hinn nýi.

Svikult er seiðblátt hafið
og siglingin afarlöng.
— Einn hlustar Odysseifur
á óminnisgyðjunnar söng.

Marmarahöllin heima —
Eg húmdökku gluggana sá
mæna' eins og andvaka augu
út á hinn dimmjúka sjá.

— — — — —
 Höllin er löngu hrúna —
 hásetið orpið sand —
 Það bar enginn kensl á beinin,
 sem bylgjan skolaði á land.

Sólarlag.

Sólin ilmar af eldi
 allan guðslangan daginn,
 faðmar að sér hvert einasta blóm,
 andar logni' yfir sæinn.

En þegar kvöldið er komið
 og kuldinn úr hafinu stígur,
 þá kastar hún brandi á bláloftsins
 tjöld
 og blóðug í logana hnígur.

— — — — —
 Nóttin flýgur og flýgur
 föl yfir himinbogann,
 myrkrinu eys hún á eldbrunnin tjöld,
 eys því sem vatni yfir logann.

Föl og grátin hún gengur,
 geislanna í blómunum leitar
 — enginn í öllum þeim eilifa geim
 elskaði sólina heitar.

Fyrir utan glugga vinar mins.

Hljóðnað er, borg, á breiðum strætum þínum,
 bláhvítur snjór við vota steina sefur.
 Draumsilki rakið dimma nóttin hefur
 deginum fegra upp úr silfurskrinum.

Vökunnar logi' er enn í augum mínum,
 órói dagsins bleika spurning grefur

djúpt í mitt hjarta — er kemur seinna og krefur
kyrðina um svar — um lausn á gátum sínum.

Vinur þú sefur einn við opinn glugga,
æskunnar brunn í svefnisins gyltu festi
sígur þú í, og safnar fullum höndum.

Hugur minn man þinn háa pálmaskugga,
hafi eg komið líkur þreyttum gesti,
utan frá lífsins eyðihvítu söndum.

Bikarinn.

Einn sit eg yfir drykkju
aptaninn vetrarlangan,
ilmar af gullnu glasi
gamalla blóma angan.

Gleði, sem löngu er liðin,
lifnar í sálu minni,
sorg, sem var gleymd og grafin,
grætur í annað sinni.

Bak við mig bíður dauðinn,
ber hann í hendi styrkri
hyldjúpan næturhimin
heltan fullan af myrkri.

Þrjú bréf

Jónasar Hallgrímssonar til Þórðar Jónassens*).

Eskifirði 18. Okt. 1842.

Hæstvirti

elskulegi herra Assessor!

Hjer er nú loksins kominn snjór og harka og harðviðrið tefur okkur að komast af stað. — Okkur! því jeg er nú líka ferðbúinn til Hafnar eins og dauðu sauðirnir og fer bráðum að kveða gömlu vísuna mína: »Sjónum spanska út í enn er eg granska, bróðir«. Nú held jeg komi einhver landlísing; allan skjækilinn er jeg búinn að sjá að minnsta kosti, nema eitthvað af Langaness-ströndunum og ellefu kistur fullar af grjóti flit jeg nú loksins með mjer sjálfum þegar jeg skil við ferðina. Hún hefur annars verið nokkuð harðsókt í sumar, enn guði sé lof, mjer tókst að koma af öllu ætlunarverkinu, og hafði ofanákaupið tína til að lappa skrokkinn á mjer með aðstoð Beldrings míns, svo hann er nú í góðu lagi, álíka og Vídalíns postilla sem Þórarinn á Brekku hefur nfbundið, og vansjeð nema hann kunni að endast stundarkorn enn, »alle mine Fjender til Frygt og Bævelse«.

Best er að jeg að lokinni ferð gjet ekki annað enn verið sæmilega ánægður með starf mitt og það sem ágjeíngt er orðið; hamingjan gjefi það gjeti að því skapi komið landi voru og vísindunum til nota.

Jeg vonast eftir — þó þú sjert pennalatur, að sjá frá þjer línu með póstskipinu. Segðu mjer bara frá því sem þú heldur jeg vilji helst vita, um landsins hagi first og fremst, og svo ef það væri eitthvað illt eða gott sem snertir sjálfan mig. — Hvað líður t. a. m. bóklegum firirtækjum siðra þar? hvað er talað um alþingið og skólann og annað gagn landsins og nauðsinjar? Verslunina &c.? Brauðaveitingarnar! er jeg búinn að fá mörg brauð? farðu

*) Lbs. 202 fol. — Útg. Þorleifur H. Bjarnason.

þjer samt hægt til vorsins, nema ef eitthvað skildi berast í greiðpar. Komið þið nú upp einhverju tímariti fyrir landið; nú erum við ekki við höndina »Gárúngarnir« að barna fyrir ukkur söguna.

Heilsaðu öllum, elskulegi! sem taka vilja kveðju minni og lifðu sæll og blessaður.

Þinn

J. Hallgrímsson.

Sórei 26. Sept. 1843.

Elskulegi góði Vinur!

Jeg verð nú ekki lángróður heldur enn vant er; erindið er líka lítið nema heilsa og kveðja og láta þig sjá jeg lifi og muni eftir þjer. Mjer líður á flestan hátt vel, guði sje lof; heilsan er sæmileg og vinnan gjeingur sæmilega, og hvað aðbúð og umgjeingni snertir, þá hefi jeg ekki áður átt jafngóðu að fagna opt um dagana. Jeg er hjer úti bæði af því að mjer þikir fara ólíka betur um mig enn í Kaupmannahöfn, og svo hinu, að nú er fyrir alvöru verið að gjera við islandica — jeg er hjá Steenstrup, eins og þú gjetur nærri, og við sitjum nú í samvinnu og komi nokkur tíma svo langt (að) eitthvað komist út um Ísl. ferðina, verður það eftir okkur í sameiningu og undir beggja okkar nafni. Ekki hef jeg heldur gleimt fjelaginu okkar, enn Landlísingin verður mikið verk og undirbúningurinn til að gjeta skrifað hana að gagni er ótrúlegur. Lakast er að fjelagið er ekki fært um að borga mjer neitt sem heita megi viðunanlegt og það er nú helst sem mjer baggar — peningskorturinn — til að gjeta unnið almennilega. Jeg sje brauðin eru að losna, enn jeg þori samt ekki að láta sækja um neitt að sinni, því jeg er dauðhræddur um að jeg verði ekki búinn í vor að því sem jeg þarf að gjera hjer. Jeg skrifa þjer ekkert um politik, því jeg ætlast til þú lesir blöðin, enn jeg skal í þess stað segja þjer eina findni. Þeir hafa verið að jagast útúr »Dramaet« Heiberg og Dr. Hebbel nokkur, þískur maður; Heiberg var kominn svo að hann átti bágð með að svara og segir heldur enn ekki neitt »að Dr. Hebbel sje aungvanveginn »Dramaets Messias«, — enn Hebbel segir aptur: »ef jeg vildi nú vera verri, og segja Heiberg væri þessi Messias, atli hann ætti þá ekki bágð með Endurlausnina?«.

Þetta held jeg verði nú að vera nóg vetrarlángt. Jeg skildi raunar hafa skrifað þjer ögn meira, enn í þessu augnabliki fjekk jeg boð frá Hauch, og má líklega vera hjá honum alt kvöldið. Það er nógu gaman þegar maður vill rjetta sig upp, að gjeta firirhitt aðra eins menn og Hauch og Ingemann og vera ætíð boðinn og veltekinn.

Eg bið að heilsa á Króna — svona á það að vera; þú manst við höfðum talað um hvaða endurbætur þirfti að gera við Klúbbinn.

Þegar Briem fór heim í sumar var mjer illt í fingri, svo jeg gat ekkjert orð skrifað; en eg sendi þá með honum Robert og franska Lexiconið til Biblioteksins, en Faber varð eptir (Isl. Fische). Þið skuluð fá hann að vori, það munu ekki margir spurja um hann hvurt sem er.

Þegar þú skrifar að Reikholti, þá berðu kjæra kveðju mína föður þínum sjerflagi, og heilsaðu sömuleiðis vinsamlega heim til þín sjálfs.

Bardenfleth biður að heilsa og segist nú vera að leggja sig eftir íslensku, lifðu vel.

Þinn

J. Hallgrímsson.

Kaupmannahöfn 21. April 1845.

Elsku vinur minn góður!

Mjer er sagt að skip sje að fara heim rjett í þessu, og flýti jeg mjer því að þakka þjer fyrirfram tvö ástsamleg brjef, en jeg skal þakka þjer bæði betur seinna. Jeg er sem stendur staddur hjer á skrifstofu fulltrúa vors, og hefi — eins og þú getur nærri æði nauman tímann. Mjer líður nú loksins, guði sje lof, sæmilega vel til heilsunnar; mjer er batnað allra meina minna, nema einhvurrar agnar af Hypokondrí — bríngsmalaskottu — eða hvað það heitir, draugurinn sem ásækir svo margan Íslending. Jeg er sæmilega feitur og þokkaleg skepna, en miður klæddur og óburgeislegri, enn jeg ætti skilið að vera.

Jeg hef skilað kveðju þinni til Steenstrups; honum líður vel, nema hvað blóðið sækir stundum á höfuðið. Danir eru nú að slokna

— svo sem eins og ljós, sem fuðrar upp af því vinnukona hefur gleymt að taka af því skarið.

Þú baðst um fleiri kvæði; það situr á ukkur, sem lastið alt sem jeg geri, þegar nafnið mitt stendur ekki undir því! Jeg hef nú samt enn þetta árið gjert það löndum mínum til ljettis og þóknunar og skilningsauka málanna, að setja merki mitt undir þau kvæði mín sem koma í Fjölni, þau eru hvorki mörg nje mikilvæg. Lægi altjend vel á mjer gæti jeg sjálfsagt ort betur.

„Kong Renés Datter“ eptir Hertz verð jeg að senda þjer með einhverju móti undir eins og það kver kemur úr prentun; þessi leikur (romantisk Drama í 1 Act) er það yndislegasta sem jeg veit til hafi oltið upp úr Dönum.

Heilsaðu, vinur minn! þeim sem þú heldur taka vilji kveðju minni. Eg skrifa betur með seinni skipunum.

Þinn

J. Hallgrímsson.

Ritfregnir.

Íslenzk þjóðlög. Safnað hefir Bjarni Þorsteinsson. Gefin út á kostnað Carlsbergssjóðsins. Khöfn 1906—09.

Þá er hið mikla þjóðlagasafn séra Bjarna á Siglufirði komið út, á 10. hundrað blaðsíður í stóru 8 blaða broti, — þetta safn, sem séra Bjarni hefir verið að vinna að í meira en 20 ár, og safnað til bæði utan lands og innan. Öll sú elja og ástundun, sem hér hefir verið starfað með, er blátt áfram aðdánleg. Líklega hefir ekki einu sinni séra Bjarna sjálfan dreymt fyrir því, að svo mikið væri til af ísl. þjóðlögum, er hann byrjaði á þessu verki, enda allar líkur til, að hér sé samankomið á einn stað það sem til er af því tægi. Manni dettur í hug, hvort ekki hefði mátt fella eitt-hvað burt af öllu þessu, sem hér er tínt til, heildinni að skaðlausu, — og eins dettur efgjörnum sálum í hug, hvort séra Bjarni dragi ekki fullmikið inn undir hugtakið »íslenzk þjóðlög«, eða með öðrum orðum telji ýmislegt með til íslenzkra þjóðlaga, sem ekki er það í raun og veru (t. d. lögin úr bók Laubs organista, ýmis af sálmalögunum gömlu, meginíð af kaþólska kirkjusöngnum). Um það skal engu spáð, hver áhrif safn þetta muni fá á sönglíf Íslendinga á vorum dögum. Naumast verður alment farið að taka upp »gömlu lögin«, þótt einkennileg séu sum þeirra. Heldur væri það, að rímnakveðskapurinn lifnaði við aftur að einhverju leyti. En hvað sem þessu líður, þá á séra Bjarni skilið miklar þakkir fyrir verk sitt og óskum vér honum þess, að hið mikla safn hans megi fá sem beztar viðtökur utan lands og innan hjá þeim, sem vit hafa á hlutunum og þekkingu til að dæma um verkið meiri en sá, er þetta ritar.

J. H.

Minningarrit tuttugu og fimm ára afmælis hins ev. lút. kirkjufélags Íslendinga í Vesturheimi 1885—1910. Winnipeg 1910.

Í sumar voru liðin 25 ár frá stofnun hins ev. lút. kirkjufélags landa vorra vestan hafs. Þessa viðburðar hefir verið minst með sérstökum hátíðahöldum í sambandi við kirkjuþing þeirra hið síðasta og með útgáfu sérstaks minningarrits.

Stofnun kirkjufélagsins vestra er og vissulega sá merkisviðburður, sem verðskuldar að hans sé minst nú, eftir liðinn fyrsta aldarfjórðunginn, slíka þýðingu sem sá félagsskapur hefir haft fyrir alt andlegt líf landa vorra vestra. Allir kirkju- og kristindómsvinir hugsa þar eðlilega fyrst um hina beint kirkjulegu starfsemi þessa félagsskapar, og hvernig sem menn annars kunna að líta á þá guðfræðisstefnu, sem þar hefir ráðið lögum og lofum upp á síðkastið, þá er ómögulegt annað en dást að hve mikið hefir verið gjört þessi næstliðnu 25 ár fyrir kirkjumál Vestur-Íslendinga, til þess að sporna við því, að þeir glötuðu trú feðra sinna, og stuðla að því, að kristna trúin mætti verða hið mikla sameiningarafi þeirra þar í dreifingunni og um leið lyftiaflið í allri lífsbaráttu þeirra. En með því að vinna að þessu sérstaka viðfangsefni hefir annað áunnist um leið, sem margir munu telja enn mikilvægara, en það er varðveizla hins íslenzka þjóðernis þeirra. Að landar vorir vestra hafa varðveitt hið íslenzka þjóðerni sitt til þessa, er vafalaust ekki hvað minst starfsemi kirkjufélagsins að þakka. Og fyrir það er öllum góðum Íslendingum skylt að minnast þessa félagskapar með hlýjum hug og þakklæti, eins þótt þeir kunni ekki að meta sem ber hina beint kirkjulegu starfsemi félagsins.

Þegar athugaðar eru allar ástæður, verður að telja framkvæmdir kirkjufélagsins til þessa dags rétt ótrúlega miklar. Um það getur hver sannfærst, sem les Minningarritið. Alls hafa t. d. 54 söfnuðir verið stofnaðir í sambandi við það. Þeir eru vitanlega ekki stórir allir, sumir hafa lagst niður aftur og nokkurir nú á síðasta árinu sagt sig úr lögum við kirkjufélagið; en þegar þess er gætt, hve mikið landflæmi það er, sem þessir söfnuðir eru dreifðir yfir, og að kirkjufélagið hefir gert sitt ýtrasta til að veita þeim prestsþjónustu að einhverju leyti, þá er það eitt mikið verk, ekki fleiri prestum en félagið hefir haft á að skipa. Kirkjur hafa alls 30 verið reistar. Eiu þeirra, kirkja fyrsta lút. safn. í Winnipeg, er líklega lang-veglegasta guðshúsið, þar sem ísl. guðsþjónusta hefir nokkuru sinni verið flutt. Það hefir gefið út 5 tímarit, af þeim

lifa nú tvö, Sameiningin, nú á 24. árinu, og Áramót. Það hefir unnið að sunnudagaskólahaldi víðs vegar í söfnuðunum og stofnun ungmennafélaga. Það hefir gengist fyrir skólahaldi fyrir ísl. æskumenn og stofnað sjóð, sem á sínum tíma mætti nota til þess að koma upp sjálfstæðum, ísl. kirkjufélagsskóla. Sá sjóður var í fyrra orðinn nálægt 30 þús. krónum. Enn fremur er það nú að koma sér upp heiðingjatrúboðs-sjóði, til þess að geta tekið verklegan þátt í trúboði meðal heiðingja. Og fleira mætti nefna.

En, sem gefur að skilja, er saga kirkjufélagsins þennan aldarfjórðung í fylsta skilningi baráttusaga. Og sú barátta hefir oft og tíðum verið hörð. Að félagið hefir eflst og magnast þrátt fyrir það, er vitanlega því að þakka fyrst og fremst, að það hefir í sinni faliðuðu starfsmannasveit átt einbeittum dugnaðarmönnum á að skipa, mönnum, sem vissu hvað þeir vildu. Er þar fremur öllum öðrum að nefna séra Jón Bjarnason.

Saga kirkjufélagsins er jafnframt saga séra Jóns Bjarnasonar. Engum einstökum manni á kirkjufélag Vestur Íslendinga jafnmikið að þakka og honum. Sá sem þetta ritar hefir haft ýmislegt við trúmálaskoðanir þessa manns að athuga næstliðin 10 ár. Eg hika ekki við að telja kristindómsskilning séra Jóns gallaðan mjög og guðfræðisskoðanir hans allar götur á eftir tímaum. Um eitt tíma-skeið var séra Jón frjálslyndur maður í trúarskoðunum, en í hinni löngu baráttu hefir frjálslyndið smámsamau höggist af honum. Þetta er skiljanlegt, þótt leitt sé. Nú er séra Jón allra manna íhaldsamastur í trúmálum. En ranglátt væri í meira lagi yfir þessu að gleyma því hvíllt mikil menni séra Jón Bjarnason er, þrátt fyrir þetta. Hefði hann ekki verið sá afburðamaður, sem hann er, hefði kirkjulegi félagsskapurinn þeirra Vestur-Íslendinga aldrei orðið það sem hann er. Það er séra Jón, sem hefir mótað hann, — skapað hann í sinni mynd og líkingu.

Minningarritið er að öllum ytra frágangi hið þryðilegasta, á svellþykkum gljápappír með fallegu lettri. Myndirnar í því svo ágætlega prentaðar, sem bezt verður á kosið.

Einnig að efninu til er ritið hið vandaðasta. Fremst eru í því »Minningar«, hugleiðingar út af 25 ára afmælinu eftir séra Björn B. Jónsson, núverandi forseta kirkjufélagsins. Því næst kemur langur ljóðabálkur eftir séra Valdimar Briem, »Hátíðaljóð«, sem að líkindum hafa verið notuð við sjálfa minningarhátíðina vestra. Þá kemur saga kirkjufélagsins eða yfirlit yfir sögu þess og starf eftir þá séra Björn og Friðjón Friðriksson. Það er aðal-

ritgjörðin í Minningarritinu. Ritgjörð þessi hefir mikinn fróðleik að geyma og getur orðið til mikils stuðnings síðarmeir fyrir þann, er skrifar sögu íslensku kirkjunnar vestan hafs. En hún er nokkuð beinagrindarleg á köflum, eins og slík yfirlit verða oft, þegar höfundarnir vilja sem minst leggja til frá eigin brjósti, en láta sér nægja að rekja viðburðina í rétttri tímaröð. Frásögn þessi virðist þá og vera mjög óhlutdræg, og er það í alla staði lofsvert. Loks eru þar tvær æfiminningar manna, sem prestsþjónustu hafa haft á hendi meðal Vestur-Íslendinga áður en kirkjufélagið kom til sögunnar, þeirra Páls Þorlákssonar († 1882) og Halldórs Briem (nú bókavardar í Rvík). Hefir séra Jón B. ritað æfisögu hins fyrnefnda, en séra Fr. Hallgrímsson hins síðarnefnda. Mörgum kynni að vera forvitni á að sjá æfisögu séra Páls. Sem kunnugt er voru þeir séra Páll og séra Jón mjög ólíkra skoðana í trúmálum, meðan báðir störfuðu saman, og deilan, sem séra Jón átti í við hann, einhver hin langsnarpasta, sem séra Jón hefir átt í um dagana. Lítilsháttar er vikið að þeim trúmálaágreiningi í æfisögunni, en ekki farið neitt verulega út í það mál, enda skoðanamunurinn líklega minni nú en þá, hvað séra Jón snertir.

Minningarritið flytur meðal annars myndir af öllum þeim mönnum, er einhvern tíma hafa haft á hendi prestsþjónustu innan kirkjufélagsins, og eins prestunum tveimur, er störfuðu meðal Íslendinga áður en félagið var stofnað. Ný mynd er þar af séra Jóni, nú gráum fyrir hærum.

Yfirleitt er minningarritið hin eigulegasta bók.

J. H.

Jón Trausti: Heiðarbýlið. Þriðji þáttur: Fylgsnið. Rvík 1910.

Sagan af »Heiðarbýlinu« lengist. Eitt bindi á ári. Þrjú komín, og fjórða í vændum.

Eg man hve fallegur mér þótti »inngangurinn« — ljóðþýður lofsöngur um heiðalöndin, og þó hljómmikill og tigulegur. Eflaust er hann einn hinn fegursti þáttur sem ritaður hefir verið um íslenska náttúru, í sundurlausu máli. Hann talaði um þá sem bygðu heiðabýlin, sem nú eru í eyði. Þeir voru landnámsmenn. Og lesandann grunar, að höfundur er sjálfur fullur af eldmóði landnámsmannsins. Hann ætlar að nema nýtt land fyrir íslenskar bókmentir, lýsa lífi heiðarbúanna, sem hin skáldin hafa ekki heimsótt. Það

er sjálfsagt ekki sízt þess vegna, að hann hefir farið með Höllu og Ólaf upp að Heiðarhvammi.

Og nú eru komin þrjú bindi. Eg hef lesið þau í sömu röð og þau komu, en altaf hefir farið eins fyrir mér: þegar einu var lokið, fanst mér eg ekki geta metið það til fullnustu, fyr en eg fengi næsta bindið og sæi hvað úr þessu ætlaði að verða. En gátan er óleyst enu. Hvern dóm ber að leggja á söguna í heild sinni, fer eftir því hvernig höfundi tekst að draga saman þræðina í síðasta bindinu, — og megí eg spá nokkru, þá verður það erfitt. Því eins og sagan nú horfir við, er hvert bindið annarsvegjar ekki nógu sjálfstætt til að lifa lífi sínu út af fyrir sig, og hinsvegjar ekki svo samfelt hinum, að það sé óhjákvæmilegur þáttur heildarinnar.

Halla og Ólafur eru ekki lengur aðalpersónur sögunnar. Í rauninni finst mér eg ekki þekkja þau stórum betur nú, en þegar fyrsta bókin, »Halla«, kom. Með hverju bindi koma nýjar persónur fram á sjónarsviðið og draga að sér aðalathyglina. Þeim er oft vel og skarplega lýst, en að þær koma við þessa sögu, virðist fremur af handahófi. Það er líkt og á skemtiferð um sveitir þar sem maður er allsendis ókunnugur. Á hvaða bæjum slórað er, fer eftir smáatvikum og geðþótta. Og í rauninni getur dvölin á einum bænum orðið jafn söguleg og á öðrum.

Þrátt fyrir þetta munu menn lesa bókina með athygli, því Jón Trausti sér svo margt á ferð sinni og hefir frá nógu að segja. Og hann segir oftast vel frá. Lesandinn leggur trúnað á orð hans, og það eins þó hann finni stundum, hvernig Trausta er í þeli til þeirra sem hann lýsir. Og margt af því sem hann segir á sér svo ríkan endurhljómi í minningum þeirra, sem þekt hafa sveitalífið á þeim tímum er hann segir frá, að engin hætta er á að athygliu dofni. Því flestir erum við líkir börnum í því, að vilja helzt heyra aftur þá söguna, sem við þekkjum.

Allir sveitamenn kannast við þjófnadargruninn sem stundum fellur á heiðarbúana. Og ekkert þjófsheiti lætur eins illa í íslenskum eyrum og »sauðþjófur«. Jón Trausti hefir nú tekið þetta atriði til meðferðar í »Fylgsninu«. Það snýst mest um þjófnadargrun, þjófaleit og uppljóstrun sauðþjófnadaar í Bollagörðum. Þjófunum er einkar vel lýst, þó þeir séu eins ólíkir og drengskapurinn og varmenskan. Og yfir höfuð stendur þetta bindi fullkomlega jafnfætis hinum.

Hægstad, M., og Torp, A.: Gamalnorsk orðbok með nynorsk tyding. Kria 1909. Det norske samlaget.

Ódír og handhæg orðabók ifir forn málið okkar, bæði íslenskt mál og norskt. Sjálf orðabókin kostar aðeins 6 kr. 40 a., enn þeir sem vilja geta fengið með henni mjög fróðlegt filgirit, sem kostar 1. kr. Bókin er að mestu útdráttur úr hinum eldri orðabókum og sleppir þeim tilvitnunum í fornrit, sem áður eru bókfærðar. Sumstaðar er þó bætt við orðum eða þíðingum orða, sem ekki standa áður í orðabókum, og filgir því þá tilvitnun. Bókin er samin með mikilli vandvirkni, eins og við var að að búast af höfundunum. Hjá villum verður ekki með öllu komist í orðabók, og þær eru og nokkrar í þessari. T. d. þíðir orðið á trúnaðarmaður ekki »maður sem trúir á einhvern«, heldur »maður sem trúað er á« (sbr. á trúnaðargoði nýju máli); dumbi og dumb stafr þíðir ekki »bókstaf« alment, heldur s. s. littera muta á latínu; kóróna er að minni higgju röng mind firir kóróna, og mart fleira mætti telja. En fátiðar eru þó villur í bókinni og stafa oftast frá eldri orðabókum. Allar þíðingar eru á norsku alþíðumáli, og er bókin góð leiðbeining við lestur fornrita firir alla þá Íslendinga, sem það mál skilja, og mesta þing firir þá, sem vilja vita, hvað það og það íslenskt orð er á nínorsku.

Í filgiritinu segir Marius Hægstad sögu norræns og íslensks máls fram að 1350, og því næst ritar Alf Torp um afleiðslu orða í norrænu og íslensku. Báðar þessar ritgjörðir eru mjög fróðlegar og sjerstaklega bætir hin síðarnefnda úr brínni þörf.

Óviðkunnanlegt og ónákvæmt í meira lagi er það að kalla þá orðabók »gamalnorska«, sem tekur allan þorra efnis síns úr íslenskum ritum. Stafsetningin á bókinni er og í öllu verulegu íslensk, og er það ekki í sem bestu samræmi við titilinn. Og óþarfa sjerviska virðist það vera, að hafa þ ekki í sinni vanalegu stafrofsröð, heldur næst a eftir t.

B. M. Ó.

Macody Lund, Fr.: Norges økonomiske system og værdiforhold i middelalderen (Skrifter udgivne af Videnskabselskabet i Kristiania 1908. II. Hist.-filos. Klasse. Nr. 1).

Stórmerkileg bók, sem reisir upp verðlags-fræði Noregs að fornu á níjum og traustum grundvelli. Með aðdánlegri skarpskigni tekst.

höfundinum að greiða úr þeim mörgu flóknu ráðgátum, sem hér verða á vegi fræðimansins og staðið höfðu fyrir rjettum skilningi á fjárlagi Norðmanna.

Í Noregi var verð allra hluta oftast miðað við smjörverð og kornverð, sjaldnar, eins og hér á landi, við vaðmálsverð og nautpenings. Áður hjeldu menn, að verðlag á korni og smjöri hefði verið nokkurnveginn hið sama um allan Noreg, en höf. sínir með ljósum rökum, að verðlag á þessum vörum var mjög svo mismunandi í ímsum hjeruðum eftir landgæðum, eins og eðlilegt er. Í bestu kornhjeruðunum var kornið mjög ódirt í samanburði við smjörið, svo að sumstaðar mátti jafnvel kaupa 15 merkur af korni fyrir 1 mörk af smjöri. Aftur var kornið hjer um bil jafndirt smjöri í nyrðstu hjeruðum landsins og til fjalla, þar sem lítil eða engin kornirkja var, og fjekst þar ekki meira en rúmlega 1 mörk af korni fyrir 1 mörk af smjöri, líkt og var hjer á landi til forna. Þessi mikli verðmunur í ímsum hjeruðum stafar auðvitað meðfram af því að samgöngur allar voru erviðar í svo stóru landi, svo að milli flutningar milli hjeraðanna og verslunarviðskifti gátu ekki jafnað verðmuninn. Með mikilli firhöfn og miklum skarpleik tekst höf. að sína í stórum dráttum, hve durt kornið var móts við smjörið í hverjum landshluta fyrir sig um allan Noreg, og filgir bókinni tafla um það efni. Mart fleira er á bókinni að græða, sem hjer irði of langt að telja, og er hún ómissandi fyrir hvern þaun, sem fæst við fjárlag til forna, eigi aðeins í Noregi heldur og á Íslandi.

Á niðurlagi bókarinnar sjest, að ransóknir höfundarins um þetta efni eru ekki enn til likta leiddar, og vildum vjer óska, að honum gefist færi á að halda þeim áfram, og að vjer fáum sem first frá hans hendi fullkomið ifirlit ifir alla verðlagsfræði Noregs.

B. M. Ó.

Ransóknir um örnefni á Norðurlöndum.

Öllum, sem vit hafa á, ber saman um, hvílíkur fjársjóður er fölginn í örnefnum í hverju landi sem er. Þau hafa oft að geima ævagömul orð, sem annars eru gleimð fyrir löngu, og oft varpa þau björtu ljósi ifir líf og siðu feðranna. Í riti mínu um kornirkju á Íslandi að fornu í síðasta hefti Búnaðarritsins hef jeg bent á íms dæmi, er sína þetta og sanna, að því er snertir íslensk örnefni. Frændþjóðir vorar á Norðurlöndum hafa opin augun fyrir þessu, því

að nú eru þær í óða önn að safna örnefnum sínum og skíra þíðingu þeirra.

Norðmenn riðu þar á vaðið. Árið 1896 veitti Stórþingið fje til að safna öllum norskum bæjanöfnum og gefa út rit um þau. Hinn ágæti vísindamaður O. Rygh hafði þá þegar safnað í eina heild flestum norskum bæjanöfnum, og var honum falið að standa fyrir þessu verki. Hann tók þegar til starfa, og leið ekki meira enn eitt ár, áður hann hafði gefið út firsta bindi ritsins, sem ber nafn hans og heitir »Norsk bæjanöfn« (Norske gårdnavne). Síðan rak hvert bindið annað. Nú eru komin út 12 bindi auk sjerstaks formála við ritið eftir O. Rygh og mun ekki líða á löngu, áður enn þetta stóra verk er fullgert. Að vísu naut Rygh's ekki lengi við, því að hann dó laust fyriraldamótin, enn aðrir hæfir menn hjeldu þá áfram starfi hans. Lfka hafði Rygh skrifað langa ritgjörð um »mannanöfn í norskum örnefnum« og aðra um »norsk áanöfn« og vóru þau rit gefin út eftir dauða hans af K. Rygh. Hjer er þá unnið mikið og þarft verk fyrir hina norsku þjóð, og þarf varla að taka fram, að í því er einnig fólgin mjög mikill og margvíslegur fróðleikur fyrir oss Íslendinga.

Nærri má geta, að Svíar mundu kunna því illa að vera eftirbátar Norðmanna í þessu efni, og fóru þeir næst á stað. Árið 1901 var skipuð 3 manna nefnd til að birja á verkinu og var einna fremstur í henni málfræðingurinn A. Noreen, prófessor við háskólann í Uppsölum, mesti ágætismaður. Nefndin kom sjer saman um að ganga feti framar enn Norðmenn að því leiti, að ekki skildi binda sig eingöngu við bæjanöfn, heldur safna óskorað öllum örnefnum, sem til væru, og var þegar tekið til starfa. First var tekið til rannsóknar ljen (o: amt) það er nefnist Ä l v s b o r g l e n og vóru 10 menn sendir þangað til að safna nöfnunum, eins og þau lifa nú á vörum alþíðu, og jafnframt var safnað eldri mindum nafnanna úr fornum jarðabókum og skjölum. Síðan var þessu komið í eina heild og nöfnin skírð af nefndinni eða eftir firirsögn hennar. Árið 1908 vóru komin út 5 bindi um þetta eina ljen. Jafnframt hafa aðrir sænskir vísindamenn, svo sem Hellquist, ritað um önnur örnefni.

Í Danmörku er starfið enn ekki birjað fyrir alvöru, enn offlug hreifing er þar í þá átt að fara að dæmi bræðraþjóðanna. Helstur forgöngumaður þessa máls meðal Dana er prófessor Johannes Steenstrup, einn hinn frægasti af sagnfræðingum Dana, sem hefur ritað allra manna mest og best um dönsk örnefni.

Ekki er mjer kunnugt um, að Finnur hafi enn gert gangskör að því að safna öllum örnefnum þarlandum, enn þó hafa finskir vísindamenn ritað talsvert um finsk staðanöfn.

Enn hvað gerum við Íslendingar? Eigum við engin örnefni? Jú, hvergi mun um auðugri garð að gresja í því efni enn hjer á landi, þar sem svo að segja hver þúfa á sitt nafn. Er þá ekkert á íslenskum örnefnum að græða fyrir íslenska tungu og íslenskt þjóðerni? Jú, stórmikið! Mörg af þeim hafa að geima eldgömul orð og mannanöfn, sem annars eru tínd úr málinu, mörg varpa skæru ljósi ifir lifnaðarhátta og síðu feðra vorra. Mörg eru að vísu svo ljós, að þau þurfa lítillar eða engrar skíringar við, enn aftur eru sum svo mirk og sum svo afbökud orðin í manna munni, að rjett skíring er mjög vandasöm og svo miklum erviðleikum háð, að þeir verða ekki ifir stignir, nema beitt sje öllum þeim vopnum sem vísindi nútímans eiga ifir að ráða. Er hjer þá ekki tækifæri fyrir okkur Íslendinga til að sína það, eigi aðeins í orði, heldur og á borði, að okkur er ant um þjóðerni vort og tungu? Eigum við að skerast úr leik með frændþjóðum vorum í þessu efni? Eða er alt það, sem við höfum rætt og ritað um þjóðerni okkar á síðari árum, ekki annað enn froða og reikur? Halda menn, að sjerstöku þjóðerni filgi eintóm rjettindi, enn engar skildir?

B. M. Ó.

Henrik Ussing: Om det indbyrdes Forhold mellem Heltekvadene i ældre Edda. Kbh. 1910.

Þrátt fyrir öll þau ógrynni spaklegra spjalla, er um Eddukvæðin hafa verið skráð, fer bók þessi enga erindisleysu. Hún hefur til brunns að bera margar nýstárlegar athuganir um einstök atriði og að mörgu leyti frumlega heildarskoðun á þeim bálki kvæðanna, sem hún ræðir um. Hún á því skilið að henni sé gaurur gefinn, ekki síst af oss Íslendingum.

Rannsókn höf. nær til hetjuljóðanna einna. Annars vegar rekur hann sambandsþræði þessara kvæða, bæði hina áferðarmeiri, sem auðsæir eru í fljótu bragði og safnandi þeirra hefur farið eftir, er hann skeytti þau saman í einn bálk, og eins hina, sem minna ber á að vísu, en liggja þó þétt eins og smágerður vefur frá einu kvæði til annars eða út á við til annara fornra heimilda. Hins vegar sýnir hann rækilega fram á sjálfstæði og sérblæ hinna ein-

stöku kvæða. Og það er þessi liður verkefnisins, sem honum er fyrir mestu. Hann leiðir rík rök að því, að hetjuljóðaskáldin hafi engan veginn talið það hlutverk sitt að halda fornsögunum á lofti óröskuðum. Ekki svo að skilja, að þeir gerbreyttu meginatvikum sagnanna. En þeir leyfðu sér að laga þær í hendi sér, fella úr, skjóta inn í, varpa yfir atvikin mismunandi blæ, gleðibrag eða sorgar, í samræmi við skáldeðli sitt eða eftir því sem þeim horfði hugur við í svipinn. Hver um sig tók þau efnisatriði sagnarinnar til meðferðar, er svöruðu best tilgangi hans, og sneið þau að vild eftir þeirri grundvallarhugsun, er fyrir honum vakti, og því útsýni, er hann valdi sér. Atriði, sem einu hafði drepist stuttlega á, tók annar upp, færði það út í álfur og skapaði úr því nýjan efnisþátt (sbr. bls. 138—40: Orðin »gnapir ægrárjórofgramidaudum« í »Brot« geta af sér frásögn Guðr.kv. II um heimkomu Grana og harm Guðrúnar, og sú lýsing verður aftur tilfui til efnisumgerðarinnar í Guðr. I). Eða honum þótti hallað um of á einhverja söguhetjuna og tók sér því fyrir hendur að gera grein fyrir eðlisfari hennar og athöfnum eftir sínu skapi og skilningi (sbr. Guðr.kv. I—Helreið). Og stundum velur skáldið nafnkendar sagnhetjur til þess að bera uppi yrkisefni, sem honum liggur á hjarta, þótt það sé þeim allsendis óskylt (sbr. Óðinshefndin og lausn valkyrjunnar í Sigdróm. og Helr.). Alt þetta gerðu skáldin án þess að hirða vitund um það, hvort nýngar þeirra kæmi heim við aðrar frásagnir um sömu mennina. Þannig æslaðist hvert ljóðið af öðru, sagnirnar auðguðust að afbrigðum og hver bálkurinn fléttaðist jafnvel inn í annan eða dró dóm af honum; einkum virðast Helgakviðurnar að hafa litað mjög frá sér. Það er ekki fyr en líða tekur að þeim tíma, er kvæðin eru skrásett, að skáldin fara að leitast við að koma á samræmi milli sagnliðanna og skapa úr þeim söguheildir í stað þess að yrkja út af einstökum atvikum. — Af þessu leiðir, að það er ekki alls kostar réttur dómur, sem löngum hefur kveðið við um þessi skáld, að þau sé að vísu skarpskygn á sálarlíf manna, en fátæk að ímyndunarafl og bundin á klafa í meðferð sinni á sögunum. Sjálfstæð efnismeðferð er einmitt eitt af aðaleinkennum þeirra. Það er því röng rannsóknaræferð, þegar um hetjusagnirnar er að ræða, að fara að eins og samanburðarmálfræðingar, er ráða af myndum orðanna í hinum ýmsu málum, hvernig frumgervi þeirra hafi verið. Það er ónytjaverk að vera að strita við að skeyta saman í eina heild frásagnir ýmissa kvæða um sömu sagnhetjurnar, — nema þá í stórum meg-

indráttum; hinum ótal mörgu smáatriðum og hugarblæbrigðum, er kveða nánar á um meginatburðina — hvernig og hvers vegna þeir gerist — verður aldrei komið í fult samræmi, ef skeyta á saman úr mörgum kvæðum, en þau atriðin eru það einmitt, sem gefa sögninni líf og litu. Hvert kvæði er heild út af fyrir sig og verður að skiljast og skýrast út frá forsendum sjálfs sín.

Þriðji meginþátturinn í rannsókn höf. er að kanna þjóðernisblæ kvæðanna, að hve miklu leyti hann kunni að vera meingaður ónorrænum áhrifum. Eins og kunnugt er eiga sumar sagnirnar frá öndverðu ætt sína að rekja til suðlægari frændþjóða og margir hafa orðið til að halda því fram, að ljóðin beri þess menjar í meira lagi, aðrir að þau hafi dregið mjög dóm af vestrænum skáldskap. En höf. þessa rits kemst að þeirri niðurstöðu, að enda þótt yrkisefnin standi frá fornu fari víða fótum undir, þá sé þau þó, eins og þau koma fram í kvæðunum, orðin norræn í raun og sannleika, steypt í mót norræns þjóðernis, norrænna lífsskoðana, norræns skapferlis og háttsemi. Þetta hefur að vísu margsinnis verið tekið fram áður, en alt um það var engin vanþörf á að færa ný rök fyrir því og vísa enn á ný öfluglega á bug þeirri þrálátu viðleitni þýskra vísindamanna að gjöra norræn fræði að »deutsches altertum«.

Til dæmis um efni og snið bókarinnar skal eg drepa stuttlega á meðferð höf. á kviðunum um Helga Hundingsbana.

Í 1. kap. rekur hann efni fyrri kviðunnar um Helga (H H I), drepur á, hversu sagnabálkarnir um þá Helga og Sigurð Fáfnisbana eru skeyttir lauslega saman, og telur loks nokkur þeirra atriða, er bera vott um óskyldleik þeirra frá upphafi vega. Í k. 2—4 kaunar hann því næst Völs. kv. hina fornu (H H II) og ber hana saman við H H I. Hann sýnir fram á, að erindin, sem til hennar eru talin í cod. reg., sé öll úr einu og sama kvæði, en ekki úr tveim eða fleirum, svo sem Bugge og aðrir hafa haldið fram. Sá misskilningur stafar frá lesmálgreinunum, sem safnandiun hefur skotið inn í til skýringar; efni þeirra hefur hann lesið út úr kvæðisbrotunum og jafnframt haft eftir minni stuðning af efnisþræðinum í H H I, en eigi notað neinar sérstakar heimildir aðrar; hann hefur gert sig sekan í ýmislegri ónákvæmni, meðal annars skotið inn atriðum úr H H I, sem óskylt áttu við sögnina, eins og hún lá fyrir í H H II, t. d. viðureign þeirra Helga og Hundingssona; lesmálgreinin (4), sem frá þeim atvikum skýrir, er þess valdandi, að svo er að sjá í fljótu bragði, ef efni hennar er tekið upp í þráð-

inn, að erindin á undan henni og eftir sé ósamstæð, með því að á hvorumtveggja staðnum er bersýnilega að ræða um fyrstu samfundi þeirra Helga og Sigrúnar. En sé lesmálinu slept og efnisþráðurinn rakinn út úr erindunum einum saman, ber ekki á neinum misfellum og það kemur í ljós, að þau eru öll úr sama kvæðinu, liðir í einni sérkennilegri heild, gjörólíkri H H I að eðli og tilgangi, málblæ og atriðavali, og sjálfri sér samkvæmri frá upphafi til enda. Með stakri smekkvísi og skarpskygvi ber höf. bæði þessi kvæði saman, kannar heildarsvip þeirra og einkenni í sérstökum greinum, markmið, efnisval, geðblæ og orðfæri; enda ber honum þar margt eftirtektarvert á góma, sem hér yrði of langt upp að telja. En aðalniðurstaðan er þessi: Fyrri kvæðið ber gleðileiksbrag; þar hverfa svo að segja ástir þeirra Helga og Sigrúnar í glitrið af viðhafnarmiklum lýsingum á hinni ytri dýrð hetjulífsins. Þar segir frá fagurbúnum fylkingum og glæsilegum flötum, frá djarfmannlegum siglingum og æstum orustum. Hvert afreksverkið rekur annað og frásögnin stefnir óðfluguga að því einu, að láta elskendurna ná saman sem fyrst og njóta síðan ástar og yndis um langa lífdaga, við auðsæld og völd. Tálmanir þarf að vísu að sígra áður en því takmarki sé náð. En það gengur eins og í gamanleik, sorgalaust, án þess nokkuð þurfi í sölnar að leggja annað en fé og hrausta framgöngu — og líf hvimleíðs biðils sem enginn áhorfandi syrgir. Faðir Sigrúnar berst að vísu á móti Helga, en þess er ekki getið að hann biði bana. Á bræður hennar er ekki minnst einu orði, hvorki þann, er láta varð lífið fyrir ástir systur sinnar, né hinn sem lenti í örlagakreppunni milli systurástarinnar og eiðhelginnar annars vegar og hefndarskyldunnar hins vegar. Öllum skuggaþungum skapadómum er á burtu swift. Efni og tilgangur þess kvæðis er í stuttu máli lofgjörð hins glæsilega og dáðrakka hetjuskapar, er vinnur sér að launum auð og lönd og gott kvonfang. — Í H H II blasir við oss alt önnur hlið á sögninni, svippung og átakanleg. Það er sorgarleikur. Þar lætur skáldið sig ekki mestu skifta hið ytra, heldur hið innra, ekki atburðina sjálfa, heldur orsakir þeirra og afleiðingar í sálarlífi söguhetjanna. Hann opnar oss sýn inn í huga þeirra og hjörtu og lætur oss vera sjónarvotta að baráttunni, sem þar er háð, milli ástar og ættrækni, milli heitfesti og heiftar, milli sorgar og gleði, — sýnir oss alt þetta örlagaþrungna stríð, er dregur til dauða og endar þó með sigri ástarinnar, sem öllu er yfirsterkari, jafnvel dauðanum. — Í fyrri kvæðinu var Sigrún umfram alt valkyrja, yfir-

náttúrlegs eðlis, gripin út úr glæsisölum ímyndunaraflsins, umkringd leiftri og eldingum, ríðandi láð og lög í blóðugri brynju með hjálm á höfði, eins konar örlagadís, verndargyðja hetjunnar og þó til þess kjörin að verða honum hreystilaun að lokum. Í síðara kvæðinu er hún umfram alt elskandi kona, háð mannlegu sálarstríði og menskum örlögum.

Og til þessa efnismunar svarar álíka stílsblær: viðhafnarmikill og myndauðugur stíll á HHII, einkennilega næmur á líf og litu, bæði í náttúrunni, dýralífinu og mannlífinu.

Fimti kaflinn hljóðar um afstöðu Helgakv. við annan fornskáldskap, norrænan og erlendan. Efníðer hált, enda fer höf. varlega í sakirnar. Um samniburð hans við norrænu heimildirnar er eg honum mestmegnis samdóma, sérstaklega um Saxa og samhlíða framþróun einstakra atriða í Helgasögninni og Sigurðarsögninni í kveðskap og munnmælum Íslendinga. En um ætternismót við erlendar sagnir þykir mér hann helst til »búggiskur«, Mest furðar mig á að hann tekur undir með Bugge um það, að margt sé líkt með frásögn H H I um fæðingu Helga og sögnunum um Þjóðrek úlf, og því hljóti þær að vera skyldar. Bæði er rökfærsla Bugge's mjög í lausu lofti, býr jafnvel óþyrmilega í haginn fyrir sjálfa sig, og hins vegar kippir Ussing sjálfur fótum undan flestum forsendum hans, og virðist jafnvel ekki að viðurkenna neina þeirra, þegar til kemur, nema ættarnafnið »Ylfing« eitt. Og það er þó sannarlega veigalítil tó. Þrumuveðrið, þá er Helgi fæðist, barnsránið af völdum úlfynjunnar, Borghildur sem frilla Sigmundar — allra þessara máttarstöða Bugges lætur hann að engu getið. Annars felli eg mig ekki allskostar við skýringu Ussings á fyrstu erindum kviðunnar, svo rökföst og fögur sem hún er í sjálfri sér. Honum þykir þar kenna stælingar á orðtökum Völuspár um árdegi tilverunnar, í öndverðu og eftir ragnarök; það hafi vakað fyrir skáldinu að bregða hreinum og fögrum árdagsblæ yfir fæðingartíma hetjunnar; heilög sé vötnin nefnd til þess að tákna hið goðkunniga eðli náttúrunnar, meðan hún var enn ómeinguð. Stælinguna mun torvelt að sanna, en aðalatriðið hér er uppnámið í náttúrunni, hluttekning æðri vera í þeim fagnaðartíðindum, sem eru að gerast: fæðingu Helga. Og orðin þás borgir braut munu tákna þrumuveður, er geisar í lofti (sbr. »h n i g u h e i l ö g v ö t n a f h i m i n f j ö l l u m«). Ussing skýrir þau svo, að orusta standi í Brálundi, Sigmundur fái að eins tóm til að skunda snöggvæst heim til herbúða sinna og taka sveininn í fang, áður hann falli; samtál hrafnanna boði feigð hans og hefndarskyldu Helga, því séu þau

angursefni foreldrunum; dagr í orðtakinu nú es dagr kominn sé skapadægur Sigmundar. Þessari skýringu hygg eg naumast verði komið í samræmi við orðalag og efnisþráð kvíðunnar. Ylfinganiðr (í 5.er.) virðist eiga við sveininn (af 7. er. sést að Sigm. er fjarri); orð hrafnanna eru feginslæti yfir árróða nýrrar hetjuldar, er hefst með Helga; angr táknað það eitt, að móðirin með barnið kennir óróa af hrafnagarginu, hún skilur það ef til vill sem feigðarspá.

Með sömu nákvæmni kannar höf. hin hetjuljóðin. Einkum ber honum margt eftirtektarvert á góma um Sigurð og Brynhildi. Æskusaga Sig. er sögð á gjörólíkan hátt í þeim tveim kvæðum, undir ljóðahætti (A) og fornyrðalagi (B), sem samþætt eru í Rm. og Fm. A grípur einnig yfir ljóðaháttarar. í Sdm.; það er gamalt kvæði í ævintýrastíl; ætt Hreiðmars er ómensch í eðli og bölvun gullsins meginn þátturinn. Í B er efnið orðið umsteypt í sálfræðiskendan hetju ljóðastíl, Hreiðmarsættin er þar konungborin og hefndarhugsunin aflþáttur kvæðisins — tekin að láni úr HHI ásamt fleiru er þar að lýtur: Hundingssonum, sæförum Sigurðar o. fl. Önnur niðurstöðuatriði höf. um fyrri hluta Sig.sögu eru þessi (bls. 126): 1. Brynhildr er í sumum kvæðunum mensk konungsdóttir, en í öðrum er hún orðin valkyrja, sakir áhrifa frá Helgakvíðunum og öðrum valkyrjuskáldskap. 2. Sigrdríf og Brynhildr eru ein og sama kona (nema í Grípisspá). 3. Í engu kvæði, þar sem viðskifti þeirra Sig. og Brynh. annars eru rakin á enda, bindast þau heitum áðr hann vinnur hana til handa Gunnari. En til voru yngri kvæði (Sdm. og önnur sem nú eru glötuð), er drápu aðeins lauslega á samband þeirra Sig. við Gjúkunga, en enduðu á heitorði þeirra Brynhildar. Grípisspá ein lætur þau fyrst hafa heitbundist og Sigurð síðar vinna hana til handa Gunnari. 4. Vafrlögi og valkyrjueðli þurfa ekki að fylgjast að.

Hér er þess eigi kostur að rekja feril höf. nánar né tína fram það sem á milli kann að bera í einstökum greinum. Yfirleitt ferst höf. fimlega í rökfærslu sinni. Hún ber þess vott, að hann er maður fróður og glöggþekkin á fornan aldarhátt, gjörhugall um sálarlíf manna og smekkvís á fagurfræðileg efni.

Fyrir ritgerð þessa hlaut höf. doktorsnafnbót 23. apríl í vor.

B. B.

Geir T. Zoëga: A Concise Dictionary of Old Icelandic.
Oxford 1910. Verð 10 sh. 6 pence.

Einn á ný hefur hr. yfirkennari Geir Zoëga látið til sín taka um orðabókarsmið, samið handhæga orðabók yfir forníslensku, með enskum þýðingum, sérstaklega ætlaða námsmönnum meðal enskumælandi þjóða. Og því verður ekki neitað, að hún kemur þeim, og öðrum, í góðar þarfir, með því að bók sú, er kend er við Cleasby, er óhandhæg við nám, afardýr og nú lítt fáanleg. Höf. kveðst hafa stuðst mestmegnis við Cleasby og sælst eftir þeim orðum einum, er líklegt þótti að kæmi fyrir í námslestri stúdenta. Skáldyrðum sleppir hann flestum (nema úr Eddukvæðunum), römmustu sérheitum í lögfræði, guðfræði o. s. frv., og sömuleiðis öllum tilvitnunum, en lætur þó stutt dæmi fylgja mörgum orðum, til þess að benda á notkun þeirra. Að svo miklu leyti sem eg hef getað glöggvað mig á bókinni í fljótu bragði, fellur hún mér vel í geð: valið er gott, þýðingar yfirleitt glöggar og miklum orðasæg komið fyrir innan þröngra marka. En — ekki verður á alt kosið í slíkum ritum; skerin eru fleiri en svo, að hjá öllum verði siglt. Örfárra orða hef eg saknað, er koma fyrir í sögunum eða Eddukvæðunum t. d.: *gýligjöf* (Njála), *hreyfingr* (Vápnf.s.), *gestamaðr* (Bisk.), *hornagarðr* (Sturl.), *slundasamlega* (Eyrb.), *tygilegr* (Bsk., Sturl., Grett.: *tygileg orð = ertingarorð*; skylt sögnunum *tjúga* og *toga = ginna, mana*); *árn*, n. (= *strit*), *ögurr*, *ögurstund*. Á stöku stað hafa slæðst inn rangar þýðingar eða ónákvæmar. T. d. *þýðir gizki* (< *geitski*) ekki »eins konar klútur«, heldur »geitskinn«, svo sem sjá má af samburði á þeim stöðum; þar sem þessi orð eru notuð í sams konar sambandi (Vatnsd. 36, 47; Nj. 12; Reykd. 14); viðbótin »eða dúki« í Vatnsd. 36 er greinileg skýringartilraun ritara, er skildi ekki orðið *gizki*; *geitskinn* koma svo sem kunnugt er mjög við sögu um vætti og fjölkyngi. *Kvenskygn þýðir kvenglöggur*, þ. e. *glöggur á kvenfegurð* (ekki: *looking after women*); *hreytisþeldi* er = *þeytisþjald* (e. *bummers*, ekki *top*); *aldr-tregi* (Háv. 20: *gráðugr halr — — etr sér aldr-trega*) = *aldrmein*, *líftjón* (ekki: *lifelong sorrow*); *beltadráttur* er ein tegund reipdráttar, en ekki sama sem »beltaspennan« norska, svo sem höf. virðist gefa í skyn með þýðingunni *close struggle* (sbr. Nordb. legenl. Udd. bls. 140). Orðið *tigi* mun eiga að vera *tig* (*rótorð* til **tíga*, **teig*, **tigum*, *tiginn*, sbr. *hnig* og *stig* til *hníga* og *stíga*) og þýðir líklega umtal, tilgreining; það kemur

eingöngu fyrir í orðtakinu »er engi maður í tigi til, nema —« (= þar getur ekki verið um annan að ræða). Undir orðunum á l m r, á r m a ð r, á m á t t i g r, h ú n n og l a u k r vantar þýðingarnar bogi, g ó ð v æ t t r, of stopa fullr (sbr. B.M.Ó., Tímar. 15), t e n i n g r, g r a s (eða g r ó ð r, Vsp. 4). Ófullnægjandi þýðingar eru á fjöldamörgum orðum, er þurft hefði nánari skýringar við, t. d. b r a g a r f u l l (t o a s t), b r j ó s t k r i n g l a (b r o o c h), h e r f j ö t u r r (w a r - f e t t e r). Skakt kyngreint er orðið h a n d - v ö m m, kvk. fyrir hvk. flt. (sbr. J. P. Supplem. I). — Illa kann eg við að skipa sama hljóðstafnum tvö sæti í stafrofinu, eftir því hvort hann er stuttur eða langur, því að sá er munurinn á a og á (o og ó o. s. frv.) í fornsl. Öðru máli væri að gegna um nýisl. orðabók. Ekki fer heldur vel á því að slengja saman í eitt óskyldum orðum, t. d. s k o t (milli þils og veggjar) og s k o t (af skjóta)

Þrátt fyrir þessa óverulegu annmarka, sem eg hef greint dæmi til, lýk eg hiklaust lofsorði á bókina og þakka höf. þessa drengilegu fyrirgreiðslu hans fyrir fornþókmentum vorum út á við meðal stórþjóðanna.

B. B.

Þ. Thoroddsen: De varme Kilder paa Island, deres fysisk-geologiske Forhold og geografiske Udbredelse.

Svo nefnast 2 ritgerðir, er prófessor Þorvaldur Thoroddsen hefir ritað um vatnshverir og laugar á Íslandi í »Oversigt over det kgl. danske Videnskabernes Selskabs Forhandlinger 1910« No. 2 og No. 3. Með ritgerðum þessum hefir höfundurinn, eins og hann sjálfur skýrir frá, sáfnað í einn stað athugunum þeim, er hann hefir gjört við hverir á Íslandi á rannsóknarferðum sínum um landið; og til samanburðar og viðauka hefir hann getið hins helsta, er komið hefir í ljós við hverarannsóknir annara fræðimanna. Sumt af þessu hefir hann orðið að sækja í gömul íslensk handrit, sem ekki hafa verið prentuð enn þá, svo sem dagbók Sveins læknis Pálssonar.

Með þessu móti er þá hið helsta, er menn hafa vitað um vatnshverir og laugar hér á landi, komið í eina bók, og á höfundurinn miklar þakkir skildar fyrir það, því að áður var ekki hlaupið að því að vita, hvað rannsakað hefir verið af hverum hér á landi, vegna þess að það var á við og dreif um þann aragrúa

af ritgerðum og ferðabókum, að næstum því var ókleift að leita þær allar uppi.

Og ef vér nú lítum yfir það, sem gjört hefir verið af hvera-rannsóknnum hér, þá er það í sjálfu sér ekki svo lítið, ekki síst ef tillit er tekið til þess, að mest af því hefir verið gjört í hjáverkum og á hlaupum af mönnum, er hafa haft mörgu öðru að siuna. En hins vegar dylst það eigi, eins og líka höfundurinn bendir á, að mikið er eftir að gjöra, ef íslensku hverirnir eiga að vera eins vel rannsakaðir og hverir í öðrum löndum. En miklu af því, sem órann-sakað er, er þannig farið, að það verður að eins rannsakað með dýr-um verkfærum og miklum viðbúnaði, og því er hætt við, að það geti dregist, með því að mönnum er gjarnt á að horfa í kostnaðinn, þegar um þess konar fyrirtæki er að ræða. En leitt er að vita til þess, hve lítið hverirnir eru notaðir ennþá, og nóg virðist þó vera til af þeim, því að prófessor Þ. Thoroddsen telur, að hér séu að minsta kosti 677 vatnshverir og laugar, og af þeim hefir hann sjálf-ur skoðað 624. Og þó eru brennisteinshverir, leðjuhverir og loft-holur eigi með í þessari tölu, en af þeim er til hinn mesti sægur, miklu fleira en af vatnshverunum.

Hér verður slept að minnast á einstök atriði í ritgerðum þess-um, enda býst eg við að fá tækifæri til þess seinna. Þó vil eg geta þess, að eg tel það nokkuru galla, að margar hæðir eru mældar í fetum en ekki í metrum, og eiga ritgerðirnar að þessu leyti sam-merkt vlið hina nýju Íslandslýsingu eftir sama höfund, sem bók-mentafélagið er að gefa út.

Þ. Þ.

Frá útlöndum.

Rússar innlima Finnland.

Það hefir gerst nú í sumar. Rússakeisari lagði fyrir Dúmuna í vor, sem leið, frumvarp þess efnis, að svifta Finnland sjálfstæði. Frumvarpið mætti mótstöðu innan rússneska þingsins, en stjórnin fylgdi því fast fram og rak mjög á eftir, að því væri sem mest flýtt, og fór svo, að það var samþykkt með miklu meirihlutafylgi. Nú hefir það fengið staðfestingu og er farið að beita því.

Aðalefnið er þetta: Lög, sem ekki snerta Finnland eitt, heldur ná til mála, er snerta ríkið í heild, skulu leggjast fyrir rússneska þingið til samþykta. Þau ein lög, sem snerta innanlands-málefni Finna, eiga hér eftir að leggjast fyrir finska þingið. Það er lagt á vald löggjafarvalds alríkisins að ákveða, hve rífleg sjálfstjórn Finnlandi sé ætluð, en frumkvæði til breytinga á þeim ákvæðum skal keisarinn eiga.

Þau lagafyrirmæli, sem rússneska þinginu er ætlað að fjalla um, eru talin upp í sautján liðum, og er þetta þar hið helsta:

Þáttaka Finnlands í útgjöldum til þarfa alríkisins; allar skyldur Finnlands, er snerta landvarnir og hermensku; réttindi þeirra Rússa í Finnlandi, er eigi hafa fengið þar þegnrétt; ákvæði um það, hver mál verði undanþegin dómvaldi finskra dómstóla vegna hagsmuna ríkisins; ákvæði um félagafrelsi, fundahöld og því um líkt; ákvæði um prentfrelsi í Finnlandi og um innflutning útlendra bóka og rita til landsins; tollsambandið milli Finnlands og annara hluta Rússaveldis; mynt Finnlands, póstmál þess og símamál; ákvæði, er snerta loftsiglingar; járnbrautamál Finnlands að því leyti sem þau snerta samband þess við Rússland eða önnur ríki; réttindi útlendinga á Finnlandi.

Ennfremur eru ákvæði sett um það, að Finnar kjósi fulltrúa í rússneska ríkisráðið og til Dúmunnar. Finska þingið á að velja einn mann í rússneska ríkisráðið til 9 ára og fimm fulltrúa til

Dúmunnar; eiga fjórir þeirra að vera finskir borgarar, en hinn fimti á að vera búsettur Rússi í Finnlandi. Menn, sem ekki kunna rússnesku, má ekki velja.

Í ástæðunum, sem stjórnin taldi fram til meðmæla með lagafrumvarpinu, þegar það var lagt fyrir þingið, er áhersla lögð á það, að Alexander I. hafi ekki á þinginu í Borgå gert neinn samning við finsku þjóðina um stjórnarfyrikomulag Finnlands framvegis; loforðið um umfangsmikil réttindi hafi engin skuldbinding verið, heldur vinsamleg, allramildlegust, keisaraleg ráðstöfun. Um skuldbindingar viðvíkjandi réttindum og forréttindum Finnlands hafi alls ekki verið þar að ræða. Engir sáttmálar séu til, sem geri Finnland að ríki, eða tali um, að það eigi að fá slík réttindi. Sjálfsforræði Finnlands sé grundvallað á hinu rússneska ríkisvaldi og engu öðru. Það, að Finnar hafi komist í lagasetning inn á svæði ríkjalöggjafarinnar, sé hending ein.

Það er tekið fram, að Finnland hafi ekki meiri rétt til sjálfstjórnar í innanlandsmálum sínum en hvert annað hérað; að grundvallarlög rússneska ríkisins nái jafnt yfir Finnland og aðra hluta þess; að í öllum málum, sem ekki séu sérstaklega finsk, hafi finska þingið að eins ráðgefandi atkvæði, og svo er því við bætt, að til þess að efla gagn Finnlands sé nú ákveðið, að finska þjóðin skuli senda fulltrúa í rússneska ríkisráðið og til rússneska ríkisþingsins. Þar næst segir svo:

»Til þess að koma í veg fyrir rangar skýringar, skal það tekið fram, að frumvarpið hefir það eitt markmið, að tryggja réttindi Rússlands, sem því eru lífsskilyrði að vernda, í nágrannahéruðunum við Finnland. Frumvarpið hefir því eigi þann tilgang, að eyðileggja sjálfsforræði Finnlands inn á við, eða þjóðerni Finna, og eigi felst í því nein árás á þeirra sérstöku menning. Samþykkt frumvarpsins merkir ekki, að þegar í stað skuli fylgt fram hverju einstöku atriði þess. Enn síður væri sá skilningur réttur, að undir eins og frumvarpið öðlaðist laga-gildi, væru öll finsk lög úr gildi gengin og í þeirra stað komin hin rússnesku ríkislög. Endurbætarnar eiga að komast í verk eftir því sem þörfu krefur og með jöfnu tilliti til hagsmuna Finnlands og hagsmuna ríkisbeildarinnar«.

Yfirlýsing Alexanders keisara I. í Borgå, sem minnst er á hér á undan, var gefin, þegar Finnland komst í samband við Rússland fyrir rúmum 100 árum. Hann hét því þá, að Finnland skyldi hafa stjórn út af fyrir sig. Sambandið var eins konar persónusamband. Löndin voru óaðskiljanlega sameinuð í persónu æðsta stjórnandans,

Þannig, að Rússakeisari var jafnframt stórfursti yfir Finnlandi. En Finnland hafði sérstaka stjórnarskrá, og eftir henni er löggjafarvaldið hjá stórfurstanum og finska þinginu. Finnland átti frá fyrstu, eftir að það komst í samband við Rússland, óvenjulega góðum kjörum að mæta, þegar litið er til þess, að það var tekið með hervaldi. Það gekk inn í sambandið sem sjálfstætt ríki, að ytra útliti sem undirgefið, en í reyndinni með ýmsum forréttindum. Einvaldur Rússa lét sér í Finnlandi nægja þingbundið vald. Finnland fekk stjórn sína út af fyrir sig og Finnar fengu einkaréttindi til allra embætta í landinu, hærri sem lægri. Landshöfðingjaembættið var eina embættið, sem Finnar og Rússar höfðu jafnan aðgangsrétt að. Finnar voru undanþegnir almennri landvarnarskyldu þar til 1878, að hún var lögleidd, en þó með léttari ákvæðum en hjá flestum öðrum þjóðum í Norðurálfu. Þar við bætti, að finski herinn var fram á síðustu ár í deildum út af fyrir sig, sem stjórnað var af finskum foringjum, er skipuðu fyrir á móðurmáli Finna. En sambandið við Rússland veitti Finnlandi tryggingu út á við, svo að Finnar gátu gefið sig með óskertum kröftum að innanlandsmálum sínum. Framfarir urðu miklar í Finnlandi. En flokkadrættir voru þar altaf megnir milli Svía og Finna. Þótt Svíar væru miklu fámennari, hafði sænski flokkurinn verið drotnandi í landinu alt frá því, er það var í sambandi við Svíþjóð. Þessar innbyrðis deilur hjöðnuðu þó að miklu leyti niður á síðustu árum, eftir að Rússar tóku að þröngva kosti Finnlands.

Það var nú fyrir rúmum einum tug ára, skömmu fyrir aldamótin. Þá kom út boðskapur frá keisara, er braut stjórnarskrá Finnlands með því, að hann veitti rússneskum lagafyrirmælum gildi í Finnlandi án þess að þau væru borin undir finska þingið. Var mikið um það rætt þá, og úti um Norðurálfuna spurðist þetta illa fyrir; var Rússakeisara eitt sinn sent mótmælaávarp undirskrifað af mönnum af ýmsum þjóðum. En lítinn áraugur hafði það. Stjórnarskrá Finnlands var traðkað og þeir urðu að lúta ofbeldinu. En meðan Rússar áttu í ófriði við Japansmenn, óttuðust þeir uppreisn í Finnlandi, og var þá það ráð tekið, að út var gefinn keisaraboðskapur, sem ónýtti öll ákvæði, sem sett höfðu verið um Finnland til þess tíma án samþykkis finska þingsins.

Þetta friðaði Finna í bráð. En þegar kyrð komst aftur á eftir ófriðinn, tók Rússastjórn þegar að færa alt, sem Finnland snerti, í sama horf og áður, og nú er endirinn orðinn sá, að Finnland er svift sjálfsforræði og innlimað í Rússland.

Í vetur sem leið kom út rit, samið af merkum ríkisréttarfræðingum af ýmsum þjóðum, til varnar sjálfstæði Finnlands. Töldu þeir það ekkert efamál, að Finnland ætti að lögum rétt til þess að ráða sér sjálft, eins og fullvalda ríki, og vera óháð lögjafarvaldi Rússa. Þetta rit var út komið skömmu áður en rússneska þingið fékk Finnlands-frumvarpið til meðferðar, svo að frumvarpið virtist koma fram eins og svar gegn því riti frá rússnesku stjórninni. Það er Stolypin, yfirráðherra Rússa, sem ráðið hefir mestu um úrslitin, sem þetta mál hefir fengið.

Nýlega hefir Rússakeisari staðfest lög um jafnrétti Rússa og Finna í Finnlandi. Í þeim er kveðið svo á, að rússneskir þegnar skuli hafa þar öll hin sömu réttindi og innbornir Finnar. Þeir, sem tekið hafa próf í rússneskum skólum, fá sömu réttindi í Finnlandi og þeir, sem tekið hafa próf í finskum skólum. Hver, sem reynir að hindra jafnrétti Rússa við Finna í Finnlandi, skal svara til sakar fyrir dómstólunum, og skulu þær sakir dæmast í St. Pétursborg. Nýrri grein skal skotið inn í hegningarlögin, er ákveði hegningu fyrir þetta lögbrott alt að 500 rúbla fjárútlátum, eða þá fangelsi, minst einn mánuð, en lengst tvö ár, og fylgi þeirri hegningu missir vissra réttinda. Lög þau eiga að öðlast gildi 14. jan. 1911.

Japan innlimar Kóreu.

Kórea hefir verið þrætuepli nú á síðari árum. Kínverjar, Japansmenn og Rússar hafa kept um að ná þar yfirráðum. Nú hafa Japansmenn orðið hlutskarpastir. Það eiga þeir að þakka sigrinum yfir Rússum fyrir nokkrum árum, því ef Rússar hefðu þá borið hærra hlut í þeim viðskiftum, þá er það víst, að Kórea hefði orðið þeim að bráð.

Kórea hefir að nafninu til verið keisaradæmi. En á síðari árum hefir þó vald Kóreukeisara í reyndinni verið lítið sem ekkert. Japansmenn hafa lengi verið mjög hlutsamir um öll mál Kóreu, bæði út á við og inn á við, og síðan stríðinu lauk milli þeirra og Rússa, hafa utanríkismál Kóreu að öllu leyti verið í höndum stjórnarinnar í Japan. Hún hafði þar fulltrúa við hlið keisarans, og sá fulltrúi réð þar öllu, sem hann vildi ráða. Þessa fulltrúastöðu hafði nokkur missiri á hendi einhver frægasti stjórnmalamaður Japansmannna, Ító greifi, en hann var skotinn þar til bana 26. okt. síðastliðið ár.

1907 náðu Japansmenn enn betri tókum á Kóreu en þeir höfðu áður haft, því þá má heita að öll stjórn Kóreu kæmist undir yfirstjórn stjórnarinnar í Japan. Keisarann, sem þá var, Yihöng að nafni, neyddu Japansmenn til þess að leggja niður völd og fá þau í hendur syni sínum. Sá heitir Ítschak, og er það hann, sem nú hefir aftur afsalað sér völdum í hendur Japanskeisara.

Það gerðist 29. ágúst í sumar. Þá var samningurinn um þetta auglýstur í Tokió, höfuðborginni í Japan.

Samningurinn er í 8 greinum. Í 1. gr. lýsir Kóreukeisari því yfir, að hann selji alt drottinvald sitt yfir allri Kóreu óafturkallanlega og takmarkalaust í hendur Japanskeisara. Síðasta greinin kveður svo á, að samningurinn komi í gildi sama dag, sem hann sé auglýstur. Hinar greinarnar eru um einstök atriði landsstjórnarinnar og meðferð á íbúum þess.

Samningar þeir, sem Kórea hefir gert við önnur ríki, eru úr gildi feldir, en í þeirra stað ná nú utanríkissamningar Japans yfir Kóreu, að svo miklu leyti sem slíkt er framkvæmanlegt. Útlendingar fá sama rétt í Kóreu, sem þeir hafa áður haft í Japan.

Um leið og Kóreukeisari afsalaði sér völdum, gaf hann út yfirlýsingu, er tekur það fram, að hann hafi séð sér ógerning að koma fram þeim umbótum, sem sig hafi langað til að framkvæma, og því telji hann réttast, að fá þau verk öðrum í hendur.

Sagt er, að stjórn Japana hafi ákveðið, að verja stórfé til eflingar iðnaði í Kóreu, til skóla þar og sjúkrahúsa. Landstjóri Japana þar hefir gefið út yfirlýsingu um, að fátæklingum sé gefin eftir skattgreiðsla.

Það var auglýst í Tokió jafnframt samningnum, að þau ákvæði, sem nú gilda um strandverzlun í Kóreu og tolla þar, skyldu haldast óhöguð um næstu 10 árin.

Nafni Kóreu er breytt, og á hún framvegis að heita Cho Sen.

Montenegro verður konungsríki.

19. ágúst í sumar hélt Nikulás, eða Nikita, stjórnandi Montenegro, eða Svartfjallalands, 50 ára stjórnarafmæli sitt. Hann hefir áður haft titilinn fursti, en fékk nú leyfi stórveldanna til þess að taka sér konungs nafn á þessari afmælishátíð sinni. Svartfjallaland er að öllu sjálfstætt, þótt fáment sé það og lítið ummáls, og þótt Nikulás konungur hafi hingað til kallast fursti, en ekki konungur, þá hefir hann reyndar haft meiri völd yfir landi sínu en konungar hafa annarstaðar nú á dögum, því stjórnarfarið þar hefir verið ein-

veldisfyrirkomulag. En nú vilja Svartfellingar fá þingræðisstjórn, og fá hana án efa áður langt um liður.

Nikulás konungur er nú gamall maður, en þykir verið hafa nýtur stjórnari. Ein af dætrum hans er Helena Ítalíudrotning. Önnur var áður gift Pétri, sem nú er konungur Serbíu. Ríkiserfinginn heitir Daniló. Nikulás konungur er skáld og rithöfundur.

Þrætumálin á Englandi.

Í fyrsta hefti Skírnis þ. á. var stuttlega minst á flokkastríðið á Englandi. Stjórnin hafði við kosningarnar í byrjun ársins fengið um 120 atkv. meirihluta í þinginu, ef með var talinn verkmanaflokkurinn (40 atkv.) og írski flokkurinn (80 atkv.). Fyrir utan þessa flokka var atkvæðamagn stjórnarflokksins og íhaldsmanna hér um bil eins. Kosningabaráttan hafði staðið um fjármálafrumvarp stjórnarinnar, sem kent er við fjármálaráðherrann Lloyd George, og þegar henni var lokið, lét efri málstofan undan og samþykkti fjárlögin, er hún þó áður hafði talið kollvarpa öllu stjórnarfyrirkomulagi Englands. En þá var eftir að greiða úr hinni spurningunni, sem stríðið um fjárlögin hafði vakið: spurningunni um tilverurétt efri málstofunnar, skipun hennar framvegis og neitunarrétt hennar gegn neðri málstofunni. Stjórninni leist ekki á, þegar til kom, að leysa þessa spurningu á þann hátt, að dubba upp svo marga nýja lávarða, að hún fengi með atkvæðum þeirra yfirhönd í efri málstofunni. Að minsta kosti leist henni ekki á, að leggja út í þetta nema þá eftir nýjar kosningar, er þetta hefði sérstaklega verið borið undir atkvæði kjósendanna. Það var líka mikið talað um nýjar kosningar um það leyti sem þetta mál var mest rætt. En sannleikurinn var sá, að allir flokkarnir vildu helst komast hjá nýrri kosningahríð. Þær hríðir eru kostnaðarsamar mjög á Englandi og setja alt á annan endann meðan á þeim stendur. Hvorugur flokkurinn gat heldur talið sér sigurinn vísan. Stjórnarmenn gátu með engu móti vænst þess, að vinna svo stóran sigur, að þeir yrðu ekki upp á írsku flokkinn komnir eftir sem áður. Íhaldsmenn töldu sér víst, að atkvæðum þeirra mundi fjölga. En hins vegar gátu þeir enga von gert sér um, að þeir mundu vinna svo mikinn sigur, að þeir yrðu færir um að mynda stjórn. Afleiðingin af þessu varð sú, að báðir flokkarnir vildu helst komast hjá þingrofi og nýjum kosningum. Svo kom það fyrir, að konungurinn dó, og þar bauðst nýtt tækifæri til þess að ýta þrætumálinu frá sér og láta það hvílast um stund. Þetta tækifæri var

báðum flokkunum kærkomið. Nú var málinu skotið á frest til haustsins.

Þessi frestur hefir svo verið notaður af báðum, ekki til æsinga, heldur til hins, að reyna að miðla málum og koma sáttum á. Helztu foringjar beggja flokka hafa átt sameiginlega fundi í þessu skyni, en gerðum þeirra funda hefir öllum verið haldið leynilegum enn sem komið er. Frá írska flokknum og verkmanaflokknum hefir Asquith yfirráðherra hvað eftir annað fengið fyrirsurnir um, hvað væri að gerast á þessum fundum, en hann hefir jafnan svarað eins, beðið menn að vera þolinmóða og biða svarsins enn um stund.

En alment alit er það, að sættir og samkomulag sé í vændum um þetta mál milli flokkanna. Það þykir mörgum úr báðum flokkum hart, að írski flokkurinn geti ráðið vandamestu þingmálum Englendinga til lykta með því að kasta sér ýmist á þessa sveifina eða hina. En svo er nú orðið. Það er farið að tala um, að ekki verði hjá þessu komist öðruvísi en svo, að veita Írum einhvers konar heimastjórn og losa þá á þann hátt út úr þinginu, eða þá að takmarka tölu þeirra þar mjög mikið. Það er líka talað, að á þessum sameiginlegu flokksforingjafundum, sem minst er á hér á undan, sé verið að ræða um gagngerðar breytingar á sambandinu innbyrðis milli Englands, Skotlands, Írlands og nýlendanna í öðrum heimsálfum. Það eru nú ekki aðeins Írar einir, sem tala um »heimastjórn«, heldur jafnvel Skotar líka, þótt kröfurnar þaðan séu settar fram í mildari tón. Þegar þingi sleit í sumar, sendu skotskir þingmenn úr stjórnarfokknum, 21 að tölu, frá sér yfirlýsingu um, að þeir væntu nú, er farið væri að ræða um stjórnarfyrirkomulagið yfir höfuð og breytingar á því, að það kæmi til álita, hvort ekki væri rétt að veita Skotlandi miklu ríflegri sjálfstjórnarréttindi en áður. Þetta væri ósk Skota. Þeir væru framfaramenn, og það væri ekki rétt, að þeir yrðu að biða með allar umbætur heima fyrir hjá sér, þangað til Englendingar, er væru yfir höfuð íhaldssamari, sæju fulla nauðsyn þeirra. Sumstaðar í löndum Englendinga í öðrum heimsálfum er ástandið athugavert, þótt það sé gott í öðrum. Í Egiptalandi fá kröfur um þingstjórnarfyrirkomulag meira og meira fylgi. »Því ættum við ekki að fá það fyrirkomulag, úr því að Tyrkir og Persar hafa fengið það?« spyrja Egiptar. »Við stöndum þeim þjóðum báðum miklu framar í menningu.« En athuga-verðust er þó óánægjan á Indlandi. Þar hefir nýlega komist upp um mjög víðtækt samsæri meðal Indverja með því markmiði, að

losa landið undan yfirráðum Englands, og er sagt að ýmsir nafnunnir menn séu meira og minna flæktir inn í það mál.

Þetta hyggja menn ef til vill að vera muni umræðuefnið á hinum sameiginlegu fundum stjórnálaforingjanna ensku, jafnframt fyrirkomulaginu á efri málstofunni. Það er stjórn heimsríkisins, sem margir eru hræddir um að fara muni í handaskolum, ef hið núverandi stjórnarvirkomulag yrði rífið sundur alt í einu. En aftur á móti mælir enginn gegn því, að endurbætur á skipun efri málstofunnar séu nauðsynlegar. Allir virðast vera ásáttir um það, að engri átt nái, að hver og einn lávarður, hversu óhæfur sem hann er til þess að fást við stjórnsmál, skuli að sjálfsgöðu eiga sæti í efri málstofunni. Íhaldsmenn eru fúsir til að miðla málum á þann hátt, að lávarðarnir kjósi úr sinum flokki menn til efri málstofunnar, og berst nú Roseberry lávarður fyrir því. Þeir þvertaka ekki heldur fyrir það, að ekki sé gerandi að takmarka vald efri málstofunnar. En hitt, að svifta hana öllu valdi, eða gerbreyta fyrirkomulagi hennar, t. d. gera hana þjóðkjörna, það finst jafnvel mörgum þeim Englendingum, sem ætíð hafa fyllt frjálslynda flokkinn, mjög svo ískyggilegt. Það er því ekki að undra, þótt stjórnin hugsi sig vel um, áður en hún leggur út í slíkt.

Þetta mætti virðast ágætt tækifæri fyrir íhaldsflokkinn til þess að herða sig og reyna að ná yfirtökunum. En leiðtogar hans taka þó ekki það ráð. Fyrst er það, að þeir játa, að breytingar þurfi að gera á efri málstofunni. Og svo eru þeir heldur ekki vissir um sigur, ef til kæmi, að minsta kosti ekki vissir um að fá nema þá lítinn meirihluta, og þeir vilja ekki taka að sér að stjórna með honum gegn sterkum minnihluta, er þá mundi eiga fyrir sér að aukast stórum. Aðalforingi íhaldsmanna er nú Balfour, en hann hefir ekki eindregið fylgi innan flokksins. J. Chamberlain er nú alveg út úr sögunni, og sonur hans, Austen Chamberlain, sem er einn af leiðtogum flokksins, hefir enn eigi sýnt af sér neina sérlega stjórnmalahæfileika. En mótflokkurinn á að minsta kosti tvo menn, sem hafa mikið lýðfylgi. Það eru þeir W. Churchill og Lloyd-George. Þeir tveir hafa gengið fastast fram í bardaganum, og standa mest fyrir skotum mótstöðumanna. Lloyd-George er fjöldans maður í fylsta máta. Mótstöðumenn þeirra hafa sagt um þá tvo, að Churchill muni aldrei, að hann sé göfugmenni (gentleman), en Lloyd-George gleymi aldrei, að hann sé það ekki.

En þótt helzt líti nú út fyrir settir og samlyudi um ágrein-

inginn út af eiri málstofunni, þá er þó engan veginn víst, að alt falli í ljúfa löð, þegar til kemur.

Spánn og páfinn.

Nú í sumar hefir risið upp skörp deila milli stjórnarinnar á Spáni og páfans, svo að alt útlit hefir verið fyrir, að Spánverjar mundu segja sig undan yfirráðum páfa, eins og Frakkar gerðu fyrir nokkrum árum.

Núverandi yfirráðherra Spánverja heitir Canalejas og tók hann við völdum snemma á þessu ári. Það er hann, sem beitt hefir sér fyrir uppreisnina gegn klerkavaldinu, en það er mikið og þungt, gamalt og rótgróið, á Spáni, en mentun lítil meðal almennings. Canalejas hefir viljað koma fram ýmsum umbótum á kirkjumálunum, sem miða til þess, að draga völd og sérréttindi úr höndum klerka, en auka réttindi þeirra manna í landinu, sem aðra trú játa en hina kaþólsku. Einkum hefir hann beitt sér gegn klaustrunum og ýmsum sérréttindum, sem þau hafa náð, en klaustur eru fjöldamörg á Spáni. Klerkar hafa, svo sem vænta má, leitað páfa í þeirri deilu, og hann hefir tekið málstað þeirra, eins og honum er lagið, án þess að líta hið minsta á, hvernig skynsamlegast væri og hollast að taka í málið. Píus páfi X. þykir yfir höfuð vera líttill stjórnvitringur, og mikill eftirbátur fyrirrennara síns, Leos XIII., í þeim sökum, enda hefir páfadómurinn þegar mist mikið þau ár, sem Píus X. hefir setið þar að völdum. Nú í sumar fór hann mjög halloka í þrætumáli á Þýzkalandi, og svo eru nú öll líkindi til, að Spánn fari sömu leiðina og Frakkland. Einhver málamiðlun er þó komin á nú í svip milli páfa og spónsku stjórnarinnar, og víst eingöngu af þeirri ástæðu, að önnur mál blönduðust inn í kirkjumálaðeiluna.

Karlistarnir svo nefndu risu upp, reru að móttöðunni gegn stjórninni með klerkaflokknum og hugsuðu sér að nota hana til þess, að vinna sínu máli fylgi, en það er, að koma konungsættinni, sem nú situr að völdum, frá, en annari aftur að, Karlsættinni. Konungsefni þeirra heitir Don Jaime, en Karlistaflokkurinn er fjölmennur og sterkur sumstaðar í landinu. Út úr þessu hvorutveggja hefir alt verið í uppnámi á Spáni nú síðari hluta sumarsins, og er enn eigi séð, hvernig þeim óeirðum muni lykta. Stjórnin hefir orðið að beita gegn þeim hervaldi, og hefir mikinn her reiðubúinn, ef á þarf að halda.

PT
7351
S5
år 84

Skírnir

PLEASE DO NOT REMOVE
CARDS OR SLIPS FROM THIS POCKET

UNIVERSITY OF TORONTO LIBRARY
